Alþingi 1925.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1925, laugardaginn 7. febrúar, var þrítugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og áttunda aðalþing, en fimtugasta og önnur samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu og gengu þaðan kl. 1 miðdegis til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Magnús Jónsson dósent, 4. þm. Reykv., stje í stólinn og lagði út af 1. Pjet. 3, 16.—17.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.
3. Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
4. Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

B.

Kjördæmakosnir þingmenn:

1. Ágúst Flygenring, 1. þm. G.-K.
2. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
3. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
4. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
5. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
6. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
7. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
8. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
9. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
10. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
11. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
12. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
13. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
14. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
15. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
16. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.

17. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
18. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
19. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
20. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
21. Jón Kjartansson þm. V.-Sk.
22. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
23. Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv.
24. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
25. Klemens Jónsson, 2. þm. Rang.
26. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
27. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
28. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
29. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
30. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
31. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
32. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
33. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
34. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
35. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Ókominn var til þings: Björn Líndal, þm. Ak.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Magnússon, og las upp opið brjef, dags. 15. des. 1924, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 7. febr 1925. (Sjá Stjórnartíðindi 1924, A. bls. 155).

Þá las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, gefið út 15. des. 1924. (Sjá Stjórnartíðindi 1924, A. bls. 156).

Síðan mælti

forsætisráðherra (JM): Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig veitt, lýsi jeg því hjer með í nafni hans hátignar konungsins, að Alþingi Íslendinga er sett.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson,** þm. Seyðf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi síðan elsta þingmanninn, Sigurð Jónsson, 2. landsk. þm., til þess að gegna forsetastörfum og stjórna kosningu forseta sameinaðs þings.

Gekk aldursforseti (SJ) þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Kosning forseta.

Þessu næst ljet aldursforseti ganga til kosningar á forseta sameinaðs þings.

Kosningu hlaut

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 20 atkv. — Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm., hlaut 5 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Hann kvaddi til skrifara í sinn stað, meðan kosningar færu fram, Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.

Því næst var kosinn varaforseti sameinaðs þings, og hlaut kosningu

Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.,

með 18 atkv. — Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., hlaut 1 atkv., en 22 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Tveir listar komu fram, merktir A og B. Á A-lista stóð Jón Auðunn Jónsson, en á B-lista Ingólfur Bjarnarson.

Þar eð eigi voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að þeir

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., og

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.,

væru rjettkjörnir skrifarar sameinaðs þings.

Kjörbrjefanefnd.

Loks ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd. Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram tveir listar, A og B. Á A-lista voru Björn Líndal, Jón Sigurðsson og Sigurjón Jónsson, en á B-lista Sveinn Ólafsson og Einar Árnason. Lýsti forseti yfir því, að þessir fimm þingmenn væru rjettkjörnir í kjörbrjefanefnd án atkvgr.:

Björn Líndal,
Sveinn Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Einar Árnason,
Sigurjón Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.
3. Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
4. Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
2. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
3. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
8. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Einar Árnason, 1. þm. Eyf., og Hjört Snorrason, 3. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosningar um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Halldór Steinsson, þm. Snæf.,

með 8 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Ljet hann fyrst ganga til kosningar á fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.,

með 8 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta, og hlaut kosningu

Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.,

með 7 atkv. — Jóhann Jósefsson hlaut 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Tveir listar komu fram, með einu nafni á hvorum, eða jafnmörgum og kjósa átti. Lýsti forseti þá því rjettkjörna skrifara deildarinnar, en þeir voru þessir:

Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm., og

Einar Árnason, 1. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Að till. forseta voru samþykt þau afbrigði frá þingsköpum, að hluta nú eigi um sæti deildarmanna, en láta sætaskipun frá síðasta þingi haldast óbreytta.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, mánudaginn 9. febr., voru kosnar fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Áður en gengið var til kosninga mælti

forseti (HSteins): Fjhn. þessarar háttv. deildar hefir oft áður verið skipuð 5 mönnum, og með því að útlit er fyrir, að mörgum málum verði á þessu þingi vísað til þeirrar nefndar, þá tel jeg rjettast, að hún verði einnig nú skipuð 5 mönnum.

Að tillögu forseta var samþ., að fjárhagsnefnd skyldi skipuð fimm mönnum.

Kosnir voru í nefndirnar:

1. *Fjárhagsnefnd.*

Sigurður Eggerz,
Björn Kristjánsson,
Jóhann Jósefsson, } Af A-lista.
Jónas Jónsson,
Ingvar Pálmason. } Af B-lista.

2. *Fjárveitinganefnd.*

Jóhannes Jóhannesson,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Hjörtur Snorrason, } Af A-lista.
Einar Árnason,
Guðmundur Ólafsson. } Af B-lista.

3. *Samgöngumálanefnd.*

Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Jósefsson, } Af A-lista.
Guðmundur Ólafsson,
Sigurður Jónsson. } Af B-lista.

4. *Landbúnaðarnefnd.*

Hjörtur Snorrason,
Eggert Pálsson, } Af A-lista.
Sigurður Jónsson. Af B-lista.

5. *Sjávarútvegsnefnd.*

Björn Kristjánsson,
Jóhann Jósefsson, } Af A-lista.
Ingvar Pálmason. Af B-lista.

6. *Mentamálanefnd.*

Sigurður Eggerz,
Ingibjörg H. Bjarnason, } Af A-lista.
Jónas Jónsson. Af B-lista.

7. *Allsherjarnefnd.*

Jóhannes Jóhannesson,
Eggert Pálsson, } Af A-lista.
Jónas Jónsson. Af B-lista.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild þessi frumvörp:

1. Frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, 25. júní 1869, og viðauka við þau.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.
3. — til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík.
4. — Frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana.
5. — til laga um breytingu á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild þessi 5 frumvörp:

1. Frv. til laga um verslunaratvinnu.
2. — til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921.
3. — til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.
4. — til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.
5. — til laga um úrskurði í útsvarsmálum o. fl.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. þessum hafi þegar verið útbýtt í þessari háttv. deild, og vona jeg, að hæstv. forseti taki þau til meðferðar eftir því, sem þingsköp mæla fyrir.

Á 7. fundi deildarinnar, mánudaginn 16. febr. mælti

fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir þessa háttv. deild þessi tvö frumvörp:

1. Frv. til laga um Landsbanka Íslands.
2. — til laga um skráning skipa.

Vænti jeg, að hæstv. forseti taki þau til venjulegrar meðferðar í þessari hv. deild samkv. þingsköpum.

Á 12. fundi deildarinnar, mánudaginn 23. febr., mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg skal hjer með leyfa mjer að leggja fyrir hv. deild:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Á 18. fundi deildarinnar, föstudaginn 27. febr., mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir þessa hv. deild:

Frv. til laga um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, sem þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ágúst Flygenring, 1. þm. G.-K.
2. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
3. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
4. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
5. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
6. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
7. Björn Líndal, þm. Ak.
8. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
9. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
10. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
11. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
12. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
13. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
14. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
15. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
16. Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv.
17. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
18. Klemens Jónsson, 2. þm. Rang.
19. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
21. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
23. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
24. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
28. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Voru þeir allir á fundi, nema Björn Líndal, þm. Ak., sem var ókominn til þings.

Elsti þingmaður deildarinnar, Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., tók forsæti, til að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara þá Tryggva Þórhallsson, þm. Str., og Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,

með öllum atkv. deildarmanna.

Aldursforseti vjek þá forsætið, en hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Því næst var gengið til kosningar á fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

með 14 atkv. — Jón Auðunn Jónsson fjekk 12 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Pjetur Ottesen, þm. Borgf.,

með 12 atkv. — Bjarni Jónsson fjekk 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosningar á skrifurum deildarinnar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B. Á A-lista var Tryggvi Þórhallsson, en á B-lista Magnús Jónsson.

Kosnir voru því án atkvgr.:

Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., og

Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.

Sætaskipun.

Fram kom tillaga um að láta sætaskipun haldast eins og hún var á síðasta þingi. Var leitað afbrigða frá þingsköpum um þetta efni, og voru þau leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, mánudaginn 9. febr., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og fóru kosningar þannig:

1. Fjárhagsnefnd.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að bera fram till. um, að kosnir verði 7 menn í þessa nefnd. Vil jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leiti þeirra afbrigða frá þingsköpum, sem til þessa þarf.

Forseti (BSv): Það hefir komið fram till. um að kjósa 7 menn í fjárhagsnefnd; en til þess að það verði, þarf afbrigði frá þingsköpum. Þar eð hæstv. stjórn hefir þegar leyft þessi afbrigði fyrir sitt leyti, bið jeg háttv. þingdeildarmenn að greiða atkvæði um, hvort afbrigði skuli leyfð.

Afbrigðin samþ. með 24 shlj. atkv.

Forseta bárust þrír listar, og voru á þeim jafnmargir menn samtals og kjósa skyldi í nefndina. Lýsti forseti þá rjettkjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Jón Auðunn Jónsson,
Magnús Jónsson, } **Af A-lista.**
Björn Líndal,
Klemens Jónsson,
Halldór Stefánsson, } **— B-lista.**
Sveinn Ólafsson,
Jakob Möller. **— C-lista.**

2. Fjárveitinganefnd.

Þrír listar komu fram, með samtals 7 mönnum, en 7 skyldi kjósa í nefndina. Lýsti forseti þá alla rjettkjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Þórarinn Jónsson,
Jón Sigurðsson, } **Af A-lista.**
Pjetur Ottesen,
Tryggvi Þórhallsson,
Þorleifur Jónsson, } **— B-lista.**
Ingólfur Bjarnarson,
Bjarni Jónsson. **— C-lista.**

3. Samgöngumálanefnd.

Tveir listar komu fram, er forseti merkti A og B. — Á A-lista voru JAJ, HK og ÁJ, en á B-lista PÞ, KlJ og SvÓ. A-listinn hlaut 13 atkv., B-listinn 14 atkv., en 1 seðill var auður. Forseti lýsti því rjettkjörna í nefndina:

Pjetur Þórðarson,
Jón Auðun Jónsson,
Klemens Jónsson,
Hákon Kristófersson,
Svein Ólafsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu tveir listar, auðkendir A og B. Á A-lista voru ÁJ, HK og JS, en á B-lista HStef, PÞ og MT. Hlaut A-listinn 13 atkv., en B-listinn 15 atkv. Kosnir voru því í nefndina:

Halldór Stefánsson,
Árni Jónsson,
Pjetur Þórðarson,
Hákon Kristófersson,
Magnús Torfason.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista voru ÁF, SigurjJ og PO, en á B-lista ÁÁ, JBald og JakM. A-listinn fjekk

13 atkv., en B-listinn 15 atkv. Kosnir voru því:

Ásgeir Ásgeirsson,
Ágúst Flygenring,
Jón Baldvinsson,
Sigurjón Jónsson,
Jakob Möller.

6. *Mentamálanefnd.*

Tveir listar komu fram, A og B. — Á A-lista voru SigurjJ, BL og BJ, en á B-lista JörB, BSt og ÁÁ. A-listinn hlaut 13 atkv., B-listinn 14 atkv., en 1 seðill var auður. Kosnir voru í nefndina:

Jörundur Brynjólfsson,
Sigurjón Jónsson,
Bernharð Stefánsson,
Björn Líndal,
Ásgeir Ásgeirsson.

7. *Allsherjarnefnd.*

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista voru JK, ÁJ og MJ, en á B-lista BSt, JBald og MT. A-listinn hlaut 13 atkv., en B-listinn 15 atkv. Voru því kosnir í nefndina:

Bernharð Stefánsson,
Jón Kjartansson,
Jón Baldvinsson,
Árni Jónsson,
Magnús Torfason.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild af hálfu fjármálaráðuneytisins þau 8 frv., sem nú skulu talin:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.
2. — til laga um samþykt á landsreikningnum 1923.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.
4. — til fjáraukalaga fyrir árið 1924.
5. — til laga um innlenda skiftimynt.
6. — til laga um breytingu á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.
7. — til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.
8. — til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Þessum frumvörpum hefir þegar verið útbýtt í þessari háttv. deild, og leyfi jeg mjer að mælast til þess, að hæstv. forseti taki þau til meðferðar samkvæmt því, sem þingsköp mæla fyrir.

Forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer hjer með fyrir hönd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að leggja þessi frv. fyrir þessa háttv. deild:

1. Frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Vil jeg mælast til þess, að hæstv. forseti taki þau til meðferðar í þessari hv. deild samkvæmt þingsköpum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg leyfi mjer fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins að leggja fram frv. þau, sem nú skal telja:

1. Frv. til laga um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.
2. — til laga um sjúkratryggingar.

3. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.
4. — til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.
5. — til laga um breytingu á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Á 8. fundi deildarinnar, mánudaginn 16. febr., mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa hv. deild þessi þrjú frumvörp:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.
2. — til laga um varalögreglu.
3. — til laga um sektir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir hv. deild þessi tvö lagafrumvörp:

1. Frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.
2. — til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Vænti jeg þess, að hæstv. forseti taki frv. þessi til meðferðar svo sem þingsköp mæla fyrir.

Á 28. fundi deildarinnar, laugardaginn 7. mars, mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir háttv. deild:

Frv. til laga um að Landhelgissjóður Íslands skuli taka til starfa.

Á 32. fundi deildarinnar, föstudaginn 13. mars, mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir þessa hv. deild:

Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Lagafrumvörp samþykt.

1. Fjárlög 1926.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1926 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frumvarp það til fjárlaga fyrir árið 1926, sem hjer liggur fyrir, er sniðið mjög mikið eftir fjárlögunum fyrir árið 1925, er afgreidd voru sem lög frá síðasta Alþingi. Heildarupphæðir frv. tekju- og gjaldamegin eru dálítið hærri en í fjárlögunum 1925, gjöldin í frv. tæplega 8¾ miljón, en í fjárlögunum 1925 eru þau rúmlega 8¼ miljón. Hækkun gjaldanna nemur 457 þús. kr. Ástæðurnar til hækkunarinnar eru tvær. Önnur sú, að þar sem heita má, að allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda, nema til viðhalds, sjeu niður feldar úr fjárlögunum 1925, þá hefir ekki þótt rjett að gera þetta með öllu í frumvarpinu fyrir 1926; eru þó engan veginn áætlaðar venjulegar eða fullkomnar framkvæmdir, heldur minkaðar að mun frá því, sem áður var og verða þarf aftur, þegar fjárhagurinn leyfir. Munu það vera um 288 þús. kr. af hækkuninni, sem stafa af þessu. Þær 170 þús. kr., sem þar eru fram yfir, stafa eingöngu af leiðrjettingum á of lágri áætlun bundinna eða lögmætra liða í fjárlögunum fyrir 1925, og eru stærstu upphæðirnar framlag til prestlaunasjóðs og laun barnakennara; þessa liði þurfti að hækka um 65 þús. kr. hvorn fyrir sig, til þess að áætlunin nægi fyrir útgjöldunum eins og ætla má að þau verði eftir núgildandi löggjöf. Að öðru leyti eru svo í frv. smávægilegar hækkanir og lækkanir móts við fjárlögin 1925, sem jafnast upp.

Tekjur eru í frumvarpinu áætlaðar sem næst jafnháar gjöldunum, tekjuafgangur einar 16 þús. kr. Hinsvegar vona jeg, að tekjuáætlunin sje gætileg, svo unt verði í reyndinni að fá einhvern afgang, ef engin óvænt óhöpp koma fyrir og ef Alþingi fylgir sömu stefnu um takmörkun útgjaldanna, sem síðasta þing tók upp og stjórnin hefir fylgt. Það er líka mjög nauðsynlegt að fá þannig tekjuafgang, því að í frumvarpinu er ekkert áætlað fyrir afborgunum af lausaskuldum, en þær verðum við þó að borga, og skal jeg síðar víkja að því.

Lagaákvæðin um dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna falla úr gildi í lok

yfirstandandi árs, og hefði því máske verið formlega rjett að taka enga dýrtíðaruppbót í þetta frv. Stjórnin lítur nú svo á, að ekki geti komið til mála, að uppbótin falli burtu um næstu áramót, það sje óhjákvæmilegt að setja framhaldsákvæði í einhverri mynd um hana, og ef það verður gert, þá mundi þetta frv. gefa mjög skakka mynd af útgjöldunum, ef uppbótinni væri slept úr því. Varð því ofan á að taka hana í frumvarpið og áætla 60% uppbót á launum alt upp að 4500 kr., eftir sömu reglum, sem nú gilda, og er jafnframt lagt sjerstakt lagafrumvarp fyrir Alþingi um framhald dýrtíðaruppbótarinnar.

Af tekjulöggjöfinni falla lögin um 20% bráðabirgðaverðtoll af nokkrum aðfluttum vörutegundum úr gildi í lok þessa árs. Þessar tekjur mega þó ekki missast, og eru áætlaðar í fjárlagafrv. með 450 þús. kr., og er jafnframt lagt lagafrumvarp fyrir Alþingi um framlengingu á gildi verðtollslaganna til 1. apríl 1926, þannig, að næsta Alþingi geti þá tekið ákvörðun um frekari framlengingu, með breytingum, ef svo sýnist.

Til þess að útkoman á landsreikningi verði á sínum tíma eins góð, eða heldur betri, en áætlun fjárlaganna, þurfa tekjurnar að vera gætilega áætlaðar. En þó er það ekki nóg. Gjöldin þurfa líka að vera gætilega, þ. e. nægilega hátt, áætluð. Við samningu þessa frv. hefir verið reynt fyrst og fremst að áætla öll **bundin** gjöld með fullri upphæð, en bundin kalla jeg þau gjöld, sem samkvæmt lögum, samningum eða eðli málsins eru þannig ákvörðuð, að framkvæmdarvaldið getur ekki með ráðstöfunum sínum haft áhrif á þau til lækkunar. Hinsvegar getur verið varhugavert að hækka áætlanir um þau gjöld, sem ekki eru þannig bundin, þótt reynslan bendi til, að hækkunar þurfi, því að ef of langt er farið í því efni, gæti það máske dregið úr hvöt framkvæmdarvaldsins til sparsamlegrar meðferðar á landsfje. Slíkir liðir eru því ekki alstaðar í frv. hækkaðir eftir því, sem þeir áður hafa reynst.

Í samráði við hagstofustjóra hafa verið gerðar nokkrar breytingar á niðurröðun tekna og gjalda, til gleggri sundurliðunar, og er helsta nýungin sú, að gjaldamegin er tekin upp ný 17. grein og þar talin öll gjöld til almennrar styrktarstarfsemi, sem áður hafa verið talin hingað og þangað innan um óskyld útgjöld. Þó hefir tekist að halda að mestu þeirri greinaskiftingu í frv., sem venja undanfarinna ára er búin að festa.

Jeg skal svo, eins og venja er, gefa yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á nýliðna árinu, með þeim fyrirvara, að innborgunum og útborgunum ársins er ekki lokið, og geta því enn orðið nokkrar breytingar.

TEKJUR:

Fjárl. gr.		Áætlun kr.	Reikningur kr.	kr.
2. gr.	1. Fasteignaskattur	215 000	228 500	
	2. Tekju- og eignarskattur	1 000 000	800 000	
	3. Aukatekjur	300 000	400 000	
	4. Erfðafjárskattur	45 000	39 400	
	5. Vitagjald	170 000	317 300	
	6. Leyfisbrjefagjöld	10 000	10 000	
	7. Útflutningsgjald	700 000	960 300	
	8. Vínfangatollur	350 000	605 100	
	9. Tóbakstollur	400 000	525 900	
	10. Kaffi og sykurtollur	800 000	1 051 000	
	11. Vörutollur	1 250 000	1 560 000	
	12. Annað aðflutningsgjald	80 000	83 600	
	13. Gjald af konf. og brjóstsykurgerð	20 000	25 900	
	14. Stimpilgjald	300 000	1 240 000	
	15. Lestagjald	40 000	36 800	
	16. Pósttekjur	350 000	401 000	
	17. Símatekjur	1 000 000	1 400 000	
	18. Víneinkasala	450 000	450 000	
	19. Tóbakseinkasala	200 000	350 000	
	20. Steinolíueinkasala	50 000	77 500	
	21. Skólagjöld	3 000	12 000	
	22. Bifreiðaskattur	22 000	22 000	
				10 596 300
3. gr.	1. Eftirgjald jarðeigna	35 000	35 000	
	2. Tekjur af kirkjum	100		
	3. Tekjur af silfurbergi	10 000		
				35 000
4. gr.	1. Tekjur af bönkum	150 000	70 000	
	2. Tekjur af Ræktunarsjóði	25 000	25 700	
	3. Vextir af bankavaxtabrjefum	35 000	35 200	
	4. Útdregið af þeim	15 000	39 300	
	5. Arður af hlutabrjefum Eimskipafjelags Íslands	5 000		
	6. Vextir af innstæðum	10 000	2 300	
	7. Greiðslur frá Landsverslun	100 000	292 000	
				464 500
5. gr.	1. Óvissar tekjur	20 000	90 000	
	2 Endurgreidd skyndilán	300		
	3. Aðrar endurgreiðslur	2 000	8 200	
				98 200
		8 162 400		
				11 194 000

GJÖLD:

Fjárl. gr.		Áætlun kr.	Reikningur kr.	kr.
7.	Vextir af skuldum	883 546	1 240 563	
	Afborganir fastra lána	1 060 159	966 350	
	Framlag til Landsbanka	100 000	100 000	
				2 306 913
8.	Borðfje H. H. konungsins	60 000		60 000
9.	Alþingi og yfirskoðun	184 800		201 731
10. A.	Ráðuneytið, ríkisfjeh. o. fl.	162 780	170 692	
B.	Hagstofan	41 000	44 660	
C.	Utanríkismál o. fl.	59 500	61 788	
				277 140
11. A.	Dómgæsla og lögreglustjórn	392 820	413 792	
B.	Ymisleg gjöld	165 600	260 596	
				674 388
12.	Læknaskipun og heilbrigðismál	712 740		1 033 785
13. A.	Póstmál	381 500	398 837	
B.	Vegamál	377 140	324 596	
C.	Samgöngur á sjó	200 000	240 683	
D.	Landssíminn	1 031 340	916 000	
E.	Vitamál	111 820	159 264	
				2 039 380
14. A.	Andlega stjettin	285 006	324 440	
B.	Kenslumál	950 000	1 029 500	
				1 353 940
15.	Visindi, bókmentir, listir	242 170		246 005
16.	Verkleg fyrirtæki	651 300		480 344
17.	Fyrirframgreiðslur	4 000		22 400
18.	Eftirlaun og styrktarfje	183 452		180 000
19.	Óviss gjöld	100 000	86 500	
	Gengismunur		93 000	
				179 500
22.	Til Eimskipafjelags Íslands			60 000
24.	Greiðslur samkv. lögum m. m.			417 571
	Samtals	8 340 674		9 523 097
	Fyrir ógreiddum gjöldum, ofanálag			170 903
	Ágiskuð gjöld alls			9 694 000

Svo sem yfirlit þetta ber með sjer, hafa tekjurnar farið 3 milj. kr. fram úr áætlun fjárlaganna. Þetta stafar að talsverðu leyti af tekjuaukalöggjöf síðasta Alþingis, sem gekk í gildi í byrjun annars ársfjórðungs 1924. Verðtollurinn er í yfirlitinu innifalinn í stimpilgjaldinu; nákvæm aðgreining á honum og gamla stimp-

ilgjaldinu hefir ekki fengist, en líklega nemur verðtollurinn um 830 þúsund krónum. Þá er gengisviðaukinn, 25% af öllum aðflutningsgjöldum, vitagjaldi og fleira, og virðist nema um 670 þús. kr., og er það þá hálf önnur miljón kr, sem stafar frá nýnefndri tekjuaukalöggjöf. Af öðrum tekjuliðum hafa þessir farið mest fram úr áætlun:

Símatekjur 400 þús. kr. Útflutningsgjöld 260 þús. kr. Tóbakseinkasala 150 þús. kr. *) Vínfangatollur um 150 þús. kr. Aukatekjur 100 þús. kr. Stimpilgjöld 100 þús. kr. *) Vitagjöld 80 þús. kr. Póstekjur 50 þús. kr.

Undir áætlun hafa orðið:

Tekju- og eignarskattur 200 þús. kr. Tekjur af bönkum 80 þús. krónur.

Gjöld þau, sem sundurliðunin í yfirlitinu telur, hafa farið tæplega 1 miljón og 200 þús. fram úr áætlun fjárlaganna, og eru þar af 700 þús. kr. umframeyðslur á fjárlagaliðum, en 480 þús. krónur eru greiðslur samkvæmt öðrum heimildum. En þar að auki þykir mjer þörf að áætla um 170 þús. kr. í ofanálag fyrir ógreiddum gjöldum, sem ekki kynni að vera gert ráð fyrir í sundurliðuninni. Af gjaldaliðum fjárlaganna hafa þessir farið mest fram úr áætlun:

7. gr. Vextir af skuldum 357 þús. kr. 11. gr. B. Ýmisleg gjöld um 95 þús. kr. 12. gr. Læknaskipun og heilbrigðismál (þar í berklastyrkur 255 þús. kr. umfram áætlun, sem var 75 þús. kr.) 320 þús. kr. 14. gr. B. Kenslumál 80 þús. kr. 19. gr. Óviss gjöld og gengismunur 80 þús. kr.

Hjer við bætast svo þær greiðslur, sem alls ekki eru teknar upp í gjaldahæð fjárlaganna:

Til Eimskipafjelags Íslands 60 þús. kr. Greiðslur samkvæmt sjerstökum lögum:

Vegna hafnargerðar í Vestmannaeyjum 115 þús. kr. Flóaáveitan 98 þús. kr. Sektarfje landhelgissjóðs frá 1923 63 þús. kr. Húsagerð (Kleppsspítali) 30 þús. kr. Væntanleg fjáraukalög 41 þús. kr. Ýmislegt 71 þús. kr.

Þessar umframgreiðslur nema samtals um 1 milj. 410 þús. kr. Undir áætlun hafa orðið gjaldaliðirnir:

Afborganir fastra lána 94 þús. krónur. Landssíminn 115 þús. kr. Verkleg fyrirtæki 170 þús. kr., — en þó kunna einhver ótalin útgjöld að breyta þessu nokkuð.

Eftir því sem nú er unt að sjá, virðist þá muni verða tekjuafgangur árið 1924, er nemur 1½ miljón króna. Af þessum tekjuafgangi hefir nú þegar verið greitt upp í lausaskuldir ríkissjóðs, þær er voru í árslok 1923, milli 600 og 700 þús. kr., en sá tekjuafgangur, sem þar er fram yfir, ætti þá á sínum tíma að koma fram sem aukning á sjóðseign um áramót. Slík aukning var öldungis nauðsynleg, því að sjóðurinn var orðinn svo lítill, að fyrri hluta ársins 1924 þurfti að taka talsverð skyndilán, sem svo voru borguð síðar á árinu. Vona jeg, að komist verði hjá slíkum lántökum á þessu ári.

Sjeu nú aðalupphæðir tekna og gjalda bornar saman við landsreikninginn fyrir 1923, kemur það í ljós, að *tekjurnar* 1924 eru sem næst alveg jafnar *gjöldunum* eins og þau voru 1923, rúmlega 11,1 milj. kr. Ef gjöldin hefðu orðið eins mikil 1924 og árinu áður, þá væri um engan tekjuafgang að ræða. En þau verða að því er sjeð verður rúmlega 9,6 milj. kr., eða 1½ miljón lægri en gjöldin 1923, og það er tekjuafgangurinn. Hinsvegar samsvarar þessi tekjuafgangur líka sem allra næst

*) Fyrir utan gengisviðaukann.

þeirri upphæð, sem tekjuaukalöggjöf síðasta Alþingis hefir aflað ríkissjóði á árinu 1925, þar sem gengisviðaukinn og verðtollurinn hafa gefið samtals 1½ milj. kr. Án þessa tekjuauka væri ekki um neinn afgang að ræða, þrátt fyrir lækkun útgjaldanna.

Þá skal jeg minnast ofurlítið á afkomu liðna ársins, að því er tekur til fjármála og peningamála alment. Árið var veltiár, útfluttar vörur námu 80 milj. kr., og er það hærri upphæð en nokkru sinni fyr, bankarnir hafa losað sig úr 8 milj. kr. lausaskuldum erlendis og safnað rúmlega annari eins innieign þar, auk þess sem aðrir landsmenn hafa vafalaust grynt eitthvað á sínum erlendu skuldum. Margt stuðlaði að þessari hagstæðu útkomu, góðviðri á aðalvertíðinni, hagstæð veðrátta til fiskverkunar, mikil fiskiganga, fundur nýrra fiskimiða og dugnaður landsmanna til að nota sjer þetta.

Mjer telst svo til, að útflutt vörumagn alls hafi orðið 62% meira að vöxtum en árið 1914, og að vörumagnið á mann hafi orðið 45% meira en 1914. Alment er talið, að verðið á afurðum vorum hafi verið hátt og að hagstæð verslun eigi talsverðan þátt í góðri afkomu ársins; en þetta er misskilningur. Verðið á afurðum okkar hefir verið í lægra lagi, ef rjett er gefið upp til lögreglustjóranna. Jeg hefi athugað, að eftir verðlagi 1913—14 hefðu fengist um 32,3 milj. kr. fyrir hið útflutta vörumagn, en í reyndinni höfum við fengið um 43 miljónir gullkróna. Verðhækkunin á vörum okkar frá 1914 hefir þá verið úr 100 upp í 133 eða svo; en hin almenna verðhækkun á móti gulli í heiminum var meiri en þetta, líklega fullum 10% meiri, og er það útflytjendum vorum til athugunar, að betur má, ef vel skal vera, þótt miklu betur hafi tekist salan en næsta árið á undan. Að mönnum hefir fundist verðið hátt, stafar meðfram af sjónhverfingum lággengisins.

Gengi íslensku krónunnar var í byrjun ársins 53.8% af gullverði, lækkaði síðan fyrstu mánuði ársins og náði lágmarki 12. mars; var það þá 46.8% af gullgildi. Síðan hækkaði gengið, stóð í maí og júní nálægt 50% af gullverði, og hækkaði úr því jafnt og þjett upp í 63.1% af gullverði í árslok. Hækkunin hjelt einnig áfram eftir áramótin, og gengið er nú um 65.4% af gullverði. Auðvitað er það hin mikla framleiðsla, samfara hagstæðari verslun en undanfarin ár, sem hefir gert þessa hækkun mögulega, en að hækkunin hefir gengið jafnt og rólega, án þess að gengið sveiflaðist upp og niður, er að minsta kosti að talsverðu leyti að þakka starfi nefndar þeirrar, gengisnefndarinnar, sem skipuð var á miðju árinu samkvæmt ákvörðun laganna um gengisskráningu og galdeyrisverslun frá 4. júní f. á. Vegna þess, hve gengið var lágt allan fyrri hluta ársins, hefir meðalgengi peninga vorra yfir árið í heild ekki verið nema hjer um bil 53% af gullverði, og hefir meðalgengið ekki orðið svo lágt nokkurt undanfarið ár; hafði t. d. verið um 59% árið 1923.

Í sambandi við gengi peninganna þykir mjer rjett að gera grein fyrir seðlaútgáfu bankanna á árinu og afskiftum stjórnarinnar af henni. Í ársbyrjun voru seðlar í umferð frá báðum bönkunum tæpar 6 milj. kr., og 1. apríl var upphæðin komin niður í 5¼ milj. kr., hvorttveggja lægra en verið hafði nokkru sinni á sama tíma árs síðan 1918. Hinn 1. júlí var veltan komin upp í 6.4 milj. kr., og var þetta líka lægra en verið hafði á sama tíma síðan 1918. Eftir gildandi lögum átti Íslandsbanki að draga inn 1 milj. kr. af

seðlum sínum fyrir 31. okt., en 30. júní skrifaði bankastjórnin ráðuneytinu og benti á, að gjaldmiðilsþörfin mundi ekki leyfa þennan inndrátt án þess að aðrir seðlar væru gefnir út í staðinn, og að vegna hækkandi verðlags mundi þurfa þar til viðbótar aðra miljón, og lagði til, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að Landsbankinn setti í umferð samtals 2 milj. kr. samkvæmt heimild í lögum nr. 7, frá 4. maí 1922. Um þetta var leitað álits stjórnar Landsbankans, og taldi hún í svari sínu 12. júlí eigi mögulegt að framkvæma lögmæltan seðlainndrátt án stórfeldrar röskunar á atvinnulífi þjóðarinnar, en leggur hinsvegar mikla áherslu á, að seðlaútgáfan sje takmörkuð svo freklega sem unt er, og þess vegna haft aðhald sem mest má verða. Eftir tillögu þessarar bankastjórnar var svo Landsbankanum, með brjefi 17. júlí, heimilað að setja í umferð 1½ milj. kr. í seðlum, en báðum bönkunum tilkynt, að ráðuneytið legði „áherslu á það, að hvorugur bankinn noti aukningu seðlamagnsins til aukinna útlána í neinni mynd, og að stjórnir beggja bankanna geri alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga inn sem mest af umferðaseðlunum í haust, þegar gjaldmiðilsþörfin væntanlega fer að minka."

Þessi aukning reyndist ónóg. Ýmist eftir beinni beiðni Landsbankans eða eftir meðmælum frá honum, var honum með sömu skilyrðum heimilað að gefa út til viðbótar:

30. sept. 1 milj. kr.
7. okt. ½ milj. kr.
31. okt. ¾ milj. kr.

Samtals var þá búið að gera ráðstafanir til að setja í umferð 3¾ milj. kr. umfram þær 6 milj., er Íslandsbanki mátti hafa úti eftir 31. okt., og gömlu Landsbankaseðlana ¾ milj. kr., eða seðlaveltan var komin alt að 10½ milj. króna. Samkvæmt skýrslum bankanna hefir seðlaveltan í heild verið á mánaðamótum:

30. sept. 1924 9 milj. 979 þús.
31. okt. 1924 10 milj. 15 þús.
30. nóv. 1924 8 milj. 984 þús.
31. des. 1924 8 milj. 621 þús.
31. jan. 1925 8 milj. 295 þús.

Hámarki náði seðlaveltan í nóvember snemma, komst upp í 10¼ milj. kr., og mun aldrei áður hafa orðið eins mikil, nema haustin 1919 og 1920.

Þessi mikla aukning seðlaveltunnar var auðvitað mjög varhugaverð, og ráðuneytinu var það ljóst, að skylt var að neyta allra ráða til þess að sporna móti henni. Ástæðan fyrir seðlaþörf bankanna haustmánuðina var yfirleitt ávalt ein og hin sama, nefnilega kaup þeirra á erlendum gjaldeyri. Þeir hafa á liðna árinu keypt erlendan gjaldeyri fyrir eitthvað 17 milj. kr, umfram það, er þeir seldu. Þennan mismun urðu þeir að borga með íslenskum krónum. Nokkuð greiddu þeir með skuldajöfnuði við seljendur; þar að auki gátu þeir notað afborganir, sem þeim guldust frá öðrum hjerlendum skuldunautum. En þetta reyndist ekki nóg, seðlaaukningu þurfti til viðbótar. — Sú spurning liggur nærri, hvernig farið hefði, ef neitað hefði verið um seðlana, og svarið liggur í augum uppi. Þá hefðu þeir orðið að hætta að kaupa þann erlenda gjaldeyri, sem bauðst; verð hans hefði hríðfallið í bili, meðan framboðið var mest, en hækkað síðan aftur. Ef neitað hefði verið að nokkru eða öllu um þær 2¼ milj., sem heimilaðar voru á einum mánuði, frá 30. sept. til 31. okt., einmitt þegar útflutningur og sala á aðalafurðum landbúnaðarins var að byrja, þá hefði þar af leitt stórkostlegt verðfall á einmitt

þeim erlenda gjaldeyri, sem fjekst fyrir þessar afurðir, og þar með óverðskuldað stórkostlegt tap fyrir landbúnaðinn. Undir þessum kringumstæðum varð ráðuneytið að telja sjer skylt að heimila þá seðlaútgáfu, sem þurfti til þess að bankarnir gætu haldið erlenda gjaldeyrinum í því verði, sem gengisnefndin skráði.

Þetta er í eðli sínu alveg hið sama sem að leyfa seðlabanka á venjulegum tímum að gefa út seðla til að kaupa fyrir þá gull, og það er jafnan talið sjálfsagt. En hitt væri alveg óleyfilegt, að prenta seðla til þess að lána þá út. Slíkt leiðir beint út í verðfall peninganna. Og þegar svona stendur á, að óvenjumikla seðla hefir þurft að láta úti vegna kaupa á gulli eða erlendum gjaldeyri, þá er ekki nóg að hefta útlánin meðan seðlaveltan er að aukast; það verður að hefta þau þangað til svo mikið er inn komið af seðlunum aftur, að seðlaveltan þykir hæfileg. Slík útlánahöft eru ekki annað en brýn og óhjákvæmileg ráðstöfun til þess að halda uppi genginu, eða gildi peninganna.

Þetta hefir bæði bönkunum, gjaldeyrisnefndinni og stjórninni verið ljóst. Bankarnir sendu út aðvörun til skiftavina sinna um aðhald í ráðstöfunum, og ráðuneytið sendi, eftir beiðni gjaldeyrisnefndarinnar, áskoranir í sömu átt til allra sparisjóða og sveitarstjórna. Seðlaveltan hefir líka farið minkandi seinustu mánuðina, en þó er hún enn þá svo mikil, meira en þriðjungi hærri en í fyrra á sama tíma, að full ástæða er til að fara varlega.

Jeg hefi viljað skýra nokkuð ítarlega frá þessu, bæði vegna þess, að málið er í sjálfu sjer svo mikilsvert, og vegna þess, að stjórnin hefir orðið fyrir dálitlu aðkasti út af því, að hún vildi ekki um mánaðamótin okt.—nóv., þegar seðlaveltan var sem allra hæst, neyða Landsbankann til að byrja á lánveitingum samkv. lögum frá 4. júní f. á., um stofnun búnaðarlánadeildar. Þessi lánadeild tók svo til starfa jafnskjótt og inndrætti seðla var svo langt komið, að með nokkru móti þótti forsvaranlegt að hvetja til þess, að nokkur bankalán yrðu veitt, og það var ekki fyr en um síðustu mánaðamót.

Þá læt jeg útrætt um liðna árið að sinni og sný mjer að þeim viðfangsefnum, sem fram undan eru. Skal jeg þá fyrst drepa lítið eitt á almennar horfur.

Það er almenn reynsla, að góðæri freistar manna til ýmiskonar áræða og framkvæmda, jafnvel til ljettúðar og eyðslu. Sagan sýnir greinilega, að góðæri í fjármálum, eða hækkandi hagsveifla, stendur aldrei nema örfá ár í senn, og endar með fjárkreppu, sem verður því harðari og skaðvænni fyrir atvinnulífið, sem menn hafa verið örari til áræðanna og ljettúðugri á uppgangsárunum. Þessu lögmáli lútum vjer eins og aðrir. Á rólegum tímum virðist hækkun hagsveiflunnar, eða góðæri í fjármálum, geta staðið yfir í 3 til 5 ár, en á umbrotatímum vilja sveiflurnar verða tíðari og styttri. Er skemst á að minnast, að síðasti uppgangstíminn hjá oss stóð ekki nema rúmlega eitt ár, 1919, og á eftir kom sú fjárkreppa og það hrun, sem vjer höfum ekki yfirstigið til fulls ennþá. Vjer megum nú ekki við því, að sá uppgangstími, sem byrjaði snemma á síðastliðnu ári, endi með neinu hruni. Framkvæmdamennirnir í landinu verða að hafa glöggar gætur á því að ráðast nú ekki í annað eða meira en það, sem þeir geta af eigin efnum fleytt yfir næstu fjárkreppuna, þegar hún kemur.

Auk hinnar almennu vitneskju um það,

að sjerhver uppgangstími endar með fjárkreppu, eru í þetta sinn tvær sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem gera það knýjandi nauðsynlegt að viðhafa mestu gætni. Önnur er sú, að vegna undangenginna breytinga á peningagildinu er jafnvægið milli tilkostnaðar og afrakstrar við atvinnuvegi landsmanna sem stendur alveg gengið úr skorðum. Með öðrum orðum, vegna undanfarinnar hækkunar á íslensku krónunni hefir verðið á afurðum landsmanna að krónutali lækkað hlutfallslega, en tilkostnaður innanlands við öflun afurðanna stendur enn þá í því háa krónutali, sem samsvaraði lággenginu fyrri hluta árs 1924. Meðan þetta stendur svo, er tap á atvinnurekstrinum alveg yfirvofandi, ef nokkuð ber út af um afurðamagn eða afurðasölu. Vona má, að þessi jafnvægisröskun lagfærist með tímanum á þann hátt, að tilkostnaðurinn lækki að krónutali, og lagi sig þar með eftir hinu hækkaða peningagildi, en ógætileg aukning eða útfærsla á atvinnurekstrinum tefur fyrir lagfæringunni. Hin sjerstaka ástæðan, sem nú knýr til þess að fara gætilega, er óvissan um gildi peninganna eða gengi þeirra á komandi árum. Ef gengi íslensku krónunnar heldur áfram að hækka, þá má búast við, að röskunin á jafnvæginu milli tilkostnaðar og afrakstrar haldi áfram að endurtaka sig hvað eftir annað, jafnvel þó lagfæringu verði náð um stundarsakir.

Aðvaranir bankanna, gengisnefndarinnar og stjórnarinnar hafa naumast verið teknar nægilega til greina. Einhver aukning á fiskiflota landsmanna var sjálfsögð eftir svona veltiár, en aukningin á togaraflotanum sýnist vera ógætilega mikil, þó vona megi, að fram úr rætist.

Þá skal jeg loks víkja nokkrum orðum að horfunum um fjárhag ríkissjóðs og um stefnu þá í fjármálum ríkisins, sem jeg tel, að vjer eigum að fylgja næstu árin. Að nokkru leyti er þessi stefna þegar ákveðin af þjóðinni með úrslitum síðustu kosninga, og af þessu Alþingi, sem fram gekk af þeim kosningum. — Í fyrra, á fyrsta þinginu eftir kosningarnar, var sú stefna tekin afdráttarlaust og ágreiningslaust milli þingflokkanna, að stöðva tekjuhallann, að sjá um, að gjöld ríkissjóðs færu ekki fram úr tekjum. Jeg þykist vita, að engin hætta sje á, að hvikað verði frá þessari braut. En spurningin, sem úr þarf að leysa, er þessi: Hvað á að gera við skuldirnar, og fyrst og fremst lausaskuldirnar?

Í landsreikningnum fyrir 1923 má sjá, að skuldir ríkissjóðs eru í lok þess árs taldar rúml. 18 milj. og 62 þús. kr., og eru þá danskar krónur taldar án gengismunar og sterlingspund ekki með fullum gengismun þeim, sem nú er. Síðan sá LR var saminn, hefi jeg þó fundið tvær skuldir, sem jeg vissi ekki um áður, og veit ekki til, að nokkurntíma hafi verið taldar í LR; önnur í dönskum krónum, um 135 þús., tilheyrandi Vífilsstaðahælinu, en hin í íslenskum krónum, smáskuld til jarðeldasjóðs, tilheyrandi Eiðaeigninni, hvorttveggja samningsbundin lán. Af allri skuldaupphæðinni eru í LR um 4¼ milj. taldar lausaskuldir, en þar við ber að bæta einni af þeim upphæðum, sem taldar eru með fastaskuldum, en það er ½ milj. kr. til Landsbankans, sem upphaflega var samningsbundin skuld, en er fallin í gjalddaga fyrir nokkrum árum, án þess að afborganir hafi farið fram eða nýr samningur verið gerður. Lausaskuldirnar voru því í reyndinni 4¾ milj. kr. Þar af má telja samkvæmt framanskráðu, að greiddar hafi verið á árinu 1924 upp undir ¾ milj. kr., og eru þá fullar 4 milj. eftir.

Nú er um tvent að velja: Annaðhvort

að reyna að borga þessar lausaskuldir á stuttum tíma, 3—4 árum, eða breyta þeim í samningsbundin afborgunarlán. Það væri ef til vill unt að fá talsverðu af þeim breytt í 15 til 20 ára lán með 6½ til 7% vöxtum. Jeg ræð eindregið til að fara hina leiðina, reyna að greiða þetta á fám árum, og jeg held, að það verði mögulegt, ef engin stórfeld óhöpp koma fyrir. En það kostar talsverða sjálfsafneitun, því að verklegar framkvæmdir ríkissjóðs verða af skornum skamti á meðan.

Í mínum augum mæla margar mikilvægar ástæður með því að reyna að greiða lausaskuldirnar á stuttum tíma. Fyrst sú, að meðan útgjöldin í 7. grein fjárlaganna, vextir og afborganir lána, gleypa ¼ allra tekna ríkissjóðs, þá verður hvort sem er ávalt mjög erfitt að hafa nokkurn afgang til verklegra framkvæmda. Ef lausaskuldirnar væru festar með lántöku til lengri tíma, þá mundi bætast við núverandi útgjöld 7. greinar afborgun þeirra, 200 til 300 þús. kr. árlega, og greinin halda áfram að vera afskaplega þungur baggi um langt áraskeið. Önnur ástæðan er sú, að mest af þessum lausaskuldum er í dönskum og íslenskum krónum, en báðar eru sem stendur ekki nema um ⅔ af gullverði. Þær geta hækkað, enginn getur fortekið nema þær komist upp í gullverð, en því meir sem þær hækka, því meira raunverulegt verðmæti þarf skuldunauturinn (ríkissjóður) að láta af hendi til greiðslu vaxta og höfuðstóls. — Mjer finst sjálfsagt fyrir ríkissjóðinn, eins og fyrir aðra skuldunauta yfirleitt, að nota sjer lággengið, eftir því sem getan leyfir, til þess að greiða skuldir sínar með raunverulegum afföllum. Þriðja ástæðan er sú, að slík skuldagreiðsla er sú besta aðstoð, sem unt er að láta peningastofnunum og þeim atvinnuvegum, er lánsfje nota, í tje á þeim erfiðu árum, sem búast má við, að nú sjeu framundan. Við skuldagreiðsluna, einkum innlendu skuldanna, losnar fjármagnið, verður handbært til útlána, atvinnuvegunum til eflingar.

Vjer skulum þá hugsa oss, að lausaskuldirnar yrðu greiddar á þrem árum, þær væru úr sögunni í árslok 1927. Þá er að athuga, hver breyting verður á samningsbundnu skuldunum á þessu tímabili. Fyrsta íslenska ríkisskuldin, símalánið frá 1908, var borguð upp á síðasta ári. Á næstu þrem árum eiga þessi lán að hverfa, af þeim sem talin eru í LR 1923:

	Upphæð í árslok 1923.	Árleg afborgun.
Lán hjá dönskum bönkum 1912	133333	33333
Skipakaupalán í Handelsbanken	825000	200000
Íslandsbankalán frá 1918	500000	100000

Reikningslega tilheyra síðustu greiðslurnar af tveim síðastnefndu lánunum, samtals 125 þús. kr., árinu 1928, en falla báðar í gjalddaga 2. janúar, og verður því í reyndinni að greiða þær af tekjum ársins 1927. Þannig lækka afborganir fastra lána samkv. 7. gr. á þessum tímamótum um ⅓ milj. kr. Jafnframt ber oss að greiða um ½ miljón kr. árlega í afborganir af öðrum fastaskuldum, og telst mjer svo til, að í árslok 1927 muni eftirstöðvar þeirra nema tæpum 10 milj. kr., og mest af því eru lán með lágum vöxtum, svo að gjöldin í 7. gr., afborganir og vextir af lánum, ættu úr því ekki að verða hærri en hjer um bil 1 milj. kr. árlega,

eða um helmingur þess, sem nú er. Þar sem vjer þá jafnframt værum losnaðir við greiðslurnar af lausaskuldunum, mundi árlegur útgjaldaljettir nema fullum 2 milj. kr., sem verja má eftir því sem ástandið þá útheimtir, annaðhvort til lækkunar á sköttum eða til aukningar á framkvæmdum, eða að nokkru til hvors fyrir sig.

Er þessi greiðsla lausaskuldanna á þrem árum þá ekki of þungbær? Það er hún ekki, ef bærilega árar. Ekki þarf annað en að halda tekjum og gjöldum í svipuðu horfi og síðastliðið ár. Tekjuafgangur eins og var 1924 borgar lausaskuldirnar að fullu á þrem árum.

Það er skoðun stjórnarinnar, að vjer eigum að setja oss það ákveðna mark, að borga lausaskuldirnar að fullu á þessum þrem árum. Auðna ræður, hvort það tekst að ná markinu, en hugur háttvirtra þingmanna ræður hálfum sigri í slíku máli; því má ekki gleyma.

Eitt af því fáa úr nútíðarstarfsemi Íslendinga, sem verulega vakti athygli erlendra manna, var það, að vjer bjuggum skuldlaust. Vjer vorum „ríkið án ríkisskulda", og fyrir þetta öfunduðu útlendingarnir okkur og mikilsvirtu okkur, hvenær sem á það var minst. Eftir styrjöldina miklu stynur nú öll Norðurálfan undir óbærilegri byrði ríkisskulda, og einnig oss hefir hrakið æðilangt úr þeirri hollu stefnu, sem áður var haldin. Þó eru ríkisskuldirnar ekki orðnar oss nálægt því önnur eins sligunarbyrði og flestum hinum ríkjunum; þær eru ekki meiri en svo, að með öflugu átaki getum vjer hrist þær af oss. Fyrirmynda í starfsemi vorri eigum vjer að leita oss þar, sem þær eru bestar, og í þessu efni finnum vjer enga fyrirmynd betri en fjármálastjórn vors eigin lands eins og hún var fram að styrjöldinni miklu.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd. laugardaginn 21. mars, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 203, 195, 204).

Þórarinn Jónsson: Jeg stend ekki upp til þess að segja neitt fyrir hönd nefndarinnar, enda er það ekki venja við þessa 1. umr. Jeg vil aðeins þakka hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir þá glöggu og góðu skýrslu um fjármál ríkisins, er hann gaf hjer í þessari háttv. deild. Annars ætla jeg ekki að tefja þær mikilsverðu og skemtilegu umræður, sem hjer munu nú fara fram, eftir gamalli venju.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer þykir rjett að taka það fram, af því um þetta mál er að ræða og nafn mitt stendur undir nál. sem frsm. annars hluta fjárlaganna, að jeg tala hjer ekki sem slíkur að þessu sinni. En úr því enginn varð fyrri til þess að kveðja sjer hljóðs, þá verð jeg nú fyrstur til þess að fara í eldhúsið, og fer ekki illa á því. Það hefir hent mig fyr að mæla það til hæstv. stjórnar, sem hún hefir helst ekki viljað heyra.

Jeg álít, að það sje góður siður, að menn megi einu sinni á þinginu vaða nokkuð úr einu í annað og geti komið að sem flestu, er liggur á hjarta. Vænti jeg, að hæstv. forseti verði þolinmóður, þó að

jeg komi nokkuð víða við í trausti þessarar hefðar.

Jeg hefi ekki fylgst lengi með eldhúsdagshaldi þingsins. En hin síðari ár hefir það aðallega legið í smáfyrirspurnum til stjórnarinnar. Jeg ætla mjer að fara lengra. Að vísu mun jeg koma með smáfyrirspurnir. En jeg mun líka fara nokkuð út í hin stærri mál og gera athugasemdir við afstöðu hæstv. stjórnar til þeirra, svo sem mjer kemur hún fyrir sjónir. Sum þeirra mála gætu gefið ástæðu til sjerstakrar umræðu síðar, en þó er eitt mál, sem jeg kýs fremur að ræða nú á eldhúsdegi en þegar það kom hjer fyrir til umræðu.

En þótt nú sje eldhúsdagur og jeg einn hinn grimmasti stjórnarandstæðinga, þá mun jeg að þessu sinni ekki verða mjög grimmur.

Þá kem jeg að málinu, og mun jeg fyrst snúa mjer að þeim hæstv. ráðherra, sem fjærst mjer situr og jeg hefi einna oftast átt í höggi við, hæstv. fjrh. (JÞ). Og það mál, sem jeg vil drepa fyrst á, er mál, sem vakið hefir allmikið umtal og mikla óánægju, einkum í sveitum þessa lands, — það er drátturinn á stofnun Búnaðarlánadeildarinnar, þangað til viku fyrir þing, að hún var sett á laggirnar til málamynda, þrátt fyrir afdráttarlaus fyrirmæli laganna. Jeg gerði það viljandi að koma ekki með neinar ásakanir á stjórnina fyrir framkomu hennar í þessu máli, er frv. það, er jeg flyt hjer fyrir hönd Búnaðarþingsins um Ræktunarsjóð hinn nýja, var til umræðu, af því að jeg vildi ekki verða til þess að vekja ónauðsynlegar deilur í sambandi við frv., meðan ekki væri útsjeð um, að samvinna gæti tekist í þinginu um að leiða málið til farsællegra lykta.

Jeg mun ekki fara mjög út í einstök atriði sögu þessa máls, því að það yrði of löng ræða. Jeg vil aðeins sýna svipinn, aðalsvipinn yfir framkvæmdum hæstv. fjrh. (JÞ) í þessu máli, í sambandi við aðrar gerðir hans, eins og hann kemur mjer fyrir sjónir frá mínum bæjardyrum. Jeg vil líka mótmæla þessum svip á aðgerðum stjórnarinnar, þar sem er annarsvegar stöðvunin á framkvæmd þessara laga, og svo bætt gráu ofan á svart með því að senda út jafnhliða hið fræga íhaldsbrjef, þar sem bændum er bannað að stofna til nokkurra framkvæmda heima fyrir.

Jeg mun nú víkja að því, hvað átti að koma í stað Búnaðarlánadeildarinnar. Okkur, sem erum í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, var sent frv. og nefnd látin athuga það. Þá var það trúnaðarmál, og því hefi jeg ekki vikið að því fyr. En nú er það ekki neitt leyndarmál lengur, því að nefndin, sem um það fjallaði, hefir lýst því. Frv. þetta var eins og það kom frá stjórninni ekkert annað en ný veðdeild, nálega samhljóða frv. hv. þm. V.-Sk. (JK), sem hjer var fyrir í fyrra og hv. landbn. lagði þá alveg á móti og kvað ekki geta komið að neinu gagni. En hæstv. fjrh. virðist ekki hafa getað hitt á betra ráð til að koma landbúnaðinum til hjálpar í þessu lánamáli en að taka upp af nýju frv., sem þingi og landbn. kom saman um í fyrra, að væri öldungis gagnslaust, með því að hjer er ekki að ræða um neitt handbært fje, nema það, sem fæst með sölu veðbrjefa. Hæstv. fjrh. er vel kunnugt um það, hvernig Reykjavíkurbæ hefir nýlega gengið að selja slík brjef utanlands, og hann veit, að ef bændur ættu að afla sjer lána á þann hátt, þá mundi þeim ekki takast betur en Reykjavík. Vextir af slíkum lánum yrðu ekki minni en 7—

8%, og er það að gefa bændum steina fyrir brauð að gefa þeim kost á slíku. Þetta er svipurinn á afskiftum hæstv. ráðherra af málinu, að íhaldsbrjefinu ógleymdu. Því að jeg tel það enga dygð, þó að Búnaðarlánadeildin væri að nafninu stofnuð rjett fyrir þing. Til þess munu hafa legið aðrar ástæður, blátt áfram hræðsla hæstv. ráðherra (JÞ) við Alþingi.

Nú er ekki ófróðlegt að athuga í þessu sambandi, að við togaraflotann hafa á þessu ári bæst 10 nýir togarar. Svo gífurlega hefir sjávarútvegurinn verið látinn eflast, jafnframt því sem ekkert handbært lánsfje er til handa bændum. Af þessu hefir stjórnin, að því er virðist, ekkert skift sjer, og er það ákaflega merkilegt, þegar athugað er þetta fræga íhaldsbrjef, sem að vísu einkum mun hafa verið stílað til bænda.

Af samanburði á framkomu og till. okkar hæstv. fjrh. (JÞ) sjest, að þar er um ólíkar stefnur að ræða, gagnólíkar stefnur í því, hvað sje nauðsynlegast til þess að tryggja framtíð landsins. Út frá því, sem nú var drepið á, sjest, að hæstv. fjrh. metur útgerðina mest, stórgróða sjávarútvegsins. Jeg aftur á móti álít, að höfuðverkefni þessarar kynslóðar sje að rjetta við landbúnaðinn íslenska. Á hann á þjóðin fyrst og fremst að treysta. Út frá þessu segi jeg það, að jeg tel það skyldu mína að vinna á móti þeirri stjórn og þeim ráðherra, sem ekki hirðir um að koma því í verk, sem jeg tel þýðingarmest mál fyrir framtíð þessa lands.

Þá vil jeg víkja að öðru máli, sem einnig snertir hæstv. fjrh. (JÞ). En það er sú stefna, sem mjer virðist koma greinilega fram hjá hæstv. stjórn í skattamálum. Skal jeg nefna frv. það um sjúkratryggingar, sem drepið var hjer nýlega, en stefndi að því að koma kostnaðinum við berklavarnir sem nefskatti yfir á almenning. Sömuleiðis frv. um að greiða kostnaðinn af kristnihaldi í landinu með nefskatti. Og loks frv. til breytinga á skattalögunum, þess efnis að ljetta sköttum af stórgróða útgerðarfjelaganna. Alt þetta miðar beint og greinilega að því að ljetta skattabyrðina á breiðu bökunum og koma henni yfir á almenning. Hjer er líka um alveg ólíka stefnu að ræða hjá hæstv. stjórn og þm. Strandamanna.

Það virðist vera hugsjón hæstv. fjrh. (JÞ), að í þjóðfjelaginu eigi að vera fámenn stjett ríkra manna, sem hafi sjerstaklega góða aðstöðu. Og jeg skal játa, að þar sem svo hefir verið, hefir oft gengið vel í bili, mentalíf og æðri menning þróast. En það, sem jeg kysi mjer að stuðla að, er samt sem áður fyrst og fremst almenn velmegun sjálfstæðra borgara. Og gleður mig því sú staðreynd, sem nú er fram komin, að þingið virðist ekki ætla að aðhyllast stefnu hæstv. stjórnar. Háttv. Ed. hefir drepið frv. um hækkun nefskatts vegna kristnihalds, og þessi hv. deild hefir vísað á bug berklavarnanefskattinum. Vona jeg, að þetta frv., sem er þá það þriðja sömu tegundar, fari á líkan veg. En það skal viðurkent, að hæstv. fjrh. (JÞ) er alveg samræmur stefnu flokksbræðra sinna, íhaldsmannanna, eins og hann hefir á einum stað lýst þeim, í Lögrjettu fyrir nokkrum árum, að þeir einblíndu á sína pyngju og hlífðu sjer við sköttum.

Næsta atriðið, sem jeg kem að, er ekkert stórmál. Er það út af atviki, sem kom fyrir í hagstofunni. Duldist ekki á síðasta þingi, að það var fastur vilji þingsins að fækka starfsmönnum í opin-

berum skrifstofum, og kom frv. um lenging vinnutímans í því augnamiði fram hjer í Nd. Það náði samt ekki fram að ganga. En í hagstofunni hafa gerst tíðindi, sem þverbrjóta þetta. Eins og kunnugt er, hefir þar starfað í mörg ár sem aðstoðarmaður Pjetur Zóphóníasson, sem allir vita, að vera muni mjög hæfur til þessa starfs, þó að formlega skorti hann próf til að gegna því. Sömuleiðis hefir hann verið einn þeirra manna, sem best hafa haldið við okkar þjóðlegustu fræðaiðkunum, ættfræðinni, og er oss því vandgerðara við hann en ella. Taldi jeg því sjálfsagt, að hann gegndi sínum starfa áfram, þar sem hann hafði haldið honum svo lengi. En svo kemur ungur nýbakaður hagfræðikandidat frá Kaupmannahöfn, og er Pjetri þá vikið frá, og sá maður sest í sæti hans. Segi jeg þetta ekki til að ásaka þennan unga mann; hann er af góðu fólki kominn og sjálfsagt alls trausts maklegur. Jeg viðurkenni sömuleiðis, að raunverulega hefir hæstv. stjórn haft formlega rjett til þessa, en hún hefir algerlega farið í bága við það „princip", að fækka starfsmönnum ríkisins, því P. Z. hefir verið bætt við sem nýjum manni í hagstofuna með sömu launum og hann hafði. Jeg lasta það ekki, að P. Z. var ekki kastað út á gaddinn, en verð að segja, að mjer kom það á óvart. Og jeg álít, að rjettara hefði verið að gera enga breytingu.

Þá vil jeg í fám orðum snúa mjer að hæstv. atvrh. (MG). Jeg bjóst ekki við að þurfa að fara inn á Krossanesmálið, og geri það líka lítið. En jeg taldi víst, þegar jeg æskti þess, að nefnd yrði skipuð til að rannsaka það mál, að þá yrði að því ráði horfið. Jeg hjelt ekki þá, að það ætti eftir að koma á daginn, að sú till. fjelli með atkvæði hæstv. ráðh. (MG) sjálfs. En af því að jeg taldi víst, að þessi nefnd yrði skipuð, þá hefi jeg ekki undirbúið mig undir að fara nánar út í það mál að þessu sinni, og get því látið þar staðar numið. Lýsi aðeins yfir undrun minni og óánægju.

Þá kem jeg næst að stórmáli, sem er innflutningshöftin. Mjer finst framkvæmd þeirra á árinu hafa orðið öll önnur en jeg bjóst við. En vel get jeg skilið, að hæstv. atvrh. (MG) hafi átt örðugt aðstöðu, þar sem hæstv. forsrh. (JM) ljet í ljós í fyrra á þinginu vantþóknun sína á innflutningshöftum, og hæstv. fjrh. (JÞ) ljet hafa það eftir sjer í erlendum blöðum, að hann væri þeim ekki hlyntur. — En það tel jeg víst, að hefðu þau verið myndarlega framkvæmd, þá hefði þetta góða ár hjálpað okkur enn betur en orðið er. — Tók jeg í sumar upp úr blaðinu „Vísi" heila syrpu af auglýsingum um óþarfavarning, sem var hjer á boðstólum, og hefir því fengist fluttur inn. Jeg álít, að hæstv. ráðh. (MG) hafi í þessu efni vanrækt skyldu sína og ekki framkvæmt vilja síðasta Alþingis.

Næst vil jeg beina örfáum orðum að hæstv. forsrh. (JM). Er það fyrst út af fyrirspurn um endurheimt íslenskra skjala úr dönskum skjalasöfnum. Jeg fullyrði, að í þessu máli hafi lítilli röggsemi verið beitt, og má það ekki vera óátalið. Hann ætlar sjer að bíða eftir því, að lögjafnaðarnefndin taki afstöðu til þess, en mjer finst það óþyrfilegt. Það, sem hvetur mig þó mest til að hreyfa þessu máli aftur nú, er, að nýtt atriði hefir bæst við það, sem á undan er gengið. Hagstofan fjekk fyrir nokkru frá Kaupmannahöfn að láni manntalið frá 1703, mjög merkilegt plagg fyrir sögu landsins og ættfræðiiðkanir, sem hv. Alþingi veitir nú fje til að gefa út. En nú í fyrra mánuði kemur krafa um, að því

sje skilað aftur. Vildi jeg láta þetta vera hvatningu fyrir hæstv. stjórn, að aðhafast eitthvað í málinu sem allra fyrst.

Þá kem jeg að þáltill. fjvn. Nd. í þinginu í fyrra um að skora á stjórnina að rannsaka, hvort ekki væri rjett að leggja skatta á kvossa. Með því skyldi vinna upp kostnaðinn við þá, enda er fordæmi um þetta annarsstaðar. En ekki hefir heyrst, að hæstv. stjórn hafi gert neitt í þessu enn sem komið er. Vildi jeg mælast til, að hæstv. ráðh. (JM) gerði grein fyrir, hvað veldur.

Með nokkrum orðum vil jeg að lokum víkja að einu stórmáli, sem vakið hefir gífurlega mikið umtal og eftirtekt um land alt. Á jeg þar við smyglmálið mikla í vetur, í sambandi við skipin „Marian" og „Veiðibjölluna". Áður en jeg fer lengra út í það mál, vil jeg taka það fram, að þó að jeg yfirleitt felli þungan dóm um meðferð þessa máls, þá vil jeg ekki sjerstaklega ásaka bæjarfógetann í Reykjavík, sem hafði það með höndum. Jeg veit, að hann er svo miklum önnum hlaðinn í embætti sínu, að fásinna er að ætlast til, að hann geti svo vel fari bætt á sig rannsókn svo yfirgripsmikils máls sem þetta var. Jeg álít, að þegar frá líður er svo geysilegur viðbætir við dagleg störf hans, þá eigi honum að koma sjerstakur hjálparmaður. Vil jeg beina þessu til hæstv. dómsmálaráðherra (JM). Hefir hann og hlotið að verða var við óánægju út af þessu máli hjá fleirum en mjer. Það á t. d. við undantekningarlítið um alla bannmenn í bænum, og jeg veit, að nefnd bannmanna hefir farið á fund hans til að reyna að hafa áhrif í þá átt, að það yrði tekið fastari tökum.

Vil jeg þá rekja nokkur atriði í rekstri málsins, og er alt það, sem jeg segi, bygt á forsendum dómsins. Vil jeg sýna fram á, hve óforsvaranlegt sje að láta málinu nú vera lokið.

Það er þá fyrst að byrja á því, að útlendur maður, Kattrup að nafni, kom á land í Keflavík 25. sept. Var hann ákærður fyrir brot á sóttvarnarlögunum og settur í sóttkví. Þótti ferð hans öll hin grunsamlegasta. Segir hann frá skipi, sem sje á leið með skófatnað til Björns Gíslasonar, en annars hafi hann ekkert með skipið að gera. Hversu grunsamlegur, sem framburður mannsins þótti, þá var honum samt slept aftur 10. okt. — Hitt er þó alvarlegra, að 1½ sólarhring seinna kemur „Marian" inn á höfn. 13. okt. er skipstjórinn yfirheyrður. Játar hann strax, að mikið áfengi hafi verið í skipinu, sem hann kvað Kattrup hafa átt að ráðstafa. En Kattrup var danskur þegn. Jeg veit ekki, hvort hægt er að yfirheyra menn, sem dvelja og heima eiga erlendis, en þessum manni hefði verið leikur að ná í Færeyjum og Bergen. Er slælega að verið, að svo skyldi ekki hafa verið gert, en vel má vera, að ennþá sje hægt að ná manninum í Danmörku.

Hvað framburði skipstjórans viðvíkur, þá var hann tvisvar staðinn að því að segja ósatt. Fyrst segir hann, að öllu áfenginu hafi verið kastað í sjóinn. En seinna kemur upp úr dúrnum, að strandvarnarbátur einn hefir flutt talsvert af því í land, og auk þess finst nokkuð innan um skófatnaðinn. En það var ekkert smáræði, sem hefði átt að vera búið að kasta í sjóinn, þar sem í skipinu voru 1100 spíritusdunkar, og þar af komu aðeins 60 í leitirnar. — Loks er ennþá eitt. Hvernig stóð á því, að mb. „Trausti" skyldi fá áfengið? Skipstjórinn segir, að hann hafi búist við, að bátur kæmi úr

landi að tilhlutun Kattrups til að sækja áfengið. Svo afhendir hann þessum bát heila bátsfarma af víni. — Hvernig stóð á því, að hann afhenti svo mikil verðmæti þar úti á rúmsjó? Hver átti að bera ábyrgðina? Enn er maður við málið riðinn, bílstjóri að nafni Jakob Sigurðsson. Einhverstaðar hefir hann fengið ávísun á byrgðirnar. — Þannig eru ótal leiðir til að finna sannleikann, ef málið væri tekið föstum tökum.

Fjórða atriðið er um menn í landi. Í forsendum dómsins er þess getið, að það hafi verið borið, að nefndum Jakobi væri kunnugt um, hver væri eigandi farmsins og gæti gefið ávísun á hann. En svo er þess aldrei getið, hvort þessi maður hafi verið yfirheyrður. Hann hverfur alveg úr sögunni. Enn er eitt atriði. Í dagblaðinu „Vísi" er frá því sagt, að Jakob hafi vísað frá sjer á Björn Gíslason kaupmann, en hans er alls ekki getið í forsendum dómsins. Svo ef menn hefðu ekki annað fyrir sjer en þær, og svo dóminn sjálfan, þá vissu menn ekki, að Björn væri neitt við málið riðinn. En illan grun gefur það óneitanlega, að hann skuli hafa átt skófatnaðinn og Jakob skuli hafa vísað á hann.

Fimta atriðisins, sem jeg vík að og sem jeg beini til hæstv. dómsmálaráðherra (JM), er raunar ekki getið í forsendum dómsins, og er mjer ekki kunnugt, á hverjum rökum það er bygt. En merkir bannmenn hjer í bænum hafa sagt mjer, að einn skipverjanna á „Trausta" hafi aldrei verið yfirheyrður. Jeg fullyrði ekkert um þetta, en spyr aðeins og óska, að því verði svarað, hvað satt er í þessum orðrómi.

Jeg þarf svo ekki að tala frekar um þetta. Jeg veit, að hæstv. forsrh. er kunnugt um það, að mikil óánægja er hjer í bæ meðal bannmanna út af þessu. Og um þetta mál hefir verið mest rætt af öllum málum, og mest vegna forsenda dómsins. Annars skal jeg taka það fram, að ef hæstv. ráðherra óskar fremur, að jeg komi fram með sjerstaka fyrirspurn í þessu máli, þá er jeg fús til þess, en hinsvegar hefi jeg bæði um þetta atriði og önnur látið hæstv. ráðherra vita fyrirfram, hvað jeg ætlaði að tala um.

Þá er það „Veiðibjöllu"-málið. Um það hafa ekki komið fram nein gögn, og veit jeg ekki, hvort það er til lykta leitt. En almenningsálit er það, að það sje ótrúlegt, að sá maður, er telur sig eiganda að áfenginu, geti átt það. Það er sagt um hann, að hann sje einn af þeim mönnum, sem „aldrei geti eignast neitt".

Svo er það hinn merkilegi manndauði í Keflavík. Hann hefir verið talinn af völdum spírituss, og er það víst áreiðanlegt. Vil jeg nú spyrja hæstv. forsrh., hvað hæft sje í þessu, því um þetta hefir ákaflega mikið verið talað. Vil jeg spyrja hann um það, hvort menn þessir hafi fengið spíritusinn hjá læknunum í Keflavík, eða þá hvort það muni svo, sem margir hafa giskað á, að þar hafi verið hinn þýski spíritus, sem ólöglega var fluttur inn, og ef svo er, hvernig stendur þá á því, að læknirinn gat haft hann til úthlutunar?

Jeg þarf ekki að lýsa því frekar, að jeg er ákaflega óánægður með rekstur þessara mála. Jeg vil spyrja hæstv. forsrh., hvort ekki muni hægt að gera meira í Marianmálinu og hinum heldur en gert hefir verið.

Svo á jeg eftir eitt mál, og vil jeg um það beina máli mínu til allrar stjórnarinnar, en þó sjerstaklega til hæstv. fjármálaráðherra, og þá sjerstaklega fyrir þá sök, að þar kem jeg inn á nýtt mál, er

kemur undir hans verkahring, en það eru hinir háu bankavextir. Skal jeg þó aðeins drepa lauslega á það mál. En um það eru ekki deildar skoðanir milli flokka, heldur einnig ef til vill líka innbyrðis í flokkunum, bæði í þeim flokki, er jeg fylgi, svo og í Íhaldsflokknum. Eini flokkurinn, sem er víst óskiftur um það mál, er Alþýðuflokkurinn. *(Atvrh. MG:* Líklega innan þings). Mig langar til að heyra um eitt atriði í þessu sambandi frá hæstv. fjármálaráðherra, og um leið vil jeg ásaka stjórnina fyrir festuleysi.

Aðstaðan er nú sú, bæði til sveita og sjávar, að skattar eru miklu hærri en áður hefir verið og ætla alt að drepa. Svo koma hinar miklu gengissveiflur hjer, sem líklega eru eins dæmi. Sterlingspund hrapar úr rúmum 33 krónum niður í rúmar 27 krónur á fáum mánuðum. Jeg verð, sem fulltrúi bænda, að átelja það harðlega, að gengi á sterlingspundi var haldið í 33 kr. alt sumarið, en var svo látið falla mjög ört, einmitt um það leyti, er bændur byrja að selja afurðir sínar. Nú vil jeg spyrja, hvort afskiftaleysi stjórnarinnar á að haldast í þessu efni áfram gagnvart atvinnuvegum landsins. Á að halda því áfram að íþyngja þeim með háum sköttum, háum vöxtum og örri hækkun íslenskrar krónu? Það er ógurlegur skattur á atvinnuvegum að róa slíkan lífróður upp á við með íslensku krónuna.

Það mun torvelt að finna annarsstaðar dæmi um svo miklar gengissveiflur sem hjer hafa orðið. Jeg hefi ritað um þetta mál og haldið því fram, að það sje ekki aðalatriðið að drífa krónuna upp, heldur hitt, að fá fastan grundvöll. Allir atvinnurekendur, kaupsýslumenn og bændur vilja ekki hafa þennan rugling á genginu. Um okkur hefir það verið sagt, að við „dependeruðum" af Dönum. En í þessu máli höfum við ekki gert það, þótt ástæða hefði verið til þess. Samkvæmt tillögum danskra bænda, var það ákveðið þar í landi að festa krónugengið að mestu og fara ekki nema hægt í gengisbreytingar. Þetta er að mínu áliti rjett. Það græða engir á gengissveiflum nema gróðabrallsmenn. Og jeg er ekki í neinum efa um það, að eins og þing og stjórn í Danmörku hafa veitt bönkunum styrk í þessu máli, svo sje og hægt hjer. Það hefir mikla þýðingu, að bankarnir fái þennan styrk til þess að geta komið í framkvæmd því, sem er þó allra þýðingarmest, að fá vexti lækkaða. Og jeg get ekki skilið, af hvaða ástæðu það er, að krafist er þessara háu vaxta. Vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvort þess megi vænta, að hún beiti sjer fyrir lækkun bankavaxta. Að vísu hefir mjer heyrst á ýmsum Íhaldsmönnum, að þeir mættu ekki heyra vaxtalækkun nefnda á nafn. En jeg tel, að það hefði verið skylda stjórnarinnar að stíga fyr spor að því marki að lækka vextina.

Eins og menn vita, er Íslandsbanki „prívat"-stofnun. Tel jeg það óverjandi, að leyfa honum að hafa þessa háu vexti. En það er augsýnilega gert til þess, að menn, sem reka atvinnu hjer, greiði á þennan hátt töp hans á fyrri árum. En það eru hinir útlendu hluthafar, sem bankanum stjórnuðu þá, sem eiga að bera tapið, en það á ekki að velta því yfir á Ísland og Íslendinga. Jeg hefi „kritiserað" aðgerðaleysi stjórnarinnar í þessu máli. Með góðri samvinnu milli þings og stjórnar hefði mátt taka upp skynsamlega stefnu í málinu og festa gengi krónunnar eftir slíkt góðæri, sem nú hefir verið, og lækka vexti. Fyrir atvinnuvegi okkar er þetta eitt hið þýðingarmesta mál, því það

eru drápsklyfjar, sem þeir rogast nú undir af sköttum og háum vöxtum og gengisbreytingum.

Jeg skal svo ekki halda lengri ræðu að sinni. Hefi jeg drepið á mörg stórmál, en ekki viðhaft nein stóryrði. Þá hefi jeg og beint ýmsum fyrirspurnum til hæstv. stjórnar. Þakka jeg svo forseta fyrir þolinmæðina.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla að svara háttv. þm. Str. (TrÞ) í öfugri röð við spurningar hans og taka fyrst það, sem hann endaði á, að tala um vexti og forvexti. Jeg hygg, að Íslandsbanki hafi í seinni tíð haft sömu forvexti og Landsbankinn, en býst við því, að Landsbankinn ráði vöxtunum venjulega.

Þá er Marianmálið. Hv. þm. byrjaði á því að segja, að hann vildi ekki beina neinni ásökun til dómarans og gæti vel skilið, að hann hefði svo mörgum störfum að gegna, að ekki væri til þess ætlandi, að hann gæti sint svo stóru máli eins og vera bæri. Hann hefði því þurft að fá aðstoð. Til þessa er það svar, að hefði dómarinn þá þurft aðstoð og farið fram á það, hefði hún þegar fengist. En að fyrra bragði var engin ástæða til þess að fara að bjóða jafnvönum og ágætum rannsóknardómara aðstoð. Og eftir minni þekkingu er meðferð málsins hin besta og aðdáanlegt, hvernig dómaranum tókst að koma brotinu upp.

Hv. þm. talaði um það, að nefnd manna hefði komið til mín út af þessu máli. Jú, nokkrir bannmenn komu til mín og gerðu mjer vart við það, sem þeir höfðu komist á snoðir um í þessu máli. Var það alt tekið til greina eftir því sem hægt var.

Jeg skal nú lýsa afskiftum stjórnarinnar af Marianmálinu. Skipið kom fyrst til Grindavíkur 25. sept. f. á. og þótti þegar grunsamlegt. Þar fór maður í land af því. Að tilstilli dómsmálaráðuneytisins var hann þegar settur í sóttkví, vegna þess, að skipið hafði brotið sóttvarnarlögin, en aðrar sakir var ekki hægt að sanna á hann. Honum var haldið svo lengi sem hægt var vegna sóttvarna. En þegar útsjeð var um það, að af honum gæti ekki stafað sótthætta, varð að sleppa honum. Þá voru engar lagaheimildir til að halda honum lengur.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu fór tafarlaust til Grindavíkur, þá er spurðist til skipsins, en er hann kom þangað, var það horfið. Jafnframt sneri dómsmálaráðuneytið sjer þá til „Fylla“ og bað hana að reyna að ná í hið grunaða skip. Það tókst ekki, enda mun skipið þá hafa verið komið langt út fyrir landhelgi. Nú frjettist ekkert af því, en ráðuneytið sneri sjer til allra þeirra lögreglustjóra, er hugsanlegt var, að yrðu varir við það, og bað þá að hafa góðar gætur á því, hvort það kæmi að landi. Gerðu þeir það. Ráðuneytið hafði og stöðugt samband við sýslumennina í Snæfellsnessýslu, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Gullbr.- og Kjósarsýslu. Svo liðu nokkrar vikur, og lítur svo út, sem skipið hafi hvergi þorað að koma að landi. Að lokum neyddist það til þess að leita hafnar hjer vegna matarleysis og vatnsleysis. Hafði það þá losað sig við áfengið. Þessi kassi, sem háttv. þm. Str. var að tala um, hefir sjálfsagt orðið eftir af misgáningi.

Svo hófst mjög ítarleg rannsókn hjer, en skipstjóri hjelt því fram í fyrstu, að hann hefði kastað öllu áfengi fyrir borð. Loks tókst þó að fá hann til að játa það, að hann hefði sent nokkuð af því í land með vjelbáti. (*TrÞ:* Hann byrjaði á því að neita öllu). Það er ekki von, að hv.

þm. þekki gang slíkra mála. Það er rjett, að hann byrjaði á því að neita öllu. (*TrÞ:* Og segja ósatt). Já, segja ósatt í byrjun, en það er ekki sjerlega ótítt, að menn, sem sakaðir eru um afbrot fyrir dómi, byrji með því að staðhæfa sakleysi sitt, og við því liggur engin sjerstök hegning. Menn eru ógjarnir á það að játa á sig sök, fyr en þeir eru tilneyddir. Eflaust hefir það verið samkomulag milli skipstjóra og skipverja að segja, að öllu hafi verið fleygt fyrir borð, því að það sama sögðu aðrir skipverjar. En svo játaði skipstjóri að lokum, að hann hefði sett áfengi í mótorbát, en neitaði harðlega, að annað eða meira hefði á land farið. Það, sem gerir það líklegt, að hann hafi sagt þetta satt, er það, að allir skipverjar báru hið sama, hver í sínu lagi, smátt og smátt, þótt enginn vissi um framburð hins. En allir hjeldu þeir því fram, að ekki hefði farið meira á land en það, sem þessi mótorbátur tók. Það er næstum því óhugsanlegt, að þeir hafi fyrirfram komist lengra í samkomulagi en að tala um að neita öllu, en ekki hvað játa skyldi. Þrátt fyrir þetta ber þeim öllum saman.

Hver þessi mótorbátur var, upplýstist fyrir stöðuga eftirgrenslan frá dómsmálaráðuneytinu.

En jeg verð að segja háttv. þm. (TrÞ) það, að dómsmálaráðuneytið gekk svo fram í þessu máli, að eigi varð frekara heimtað, jafnvel ekki að ráðuneytið hefði gert sjer jafnmikið ómak. Það er annars ekki vant að heimta, að ráðuneyti taki beint þátt í eftirgrenslun brota. Jeg veit, að bæjarfógetinn í Reykjavík er alveg sannfærður um, að hann hafi komist að öllum sannleikanum í þessu máli, það er að segja, að ekkert hafi verið flutt annað í land af áfengi en þetta, sem fanst, og það er býsna mikið, sem bendir á, að þetta sje rjett, því að á þeim stöðvum, sem skipið kveðst hafa kastað áfenginu, hefir slæðst mikið upp af dunkum með áfengi og sömuleiðis rekið nokkuð. Það eru því allar líkur til, að komist hafi verið fyrir brotið til fulls að þessu leyti. Það er altaf hægt að segja, að bannmenn sjeu óánægðir og að almenningur sje óánægður. En jeg hefi ekki orðið var við, að bannmenn, sem við mig hafa talað, hafi verið óánægðir með nema eitt atriði í þessu máli, sem jeg ætla að koma að síðar. Nei, jeg get sagt hv. þm. (TrÞ) það, og jeg þykist geta dæmt um það dálítið, að fyrir þetta mál á dómsmálaráðuneytið ekkert annað en þakkir skilið, og jeg ætla ekki að þakka mjer það sjerstaklega, því að skrifstofustjórinn á sjerstakar þakkir skilið fyrir hvað hann lagði sig mjög fram í þessu máli.

Háttv. þm. (TrÞ) sagði mikla óánægju yfir því, að Kattrup var slept. En jeg get fullvissað hv. þm. (TrÞ) um það, að honum var ekki slept fyr en dómsmálaráðuneytið var orðið alveg sannfært um það, að ekki væri með neinu löglegu móti hægt að halda honum lengur, og í öðru ríki var ekki hægt að taka hann, í Bergen var það alveg útilokað. Jeg ætla ekki að fara mikið út í þetta, því jeg þykist viss um, að hv. þm. (TrÞ) hafi haldið, að þetta væri hægt; skal því aðeins upplýsa, að það er alls ekki. Lögsagnarumdæmi okkar nær ekki nema dálítið út fyrir landsteinana.

Hvernig stóð á því, að þetta áfengi var afhent, skal jeg ekkert segja um: jeg geri ráð fyrir, að það sje ekki farið eftir svo föstum „formum", þegar verið er að smygla. Þykir mjer eðlilegt, þegar báturinn kemur út og segist eiga að sækja áfengið, að þá sje honum afhent það,

sjerstaklega þegar svona erfiðlega gekk að koma því af sjer; en hvað sem um það er, þá verð jeg að telja það upplýst, að ekkert áfengi var afhent nema þessum mótorbát.

Það, sem háttv. þm. (TrÞ) segir um strandvarnir í sambandi við lögreglu, er heldur ekki rjett. Jeg skal láta hv. þm. (TrÞ) vita það, að hinn umtalaði bátur hefir aldrei verið gerður út af ríkisstjórninni. Gæslubátarnir, sem gerðir hafa verið út frá Gerðum, eða þar suðurfrá, hafa ekki verið gerðir út einu sinni af sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur af hjeraðsbúum sjálfum, og alt, sem ríkisstjórnin hefir haft með bátinn að gera, er, að hún hefir greitt tillag til hans, fyrir umsókn frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það er því ekki rjett að vera að tala um ábyrgð í sambandi við þennan bát, því ráðuneytið hefir aldrei haft neitt með að gera ráðning formanns eða háseta á þessa báta. En úr því að minst er á þessa atburði, þá er rjett að geta þess, að ráðuneytið hefir ákveðið að ráða sjálft þá menn, er hafðir eru til slíkrar gæslu, enda styrki ríkissjóður hana.

Svo kemur atriðið um mennina í landi. Það hefi jeg drepið á áður, en í sambandi við annað mál. Jeg benti á, að það sýndi sig af skjölum, sem víst áttu ekki að koma í ljós, að mennirnir í landi áttu ekki farminn, en meiningin verið að selja þeim hann, og er líklegt, að þeir hafi verið aðalhvatamenn þess, að farmurinn kom, en úr því að þeir fluttu ekki áfengið til landsins beint eða óbeint, voru í hæsta lagi hlutdeildarmenn, var ekki unt að refsa þeim. Og það er einmitt með tilliti til þessa, að jeg ber fram brtt. við bannlögin, þá brtt., að refsa megi hlutdeildarmönnum. Það var talið, að Björn Gíslason væri viðriðinn, og var hann tekinn fastur, en ekki hægt að sanna neitt upp á hann, er varðaði við lög.

Að mínu viti var öll meðferð þessa máls svo nákvæm og rjett, sem yfir höfuð meðferð á opinberu máli framast getur verið, og þar um get jeg vitni borið, því að mjer er þetta vel kunnugt. Auðvitað á dómari sá, er með málið fór, heiðurinn af því.

Þá nefndi hv. þm. (TrÞ) enn eitt atriði, að einn skipverja á gæslubátnum hafi ekki verið yfirheyrður. Jú, hann var yfirheyrður þar, sem hans varnarþing var. Það var engin heimild að flytja hann frá sínu varnarþingi. Hann var því yfirheyrður af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu; hans framburður var alveg hinn sami og hinna, á þá leið, að hann gat ekki talist sekur. En jeg endurtek það, að hann var einnig yfirheyrður. Jeg hefi orðið var við það, að ýmsir bannmenn voru óánægðir yfir því, að þessi maður skyldi ekki vera yfirheyrður hjer, en það var ómögulegt, eins og áður er sagt.

Jeg verð að segja hv. þm. (TrÞ) það, að þetta mál er afskaplega illa valið til að finna að aðgerðum stjórnarinnar fyrir. því að þótt hv. þm. (TrÞ) vildi senda fimm eða níu manna nefnd til þess að rannsaka það, þá skyldi ekki finnast neitt, sem hægt væri að átelja, hvorki ráðuneytið eða lögreglu eða dómara, með rökum. Aftur á móti var meiri ástæða til að spyrja um krossaskattinn; það mál var hjer á ferðinni í fyrra. Tók jeg þá ekki ólíklega í það, því að það eru dæmi til þess, að lagður sje skattur á heiðursmerki, sem innlendir menn fá. Síðan hefi jeg rannsakað nokkuð þetta mál, leitað um það upplýsinga hjá manni, sem þekkir mjög vel til slíkra hluta, og hefir hann

sagt mjer, að ekki þekkist dæmi til þess, að lagður sje skattur á erlenda menn, þótt þeim sje veitt heiðursmerki, en þess eru dæmi, að hærri gráður af heiðursmerkjum eru skattaðar innanlands, en lægri gráður eru aftur á móti ekki skattaðar, t. d. ef einhver verður riddari af orðu. Kommandör- og stórkrossmerkjum verða menn stundum að greiða skatt af. Það, sem gæti verið spurning um, eftir öllum venjum í þessu máli, það væri að láta þá, sem eru stórriddarar eða stórkrossriddarar, borga eitthvað í ríkissjóð, en af innlendum mönnum eru þeir svo fáir, að skatturinn yrði afskaplega lítill, svo framarlega sem ekki yrði farið að hafa skattana miklu hærri en nokkurstaðar annarstaðar. Jeg hefi athugað, eftir því sem borgað er fyrir erlendar orður, að það mundi hægt að koma skattinum upp í 400 kr. á ári.

Það er satt, að kostnaðurinn við orðuna hefir orðið nokkuð mikill. En á það er að líta, að það eru venjulega gamlir menn, sem fá slíkar viðurkenningar. Þeir falla frá, og með því að þá er skilað aftur heiðursmerkjunum, verður kostnaðurinn mestur fyrst, og þarf þá ekki að búa til fleiri krossa. Svo er það að athuga, að gjald það, er hv. þm. (TrÞ) nefndi, rennur venjulega ekki í ríkissjóð, heldur rennur það í orðusjóð, sem notaður er til að hjálpa með börnum og ekkjum látinna manna, sem orður hafa fengið, t. d. dannebrogsmanna og riddara. Hitt, sem áður var til víða, svonefndur metorðaskattur, getum við ekki notað, af því að við höfum engin metorð hjer. Þessvegna hefi jeg ekki sjeð ástæðu til að koma með frv. um þetta.

Svo er þriðja málið. Manntalið frá 1703; það er ekki alveg rjett, sem háttv. þm. (TrÞ) segir um það. Jeg hefi einmitt talað við hagstofustjórann um þetta. Þannig er ástatt, að endurskoðunarmenn safnsins ytra höfðu tekið eftir því, að þetta skjal var í útláni, og með því að tíminn var útrunninn, var útlánið óskað leiðrjett, þannig, að beðið væri um framlengingu á láninu. Það hefir hagstofustjóri gert, en svarið getur ekki verið komið enn. En það er víst svo, eftir þeirra föstu reglum þar ytra, að endurskoðendurnir athuga hvað úti er. Annars er mjer einmitt nokkuð kunnugt um þetta skjal, því að jeg fór á sínum tíma fram á það, ásamt þáverandi aðstoðarmanni þjóðskjalasafnsins, að ríkið fengi það til eignar, — mig minnir að það væri árið 1920, — en það fjekst aðeins til láns.

Jeg hefi þá upplýst í þessu máli, að það eru ákveðnar reglur, sem safnið fer eftir, og vona jeg þá, að gremja hv. þm. (TrÞ) hverfi út af þessu, því að það er naumast unt að fá skjalið formlega afhent nú, þótt þeir ætli kannske að sleppa skjalinu á sínum tíma, þegar farið er að semja um það. Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. (TrÞ) segir, að dregist hafi óvenjulega lengi að gera nokkuð í þessa átt, þá get jeg ekki kannast við það. Það var byrjað að krefja um skjölin árið 1909, og síðan hefi jeg ekki orðið var við að neitt hafi verið gert frá 1909—1924, nema hvað við Hannes Þorsteinsson, skjalavörður, gerðum eina tilraun árið 1920. Svo kemur árið 1923 áskorun um að heimta skjölin. Jeg hefi gert ráðstöfun til þess, að íslenski hluti lögjafnaðarnefndarinnar, með aðstoð þjóðskjalavarðar, heimti skjölin. Einn af okkar mönnum í nefndinni er mjög vel að sjer í þessum hlutum. Það var minst á þetta í sumar, og var þá talað um að láta þetta bíða,

þar til íslenski nefndarhlutinn þyrfti að fara til Kaupmannahafnar, því að þá kostar það minna og drátturinn verður þá ekki mjög langur, þegar tekið er tillit til alls.

Jeg get þess vegna vísað alveg frá mjer öllum aðdróttunum um það, að jeg hafi látið nokkuð undir höfuð leggjast með að ganga eftir þessum skjölum, og þykist hafa gert það, sem skynsamlegast og ráðlegast var. Jeg hefi svo hugsað mjer, að þjóðskjalavörður færi nokkru á undan nefndinni til Kaupmannahafnar, til þess að undirbúa málið. Jeg hefi ástæðu til að halda, að þetta muni ganga vel, og get, sem sagt, ekki sjeð minstu sök hjá mjer í þessu máli, því hefði maður farið að senda sjerstakan mann til Kaupmannahafnar í þessum erindum, þá hefði það orðið mjög dýrt, sem jeg hygg, að hv. þm. (TrÞ) ekki mundi ætlast til, en á þennan hátt mundi sennilegt, að sem mest yrði á unnið, og það með tiltölulega litlum kostnaði.

Jeg finn mjer að endingu skylt að þakka hv. þm. fyrir það, að hann gerði mjer aðvart um það fyrirfram, um hver málefni hann mundi tala við þetta tækifæri.

Jeg gleymdi ofurlitlu atriði, sem hv. þm. Str. aðeins vjek lítilsháttar að. Að hv. þm. fór svo lauslega út í það mál, tel jeg öldungis rjett, því að það mál er enn fyrir hæstarjetti, — „Veiðibjöllu"-málið. Háttv. þm. Str. sagði, að sá maður, sem dæmdur hefði verið í því máli, gæti naumast verið hinn rjetti eigandi vínbirgðanna í skipinu. Um það skal jeg ekkert segja, en jeg vil aðeins benda á, að það hafa fleiri verið dæmdir í málinu. Tveir menn aðrir hafa verið dæmdir fyrir innflutning áfengisins, og enn aðrir tveir menn, sem við málið voru riðnir. Alls hafa því 5 menn verið dæmdir fyrir þetta mál. Og jeg held satt að segja, að það hafi einnig í þessu máli verið farið svo langt sem auðið var af hálfu rannsóknardómarans. Þá var einnig hafin rannsókn í þessu máli í Hafnarfirði, en um það er ekkert upplýst ennþá, hvað úr þeirri rannsókn hafi orðið. Það var aðeins þetta, sem jeg vildi sagt hafa, í viðbót við það, sem jeg tók fram í ræðu minni áðan.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það var svo mikil stilling og háttprýði í ræðu og allri framkomu hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg held það hafi varla samsvarað þeim vonum, sem venjulegt er, að tilheyrendur geri sjer til góðrar skemtunar á slíkum degi sem þessum. Jeg tel mjer því skylt að haga mjer á sama hátt, til þess að gefa eigi tilefni til meiri kyndingar en háttv. þm. Str. virtist óska eftir. Af þeim málum, sem hv. þm. Str. vjek að, ætla jeg að geyma mjer Búnaðarlánadeildina þangað til síðar, en fyrst ætla jeg að víkja nokkuð að hinum. Háttv. þm. talaði um stefnu stjórnarinnar í skattamálum. Það er ekki venja í eldhúsdagsumræðum að tala um stefnumál stjórnarinnar; miklu frekar eru það athafnir hennar og allar framkvæmdir, sem vant er að tala um; en úr því háttv. þm. fór inn á þetta, skal jeg víkja að því nokkrum orðum.

Háttv. þm. sagði, að stjórnin væri í skattamálum fylgjandi nefsköttum, og nefndi til tvö dæmi, sínu máli til sönnunar. Jeg skal nú ekki segja, við hvað er átt með nefskatti nú orðið; það er orðið allvíðtækt og óákveðið. Jeg lenti nýlega í orðakasti í Ed. við flokksbróður háttv. þm. Str., háttv. 5. landsk. þm. (JJ), og var hann ófáanlegur til að láta af því, að tollar á munaðarvörum o. fl. væru nefskattar. Það hefir nú verið aðalstefna hjá

okkur frá því fyrsta, að við urðum fjárhagslega sjálfráðir í okkar málefnum, að taka sem flesta tolla af munaðarvörum og öðru því líku. En nú eiga þeir líka að heita nefskattar! Háttv. þm. Str. (TrÞ) nefndi sóknargjöldin. En það var eigi stefnumál hjá stjórninni. Frv. var borið fram samkv. tillögum milliþinganefndar, sem skipuð var samkv. þál. frá síðasta þingi og kölluð hefir verið sparnaðarnefndin. Þessi nefnd fór í frv. ekki fram á neitt annað en að þessi gjöld, sem eru orðin allgömul, yrðu hækkuð í krónutali sem svaraði lækkun á kaupmætti peninganna. Þetta er ekki annað en það, sem þótt hefir nauðsynlegt á öllum sviðum fjármálanna, að færa allar tölur í nýtt horf samkv. gildi peninganna. Hitt dæmið var meira stefnumál, þ. e. sjúkratryggingarnar. En jeg tel það illa farið að slá öðrum eins slagorðum á móti slíkum málum sem þessu, að þau megi ekki koma á dagskrá, vegna þess að þau sjeu nefskattalög. Þetta getur átt við allar tryggingar, þar sem á að greiða iðgjöld. Reglan er sú, að sá, sem trygður er, greiðir, gegn því að fá ákveðin rjettindi, ákveðið gjald. Ef um tryggingarskyldu er að ræða, greiða allir sama gjald. Nú er þetta ákaflega mikilsvert mál og framtíðarmál, að koma á skyldutryggingum, t. d. sjúkratryggingum og ef til vill fleiri tegundum trygginga. Þetta er ekki neitt sjerstakt stefnumál íhaldsflokkanna yfir höfuð; þetta er alþjóðastefnumál, og er því ekki heppilegt, ef það á að vísa öllum slíkum málum frá, vegna þess að þetta sjeu nefskattamál. Það er með þessar tryggingar eins og öll önnur viðskifti, að sá, sem trygður er, greiðir gjald, sem talið er hæfilegt endurgjald fyrir þau rjettindi, sem hann öðlast með tryggingunni. Í þessu frv. voru nokkur sjerstök ákvæði um notkun tryggingarfjárins í byrjuninni. Þetta getur eftir eðli sínu ekki verið stefnuatriði, því að þessi ákvæði eru miðuð við núverandi ástand. Það er því ekki ástæða til þess að hafa á móti því, að allir greiði venjuleg tryggingargjöld, ef það er um notkun tryggingarfjárins, sem ágreiningurinn er. Það liggur þá nær að koma með brtt. um þau ákvæði. Jeg er á þeirri skoðun, að dómar framtíðarinnar falli á þá leið, að það hafi verið þarft verk að brjóta upp á skyldutryggingum í þessu efni.

Háttv. þm. Str. deildi á stjórnina fyrir að bera fram frv. um breytingu á tekju- og eignarskattslögunum. Það á að öllu leyti betur við að ræða þetta, þegar frv. kemur aftur til umr. hjer í deildinni, en jeg vil benda háttv. þm. Str. á það, að öll þau atriði frv., sem eru stefnuatriði, hafa háttv. samflokksmenn hans í nefndinni fallist á, en hitt, sem ágreiningur er um, eru fremur tækifærisákvarðanir. *(TrÞ:* Það var við þær, sem jeg átti). Og jeg verð að segja, að hafi háttv. þm. Str. átt við þær, eru það laklega valin dæmi til að lýsa stefnu stjórnarinnar. Hitt er meira stefnuatriði, að vilja hlynna sem best að atvinnufyrirtækjum í landinu, til þess að þau eflist og þroskist, að vilja heldur hjálpa þeim á veg en að sparka í þau, svo að þau fari um koll, er ilt árferði gerir aðstöðu þeirra veikari eða erfiðari. Háttv. þm. Str. finnur það upp hjá sjálfum sjer, að það sje stefna og hugsjón stjórnarinnar að sjá um, að það verði aðeins fáir menn, sem verði ríkir, hinir fátækir. Jeg efast ekki um, að það er stefna háttv. þm. Str., að sem flestir verði bjargálnamenn. Lýsi hv. þm. sjálfum sjer rjett, lýsir hann stjórninni rangt.

Þegar talað er um fyrirkomulag atvinnufyrirtækja í stórum stíl, verður að gæta þess, að hlutafjelagsfyrirkomulagið er hin eina leið, sem menn ennþá hafa fundið til þess að sem flestir geti orðið þátttakendur í eignarrjetti að slíkum fyrirtækjum. Með þessu er einmitt verið að hlynna að því, að sem flestir geti orðið bjargálnamenn. Það er því enginn verulegur munur á stefnu háttv. þm. (TrÞ) og stefnu stjórnarinnar í þessu efni. Hvorirtveggja óska eftir, að efnahagurinn verði sem bestur og jafnastur.

Háttv. þm. Str. var eitthvað að rifja upp 15 ára gömul ummæli mín um íhaldsflokka yfir höfuð. Jeg hefi ekki rifjað þetta upp eða farið yfir það aftur nýlega, svo að jeg man þetta ekki sem best; en hreinskilnislega skal jeg skýra háttv. þm. Str. frá því, að hafi jeg sagt eitthvað fyrir 15 árum, sem hljóðar á annan veg en framkoma mín er nú, þá fyrirverð jeg mig alls ekki fyrir að hafa skift um skoðun á svo löngum tíma, sem síðan er liðinn, og eftir þá atburði, sem orðið hafa. Að öðru leyti mun jeg ekki ræða frekar um tekjuskattslagafrv., þar sem það er móti þingvenju að ræða slík mál á eldhúsdegi.

Næsta atriðið er veiting aðstoðarmannssýslanarinnar í Hagstofu Íslands, og liggur það á því sviði, sem rjett er að ræða nú. Viðvíkjandi því, að jeg hafi farið ógætilega að í því að auka við starfskrafta í hagstofunni, þá vil jeg aðeins rifja upp, hvernig á stóð við síðustu áramót. Þá var það svo, að nýjustu verslunarskýrslurnar, sem til voru, voru frá 1919. Jeg veit, að fleiri en jeg hafa fundið til þess, að það verður ekki nándarnærri fult gagn að starfi hagstofunnar, hvorki fyrir löggjafarvaldið eða stjórnarvöldin, ef skýrslurnar koma eigi örar út en þetta.

Þetta á við fleira en verslunarskýrslurnar einar. Stofnunin kemur alls ekki að notum, ef þessu fer fram. Nú mæla lögin svo fyrir, að forstöðumaður hagstofu Íslands skuli vera hagfræðingur, og hafi hann auk þess aðstoðarmann sjer við hlið, er hafi háskólapróf í hagfræði. Þessum ákvæðum hafði verið fullnægt. Aðstoðarmaður hafði verið skipaður þarna, sem var hagfræðingur, fyrir 7 árum síðan, en hann kom aldrei í hagstofuna til að vinna þar nokkur störf, en sinti ávalt annarlegum störfum. Jeg sá því, að ef það ætti að krefjast þess, að hagstofan gæti int þau störf af hendi, sem hún á að hafa með höndum, og sæmilega fljótt, var eigi annað að gera en að auka starfskraftana eða lengja vinnutímann, eða hvorttveggja. Nú stóð svo á, að til var hjer ungur hagfræðikandidat, sem tilleiðanlegur var að takast þessa stöðu á hendur. Jeg tjáði því þeim manni, sem veitingu hafði fyrir stöðunni, að annaðhvort yrði hann að segja henni af sjer eða taka til vinnu í hagstofunni, því að þótt þetta hefði staðið svona í full 7 ár, gæti það ekki liðist lengur. Kaus hann heldur að láta af starfanum, og varð það að góðu samkomulagi okkar í milli, að hann var leystur frá embættinu, en því slegið lausu til umsóknar. Það komu aðeins fram tvær umsóknir. Önnur frá þessum unga hagfræðingi, sem jeg nefndi, en hin frá manni, sem hafði verið settur til að gegna aðstoðarmannsstörfunum. Jeg var ekki í vafa um það, hvernig jeg ætti að veita þessa stöðu til þess að fá nýja og nýta vinnukrafta í hagstofuna; en hvað viðvíkur þeim manni, sem settur hafði verið og háttv. þm. Str. nafngreindi hjer í dag, Pjetri Zóphóníassyni, þá var honum tilkynt, að á starfi hans í hagstofunni yrði engin breyting gerð. Þessi maður hefir

alla tíð haft lögmælt byrjunarlaun aðstoðarmanns, 3500 kr. með verðstuðulsuppbót, og það er svo til ætlast, að hann haldi þeim áfram. Hjer er því ekkert tilefni til þess að vera óánægður vegna þessa starfsmanns, sem líka er alls góðs maklegur. En jafnframt þessari breytingu á starfsmannaliði hagstofunnar var vinnutíminn lengdur úr 5 stundum í 6 stundir á dag. Háttv. þm. Str. gat þess rjettilega, að fram hefði komið á síðasta þingi till. um lenging starfstímans í opinberum skrifstofum. Þetta hefir verið gert, og jeg veit ekki, hvað hv. þm. (TrÞ) meinar, er hann segir, að hjer hafi gerst tíðindi, er þverbrjóti þetta „princip". En jeg vil minna á tíðindi, sem gerst hafa hjer á þinginu, sem brjóta algerlega í bág við stefnu síðasta þings í þessu atriði. Og það verð jeg að segja, að ef lenging vinnutímans á aðeins að ná til manna í hagstofunni og skrifstofum stjórnarráðsins, þar sem stjórnarráðstöfun ein hefir komið á slíkri breytingu, og ekki víðar, þá á jeg fyrir mitt leyti bágt með að halda fram þeirri vinnutímalengingu, sem þegar hefir verið gerð. Hjer hefir nú verið felt í þessari hv. deild frv., sem fór fram á samskonar lengingu vinnutíma opinberra starfsmanna, og engu ósanngjarnari en þá, sem nú hefir gerð verið í stjórnarráðinu og hagstofunni, og í háttv. Ed. hefir annað frv. komið fram, sem gengur í líka átt, og er útlit fyrir, að það fari sömu leið. En fari svo, þá er ástæða til að segja, að gerst hafi tíðindi, sem þverbrjóti stefnu síðasta þings í þessu máli. Hitt er rjett, að bætt var við hagstofuna nýjum starfsmanni. Jeg verð nú að segja, að fyrir mjer lá málið þannig, að annaðhvort var að gera, að reyna að gera hagstofuna færa um að vinna það verk, sem henni var frá upphafi ætlað að vinna, en stöðugt hefir safnast fyrir hjá henni sökum ónógra starfskrafta, eða þá að koma með till. um að leggja hana niður þegar, beinlínis, og láta stjórnarráðsskrifstofurnar taka við verki hennar, eins og var áður en hagstofan var stofnuð. Mjer dettur ekki í hug að neita því, að þessi maður, sem er alkunnur og jeg get vel nefnt, Pjetur Zóphóníasson, sje sjerlega „meriteraður" maður og vandgert við hann, enda hefi jeg ekki ætlað að gera honum rangt til, og því fer fjarri, að honum hafi verið gert rangt til með þessari ráðstöfun. En ef hv. þm. Str. finnur hvöt hjá sjer til þess að tryggja starf hans betur en nú er, þá er honum hægur hjá að koma fram með frv. um breytingu á launalögunum, þess efnis, að bæta við öðrum aðstoðarmanni í hagstofuna. Enda er fullkomlega fyrirsjáanlegt, að þar þarf fleiri starfsmenn en lögin ákveða, til þess að hagstofan geti unnið sitt lögmælta starf. En í sambandi við þessa fjölgun manna í hagstofunni vil jeg minna þessa háttv. deild á það, að jeg hefi fækkað starfsmönnum í fjármálaráðuneytinu um einn, svo í raun og veru má líta svo á, að hjer hafi verið aukið við liðið þar, sem þess var brýnni þörf, en fækkað á öðrum stað, þar sem frekar mátti. En þó vil jeg ekki segja, að þessi fækkun í fjármálaráðuneytinu geti orðið til langrar frambúðar.

Þá kom háttv. þm. (TrÞ) að gengismálinu og bankavöxtum, og ákærði stjórnina fyrir festuleysi og fyrir það að hafa alt of mikið haldið í hönd með bönkunum. Síðan hlustaði jeg vandlega eftir því, hvað stjórnin hefði vanrækt að gera, og jeg verð að segja, að jeg varð ekki var við, að háttv. þm. kæmi með eitt einasta at-

riði, nema ef telja skyldi það, að sterlingspund hefði lækkað nokkrum mun hægara en rjett hefði verið. En út af þessu vil jeg benda háttv. þm. á það, að samkvæmt lögum frá í fyrra var sett nefnd, kölluð gengisnefnd, sem á að ákveða gengið, en stjórninni sem slíkri ber alls ekki að grípa fram í fyrir nefndinni, enda hefir hún ekki gert það. Hinsvegar er það nú viðurkent nokkurn veginn samhljóða af gengisnefndinni, eftir á, að gengi sterlingspunds hefði mátt lækka nokkru örar og fyr en varð. En það er ekki hægt að sjá alt fyrirfram. Og þá fyrst, er maður sjer alla afkomu síðasta árs, verður þetta ljóst. Nú er þetta atriði mjög bundið við verðlag afurðanna, einkum sjávarafurða. En reynsla hefir sýnt, að fiskverð er ekki hægt að sjá fyr en í júlí—ágúst og síldarverð ekki fyr en í ágúst—september. Það er því afsakanlegt, þó að hægt væri farið í það að fella pundið þangað til gera mátti með sæmilegum líkum áætlun um verð afurðanna seinni hluta ársins.

Jeg hefi lýst því í öðru sambandi, að í október síðastl. var gerð sjerstök ráðstöfun af hálfu stjórnarinnar til þess, að gengi útlends gjaldeyris gæti haldist eins og gengisnefndin vildi vera láta. Þá var gripið til þess óvenjulega úrræðis að gefa út allmikla seðlafúlgu til þess að vörur bænda yrðu ekki fyrir verðfalli sökum gengishækkunar.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú lýsti, verður ekki um það sagt nú, hvaða stefnu eigi að taka í þessu máli, svo vandasamt sem það er og víðtækt. En benda vil jeg á það, að eins og löggjöfin er nú, þá ber gengisnefnd að gera till. til ríkisstjórnarinnar um að festa eða hækka gengi íslensks gjaldeyris, og árið sem leið var lögð áhersla á að hækka gengið. Nú hefir gengisnefnd aðeins í einu tilfelli snúið sjer til stjórnarinnar. Það var á síðastliðnu hausti, er nefndin bað hana að senda út aðvörun til sveitarstjórna og sparisjóðsstjórna um að takmarka framkvæmdir og lántökur í því sambandi. En þá tekst ekki betur til en svo, að brjef þetta verður nú árásarefni á stjórnina, þó að hún gerði ekki annað en skýlausa skyldu sína. Háttv. þm. Str. nefndi brjef þetta íhaldsbrjefið og sagði, að með því hefði átt að banna bændum allar framkvæmdir. Það er ekki rjett, að brjef þetta hafi bannað mönnum framkvæmdir. En vel má kalla það íhaldsbrjef. Stjórnin gerði skyldu sína í því að senda brjefið út, og jeg er sannfærður um það, að rjett var að gefa mönnum slíka aðvörun, þó það hafi líklega víða verið óþarft, því að viðtakendur munu sjálfir hafa sjeð, að sú varfærni, sem brjefið heimtaði, var rjett og sjálfsögð.

Jeg geri ráð fyrir því, að allir sjeu sammála um það að hækka gengi ísl. kr., en um hitt munu skiftar skoðanir, hvort hana beri að hækka upp í gullverð. Jeg býst við því, að þetta þing verði, áður en það skilur, að láta í ljós, hvaða stefnu það telur æskilegasta í þessu máli. Bæði stjórnin og gengisnefnd munu æskja þess að hafa umsögn frá þinginu að styðjast við.

Háttv. þm. Str. mintist á bankavexti í sambandi við gengismálið. Jeg geri ráð fyrir því, að þessi háttv. deild hafi svo mikinn skilning á því atriði, að ekki sje þörf á að útlista það fyrir henni, að vextir verða að vera háir, ef hækka á verðgildi peninga. Skal jeg aðeins í þessu sambandi minna á það, að Englandsbanki hækkaði nýlega forvexti sína úr 4% upp í 5%, sem er stórt stökk þar í landi, og það er viðurkent, að þetta hafi eingöngu ver-

ið gert til þess að hjálpa pundinu að því marki, sem Englendingar hafa sett sjer: að koma því í gullverð. Og það er viðurkent af fjármálamönnum, að því marki verði ekki náð án forvaxtahækkunar. — Hvað snertir bankavexti í framtíðinni, þá er það að segja, að að því leyti sem þeir stjórnast af stefnu gengisins, þá er vitanlega mikið undir því komið, hvaða stefna verður tekin í því atriði. Ef það á að koma krónunni upp í gullverð, þá er óhjákvæmilegt að hafa háa vexti á meðan. Vextir okkar banka verða vitanlega mjög komnir undir því, hverjir eru vextir við þá banka í nágrannalöndunum, sem þeir hafa mest viðskifti við. Það er viðurkent, að háir vextir eru þung byrði á atvinnuvegunum. En það þýðir ekki að heimta neitt í þessu efni, sem er óeðlilegt og ástæður ekki leyfa. Það leiðir af sjer ofnotkun lánsfjár og endar í hruni, þegar næsta fjárkreppa skellur yfir. Hitt er sjálfsagt, að gert sje af hálfu hins opinbera alt, sem hægt er, til þess að venjulegir bankavextir verði sem lægstir. Og þegar háttv. þm. Str. er að átelja stjórnina í þessu máli, þá held jeg, að það stafi af því, að hann hafi ekki skilið til fulls ýmsar till. stjórnarinnar í þessa átt, er hún hefir lagt fyrir þetta þing. Skal jeg þar fyrst telja frv. um forsvaranlega skipun seðlabanka hjer á landi, en það er eitt skilyrði til þess, að hægt sje að hafa hemil á gengi pappírsgjaldeyrisins. Háttv. þm. Str. var að vitna til Dana og reynslu þeirra í þessu atriði. En jeg verð að segja það, að reynsla þeirra er ekki sjerlega glæsileg nje eftirbreytnisverð. Þó hygg jeg, að síðasta ráðstöfun þeirra, sú, að þjóðbankinn taki að sjer að halda uppi gengi seðlanna, sje skynsamleg, og líklegt, að með því hafi Danir ráðið fram úr sínum gengisvandræðum. Hjer stendur nú svo á, að ekki er til neinn þjóðbanki, sem hægt sje að gera sömu kröfur til og þjóðbanka Dana, en á því þarf að ráða bót. Þetta bið jeg hv. þm. (TrÞ) að athuga vel, þegar á að fara að taka afstöðu til frv. um Landsbankann í flokki hans. Íhaldsbrjefið var eitt af skilyrðunum til þess, að bankavextir gætu lækkað. Eitt höfuðskilyrði til þess er það, að lánsfjárnotkun sje ekki of mikil. Ef hún er óhófleg og meiri en efnaaukning landsmanna leyfir, þá þýðir það það, að ef bankarnir setja ekki upp vextina og halda í hemilinn með því að neita um lán, þá fara menn fram hjá bönkunum til þeirra manna, sem peninga eiga í bönkunum, og semja við þá um lán með hærri vöxtum. Þá er afleiðingin sú, að viðskifti, sem eðlilegt væri, að færu fram fyrir milligöngu bankanna, gerast án þeirra íhlutunar. Því verður að stuðla að því, að eftirspurn eftir lánsfje sje ekki meiri en getan til að fullnægja henni, ef menn vilja, að vextir sjeu lágir. Í þessu efni getur stjórnin ekki mikið gert. En hún hefir þó gert eitt, sem um munar og miklu varðar, ef framhald verður á, en það er að byrja á greiðslu lausaskulda ríkissjóðs, og hún leggur til, að því verði haldið áfram með nokkuð miklum hraða. Þetta er sterkur þáttur í þeirri viðleitni að stuðla að því, að fje sje fyrir hendi til þess að fullnægja eftirspurn eftir vel trygðum lánum, er verja á til skynsamlegrar notkunar. Með því er ruddur vegur til þess, að vextir geti lækkað. Hitt, að valdboðnir sjeu vextir, aðrir en ástandið útheimtir, er þýðingarlaust. Fyrst verður að skapa skilyrði fyrir því, að þeir geti lækkað, og þá fyrst er hægt að ganga eftir því, að vextir sjeu ekki hærri en þörf gerist. Þegar því hv. þm. (TrÞ) er að átelja stjórnina á þessum grundvelli, hlýtur það að

stafa af því, að honum sje ekki ljóst, hversu mjög till. stjórnarinnar ganga inn á þetta svið.

Háttv. þm. spurði, hvað stjórnin hefði framkvæmt í því að lækka vexti Íslandsbanka. Hann vill gera mögulegt að verjast því, að vextir sjeu hafðir svo háir til þess að vinna upp á þeim töp. Jeg vil benda háttv. þm. á það, að vextir Íslandsbanka eru ekki hærri en vextir Landsbankans, og hann hefir sagt í ársskýrslu sinni, að ástandið gæfi ekki tilefni til þess að lækka vextina.

Þá læt jeg útrætt um þetta og kem nú að því máli, sem hv. þm. (TrÞ) nefndi fyrst: Búnaðarlánadeildinni og öllu því máli um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Hann sagðist ekki hafa aðfinslur að gera við einstök atriði, heldur við svipinn á aðgerðum stjórnarinnar í þessu máli. Jeg verð nú að segja það, að hv. þm., sem líka er ritstjóri, hefir í blaði sínu málað nokkuð annan svip á afskifti stjórnarinnar af málinu en þann rjetta, og jeg trúi því vel, að honum líki ekki sá svipur, en á honum ber hann sjálfur ábyrgð, en stjórnin ekki.

Jeg skal nú minnast á einstök atriði í ræðu hv. þm. (TrÞ) þessu viðvíkjandi. Skal jeg þá minna á það, að lögin kveða svo á, að Búnaðarlánadeildin skuli taka til starfa 1. júlí 1924, og til þess að hún geti tekið til starfa, á stjórn Landsbankans að ákveða tryggingar fyrir lánunum með reglugerð, að fengnum till. Búnaðarfjelags Íslands. Þessum tveim aðiljum var ætlað að hjálpast að því að koma deildinni á fót. Jeg álít, að mjer hafi ekki borið skylda til þess að skifta mjer af málinu, með því að ráðuneytinu er ekki ætlað neitt starf við það að koma deildinni á fót.

21. okt. síðastl. kom fyrirspurn frá Búnaðarfjelaginu um það, hvenær deildin tæki til starfa, en nokkrum dögum áður hafði Búnaðarfjelagið sent stjórn Landsbankans þær till., sem lögin gera ráð fyrir. Þessi dráttur, frá 1. júlí til 21. okt., er á engan hátt stjórninni að kenna. Ef hann er einhverjum að kenna, þá er það stjórn Búnaðarfjelagsins, sem ábyrgð á að bera fyrir það, að hún kom ekki frá sjer till. sínum fyrir þann tíma, er Búnaðarlánadeildin átti að taka til starfa. Nú hefi jeg skýrt frá því við fyrri hluta þessarar umræðu, að þegar hjer var komið, stóð svo á, að það fór svo fjarri því, að Landsbankinn hefði fje til þess að stofna Búnaðarlánadeildina, að hann gat naumast gegnt þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að kaupa erl. gjaldeyri. Til þess að geta það varð stjórn bankans að koma tvisvar með viku millibili og beiðast leyfis til útgáfu meiri seðla. Þessu hefi jeg skýrt frá áður. Þessi aukna seðlaútgáfa hófst síðari hluta júlímánaðar, og var leyfð með því skilyrði, að þeir yrðu ekki notaðir til nýrra útlána.

En þegar svona stóð á, þá gat jeg ekki skipað bankanum að stofna Búnaðarlánadeildina, gat ekki sjeð, að það hefði neina þýðingu. Jeg gat það að vísu á pappírnum, — en hverjum hefði verið gagn að því?

Jeg leit einnig svo á, að skaðlaust væri að láta þetta standa fram yfir áramót, þangað til seðlaveltan minkaði og dregið hefði verið inn, svo að fært þætti að veita ný lán. Og þá var um leið undirbúningi þessa máls svo langt komið, að unt var að fá stjórn Landsbankans til þess að stofna þessa deild, ekki aðeins á pappírnum, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) segir, heldur í raun og veru. *(TrÞ:* Hafa lán verið veitt

úr deildinni?). Jeg hefi ekki kynt mjer það mál. Býst þó við því, ef lánsskjöl hafa verið í lagi. Því hefir stjórn Landsbankans lofað mjer.

Þá gerði háttv. þm. Str. að umtalsefni undirbúning stjórnarinnar undir endanleg úrslit þessa máls. Hann sagði, að þetta væri ekki annað en nýr veðdeildarflokkur. Það er að vísu rjett. En það er veðdeildarflokkur með sjerstökum ákvæðum og stofnaður í sjerstöku augnamiði. Hann sagði, að ræktunarsjóðurinn væri líka veðdeild. Og jeg hefi sagt honum það, sem mjer hefir altaf verið ljóst, og honum verður vonandi einhverntíma líka, að það er ekki hægt að fá fje til fasteignaveðlána eins og þeirra, sem hjer ræðir um, á annan hátt en með stofnun veðdeildar eða veðlánabanka, sem er eitt og hið sama. Þetta sá hann ekki í fyrra, en Búnaðarfjelagsnefndin sá það, og vænti jeg góðs af því fyrir framgang þessa máls.

Þá sagði háttv. þm. Str., að vextir væru óbærilega háir. Reykjavíkurbær hefði selt brjef með vöxtum nær 8% en 7%. Þetta er nú fyrir það fyrsta ekki satt, en ef menn biðja um lánsfje, þá verða þeir að greiða þá vexti, sem peningamarkaðurinn heimtar. Og þegar um þjóðþrifafyrirtæki er að ræða, er hugsunin sú, að reyna að sæta þeim lægstu kjörum, sem markaðurinn býður. Og það er einmitt gert í frv. stjórnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður taki ábyrgð á öllum lánum. Jeg er sannfærður um, að með þessu fyrirkomulagi fáist lægstu vaxtakjör, sem unt er. Og svo á einnig að vera.

Þá taldi hann það engan kost, að Búnaðarlánadeildin var stofnuð rjett fyrir þing. Jeg skal segja háttv. þm. Str. það, að þegar jeg hugleiddi málið í haust, þá gat jeg ekki sjeð, að það sakaði neitt, þótt þangað til væri dregið, en ef hún væri ekki stofnuð um miðjan vetur, þá þýddi það eins árs drátt, vegna þess, að þeir, sem taka vildu til framkvæmda í vor, ættu enga vissu um lán. Þetta, að gera engan drátt, sem hindrað gæti framkvæmdir, var aðalástæðan til þess, að jeg gekk í það umfram alla lagaskyldu að fá Landsbankann til þess að lofa lánum uns Ræktunarsjóður tæki til starfa.

Þá kvað hann togarakaupin ekki hafa orðið landinu til mikilla happa. En það er engin ástæða til þess að hindra þá, sem fje eiga, að leggja það í togara. Það hafa engin lán verið veitt til slíks, nema til þess að kaupa eitt skip til þess að hjálpa fjelagi, sem er í kröggum, til þess að vinna upp tap, sem annars hefði lent á Landsbankanum.

Þá sagði háttv. þm., að mikill skoðanamunur væri milli mín og sín. En eftir því, sem hann lýsir skoðun sinni, er svo ekki. Jeg er honum sammála um, að eitt mikilsverðasta viðfangsefnið sje að koma landbúnaðinum í svipað horf og hinum atvinnuveginum. Það er gott, að hann lýsi sinni skoðun og jeg minni. Og jeg vænti þess, að báðir verði teknir jafntrúanlegir.

Hann gat þess í byrjun, að hann væri talinn einn hinn grimmasti andstæðingur stjórnarinnar. Hann veit það náttúrlega best sjálfur. En jeg verð að segja það, að sú stjórn getur verið róleg á eldhúsdeginum, sem á ekki hættulegri andstæðing en þann, sem er henni mestmegnis sammála..

Hæstv. forsætisráðherra (JM) og háttv. þm. (TrÞ) eru báðir bannmenn. En það, sem hann fann hæstv. forsrh. helst til foráttu, var framkoma hans í bannmálinu. Hann hefir þó naumast gert meira í því máli en hæstv. forsrh. Hann fann

hæstv. atvrh. (MG) einkum til forráttu afskifti hans af innflutningshöftunum. Hæstv. atvrh. var þó talinn haftamaður á síðasta þingi, eins og háttv. þm. Str. Þegar til mín kemur, er það einkum landbúnaðarlánamálin, sem að er fundið. En þar veit jeg ekki annað en að við sjeum sammála. Mjer finst því stjórnin geta verið róleg, ef henni ber að skoða hv. þm. sem fulltrúa hinnar grimmustu andstöðu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð einkum að snúa máli mínu til háttv. þm. Str. (TrÞ), því að hann hefir nú sent mjer og hinum ráðherrunum ársreikninginn fyrir síðastl. ár. Það verður ekki sagt, að hann sje seinn með reikninginn, því að jeg held, að í gær hafi verið rjett ár síðan stjórnin tók við völdum. Jeg get verið fáorður, því að á þessum reikningi er lítið, sem snertir mig. Mjer dylst ekki, að heildarreikningurinn svarar ekki til smáreikninganna, sem háttv. þm. Str. hefir sent mjer í blaði sínu á árinu. En jeg finn ekkert að því. Það er mjer í hag.

Jeg ætla að svara hv. þm. í hógværum tón, eins og hann talaði sjálfur. Það, sem hann einkum færði mjer til gjalda, var Krossanesmálið og innflutningshöftin. Mjer skildist, að það hefði einkum hneykslað hann, að jeg leyfði mjer að greiða atkv. í Krossanesmálinu. En jeg verð að minna hann á það, að þó að jeg sje ráðherra, þá er jeg einnig þm. Skagf., og því hefi jeg rjett til þess að greiða atkvæði í hverju máli. Það er nú orðið ljóst, að í því máli hefi jeg ekkert gert annað en það, sem nú er viðurkent að hafa verið hið rjetta. Hann gaf það í skyn, að jeg hefði löggilt svikin síldarmál. En í öllum umræðunum hefir ekkert komið fram, sem rjettlæti þessi ummæli. Annars get jeg bent hv. þm. Str. (TrÞ) á það, að í fyrrakvöld greiddi hann sjálfur atkv. á móti því, að málið væri rannsakað eftir landslögum og málavöxtum.

Þá kem jeg að innflutningshöftunum. Hann segir, að framkvæmd þeirra hafi orðið nokkuð önnur en lofað var í fyrra. Jeg skal bæta því við, að hann færði þar fram sjálfur afsakanir fyrir mig og benti á, að í stjórninni væru auk mín tveir ráðherrar og árferði hefði verið gott.

Jeg vil nú taka það fram, að því, sem kann að vera ábótavant um framkvæmd innflutningshaftanna, ber jeg einn ábyrgð á. Hinir ráðherrarnir hafa látið mig algerlega sjálfráðan um framkvæmd þess máls. Þó skal þess getið, að hæstv. fjrh. lagði það til við mig í september síðastl. haust, af fjárhagslegum ástæðum, að leyfður yrði innflutningur tveggja vörutegunda (súkkulaði og öl), sem mikill tollur var á. Að öðru leyti hafa hinir ráðherrarnir ekkert látið þetta mál til sín taka.

Jeg skal viðurkenna það, að framkvæmdin hefir verið nokkuð önnur en búist var við í fyrra, og háttv. þm. benti sjálfur á ástæðuna. Árið hefir verið óvenjugott. Jeg held það láti nærri, að á þessu eina ári hafi þjóðin borgað hjer um bil ⅓ skulda sinna við útlönd, 20 milj. kr. af 60 milj. kr. Hver sem vill getur stungið hendinni í sinn eiginn barm, og hann verður að játa, að við þessu bjóst enginn á þingi í fyrra, og það liggur í hlutarins eðli, að til þess varð að taka tillit.

Mín aðstaða hefir æfinlega verið sú, að nota mætti höftin sem hemil, ef viðskiftin við útlönd eru óhagstæð.

Þess vegna var það, að þegar jeg bjó til frv. til laga um innflutningshöftin, þá var gert ráð fyrir, að stjórnin gæti slakað til um framkvæmd laganna og

hert á eftir ástæðum. Það hefir safnast svo mikið fje erlendis, sem við erum færir um að eiga þar. Við erum ekki sterkari á svelli en það, að við höfum ekki efni á að eiga meira en 10 milj. á lágum vöxtum erlendis.

Jeg bjóst við því á þingi í fyrra, að þegar dæmt yrði um framkvæmd innflutningshaftanna eftir ársreynslu, að aðfinslurnar yrðu miklu meiri. Jeg þakka mjer það ekki; jeg þakka það árferðinu. Jeg hefi orðið fyrir árásum á báðar hliðar, frá vinum haftanna fyrir lina framkvæmd og frá andstæðingum þeirra fyrir stranga framkvæmd haftanna. Þetta bendir til, að jeg hefi ratað hinn rjetta meðalveg, enda hefir hv. þm. Str. (TrÞ) sjálfur kveðið upp dóminn í nál. fjvn. Þar segir:

„Þetta ár voru líka innflutningshöft á ýmsum þeim vörum, sem tollurinn hvíldi á, og þó að nokkrar undanþágur hafi verið veittar á þessum vörum, þá er það þó víst, að ef engar hömlur verða á innflutningi árið 1926, sem nefndin gerir ráð fyrir, þá muni það stórmikið hækka tollinn".

Undir þetta nál. hefir hv. þm. (TrÞ) skrifað, og ef gert er ráð fyrir, að tollurinn stórvaxi við það, að höftin falli úr sögunni, þá hefir hann líka stórminkað við framkvæmd þeirra. Það er erfitt að sýna tölur í þessu máli, fyr en hagskýrslur koma. En jeg er sannfærður um, að þegar verslunarskýrslurnar koma, þá sýna þær, að innflutningur hefir verið heftur mikið.

Eitt dæmi get jeg þó nefnt um verkanir innflutningshaftanna, og það er tekjuliðurinn „annað aðflutningsgjald" 1924.

Allir háttv. þdm. vita, hvaða vörur heyra undir þennan lið, svo sem súkkulaði, kakaó, brjóstsykur. Sá tollur var 1922 um 126 þús. kr., 1923 um 112 þús. kr., en 1924 83600 kr., þrátt fyrir það, þótt tollur á þessum vörutegundum væri hækkaður um 25% 1. apríl f. á. Ef samskonar hækkun hefði verið alt árið og samskonar innflutningur og hin árin, þá hefði þessi tollur átt að vera 1924 140 þús. kr., í stað þess að hann varð rúm 80 þús. kr. Á þessum eina pósti munar því 60 þús. kr., og er það ekki svo lítil upphæð á ekki stærri lið. Jeg skil því ekki í öðru en að um 4—5 milj. kr. hafi sparast landinu við innflutningshöftin. Er jeg sannfærður um, að svo er, þótt jeg þori ekki alveg að fullyrða um upphæðina, en jeg get ekki ímyndað mjer, að hún sje minni.

Eitt atriði var það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) færði hæstv. fjrh. (JÞ) til synda, en ef rjett hefði verið, þá hefði hann átt að færa mjer það til synda; það voru sjúkratryggingarnar. Hann taldi þær nefskatt og ekki annað. En háttv. þm. má ekki gleyma því, að nefskattur er lagður á alla, jafnt fátæka sem ríka, til hjálpar þeim fátæku. Má hann ekki gleyma seinni partinum, ef hann vill ekki gefa ranga skýrslu um málið.

Jón Baldvinsson: Jeg var að efast um, hvort jeg ætti að taka til máls við þessa umr., hvort jeg ætti að hafa fyrir því að fara í eldhúsið. Það virðist hægt á hverjum tíma að finna að aðgerðum hæstv. stjórnar, og hefi jeg ekki þótst láta það liggja í láginni. En það er gott, að við þessa umr. er hægt að drepa á fleira en ella, er enginn er nauðbeygður til þess að halda sjer við eitt mál, en getur tekið ýms óskyld mál til meðferðar. Jeg

vildi því nú koma með nokkrar athugasemdir og fyrirspurnir til hæstv. stjórnar.

Sú fyrsta er út af þeim umr., sem orðið hafa bæði hjer og í blöðunum út af því, að hæstv. stjórn dró svo á langinn að stofna búnaðarlánadeildina, þrátt fyrir samþykt laganna 1924. Jeg ætla ekki að fara út í það, hvort það hafi verið heppilegt út af fyrir sig að ákveða, að búnaðarlánadeildin yrði stofnuð, eða hvort hún myndi koma landbændum að miklu gagni eða ekki, þótt jeg geri heldur ráð fyrir, að hún yrði þeim til liðs. En jeg ætla að ræða þá hlið málsins, sem veit að Alþingi og þjóðinni. Má ekki látið það ógetalið, þegar hæstv. stjórn ætlar að traðka vilja þingsins og hindra framkvæmd samþyktra laga. Það er algerlega að brjóta þjóðræðið. Hugsum oss, að hæstv. stjórn hefði haft meira ráðrúm, ef það hefði komist á, sem flokkur hennar virtist hafa á stefnuskrá sinni við kosningarnar, að fækkað væri þingum, þannig að þau yrðu aðeins haldin annaðhvert ár. Ef svo langt liði á milli þinga, mætti eftir þessu búast við, að ýmislegt öðruvísi yrði um ýmsar framkvæmdir en þingið ætlaðist til, ef íhaldsstjórn væri við völd. Því hún hefir nú sýnt það þetta ár, sem hún hefir með völdin farið, að henni er ekkert kappsmál að framkvæma vilja Alþingis, ef hann er henni á móti skapi. Það stóð ákaflega hörð barátta fyr, þegar þjóðin var að heimta yfirráðin yfir málunum, um það, hvort ráða ætti, þjóðin eða fámenn klíka. En þegar nú með almennum kosningarrjetti er búið að fá þjóðinni ráðin í hendur, þá koma menn á ný og vilja skjóta sjer undan að framkvæma vilja þjóðarinnar. Er slíkt óhafandi. Það mætti heimfæra fleiri mál til þessa en búnaðarlánadeildina, en hún er skýrasta dæmið um, hvernig hæstv. íhaldsstjórn traðkar á vilja Alþingis. Og þó hún væri sett á stofn viku fyr en þing kom saman í vetur, þá marka jeg það ekki mikið, því að jeg er þess fullviss, að ef sú óheillatill. hefði verið samþykt, að halda þing aðeins annaðhvert ár, þá hefði stofnun deildarinnar dregist í tvö ár. Í tvö ár hefði þá vilji þingsins verið hundsaður af hæstv. íhaldsstjórn. Benda mætti og á bannmálið. Hvernig hafa þau lög verið framkvæmd? Hefir ekki vilji þings og þjóðar líka sífeldlega verið hundsaður þar? En í þessu tilfelli um búnaðarlánadeildina er svo beinlínis gengið *á móti og brotin sú grundvallarregla* þingræðisins, að þingið setji lögin og stjórnin framkvæmi þau, að ekki er um annað að gera en að láta hæstv. stjórn fara tafarlaust, ef þingræðið á að haldast. Á slíku sem þessu hlýtur og á Alþingi að taka strangt.

Í þessu sambandi vil jeg minna á, að hæstv. íhaldsstjórn er ekki ein sek um þetta, heldur og fyrri stjórnir. Þær hafa trassað að framkvæma lögin um ríkisveðbankann, sem sett voru 1921. Sje jeg ekki betur en að hæstv. íhaldsstjórn fari þar að dæmi hinna fyrri stjórna; hún virðist ekkert kæra sig um að framkvæma þau lög, heldur reynir að koma sjer hjá því með ýmsum brögðum. Virðist mót á því, að hrúga eigi upp ýmsum smálánsstofnunum til að koma sjer hjá að framkvæma þessi lög. En það er að ganga alveg á snið við þjóðina og Alþingi.

Jeg vil minnast ofurlítið á annað merkilegt atriði, en það er gengi íslenskrar krónu, hvernig ráðstafanir hafa verið gerðar til að fella hana eða halda henni niðri. Menn færa sjer það helst til varnar í þessu máli, að krónan megi ekki

hækka of ört, því að gengissveiflurnar sjeu svo hættulegar. Má vera, að svo sje En er krónan fjell, var ekki talað svo mikið um, hve gengissveiflurnar væru hættulegar. Og þegar sterlingspundið hækkaði úr 28 kr. upp í 30 kr., og síðan á einum mánuði upp í 33 kr., þá var það ekki kallað stökk nje talið afarhættulegt. En þegar landsmenn afla svo mikið, að óhjákvæmilegt er, að krónan hækki í verði, þá fer hún mjög smástígandi og talað er um, að engar gengissveiflur megi verða. En þegar það var til óhags fyrir verkalýðinn, þá máttu sveiflurnar vera stórar. En verkalýðnum er gróði að því að krónan hækki sem mest. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú játað það fyrir Alþingi, að hæstv. stjórn hafi gert alveg sjerstakar ráðstafanir til þess að lággengið haldist, eða með öðrum orðum komið í veg fyrir, að verkalýðurinn nyti hagnaðar af góðærinu og þeirri verðlækkun, sem hlaut að koma, ef krónan hækkaði. Er það óverjandi, að maður í ráðherrasessi skuli koma með slíkar upplýsingar og stæra sig af þeim.

Þá kem jeg að íhlutun hæstv. íhaldsstjórnar um starfsemina í landinu. Kemur þar helst til greina brjef það, er hæstv. stjórn og bankarnir hafa sent út til stofnana og sveitarfjelaga, til þess að telja um fyrir þeim sparnað. Er mjer ekki vel kunnugt um, hvernig það hefir verkað almennt, en hjer í Reykjavík hefir það verkað á þá leið, að hæstv. íhaldsstjórn hefir með því komið í veg fyrir, að bæjarstjórn Reykjavíkur tæki skatt af íbúum bæjarins til þess að koma nauðsynjamáli í framkvæmd, því, að reisa nýjan barnaskóla. Sumpart með ógnunum og sumpart með fortölum við bæjarstjórn Reykjavíkur hefir hæstv. stjórn komið í veg fyrir að ná nauðsynlegum skatti af borgurunum, sjerstaklega stórgróðafjelögunum, þó að það væri vel hægt í góðærinu. En þetta er í samræmi við aðra stefnu hæstv. íhaldsstjórnar, sem vel kemur fram í frv. stjórnarinnar um tekjuskatt. Jeg efast ekki um, ef hæstv. stjórn situr áfram að hún muni bera fram frv. um, ef slæm ár koma, að undanþiggja stórgróðafjelögin alveg skatti, en ef góðæri verður, að lækka þá enn meira skatt þeirra.

Þá kem jeg að þriðja málinu, sem jeg ætlaði að minnast á, en það eru innflutningshöftin. Þar hefi jeg dálitla sjerstöðu, því að afstaða mín hefir verið sú á undanförnum þingum, að jeg hefi ekki talið rjett að afhenda stjórninni lög um að takmarka innflutning. Og á síðasta þingi taldi jeg slík lög alveg ófær. Raunar eru þau sjerstaklega ill fyrir stjórn, sem vill hlynna að kaupmannastjettinni. Þau eru alveg tilvalin fyrir stjórn, sem vill vera hlutdræg í að veita innflutningsleyfi. Og eins og jeg bjóst við, hefir framkvæmd þessara laga verið eitt samanhangandi hneyksli. Og þó að stjórnin hefði viljað vera nokkurveginn sanngjörn, er það varla hægt, eins og lögin eru úr garði gerð. Margir hafa orðið að leita til atvinnumáladeildar stjórnarráðsins til þess að fá undanþágur frá lögunum, en þær undanþágur hafa verið nokkuð misjafnar. Jeg veit til þess, að það, sem ekki var talið hægt að veita í maí, var veitt hverjum sem vildi í júlí. *(Atvrh. MG:* Það er eðlilegt). Ekki virðist mjer það eðlilegt, að svo fljótt skipist um, og slíkt hlýtur altaf að koma ranglátlega niður og valda óánægju. En það var næstum því við öðru að búast en svona myndi fara; lögin liggja öll undir úrskurði stjórnarráðsins, og fer þá mest eftir því, hve menn eru ýtnir; eftir því gengur þeim.

Þá vil jeg koma með fáar fyrirspurnir

til hæstv. ráðherra. Að líkindum á jeg að snúa mjer til hæstv. fjrh. (JÞ) með þá fyrstu, en hún er sú, sem æðimikið hefir verið rætt um, hvaða tekjuskatt Krossanesverksmiðjan hafi greitt 1924 af tekjum ársins 1923. Sje jeg af norðanblöðum, að miklar deilur hafa um þetta staðið. Haldið er fram, að verksmiðjan hafi greitt skatt af 125 þús. kr. tekjum, en hinsvegar er það fullyrt, að tekjurnar hafi að minsta kosti orðið 750 þús. kr., ef ekki á aðra miljón. Jeg býst við, að hæstv. fjrh. (JÞ) geti ef til vill ekki svarað þessu nú þegar, en jeg skil ekki í öðru en að hann hafi heyrt eitthvað um það og geti í væntanlegu fundarhljei aflað sjer nægilegra upplýsinga til að svara þessari fyrirspurn minni. Mætti það merkilegt heita, ef það sýndi sig eftir alt saman, að auk alls annars hefði framtal verksmiðjunnar ekki verið rjett. Jeg kem með þetta af því að það er svo mikið umtalað. Er ilt, ef verksmiðjan er höfð hjer fyrir rangri sök; nóg er nú samt. En hinsvegar er það stórt fjárspursmál fyrir ríkissjóð, ef ekki er greiddur skattur nema af 125 þús. kr. í stað 750 þús. kr.

Þá vil jeg víkja að hæstv. atvrh. (MG). Svo er mál með vexti, að hæstv. stjórn mun sem að undanförnu hafa keypt kol handa stofnunum landsins. Þegar stjórnir hafa gert þetta áður, hefir verið óánægja út af, að gengið hefir verið framhjá Landsversluninni, en einstakir kaupmenn látnir selja kolin. En jeg ætla ekki að víta hæstv. stjórn sjerstaklega fyrir þetta, þótt eðlilegast sje, að um slíkt sje leitað til Landsverslunarinnar. Á síðastl. sumri var og að tilhlutun stjórnarinnar keyptur kolafarmur handa stofnunum ríkisins. En þegar skipið kom til Hafnarfjarðar með kolin, sem ætluð voru Vífilsstaðahælinu, þá neitaði hælið að taka við kolunum, taldi þau svo ljeleg, að þau væru óhæf til notkunar. Síðan mun afgangur farmsins hafa farið til Reykjavíkur, og var mikið um það rætt, hve stjórnin hefði gert ljeleg kaup. Enda verður það að teljast óforsvaranlegt, að stjórnin láti þannig blekkja sig í viðskiftum, að hún lætur selja sjer óþverra, eins og orð leikur á með þessi kol. Er sagt, að þau hafi verið svo ill, að landsstofnanirnar hafi ekki treyst sjer til þess að nota þau.

Nú vil jeg biðja hæstv. atvrh. (MG) að upplýsa, hvað kolin hafi kostað og hvernig hæstv. stjórn hafi losað sig við þau. (*Atvrh. MG:* Þeim var brent). Svo! Það var þó altalað, er farmurinn kom, að kolin væru ónothæfur salli. Nú, en ef hæstv. stjórn getur hreinsað sig af þeim orðrómi og sýnt fram á, að hún hafi gert góð kaup, er hún auðvitað ekki ámælisverð fyrir þetta. En ef þetta hefir farið í handaskolum, og sjerstaklega ef kolin hafa verið ljeleg eða alls ekki nothæf, þá er hæstv. stjórn aftur á móti ámælisverð.

En því undarlegra er, að svona nokkuð skuli koma fyrir ár eftir ár, þar sem stjórnirnar hafa stofnun við hendina, sem gefið getur upplýsingar og veitt aðstoð við þessi kaup, en sú stofnun er Landsverslunin, sem í mörg ár hefir verslað með kol. Jeg verð að ámæla hæstv. landsstjórn fyrir það að ganga framhjá Landsverslun í þessu máli.

Það er margt, sem til mætti telja, en jeg skal ekki að sinni fara lengra. Skal að lokum draga saman það, sem mjer finst einkum einkenna stjórnina. En fyrst ætla jeg að skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), að hann neitaði að svara einni fyrirspurn frá mjer, þegar Krossanesmálið var á ferðinni. Jeg veit ekki, hvort hann er betur við því búinn að svara henni nú. (*Atvrh. MG:* Það heyrir ekki undir mig).

Já, einmitt það. Það er vandratað um þetta ráðherra-völundarhús, þar sem hver vísar frá sjer og segir: „Jeg er ekki dómsmálaráðherra", „jeg er ekki fjármálaráðherra" o. s. frv. Jeg þarf annars ekki að vera að elta uppi neinn sjerstakan mann. Jeg leyfi mjer þá bara að spyrja hæstv. stjórn, hvaða refsingu Krossanesmaðurinn hefir fengið fyrir að flytja inn í óleyfi vogirnar frægu og fyrir að flytja inn fleiri verkamenn en honum var leyft og fyrir að tilkynna slíkt eigi hjá lögreglustjóranum á Akureyri. Það, sem jeg að lokum vildi draga saman um hæstv. stjórn, er framkoma hennar á þessu þingi. Fyr hefir hún ekki haft tækifæri til að sýna stefnu sína. Nú sýnir hún stefnuna með frumvörpum þeim, sem hún leggur fyrir þingið. 1923 hafði íhaldsliðið, sem þá hjet raunar ekki Íhaldsflokkur, á stefnuskrá sinni að gæta sparnaðar á þjóðarbúinu, og sjerstaklega átti að fækka sem mest opinberum starfsmönnum. Jeg sje nú ekki betur en að hæstv. stjórn gangi algerlega á snið við þetta. Hún leggur hjer fram tvö frumvörp um stofnun nýrra embætta, auk þess sem fleiri eða færri stöður munu vera á uppsiglingu í fjárlögunum. Jeg er ekki að átelja hæstv. stjórn fyrir þetta, vil aðeins benda á, hvernig hún gengur á snið við það, sem flokksmenn hennar sögðu, þegar þeir voru að blekkja kjósendur til þess að kjósa sig á þing. Nú virðist hæstv. stjórn vilja láta stimpla sig sem stjórn fárra efnamanna. Það sýnir tekjuskattsfrumvarpið, hækkun sóknargjalda og nefskattar ýmsir, og síðast en ekki síst frv. um ríkislögreglu. Hún vildi, ef hún hefði vald til, samþykkja ýms þvingunarlög á Alþingi og stofna síðan lögreglu til þess að halda uppi þeim ranglátu lögum. Um sumt, sem er til miska hinum vinnandi lýð, er Framsóknarflokkurinn henni samsekur, t. d. um verðtollinn frá síðasta þingi.

Jeg endurtek það að lokum, að með öllu framferði sínu hefir stjórnin sýnt, að hún er regluleg stjettarstjórn fárra manna. Ljósast vitni þess er tekjuskattsfrumvarpið og frv. um ríkislögreglu.

Klemens Jónsson: Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) beindi nokkrum orðum til mín, sem jeg átti alls ekki von á, en finn ástæðu til að svara. Jeg hjelt, að háttv. þm. mundi láta sjer nægja að áfellast núverandi hæstv. stjórn á þessum eldhúsdegi, þó ekki færi hann að víkja ásökunum til stjórnar, sem setið hefir áður. Hann sagði, að núverandi stjórn hefði fylgt vondu dæmi fyrv. stjórnar að kaupa kol utan Landsverslunar. Hv. þm. talaði um þetta fyrir tveim árum, og hrakti jeg þá ummæli hans svo, að hann gat ekki mótmælt.

Jeg skal geta þess, að á þingi 1922 var mikið talað um Landsverslun, og var þá gengið út frá því, að hún verslaði ekki með fleiri vörur en hún hafði þá, nefnilega steinolíu og tóbak, og það var skýlaus vilji þingsins, að hún verslaði ekki með kol. Jeg tók þá fram á þingi, og lofaði því, að jeg mundi ekki bæta við fleiri vörutegundum, nema ef það sýndi sig, að einhverja vöru ætti að fara að einoka. Hygg jeg, að margir hv. þingmenn muni þetta. Því gat ekki komið til mála, að jeg sneri mjer til Landsverslunar. Nei. Jeg gerði annað. Jeg hafði undirboð og tók lægsta tilboði, og *það reyndist mjög rc*[1]. Ýmsar stofnanir höfðu beinlínis orð á, að betri kol hefðu þær aldrei fengið, og þau voru líka óvenjulega ódýr. Það var því jafnástæðulaust af háttv. 2. þm. Reykv. nú að ásaka mig fyrir þessi kolakaup eins og það var fyrir tveimur árum.

Mjer fanst rjett að taka þetta fram, til þess að liggja ekki undir jafnástæðulausum áburði og þessum. Annars ætla jeg ekki að skifta mjer neitt af þeim umræðum, sem fram fara hjer í dag.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. mars, var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 203, 195, 204).

Halldór Stefánsson: Það er gamall og góður siður að taka nokkra stund við framhald 1. umr. fjárlaganna til þess að minnast ofurlítið á stjórnarframkvæmdir á liðnu ári, og þá sjerstaklega með tilliti til þess, sem hefir þótt miður fara. Það stendur svo sjerstaklega á við þessar svokölluðu eldhúsdagsumr., að ekki er tækifæri til þess með atkvgr. að umr. lokinni að sýna afstöðu sína gagnvart því umræðuefni, sem fyrir liggur, þ. e. stjórnarframkvæmdinni á liðna árinu, því að jeg tel það ekki þar til, þótt atkv. sjeu um það greidd, hvort fjárlögin skuli ganga til 2. umr. Af þessu leiðir, að algerð þögn kynni að vera skoðuð sem samþykki á gerðum hæstv. stjórnar. Þetta er það, sem kemur mjer til að koma snöggvast í eldhúsið og líta í eldhússpegilinn og gera grein fyrir, hvað jeg þykist sjá þar, ef aðrir kynnu að geta sjeð það sama.

Þegar jeg þá lít yfir stjórnarframkvæmdirnar á liðnu ári, finst mjer þar ýmislegt athugavert, og ætla jeg, í stuttu máli aðeins, að gera grein fyrir því, þar sem ýmsir aðrir hafa lýst því nokkuð, en jeg vil komast svo sem hægt er hjá endurtekningum.

Fyrsta einkunnin, sem jeg vil gefa hæstv. stjórn, er sú, að mjer virðist hún hafa verið veik og ístöðulítil gagnvart hagsmunakröfum aðalstuðningsmanna sinna. Því til sönnunar vil jeg þá fyrst vísa til þeirrar stefnu, sem fram hefir komið í stjórnarfrv. Hefir henni verið lýst nokkuð áður af öðrum háttv. þm., og skal jeg því ekki fjölyrða um það, en láta nægja að vísa til þess, sem þeir hafa sagt.

Þá vil jeg nefna til framkvæmdina á innflutningshöftunum. Menn muna, að á þinginu í fyrra voru allflestir sammála um, að nauðsyn bæri til þess að beita innflutningshöftum meira en áður hafði verið gert. Um þetta voru ekki mjög skiftar skoðanir, enda þótt það væri ekki einróma álit manna. En svo skiftust skoðanirnar um það, hverjar leiðir skyldi fara að markinu. Jeg og fleiri lögðu til, að framkvæmdirnar yrðu þannig, að sett væru sjerstök lög um höftin, svo að þau væru föst og óhreyfanleg, en stjórnin vildi hafa öll ráð yfir framkvæmdunum, og að líkindum til þess að geta safnað fylgismönnum undir sína vængi lofaði hún, að höftunum skyldi verða beitt stranglega og ósleitilega. Við, sem fylgdum því fram, að sjerstök lög væru sett, þóttumst færa góð rök fyrir okkar máli og bentum á það, að stuðningsmönnum stjórnarinnar mundi vera höftin ógeðfeld og þeir mundu vilja fá undanþágu, enda sýndi reynslan, að slík höft kæmu að litlu liði. Við skildum hina erfiðu aðstöðu stjórnarinnar, að standa á móti kröfum sinna manna. Einn fyndinn maður lýsti aðstöðu hennar þannig, að hún væri því líkust, sem hún ætti að standa á Dettifossbrúninni. Spádómurinn rættist; stjórnin reyndist ekki fær um að framkvæma höftin, svo að verulegu gagni kæmi. Mjer virðist hún hafa lent í fossinum.

Það var ekki liðið langt á sumarið,

þegar það var orðin almenn vitneskja, að höftin væru illa framkvæmd að flestu leyti. Það var altalað úti um land, að tiltölulega litlar hindranir væru á innflutningi. Flestir fengu það, sem þeir vildu, annaðhvort vegna ístöðuleysis stjórnarinnar eða þeirra eigin kænsku. Margir báðu um helmingi meira en þeir vildu fá. Þeir fengu svo helminginn af því, sem þeir báðu um, eða með öðrum orðum alt, sem þeir vildu. Aðrir báðu aðeins um það, sem þeir vildu, og fengu helminginn. Þetta leiddi til misrjettis. Mjer er óhætt að fullyrða, að þar, sem jeg þekki almenningsálitið úti um landið, gengur það almennt í þá átt, að framkvæmdirnar hafi mistekist og að höftin hafi verið eintómt kák, og jafnvel verri en ekkert, þar sem þau hafa leitt til misrjettis á milli innflytjenda, bæði af þessum ástæðum og öðrum, sem jeg hirði ekki að nefna.

Önnur einkunnin, sem jeg gef hæstv. stjórn, er sú, að hún hafi verið óskörulegt sem framkvæmdarvald. Því til stuðnings læt jeg nægja að minna á framkvæmdaleysi hæstv. stjórnar í Krossanesmálinu, en mun þó ekki fjölyrða um það, — það er svo þrautrætt áður, — heldur aðeins vísa til þess, sem þegar hefir verið sagt um það mál. Þá skal jeg, þessum dómi til stuðnings, minna á framkvæmdaleysi hæstv. stjórnar á lögunum um búnaðarlánadeildina. Hún var satt að segja lítið úrræði til að bæta úr lánsþörf landbúnaðarins, þar sem þetta er ekki öllu meira fje en eitt togarafjelag þarf á ári hverju til rekstrarfjár, en því vesalla er af stjórninni að láta ekkert verða úr verklegum framkvæmdum laganna. Því hefir verið borið við, að staðið hafi á afgreiðslu frá Búnaðarfjelaginu, en þá var það líka skylda stjórnarinnar að sjá um, að Búnaðarfjelagið gerði sína skyldu.

Þriðji dómurinn, sem jeg vil kveða upp yfir hæstv. stjórn, er sá, að hún hefir verið óhlífin við almenningshag og skilningslítil á þarfir almennings. Jeg vil því til stuðnings vísa til þess, sem jeg er áður búinn að nefna, sem sje búnaðarlánadeildina og Krossanesmálið. Það lýsir ekki miklum skilningi á hag almennings, að láta engar framkvæmdir verða af þeirri litlu úrlausn, sem fengin var í fyrra með búnaðarlánadeildinni, nje framkvæmdaleysið í Krossanesmálinu um að vernda hagsmuni framleiðenda gegn erlendri ásælni.

Þá vil jeg ennfremur nefna það, að almennar kvartanir hafa komið fram um það, að úrskurðir hæstv. stjórnar um tollskyldu vara eftir verðtollslögunum væru bæði óhlífnir og einhliða, að því leyti, að meira væri litið á þörf ríkissjóðs en það, sem eðlilegast væri eftir anda laganna og til hagsmuna fyrir einstaklinga þjóðarinnar. Verðtollslögin voru heldur ófullkomlega bygð, þegar þau voru samþykt; það þurfti að síma þau til staðfestingar, svo að þau gætu komið fljótt til framkvæmdar. Þau voru þess vegna bygð á vörutollslögunum, til þess að þau gætu verið sem styst. Það var hugsun þingsins, að undan verðtolli slyppu þær vörur, sem væru brýnar þurftarvörur eða gengju beint til framleiðslunnar. Vegna alls þessa mætti ætla, að hæstv. stjórn úrskurðaði frekar eftir anda en bókstaf laganna um tollskyldu einstakra vara, en á því hefir þótt verða misbrestur.

Loks er ein einkunn, sem jeg á eftir að nefna, hvað mjer virðist hæstv. stjórn vera tómlát um virðingu sína, og vil jeg því til stuðnings vísa til Krossanesmáls-

ins. Eftir að það var komið í ljós, að viðkomandi verksmiðja var tortrygð um að nota röng mál, en það eitt kalla jeg röng mál, ef þau taka annað en þau eru sögð taka, og eftir að vitneskja kom um það, að íslenskir menn, þar á meðal stjórnin, hafa orðið að umtalsefni í Noregi út af þessu máli og hallað hefir verið á þá þar, og þegar það kom í ljós, að stjórninni er ekki svo ant um virðingu sína, að hún vilji láta rannsaka þetta mál, eftir þær umræður, sem hjer hafa farið fram, til þess að eiga þess kost að hreinsa sig af öllum ásökunum, þá virðist það benda á tómlæti hennar fyrir virðingu sinni. En hinsvegar tekur hæstv. stjórn fegins hendi áskorun á sjálfa sig um að gera það eitt, sem engin stjórn getur komist hjá að telja skyldu sína.

Jeg hefi farið stutt yfir söguna, af því að búið er að ræða þessi málsatriði svo ítarlega áður, og hefi látið mjer nægja að vísa að miklu leyti til þess, til þess að forðast sem mest endurtekningar.

Tryggvi Þórhallsson: Því hefir verið haldið fram, að það væri vandlifað fyrir þá menn, sem við stjórnmál fást. Og jeg verð að segja það, án þess að jeg sje að kvarta undan því, að mjer þykir vera vandlifað fyrir þingmann Strandamanna upp á síðkastið. Fyrir skemstu var hann í blöðum Íhaldsins útbásúnaður sem blóðrauður bolseviki, og það meira að segja verri en hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og helst á við Ólaf Friðriksson. *(Atvrh. MG:* Það var bóndi úr Strandasýslu, sem skrifaði greinina). Veit hæstv. ráðherra það? *(Atvrh. MG:* Það stóð undir). Jeg veit, að það var ekki bóndi úr Strandasýslu, sem skrifaði greinina.

Á föstudaginn var bar jeg svo fram tillögu um, að rannsóknarnefnd væri skipuð í Krossanesmálinu. Þá sagði hæstv. atvrh., að refur væri bak við eyrað á þingmanni Strandamanna. Þetta hvorttveggja læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja. En þegar jeg hóf eldhúsverkin í gær, tók hæstv. stjórn það svo, og þá einkum hæstv. fjrh. (JÞ), að við værum alveg sammála og jeg væri víst nærri því orðinn íhaldsmaður. Þetta var nokkuð seint í ræðu hæstv. fjrh., eða að minsta kosti hefi jeg verið farinn að dotta, því að jeg hrökk upp. Hvaðan gat sú reginákæra komið? Jeg fór að leita að ráðningu á þessu, og þóttist jeg finna hana í ummælum hæstv. forsrh. (JM) út af yfirheyrslunum í Marianmálinu. Hann kendi mjer þá nýja siðfræði, sem var mjer algerlega ókunn áður. Hann sagði nefnilega, að það væri ekkert sjerstakt, að menn mættu segja ósatt í yfirheyrslum fyrir rjetti, heldur væri það nærri ófrávíkjanleg regla, að þeir segðu það eitt, sem þeim gott þætti og best kæmi heim við þeirra málstað.

Jeg fór að hugsa um þennan „moral". Mjer fanst jeg finna þar ef til vill lausnina á þessari gátu. Því mjer finst það ekki fjarstæð samlíking, að á eldhúsdeginum sjeu það þingmenn, sem hafi rjett til að setja sig í dómarasess, og sitja þá ráðherrar sem hinir ákærðu. Þá fari fram yfirheyrsla af hálfu þingsins. Við fyrstu yfirheyrslu, sem fram fór af minni hálfu, sýndu allir hæstv. ráðherrar mjer þann sóma að standa upp. Hæstv. forsrh. (JM) kom þá með þennan „moral", sem á að gilda við fyrstu yfirheyrslu. Jeg ætla ekki að varpa fram neinni spurningu um það, en mjer skilst, að af orðum hans leiði það beinlínis, að það sje fullkomlega leyfilegt að haga sjer eins og þeim gott þykir við fyrstu yfirheyrslu. Frá þessu sjónarmiði sjeð skal jeg játa, að mjer varð hughægra, er jeg hafði velt þessu

fyrir mjer, einkanlega út af þeim ummælum hæstv. fjrh. (JÞ) í minn garð, að ráðherrarnir væru svo ákaflega sammála mjer og jeg væri að verða íhaldsmaður. Annars kom mjer þessi aðferð hæstv. ráðherra, sem sjerstaklega hæstv. fjrh. vildi beita, um samrými skoðana okkar, alls ekki ókunnuglega fyrir, því að jeg veit vel um það, að í mörgum kjördæmum var við síðustu kosningar sá leikur leikinn, að frambjóðendur „Borgaraflokksins" sem þá var kallaður, — hann var ekki búinn þá að fá hið göfuga nafn „Íhaldsflokkur", — þeir þóttust vera svo innilega sammála okkur Framsóknarmönnum. Það þótti eitthvað líklegra til sigurs að vilja vera á yfirborðinu okkur sem mest sammála í orði. Jeg get svo vel botnað þennan inngang minn með því að segja, að jeg varð rólegur út af ummælum hæstv. fjrh. (JÞ) sjerstaklega, og get haldið áfram á sama grundvelli, með því að menn þekkjast og dæmast ekki eftir orðum, heldur ávöxtum. Get jeg meira mark tekið á verkum hæstv. stjórnar, og þó orð mín hafi haft svo mikil áhrif á hæstv. fjrh., að hann hafi orðið mjer sammála, vil jeg ekki telja það víst, að það komi fram í verkum af hans hálfu.

Þá skal lokið þessum inngangi og vikið að einstökum atriðum, sem hæstv ráðherrar beindu til mín út af minni fyrstu ræðu, og hafa þann gang að fara nú öfuga leið frá því sem í gær, og byrja á hæstv. forsrh. (JM). Jeg þarf ekki mikið við hann að tala, enda var ekkert í hans ummælum, sem kom mjer til að hrökkva við. Við hann var jeg að tala um löggæslu yfirleitt og gæslu bannlaganna sjerstaklega, og þar ber okkur mikið á milli. Jeg er ákaflega óánægður bæði með Maríanmálið og framkvæmdir á eftirliti með bannlögunum. En hæstv. ráðh. (JM) þvert á móti segist álíta meðferð þess máls alveg aðdáanlega. Þau sannfærðu mig ekki hans orð um það. Jeg er jafnóánægður eftir sem áður. Og jeg get sagt það og fullyrt, að það er ekki rjett, sem hæstv. forsrh. sagði, að bannmenn væru yfirleitt ánægðir með rekstur málsins. Jeg hygg, að jeg hafi ekki talað við færri bannmenn en hæstv. forsrh., og undantekningarlaust hafa þeir allir verið mjög óánægðir. Það skilur okkur hæstv. forsrh., að jeg, þó miklu yngri maður sje, er miklu tortryggari í þessu máli heldur en hann, á yfirborðinu að minsta kosti.

Jeg hefi vikið að þessum „moral", að sakborningur megi segja hvað sem honum þóknast við fyrstu yfirheyrslu, og jeg verð að játa, að jeg geng ekki inn á þær „moral"-kenningar. Jeg tortryggi áfram þá menn, sem segja ósatt og halda áfram að segja ósatt. Þegar skipstjórinn er tvívegis staðinn að ósannindum og allir skipverjar, þá liggur ekki nærri að hugsa svo, að það þriðja, sem þeir koma með, sje heilagur sannleikur. Jeg trúi því ekki, þegar ekki nema 66 dunkar af þessum 1100 hafa komið fram, að öllu hinu hafi verið kastað í sjóinn. Hæstv. forsrh. gaf þá skýringu, að það hefði verið samkomulag milli skipstjóra og skipverja að neita öllu í upphafi. Hafi þeir komið sjer saman um það, hví gátu þeir ekki gert samkomulag um fleira? Þeir gátu eins komið sjer saman um næstu ósannindi. Hæstv. forsrh. vildi segja, að framburður skipverja um mótorbátinn væri afarsennilegur; en jeg segi, að þar gat líka verið samkomulag um ósannindi. Úr því það er sannað, að það var samkomulag áður um að segja ósatt, þá er líklegt, að þeir geri það og á næsta stigi.

Jeg skal ekki deila við hæstv. forsrh. um það lagaatriði, hvort íslensk yfirvöld hefðu getað náð í Kattrup, þegar hann var á leið hjeðan með skipi. Jeg skal játa, að jeg er ekki nógu lögfróður til að rökræða það. Hann var farinn frá Íslandi og ekki kominn til Færeyja, og ef ekki var hægt að ná í hann, þá segi jeg, að lögum okkar þarf að breyta, fá samkomulag við sambandsþjóð okkar. Nýlega las jeg það í útlendum blöðum, að eitt frægasta skáld Spánverja hefði verið yfirheyrt í Frakklandi fyrir orð, sem fallið hafa úr hans penna um háttstandandi menn á Spáni. Danir hafa líka fengið seka menn senda heim frá útlöndum. Hvort þetta vald nær aðeins til þegnanna, skal jeg ekki fullyrða, en hitt álít jeg, að ef ekki var hægt að ná til þessa manns, þá er þarna um atriði að ræða, sem þarf að bæta úr. Þykir mjer mjög ósennilegt, að samkomulag fáist ekki við sambandsþjóð okkar um þetta. Þetta er svo háðulegt, að hálfum öðrum sólarhring áður en skipið kemur hingað inn, sleppur maðurinn úr greipum íslenskra yfirvalda, maðurinn, sem útlit var fyrir, að ætti alt vínið. Sá getur gefið íslenskum yfirvöldum langt nef.

Jeg kem aftur að því merkilega atriði, að hæstv. forsrh. með sinni löngu lífsreynslu er svo fús til að trúa, en jeg er tortryggari, og þó yngri maður. Honum þykir það beinlínis sennilegt, að áfengið hafi verið afhent þessum mótorbát alveg skilríkjalaust. Það er undarlegt, hverju menn geta fengið sig til þess að trúa, ef þeir vilja endilega trúa. Mjer er ekki kunnugt um vínverð, en jeg skil ekki annað en heill bátsfarmur af „sprútti" sje mikils virði, og mun hann varla hafa verið afhentur alveg skilríkjalaust. Hæstv. forsrh. taldi líklegt, að skipverjar hefðu verið í vandræðum og ekki vitað, hvað gera skyldi. Fyrir mitt leyti hugsa jeg, að til slíkra ferða, að fara smyglunarferð frá Þýskalandi til Íslands, sjeu ekki valdir kjarklausir menn og úrræðalausir. Þó þeir væru búnir að brjóta sóttvarnarlögin, þá munu þeir varla hafa gugnað og gefist upp við að koma víninu á land, og fylt bát, sem bar að, alveg skilríkjalaust. Mjer þykir það ákaflega merkilegt, að hæstv. forsrh. með sína löngu lífsreynslu að baki sem lögfræðingur og bæjarfógeti í Reykjavík um mörg ár, að hann geti trúað þessu. Það er grátbroslegt.

Jeg vík í þessu sambandi að öðru atriði, sem kemur hjer ekki við beinlínis, en er mjög eftirtektarvert. Hæstv. forsrh. afneitaði mjög greinilega þessum strandvarnabát þarna suðurfrá. Fanst mjer hann vilja láta líta svo út, að ekki megi kalla hann lögreglu í neinni mynd. Jeg man ekki, hvað hann taldi upp margar stofnanir, sýslunefnd, hreppsnefnd og stjórn a. m. k., sem hefðu ekkert með hann að gera. Úr landsins kassa var honum þó borgaður styrkur til þess að hafa strandvarnir á hendi. Ef allar þessar opinberu stofnanir hafa ekkert haft með bátinn að gera, virðist mjer ábyrgðin færast yfir á hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem hann hefir látið greiða styrk til bátsins. Því jeg geri ekki ráð fyrir, að ríkisfjehirðir afhendi svona mikið verðmæti skilríkjalaust. Þá færi að verða eitthvað athugavert við meðferðina á ríkissjóði, ef enginn ber ábyrgð á því, hvers vegna báturinn hefir fengið styrk.

Jeg fer ekki frekar út í málið. En jeg er jafnóánægður og áður. Skýringar hæstv. forsrh. hafa ekki fært mjer heim sanninn um neitt. Jeg verð að segja, að jeg

skil alls ekki þá trúgirni og þá nærri því að segja barnalegu einfeldni, sem mjer finst skína frá ummælum hæstv. forsrh. um þetta mál. Jeg held, að þess verði nálega um aldir minst, hvernig þessum þýska manni hefir tekist að gefa þeirri íslensku lögreglustjórn langt nef.

Jeg talaði minna um Veiðibjöllumálið í minni ræðu, vegna þess að jeg þekti það minna. En hitt veit jeg, að fjöldi bannmanna er ennþá meira óánægður út af því máli. Sem sagt, jeg hefi ekki aðstöðu til að tala um það mál, enda er það nú í hæstarjetti og rannsókn líklega ekki lokið ennþá. Hæstv. forsrh. slepti að minnast eins atriðis, sem jeg nefndi, sem sje manndauðans í Keflavík. *(Forsrh. JM:* Jeg gleymdi því atriði). Vonast jeg til, að hæstv. forsrh. komi að því seinna.

Hin smámálin, sem jeg vjek að hæstv. forsrh., krossana og manntalið, þarf jeg ekki að fara inn á frekar. Þóttist vita fyrirfram, hvernig svarið yrði. En jeg tók þetta með af því að jeg vildi ljetta á minni samvisku, eins og þar stendur. Um manntalið kom ekkert nýtt fram. Jeg vildi aðeins reka á eftir, og leyfi jeg mjer að vonast eftir meiri framkvæmdum í því efni á næstunni en hingað til. Líka vildi jeg láta það koma fram í þessari hv. deild, að það er vöknuð óánægja yfir því, að samhliða því sem við Íslendingar komum fram með rjettmætar kröfur um það að fá skjöl frá Danmörku, þá eru þeir að heimta skilað þeim skjölum, sem við höfum fengið lánuð, en eigum vitanlega.

Um krossamálið þóttist jeg vita fyrir, að hæstv. forsrh. mundi svara þessu um krossaskattinn. Jeg játa fullkomlega, að jeg taldi það víst, þegar við í fjvn. í fyrra bárum fram áskorun um þetta mál til stjórnarinnar, að jeg mundi hafa þá ánægju á næsta þingi að spyrja hæstv. stjórn, hvers vegna ekkert hefði verið gert í málinu. En það er langt frá, að jeg hafi sannfærst af ræðu ráðherrans.

Þá kem jeg að hæstv. atvrh. (MG) og get verið mjög stuttorður í hans garð. Jeg vjek ekki nema tveim atriðum að honum, og þarf litlu við að bæta um þau, enda hefir hv. 1. þm. N.-M. (HStef) tekið þau til athugunar. Hæstv. atvrh. kvað mig hafa á liðnu ári áfelt sig fyrir ýmislegt, en ekki komið með nema ein tvö atriði nú í þá átt. Vildi hann af því draga þá ályktun, að jeg væri nú fallinn frá öllu hinu. Hæstv. atvrh. má hugga sig við það, að mjer datt ekki í hug að tína alt til, enda höfum við skrifast á undanfarið. Við getum vel skifst orðum á annarsstaðar en hjer í hv. deild.

Um Krossanesmálið ætla jeg ekki að tala mikið nú. Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir vikið að því, og mjer þykir ekki ólíklegt, að það geri fleiri við þessar umr. En hæstv. atvrh. sagði það, að hann vildi álíta mínar aðfinslur fyr um Krossanesmálið marklausar, úr því jeg kom ekki fram með þær þegar jeg flutti þáltill. Þetta er mjög merkileg staðhæfing hjá honum, því að það kom mjög skýrt í ljós hjá mjer þá, hvers vegna jeg var ekki að átelja framkomu stjórnarinnar í því máli þá, sem sje vegna þess, að jeg rökstuddi, að málið væri orðið utanríkismál. Þess vegna vildi jeg ekki á því stigi ýfa upp gömul sár. Hæstv. atvrh. sagði, að það væri alviðurkent, að hann hefði gert alt rjett í Krossanesmálinu. Einmitt það! Hvers vegna var þá helmingur af þingmönnum þessarar hv. deildar, sem krafðist þess eindregið að fá rannsókn á málinu? Hvers vegna var það þá, að hæstv. atvrh. með sínu atkv. drap till. um það, að rannsókn yrði gerð? Er það venjan, að sá, sem er alsaklaus, hefir gert alt, sem

hann átti að gera, neiti því með sínu atkv., að aðrir megi fá fullkominn tíma og fullkomna aðstöðu til þess að athuga hans gerðir?

Um innflutningshöftin skal jeg aðeins örfá orð segja. Hæstv. atvrh. viðurkendi um það mál, að minni hefðu orðið framkvæmdir en átti að vera og búist hefði verið við. Með öðrum orðum: hæstv. ráðherra viðurkennir, að hann hafi ekki fullkomlega staðið við þau loforð, sem hann gaf síðasta þingi um framkvæmd innflutningshaftanna. Hann sagði í þessu sambandi, að við hefðum ekki ráð á því að láta 10 milj. kr. standa í bönkum ytra á lágum eða engum vöxtum. Mjer dettur þetta atriði í hug í sambandi við það, sem við hæstv. atvrh. höfum talað mikið um á prenti. Ef þetta enska lán margumtalaða hefði ekki verið bundið þessum óskaplegu skilyrðum, að ekki má borga það upp, hefði verið hægt að nota þetta fje til þess. *(Atvrh. MG:* Það má ekki nota það; við þurfum að hafa það til taks). Til hvers? *(Atvrh. MG:* Til að kaupa fyrir). Hvar er þá hættan að láta 10 milj. kr. liggja vaxtalausar? Annars kemst hæstv. atvrh. að til að svara þessu og mörgu öðru, þegar hann talar næst.

Hæstv. atvrh. vitnaði í ummæli í nál. fjvn. viðvíkjandi innflutningshaftamálinu. Jeg ætlaði ekki að ganga framhjá þeim ummælum. En hinsvegar er orðalagið ekki eftir mig.

Hæstv. ráðherra gleymdi því líka í þessu sambandi, að verðtollurinn stóð ekki alt árið í fyrra. Þá sagðist hann hafa búist við harðari árásum frá mjer. Jeg hefi nú verið á hælunum á honum undanfarið, og við getum altaf náð saman, enda munum við áreiðanlega ekki vera skildir að öllu leyti. Það koma tímar og það koma ráð fyrir okkur báða.

Loks vil jeg víkja nokkrum orðum til hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg beindi til hans þrem stórum málum og einu smámáli, sem var um hagstofuna. Skal jeg ljúka því af fyrst, enda hefi jeg litlu við það að bæta, sem jeg áður sagði. Jeg viðurkendi skilyrðislaust í minni ræðu formlegan rjett hæstv. fjrh. til þess að gera það, sem hann gerði. Það, sem hæstv. ráðherra bar til afsökunar fyrir því að brjóta það „princip", sem mikill hluti þingsins vildi taka upp í fyrra, nefnilega að fjölga ekki starfsmönnum við opinberar skrifstofur, það var, að reikningsskil og margar aðrar skýrslur frá hagstofunni kæmu langt á eftir áætlun. Það má fleira um hagstofuna segja en þetta. Hún gefur út ekki svo fáar skýrslur, sem alls engin nauðsyn er að gefa út. Þarf jeg ekki að telja þær upp. Hæstv. fjrh. man sjálfsagt eftir löngum bálki um landskjörskosningarnar síðast. Slíkt hefði ákaflega litla þýðingu. Meðan ríkisins hagur er svo þröngur, álít jeg, að nokkuð af þessum skýrslum mætti missa sig. Í fyrra hefði því hæstv. fjrh. ekki átt að bæta manni við, heldur segja við hagstofuna: Hættið að gefa út skýrslurnar, sem okkur varðar ekkert um, og þá hafið þið nægan mannafla til að gefa út þær, sem okkur eru bráðnauðsynlegar.

Í sambandi við skattamálið, sem jeg mun hafa komið fyrst að í ádeilu minni í garð hæstv. fjrh., sagði hann það, að á „eldhúsdaginn" ætti ekki að „kritisera" stefnu stjórnarinnar, heldur athafnir hennar. Jeg spyr: Er það ekki athöfn, þegar stjórnin vill leggja svo og svo háan nefskatt á borgarana? Ef hæstv. fjrh. neitar, að það sje athöfn, þá er það að minsta kosti athöfn, þegar yfirvöld Reykjavíkur senda lögregluna heim til fátæklinganna til þess að taka þennan tvöfalda eða þrefalda nefskatt lögtaki. Þessi lögtök á

smælingjana verða þó afleiðingin af stefnu stjórnarinnar. Hæstv. fjrh. vildi í þessu máli skjóta sjer bak við sparnaðarnefndina og vildi segja, að hún hefði komið með þetta nýmæli, en stefnumál stjórnarinnar væri það ekki. Hvers vegna ber hún málið fram, ef hún álítur það ekki rjett? Ætli hún álíti sig sem einskonar mylnu, sem tekur á móti því, sem í hana er látið, og skilar því aftur. Jeg lít á hlutverk ríkisstjórnarinnar alt öðrum augum. Annars er það ekki eingöngu á þessu sviði, sem hæstv. fjrh. var að skjóta sjer bak við aðra. Jeg kem seinna að því, að stjórnin var í gengismálinu að skjóta sjer með enn ákveðnari hætti á bak við gengisnefndina.

En jeg þarf ögn að víkja að tilgangi sjúkratryggingarfrv. til viðbótar því, sem jeg áður hefi sagt. Það voru ekki almennu ákvæðin í því frv., sem jeg var sjerstaklega að finna að, heldur það sjerstaka ákvæði, að velta þeim mikla kostnaði af berklaveikinni yfir á einstaklingana. Það er aðalbreytingin frá því, sem nú er. Þetta hefir ekki einungis verið „kritiserað" af mjer; mjer er kunnugt um, að einn aðalstjórnarmaður Berklavarnafjelags Íslands er mjög á móti slíkri breytingu.

Um tekjuskattsfrv. átti jeg aðallega við það atriði, að lækka skattinn á fjelögum, sem hafa miklar tekjur. Um það atriði eru mínir flokksmenn í fjhn. algerlega sammála.

Í sambandi við starfsemi þessara hlutafjelaga fanst hæstv. ráðherra við vera svo sammála. Átti jeg vitanlega við það atriði, að lækkaði tekjuskatturinn á stóreignamönnum og stórgróðafjelögum, yrði afleiðingin sú, að hlutfallslega mundi hækka á öllum smærri gjaldendum, og getur þá hæstv. fjrh. (JÞ) betur athugað, hvort við sjeum þar á sama máli.

Hann vildi jafnvel halda því fram, hæstv. fjrh. (JÞ), að við værum sammála um starfsemi hlutafjelaganna. Þó hagaði hann orðum sínum eitthvað á þá leið, að hlutafjelagsfyrirkomulagið skapaði bjargálnamenn og væri eina leiðin til þess, að sem flestir geti tekið þátt í fyrirtækjum og ýmiskonar framleiðslu.

Já, jeg verð nú að segja það, að jeg varð hissa að heyra hæstv. fjrh. syngja hlutafjelagsfyrirkomulaginu slíka lofgerð og dýrð. Honum ætti þó ekki að vera ókunnugt um það, að erlendis telja bestu mennirnir og þeir vitrustu og víðsýnustu, að hlutafjelögin sjeu langskaðlegust fyrir velmegun þjóðanna og afkomu. Þarna skilur leiðir okkar enn, enda erum við ákaflega ósammála um þetta efni, jeg og hæstv. fjrh. Jeg er sammála þessum bestu mönnum erlendis, er telja hlutafjelögin versta átumein þjóðanna, og sem hverfa eigi hið bráðasta.

Og nú vil jeg spyrja hæstv. fjrh., sem virtist telja það hagræði, að sem flestir tækju þátt í framkvæmdunum og rjeðu yfir framleiðslutækjunum: Veit hann ekki, að víða er rekinn samvinnufjelagsskapur til framleiðslu með fullkominni þátttöku allra þeirra, sem að honum standa? Og þekkir hann ekki heldur neitt til annars fjelagsskapar, með þátttöku verkamanna og annara starfsmanna í arði framleiðslunnar? Þekki hann þetta, þá furðar mig á ummælum hans. En mig fær hann aldrei til að dást að hlutafjelagshugsjónum hans; þar skilur leiðir okkar, eins og víðar, því að hlutafjelögin tel jeg hættulegustu leiðina fyrir þessa þjóð að ganga inn á.

Í þessu sambandi fór hæstv. fjrh. þeim lofsamlegu orðum um mig, að mín stefna

væri að gera sem flesta efnalega sjálfstæða, en bætti svo við, að þar mundi jeg hafa lýst sjálfum mjer rjett, en stjórn og Íhaldsflokknum ranglega. Um lýsing mína á Íhaldsflokknum er það að segja, að það voru ekki mín orð, er jeg fór þar með, heldur orð annars manns, og það mjög merks íhaldsmanns, er lýsa allra best stefnu flokksins. Hann segir þessi merki íhaldsmaður, að augu íhaldsmanna sjeu mjög föst á buddunni, þeir tími ekki að borga neina skatta og reyni að hliðra sjer hjá því á meðan fært er — þeir vilji heldur engar framfarir, því að gróðavænlegast sje fyrir þá, að alt standi í sama horfinu.

Þetta var það, sem jeg nefndi um stefnu íhaldsmanna, og jeg gerði ráð fyrir, að þessi orð yrðu fremur viðurkend af flokknum heldur en þó að jeg kæmi með lýsingu frá eigin brjósti, vegna þess að þetta er dómur formanns Íhaldsflokksins, hæstv. fjrh. sjálfs, um íhaldsmenn, eins og hann birtist í „Lögrjettu" fyrir 15 árum. Hæstv. ráðherra verður að gæta þess og muna, að þetta eru ekki mín orð, heldur eru þessi orð eftir hæstv. fjrh. og skoðun hans á íhaldsstefnunni fyrir 15 árum. Og jeg held áfram að láta hann tala, formann Íhaldsflokksins. Hæstv. fjrh. sagði fyrir stundu síðan, að hann fyrirverði sig ekki fyrir að breyta um skoðun. Með öðrum orðum, hann vildi falla frá þeim orðum, er hann hefði sagt og ritað fyrir 15 árum. Hann um það, enda er það ekki nýtt, þó að ýmsir menn í Íhaldsflokknum jeti ofan í sig. Það gerist svo að segja daglega, og sumir gera það allhressimannlega.

Hæstv. fjrh. varð mjög tíðrætt um, að við værum sammála. Hann hefði heldur átt að segja, að við *hefðum* verið sammála, því að það var rjett. Fyrir 15 árum vorum við sammála; þá vorum við saman í flokki og þá skrifaði jeg með ánægju undir hvert einasta orð, sem þáverandi landsverkfræðingur, Jón Þorláksson, skrifaði í Lögrjettu um stefnu íhaldsmanna. Jeg var tvítugur þá og las með aðdáun alt, sem hann sagði og reit um íhaldsstefnuna. Við vorum flokksbræður, jeg leit upp til hans og við vorum innilega sammála þá.

Og enn stend jeg á þessum sama grundvelli og fyrir 15 árum. Jeg lít sömu augum á íhaldsstefnuna, eða afturhaldsstefnuna, eins og jeg gerði þá. En leiðir okkar hafa skilið, hæstv. fjrh. og mín. Hann hefir nú hlaupið frá fyrri skoðunum sínum, yfirgefið grundvöll þann, er hann stóð á fyrir 15 árum, og öðlast „æðri og betri þekking", að hann segir. Og öllu forna frjálslyndinu er fórnað fyrir þá tign, að mega kallast formaður Íhaldsflokksins íslenska.

Um gengis- og vaxtamálin get jeg verið stuttorður, enda er þar um svo stórt mál að ræða og yfirgripsmikið, að ekki er rjett að draga það til nokkurra muna inn í þessar umr. Að vísu erum við sammála um einstaka atriði, en þó er fleira, er skilur, og ósammála erum við um meginatriðið: *nauðsynina* og *rjettlætið* um vaxtalækkunina. Fyrir mjer er það aðalatriðið, að vextirnir lækki, og jeg hefi margsinnis bent á, að landbúnaðurinn þoli ekki þessa háu vexti, og þess vegna var það, að jeg dró þetta mál inn í þessar umr.. að mjer finst stjórnin hafa illa gætt skyldu sinnar í þessu efni. En að sinni verður of langt að rekja mál þetta til þrautar.

Hæstv. fjrh. sagði í þessu sambandi, að jeg skildi ekki hinar djúpvitru ráðstafanir í gengismálinu. Þetta er að sumu leyti rjett. Jeg játa t. d., að jeg skil ekki íhaldsbrjefið fræga, sem stjórn og bankar

sendu í haust til allra sveitar- og bæjarstjórna um að brýna fyrir bændum að gera ekki neitt, leggja ekki í neinn kostnað, hvorki til húsabóta eða ræktunar jarða sinna. Jeg skil heldur ekki neitun stjórnarinnar um að stofna búnaðarlánadeild við Landsbankann með einum 250 þús. kr. Það er þó ekki um stóra upphæð að ræða til styrktar landbúnaðinum, þegar litið er á, að samtímis eru keyptir 10 togarar inn í landið fyrir 3—4 miljónir króna. Og svo bætist við, að allir þessir togarar þurfa margar miljónir í rekstrarfje. Já, jeg játa, að jeg skil ekki þessa ráðstöfun stjórnarinnar. Eða ætlast hæstv. fjrh. til, að nokkur trúi því, að allar þessar miljónir — kaupverð þessara nýju togara og rekstrarfje þeirra — sjeu vasapeningar útgerðarmanna og að þeir þurfi ekki að leita til bankanna um lán? Hvernig stendur þá á þessu mikla tapi, sem útgerðarmenn hafa þóst verða fyrir undanfarin ár, ef þeir geta nú dregið upp úr vasanum 4 miljónir króna til þess að kaupa fyrir nýja togara, og ekki minna í viðbót til þess að reka þá? Nei, ráðstöfun stjórnarinnar skil jeg ekki; það skal jeg játa. En hitt er mjer ljóst, að skilningsleysi og stefnuleysi er það, sem einkennir hæstv. stjórn. Og þess vegna er það, að jeg get ekki sætt mig við miskunnarlaust íhald við bændur, en taumlaust eftirlæti við útgerðina um fje til framkvæmda.

Finst nú hæstv. fjrh., að við sjeum sammála? Jeg endurtek þetta: Jeg get ekki sætt mig við, að bændum sje neitað um einar 250 þús. kr. á sama tíma og útgerðarmönnum er veitt 20 sinnum hærri upphæð til togarakaupa. Annars eigum við eftir að deila um þetta síðar, og hverf jeg því frá því í bili. Vaxtalækkunin kemur til umræðu áður en þingi lýkur, vona jeg.

Um búnaðarlánadeildina þarf jeg ekki að tala, enda hefir hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vikið að því máli í sinni ræðu. Auk þess hefir staðið sá styr um það mál undanfarið, að stjórnin veit orðið hug minn allan. Jeg hefi skrifað látlaust um málið í marga mánuði og staðið í opinberu brjefasambandi við hæstv. atvrh. (MG) um málið. Og jeg hefi felt þann dóm yfir sinnuleysi stjórnarinnar og dæmafáu skilningsleysi hennar á kröfum bænda, að jeg tel óþarft að hlaða þar meiru ofan á að sinni. Við höfum horft á, að tíu nýir togarar voru keyptir fyrir lánsfje bankanna; en bændum er sagt, að þeir geti ekki fengið upphæð, sem er 20 sinnum minni en kaupverð togaranna og rekstrarfje þeirra. Og það er sagt meira við bændur. Þeim er bannað að ráðast í nokkuð það, sem hefir einhvern kostnað í för með sjer. Landbúnaðurinn verður að standa í stað; hann má á engan hátt færa út kvíarnar, vegna þess, að alt lánsfje bankanna er fest í sjávarútveginum.

Hæstv. fjrh. hlýtur víst að finnast, að um þetta mál sjeum við sjerstaklega sammála!

En um eitt mætti ef til vill segja, að við sjeum sammála. Við höfum báðir nú á þessu þingi borið fram frv. — ekki þó saman, heldur hvor í sínu lagi — sem bæði miða að því sama, að veita bændum lán, er segja megi um, að þeir geti notað.

Í fyrra bar jeg fram frv. um búnaðarlánadeildina, sem jeg viðurkendi strax, að væri ekkert framtíðarskipulag, enda ætti hún að hverfa inn í fasteignabankann, er hann tæki til starfa, en frv. það var borið fram til þess að tryggja bænd-

um í bili betri lán og með lægri vöxtum en bankarnir vildu þá veita. Og nú ber jeg aftur fram frv., er miðar að því sama, það er að gera bændum fært að ráða við vaxtakjörin, að bændur geti fengið lán með aðeins 1% hærri vöxtum en sparisjóðsvextir eru nú.

Hæstv. fjrh. vill líka veita bændum lán, en hann segir bara, að það sjeu engir peningar til og fáist ekki nema með sölu vaxtabrjefa. Yrði að því ráði horfið, yrðu vextirnir einhverstaðar á milli 7—8% og afleiðingin sú, að ekkert gagn yrði að þeirri ráðstöfun. Með frv. stjórnarinnar er því bændum sýnd gæsin, en ekki gefin, því að eftir því er ekkert viðlit fyrir þá að geta notað lánin: peningarnir verða þeim of dýrir.

Hæstv. fjrh. vill vera mjer sammála í orði, en svo nær það ekki lengra; þegar á á að herða, er svo margt, sem skilur, líka í þessu efni.

Að lokum vildi jeg benda hæstv. fjrh. á það, að í gær fór fram fyrsta yfirheyrslan um gerðir og ráðstafanir stjórnarinnar. Nú hefir hæstv. forsrh. (JM) upplýst um það, að við fyrstu yfirheyrslu komi sjaldnast alt fram í málinu. Þess vegna held jeg yfirheyrslunni áfram um stund, og leyfi mjer að spyrja hæstv. fjrh. um nokkur atriði, sem jeg vildi vita, hvort við erum sammála um.

Þá spyr jeg, og er fyrsta spurningin þessi:

Vill hæstv. fjrh. stefna að því í skattamálum að afnema alla nefskatta og tolla, sem á einhvern hátt geta talist nefskattar og koma illa niður á almenningi — en setja í staðinn háa tekjuskatta, t. d. 60—80% af tekjum, er nema um 100 þús. kr., og afla með því móti þeirra tekna, er ríkissjóður þarfnast?

Vilji hann þetta, þá erum við sammála.

Í öðru lagi spyr jeg hæstv. fjrh.:

Vill hann í gengismálinu og vaxtamálunum veita bönkunum fullkominn stuðning, svo að gengi peninga verði stöðugt og fast, og vill hann bera fram þá kröfu, að bankarnir lækki útlánsvexti sína, fyrst niður í 7% og svo fljótt sem hægt er ofan í 6%.

Vilji hann þetta, þá erum við sammála.

Í þriðja lagi spyr jeg hæstv. fjármálaráðherra, hvað hann vilji gera fyrir landbúnaðinn. Vill hann t. d. bræða saman þessi tvö frv., sem við höfum borið fram, og stuðla að því ásamt mjer að koma á fót lánsstofnun handa bændum, þar sem lánskjörin verði jafngóð og í búnaðarlánadeildinni, eða að vextirnir verði aldrei hærri en 1% ofan við sparisjóðsvexti? — Og vill hann styrkja bændur í því, að koma upp íshúsum við stærstu útflutningshafnirnar í sambandi við kæliskipið, til þess að bæta markaðinn fyrir sauðakjöt o. fl. og margfalda tekjur bændanna í samanburði við það, sem nú er?

Ef hæstvirtur fjármálaráðherra lýsir því yfir, að hann vilji gera þetta, þá skal jeg ekki bera á móti því, að við sjeum sammála, og það á stórum sviðum.

Og nú vænti jeg svars hæstv. fjrh.; ekki þó með því leyfi, sem hæstv. forsætisráðherra (JM) segir, að menn hafi til að segja ósatt við fyrstu yfirheyrslu. Heldur vænti jeg þess, að hann gefi full svör og skýr, enda hefi jeg sagt honum það til hróss, og segi enn, að jeg álít hann ljósan í orðum og þann af ráðherrunum, er helst þorir að segja meiningu sína.

Að lokum er svo eitt atriði eftir, sem mjer þykir hlýða að svara í þessu sambandi.

Hæstv. fjrh. sagði, að jeg og hæstv.

forsrh. værum sammála. En hann nefndi ekki nema eitt dæmi; hann sagði, að hæstv. forsrh. og jeg værum sammála í bannmálinu; við værum báðir miklir bannvinir. Um þetta mætti segja hið sama eða nokkuð svipað og jeg sagði um fyrri flokksafstöðu okkar hæstv. fjrh. Við vorum einu sinni saman í flokki, hæstv. forsrh. og jeg, og við vorum lengur flokksbræður en hæstv. fjrh. og jeg. Og það er ekki svo ýkjalangt síðan við unnum að bannmálinu í bróðerni. Og nú skal jeg gera þá persónulegu játningu, að það málið, sem fyrst og glegst opnaði augu mín fyrir því, að hæstv. forsrh. og jeg gætum ekki átt samleið, var skoðun mín og hans á bannmálinu. Framkoma hans í bannmálinu, fyrst sem bæjarfógeta og síðar sem ráðherra, sýndi það, að leiðir okkar gátu ekki legið saman. Milli skoðana okkar reyndist í framkvæmd það regindjúp staðfest, að við gátum ekkert haft saman að sælda. En út í það fer jeg ekki frekar.

Hæstv. fjrh. sagði, að hæstv. forsrh. hefði gert meira fyrir bannið en nokkur annar bannmaður. Um það erum við ekki fremur sammála en um svo margt annað, sem jeg hefi nú talið. Mín sannfæring er sú, að það hafi verið ógæfa bannmálsins, að þessi maður skyldi vera bæjarfógeti hjer á þeim árum, er bannið kom fyrst til framkvæmdar, og það var óhamingja þessa lands sem bannlands, að þessi maður skyldi síðar verða dómsmálaráðherra.

Hæstv. forsrh. hafði góða aðstöðu til þess að bjarga þessu máli til sigurs, hefði hann verið bannmaður. En hann var það ekki og vildi ekkert fyrir það gera, enda hefir enginn maður unnið því meiri skaða að mínu áliti.

Íslands óhamingju verður alt að vopni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) spurði í gær um kolakaup ríkisins handa opinberum stofnunum. En í sambandi við þessa fyrirspurn fór hann með firrur einar og staðlausu stafi, eins og hans er vandi. Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir nú lækkað í honum rostann, svo að jeg get verið fáorðari en ella.

Kol þessi, sem hjer er um að ræða, voru keypt samkvæmt útboði og lægsta boði tekið, sem var kr. 63,75 pr. smálest. Þegar farið var að skipa kolunum upp í Hafnarfirði, þóttu þau of smá, og var neitað að taka á móti þeim þar. Var þá dálítill dráttur á uppskipuninni; skipið kom hingað inneftir og tveir matsmenn skipaðir til þess að skoða kolin og meta þau. Komust þeir að raun um, að kolin væru í smærra lagi, en alls ekki ónothæf eða svo, að ráðlegt væri að ganga frá kaupunum. Auk þess sýndi sig, að því smæsta af kolunum hafði verið skipað upp í Hafnarfirði, og tóku eigendurnir að sjer að selja þau. Hin kolin, sem eftir voru í skipinu, keypti svo landsstjórnin og skifti þeim á milli ýmsra ríkisstofnana, og fengu mest:

1. Vífilsstaðahælið ..... 190 smál.
2. Laugarnesspítalinn ..... 150 —
3. Esja ..... 380 —
4. Bæjarsjóður Reykjavíkur 125 —

Hið síðastnefnda keypti bæjarsjóður Reykjavíkur. Fleira er ekki um þessi kolakaup að segja, enda er háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) ekki svaraverður í þessu máli eða öðrum. Hann fer með fullyrðingar einar og forðast að færa nokkur rök fyrir máli sínu. T. d. sagði hann, að stjórnin vildi undanþiggja lögmætum tekjuskatti stórgróðafjelög og stóreignamenn. Maður, sem skrökvar svo um þing-

mál og reynir ekki að færa minstu rök fyrir máli sínu, hann er að mínum dómi alls ekki svaraverður

Um innflutningshöftin sagði hann, að þau hefðu í framkvæmdinni orðið „eitt samanhangandi hneyksli“ og að það, sem neitað hefði verið um að flytja inn í maí, hefði verið leyft í júlí.

Það er satt, að háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir oft komið með rosta og miklu veldi og heimtað að fá hitt og þetta flutt inn, enda hefir hann gengið lengra en flestir aðrir í frekjunni. Veit jeg þó ekki, hvort hann álítur sem svo, að brauðgerðarhús hans eigi fremur heimtingu á innflutningi margskonar óþarfa, og það í stórum stíl, heldur en aðrir, en svona hefir framkoma hans verið.

Jeg sje, að þm. brosir; hann mun kannast við þetta, enda er honum ekki til neins að neita því.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) gerði lítið úr því gagni, sem innflutningshöftin hefðu gert, og fullyrti, að eftir fregnum víða úti um land hefðu þau verið mjög misnotuð.

Að vísu láðist honum að skýra frá því, á hvaða rökum slíkar fregnir væru bygðar, enda skildist mjer á ræðu hans, að hann færi eftir orðrómnum einum. En þó að sagt sje, að sjaldan ljúgi almannarómurinn, þá er ekki altaf ábyggilegt að treysta honum, enda hafði jeg haldið þennan hv. þm. vandari að virðingu sinni en svo, að hann hlypi eftir því, sem vinir Gróu á Leiti hafa að segja um framkvæmdir stjórnarinnar.

Hann var líka að barma sjer yfir því, að frv. hans um innflutningshöft hefði ekki náð fram að ganga í fyrra, og er ekkert um það að segja.

En nú vil jeg spyrja hann, hver tilgangur hans sje með innflutningshöftum. Var hann sá, að hafa þau til þess að jafna viðskiftin við útlönd eða ekki? Ef það er tilgangur hans að jafna með þeim viðskiftin við útlönd, þá verður hann að játa, að þegar verslunarjöfnuðurinn er eins hagkvæmur og síðastliðið ár, þá beri að slaka til á höftunum. En ef háttv. þm. (HStef) álítur, að innflutningshöft og verslunarjöfnuður við útlönd komi ekki hvort öðru við, þá erum við ósammála og getum ekki átt samleið í þessu máli.

Þá var háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) að tala um misrjetti það, sem menn hefðu verið beittir við framkvæmd innflutningshaftanna. Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að eitthvert misrjetti hafi ekki getað átt sjer stað, því að slíkt er vitanlega aldrei hægt að fyrirbyggja. En því verð jeg eindregið að halda fram, að þau hafi verið framkvæmd eins samviskusamlega og mögulegt var. En þó að einstöku menn hafi talið sig misrjetti beitta, er það engin sönnun.

Þannig hafa t. d. tvær verslanir kært hvor aðra á víxl, fyrir að hvorri þeirra um sig hafi verið veitt innflutningsleyfi, sem hinni var synjað um.

Þá mintist þessi háttv. þm. á Krossanesmálið fræga og taldi það tómlæti af stjórninni að vilja ekki láta setja á sig rannsóknarnefnd af þinginu. En jeg vil út af þessu minna háttv. þm. á, að hann hefir sjálfur verið á móti því, að mál þetta væri rannsakað eftir landslögum og málavöxtum, þar sem hann var með í að fella dagskrá háttv. þm. Dala. (BJ). Og úr því ekki má rannsaka málið eftir landslögum og rjetti, veit jeg ekki, hvernig á að að fara.

Háttv. þm. talaði um, að í dagskrá

þm. Dala. (BJ) hefði verið áskorun til stjórnarinnar um að láta rannsaka málið. En svo var ekki. Þar stóð: „Í trausti þess, að stjórnin láti fara fram ítarlega rannsókn — svo fremi einn eða fleiri óska þess". Þetta er það, sem sjálfsagt er að gera, og hið eina rjetta.

Þá kem jeg að háttv. þm. Str. (TrÞ). Hann sagðist ekki hafa tekið neitt aftur af þeim ákærum, sem hann hefði sent mjer á árinu. En jeg hjelt, að lokareikningarnir hefðu verið gerðir upp með síðustu kvittun. En máske háttv. þm. telji ekki smánóturnar með. Eða kannske hann ætli að standa við söguna, sem hann flutti í blaði sínu í haust, að stjórnin ætlaði að fara að löggilda vigtir, sem vigtuðu alt að ½ rangt, til þess að vigta á afurðir bænda í sláturtíðinni.

Þarna hefir hv. þm. flutt í blaði sínu beina lygasögu, eða sögu, sem hann hefir búið til sjálfur, og vildi jeg gjarnan fá að vita, hvort hann vill standa við þessa sögu.

Þá mintist háttv. þm. á enska lánið og taldi leiðinlegt, að ekki skyldi vera hægt að nota innieign bankanna erlendis til þess að borga af því. En háttv. þm. skilur ekki, að bankarnir þurfa að hafa varasjóð erlendis, til þess að halda genginu föstu. Úr því háttv. þm. skilur ekki þetta, er ekki von að hann skilji mikið í gengismálinu, því að slíkur varasjóður er alveg nauðsynlegur, þegar illa gengur, til þess að halda genginu föstu.

Háttv. þm. var að segja, að jeg hefði verið að kvarta undan því, hve mjúkur hann hefði verið í máli. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði, að mjer hefði þótt undarlegt, hve mjúkur hann var, eftir að hafa verið svo harður áður. En máske það hafi verið af því, að hann hafi ekki ætlað að láta fara fyrir sjer eins og segir í vísunni, sem hann var að vitna í í fyrra: „Best er að fara stilt á stað, steyptist einhver þarna". Seinni hlutann vil jeg ekki fara með, því að mjer þykir hann of klúr. En eflaust man háttv. þm. Str. (TrÞ), hvernig hann er.

Þá var hann að hóta mjer, að við værum ekki skildir enn. Það má gjarnan vera svo. Jeg mun halda áfram brjefaskiftum við hann, ef hann vill. Jeg endaði núna síðast, svo ekki stendur upp á mig. Ef hann því sendir mjer brjef aftur, mun jeg svara um hæl. Annars veit jeg ekki, hvort hann heldur, að hann í raun og veru græði á þessum brjefaskriftum.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. þm. Str. (TrÞ) sagðist enn þá vera óánægður með „Marian"-málið. En jeg býst ekki við, að hann yrði ánægðari með það, þó að jeg gæfi honum nákvæmari skýrslu um það. Jeg verð að segja, að það er dálítið broslegt, þegar háttv. þm. Str. er að tala um venjur í sakamálum, því að í öðru orðinu viðurkennir hann, að hann sje þeim ekki kunnugur. Annars þarf hann ekki annað en spyrja einhvern rannsóknardómara, hvort það sje venja, að þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, meðgangi þegar í stað. Að vísu er ljótt og ósiðlegt að segja ósatt, en það kemur samt stundum fyrir, að menn gera það, jafnvel sumir blaðamenn.

Hvað sakborna menn snertir, þá er það venjan, að þeir viðurkenni ekki brot sín fyr en þeir geta ekki lengur komist upp með að þræta, og það ekki þeir einir, sem sakaðir eru um glæp, heldur og allajafna þeir, sem sakaðir eru um lögreglubrot, svo sem t. d. landhelgisbrot.

Þá heldur háttv. þm. (TrÞ) því fram, að skipshöfnin á Marian hafi komið sjer

saman um fyrirfram, ekki einungis að þræta fyrir alla sök, heldur einnig, hvað þeir skyldu játa, ef þeir yrðu að neyðast til að játa. Þetta er feykilega ólíklegt, svo ólíklegt, að enginn reyndur rannsóknardómari mundi láta sjer detta það í hug. Ummæli háttv. þm. um þetta eru mjög barnaleg öll saman.

Þá sagðist háttv. þm. efast um, að ekki hefði mátt ná í Kattrup eftir að hann fór úr landi. Um þetta hefði háttv. þm. átt að geta aflað sjer upplýsinga síðan í gær. Hann sagði meðal annars, að hægt hefði verið að taka hann í Færeyjum. En þar skjátlast háttv. þingmanninum (TrÞ), því að maðurinn var í norsku skipi, og því undir norskum lögum. Auk þess hefði yfir höfuð ekki verið auðið að fá hann framseldan frá Færeyjum. Var því ekkert hægara að taka hann þar en t. d. í Bergen. Hefði hann verið íslenskur þegn, hefði máske verið öðru máli að gegna. En það er föst regla, að brotlegur þegn er ekki framseldur til annars ríkis. Var því með öllu ómögulegt að fá manninn framseldan, úr því hann var kominn út fyrir landhelgina. Hvort hægt væri að gera samning um þetta við Dani, af því að þeir eru sambandsþjóð okkar, skal jeg ekkert um segja. Hjal hv. þm. um þetta er því ekkert nema vaðall, sem sýnir, að hann ber ekkert skyn á þessi mál. Þá sagði þessi sami háttv. þm., að það hefði verið háðulegt, að Kattrup hefði sloppið 1½ degi áður en Marian kom inn. Jeg sje ekkert háðulegt við það. Að skipið kom inn 1½ degi eftir að Kattrup var slept, var tilviljun ein og ekkert annað. Manninum var ómögulegt að halda lengur í sóttkví, en þegar honum var slept úr henni, fór hann utan. Það hefði þurft hreinan spádómsanda til þess að segja fyrir, að Marian myndi leita hafnar hjer 1½ degi eftir að Kattrup fór.

Þá sagði háttv. þm. Str. (TrÞ), að það væri kátlegt, hve auðtrúa jeg væri í þessu máli. Jeg skal fyllilega viðurkenna það, að jeg treysti mjög á rannsóknardómarann í þessu máli, og hann er sannfærður um, að allur sannleikurinn hafi komið fram. Og hann er sá eini maður, sem verulega getur um þetta sagt. Og margt, sem fram hefir komið í rannsókninni, styður mjög ákveðið, að allur sannleikurinn hafi komið fram. Annars veit jeg, að dómarinn, sem annars er mjög strangur við sjálfan sig, er ánægður með rannsóknina. Og jeg er sömu skoðunar.

Háttv. þm. (TrÞ) sagði enn, að bannmenn væru mjög óánægðir með eitt atriði í rannsókn þessari, sem sje það, að einn háseti gæslubátsins, sem heimilisfang átti í Gullbringu- og Kjósarsýslu, var ekki yfirheyrður hjer í Reykjavík. En til þess voru engin lög. Það varð að yfirheyra hann í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem og líka var gert.

Þá talaði háttv. þm. Str. (TrÞ) um, að ótrúlegt væri, að áfengið hefði verið afhent varðbátnum í Garðinum skilríkjalaust. Það var nú samt svo. Og skiljanlegt finst mjer það, þegar þess er gætt, að varðbátsmenn ljetu olíu í staðinn, sem Marian tilfinnanlega vantaði.

Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði afneitað varðbát þessum. Jeg gerði hvorugt; sagði aðeins, hvernig hann væri tilkominn, að íbúar Gerðahrepps gerðu bátinn út, með styrk frá ríkissjóði. Þá talaði háttv. þm. um, að ófært væri að styrkja varðbát, sem stjórnin bæri ekki ábyrgð á. Jeg verð að segja, að mjer finst dálítið undarlegt að heyra þetta frá fjárveitinganefndarmanni. Eða heldur hann, að stjórnin beri

ábyrgð á öllum þeim, sem styrk fá af ríkissjóði? Það yrði nokkuð víðtæk ábyrgð.

Þá sagði hv. þm., að trúgirni minnar í þessu máli myndi verða minst um aldir. Jeg þakka „kompliment". Annars hjelt jeg, að okkar háttv. þm. Str. (TrÞ) yrði ekki minst um aldir.

Jeg skal fyllilega viðurkenna, að sumir bannmenn eru jafnvel óánægðari með úrslit Veiðibjöllumálsins en Marianmálsins. En sú óánægja er ekki komin af því, að dómararnir hafi ekki gert skyldu sína, heldur af alt öðru atriði, sem ekki var hægt að gera við.

Í fyrri ræðu minni gleymdi jeg að minnast á Keflavíkurlækninn. Mál er fyrirskipað gegn honum. Án þess að læknirinn viðurkendi nokkuð, bauð hann fram sekt, en jeg vildi ekki þiggja hana, en fyrirskipaði málsókn. Þá sagði þessi hv. þm., að ekkert nýtt hefði komið fram um manntalið frá 1703.

Um hitt, hvaða persónulegt álit hv. þm. Str. (TrÞ) hefir á mjer, skal jeg ekki deila við hann. En það er rjett, að okkur skilur á í bannmálinu, enda þótt við teljum okkur og sjeum báðir bannmenn. Jeg álít ekki hvern þann mann glæpamann, sem neytir víns eða jafnvel er ölvaður, eins og háttv. þm. Str. virðist gera. Það er stundum eins og honum finnist enginn glæpur til nema að drekka vín. Hinsvegar álít jeg bann nauðsynlegt og gagnlegt, bæði af siðferðilegum og þjóðhagslegum ástæðum. Það er einkum síðartalda ástæðan, sem mestu hefir valdið um bannið í Bandaríkjunum. Jeg hefi altaf sýnt í orði og verki, að jeg hefi verið vínbanni fylgjandi. Jeg fer ekki að dæma í eigin sök um framkomu mína sem bæjarfógeti í Reykjavík. Jeg býst við, að ráðstafanir í þeim efnum hafi verið svipaðar fyr og síðar. Annars reyndi lítið á mig í þessu efni, því að bannið gekk ekki í gildi í raun og veru 1912, heldur töluvert seinna. Það getur því ekki verið rjett, að leiðir okkar í bannmálinu hafi skilið vegna afstöðu minnar til bannsins sem bæjarfógeta, enda höfum við átt ýmislegt saman að sælda síðan, án þess að það stæði í vegi.

Hv. þm. Str. (TrÞ) gat hinsvegar ekki um þá sönnu ástæðu til, að leiðir okkar skildu, enda myndi það sjálfsagt verða of langt mál, og ef til vill endast í fjóra daga enn.

Ráðherrasyndir mínar í bannmálinu voru, eftir því, sem mjer skildist, einkum þær, að jeg hefði verið of afskiftalítill. Það var þó aðeins persónuleg skoðun hv. þm. Str. (TrÞ), og á því ekki við að þrátta um það, enda mun jeg ekki gera það. Hitt þarf jeg ekki að taka fram, að á þingi hefi jeg jafnan komið fram sem aðrir bannmenn, og jafnvel bætt lögin. En ef á að fara að finna að aðgerðum síðustu ára í bannmálinu, þá verð jeg að segja það, að alt hefir verið gert, sem hægt hefir verið, og meira er ekki hægt að krefjast.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að jeg hefði fundið að því, að hann hefði farið geyst á stað, en væri nú miklu hógværari. Jeg hefi ekki gefið tilefni til þessara orða. *(TrÞ:* Jeg meinti þau heldur ekki til hæstv. forsrh.). Jeg sagði einmitt, að hv. þm. hefði stilt orðum sínum mjög í hóf. Annars finst mjer fara best á því, að hafa bil beggja.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) fór í gær nokkrum orðum, sem voru skörulega flutt, eftir því sem gerist hjá honum, en ekki að sama skapi veigamikil, um stofnun búnaðarlánadeildarinnar.

Hann sagði fyrst, að stjórnin hefði traðkað á þjóðræðinu, en seinna viljað halda aftur af því, og lít jeg svo á, að með seinni ummælum sínum hafi hann tekið aftur hin fyrri. Það, sem hann flutti máli sínu til stuðnings, var saga, eða öllu heldur hviksaga, er komst hjer í blöðin, um það, að búnaðarlánadeildin yrði ekki stofnuð. Hefði þessi saga verið sönn, hefði mátt ýmislegt til sanns vegar færa af því, er hv. 2. þm. Reykv. sagði, en svo var ekki, og að því leyti getur þetta verið útrætt.

Hvort þing er haldið annaðhvert ár eða á hverju ári, sje jeg ekki, að komi búnaðarlánadeildinni við.

Þá átaldi hv. þm. og, að ríkisveðbankalögin hefðu ekki verið framkvæmd. Sú ásökun hittir ekki núverandi stjórn. Hún hefir flutt lagafrumvarp, sem hefir í för með sjer breytingu á þessum lögum, og bankinn getur því ekki tekið til starfa fyr en löggjafarvaldið lætur í ljós, hvort það kjósi þessa breytingu eða ekki — að taka Ræktunarsjóðinn út úr.

Hv. 2. þm. Reykv. álasaði stjórninni fyrir að hafa komið í veg fyrir, að gengi krónunnar hækkaði. Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði hinsvegar um, að krónan hefði hækkað of mikið fyrir atbeina stjórnarinnar. Báðir hafa farið með ýkjur.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) segir, að stjórnin hafi komið í veg fyrir gengishækkun. Stjórnin gat ekkert gert í þessu efni nema að sjá um, að það gengi, sem gengisnefndin ákvað, gæti haldist. Það var alt og sumt.

Þá fer hv. þm. Str. (TrÞ) eigi síður með rangt mál. Hann segir, að gengi pundsins hafi lækkað úr 33 kr. niður í 27 kr. Sannleikurinn er sá, að í árslok 1923 var gengið á pundinu ekki nema 30 kr. Enda þótt það í svip kæmist upp í 34 kr., þá festist sú hækkun aldrei í verðlaginu í landinu, enda þótt hún gerði mikið tjón. Gengishækkunin í ár er heldur ekki meiri en við mátti búast eftir svo mikið veltiár.

Að öðru leyti þarf ekki að fara út í þetta, enda var flest það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um þetta og annað, svo ómerkilegt, að jeg get ekki verið að svara því. Þó vildi jeg víkja nokkrum orðum að fyrirspurn hans um tekjuskatt verksmiðjunnar í Krossanesi 1924. Jeg hefi spurst fyrir um það í stjórnarráðinu, hvort nokkrar upplýsingar hafi komið um þetta atriði, en svo er ekki, enda vantar enn tekjuskattsreikning Eyjafjarðarsýslu; en þó mun bráðum vera von á honum.

En það er staðfest, eftir samtali við sýslumann þar, að síðasta ár voru Krossanesverksmiðjunni gerðar 125 þús. króna tekjur. Verksmiðjan hafði ekki gefið upp tekjur sínar, og var því þessi upphæð áætluð af skattanefnd Glæsibæjarhrepps. Talið var af sumum, að þetta væri of lágt áætlað, en er kom til yfirskattanefndar, sem er æðsti dómstóll í þessum málum, treysti hún sjer ekki til að hækka. En þó voru þau tilmæli gerð til undirskattanefndar, að hafa góðar gætur á tekjum þessa fyrirtækis við næstu niðurjöfnun. Þetta er alt, sem jeg get upplýst í málinu, og sje jeg ekki, að stjórnin hafi hjer að neinu leyti óhreinar hendur.

Þá kem jeg að háttv. 1. þm. N.-M. (H-Stef). Hann hafði að vísu lítið út á einstakar gerðir stjórnarinnar að setja, en bjó sjer þó til fjóra dóma um hana, án þess að rökstyðja nokkurn þeirra með tilvísun til einstakra stjórnarathafna. Þess háttar dómar eru annars venjulega nefndir sleggjudómar.

Fyrsti dómurinn var sá, að stjórnin væri veik fyrir hagsmunakröfum stuðningsmanna sinna. Jeg mun nú víkja að því síðar, hversu veik hún er fyrir, en jeg get ekki sjeð, að hægt sje að leggja henni til lasts, þótt hún sje veik fyrir kröfum stuðningsmanna sinna, ef hún er það á annað borð. — Því að hverjir eru hennar stuðningsmenn? Það er meiri hluti allra kjósenda í landinu, og ef stjórnin á ekki að gæta hagsmuna meiri hluta landsmanna, hverra hagsmuna á hún þá að gæta?

Þá er annar dómurinn. Hann er sá, að stjórnin hafi komið óskörulega fram. Auðvitað er ekki hægt að metast um svo óákveðið orðatiltæki. Hann nefndi búnaðarlánadeildina í þessu sambandi, og taldi stjórninni skylt að sjá um, að Búnaðarfjelagið gerði skyldu sína. Þetta má nú vera rjett að nokkru leyti, en þó kemur ekki til framkvæmda stjórnarinnar fyr en einhver snýr sjer til hennar, og þá oftast einhver, sem á hlut að máli. Engin tilmæli um stofnun búnaðarlánadeildar bárust stjórninni fyr en í októbermánaðarlok frá Búnaðarfjelaginu. Aðgerðir stjórnarinnar í málinu voru þær, að hún leitaði umsagnar Landsbankans um það og sendi hana til Búnaðarfjelagsins. Búnaðarfjelagið hefir ekki snúið sjer til stjórnarinnar síðan út af þessu máli, nje heldur hafa borist nein utanaðkomandi tilmæli eða hvatning. Búnaðarlánadeildin var stofnuð undir eins og hægt var, en ekki fyr, og þar er sagan öll.

Þriðji dómur hv. 1. þm. N.-M. (HStef) var sá, að stjórnin hefði verið hörð og óhlífin í garð almennings. Þessi dómur er því í beinni mótsögn við þann fyrsta. Háttv. þm. hefir víst einkum átt hjer við tollúrskurði stjórnarinnar, er hún hefir farið eftir ákvæðum settra laga. Og víst er um það, að ef stjórnin hefir verið veik fyrir kröfum stuðningsmanna sinna, þá hefðu tollúrskurðirnir oftsinnis getað gefið tilefni til þess. Það hafa ekki síður verið stuðningsmenn stjórnarinnar en aðrir, sem reynt hafa að fá lækkun á verðtolli, sem óneitanlega er mörgum tilfinnanlegur.

Það gleður mig því, að hv. þm. hefir gefið stjórninni þennan vitnisburð.

Stjórnin verður að fara eftir lögunum eins og þau eru. Hún má ekki gefa neina ívilnun um tollgreiðslur, nema henni hafi verið gefin sjerstök heimild til þess, og stjórnin hefir fylgt þeirri reglu að fara hvergi út fyrir þær heimildir, er henni hafa verið gefnar. Og jeg held, að ef háttv. 1. þm. N.-M. vill kynna sjer tollúrskurði stjórnarinnar, þá sjái hann, að þeir ósanna með öllu fyrsta dóm hans.

Fjórði dómurinn hljóðar þannig, að stjórnin hafi verið tómlát um virðingu sína, og röksemdin var sú, að hún hefði tekið við áskorun um að gera skyldu sína.

Eins og allir vita, eru oft bornar fram þáltill., sem skora á stjórnina að framkvæma hitt og þetta. Þetta er almenn venja hjer á Alþingi. Jeg veit ekki, hvaða stórbokkaskapur það ætti að vera, ef stjórn neitaði slíku. Auk þess var þetta ekki áskorun, heldur yfirlýsing um, að þingið treysti stjórninni til að gera skyldu sína. *(TrÞ:* Það var felt, að henni væri treyst til þess). Helmingurinn treysti henni, en hinn helmingurinn vildi ekki, að rannsókn færi fram eftir málavöxtum og landslögum.

Þá vildi jeg athuga fáein atriði í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ). Ekki gaf sú ræða mjer tilefni til að taka undir þau orð hans, að vandlifað sje fyrir stjórnmálamenn, eða

stjórn, sem ekki verða fyrir veigameiri aðfinslum en fólust í ræðu þessa hv. þm. Hitt get jeg skilið, að hinum sje vandlifað, sem telja sig andstæðinga, en hafa engin rök til brunns að bera. Háttv. þm. Str. (TrÞ) vildi bera á móti því, að hann væri sammála oss ráðherrunum þremur í þeim þrem málum, er hann einkum talaði um í sambandi við hvern um sig: Bannmálið í sambandi við forsætisráðherra; haftamálið í sambandi við atvinnumálaráðherra og lán til ræktunar í sambandi við mig sem fjármálaráðherra.

Auðvitað hlýt jeg að taka það trúanlegt, að hv. þm. Str. (TrÞ) sje oss ósammála um þessi atriði, ef hann segir það sjálfur. Jeg hefi ekki viljað gera honum þá gletni, að minna hann á það, að hann sagði við 1. umr. um ræktunarsjóðslögin, að hann væri sammála í því efni hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem þó er kunnugt um, að var sá eini þm., sem var málinu andvígur. Jeg vil ekki stríða hv. þm. Str. (TrÞ) á þessu, af því að hann sagði þetta áður en hv. 3. þm. Reykv. (JakM) lýsti því yfir berum orðum, að hann væri málinu andvígur, og var honum þá vandalaust að vita fyrirfram, að svo var. Jeg get fremur gengið út frá því, að háttv. þm. Str. stæði á sama grundvelli og jeg í máli þessu heldur en að hann stæði á sama grundvelli og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Jeg hefi gengið út frá þessu af velvildarhug til þessa hv. þm. (TrÞ), og finst mjer satt að segja, að hann hafi ekki þakkað mjer nógu auðmjúklega fyrir það.

Viðvíkjandi hagstofunni sagði hv. þm., að ekki bæri að fjölga þar starfsmönnum, heldur að fækka óþörfum skýrslugerðum. Mjer þykir þá rjett að upplýsa það, að hagstofan starfar eftir þeirri reglu, að gefa út 4 skýrsluhefti á ári: Verslunarskýrslur, búnaðarskýrslur, fiskiveiða- og hlunnindaskýrslur, og svo eitt hefti enn um önnur efni. Og jeg get bent háttv. þm. á það, að hann getur lesið lögin um hagstofu Íslands og sjeð þar, hvað henni ber að halda skýrslur um, og mun hann þá sannfærast um það, að það er ekki of mikið að gefa út eitt hefti umfram hin þrjú, sem jeg áður nefndi. Nú mætti deila um það, hvað ganga ætti fyrir til birtingar í þessu fjórða hefti hagstofunnar, en það atriði snertir ekkert núverandi landsstjórn. En að ætla sjer að skera niður þetta eina hefti nær ekki nokkurri átt. Það er altof mikið, sem fyrir hagstofunni liggur og safnast fyrir árlega, til þess að fækka megi þessum árlegu heftum, er hún gefur nú út.

Þá hafði háttv. þm. Str. (TrÞ) á móti því, er jeg sagði, að hjer ætti fremur að tala um athafnir stjórnarinnar heldur en stefnu, en þó einkum móti því, er jeg vildi ekki gera að umtalsefni þau frv., sem hjer liggja fyrir deildinni og bíða þess að koma á dagskrá. Jeg vil samt halda fast við það, að ekki eigi að nota eldhúsdaginn til slíks, því af því leiðir ekki annað en það, að þegar frv. koma til umræðu koma eldhúsdagsumræðurnar aftur í Þingtíðindin. Menn leita að umr. um þessi mál þar, sem þær eiga að vera í Þingtíðindunum, en ekki í eldhúsdagsumræðum. Þetta er því óhagkvæmt. Tilgangur eldhúsdagsins er heldur ekki sá, að ræða frv., sem fyrir þinginu liggja, heldur hitt, að gefa mönnum tækifæri til þess að tala um mál, sem ekki liggja á annan hátt fyrir þinginu. Þetta er eina rjetta skoðunin á því, hvernig beri að nota þessa dýrmætu stund. Jeg hef að mestu haldið fast við þessa rjettu reglu og lítið minst á frv., sem seinna eiga að

koma til umræðu hjer, enda þótt hv. þm. Str. hafi gefið talsvert tilefni til þess.

En út af því, sem háttv. þm. (TrÞ) sagði hjer um hlutafjelög, verð jeg að gera nokkra athugasemd. Hann sagði, að þau væru hættuleg fyrir almenningsheill og merkir menn teldu þau átumein í þjóðfjelaginu. Þetta er fullkominn misskilningur. Það er alt annað atriði þeim viðvíkjandi, sem veldur áhyggju víða um lönd. En það er þegar svo fer, að það verður fullkominn skilnaður milli eignar- og umráðarjettarins annarsvegar og framkvæmdarvaldsins hinsvegar. En þetta fer svo, þegar hlutabrjefin verða kauphallarvara, sem gengur mann frá manni, án þess að hægt sje að vita á hverjum tíma, í hvers höndum þau eru, en framkvæmd fjelaganna er öll í höndum launamanna, sem vel geta verið hlutlausir í eignum fyrirtækisins. Þessi ágalli hefir orðið talsvert áhyggjuefni, og þar, sem slík mál eru komin í það horf, sem jeg lýsti nú, hefir verið leitað úrræða til að bæta úr þessu. En þetta er ekki svo um hlutafjelög hjer. Þau eru altaf takmörkuð af hóp manna, sem standa utanum fyrirtækið. Þar fer saman eign og umráð, enda er það nauðsynlegt, til þess að fyrirtækinu vegni vel. Það hafa víða verið gerðar tilraunir til þess að gera verkamenn og starfsmenn hluthafa í eign og umráðum fjelaganna, og hafa ýmsar þær tilraunir gefist vel, svo því fer fjarri, að hægt sje að hafa það á móti hlutafjelögunum, að þau geri slíkt samstarf ómögulegt. Hv. þm. (TrÞ) hafði ekki alveg rjett eftir það, sem jeg sagði að væri aðaltilgangur hlutafjelaga. Jeg sagði ekki, að hlutafjelagstilhögunin væri sú eina tilhögun, sem gerði það mögulegt, að margir menn gætu átt hlutdeild í stórum fyrirtækjum. Hitt sagði jeg, að þau væru sú eina tilhögun, sem ennþá hefði verið framkvæmd til þess að skifta eignarrjetti stórra fyrirtækja milli margra, hjer sjerstaklega er kemur til sjávarútvegsins. (*TrÞ:* Rjómabúin). Á öðrum sviðum hafa menn fundið aðra tilhögun, sem reynst hefir vel þar, og er ekki nema gott um það að segja. Það eru samvinnufjelögin, sem hv. þm. Str. (TrÞ) nefndi. En eðlismunurinn á samvinnufjelagi og hlutafjelagi er einkum sá, að hlutafjelagið starfar með takmarkaðri ábyrgð, en samvinnufjelagið með fullri ábyrgð, þó ekki þurfi hún að vera ótakmörkuð. Jeg vil minna háttv. þm. Str. á það, að flokksbróðir hans, háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), hefir lýst því yfir hjer í deildinni fyrir örfáum dögum, að samvinnufjelögin hjer væru að reyna að losa sig úr hinni sameiginlegu ábyrgð, með því að koma fyrir sig stofnfje, er væri sjálfseign fjelaganna og gæti útrýmt þeirri nauðsyn að grundvalla lánstraust fjelaganna á sameiginlegri ábyrgð. En að þetta er stefna samvinnufjelaganna, sannar það, að þau keppa að samskonar fjárhagslegu skipulagi og hlutafjelögin búa nú við, það er, að safna í stofnsjóð, er sje sjálfseign fjelaganna, en um leið eign hvers manns í fjelaginu. Og jeg get sagt háttv. þm. Str. það, að það hefir ekki verið fundin önnur leið en þessi til þess að afstýra því, að eignarrjettur að fyrirtækjum, sem verða að vera stór, eins og t. d. togaraútgerð hjer, safnist á einstakra manna hendur. Því er sú viðleitni, að styðja hlutafjelög, rjett frá sjónarmiði háttv. þm. Str. og annara, sem vilja að efnahagur manna sje svo jafn, sem kringumstæður leyfa.

Hv. þm. Str. (TrÞ) bar saman í seinni ræðu sinni afstöðu stjórnarinnar, eða

mína, í þessu atriði nú og fyrir 15 árum síðan. Gerði hann það ekki frá eigin brjósti, heldur þóttist hann tilfæra efni úr 15 ára gömlum ummælum, sem jeg hefði haft í blaðagrein. Eftir þeirri þekkingu, sem jeg hef á blaðamensku hv. þm. (TrÞ), þá get jeg búist við því, að þessi ummæli sjeu svo rangfærð, að þau gefi ekki rjetta hugmynd um það, sem jeg vildi þá hafa sagt. (*TrÞ:* Jeg hef aðeins prentað upp kafla úr ritgerð hæstv. fjrh.). Það má vel vera; jeg les ekki blað hv. þm. (TrÞ) nema stundum, og þetta hef jeg ekki lesið. En það þýðir ekkert fyrir hv. þm. (TrÞ) að segja það, sem hann sagði, að stjórnin vildi, að fáir einir væru ríkir. Hann bætti því ekki við, en það leiðir af sjálfu sjer, að hún vilji þá, að allir hinir sjeu fátækir. Þetta eru hans orð og ekki mín, hvorki fyrir 15 árum nje nú.

Þá kem jeg að íhaldsbrjefinu svo nefnda. Þar bar hv. þm. (TrÞ) fram endilausa staðleysu um það, að með brjefi þessu hefði stjórnin verið að banna bændum að ráðast í framkvæmdir. Vegna þess að verið er að endurtaka þetta, skal jeg nú gera það, sem jeg hefði átt að gera strax, er þessi fásinna kom hjer fram, sem sje að lesa hjer upp þau ummæli brjefsins, sem komið hafa þessu af stað. Inngangsinn þarf jeg ekki að lesa, því að hann er eingöngu um orðsending bankanna til viðskiftamanna sinna —:

„Jafnframt því að tilkynna þetta vill ráðuneytið hjer með brýna fyrir öllum bæjarstjórnum, sýslunefndum og hreppsnefndum að forðast að stofna til nýrra skulda, en leggja sem allra mesta áherslu á að færa niður þær skuldir, er nú hvíla á þessum sveitarfjelögum".

(*TrÞ:* Var þetta ekki brýnt fyrir togarafjelögunum?). Hvaðan hefir nú háttv. þm. Str. (TrÞ) það, að í þessu brjefi sje stjórnin að banna bændum að ráðast í framkvæmdir? Slíkt er ekki annað en tómur uppspuni. Alt tal hans um miskunnarlaust íhald gagnvart bændum er tómur reykur.

Háttv. þm. (TrÞ) talaði enn um togarakaup, og jeg skil af öllu, sem þessi háttv. þm. segir um þetta, að það er grundvallað á skilningsleysi hans á því, hvernig yfir höfuð unt sje að ná í lánsfje hjer á landi. Hann er sjálfur endurskoðandi Landsbankans, og jeg get sagt það, að hvorugur bankinn hefir veitt fje til togarakaupa, nema í einu tilfelli, og þá í þeim vændum að bjarga vafasamri skuld. Jeg skora nú á hv. þm. sem endurskoðanda Landsbankans, ef þetta er ekki rjett, að gefa mjer þá embættislega skýrslu um það, hvaða fje bankinn hafi lánað til togarakaupa.

Því næst talaði hv. þm. (TrÞ) bæði um búnaðarlánadeildina og frv. um ræktunarsjóð Íslands, og kvað, að með lögunum um búnaðarlánadeildina hefði verið sjeð fyrir nægu fje til lána handa bændum. Þetta er skakt. Með búnaðarlánadeildinni var ekki sjeð fyrir fje, heldur var tekið það ráð að heimta það af einni lánsstofnun, að hún legði fram fjeð. En nú stóð svo á í október síðastl., þegar til mála kom að stofna deildina, að þá var það alveg óvenjuvel sannanlegt, að ekkert fje var til í Landsbankanum til þess að lána. En á sama tíma voru keyptir 10 togarar. Hvernig stóð á þessu? Vandræðin eru þau að fá hv. þm. (TrÞ) til þess að skilja það, að það er unt að fá fje til fyrirtækja, þó að hvorugur bankinn hafi fje að lána. Fje til togarakaupa má fá með sölu hlutabrjefa, og fje til ræktunarsjóðs með sölu vaxtabrjefa. Og sú leið er altaf

fær, ef á annað borð nokkurt fje er hægt að fá. En að fá fje hjá einstökum stofnunum er ekki hægt, nema stofnunin hafi það til. Þetta með togarakaupin er góð bending til þeirra, sem ekki hafa athugað það áður, að sú leið er til að útvega sjer fje, að snúa sjer beint til þeirra manna, sem eiga fje til ávöxtunar.

Þá sagði hv. þm. (TrÞ), að eftir ræktunarsjóðsfrv. stjórnarinnar yrði ekki um neina „móbíla“ peninga að gera. Þessu vísa jeg til baka. Því hefir verið lýst yfir, að stofnuninni yrði trygt handbært fje, eins mikið og farið var fram á af búnaðarfjelagsnefndinni. Þá sagði hann, að vextirnir mundu verða 7—8%, og vitnaði enn í Reykjavíkurvaxtabrjefin. En jeg get sagt hv. þm. (TrÞ) það, að í kringum áramót síðastliðin seldi jeg ca. 300 þús. kr. í vaxtabrjefum fyrir 6%, og brjefin seldi jeg á 97, af því að eigandinn fór ekki fram á hærra verð, en jeg hefði líklega eins vel getað selt þau við nafnverði. Það eru heldur engin rök fyrir því, að vextir þurfi að vera svona háir, þó að Reykjavík, sem dregst með nokkuð miklar skuldir, þurfi að borga svo háa vexti.

Þá bar hv. þm. fram þrjár spurningar, sem sumar a. m. k. fálu í sjer fleiri, og skal jeg svara einni þeirra strax. En af því tvær þeirra snerta mál, sem efalaust verða til umræðu hjer síðar, þá svara jeg þeim ekki nú. En fyrstu spurningunni, hvort jeg vilji afnema nefskatta og lækka tolla, svara jeg hiklaust því, að eins og nú stendur á, vil jeg enga nefskatta afnema og enga tolla lækka, meðan hagur ríkissjóðs er þannig, að hann þarf á öllu sínu að halda. En hvað síðar megi gera, er úr greiðist um fjárhag ríkissjóðs, — og ef tekst að greiða lausaskuldirnar, — um það vil jeg ekkert bollaleggja nú. Til þess gefst nógur tími síðar.

Aftan í þessar spurningar hnýtti háttv. þm. því, hvort jeg vildi taka meginið af tekjum ríkisins með tekju- og eignarskatti. Það má einu gilda í þessu efni, hvað jeg vil og hvað jeg vil ekki. Hitt er víst, að það er ekki unt með tekju- og eignarskatti að ná miklu meiri tekjum en eftir núgildandi lögum. Og jeg get bent á það, að yfirhöfuð hafa tekjurnar af þessum lið orðið mun minni en ráð var fyrir gert á þingi 1921, þegar þessi lög voru sett.

Hv. þm. Str. (TrÞ) endaði ræðu sína á því að lýsa því, hver munur væri á afstöðu sinni og stjórnarinnar í ýmsum greinum. Hann kom fram sem ákærandi, sem yfirheyrði stjórnina, og bjóst við því, að hún segði ekki satt og neitaði sök. Jeg segi ekki um það, hvort háttv. þm. gerði ráð fyrir þessu af skírskotun til annars eða frá eigin brjósti, er eiginlega virðist sjaldgæft um þann háttv. þm., sem oftast tilfærir alt orðrjett frá öðrum án þess að halla máli. En það verð jeg að segja, að það er nokkuð óvenjuleg aðstaða, ef hv. þm. finst hann vera bæði ákærandi og yfirheyrandi í einu. Ætti þá að vísu alt að koma fram við yfirheyrsluna, sem athugavert þykir. Og get jeg ekki annað en látið í ljós ánægju mína yfir því, hve lítið þessi ákærandi og yfirheyrandi hefir um að spyrja, hvað það er ómerkilegt, og langt frá því að stjórnin þurfi að dylja nokkuð af sínum gerðum, sem vitanlega er ekki heldur hægt, þar sem hv. þm. eiga aðgang að öllum upplýsingum um slíkt, sem þeir kunna að æskja. *(TrÞ:* Ekki að Krossanesi). Það hefir verið sagt hjer áður, og er best að segja það enn, svo að það megi festast í minni háttv. þm. Str. (TrÞ) og annara hv. þm., að bæði honum og öðrum þm. er velkomið að fá öll skjöl, er það mál snerta, lánuð í stjórnarráðinu, svo að það þýðir ekkert að segja þetta.

Jeg ætla svo að enda með þeirri illgirnislegu ósk til hv. þm. Str. (TrÞ), að það verði jafnvandlifað eftirleiðis fyrir hann sem stjórnmálamann eins og hann hefir nú játað, að væri vandlifað fyrir sig sem stjórnarandstæðing.

Jakob Möller: Það er eins og það mælist einhvernveginn einna verst fyrir að vera mildur í orðum við hæstv. stjórn. Og það, sem mest bar á í ræðu hæstv. atvrh. (MG), var kvörtunin yfir því, hvað andstæðingarnir færu mjúkum höndum um hana. Út í frá hefi jeg einnig orðið hins sama var, og menn hafa kveðið sterkt að orði um það, hvað andstæðingarnir væru vægir í sókn sinni gegn stjórninni. Satt að segja veit jeg ekki, af hverju þetta er svo illa sjeð. En helst dettur manni í hug, að þessu sje eins varið og í fjelagsskap Hróa Hattar, en þar þótti ósæmilegt að skjóta á sitjandi fugla. Og segja mætti um hæstv. stjórn það sama, sem förukonurnar sögðu Hallgerði á Hlíðarenda um athafnir Bergþóru, að hún hefði „stritast við að sitja.“ Meina jeg það ekki svo mjög í þinglegri merkingu, heldur verklegri. Því að það leynir sjer ekki, að helsta stefnumál stjórnarinnar hefir verið það, að gera sem minst. En þegar svo er, þá er þess ekki að vænta, að gerðar verði mjög svæsnar árásir á aðgerðir stjórnarinnar, heldur verður það aðgerðaleysi hennar, sem fyrst og fremst verður fundið að. Enda hafa umræðurnar sýnt fram á þetta.

Undanfarna daga hefir einmitt eitt mál verið rætt, þar sem mjög hefir verið sett út á aðgerðaleysi hæstv. stjórnar. Og sök hennar þar hygg jeg líka, að sje sú þyngsta, sem fundin verði. Hinsvegar er það líka eftirtektarvert, að þar sem borið hefir verið lof á hæstv. stjórn, þá hefir það undantekningarlítið verið „negativt“. Jeg hefi t. d. ekki heyrt henni hrósað fyrir annað meira en það, hve varlega hún hafi áætlað í fjárlagafrv. fyrir 1926. — Hún hefir m. ö. o. verið lofuð hástöfum fyrir það snjallræði, að áætla einn tekjuliðinn helmingi minni en hann getur orðið minstur. Yfirleitt má þá segja, að þó lítið verði fundið að gerðum hæstv. stjórnar, þá sje ennþá minna hægt að finna henni til lofs.

En það, sem kom mjer til þess að fara að tala nú, voru nokkur ummæli, sem hrutu af vörum hæstv. atvrh. (MG) og sem hæstv. fjrh. (JÞ) tók upp eftir honum. Það var í sambandi við Krossanesmálið, sem hann sagði, að þeir, sem legðust á móti till. hv. þm. Dala. (BJ), þeir væru um leið á móti því, að lögleg rannsókn færi fram í málinu. Jeg hygg, að hæstv. ráðherra (MG) hafi raunar ekki sagt þetta vegna þess, að hann viti ekki sjálfur, hvers vegna jeg og aðrir greiddu atkv. móti þeirri till. Hún var að mínum dómi einhver sú fráleitasta, sem orðið gat, að efni til, ekki síst að því leyti, sem hún benti stjórninni á þá hæpnu leið, að hún ætti ekki að eiga frumkvæði að því, að hafist væri handa í málum sem þessum, þannig, að þó að upp komi mál og á allra vitorði sje, að glæpsamlegt atferli hafi átt sjer stað og fjárdráttur af svívirðilegasta tægi hafi verið framinn, þá eigi stjórnin ekki að láta neina rannsókn fram fara, nema því aðeins, að kæra berist henni. Orðalag till. er líka svo einstaklega álappalegt og alt öðruvísi en vænta mátti af hv. flm. (BJ). Í till. er þess vænst, að hafin sje rannsókn, ef þess verður æskt. Það er ekki auðvelt að sjá,

hvað háttv. þm. (BJ) meinar með þessu. Verður varla annað fundið út úr því en það, að sakamálsrannsókn í málum skuli ekki hafin, nema kæra komi frá þeim, er skaða hafa beðið við hið glæpsamlega atferli. Það var þetta, sem andstæðingar till. gátu ekki felt sig við. Og nú vil jeg segja það, að ef slík stefna festi hjer rætur, þá væri orðin hrappalleg afturför í rjettarfari þessa lands frá því, er það þó stóð lægst. Sagan hermir það, að um aldamótin 1600 var hjer danskur höfuðsmaður, sem hvorki þurfti ósk nje kæru frá neinum hlutaðeigendum til þess að sækja til sekta og fá dæmdan sökudólg, er brotið hafði lögin og haft ójöfnuð í frammi. Þetta var, eins og jeg tók fram, danskur embættismaður, en hann taldi sjer þó skylt að eiga frumkvæði að því að hefjast handa. Nú á hjer að innleiða þá venju að láta alla slíka sökudólga óáreitta, nema því aðeins, að kæra komi fram. Það er sannarlega athugavert þetta vaxandi virðingarleysi fyrir lögum og rjetti í landinu, og stefnir síst til bóta í því efni framkoma stjórnarinnar í jafnalvarlegu máli eins og Krossanesmálinu. Nei, stjórnin leggur áreiðanlega ekki hart að sjer til þess að tryggja og efla rjettarverndina í landinu. Hún skýtur sjer undan rannsókn í Krossanesmálinu undir því yfirskyni, að till. um hana væri sama og rannsókn á hæstv. stjórn — þvert ofan í yfirlýsingar þeirra manna, er æsktu rannsóknarinnar. Hæstv. stjórn hefir gert þá grein fyrir þessu máli, að vafasamt væri, hvort rannsaka ætti það frekar, og þess vegna telur hún vissast að láta það niður falla! Það er vel skiljanlegt, hversu mikla athygli þetta mál hefir vakið um land alt. Almannarómur er sá, að hjer hafi lögbrot átt sjer stað, sem sje þess eðlis, að ósæmilegt sje að láta það óátalið. Því sama er haldið fram af helmingi þm. í þessari hv. deild. Í till. kom ekkert fram nema það, að þingið fengi að rannsaka, hvort ástæða væri til að aðhafast eitthvað frekar í málinu. Hvort hæstv. stjórn slyppi ómeidd af því, hlaut auðvitað að fara eftir málavöxtum. Hafi hún hreinar hendur, var sannarlega engin ástæða fyrir hana að óttast. Æðsti vörður laga og rjettar í landinu er vitanlega hæstv. dómsmálaráðherra (JM). Jeg öfunda hann ekki af þeim dómi, sem þjóðin fellir að maklegleikum yfir stjórn hans, ef hún ætlar að stuðla að því, að sú regla komist á, að stjórnin eigi aldrei að grípa í taumana, hversu mikið sem við liggur, nema kæra komi um það frá einstaklingum. Engum blöðum er um það að fletta, að í þessu máli hafi hæstv. stjórn unnið sjer mest til óhelgi. Það er ekki þar með sagt, að hún hafi ekki í mörgum öðrum tilfellum vanrækt að hafa skylt eftirlit með því, að lögum landsins væri fylgt sem skyldi. T. d. hefir í dag orðið upplýst um enn eitt atriði í sambandi við Krossanesmálið. Á jeg þar við tekjuskattinn, sem verksmiðjunni hefir verið gert að greiða. Vantar mikið á, að lögunum hafi verið fylgt í því efni svo sem vera ber. Það hefir sem sje komist upp, að skatturinn hefir ekki verið lagður á samkvæmt tekjuframtali verksmiðjunnar sjálfrar, heldur eftir mati skattanefndarinnar í hreppnum, og væri ekkert við það að athuga, ef ekki væri það upplýst, að verksmiðjan hefir fastan samning um það, hve mikið hún eigi að greiða til hreppsins, og er ekki ólíklegt, að það hafi áhrif á skattanefndina. En slíkt er þvert ofan í lög og á ekki að líðast, og er bein skylda hæstv. stjórnar að sjá um, að slíkt eigi sjer ekki stað.

En eins og margtekið hefir verið fram,

þá hefir hæstv. stjórn lagt alt sitt ofurkapp á að kæfa þetta mál. En sannast að segja hefir hún unnið lítið á við það. Frá því að sitja við yfirlýst traust og hlutleysi ákveðins meiri hluta þessarar háttv. deildar, þá er nú svo komið, að hún situr við það minsta traust, sem nokkur stjórn getur látið sjer nægja, sem sje helming atkvæða í hv. deild, að meðtöldum atkvæðum sjálfra ráðherranna. Bendir þetta óneitanlega á, að hæstv. stjórn hafi viljað öllu fórna til að fá mál þetta kæft. Og þá þýðir heldur ekki að leyna því, að það gefur ekki aðeins hv. þm., heldur öllum landslýð í skyn, að hæstv. stjórn viti sig berskjaldaða fyrir rannsókn í málinu.

En það versta, sem hægt er að vinna nokkurri þjóð, og það gæfulausasta verk, sem framið verður af nokkurri stjórn, er það, að stuðla að niðurdrepi virðingar manna og trausts á lögum og rjetti. Hvert sinn, sem einhverjum er látið haldast uppi nokkuð það, sem fer í bága við lög og rjett, þá er öllum öðrum um leið gefið undir fótinn með það, að virða lög landsins og rjettarfar að vettugi. Og það er skylda hins háa Alþingis að benda hæstv. stjórn á þetta, þegar hún sjer það ekki að öðrum kosti.

Jeg tel alt annað, sem hæstv. stjórn hefir verið fundið til foráttu, smáræði hjá þessu, sem jeg nú hefi nefnt. Og jeg tel það varla þess vert, að þeim aðfinslum sje hreyft, þegar nýbúið er að útkljá stórmál sem þetta á þann veg, sem gert hefir verið. Það ber líka engan árangur hvort sem er, þó að verið sje að elta uppi ýmislegt, sem aflaga hefir farið hjá hæstv. stjórn. Hún skellir áreiðanlega skolleyrum við því öllu saman.

Jeg skal heldur ekki tala um mörg slík mál. En á eitt þeirra hefir þó verið minst lítilfjörlega hjer í deildinni, og það er framkvæmd innflutningshaftanna síðastl. ár. Um það hefir verið deilt, hve áhrifamikil afskifti stjórnarinnar hafi verið í því máli, og niðurstaðan orðið sú, að hæstv. stjórn hafi togast á við sjálfa sig um framkvæmd laganna. Hefi jeg litla trú á því, að hæstv. atvrh. hafi lagt þau lóð í metaskálarnar, að jafnvægi hafi haldist.

Jeg hefi heyrt því haldið fram, að framkvæmd laganna hafi orðið á þann hátt, að einum hafi verið leyfður innflutningur, þótt öðrum hafi verið synjað innflutningsleyfis á sömu vörum á sama tíma. Út af fyrir sig er það ekki einkennilegt, þótt einhver verði á hakanum, en hitt er skringilegt, að það kemur fyrir í mörgum tilfellum um sama hlut, að einum er neitað, en öðrum leyft að flytja hann inn. Jeg skal nefna eitt dæmi. Kaupmaður nokkur sækir um leyfi til þess að flytja inn bíl, en honum var synjað um leyfi. Bíl þennan ætlaði hann að flytja inn fyrir ákveðinn mann, og sá maður fer nú til stjórnarráðsins og biður um leyfi og fær það undir eins. Þetta er ljóst dæmi þess, hvernig framkvæmd laganna hefir verið í höndum hæstv. stjórnar. Af umsókn kaupmannsins varð þó ekki annað sjeð en að um væri að ræða venjulega fólksflutningabifreið, ætlaða til þess að bæta samgöngurnar fyrir almenning, en þeirri umsókn þar neitað. En síðan var veitt leyfi til þess að flytja inn „luxus"-bifreið handa einum einstökum manni. Þarna þverbrýtur stjórnin hina einu rjettmætu hugsun, sem liggur á bak við höftin, sem sje þá að hefta innflutning á óþarfavarningi.

Það hefir mikið verið talað um sparnaðarstefnu og hæstv. stjórn þykist fylgja henni og flokkur hennar þykist hafa einkarjett á henni og sparnaði í landinu yfirleitt. Jeg veit nú ekki, hvað þessi stefna

ristir djúpt í hugarfari hæstv. stjórnar, en skal þó nefna eitt dæmi, er sannar hið gagnstæða. Á síðasta ári átti stjórnin að ráðstafa vínverslun landsins. Hún fjekk tilboð frá manni um að taka að sjer forstöðu verslunarinnar fyrir 14—15 þús. kr. á ári. Stjórnin hafnaði því tilboði, en veitti forstöðuna öðrum með 20 þús. kr. lágmarkslaunum. Hæstv. stjórn vildi ekki spara þá.

Jeg sagði þegar, að jeg ætlaði ekki að elta ólar lengi við smáhnútur. Þó get jeg ekki látið eitt atriði óumtalað. Jeg hefi heyrt sagt, og hygg það satt vera, að stjórnin hafi gefið einstökum mönnum loforð um virkjunarleyfi á vatnsföllum. Fossamálið hefir nú verið til umræðu hjer í þinginu í nokkur ár, og virðist það yfirleitt vilji þingsins, að sjerleyfi verði ekki veitt, nema samþykki þingsins komi til. Það er því næsta merkilegt, að stjórnin skuli milli þinga, og meðan málið er ekki útkljáð, gefa fyrirheit um slík virkjunarleyfi. Stappar það nærri því, að þetta sje gerræði gagnvart þinginu.

Jeg býst nú við því, að hæstv. stjórn þyki ekki veigamikið það, sem jeg hefi sagt, en ef hún vildi láta sjer það að kenningu verða og laga framkvæmdir sínar eftir því, þætti mjer vel farið. Þessar umræður hjer eru auðvitað ekki til þess að koma stjórninni á kaldan klaka, heldur til þess, að þingmenn láti hana vita, hvað þeim finst aðfinsluvert í fari hennar.

Það er svo um margt, sem hjer hefir borið á góma, að um það má síðar tala í sambandi við önnur mál. Skal jeg því ekki fara lengra út í þetta að sinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Um þetta bifreiðarmál, er hv. 3. þm. Reykv. (JakM) nefndi, skal jeg segja eins og er. Mál þetta afgreiddist skakt. Jeg hafði skrifað neitandi svar, en í misgripum varð það játandi hjá Vigfúsi Einarssyni fulltrúa. Slíkt getur altaf komið fyrir, jafnvel hjá bestu skrifstofumönnum eins og honum.

Það, sem sami hv. þm. sagði um fossavirkjunarmálið, er ekki rjett. Ekkert leyfi hefir verið gefið, en stjórnin hefir sagt einum umsækjanda, að ef saman gengi um alla skilmála, þá mundi geta orðið af því, að leyfi fengist. Allsherjarnefnd hefir verið afhent málið, og þar geta háttv. þm. fengið að sjá, hvað í því hefir gerst.

Jeg vildi aðeins gera þessa stuttu athugasemd strax.

Ásgeir Ásgeirsson: Á þinginu í fyrra bar jeg ásamt öðrum manni fram þáltill. um að skora á landsstjórnina að hefta innflutning útlendra verkamanna. Kom okkur saman um, að slík þingsályktun mundi nægja sem heimild fyrir stjórnina. Hæstv. stjórn mun að því er virðist hafa verið á sama máli, því að bæði hreyfði hún hvorki andmælum nje viðvörun um, að þingsályktun væri ekki nægileg, og eins hefi jeg heyrt, að hæstv. stjórn hafi síðar heimilað Krossanesverksmiðjunni innflutning takmarkaðrar tölu verkamanna. Sýnir það, að hún hefir litið svo á, að heimild sje til þess í lögum að gefa út reglugerð um þetta efni, eins og þáltill. fór fram á. Framkvæmdastjórinn gerði ráð fyrir því, að hann yrði að sækja um leyfi til að hafa útlenda verkamenn, því að hann hefir búist við reglugerð. En þegar engin reglugerð kom út, hefir hann þóst laus allra mála. Og þegar útlendingar eru komnir hingað, er erfitt að gera þá afturreka. Þess vegna verð jeg að álíta, að sökin í þessu máli liggi ekki hjá framkvæmdarstjóranum í Krossanesi, held-

ur hjá hæstv. stjórn. Um eitt af þrennu hefir hún gert sig seka:

1. Að vekja ekki athygli þingsins á því í fyrra, að þál. nægði ekki, heldur þyrfti ný lög.

2. Að vanrækja að gefa út reglugerð.

3. Að leggja ekki fyrir þingið nú frv. til laga um þetta efni, fyrst hún komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að gefa út reglugerð.

Deildin fylgdi þál. í fyrra alveg óskift. Sterkur þingvilji stóð því að baki. Hæstv. forsrh. (JM) hefir sagt, að þetta mál þyrfti mikinn undirbúning. Hæstv. stjórn hefði því fremur átt að finna til þess sem sinnar skyldu að leggja frv. um atvinnuleyfi útlendinga fyrir þetta þing.

Í umræðum hjer í dag hefir því verið beint til Framsóknarflokksins, að hann hafi verið móti því, að Krossanesmálið væri rannsakað eftir landslögum og málavöxtum. Þannig á þá að nota dagskrá hv. þm. Dala.! Í orðum hæstv. atvrh. (MG) lá það, að Framsóknarflokkurinn og þeir, sem greiddu atkv. móti dagskránni, sjeu því mótfallnir, að kærur, sem koma kynnu fram, væru teknar til greina. Ætlar stjórnarflokkurinn kannske að halda því fram, að hæstv. stjórn hafi engar skyldur framar í þessu máli, hvaða kærur, sem yfir kunna að dynja, þar sem dagskráin var feld og engin áskorun samþykt til stjórnarinnar? Það væri rökrjett ályktun af þeirri fullyrðingu hæstv. ráðherra, að helmingur þingd. hafi greitt atkvæði móti því, að með málið væri farið „að landslögum og eftir málavöxtum". En það munu víst fæstir taka þá ásökun alvarlega. Dagskráin var bæði fávísleg og hættuleg. Dagskráin var fávísleg að þessu leyti, að í henni fólst yfirlýsing um, að deildin treysti því, að stjórnin myndi sinna lögmætum kærum. En hún var hættuleg að því leyti, að þar var gert ráð fyrir, að dómsmálastjórnin eigi ekkert frumkvæði að eiga um þetta mál — og þá sennilega ekki um önnur heldur. Það væri stórhættuleg meginregla, að dómsmálaráðherra eigi að vera daufur og blindur nema til hans sje kallað, að nú skuli hann opna augu og eyru. Það er sjálfsagður hlutur, að rjettvísin eigi oftlega frumkvæði án þess að nokkrar formlegar kærur sjeu fram komnar. Ef maður er myrtur, dettur vitanlega engum í hug, að rjettvísin eigi að daufheyrast, þar til einhver kæra kemur. Og svo er og um flest mál, sem marga varða — eins og t. d. þetta Krossanesmál — og kalla má opinber. Jeg minnist þess, að fyrir nokkrum árum var prestur nokkur boðinn þungum sökum í blaðagrein. Dómsmálaráðherra skipaði þegar fyrir um, að sakamálsrannsókn skyldi fram fara. Það eru fleiri en þessar þrjár leiðir, sem hæstv. forsrh. (JM) gat um, sem eiga að liggja inn í hugskot dómsmálaráðherra. Hann á að hafa fimm skilningarvit, rjett eins og aðrir menn. Hann á að sjá og heyra sem dómsmálaráðherra, engu síður en sem Jón Magnússon. Og þegar háværar ásakanir á mannfundum og í blöðum koma fram — kemst hann ekki hjá því að taka ákvörðun sem dómsmálaráðherra, þó að ákærurnar hafi borist honum inn um eyru og augu — en ekki hinar þrjár „autoriseruðu" leiðir, er hann gat um. Það verður vitanlega altaf „conduitéspursmál" hvenær honum og undirmönnum hans ber að nota rannsóknar- eða ákæruvaldið ex officio. En hann kemst þráfaldlega ekki hjá því — og á ekki að komast hjá því — að taka ákvörðun sem dómsmálaráðherra, þó að engar formlegar ákærur berist. Þess vegna greiddi Framsókn atkv. á móti dagskránni. Hún var sumpart fávísleg, sumpart hættuleg.

Krossanesmálið var þannig afgreitt fyrir tilstilli hæstv. stjórnar, að það hlýtur að verða eldhúsdagsmál. Tveir ráðherrarnir báru þær sakir á fylgismenn þáltill., að þeir væru „að mölva æru erlends manns til að geta vegið að stjórninni", eins og annar sagði, eða „ofurselja æru útlendings til að ná til stjórnarinnar". Þriðji ráðherrann lagði svo ríka áherslu á það, hversu alvarleg sakamálsrannsókn væri, að helst leit út fyrir, að hann krefðist, að vissa væri fyrir, að maður reyndist sannur að sök, þá er sakamálsrannsókn væri hafin.

Það er ekki rannsóknin sjálf, sem er hættuleg, — og að dómi bestu lögfræðinga er rannsókn ekki móðgun við neinn mann, enda þarf ekki nema heilbrigða skynsemi til að sjá það, — heldur er það niðurstaðan, sem getur orðið hættuleg. Sama var um þáltill., hún var engin móðgun við hæstv. stjórn, en niðurstaðan gat orðið hættuleg. En þótt þáltill. hefði verið samþykt, þurfti hæstv. stjórn ekkert að óttast, ef hún hefði verið sannfærð um ágæti síns málstaðar.

Því valdi, sem dómsmálaráðherra hefir til þess að skipa fyrir um sakamálsrannsóknir, má misbeita á tvennan hátt, annaðhvort með því að fara gálauslega með það, eða þá að beita því of slælega. Jeg hygg, að flestir geti orðið sammála um það, að ef ískyggilegt mál er ekki rannsakað nákvæmlega, þá sje valdinu beitt slælega. Og það er hættulegt, ef sú tilfinning kemst inn hjá mönnum, að rjettvísin dragi sig í hlje af einhverjum óskiljanlegum orsökum.

Þó að stjórninni tækist að gera Krossanesmálið að flokksmáli hjer á þingi, var það ekki og er ekki flokksmál, hvorki hjer í Reykjavík nje annarsstaðar á landinu, þar sem jeg þekki til. Jeg get í þessu sambandi bent á till., sem samþykt var á þingmálafundi í einu íhaldskjördæminu, það var í Vestmannaeyjum, og borin fram að sýslumanni Eyjanna, svo að ekki er það, sem þar hefir ráðið, að þeir, sem till. fluttu eða samþyktu, hafi hjer viljað „fótum troða æru útlends manns, til þess að geta vegið að stjórninni," eins og tveir ráðherrarnir hafa komist að orði. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn skorar á Alþingi að krefjast nákvæmrar skýrslu af stjórninni um hið svonefnda Krossanesmál, og ef fullnægjandi upplýsingar eru ekki gefnar, er rjettlæti framkomu stjórnarinnar í því, að það þá geri það í málinu, sem skýrsla stjórnarinnar gefur tilefni til."

Tillaga þessi er borin fram af Kristjáni Linnet sýslumanni, og samþykt með öllum þorra atkv. gegn þremur. Fleiri dæmi held jeg, að ekki þurfi að benda á. Þetta var ekki flokksmál áður en stjórnin tók það óheppilega ráð að gera það að „kabinet"-spursmáli. En nú mætti náttúrlega taka þetta mál upp aftur. Það kann að vera, að hæstv. stjórn hafi líkað það illa, að nefndina átti að skipa samkv. stjórnarskránni, og skal jeg að vissu leyti virða henni það til vorkunnar. Jeg hefði fyrir mitt leyti eins sætt mig við, að einhver föst þingnefnd hefði rannsakað þetta mál, og nú vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvort hún mundi ekki sætta sig við það, ef nú kæmi fram till. um að vísa þessu máli til þingnefndar, án þess að gera það að „kabinet"-spursmáli, hvort till. kæmist í nefnd eða ekki. Þá þætti mjer fullformlega frá þessu máli gengið hjer á þingi, ef stjórnin vildi lýsa yfir þessu, og þá væri komist framhjá því skeri, sem hæstv. stjórn virtist hræddust við. Jeg skal geta

þess, að það er ekki eftir samkomulagi við minn flokk, að jeg kem fram með þessa fyrirspurn, heldur af því, að mjer virðist þetta sanngjörn leið, og það er einmitt í samræmi við þá till., sem jeg las upp áðan úr íhaldskjördæminu. Þessi rannsókn, sem beðið var um, fjekst nú ekki, en í stað þess fengum við, sem fylgdum henni, það framan í okkur, að við værum að tosa ærunni af útlendum manni, og er þó öllum ljóst, að við Framsóknarmenn, og aðrir, sem till. fylgdu, höfum ekkert vald yfir æru manna, hvorki útlendra nje innlendra. Æra manna er hvít eða svört án okkar tilverknaðar. Því er fleygt framan í okkur, að við sjeum að sverta mann, þótt ekki sje annað gert en að flytja fram þær háværu kvartanir, sem komið hafa víðsvegar af landinu og í fjölda blaða. Afleiðingin af því, ef þessi till. okkar hefði náð samþykki, hefði í versta lagi orðið sú, að sakamálsrannsókn hefði verið fyrirskipuð á þennan mann, og ef æra hans er hrein í þessu efni, þá hefði það orðið lýðum ljóst og maðurinn staðið rjettari eftir en áður, en ef æra hans er svört, þá hefði þetta orðið honum til áfellis, og vafalaust stjórninni líka, vegna afskifta hennar af málinu. Ef það hefði orðið uppi á teningunum, þá á svo að vera. Það erum ekki við, sem tosum í æru þessa manns; það er rannsóknin, sem á að sýna, hvernig hún er. Önnur afskifti eiga þingflokkarnir ekki að hafa af þessu máli, og það er skylda þingflokkanna að taka svo á þessu máli. Dómsmálaráðherrann er að vísu æðsti maður á sínu sviði, en yfir honum er þó þingið, og gagnvart þinginu á hann að standa reikningsskap, gagnvart flokki sínum og andstæðingum, og svo er það í löndum, sem hafa þá stjórnarskipun, sem land vort, að þar stafar aðhaldið aðallega frá stjórnarandstæðingum, og er stjórnarandstaðan því ein af höfuðtryggingum þjóðfjelagsins. Því er það, að ef við Framsóknarmenn hefðum ekki borið fram þessa till., þá hefðum við brugðist okkar „oppositions"-skyldu, þótt það sje sagt um okkur, að við sjeum að tosa ærunni af útlendum manni. Það mætti þá alveg eins segja um lögfræðinga, að þeir tosi æruna af mönnum fyrir fáeina aura í málaflutningi sínum. Þingið hefir skyldur í þessu máli, alveg eins og rjettvísin, því að þingið hefir með höndum yfirstjórn rjettvísinnar í landinu. En þessu máli er að svo komnu lokið, því að rannsókn fjekst ekki. Stjórnin gerði þetta mál að „kabinet"-spursmáli, og með því fjekk hún því framgengt, að ekki voru greidd atkv. um till. sjálfa, heldur um traust eða vantraust á stjórnina. Jeg efast ekki um, að sumir hv. þm., sem greiddu atkv. móti till., hefðu, ef þeir hefðu verið óbundnir, greitt atkv. með till. Upp úr þessu hafði stjórnin það, að það vantraust, sem hún vildi ekki fá, er felt með 14:14 atkv., en þá vaknar önnur spurning: Ætlar hæstv. stjórn að láta sjer nægja það, að geta felt vantraust; gerir hún ekki hærri kröfur í þinginu um fylgi við sig og sín mál en að geta felt vantraust? Eða ætlar stjórnin að sýna þann manndóm að æskja eftir traustsyfirlýsingu síðar á þinginu, eða þá, sem ákjósanlegast væri: ætlar stjórnin að dæma traust sitt eftir því, hvernig frv. hennar verður tekið í þinginu? Jeg vil spyrja stjórnina um þetta, ef mörg frv. hennar verða feld eða vísað til hennar aftur, eða ekki afgreidd, ætlar hún þá að fara, eða eins og sjálfsagðast er, þegar enginn flokkur getur myndað sterka stjórn, ætlar hún þá að rjúfa þing og leggja fyrir þjóðina áhugamál sín, sem hún fær ekki samþykt? Það væri samboð-

ið þingræðisstjórn og holt fyrir stjórnmálalíf þjóðarinnar. Ef ástæða var til að taka svo í Krossanestill., að gera hana annaðhvort að trausti eða vantrausti, væri þá ekki rjettara að láta slík ummæli fylgja þeim frv., sem stjórnin ber fram? Væri ekki sæmilegra að óska þess trausts, sem liggur í fylgi við áhugamál stjórnarinnar, en að heimta, að felt sje það „vantraust", sem liggur í ósk þings og þjóðar um rannsókn á iskyggilegu máli? Í Englandi er það t. d. svo, að stjórnin gerir öll sín frv. að fráfararatriði; má segja, að alt fram að stjórn McDonalds hafi stjórnir þar gert þetta, og það mætti ekki minna vera en að „parlamentarismin" væri svo sterkur hjer, að stjórnin gerði eitthvað af sínum helstu málum að fráfararatriði. Það væri ein af þeim mestu umbótum, sem hægt væri að gera á stjórnarfarinu í okkar landi, að stjórnin legði svo mikla áherslu á helstu mál sín. Strit hinna síðustu ára við að sitja ætti að hverfa úr íslenskum stjórnmálum. Jeg vildi t. d. nefna eitt aðalmál hæstv. stjórnar, frv. það, sem hún hefir borið fram um ríkislögreglu. Ætlar hæstv. stjórn að gera það mál að fráfararatriði? Jeg skal fúslega viðurkenna það, að stjórnin virðist ekki halda frv. fram í sinni upphaflegu mynd. En þingið hefir ekki ástæðu til að halda annað en að stjórnin haldi mjög ákveðið fram þeirri till., sem kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh., um 100 manna sveit í Reykjavík og smásveitir úti um landið. Ætlar stjórnin þá ekki að leggja mikla áherslu á, að sú tillaga nái fram að ganga? Hæstv. dómsmálaráðherra (JM) hefir íhugað þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu, að framkvæmdarvald ríkisins væri ekki nógu sterkt, og að það væri jafnvel stórhættulegt að una við núverandi ástand, svo að nú þyrfti „að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í." En ef þingið segir nei, ætlar hann þá ekki að koma og segja: Gott og vel, en jeg ber ekki ábyrgðina lengur, nema því aðeins, að jeg fái að ráða þessu! Það hefir komið fram við umr., að mikil áhersla er lögð á þetta mál, og við, sem andmæltum því, reyndum að gera það eftir bestu samvisku. Okkur var líkt við götustráka og drykkjurúta, og í sjálfu stjórnarblaðinu var sagt í háði frá því, að jeg hefði í ræðu minni um málið sagt margt bæði prestslegt og kristilegt. Þetta um prestslega götustráka og kristilega drykkjurúta veit jeg að vísu ekki, hvernig ber að skilja, en það er ekki mesta alvaran við þetta mál, þó að manni verði svolítið hverft við að líta á sig með augum andstæðinganna. En einmitt þetta, sem jeg benti á, fullvissar menn um, að stjórninni er þetta mikið áhugamál, og þá vildi jeg spyrja um það, hvort þetta stórmál eigi ekki að verða „kabinet"-spursmál, eins og sú till., sem hv. þm. Str. (TrÞ) bar fram. Svo er það um öll aðalmál í öðrum löndum, þar sem stjórnmálaþroski er mestur, en hjer hefir sá manndómur ekki þekst á seinni árum. Hjer fara aldrei fram aukakosningar um mál, heldur er kosið á fjögra ára fresti um öll mál í einu, og fer þá svo stundum, að þingið verður alt í einum graut, þegar það kemur saman. Jeg held því, að sú höfuðlækning, sem íslenskt stjórnmálalíf þarfnast, sje ekki það að lengja kjörtímabilið, heldur að láta aukakosningar fara oftar fram um ýms mál. Sumar stjórnir kasta frá sjer stórum meiri hl. til þess að fá úrskurð þjóðarinnar um ýms mál. Það er sannarlega ekki það eina, sem við þurfum að gera, að setja lög og samþykt ir um ýms efni, smá og stór; hitt er líka mikils um vert, að við sköpum hollar

venjur í stjórnmálalífinu, hollar þingvenjur og holla stjórnarháttu um það, sem við eigum við að búa í framtíðinni.

Jeg kem með tvær spurningar, sem jeg legg fyrir stjórnina. Þær eru þessar: Í fyrsta lagi, hvort hún myndi ekki þola, að Krossanesmálið væri rannsakað á þann hátt, sem jeg nefndi áður, af þingnefnd, og í öðru lagi, hvort hún gerir ekki eitthvað af sínum frv., og þá aðallega ríkislögreglufrv., að fráfararatriði. Jeg vænti þess að fá ákveðið, ótvírætt svar.

Bjarni Jónsson: Það er ekkert af því að jeg ætli að gefa nein fávís svör við spurningum þess hávísa þm. (ÁÁ), sem nú lauk máli sínu, sem jeg byrja að tala, heldur af því fáránlega tiltæki, að tveir hv. þm. draga inn í eldhúsdagsumræður till., sem jeg bar fram áður. Jeg gat trúað, að háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) freistaðist til þess, af því að hann var dauður, þegar jeg bar fram till., en sá hávísi þm., sem nú settist niður, hefði átt að ræða till. þá, svo að jeg þyrfti ekki að standa upp sem einhver eldabuska, til þess að verja sjálfan mig. Það kom fyrir hjá einhverjum öðrum hv. þm., að hann rjeðst á fyrri stjórn, en það hefir ekki enn komið fyrir, að ráðist hafi verið á þingmenn, sem eru fullkomlega saklausir af að hafa nokkurn tíma sóst eftir að vera í stjórn, hvað þá heldur, að þeir hafi nokkurn tíma verið það. Já, jeg heyri, að hv. þm. Str. (TrÞ) hlær, en það er ekki vert fyrir hann að hlæja, því að hver veit, hvað verður af því, sem er í maga honum, ef hann hlær hátt og mikið.

Þessi hávísi þm. (ÁÁ), sem settist niður nú og sagði, að mín till. væri fávísleg og háskaleg, hjelt fram ýmsum skoðunum um rjettarástand í löndum og rjettarfar. Það kann að vera, að jeg sje fávís, en jeg hygg þó, að það sje ekki leið til neinnar blessunar, að farið sje að hans ráðum.

Svo stóð á, þegar jeg bar fram þá fávísu till., að þá hafði frummælandi talað fyrir till. og hæstv. atvrh. (MG) hafði svarað með því að gefa nákvæma skýrslu um það mál, sem var til umr., en jeg þekki þann mann, sem nú er atvrh., svo vel, að jeg veit, að hann lýgur ekki til, og að hann dró ekkert undan í skýrslu sinni; það veit jeg með sönnu. Og þótt nefnd hefði verið skipuð til að rannsaka stjórnina, þá hefði hún ekki komist að neinni annari niðurstöðu en þeirri, sem hann gaf munnlega. Væntanlega verður sú ræða prentuð í þingtíðindunum, svo að hún komi fyrir almennings sjónir, en hvernig hugsar sá hávísi þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um tryggingu fyrir því, að þeir menn, sem átt hafa að bíða skaða í þessu máli, fengju rjettan sinn hlut? Hann leiddi ekki huga að því, hann var ekki að hugsa um það, hann hugsaði aðeins um að rannsaka stjórnina, en, eins og jeg sagði, er sú rannsókn óþörf, og þá kom jeg með þessa till., sakir þess að það var rjett, að það kæmi fram í þinginu, að stjórnin tjáði sig fúsa til að sinna kærum um þessi mál, af því að þessar löngu og mörgu ræður hafa verið haldnar um það, að stjórnin hafi vanrækt skyldu sína um það að halda uppi lögum og rjetti. Þá gaf jeg stjórninni tækifæri til að lýsa yfir því, að slíkum kærum yrði sint. En hvers vegna ætti að gera undantekningu um þetta eina mál frá þeirri reglu í landi, að þeir, sem hafa orðið fyrir skaða, beri sig upp við dómstóla landsins, hvorki um kröfur um sakamálsrannsókn nje skaðabóta? Hvers vegna á þingið að vera ákærandi í þessu eina máli, en ekki þeir einstöku menn, sem verða fyrir órjetti? Það hefir aldrei verið síð-

ur, að þingið færi að ákæra menn, og það hefir víst komið fyrir annað eins og þetta. Það fuku þök af tveim húsum hjer í Reykjavík fyrir nokkrum dögum; það getur verið, að smiðirnir hafi brotið samninga við þann, sem þeir bygðu fyrir; hvers vegna heimtar þingið ekki rannsókn á þeim smiðum? Jeg gæti tekið fleiri tilfelli í landinu, þar sem menn þykjast vera órjetti beittir, og þá fengi þingið nóg að gera, og þá býst jeg við, að það kæmi fram, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, þegar hann var að líkja þinginu við málaflutningsmenn, sem reittu af mönnum æruna fyrir fáeina skildinga. Kannske hann álíti það bót á rjettarfarinu? Það hefir hjá okkur fávísu mönnunum ætíð verið talinn vottur þess, að ekki væru mikil brögð að afbrotum, ef enginn fæst til að kæra; þá eru ekki líkur til, að nokkur stórkostlegur órjettur sje framinn, og þessi fávísa till. mín átti að benda til þess, að mönnunum væri óhætt að koma með sínar kærur til yfirvaldanna, þeim yrði sint. Hvað vill hv. þm. (ÁÁ) meira? Hann vill ekki tryggja betur hag þeirra manna, sem urðu fyrir einhverjum óhag við þessa síldarverksmiðju, og ekki við þessa einu, heldur fleiri, sem notuðu mál, sem menn segja að væru of stór. Jeg skal trúa því og hvorki verja þær nje ásaka, en þessi till. mín, sem hv. þm. (ÁÁ) taldi fávísa, hún tryggir það, að rjetti þeirra, sem fyrir því urðu, geti ekki orðið traðkað, og þess vegna gætu þessir menn farið af stað, ef það væri af hugleysi, að þeir hefðu ekki kært áður. Annars skal jeg geta þess, viðvíkjandi þinginu sem ákæranda, að það hafa verið margir merkir málaflutningsmenn í veröldinni, bæði fyr og síðar, og meðal þeirra var Cicero. Hann flutti eitt merkilegt mál fyrir Sikileyjarbúa; annars voru allar ræður hans varnarræður, er hann hjelt í þinginu. Það eru margir menn, sem líta svo á, að það sje fremur góðs drengs verk að afsaka menn en ákæra. Þingið ætti sjerstaklega að fara varlega í þessu efni, einkum vegna þess, að engin skjalleg sönnun liggur hjer fyrir um það, að nokkur órjettur hafi verið framinn. Það hefir enn þá enginn af viðskiftamönnum þessarar verksmiðju snúið sjer til þingsins, hvorki með ákæru, umkvörtun nje beðið það hjálpar. Nokkrir einstakir þingmenn halda því að vísu fram, að maður þessi sje sannur að lögbrotum. En jeg sje ekki ástæðu til þess, að þingið fari að taka það trúanlegt, þótt einstöku þm. haldi þessu fram ósönnuðu. Ef þingið á að fara að taka slíkt hjal trúanlegt og krefjast sakamálsrannsóknar, gerir það sjálft sig að dómara um leið og það ákærir; og þingið hefir aldrei verið fært um að fara með slík mál. Jeg mun því aldrei fara svo heimskulega með mitt atkvæði að kasta því á glæ til þess að heimta rannsókn gegn manni, sem jeg hefi enga ákæru sjeð á. Maðurinn getur vel verið sekur fyrir því, en þingið á ekki að skifta sjer af algerlega órökstuddum ákærum á einstaka menn. Það væri stórkostlegt brot á rjettarvenjum í landinu, því að þetta er verk dómaranna; til þess eru þeir settir að líta eftir slíku, enda mundi þetta og leiða til þess, að rjettaröryggið í landinu yrði stórum verra og hafa hin verstu áhrif á alt rjettarfar. Þingið gæti heldur aldrei rannsakað hvorki þetta mál nje annað til hlítar. Það yrði aðeins til spillingar rjettarfars og rjettarmeðvitundar almennings, ef þingið yrði glapið svo, að það fari að skifta sjer af málum, sem það varðar ekki hót.

Þó að jeg sje fávís, mun jeg ekki biðja hinn hávísa þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um fræðslu

í þessu efni eða hvernig jeg eigi að fara með atkvæði mitt Jeg geri mig aldrei sekan í því að ljá atkvæði mitt til þess, að þingið hefji ákærur að órannsökuðu máli. Tillaga mín til rökstuddrar dagskrár var fullnægjandi til þess að rjetta við rjettarörygglð; til þess að þeir, sem áður hafa ekki haft kjark til þess að leita rjettar síns, mundu nú gera það, er þeir vissu, að því mundi verða sint. Háttv. þm. kallaði tillögu mína fávísa; gæti hann að sjálfum sjer og hvað hann hefir fram borið hjer á þingi, er hann kemur næst fyrir dóm þjóðarinnar og sinna kjósenda, þessi hávísi þingmaður.

Til hvers mundi það leiða, ef þingið gerðist opinber ákærandi? Veit hann ekki, hinn hávísi, að löggjafarvald og dómsvald er aðskilið og er alveg sitt hvað? Það lítur alls ekki út fyrir, að hinn hávísi viti þetta! Hann segir, að stjórnin muni ekki sinna kærum, þótt þær komi fram; en við hinir álítum, að stjórnin mundi jafnvel taka upp hjá sjálfri sjer að rannsaka þetta mál, þó að engin kæra kæmi fram, og þetta er enginn fávís skilningur á minni tillögu. Hann var að tala um þing nefnd, sá hávísi. Ætli þessu máli færi þá ekki líkt í þeirri nefnd eins og skólamálinu, sem var hrækt á brott með órökstuddri dagskrá.

En viðvíkjandi því, sem annar hv. þm. var áðan að vitna í söguna og nefndi sem dæmi danska höfuðsmanninn hjer á landi sem tók upp hjá sjálfum sjer að rannsaka mál, þótt ekki hefðu kærð verið. Jeg skal nefna þessum hv. þm. annað dæmi og eldra nokkuð úr okkar sögu. Jeg man ekki betur en það væri Kristján skrifari, sem tók upp hjá sjálfum sjer að rannsaka sjálfur, dæma og láta hálshöggva Jón biskup Arason og syni hans; og jeg man ekki betur en að þeir, sem drápu Kristján skrifara til hefnda eftir Jón biskup, yrðu að fara landflótta til Englands og Hollands fyrir þessu ágæta danska valdi, sem ofsótti þá, er vörðu rjett sinn. Jeg gæti nefnt háttv. þm. mörg slík dæmi og ágæt, og er jeg þó ekki sögufróður eða hávís. Jeg álít þá rjettarfarinu vel borgið, er kærum þeim verður sint, er fram koma, en hitt, að þingið fari að hlaupa upp til handa og fóta, þó að frjett berist þangað um, að einhver hafi beðið tjón í viðskiftum við annan mann, eða leggja eyru að fleipri og ósönnuðum frjettaburði, það er fávísi og ekki annað.

Jakob Möller: Það er annars merkilegt um jafnvitran mann og háttv. þm. Dala. (BJ), hversu gersneyddur hann er því að hafa sett sig inn í þetta mál. *(BJ:* Bíði háttv. þm.; jeg skal hitta hann aftur að máli). Síðasta setningin í ræðu háttv. þm. Dala. ber þess ljósastan vottinn, hversu lítið háttv. þm. skilur í þessu máli, er hann álítur þetta hjegómamál. Hjer eru margir þeir menn á þingi, sem álíta, að hjer sje um það að ræða, að framinn hafi verið hinn óskammfeilnasti fjárdráttur um langan tíma og í stórum stíl. Það má vel vera, að það sje í mörgum tilfellum ekki mikið, sem haft hafi verið af hverjum einstökum viðskiftamanni, og hjá ýmsum nemur það máske ekki meiru en svara mundi málskostnaði, ef farið væri í skaðabótamál. Hinsvegar spyr háttv. þm. Dala.: Hví kæra menn ekki? Það er af því, að menn hafa verið hræddir um, að kærur þeirra yrðu ekki teknar til greina og eins hitt, ef þær yrðu dæmdar ástæðulausar, þá getur það að hafa kært varðað við lög. Hæstv. stjórn hefir farið þann veg með þetta mál, að það er vor kunn, þótt einstakir atvinnurekendur sjeu

ragir við að höfða skaðabótamál, og ekki síst þegar ekki er um stórar upphæðir að ræða hjá hverjum einum, en háttv. þm. Dala. skilur þetta ekki fremur en annað, sem snertir þetta mál; en það, sem hann gerði eða ætlaði að gera, var það, að hann reyndi að klóra yfir gerðir stjórnarinnar. Það var það eina, sem honum var umhugað í þessu máli, og þess vegna verður hann svo æfur, er vikið er að því, hvernig þetta yfirklór hans mistókst. Háttv. þm. Dala. kvaðst engin skjöl hafa sjeð. Háttv. þm. hefir þá lokað augunum; hann veit að skjallegar yfirlýsingar eru til um málið, en hann lokar augunum af því, að hann vill ekki sjá, því að hann hugsar um það eitt að bjarga við stjórninni. (*BJ:* Hefir háttv. þm. sýnt mjer nokkur skjöl?). Jeg vjek að því í ræðu minni áðan, að það væri skýrsla hæstv. atvrh. (MG), sem hefði haft mest áhrif á mig og ráðið stefnu minni í þessu máli; en í þeirri skýrslu hæstv. ráðh. er það tekið fram, að það geti verið álitamál, hvort ekki hefði átt að höfða sakamál. Jeg hefi bygt mína skoðun á þessari skýrslu ráðherrans, en háttv. þm. Dala. vill hvorki sjá þá skýrslu nje heyra. Hann vill sem sje ekkert vita eða skilja í þessu máli.

Hversu gersamlega hv. þm. Dala. (BJ) er gersneyddur öllum skilningi á þessu máli, sjest best, er hann talar um það, að þingið taki sjer dómsvald í því, þótt það láti fara fram rannsókn, til þess að komast að niðurstöðu um það, hvort hið opinbera eigi að höfða sakamálsrannsókn. Háttv. þm. Dala. hefir jafnan þóst góður af lagaviti sínu, en þarna brást honum lögkænskan. (*BJ:* Við skulum sjá). Það er að öðru leyti óþarft að fara lengra út í ræðu háttv. þm. Dala. Jeg hygg, að flestum háttv. þingdeildarmönnum sje það fullljóst orðið, að öll hans ræða var erkiendileysa ein, því að háttv. þm. Dala. hvorki sjer það, sem rjett er í málinu, nje vill sjá það. Hann vjek að því dæmi, sem jeg tilfærði úr sögunni; jeg gerði það ekki af því að jeg væri að hæla rjettarfari 16. aldar. Jeg tók þetta dæmi aðeins til að sýna það, að til væru þó ljósdeplar innan um og að núverandi ástand okkar rjettarfars væri jafnvel að sumu leyti komið enn lengra niður á við, enda hefir háttv. þm. Dala. ekki reynt að hrekja þetta, því að hann ljet sjer nægja að snúa út úr orðum mínum. Hann veit vel, að mjer mundi aldrei koma til hugar að rjettlæta rjettarfar Dana hjer á landi á miðöldunum.

Hæstv. atvrh. (MG) þarf jeg litlu að svara. Hann sagði, að virkjunarleyfið væri bundið þeim skilyrðum, að saman gengi um ýms skilyrði, sem stjórnin setti áður en leyfið yrði veitt. Jeg álít satt, að þarna hafi stjórnin farið fulllangt. Jeg álít rangt af henni að gefa nokkurn ádrátt í þessu efni, nema samþykki þingsins komi til.

Hvað viðvíkur bifreiðarinnflutningsleyfinu, þá tek jeg það fullkomlega trúanlegt, sem hæstv atvrh. (MG) segir, að þar hafi verið um óaðgæsluyfirsjón að ræða, en trúað gæti jeg því, að fleira væri það en þetta eitt, sem farið hafi í handaskolum hjá hæstv. stjórn við framkvæmd aðflutningshaftanna. Hæstv. atvrh. dásamaði mjög innflutningshöftin og taldi, að innflutningur á ónauðsynlegum varningi hefði minkað vegna haftanna. Það getur vel rjett verið, að innflutningur allur hafi minkað að nokkru, en það er ekki innflutningshöftunum að kenna eða þakka. Aðalástæðan til þess, að innflutningurinn hefir minkað á þessum krepputímum, sem

verið hafa undanfarið, er sú, að hið erfiða árferði hefir kent mönnum að eyða minna í óþarfa en áður.

Þó að minna hafi t. d. verið eytt af súkkulaði en áður, hefi jeg þó aldrei orðið var við, að hörgull væri á þeirri vöru hjer í bænum, þrátt fyrir öll innflutningshöftin. Innflutningurinn minkaði vegna þess, að minna var notað af þessum vörum en áður. Jeg hefi t. d. heyrt, að mörg kaupfjelög hafi haft samtök um að flytja alls ekki inn súkkulaði, vegna þess að bændur notuðu það sama og ekki. Hæstv. ráðherra tók fram, að ekki væri auðvelt að hafa eftirlit með því, að einstakir menn eða fyrirtæki gerðu ekki samninga við bæjar- eða sveitarfjelög um opinber gjöld sín til þeirra. Þetta veit jeg, að er satt; en jeg tók þetta fram til þess að benda á, að þetta hefði átt sjer stað, og það jafnvel hjer í nágrenninu. *(Atvrh. MG:* Það varð ekki úr því). Hvað sem því líður, er hitt víst, að „Krossanesbóndinn" hefir skamtað sjálfur útsvar sitt til Glæsibæjarhrepps í Eyjafirði, og er því alveg sjerstök ástæða til þess að athuga tekjuskatt þessa manns í sambandi við það, er það er vitað, að hann hefir þetta vald yfir sveitarstjórninni norður þar. Því ekki er ólíklegt, að svipað gæti átt sjer stað um skattanefndina. *(Atvrh. MG:* Hann taldi ekki fram). Mjer þykir vænt um að heyra það, að þetta hefir verið brýnt fyrir skattanefnd Eyjafjarðarsýslu. Og besta ráðið gagnvart þeim mönnum, sem ekki hlýða lögunum í því að telja fram tekjur sínar og eignir, er að áætla skattinn nógu háan. Það var því enn meiri ástæða til þess, að yfirskattanefndin ljeti þetta mál til sín taka, er hún hefir vafalaust vitað, hvernig ástatt var um þennan mann, sem fer sínu fram án þess að hirða um landslög eða rjett.

Forsætisráðherra (JM): Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem í fljótu bragði sýnist ekki ástæðulaust að koma fram með í eldhúsdagsumræðum, en það er um innflutning erlendu verkamannanna á síðastliðnu sumri til Krossanesverksmiðjunnar. En ef nánara er að gáð, þá er nú þetta ekkert aðfinsluvert. Það voru nefnilega engin lög til að banna þetta. Þingsályktun sú, er hv. þm. (ÁÁ) talaði um, var bygð á rangri forsendu. En háttv. þm. taldi sök stjórnarinnar samt í þessu efni þrefalda: 1. að hafa ekki tekið við þál. um þetta efni; 2. að hafa ekki gefið út reglugerð um þetta, og 3. að hafa ekki enn komið fram með frv. eða sett lög, sem tækju yfir allan rjett erlendra manna til að reka hjer atvinnu.

Viðvíkjandi fyrsta atriðinu er það að segja, að jeg á bágt með að sjá nokkra sök í því efni hjá mjer eða minni stjórn. Þessi þáltill. var hjer á ferðinni áður en jeg tók við stjórn, og á því fyrv. stjórn líklega fremur sök í þessu efni, ef nokkur er. Í öðru lagi get jeg ekki sjeð sök hjá mjer eða tekið við ásökun fyrir það, að hafa ekki gefið út reglugerð, sem hefði verið gersamlega ólögleg. Jeg skil ekki, hvers vegna háttv. þm. notar þetta sem ásökunarefni á stjórnina, nema að því leyti, að það sýnir, hversu lítið er til að brigsla stjórninni um. Þá er þriðja ásökunin eftir — að hafa ekki komið með frv. um takmörkun á rjettindum erlendra manna til atvinnurekstrar hjer á landi. Jeg hafði áður tekið fram, að þetta væri mjög erfitt mál viðfangs. Háttv. þm. verða að hafa sínar skoðanir um það, hvað þeir álíta rjett eða sanngjarnt í þessu máli, eða hvort þeir álíta rangt að hafa ekki komið fram með umfangsmikið og vandasamt frv. um þetta efni, auk annara starfa,

þar á meðal allumfangsmikilla löggjafarstarfa annara. Jeg álít ósanngjarnt mjög að gera þessa kröfu, svo að jeg þarf ekki að ræða það frekar nú.

Háttv. þm. klykti svo út með Krossanesmálinu. Jeg hefi talað svo mikið um það áður, þegar það var til umr. sjerstaklega, svo að jeg sje ekki ástæðu til að svara þessu frekara, eða endurtaka það, sem jeg sagði þá. Jeg gæti ekki svarað öðru en því, sem jeg hefi þegar sagt.

Um árásirnar á hv. þm. Dala. (BJ) skal jeg segja það, að jeg hygg það sje einsdæmi í allri þingsögu, að ráðist er að einstökum manni á þingmannsbekk á eldhúsdegi, í stað þess að beina árásunum að stjórninni.

Annars voru ummæli háttv. þm. (ÁÁ) um Krossanesmálið í raun og veru ekkert annað en líkræða yfir hinni makalausu till. hv. þm. Str. (TrÞ) um það mál og gefa ekki tilefni til frekari andsvara, enda að langmestu leyti hið sama, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hafði áður sagt, og hefir honum verið fyllilega svarað.

Hv. þm. (ÁÁ) virtist vilja heimta það af dómsmálaráðherra, að hann væri á þönum út um alt land, til að líta eftir því, hvar brot væru framin, og fyrirskipa rjettarrannsókn út af þeim.

Jeg þekki ekki, að dómsmálaráðherra fyrirskipi sakamálsrannsókn nema í fáum tilfellum. Slíkt getur að vísu komið fyrir, en það er örsjaldan, eins og jeg hefi áður skýrt frá.

Hv. þm. (ÁÁ) kom með það dæmi, að maður væri myrtur. Heldur hann virkilega í alvöru, að dómsmálaráðherra eigi eða þurfi að fara af stað og fyrirskipa rannsókn, þegar maður er myrtur? Eða heldur hann, að lögreglustjórar sjeu yfirleitt vanir því, að spyrja dómsmálaráðuneytið, hvort þeir eigi að hefja rannsókn út af slíkum glæpum? Meðan jeg var bæjarfógeti hjer í Reykjavík kom það einu sinni fyrir, að maður var myrtur í bænum. Mjer kom satt að segja alls ekki til hugar að spyrja dómsmálaráðuneytið, hvort jeg ætti að rannsaka málið. Það tók jeg vitanlega upp hjá sjálfum mjer. Og svona er því yfirleitt varið. Það eru viðkomandi embættismenn, sem rannsaka þau mál, sem fyrir koma í þeirra umdæmi.

Eitt atriði nefndi hv. þm. enn, sem enginn hafði áður haft þrek til að nefna, enda er það svo fjarri öllu lagi. Hann sagði, að stjórninni hefði borið skylda til að láta rannsaka Krossanesmálið sjerstaklega, vegna hinna háværu ummæla um það *í blöðunum*. Heldur hv. þm. (ÁÁ), að dómsmálaráðherra eða rannsóknardómari eigi að hlaupa eftir hverjum goluþyt í blöðum landsins, eins og þau eru úr garði gerð? Nei, það er ekki vert að lengja umr. mikið með því að tala um slíka hluti.

Jeg hefi margsagt, að það verður ekki hrakið, að þar sem enginn þeirra manna, sem talið er að beðið hafi tjón vegna þess að mælikerin í Krossanesi væru of stór, hefir kært eða beðið um rannsókn, þá er það í raun og veru sönnun þess, að sjálfir viðskiftamennirnir hafi ekki álitið framkvæmdarstjóra verksmiðjunnar sekan.

Mjer finst undarlegt, að menn skuli aftur vera farnir að tala um þáltill. Framsóknarflokksins, og vil jeg ekki endurtaka oftar það, sem jeg hefi sagt um það mál. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að stjórnin hefði getað trygt sjer, að ekki yrði á hana hallað í rannsókninni samkv. þál. Jeg verð að taka undir með hv. þm. Dala. (BJ), að þar sem nákvæm skýrsla hafði verið gefin um málið, var engin

ástæða til rannsóknar að þessu leyti. Hið einasta, sem nokkurt vit var í, var till. hv. þm. Dala. (BJ) í málinu.

Á hinn bóginn skil jeg það vel, að þar sem þessi till. hv. þm. Dala. hitti naglann á höfuðið, hefir hún komið stjórnarandstæðingum illa. Þess vegna eru þeir svo reiðir. Till. sló sem sje öll vopn úr höndum þeirra.

Þeir áttu að vísu bágt með að hafa á móti því, að mál þetta yrði rannsakað eftir landslögum og málavöxtum, eins og önnur mál, en þó gerðu þeir það nú samt. Og nú sjá þeir sennilega eftir öllu saman, sjá eftir að hafa farið svo óskynsamlega að ráði sínu.

Fundarsamþyktin úr Vestmannaeyjum, sem hv. þm. (ÁÁ) vitnaði í, sýnist mjer hvorki gera til nje frá í þessu sambandi.

Eftir að þetta Krossanesmál hefir nú verið rætt hjer í hv. deild við 4 daga eldhúsdagsumræður, — því að till háttv. þm. Str. (TrÞ) var ekkert annað en inngangur að eldhúsdagsumr., — þá á að byrja á nýjan leik með því að flytja samskonar till., aðeins fella úr, að rannsóknarnefndin skuli skipuð samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Jeg verð að furða mig á því, hversu brjóstheill háttv. þm. (ÁÁ) er, að geta mælst til annars eins og þessa.

Nú hefir þingið setið á rökstólum hátt á annan mánuð og fjárlagaumræður varla byrjaðar. Auk þess bíða mýmörg stórmál afgreiðslu. Mjer virðist hv. þm. (ÁÁ) því vera furðanlega hugdjarfur, ef hann ætlar sjer enn að verja 3—4 dögum til þess að ræða Krossanesmálið.

Að vísu er ekki hægt að fyrirbyggja, að slík till. komi fram, en jeg sje ekki, hvert erindi hún á.

Hv. þm. (ÁÁ) kvað rangt að bera það á ýmsa hv. þm., að þeir væru að tosa erunni af útlendum manni með því að vilja fá Krossanesmálið rannsakað. Jeg skal ekkert um þetta atriði segja út af fyrir sig, og það er í sjálfu sjer rjett hjá honum, að það sje í rauninni ekki á valdi manna að sverta æru náunga síns. En hinsvegar er því svo varið, og framhjá því má ekki ganga, að okkar löggjöf gerir ráð fyrir og byggir á því, að hægt sje að meiða æru manna með orðum og athöfnum, hvort sem þetta er í raun og veru rjett eða ekki.

Mjer hefir aldrei til hugar komið að neita því, að dómsmálaráðherra eigi að standa þinginu reikningsskap gerða sinna, og hinu ekki heldur, að það geti verið gott fyrir landsstjórnina að eiga andstæðinga í þinginu, sjerstaklega ef þeir vildu nota þessa umr. til þess að koma með skynsamlegar aðfinslur við gerðir stjórnarinnar, eða að minsta kosti takmarka sig við að tala um athafnir hennar, eins og síður hefir verið á eldhúsdaginn.

En að nota þessa umr. til að ræða allskonar þingmál, er alveg nýr siður, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, og ekki til neins annars en tefja tíma þingsins með fánýtu hjali.

Því auðvitað geta hv. þm. tekið alt það fram, sem þeir þurfa að segja um hvert einstakt mál, þegar það verður til umr. hjer í hv. deild.

Hv. þm. (ÁÁ) talaði um, að jeg hefði gert þáltill. um Krossanesmálið að fráfararefni, ef samþ. yrði.

Þetta er ekki allskostar rjett með farið. Hitt er rjettara, að með till. fylgdu þær hótanir, að ef hún yrði ekki samþ., þá mundi koma vantraustsyfirlýsing. (*TrÞ:* Þetta er misskilningur). Nei, þetta er enginn misskilningur, og ef hv. þm. (TrÞ) heldur það, þá hefir hann misskilið sjálfan sig.

Hann sagði, að ef hv. deild samþ. ekki þáltill. hans, þá skyldi það rannsakað *á annan hátt*, hverjir hv. þm. væru stjórninni fylgjandi og hverjir ekki.

Jeg fæ ekki sjeð, hvernig það hefði mátt rannsaka á annan hátt en þann, að bera fram vantraust í einhverju formi. En ef þessi orð hv. þm. (TrÞ) verða ekki prentuð í ræðu hans, þá hefir hann bara strikað þau út.

Enda hefir sú skoðun komið í ljós hjá þeim hv. þm. Framsóknarflokksins, sem hafa talað um þetta mál, að þeir hafi búist við, að upp úr þáltill. um Krossanesmálið kæmi tækifæri til vantraustsyfirlýsingar, en ef það tækist ekki, þá skyldi reynt á annan hátt. Og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) er í fullu samræmi við þennan hugsunarhátt, þegar hann nú mælist til þess, að stjórnin geri sem flest frv. sín að fráfararefni, verði þau ekki samþykt.

Annars virðist mjer það meira en lítið undarlegt, ef hv. þm. (ÁÁ) dettur í hug, að jeg muni svara því nú, hvort stjórnin ætli að fara frá, ef nokkur einstök frv., sem síðar verða til umr. í háttv. deild, verða ekki samþykt.

Vitanlega mun stjórnin segja til í hvert skifti, hversu mikla áherslu hún leggur á framgang hinna einstöku mála, en hv. þm. (ÁÁ) getur ómögulega vonast eftir að fá allsherjaryfirlýsingar í þessu efni að sinni.

Hjer virðist mjer hv. þm. (ÁÁ) vera að leika skrípaleik langt fyrir utan allar þingreglur, auk þess, sem hann og aðrir hv. þm. hafa ráðist á einstaka þingmenn í umr. þessum, sem aldrei hefir þekst áður. Og síðan kvartar hv. þm. (ÁÁ) yfir því, að eitthvað óvirðulegt hafi staðið um hann í blöðunum. Hvað mætti jeg segja, ef það gefur tilefni til ásökunar á hendur stjórninni, að blað, sem stendur henni nærri, hefir kallað hann prestlegan í framkomu, eða eitthvað þess háttar? Nei, þetta er svo sem alt saman á sömu bókina lært.

Þá skal jeg segja örfá orð um það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði um löggæslu í landinu og virðingu manna fyrir landslögum.

Jeg býst við, að hæstv. forseti leyfi háttv. þm. að taka enn á ný til máls, ef hann finnur ástæðu til þess eftir þessa ræðu mína.

Hv. þm. (JakM) vildi halda því fram, að Krossanesmálið væri þannig vaxið, að það eitt, að ekki var fyrirskipuð sakamálsrannsókn í því áður en nokkur hafði kært, væri nóg til að drepa virðingu manna fyrir lögum og rjetti í landinu. Jeg fæ engan veginn skilið, að mál þetta geti á nokkurn hátt haft slíkar verkanir, jafnvel þó að það gæti haft einhverja fjárhagslega þýðingu fyrir nokkra menn, sem heldur er ekki víst.

Um virðingu manna fyrir landslögum yfirleitt skal jeg ekki dæma í þetta sinn. Því er oft haldið fram, að hún sje minni nú en áður, en um það verður, að mínu viti, ekkert fullyrt.

Mikið hefir verið talað um, að síðan bannlögin, sem væru skerðing á persónulegu frelsi einstaklinga, voru sett, hafi virðing manna fyrir landslögum yfirleitt farið þverrandi, eins og altaf hljóti að verða þegar lög eru sett, sem fari í bág við rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Jeg fyrir mitt leyti held, að þetta sje ekki rjett, heldur sje þessu haldið fram eingöngu af þeim mönnum, sem vilja fá bannlögin afnumin, og í því skyni einu, að fá lögin afnumin.

Hinsvegar segja bannmenn, að eftirlitsleysi með bannlögunum spilli virðingu manna fyrir landslögum, Hverju á að

trúa? Jeg held, að hvorugur hafi rjett fyrir sjer. Og svo mun þessu yfirleitt varið. Þegar menn slá því fram, að þetta eða hitt spilli virðingu landsmanna fyrir lögum og rjetti, þá eru slíkt oftast fullyrðingar, sem hafa við lítil eða engin rök að styðjast.

Alla daga hlýtur að vera einhver misbrestur á því, að allir beri tilhlýðilega virðingu fyrir landslögum, en að ástandið sje yfirleitt lakara í því efni en við er að búast, held jeg að ekki sje rjett.

Annars er það rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að oft er ekki síður ástæða til að ásaka landsstjórn fyrir aðgerðaleysi hennar en fyrir aðgerðir á einhverju sviði.

Það er þung sök á hvaða stjórn sem er, ef hún gerir sig seka í of miklu aðgerðaleysi.

Hinsvegar virtist mjer hv. þm. (JakM) komast í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann líkti núverandi stjórn við Bergþóru í sambandi við aðgerðaleysi hennar.

Ef jeg man rjett, þá segir sagan, að þessi kona hafi einmitt verið hinn umsvifa- og athafnamesti kvenskörungur, og getur stjórnin því verið ánægð með samlíkinguna að því leyti. Ekki man jeg til, að nokkurntíma hafi verið sagt um þennan kvenskörung, að hún hafi stritast við að sitja, en hv. þm. (JakM) man þetta náttúrlega alt betur en jeg.

Það er alveg rjett, að þegar menn eru settir til að gegna embættum, þar sem þarf að framkvæma margvísleg og áríðandi störf, þá er ilt að verða sakaður um aðgerðaleysi. Hjer veit jeg, að háttv. þm. (JakM) getur frómt úr flokki talað, þar sem hann gegnir mjög veglegu embætti. Hann hefir verið skipaður til að hafa eftirlit með lánsstofnunum í landinu, bönkum og sparisjóðum, og þá fyrst og fremst bönkunum.

Það er sagt, að hann hafi ekki ennþá komið til eftirlits í hvorugum bankanum hjer í Reykjavík, hvorki Landsbankanum nje Íslandsbanka. Sje þetta satt, þá er svo sem von að hv. þm. (JakM) tali djarft um aðgerðaleysi annara manna.

Jón Baldvinsson: Það var alveg óþarfi af hv. 2. þm. Rang. (KlJ) að fara að andmæla því, sem jeg vjek að í gær um kolakaup fyrverandi landsstjórnar. Í orðum mínum fólst engin árás, heldur sagði jeg blátt áfram frá því, sem fór fram, og að jeg hefði fundið að því á síðasta Alþingi, að fyrv. atvrh. hefði ekki látið landsverslunina kaupa kolin fyrir stofnanir ríkisins. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) mótmælir því harðlega, að hann hafi átt skilið ákúrur fyrir kolakaupin í fyrra, og þóttist þá hafa gert fulla grein fyrir þessari stjórnarráðstöfun. Það er nú svo. Mín skoðun á þessu hefir ekki haggast neitt við þá greinargerð. Það má vera, að meiri hl. þingsins hafi gert sig ánægðan með skýringar hans, en það sannar heldur ekki neitt, að hann hafi haft rjettara fyrir sjer en jeg.

Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir heldur ekki unnið neitt á því að fara nú að hreyfa andmælum, annað en það að gleðja hæstv. ráðh. En það færðist gleðisvipur yfir andlit þeirra, þegar hv. 2. þm. Rang. (KlJ) fór að deila á mig. Það var eins og til að draga ofurlítið athyglina frá þeim eiginlegu eldhúsdagsumræðum. Jeg ætla því ekki að ræða meira um þetta frumhlaup hv. þm., en snúa mjer að þeim atriðum, sem jeg gerði að umtalsefni í gær, og svara hæstv.

ráðh. að því leyti, sem þeir viku máli sínu til mín.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að jeg hefði farið með tómar fullyrðingar. En hafi svo verið, þá hafa þær fullyrðingar verið á rökum bygðar. Að minsta kosti varð hæstv. atvrh. að játa, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis, að ýmislegt, sem jeg spurði um í fyrri ræðu minni og mjer þótti athugavert, væri svo í raun og veru. Þannig var t. d. með kolakaup hans á síðastliðnu sumri. Hæstv. atvrh. (MG) upplýsti, að kolin hefðu verið boðin út og lægsta tilboði hefði verið tekið. Ennfremur skýrði hann frá því, að þau hefðu kostað kr. 63.75 smálestin. Við þetta hefi jeg ekki neitt að athuga að svo komnu. En hæstv. atvrh. varð að játa það, sem jeg sagði í gær, að kol þau, sem lögð voru upp í Hafnarfirði af þessum farmi og ætluð voru hælinu á Vífilsstöðum, hafi verið svo smá, að hælið hafi neitað að taka við þeim. Ennfremur játaði hæstv. atvrh. (MG), að þeir menn, sem falið hafi verið að meta kolin, hafi talið þau vera í smærra lagi. Já, þau hafa verið í smærra lagi. Hæstv. atvrh. sagði, að kolin hefðu átt að vera sálduð. En eftir þessu lítur svo út, sem þau hafi ekki verið það. Og í raun og veru staðfestir þessi skýrsla hæstv. atvrh. (MG) almannarómínn um þessi kol, en hann er sá, að þau hafi í rauninni verið nær algerlega ónotandi salli, og þó að hægt hafi verið að láta stofnanir ríkisins og strandferðaskip ríkisins svæla þeim upp, þá sannar það ekki hið gagnstæða, því að vitanlega urðu þessar stofnanir að taka kolin, ef hæstv. stjórn vildi svo vera láta. En jeg held því fram, að landsstjórnin hafi verið göbbuð í þessum kaupum, og hún átti að neita að taka við kolunum, þegar þau voru ekki eins góð og tilskilið var. Og sá embættismaður í stjórnarráðinu, sem þetta heyrir undir, vildi heldur ekki taka kolin. En þá er sagt, að hæstv. atvrh. (MG) hafi úrskurðað, að kolasalli þessi skyldi samt keyptur. En hvað sem hæft er í því, þá voru kolin keypt. Og því hefir verið fleygt — en það eru kannske illgjarnar tungur, sem tala það, — að ráðh. hafi úrskurðað, að kolin skyldi kaupa, af því stuðningsmaður stjórnarinnar átti í hlut.

En annars hefi jeg nú fengið þær upplýsingar í málinu, sem sanna það, að almannarómurinn hefir ekki logið neinu um þessi kolakaup, því að hæstv. atvrh. (MG) hefir orðið að játa, að mikill hluti kolanna hafi ekki verið nothæfur, að matsmennirnir hafi talið þau vera í smærra lagi, sem auðvitað þýðir það, að þau hafi verið sallasmá, og svo loks, að stjórnin hafi þó eftir nokkurt stímabrak úrskurðað, að þau skyldu keypt, þrátt fyrir alt. Og að fengnum þessum upplýsingum get jeg látið útrætt um þetta atriði.

Það kom eitthvað ónotalega við hæstv. atvrh. (MG), þegar jeg sagði, að stjórnin vildi undanþiggja gróðafjelög skatti. En það þýðir ekkert fyrir hæstv. atvrh. (MG) að vonskast út af því. Stjórnin hefir lagt fyrir þingið frv. um þetta, og hefi jeg áður gert það að umtalsefni. Og þó ekki sje þar gengið svo langt að undanþiggja þau öllum skatti, þá er það samt meiningin að koma meginhluta af stórgróða togarafjelaganna á síðasta ári undan skatti. Og það var þessi stefna stjórnarinnar, sem jeg átaldi. Hæstv. atvrh. (MG) verður að hafa það, hvort sem honum líkar það betur eða ver.

Þá kem jeg að innflutningshöftunum. Hæstv. atvrh. (MG) var stórreiður út af því, að jeg kallaði framkvæmd þeirra hneyksli. En jeg bætti raunar við, að framkvæmdin hefði orðið eins og jeg

bjóst við og eins og til þessa er stofnað. Jeg lýsti því á síðasta þingi, að jeg tryði ekki á framkvæmd innflutningshaftanna, og jeg sagði það jafnframt, að lögin um innflutningshöft frá 1920 væru tilvalin fyrir kaupmannastjórn til þess að geta ívilnað sínum mönnum með innflutningsleyfum. Og það liggur í því fyrst og fremst, að allir úrskurðir liggja undir stjórnina, og hún á að ákveða, hvað skuli leyft og hvað ekki, og hvenær þetta eða hitt er leyft. Enda er víst ekki erfitt að finna þess dæmi, að handahóf hafi verið í framkvæmd laganna. Þannig veit jeg til, að vara, sem bönnuð var í maí í fyrra og fullyrt var að alls ekki mundi verða leyfð, var leyfð svo að segja hverjum sem var í júní. Veit jeg vel um þetta, því að þetta kom einmitt fram um vörutegund, er jeg sótti um innflutningsleyfi á og var neitað um, en öðrum veitt leyfi skömmu síðar. Hæstv. atvrh. sagði, að jeg hefði komið með makt og miklu veldi upp í stjórnarráð og heimtað innflutningsleyfi fyrir Alþýðubrauðgerðina fyrir meira en nokkurt annað bakarí hefði fengið. Auðvitað neita jeg því ekki, að jeg hafi sótt um leyfi. Iðnfyrirtæki það, sem jeg veiti forstöðu, þarf einmitt að halda á mörgum þeim vörutegundum, sem nú er bannaður innflutningur á. En jeg fullyrði, að jeg hafi alls ekki fengið rífari leyfi en aðrir, og mörgum umsóknum mínum hefir verið neitað, svo sem dæmið sýnir, sem jeg drap á áðan. Þeim ummælum hæstv. atvrh. (MG), að jeg hafi komið með makt og miklu veldi og þóst eiga kröfu á að fá undanþágur, ætla jeg ekki að svara. Þau sýna aðeins rakaþrot hæstv. atvrh. Annars er það engin furða, þó að hæstv. atvrh. veitist erfitt að verja framkvæmd haftanna, svo mikill misbrestur sem á þeirri framkvæmd hefir verið.

Skal jeg svo í bili snúa mjer að hæstv. fjrh. (JÞ). Hann vildi neita því, að stjórnin hefði haft nokkur áhrif á það, hvaða útsvar Reykjavíkurbær legði á þetta ár.

Það er nú fyrst og fremst vitanlegt, að stjórnin hefir sent út, eða látið senda út, umburðarbrjef til bæjarstjórna, þar sem skorað er á þær að ráðast ekki í nýjar framkvæmdir. Nú er það svo, að í bæjarstjórn Reykjavíkur var það efst á baugi á síðastliðnu hausti að byggja á þessu ári nýjan barnaskóla, sem bærinn þarfnaðist mjög. Og það þótti vel gerlegt að taka mjög há útsvör í þessu skyni, sjerstaklega hjá fiskiveiðafjelögunum, sem höfðu grætt stórfje á árinu 1924. En það er ekkert launungarmál, að bæjarstjórnin fór miklu skemra í álagningunni en hún í fyrstu ætlaði, og það ekki heldur, að það voru áhrif frá stjórninni, sjerstaklega hæstv. fjrh. (JÞ), og svo frá bönkunum, sem gerðu það að verkum, að farið var lægra í útsvarsálagningu en ella mundi hafa verið gert. En auðvitað er þetta í samræmi við þá stefnu hæstv. fjrh. (JÞ), sem fram kemur í frv. hans um skattgreiðslu togarahlutafjelaganna. Alt miðað við það að ljetta sköttum af þeim, sem hæstar tekjur hafa. En með þessu hefir Reykjavíkurbær í raun og veru verið sviftur tekjum, sviftur því að fá hæfilegan hluta af stórgróðanum á árinu 1924 til nauðsynlegra og óhjákvæmilegra framkvæmda.

Jeg vil minnast nokkrum orðum á það, sem rætt hefir verið um skipun aðstoðar manns í hagstofunni. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að það hefði verið með fullu samkomulagi við þann mann, sem veitingu hafði fyrir því starfi, að embættið var auglýst og veitt. Jeg hefi hjer í höndum brjef þau, sem fóru í milli hæstv. fjrh. (JÞ) og þessa manns, sem hjer um ræðir.

Og í svarbrjefinu mótmælir maðurinn því, að hann sje sviftur veitingunni fyrir aðstoðarmannsstarfinu, og vitnar til þess, að sjer hafi verið veitt starfið undir þeim kringumstæðum, að vitanlegt hafi verið, að hann mundi ekki setjast í það fyrst um sinn. Síðan fer hann fram á umhugsunarfrest til vors, en við það var ekki komandi. Hæstv. fjrh. (JÞ) heimtar svarið innan fárra daga. Var þetta því ósanngjarnara, sem blöð Íhaldsflokksins eru stöðugt að japla á því, að þessum manni verði af pólitískum ástæðum vikið úr starfi því, sem hann nú gegnir við landsverslunina. Og hinsvegar er verið að tala um að leggja þessa stofnun niður. En hvort svo yrði eða ekki, gat hann fyrst vitað með vorinu, eða í þinglok nú. En sem sagt, hæstv. fjrh. (JÞ) vildi engan frest veita, heldur ónýtti veitinguna og veitti starfið af nýju. Þykir mjer hæstv. fjrh. (JÞ) hafa sýnt hina mestu ósanngirni í þessu máli.

Jeg vjek að því í ræðu í gær, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefði traðkað, eða ætlað að traðka, þjóðræðinu, með því að fresta að setja á fót búnaðarlánadeildina eða hætta við að stofna hana. Hæstv. ráðherra (JÞ) mótmælti þessu í dag, sagði, að það væri ekki rjett, stjórnin hefði framkvæmt lögin um búnaðarlánadeildina. En sú framkvæmd er að minsta kosti ekki eins og Alþingi ætlaðist til. Lögin áttu að ganga í gildi 1. júlí 1924, og seinni hluta ársins átti búnaðarlánadeildin að fá tiltekna fjárhæð úr Landsbankanum og taka til starfa. En þetta var ekki gert. Jeg veit ekki, hvort hæstv. fjrh. (JÞ) getur forsvarað sig með því, að hann hafi ætlað að koma búnaðarlánadeildinni á seinna, en hvort sem hann reynir að hanga á þeim bláþræði eða ekki, þá er það víst, að hann gekk hjer í rauninni á snið við vilja Alþingis. Þess vegna var það, að jeg sagði fyr, að ef stjórnirnar tækju þann sið upp, að virða vilja Alþingis að vettugi, þá væri það háskalegt, ef óheillatillagan um fækkun þinga yrði samþykt, því að hún leiddi ekki til annars en þess, að stjórnunum gæfist miklu meira vald og svigrúm til þess að ganga á snið við þingviljann. Að þessu leyti kom þessi till. til breytingar á stjórnarskránni umr. við, þótt hæstv. fjrh. (JÞ) teldi ekki svo vera. Með því fyrirkomulagi er lagt meira vald í hendur stjórnarinnar, og að sama skapi minka áhrif Alþingis um framkvæmdir og aðgerðir stjórnarinnar. Þetta má með fullum rökum setja í samband hvað við annað, því að víst er það, að þegar hæstv. fjrh. (JÞ) ljet búnaðarlánadeildina taka til starfa viku áður en þing kom saman, þá sýnist það aðeins gert til málamyndar og yfirklórs, og ef þing væri ekki haldið nema annaðhvert ár, þá hefði með fullum líkum og rökum mátt segja, að búnaðarlánadeildin mundi ekki hafa verið sett á stofn fyr en 7. febr. 1926, eða viku áður en þing þá kæmi saman, sem alt færi eftir því, hvernig stæði á gufuskipaferðum, því að hæstv. stjórn virðist ætla að haga því svo framvegis, að samkomudagur þingsins verði ákveðinn eftir áætlunum póstskipanna, en ekki eftir stjórnarskránni.

Þá var það annað mál, sem jeg mintist á og snerti hæstv. fjrh. (JÞ). Það var gengismálið. Raunar þarf jeg ekki nú að fara um það mörgum orðum. Við erum ekkert ósammála um það, hvernig þetta hefir gengið til, enda er það upplýst, heldur um það, hvað hefir gerst. Það er sem sje játað af hæstv. fjrh. (JÞ), að stjórnin hafi með aukinni seðlaútgáfu

komið í veg fyrir, að íslensk króna hækkaði eins ört og efni stóðu til í góðærinu 1924. Þetta er vítavert, því að með þessu hefir stjórnin komið í veg fyrir, að einmitt verkalýðurinn, sá hluti þjóðarinnar, sem alla björgina hefir dregið á land, hefði þau not af þeirri verðlækkun, sem orðið hefði, ef íslenska krónan hefði hækkað í verði eins og vera bar. Nú hefir hæstv. ráðh. (JÞ) lýst því yfir, að stjórnin hafi komið í veg fyrir hækkun krónunnar með aukinni seðlaútgáfu, sem hæstv. ráðh. (JÞ) kallar „nauðsynlegar ráðstafanir". Að vísu hefir hæstv. ráðherra reynt að skjóta sjer bak við gengisnefndina, en í lögunum um starf þessarar nefndar er það tekið fram, að hún eigi að bera tillögur sínar undir fjármálaráðherra, og jeg á bágt með að trúa, að gengisnefndin hafi gert neitt án þess að hún hafi að minsta kosti borið það undir hæstv. fjrh. (JÞ). Ætla jeg því, að hæstv. fjrh. geti á engan hátt skotið sjer undan ábyrgðinni með því að bera gengisnefndina fyrir þessu máli.

Þá kem jeg að síðustu spurningu minni til hæstv. fjrh. (JÞ), en hún var sú, hvaða tekjuskatt Krossanesverksmiðjan hefði greitt 1924 af árstekjum sínum 1923. Það er nú upplýst í málinu, sem jeg raunar vissi ekki áður, að verksmiðjan hefir ekki fylgt þeim ákvæðum skattalaganna að telja fram tekjur sínar, heldur hefir, eins og þá hlaut að verða, undirskattanefnd viðkomandi hrepps áætlað tekjurnar og gert verksmiðjunni að greiða skatt af 125 þús. kr. Einn ræðumaður sagði í dag, að það hefði orðið að samkomulagi milli hreppsfjelagsins og verksmiðjunnar, hvaða útsvar hún skyldi greiða. Hvað sem um það er, þá er að minsta kosti ekki trúlegt, að verksmiðjan hafi samið um tekjuskattinn. En skattgreiðslan af tekjunum kemur ekki heim við það, sem margir fullyrða, að verksmiðjan hafi átt að greiða, því að það er fullyrt af nafngreindum mönnum, og haft eftir erlendum blöðum, sem þóttust þekkja reikninga verksmiðjunnar þetta ár, að tekjur hennar hafi að minsta kosti verði 750 þús. krónur. Þetta, ásamt öðru fleira, sýnist benda á, að hjer sje ekki alt með feldu.

Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður, og verður ekki við honum gert nema ef þetta væri tekið til skifta; þá býst jeg við, að það yrði tekið úr búinu. *(Fjrh. JÞ:* Því miður ekki hægt). Það voru mjög eftirtektarverð ummæli, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hafði í þessu sambandi, sjerstaklega vegna þess, að svo mikill tími þingsins hefir nú gengið í það fyrir hæstv. stjórn að verja þennan Krossanesmann fyrir því, sem hún kallar árásir á æru hans; því var það mjög eftirtektarvert, er hæstv. fjrh. sagði, að hann hefði nú beðið undirskattanefnd Glæsibæjarhrepps að hafa sjerstakar gætur á þessu framvegis. Sýnir það, að hæstv. fjrh. telur, að athuga þurfi þennan náunga og svo kunni að vera, að hann sje ekki svo saklaus og virðast kynni eftir þær umr., sem hjer hafa fram farið, og þær ályktanir, sem hjer hafa verið feldar.

Svo get jeg látið lokið máli mínu, en áður en jeg sest niður vildi jeg örlítið víkja að því aðalmáli, sem rætt hefir verið um í dag og undanfarna daga, og hefir jafnframt verið eitt aðalumræðuefni landsmanna síðan í fyrrasumar, að hæstv. atvrh. (MG) kom að Krossanesi. Það hefir mikið verið talað um, að þessir einstaklingar, sem litu svo á, að þeir hefðu verið sviknir af Krossanesverksmiðjunni og orðið fyrir skaða í viðskiftunum, ættu

rjett á að fara í skaðabótamál. Og hefir þetta verið fært fram sem aðalafsökunin fyrir því, að hæstv. stjórn hefir ekki hafist handa í málinu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) lýsti því nú dálítið í dag, hve erfitt og kostnaðarsamt það er fyrir einstaka menn að leggja út í slík mál. Mjer hefir líka verið sagt, að maður hafi verið á Akureyri í sumar, sem hafi verið staðráðinn í að stefna verksmiðjunni, en þegar hann kom til þess eina nothæfa málaflutningsmanns, sem til er þar á staðnum, þá var þessi málaflutningsmaður þegar upptekinn sem verjandi eða fastur starfsmaður Krossanesverksmiðjunnar. En að þessir menn hafa ekki farið í mál, þótt þeir telji sig hafa fullar ástæður til, gæti líka ekki að litlu leyti stafað af því, að hæstv. stjórn, eða hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir hennar munn — því mjer dettur nefnilega ekki í hug, að hæstv. atvrh. (MG) hafi nokkurt skref stigið nje orð talað í málinu án þess að bera sig saman við hæstv. forsrh. (JM) — er þegar búin að segja í viðtali við norðanblöðin, að hún álíti ekki, að hjer sje um sviksamlegt athæfi að ræða, og að Krossanesmaðurinn hafi yfirleitt ekki fengið meira en hann átti að fá, þrátt fyrir stóru síldarmálin. Eftir að hæstv. stjórn er búin að segja þetta opinberlega, skyldi enginn furða sig á, þó að menn hiki við að fara í mál, því að óneitanlega hlýtur þessi yfirlýsing hæstv. stjórnar að draga mikið úr þeim. Mjer finst því fullkomin ástæða til, að Alþingi skerist í málið, því að sýnilegt er, að einstaklingarnir þora ekki að reka rjettar síns.

Þetta vildi jeg benda á, því að það hefir ekki komið fyr fram í umr.

Það afsakar og mikið, að einstaklingarnir hafa ekki ráðist í kostnaðarsöm mál, að allra hugir hafa beinst að Alþingi og menn hafa ætlað, að það myndi gera ráðstafanir, sem duga myndu til að reka rjettar landsmanna, ef hann hefði verið fyrir borð borinn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) var nú svo mjúkur í máli, líklega af því að jeg tók duglega í hann í dag, að jeg get verið mjög rólegur í svari mínu. Háttv. þm. (JBald) var enn að tala um kolin og sagði, að aðalgallinn væri sá, að ekki hefði verið hætt við að taka þau. Veit hann ef til vill ekki, að í farminum voru miklu meiri kol en þau, sem landsstjórnin átti, og þó að þessi kol væru tekin í Hafnarfirði, þá var nóg eftir handa landsstofnununum. Og þau kol voru síðan metin af dómkvöddum mönnum, og var því ekki hægt að komast hjá því að taka þau samkvæmt samningi. Háttv. þm. sagði, að skrifstofustjórinn hefði ekki viljað taka þau. Það er rjett að því leyti, að skrifstofustjórinn vildi ekki taka við þeim fyr en komið var námuskírteini um þau og mat á þeim, en þá gat hann auðvitað ekki hafnað þeim.

Hv. þm. (JBald) sagði, að illar tungur segðu, að kolin hefðu verið tekin vegna pólitískra viðskifta við seljandann. Gott var það, að hann sagði, að illar tungur hvísluðu þessu; hann dæmdi þá sína tungu um leið, því að hann tók það að minsta kosti upp.

Út af innflutningshöftunum þarf jeg ekki að deila við hv. þm. (JBald), því að hann sagði, að framkvæmd laganna myndi hafa verið eins góð og hægt hefði verið, en lögin sjálf væru slæm. Fer þá sök mín að minka, því að vitanlega er það

Alþingi, sem lögin hefir sett, en ekki jeg einn.

Hv. þm. vildi ekki beinlínis neita því, að hann hefði komið með makt og miklu veldi upp í stjórnarráð og sagt, að hann þyrfti miklar undanþágur, því að sitt bakarí væri stórt og dygðu engir smámunir, einkum væri kökugerðin afarmikil, og þess vegna væri og rjettur hans auðsær. Hvort hann fór fram á stærri undanþágur en aðrir, veit hv. þm. ekkert um, því að hann mun ekki hafa sjeð neinar skýrslur um undanþágubeiðnirnar. En jeg get sagt hv. þm. (JBald) það, að hann fór lengra í beiðnum sínum en eigendur annara brauðgerðarhúsa gerðu.

Hv. þm. (JBald) talaði um, að það væri gott fyrir kaupmannastjórn að hafa slík lög, því að þau væru tilvalin til þess að gera upp á milli manna. En jeg verð nú að segja, að jeg þekki ekki markið á kaupmönnunum, svo að jeg viti, hverjir fylgja stjórninni og hverjir ekki, þótt hv. þm. (JBald) kannske geri það. Hann var að tala um þetta undarlega fyrirbrigði, að það, sem bannað hefði verið í maí, hefði verið leyft í júní, en jeg hefi áður tekið það fram, að þetta er mjög eðlilegt, þegar verið er að slaka á klónni.

Hv. þm. (JBald) vildi halda því fram, að sú skoðun hans væri alveg rjett, að eftir stjfrv. væru gróðafjelögin undanþegin skatti. En þegar talað er um, að einhverjir sjeu undanþegnir skatti, þá þýðir það, að þeir hinir sömu sjeu skattfrjálsir. Það vildi háttv. þm. þó ekki segja, heldur, að fjelögin væru undanþegin aðeins nokkrum hluta af skattinum. En þá er þetta orðalag aðeins Jesúítamórall, sem hefir verið notaður í þeim tilgangi einum að leiða afvega þá, sem ekki hafa haft færi á að setja sig inn í málið.

Út af Krossanesmálunum sagði hv. þm. (JBald), að það væri ekki undarlegt, þó að menn vildu ekki fara í mál eftir að ráðherrann hefði lýst því yfir, að ekki væri um sviksamlegt athæfi að ræða. Hann skilur ekki enn muninn á einkamáli og sakamáli. Með því að segja, að eitthvað sje ekki sviksamlegt er aðeins sagt, að það sje ekki hegningarvert, en ekkert sagt um það, hvort ekki geti verið um skaðabótamál að ræða. *(JBald:* Það fer saman hjer). Hv. þm. hefir ekki vit á að dæma um þetta; hann þekkir ekki til málanna, enda hefir hann aldrei við slík mál fengist.

Hv. þm. (JBald) var að tala um, hve dýrt væri að fara í mál fyrir mann á Akureyri við annan í sama lögsagnarumdæmi. Þetta nær ekki nokkurri átt. Hitt er og heldur ekki rjett, að aðeins sje einn lögfræðingur á Akureyri. Þeir eru að minsta kosti tveir. Annars er nú búið að tala svo mikið um þetta mál, að jeg hjelt, að það væri útrætt eftir þessar fjögra daga umræður, en hv. þm. (JBald) þóttist nú hafa gert alveg nýja uppgötvun, sem þó var ekki annað en það, sem margsinnis er búið að segja áður af mörgum, og þegar hefir oft verið svarað. Hún var nú ekki spánýrri en það þessi mikla uppgötvun hans.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg veit ekki nema það sje of mikil harðneskja af mjer að fara nú að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald) rjett ofan í kollega minn. En fyrst svo verður samt að vera, mun jeg reyna að vera mildur við hann, því að hann á nú lítinn kost andsvara, þar sem hann er búinn að tala tvisvar.

Um stórgróðafjelögin ætla jeg ekki að ræða nú. samkvæmt þeirri reglu, sem jeg hefi áður sagt, að jeg hafi sett mjer. Það

mál verður sjálft hjer til umr. væntanlega innan fárra daga, og þá ætla jeg að leyfa mjer að sýna bæði hv. þm. (JBald) og öðrum fram á það með órækum rökum, að það, sem farið er fram á í stjfrv., er ekki annað en það að bæta að litlu leyti úr þeim órjetti, sem það fjelag verður fyrir, sem hefir misjafna afkomu ár frá ári, miðað við annað fjelag, sem hefir jafna afkomu ár frá ári, þótt bæði fjelögin hafi sömu niðurstöðu um tiltekið árabil. Jeg held, að engum geti fundist það sanngjarnt, að af tveim fjelögum, sem hafa sama arð yfir 10 ára bil, borgi annað miklu hærri skatt af því að afkoman hefir verið misjöfn ár frá ári, og það jafnvel tapað sum árin, en hitt greiði lægri skatt af því að arðurinn var jafn öll árin.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) var að tala um, að jeg hefði gripið fram fyrir hendurnar á bæjarstjórn Reykjavíkur um útsvarsálagningar. Þetta er tómur hugarburður. Bæjarstjórnin hefir þurft leyfi landsstjórnarinnar til þess að leggja á há útsvör, en hún hefir fengið það, sem hún hefir farið fram á. Hitt getur vel verið, að eitthvert umtal hafi orðið milli gengisnefndarinnar og borgarstjórans viðvíkjandi þessari útsvarsálagning, eða rjettara sagt hinni fyrirhuguðu óvanalegu útsvarshækkun, en landsstjórnin hefir ekkert annað gert en að leyfa það, sem bæjarstjórnin, eftir að hafa íhugað ítarlega alla málavexti, fór fram á.

Þá mintist hv. þm. (JBald) á hagstofuna og tók upp þykkjuna fyrir flokksbróður sinn, sem í 7 ár hefir þar haft veiting fyrir starfi, sem hann aldrei hefir að komið. Jeg skýrði frá því, að jeg hefði sett honum tvo kosti, annan þann að láta af starfinu eða taka þegar við því, og þessa ákvörðun heimtaði jeg, að hann tæki með stuttum fyrirvara, viku eða svo. Má vel vera, að jeg hafi síðan ekki haft fult leyfi hans til þess að leysa hann frá starfinu, enda þóttist jeg þess ekki við þurfa. En jeg þóttist ekki verða annars var, er tali okkar sleit, en að hann væri ánægður með þá ákvörðun, sem tekin var. Jeg sagði honum hreinskilnislega, að jeg gæti ekki haldið stöðunni opinni í 6—8 mánuði, því að þá yrði of seint fyrir mig að gera þessa ráðstöfun, sem jeg hafði með höndum til þess að kippa í lag störfunum í hagstofunni. Jeg sagði honum, að jeg hefði enga trú á því, þó að hann ljeti af starfi sínu við landsverslun, að hann mundi lúta að jafnlágt launaðri stöðu. Hann mundi eiga betri úrkost en að setjast við 3500 kr. laun. Fanst mjer hann líta eins á þetta mál.

Viðvíkjandi búnaðarlánadeildinni endurtók hv. þm. það, að ef þing hefði verið haldið aðeins annaðhvert ár, mundi jeg ekki hafa látið búnaðarlánadeildina taka til starfa fyr en ári síðar. Jeg ætla að segja hv. þm., að íslensk tunga, sem er flestum tungum fremri, hefir eitt stutt og laggott orð yfir alt, sem hann sagði. Það er orðið *getsakir*. Hv. þm. getur sjer til og gerir úr því sakir. En getsakir hitta aldrei þann, sem þeim er stefnt að, heldur þann, sem býr þær til. Hv. þm. býr sakir á hendur sjálfum sjer, en ekki öðrum. Þá sagði hv. þm. viðvíkjandi hækkun krónunnar, að jeg hefði skotið mjer á bak við gengisnefndina, og jeg gæti ekki skotið mjer undan ábyrgð, nema bregða gengisnefndinni fyrir mig. Jeg verð að reyna að koma hv. þm. í skilning um, að gengisskráningunni, sem með lögum er falin gengisnefndinni, er ekki hægt að skjóta til æðra valds. Hv. þm. hefði eins getað sagt, að jeg hefði skotið mjer á bak skattanefnd Eyjafjarðarsýslu, þegar jeg

sagði, að hún ætti hæsta úrskurðarvald um skattálagningu þar. Nefndin framkvæmir skráninguna fullkomlega upp á sína ábyrgð. Það, sem lögin ætla fjármálaráðuneytinu, er alt annað en gengisskráningin. Jeg endurtek það, að jeg tel mjer og hverri stjórn skylt að gera þær ráðstafanir, sem framkvæmanlegar eru til þess, að það gengi haldist, sem nefndin ákveður. En hún hefir æðsta vald í því efni. En framkvæmd á ákvæðum hennar er auðvitað þeim skilyrðum bundin, að hægt sje að halda uppi því gengi, sem hún ákveður. Annars rekur hún sig á.

Um tekjuskatt Krossanesverksmiðjunnar skal jeg bæta því við, að jeg veit ekki til þess, að verksmiðjan í sambandi við það mál hafi brotið nein lög. Það er ekki talið lagabrot hjer á landi, þó að menn telji ekki fram tekjur sínar. Það er ætlast til, að undirskattanefnd geri svo hátt gjald, að ríkissjóður bíði ekki halla af, þó að ekki sje talið fram.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal taka það fram strax, að jeg æskti ekki af hæstv. forseta að fá að gera stutta athugasemd til þess að svara hæstv. ráðherrum. Eftir að þeir höfðu allir staðið upp og svarað ræðu minni, gerði jeg ekki ráð fyrir að svara þeim aftur. Auðvitað ber margt á milli, en slíkt er alvanalegt á eldhúsdaginn, og hæstv. ráðherrum til hróss skal jeg taka það fram, að þeir hafa ekki nú a. m. k. misnotað þá aðstöðu sína að mega tala eftir vild, þar sem jeg hafði talað eins oft og jeg mátti. Jeg kvaddi mjer hljóðs til þess að bera af mjer sakir. Hv. þm. Dala. (BJ) beindi til mín ummælum, sem jeg verð að bera af mjer. En áður en jeg rökstyð það, sem jeg segi í því sambandi, vil jeg skjóta því til stuðningsmanna stjórnarinnar, að þeir hegða sjer eins og góðum stjórnarflokki ber. Þeir hafa látið málin hlutlaus, en lofað hæstv. stjórn að standa fyrir svörum. Sá einn, sem nú er kallaður heiðursfjelagi Íhaldsflokksins og lífakkeri stjórnarinnar, sá, sem bjargaði hæstv. stjórn í Krossanesmálinu, hann gekk fram fyrir skjöldu og reyndi að verja hæstv. stjórn.

Allir, sem lesið hafa kirkjusögu, vita, að þegar menn skifta um átrúnað, verða þeir ákaflega heitir, þegar þeir fara að verja sína nýju stefnu. Jeg hygg, að þar sje skýringin á því, að hv. þm. Dala. (BJ), heiðursfjelagi Íhaldsins, fann hvöt hjá sjer til þess að ganga fram fyrir skjöldu og þvo hendur sínar.

Háttv. þm. bar þungar sakir á okkur, sem viljum fá Krossanesmálið rannsakað. Hann kallaði óheyrilegt, að við skyldum dirfast að óska þess, að nefnd væri skipuð, og taldi það ganga glæpi næst.

Jeg skal nú stuttlega gera grein fyrir því, hvernig hv. þm. verður reyk, þar sem hann reynir að breiða yfir framkomu sína með því að snúa sök á hendur okkur og láta sýnast, að við sjeum að fara fram á eitthvað óheyrilegt.

Við stöndum hjer á góðum grundvelli. Það hefir áður komið fram tillaga á Alþingi um að rannsaka gerðir stjórnarinnar og einstakra manna. Frægast er dæmi frá 1911. Þá var það, að einn af þeim mönnum, sem nú er dómari í hæstarjetti (L. H. B.), bar fram till. í Ed. um, að skipuð væri rannsóknarnefnd, og sú till. var samþykt í deildinni, ekki einungis af andstæðingum stjórnarinnar, heldur einnig af sumum stuðningsmönnum hennar. Auk dómarans, sem jeg nefndi, sat þar og framdi yfirheyrslur einn þm., sem enn á sæti hjer í hv. deild, hv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Hv. þm. Dala. á ekki að vera þetta ókunnugt, því að hann, sem þá var

viðskiftaráðunautur, var einn af þeim, sem yfirheyrður var, og veit því, hvernig slík nefnd starfar. En sá er munurinn á þeirri nefndarskipun og minni tillögu, að þá var þetta mál flutt með ákaflega miklum gusti, og fjellu mjög þung ummæli í garð þáverandi ráðherra. Jeg hefi hlustað á umræður á Alþingi síðan jeg var ungur, en jeg man ekki eftir að hafa heyrt þar harðari umræður en þá fóru fram á milli ráðherra og dómarans, sem jeg nefndi. Samt voru það stuðningsmenn stjórnarinnar, sem þá greiddu atkv. með því, að nefnd yrði skipuð. Þá voru margir þingmenn yfirheyrðir, m. a. var æskt eftir skýrslu frá núverandi atvinnumálaráðherra, og gaf hann þá skýrslu. Þá kom líka fram tillaga í neðri deild um að rannsaka Landsbankamálið, og voru það 3 af helstu stuðningsmönnum stjórnarinnar, sem þá tillögu báru fram. Jeg tel víst, að hv. þm. Dala. hafi greitt atkvæði með þeirri nefndarskipun. Að vísu verður það ekki sjeð með vissu, því að nafnakall var ekki viðhaft. En mótatkvæði voru aðeins fjögur, og þar sem fyrsti maður nefndarinnar varð hæstv. núverandi forseti þessarar deildar, má líklegt telja, að hv. þm. Dala. hafi kosið þennan flokksbróður sinn í nefndina. Í þessa nefnd var einnig kosinn hæstv. núverandi forseti sameinaðs þings (JóhJóh).

Jeg veit ekki, hvort hæstv. atvrh. (MG) hefir verið yfirheyrður þá, en hann var einn af þeim, sem gaf skýrslu. *(Atvrh. MG:* Nei, nei). Í plöggum nefndarinnar er skýrsla frá honum viðvíkjandi innheimtu og tryggingu á láni frá Landsbankanum. Á þessum grundvelli þykir mjer merkilegt, að hv. þm. Dala. (BJ) skuli leyfa sjer að halda því fram, að það sje nálega glæpur af okkur að fara fram á rannsókn. Það skýtur nokkuð skökku við hjá hv. þm. frá því, sem áður var, þar sem jeg tók fram, að einn mikilsmetinn maður, forseti Fiskifjelagsins, hefði fengið þann vitnisburð hjá verksmiðjueigendunum í Krossanesi, að hann væri opinber ósannindamaður. Það er norskur maður, sem stimplar þannig einn mikilsmetinn landa okkar. Þá tel jeg mitt hlutskifti betra, þar sem jeg vil rjetta æru þessa manns gegn ásökunum útlendingsins. Það verður ekki dregið í efa, að jeg stend á föstum grundvelli, þegar jeg vil, án allrar harðneskju, fara þessa leið, meðal annars til þess að rjetta hluta forseta Fiskifjelagsins.

Loks skal jeg segja eitt orð við hv. þm. Dala. út af því, sem hann vildi gera aðaðalatriði í dagskránni, og sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir farið um maklega hörðum orðum. Jeg hefi rjett nýskeð talað við Akureyri og veit nú, að það er sama sem búið að höfða skaðabótamál gegn verksmiðjunni. Það var því alt út í hött, sem hv. þm. sagði, og kom ekkert málinu við.

Bernharð Stefánsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að leggja neitt til þessara mála. En af því að háttv. þm. eru nú farnir að halda eldhúsdag yfir kjósendum mínum, ætla jeg að gera örstutta athugasemd. Jeg mótmæli því, að hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi hafi gert samning við Krossanesverksmiðjuna um, hvað hún skuli borga í útsvar. Þetta, að verksmiðjan kærir og það verður samkomulag að færa útsvarið niður, og hreppsnefndin leggur svo útsvar á verksmiðjuna síðastl. haust í samræmi við það, sem var í fyrra, — það getur ekki kallast samningur. Hreppsnefndin mun alls ekki bundin við þetta framvegis. Einn háttv. þm. tók fram, að úr því

hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi hefði gert samning við forstöðumann verksmiðjunnar um útsvarið, þá væri ekkert líklegra en að hann hefði komist að samkomulagi við skattanefndina líka. Því hefir verið haldið fram, að tekjur verksmiðjunnar muni hafa verið miklu hærri en gefið er upp á skattaskrá hreppsins. En jeg er sannfærður um, að ef svo er, þá er það fyrir þá ástæðu eina, að skattanefndin hefir ekki getað aflað sjer nægilegra gagna til þess að vita með vissu um tekjur verksmiðjunnar. Jeg þori að fullyrða, að nefndin hefir ekki vísvitandi viljað svíkja landssjóð um rjettmætar tekjur, og jeg álít mjög óviðeigandi að slá svona ummælum fram um fjarstadda menn. Það er skiljanlegt, að bændum í sveit, sem ekkert þekkja til verksmiðjurekstrar, geti skjátlast í þessu efni, þó þeir vilji gera alt sem rjettast. En að um samninga hafi verið að ræða, kemur ekki til neinna mála. Verð jeg algerlega að mótmæla slíkum getsökum.

Úr því jeg er staðinn upp, ætla jeg að leiðrjetta aðra missögn. Hæstv. fjrh (JÞ) mintist á, að undarlegt væri, að menn úr Hornafirði og víðar af landinu væru að óska eftir rannsókn í þessu máli, en þeir, sem næst byggju verksmiðjunni og kunnugastir væru, nefndu þetta ekki á nafn. Jeg skal upplýsa það, sem háttv. þm. gæti þó verið kunnugt, þar sem sjá má það svart á hvítu hjer í lestrarsalnum, að á þingmálafundi í kjördæmi mínu var samþykt að skora á Alþingi að rannsaka Krossanesmálið ítarlega. Urðu fyrst skiftar skoðanir um það, hvernig orða skyldi tillöguna, og vildu sumir kveða allhart að orði, en niðurstaðan varð sú, að fundurinn skoraði mjög eindregið á þingið, að það ljeti rannsaka málið til hlítar. Greiddi jafnvel einn eindreginn stuðningsmaður stjórnarinnar þessari tillögu fúslega atkvæði sitt. —

Það var tekið fram í umr. af mjer, að rannsókn hlyti að verða, samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar, enda hefði það aldrei getað orðið nema til góðs, frá hvaða sjónarmiði, sem á það er litið, að málið upplýstist sem best.

Út í eldhúsverkin ætla jeg ekki að fara. Það er orðið framorðið, og jeg vil ekki tefja tímann með því.

Hákon Kristófersson: Jeg hafði í upphafi hugsað mjer að sitja hjá þessum eldhúsdagsumr., eins og jeg hefi raunar gert áður í því umræðuþvargi, sem átt hefir sjer stað í hinum ýmsu málum, og er að mínu áliti með öllu óþarft. Þegar jeg nú legg saman í huga mínum, hvað mikill tími hefir farið til þess að ræða um tóbakseinkasöluna, varalögregluna og hið svonefnda Krossanesmál, og nú að síðustu í eldhúsverkin, sem ekki er þó annað en margendurtekin þvæla um sömu málin upp aftur og aftur, þá telst mjer svo til, að muni samtals nema hálfum mánuði, og eftir dómi þar um kunnugra manna telst mjer svo til, að þetta muni kosta um 26 þús. krónur, þegar miðað er við, hvað þingið kostar á dag. En ef maður dregur nú frá þeirri upphæð það, sem ætla mætti, að fullkomlega þingleg afgreiðsla þessara mála hefði mátt kosta, t. d. 4 þús. kr. í mesta máta, þá hafa farið í algerðan óþarfa um 22 þús. kr. Alþingistíðindin munu best sýna það á sínum tíma, hverjir hjer hafa verið mest að verki og þar af leiðandi mestri eyðslu valdið. En út í þetta ætla jeg ekki að fara frekar að sinni, heldur snúa mjer að því málefni, sem aðallega kom mjer til

þess að standa upp að þessu sinni, sem sje þessi fræga Krossanestillaga, sem borin hefir verið fram af hv. þm. Str. (TrÞ) og valdið hefir þriggja daga umr. hjer í deildinni, en er þó enn á ný undin inn í eldhúsdagsumræðurnar, og samhliða því haldið áfram hinum mjög svo ósanngjörnu og ómaklegu og ósönnu aðdróttunum og getsökum í garð okkar fhaldsmanna, út af aðstöðu okkar gagnvart þingsályktunartillögunni. Það skal jeg þó þegar taka fram, að af öllum þeim rakaleysum, sem fram hafa verið bornar því máli til stuðnings, virtist mjer þó allra ljettvægast og síst viðeigandi það, sem fram kom í síðustu ræðu hv. flm. (TrÞ), og allra síst hefði jeg búist við því, að hann myndi á þann hátt, sem hann gerði, draga Björn sál. Jónsson, fyrrum ráðherra, inn í þessar eldhúsdagsumr. Og það vil jeg leyfa mjer að fullyrða, að ekki muni leika á tveim tungum um það meðal þjóðarinnar, að framkoma sú, er Alþingi sýndi 1911 gagnvart Birni sál. Jónssyni, þá aldurhnignum og heilsubiluðum manni, var síður en svo til sóma, og færi betur á því, að slíkt endurtæki sig ekki. Viðkomandi því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) tók fram, að þá hefði hv. þm. Dala. (BJ) verið meðal þeirra, sem studdu að því að skipa rannsóknarnefnd á þáverandi ráðherra, en hafi nú með rökstuddri dagskrá viljað bægja frá Krossanesþáltill., verð jeg að segja það, að jeg tel sama hv. þm. Dala. (BJ) meiri en ella, er hann vill eigi taka þátt í slíku nú, enda þykist jeg þess vís, að hann hafi eftir á sjeð missmíði á framkomu sinni 1911.

Jeg sagðist hafa ætlað að sitja hjá þessum löngu umr., en af því að Krossanesumr. hafa nú endurtekið sig, með öllum sínum aðdróttunum til okkar fhaldsmanna, finn jeg ástæðu til að gera grein fyrir aðstöðu minni og atkv. til þess máls, og þó að nú sje komið fram á nótt, sje jeg ekki eftir þeim að hlusta á mig fáeinar mínútur, sem mest hafa vaðið elginn í því máli.

Eins og rjettilega hefir verið tekið fram af þeim hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), þá hefir mál þetta vakið mikið umtal úti um land.

En af hverju?

Af því að blöðin, sem málið hafa tekið til meðferðar, hafa skýrt svo frá öllum málavöxtum, að menn hafa hugsað sem svo: Ætli hæstv. stjórn hafi nú eitthvað mistekist þarna? Svo er að minsta kosti í mínu kjördæmi, því að þar hafa menn einna mest gefið gaum að því, sem um mál þetta hefir verið ritað í einu allvíðlesnu blaði, sem heitir „Tíminn", þó það hinsvegar sje mjög þekt að því að fara á snið við sannleikann, þegar það þykist þurfa að ráðast á andstæðinga sína.

Jeg skal þegar taka það fram, að jeg treysti mjer ekki til að verja gerðir hæstv. stjórnar í máli þessu á fundum, sem haldnir voru fyrir þing í vetur í mínu kjördæmi, þó jeg fyrir mitt leyti væri sannfærður um, að stjórnin mundi alls ekki ámælisverð fyrir afskifti hennar af málinu. Til þess var jeg málavöxtum of ókunnugur, því að vitanlega gat jeg ekki bygt neinar ályktanir á því, sem andstöðublöð stjórnarinnar höfðu um málið ritað.

En síðan jeg kom hingað suður og hefi kynst öllum málavöxtum, en sjerstaklega þó eftir að hafa hlustað á hina mjög svo ítarlegu og rökumstuddu ræðu, er hæstv. atvrh. (MG) flutti hjer í deild-

inni, er jeg fullkomlega sannfærður um, að öll framkoma hans í þessu máli hefir verið hin hreinlegasta, eins og líka við mátti búast af hans hálfu, og jeg get bætt því við, að í hans sporum hefði jeg gert alt hið sama.

Jeg býst við, eftir því áliti sem jeg hefi á hv. þm. Str. (TrÞ), að hann hafi frekar í ógáti en vísvitandi fært málið úr rjettu lagi og afbakað í blaði sínu, og eins og fram hefir komið, fært afskifti stjórnarinnar á versta veg. Um flutning málsins hjer í deild skal jeg láta ódæmt. Það sýna Alþt. best á sínum tíma. Jeg leyfi mjer ekki að taka eins mikið dómsvald yfir gerðum annara eins og sumir hv. þm. hafa gert, enda efast jeg um, að sanngirnismælikvarði sumra þessara hv. þm., sem þeir leggja á gerðir andstæðinga sinna, sje löggiltur. Og hvort það sje af rjettlætishvöt eða öðrum ástæðum, sem mál þetta er fram borið í þinginu, skal jeg láta ósagt um. Það verða þeir, sem hlut eiga að máli, að gera upp við sína eigin samvisku.

En það verð jeg að segja, að mjer er óskiljanlegt með öllu, að hv. þm. skyldu ekki geta sameinað sig um dagskrártill. þá, sem hv. þm. Dala. (BJ) bar fram í Krossanesmálinu. Ef þeim mönnum, sem standa að hinni svonefndu Krossanestill., gekk það eitt til að bera hana fram að fá því til vegar komið, að þeim, sem að þeirra dómi hefðu orðið fyrir halla af síldarsölunni í Krossanesi, yrði það bætt að nokkru eða öllu leyti, þá hefði mátt ætla, að þeir hefðu getað aðhylst dagskrártill., þar sem hún tók það beint fram, að rannsókn skyldi hafin í málinu, ef einn eða fleiri viðskiftamenn verksmiðjunnar gerðu kröfur til þess. En ef hún aftur á móti var borin fram í því skyni að bregða fæti fyrir hæstv. stjórn, þá var ekki þess að vænta, að þeir, sem stóðu að þáltill., gætu fallist á dagskrána.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði í þessu sambandi, að hv. þm. Dala. (BJ) hefði ekki lesið þau skjöl, sem fyrir lægju. *(JakM:* Það var hv. þm. Dala., sem sagði það). Jeg efast heldur ekki um, að háttv. þingmaður Dala. (BJ) fari hjer rjett með, því að það mun vera fyrir honum eins og mjer, að hann hafði fyrir þing aðeins sjeð ummæli blaðanna, en þau eru reyndar svo hál, að eftir þeim er ekki farandi, og vona jeg, að hv. 3. þm. Reykv. verði mjer sammála um það, þegar jeg bendi honum á, þó ekki sje nema aðeins eitt dæmi af mörgum.

Fyrir nokkrum árum stóðu í blaði, — sem að dómi hv. 3. þm. Reykv. er sjálfsagt merkilegt blað — eftirtektarverð ummæli um þáverandi og núverandi forsrh., sem fóru í þá átt, ef sönn hefðu reynst, að stappaði nærri landráðum. Þá þekti jeg hæstv. forsrh. minna en jeg geri nú, og mjer varð á að hugsa: „Er Jón Magnússon virkilega svona vondur maður?“ Þessu tók hæstv. forsrh. með stillingu, þegar hann fór inn á málið í hv. deild; jeg man ekki hvort hann viðhafði orð eins og saurblað, eða því um líkt.

Nú, en 1 eða 2 dögum eftir þetta kemur blaðið út aftur, og segir þá, að hæstv. forsrh. hafi skotið sjer inn undir þinghelgina, því að annars hefði hann ekki leyft sjer að viðhafa slík orð, og var samþykt af hv. deild, samkvæmt ósk forsætisráðherra, að blaðinu skyldi heimilt að höfða mál á móti honum, ef því sýndist. En mjer er ekki kunnugt um, að blaðið færi í mál við hæstv. forsrh. En af hverju? Af því, að ritstjóri blaðsins hef-

ir eflaust sjeð, að hann hafði hlaupið á sig og farið með ósannindi, sem hann treysti sjer svo ekki til að standa við.

Þetta hefir nú átt sjer stað fyr og síðar og hjá fleiri blöðum en þessu. Jeg ætla ekki að nefna blaðsnepil, sem jeg tel langt fyrir neðan virðingu nokkurs heiðarlegs manns að fást við. En þessi blaðsnepill hefir, eins og kunnugt er, ekki látið sjer nægja að ráðast á okkur Íhaldsmenn með svívirðilegum óþverraorðum og strákslegustu getsökum í sambandi við Krossanesmálið, heldur hefir hann farið þeim óvirðingarorðum um þingið, að sem betur fer eru það einsdæmi.

Þessi litli útúrdúr var nú bara til þess að benda á, hvað sumum blöðum er gjarnt á að hlaupa á sig og fara með rangt mál.

Hvað snertir Krossanesmálið, man jeg ekki betur en að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kvæði svo fast að orði, „að það gengi ósvinnu næst að samþykkja ekki tillöguna.“ Mikil ósköp! Mig minnir, að þegar borin var fram tillaga um rannsókn á Íslandsbanka árið 1923, og þá eins og nú guð væri lofaður fyrir að til væri hæstirjettur, sem sje dómur þjóðarinnar, væru viðhöfð þessi orð. Síðan var málið borið undir þennan „hæstarjett“ — og hver varð niðurstaðan? Hún var ekki á þá leið, sem þeir menn höfðu hugsað, sem sögðu, að ósvinna væri að samþykkja ekki tillöguna. Því eins og kunnugt er, unnu andstæðingar þeirrar till. mjög glæsilegan sigur í kosningum þá, og trúa mín er, að enn mundi svo verða, mætti þjóðin sjálf leggja dóm á Krossanesmálið.

Að lokum skal jeg taka það fram, að jeg stóð ekki upp til þess að verja hæstv. stjórn, því til þess er hún fullfær sjálf, enda hefir mjer virst sífeld sókn af hennar hálfu, en ekki vörn.

Það er aðeins eitt, sem jeg vildi minnast ofurlítið á, sem sje það, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sætt ámæli út af drætti á stofnun landbúnaðarlánadeildarinnar. Jeg get ekki sjeð, að hann sje ámælisverður, með tilliti til þess, sem hann hafði hugsað sjer í málinu. Það veit vinur minn, háttv. þm. Str. (TrÞ). Við áttum „prívat“-samtal um það, og gerðum báðir ráð fyrir því í fyrra, að engar framkvæmdir yrðu á því ári. *(TrÞ:* Það er ekki rjett). Hann segir, að það sje ekki rjett. Hverjum skyldi standa nær en presti að vera sannleikans boðberi? Það er að vísu ekki vanalegt, að menn þurfi að greina stund og stað, nema í sjerstökum tilfellum. En þó ætla jeg að gera það að þessu sinni. Jeg man ekki betur en við stæðum við vegginn þarna á bak við stól hv. þm. og töluðum saman í mesta bróðerni.

Jeg hefi nú sagt þetta og þykist ekki hafa ráðist á háttv. þm. Str. (TrÞ), en hann hristir enn höfuðið! En sæmdar hans vegna mun jeg ekki segja meira, sem fram kom í samtali okkar þá. (Hlátur).

Því hefir verið haldið fram af háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að best væri fyrir hæstv. stjórn að samþykkja tillöguna. Jeg skal játa, að svo hefði mátt orða tillöguna, að ekkert hefði verið að því. En mjög hefði það verið heigulslegt af hæstv. stjórn að taka við rannsóknarnefnd á sjálfa sig. Jeg hugsa, að varla sjeu dæmi til þess, enda hjelt jeg, að hv. þm. Str. vissi, að það ljeki ekki á tveim tungum, hvert væri nú alþjóðarálit í þessu máli.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Dala. (BJ) miklu, því að

hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir gert það svo ítarlega.

Hv. þm. Dala. (BJ) er mjer reiður. Honum hefir þótt að því óvirðing, að jeg taldi dagskrá hans fávíslega. En hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og jeg höfum nú sýnt fram á, hve fávísleg hún er, og þarf jeg því ekki að fara fleiri orðum um það. Það er ekki að undra, þótt hæstv. forsrh. (JM) þætti jeg brjóta allar velsæmisreglur með því að koma nálægt hv. þm. Dala. (BJ), þegar hæstv. stjórn ber hans tillögur eins og skjöld fyrir sig. Hv. þm. Dala. var allrogginn af þessari tillögu, og er þó í henni fólgið hið argasta vantraust á þeirri stjórn, sem hann vill styðja, því að ekki er það vandi stjórnarandstæðinga að mælast til, að landsstjórn sinni þeim kærum, sem lögreglunni berast, og hefir hv. þm. Dala. (BJ) þó fundið ástæðu til þess í dagskrá sinni.

Hv. þm. Dala. (BJ) gerðist mjög vitur um hríð og vildi bera mjer á brýn, að jeg hefði ruglað saman löggjafarvaldi og dómsvaldi, en raunar stafaði vandlæting hans af því, að sjálfur blandaði hann þessu tvennu saman. Jeg veit ekki til þess, að hjer hafi verið að ræða um tillögu um að þingið tæki dómsvald í sínar hendur heldur var eftir því einu óskað, að málið væri rannsakað. Þetta hlýtur háttv. þm. Dala. að sjá, þegar dagskrármóðurinn er af honum. Sömuleiðis sagði hann, að nokkrir menn úr okkar flokki hefðu eytt 4 dögum til þess að halda því fram, að engin lögregla ætti að vera til. Þetta er ekki sagt af fávisku, heldur er það rangherni, sem honum er sjálfrátt. Hv. þm. Dala. virðist ekki bera mikið traust til þingsins. Hví tók hann þá ekki undir ósk mína um þingrof? Stjórnarflokkurinn er ekki eins sterkur og vera þarf til að fara með völdin í landinu. En fyrst hv. þm. Dala. (BJ) kveður upp dóm um hæfileika þingsins, ætti hann að vera góður stuðningsmaður slíkrar tillögu.

Hæstv. forsrh. (JM) get jeg svarað því, að jeg hefi aldrei litið svo á, að vanræksla stjórnarinnar á því að gefa út reglugerð um bann gegn innflutningi útlendinga sje nein höfuðsök. Það mun ein hin smæsta sök stjórnarinnar, sem þó ber ekki að sleppa. Jeg var aðalflutningsmaður þáltill. á síðasta þingi, og var mjer þá skyldara en öðrum að vitja rjettlætis á stjórninni um það mál. Um hitt var að vísu ástæða til að kvarta, að nokkuð hefir verið rætt um Krossanesmálið nú, því að þar er viðkvæmur blettur á stjórninni, en ekki þurfti hæstv. **ráðherra að verða hissa** á því. Það var ekki vegna þess, að jeg hafði ekki talað við umr. þess máls, að jeg vjek að því, heldur horfir það mál töluvert öðruvísi við síðan Daladagskráin kom fram, og á þeim hinum nýja grundvelli hefi jeg rætt það mál. Því það, að neita um rannsókn, er nýtt hneyksli í því máli, í viðbót við sjálft Krossaneshneykslið. Jeg geri ekki ráð fyrir, að dómsmálaráðherra fari um land alt og líti eftir löghlýðni landsmanna. Það veit hann vel, að mjer kemur ekki í hug. En jeg gerði þá kröfu til hans, að þegar hans undirmenn ljetu það undir höfuð leggjast að hefja rannsókn þar, sem ástæða er til, og hæstv. dómsmálaráðherra finst málið svo miklu varða, að hann getur ekki smeygt því fram af sjer, þá gerði jeg þá kröfu, að hann tæki sína ákvörðun einbeittlega og ljeti í ljós, að málið hefði komið til sinna kasta til úrskurðar, jafnvel þó að aldrei kæmu neinar kærur. Þegar engin sakamálsrannsókn hefir ver-

ið hafin, ber honum að geta sagt, að það sje hans eigin úrskurður, að svo skuli vera.

Hæstv. dómsmálaráðherra eignar mjer þann misskilning, að jeg hafi haldið, að þegar maður er myrtur, þá sje það dómsmálaráðherrann, sem eigi að rjúka upp. Þetta hefi jeg vitanlega aldrei sagt; auðvitað lætur hlutaðeigandi rannsóknardómari ekki undir höfuð leggjast að gera skyldu sína, þegar slíkur glæpur er framinn, en vanræki hann skyldu sína, kemur auðvitað til kasta dómsmálaráðherrans, og ef hann reynist ekki árvakur í sínu embætti, kemur til þingsins kasta. Hæstv. dómsmálaráðherra þarf ekki að nota sína miklu þekkingu á öllum þessum málum til þess að eigna okkur hinum, sem fáfróðari erum í lögvísindum, skoðanir, sem við aldrei höfum látið í ljós.

Hæstv. ráðherra taldi það fjarstæðu, að fara í málum eins og þessu að nokkru eftir því, sem blöðin segja. En jeg vildi benda honum á það, að sakamálsrannsókn hefir verið fyrirskipuð hjer fyrir ekki alllöngu út af blaðaárás, sem prestur varð fyrir. Man jeg ekki, hvort núverandi hæstv. dómsmálaráðherra gegndi þá því starfi, en mig minnir, að svo hafi verið. Getur hæstv. ráðh. leiðrjett nú þegar, ef þetta er ekki rjett. Hafi svo verið, þá er þetta honum bara til sóma. Og hafi í eitt skifti verið farið eftir blaðagreinum, þá getur hæstv. ráðherra ekki neitað, að í fleiri tilfellum þurfi að taka svo mikið tillit til þess, sem blöðin segja, að þeim og einnig almenningi sje fullnægjandi svarað með rannsókn á máli.

Hæstv. ráðh. tók þannig undir þá málaleitun mína, að Krossanestill. yrði borin fram aftur í öðru formi, að jeg skildi ofurvel, að hann er því algerlega mótfallinn að fá öll málskjöl í hendur þingnefnd til rannsóknar. Það var ekki mín ætlun að bera fram nýja till. til þess að tefja tíma þingsins. En ef hæstv. stjórn hefði viljað taka tilboði mínu, mundi hafa verið hægt að koma slíkri till. fram án þess það kostaði nokkra töf, með því að afgreiða hana til nefndar umræðulaust.

Hinni fyrirspurninni, sem jeg beindi til hæstv. forsrh. (JM), um það, hvaða frumvörp stjórnin ætlaði að gera að fráfararatriði, var ekki svarað. Þvert á móti virtist mjer hæstv. ráðh. taka það óstint upp, að spurt skyldi að slíkum hlutum. Honum fanst það líkast skrípaleik. Jeg spurði vegna þess, að ósk mín er, að hver stjórn geri það að sinni meginreglu að sitja ekki að völdum, ef hún megnar ekki að koma fram sínum stærstu málum. Jeg hygg, að stjórnin hefði hlotið virðingu af að taka upp þessa reglu. Og eigi hún það eftir, býst jeg við, að það verði henni til sóma og ekki annars. Þetta er langt frá að vera ofsókn gegn hæstv. stjórn, eins og hæstv. forsrh. virtist halda. Því að mitt ráð var í því fólgið, að stjórnin ryfi þingið, en færi ekki sjálf frá. Aðeins sendi okkur heim. Svo gæti stjórnin og þingið leitað svars hjá þjóðinni. Þetta er ekki ofsókn við stjórnina, og ekki ráð til að koma henni frá, nema hún hafi ekki með sjer meiri hluta þjóðarinnar. Því aðeins hefir hæstv. ráðh. rjett til að nefna þetta ofsókn gegn stjórninni, að hann sje hræddur um, að stjórnin hafi þjóðina ekki að baki sjer. Þessi mál og þvílík hygg jeg ekki illa til fallin að ræða á eldhúsdegi. Hefi jeg farið eftir kokkabók hæstv. fjrh. (JÞ), sem komst svo að orði, að hjer ætti að ræða alt, sem ekki er hægt að koma við að ræða í umr. um önnur mál þingsins. Jeg get fallist á, að svo sje. Og þeg-

ar er að ræða um þessar venjur, sem ekki eru bókfestar eða lögfestar, þá eru fáir dagar betur fallnir en eldhúsdagar þar til. En hæstv. forsrh. hefir kannske þótt þessi mæliker, sem jeg notaði, heldur stór fyrir stjórnina, því að hvorugri spurningu minni svaraði hann með einurð. Það er þá ekki af honum að vænta þeirrar manndáðar, sem þjóðin þráir hjá stjórnmálamönnum sínum.

Bjarni Jónsson: Þótt jeg hafi verið tekinn inn í stjórnina með nokkrum hætti hjer, býst jeg ekki við, að jeg fái sjerstök fríðindi þar að lútandi, nema þó tel jeg víst, að hæstv. forseti lofi mjer að vera ódauðlegum eins og hinum ráðherrunum, úr því að jeg á að sitja fyrir margra manna ákalsi. Jeg hugði nú, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) væri ekki svo mannýgur, að hann legði í mig, því að jeg sneiddi alveg hjá honum í minni ræðu. En hann rjeðist að mjer með allmiklum fors, og skal jeg svara honum örfáum orðum. Þó verður það ekki í áttina eins móðugt og hjá honum. Hann fann að því, sem jeg hafði sagt, að jeg hefði ekki sjeð nein sönnunargögn, sem jeg hefði getað stuðst við, sem satt er. Vildi hann því um kenna, að jeg væri blindur, sæi ekki neitt og vildi ekki sjá. Jeg hefi engin sönnunargögn sjeð, og það hefir heldur enginn boðið mjer að skoða þau. Hefði háttv. þm. komið með þau, hefði jeg verið fús til að lesa þau og taka til greina. Hann segir, að jeg sje blindur og sjái ekki neitt, en „sjálfum gott þótti", hann sjer ekki neitt sjálfur. Eins og hann hefir tekið fram í sínum mörgu ræðum, er hann sannfærður um, að maðurinn hefir framið glæp; og úr því hann veit, að stjórnin hefir vanrækt skyldu sína, — hví kemur hann þá ekki með vantraust? Það væri rjetti vegurinn. Hann gæti líka sjeð til, hvort þingið vildi ekki fallast á, að stjórnin kæmi fyrir landsdóm fyrir þetta, því hvorttveggja getur átt sjer stað, ef hans staðhæfingar eru rjettar, svo sem hann er sjálfur sannfærður um. En þetta sjer hann ekki. Hann virðist heldur ekki sjá það, að það er ekki sjerstakur heiður fyrir Alþingi að hlaupa eftir blaðagreinum og lausu tali um viðburði. Það þarf að hafa bókstaflegar sannanir fyrir hendi, ef Alþingi ætti að taka nokkra ákvörðun um málið án þess að skemma sóma sinn.

Háttv. þm. talaði um skilningsleysi mitt, þar sem jeg sagði, að þetta væri sama sem að setja þingmenn í dómarasæti, þegar þeir ákveða, hvort höfðað skuli sakamál. Hann bygði á því, að till. færi fram á rannsókn á stjórnina. Háttv. flm. (TrÞ) tók það fram, — og hann talaði stillilega um málið þangað til hann fór að svara mjer —, að af rannsókn nefndarinnar gæti það leitt, að Alþingi höfðaði sakamál. Þá er ekki um annað að ræða en að þingið ætti að taka fram fyrir hendur dómsvaldsins. Ef hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir ekki heyrt þessi orð flm. till. (TrÞ), hlýtur hann ekki eingöngu að vera sjónlaus, heldur líka heyrnarlaus, eða hann vilji þá ekki heyra nema það, sem honum þykir gott vera. Þá sagði háttv. þm., að dæmið úr Íslandssögunni hefði ekki átt við. Hann tók sitt dæmi til að sýna, hversu loflegt það væri, þegar stjórnin tæki á sig rögg og höfðaði rannsókn án þess að nokkur bæri sig upp. En dæmið sýnir líka þá hliðina, hversu illa hefir stundum farið, þegar ein stjórn sýnir svona röggsemi. Reyndar er jeg ekki svo hræddur um, að líkt geti farið á þessum dögum eins og á þeirri tíð, er Jón Arason var hálshöggv-

inn, en það getur þó ýmislegt leitt af því, að stjórnin sje of frökk að höfða sakamál. Mjer er sagt, að eftir kæru var höfðað sakamál við vinnustúlku fyrir það, að hún tók spil, jafnvel þó að húsbóndinn vildi ekkert hreyfa því. Menn muna, að vestur á fjörðum var maður nokkur tekinn fastur fyrir 25 aura reikningshalla, sem hann gat ekki gert grein fyrir. Það var ekki stjórnin, sem sótti þetta sakamál, en það voru þó menn í dómarastöðu. En þingið má vara sig á að ríða of mikið undir stjórnina; hún getur orðið of ólm í sakamálsrannsóknir.

Þá vildi hv. þm. færa rök fyrir því, að menn hefðu ekki þorað að fara í mál við verksmiðjuna, sem mundi vera af því, að það væri vafasamt, hvort það borgaði sig að fara í skaðabótamál, því að upphæðin væri ekki meiri en svo, að næmi málskostnaði. Ekki fæ jeg skilið, hvernig hann getur gert ráð fyrir vafasömu skaðabótamáli, eftir því, sem hann þykist hafa sannað, að rökin liggi í þessu máli. Veit hv. þm. ekki, að sá seki er dæmdur í málskostnað! En þótt hv. þm. hafi haft rjett fyrir sjer í þessu, að sumir hafi ekki þorað að eiga á hættu fjárhagslega um skaðabótamál, þá er þetta ekki nema einskisverður útúrdúr, sökum þess, að margir af viðskiftamönnunum voru svo sterkir á svellinu, að þeim hefði ekki hrosið hugur, þótt þeir hefðu orðið að borga málskostnað.

Þá kemur fram þessi sjóndepra hjá háttv. þm., er hann sjer ekki, að ef því er svo farið, að menn þyrðu ekki að fara í mál, þá hefði hann átt að koma með till. um, að þeir fengju gjafsókn og þyrftu því ekkert að borga, hvernig sem færi. Ein leið er enn, sem háttv. þm. sá ekki, að ef viðskiftamenn verksmiðjunnar eru eins sannfærðir um sök mannsins eins og hann er, háttv. þm., þá kostar það ekkert að kæra manninn og heimta rannsókn.

Úr því háttv. þm. ætlar að koma á eftir, ætla jeg að geyma mjer dálítinn lið sem athugasemd. *(JakM:* Við verðum þá báðir dauðir). Jeg verð líklega ódauðlegur fyrir tilstilli hv. þm. Jeg geymi þetta atriði, og hugleysi má hann kalla það, ef hann vill.

Þá er háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), Hann atyrti mig ekki, en sagði þá sögu, að maður á Akureyri, sem ætlaði í skaðabótamál, hefði ekki getað fengið málafærslumann. En áreiðanlega hefðu viðskiftamenn í Reykjavík getað fengið nóga málafærslumenn. Enda þótt stjórnin fyndi ekki neina ástæðu til sakamálsrannsóknar, þá skil jeg ekki, hvernig það ætti að stöðva skaðabótamál. Jeg býst ekki við, að menn sjeu svo lítilsigldir, að þeir hagi sjer svo eftir skoðun eins manns, jafnvel þó að hann sje í stjórn, að þeir hafi ekki þorað að kæra, ef þeir hafa ætlað sjer það.

Hv. þm. Str. (TrÞ) þóttist vera mjög móðgaður af mínum orðum, og veit jeg ekki, hvernig á því stendur. Hann kallaði mig lífakkeri og heiðursfjelaga Jónaíhaldsins, sem jeg hefi kallað. Jeg ímynda mjer, að jeg hefði vel getað fengið að vera heiðursfjelagi í Jónasar-íhaldinu, og jeg get vel trúað, að hv. þm. sárni, að jeg skyldi ekki vilja það. *(TrÞ:* Hv. þm. vildi það. Það var boðið, en ekki þegið). Vildi verða það? Hvenær þá? *(TrÞ:* Í fyrra). Háttv. fyrverandi .... má ekki fara svona með sannleikann. Jeg hefi aldrei viljað það. Mjer hefir staðið það til boða, og jeg veit, að hv. þm. Str. (TrÞ) er, eins og margir aðrir, reiður út af því, að boðinu var hafnað.

Þá vildi hv. þm. kalla mig „renegat", eða trúníðing, og vitnaði í kirkjusögu. Hvernig stendur á því, að hann, sem hefir

verið til síðustu tíma svo eldheitur heimastjórnarmaður, að hann skuli hamast eins og hann gerir á móti heimastjórninni nú? Hann, sem er svo lærður í kirkjusögu, ætti að geta sjeð, af hverju hann er svona ólmur nú.

Hv. þm. talaði mikið um það, að góðu börnin í mótstöðu-íhaldinu hans hefðu verið svo spök og setið þegjandi, en hann sagði, að jeg hefði gengið fram fyrir skjöldu til þess að verja stjórnina. Veit hann ekki, að jeg er hjer að verja sjálfan mig? Þar sem menn ráðast á mig upp úr þurru og draga mig og mínar till. inn í þessar umræður, er ekki hægt að búast við, að jeg sitji þegjandi undir ákalsi þeirra. Jeg hygg, að hv. þm. Str. (TrÞ) muni seint hitta mig svo, að jeg reyni ekki að bera mjer hönd fyrir höfuð. Það eru ósannindi, að jeg hafi talað um *útlendan* mann. Jeg veit ekki annað en að það gangi sömu lög yfir innlenda menn og útlenda.

Þá þóttist hv. þm. standa á svo góðum grundvelli með sína till., sem sje þeim grundvelli, er nefndin var skipuð á hjer á árunum og hann mintist á. Hún var einmitt skipuð á þeim grundvelli að vera hin mesta árás á stjórnina. (*TrÞ:* Borin fram af stuðningsmönnum stjórnarinnar). Málið var flutt með miklu afli og látum hjer í þinginu. Þeirri nefnd var falið að rannsaka allar gerðir þáverandi stjórnar. Einnig mig og mínar gerðir. En í Nd. var svo skipuð nefnd, sem átti að vera til hlífðar ráðherranum, sem hafði fullkominn meiri hluta í þeirri deild. Þeirri nefnd var beint að bankastjórninni en ekki landsstjórninni. Það var svar við nefndarskipuninni í Ed. Á þessum grundvelli þykist hv. þm. standa, og er þó altaf að stagast á því, að till. sín eigi ekki að vera árás á stjórnina. Jeg get frætt hv. þm. um það, að þrátt fyrir góðan vilja þeirrar nefndar, sem æfður rannsóknardómari stóð fyrir — og nú er í hæstarjetti — þá varð öll niðurstaðan *ekki neitt*. Reyndar varð dálítil niðurstaða af rannsókninni á mjer og mínum gerðum, og hún var sú, að prentaðar voru nokkrar skýrslur, sem jeg hafði sent stjórninni. — Annað gátu þeir ekki gert við mig, sem ekki var von. Það vantaði ekki viljann til að draga mig eitthvað inn í þetta, en það tókst ekki betur en svo, að upp úr því hafðist bara kostnaður við að prenta þessar skýrslur. Þær fylgja Alþt., svo hægt er að sjá, að jeg fer með rjett mál.

Fyrst sú nefnd, sem svona vel var skipuð, kom engu til leiðar, hvaða niðurstaða skyldi þá verða af því, að skipa nefnd til að rannsaka mál, sem á sínar rætur langt í burtu frá þessum bæ, og þyrfti því að fara þangað, ef menn ætluðu eitthvað að rannsaka.

Svo vill hv. þm. sanna það, að jeg hafi greitt atkvæði með þessari nefndarskipun í Nd., með því, að jeg hafi alls ekki setið mig úr færi að kjósa núverandi hæstv. forseta þessarar deildar (BSv) í nefndina. Jeg get frætt hv. þm. um það, að jeg gat vel verið á móti nefndarskipuninni og kosið samt þennan mann í nefndina, þegar búið var að samþykkja, að hún skyldi skipuð.

Þá kom hv. þm. Str. (TrÞ) að því, að forseti Fiskifjelagsins hefði verið kallaður ósannindamaður í Noregi, og telur sjálfsagt, að Alþingi blandi sjer inn í þær deilur og fari í mál vegna forsetans. Jeg hafði nú haldið Kristján Bergsson þann mann, að hann mundi bera hönd fyrir höfuð sjer, ef honum fyndist mikið við liggja um æru sína og mannorð; að hann

hefir ekki gert það, sannar best, að honum þykja meiðyrði þessi ekki miklu máli skifta.

Svo segir sami hv. þm., að nú sje að koma fram það, sem felast ætti í dagskrártill. minni. Og hvernig segist honum frá um það? Jú, hann kveðst nú vita um einhvern mann, eða máske menn, fyrir norðan, sem ætli að fara í skaðabótamál út af viðskiftunum við Krossanesverksmiðjuna. Hjer sýnir hann lögkænsku sína, eins og fyrri, og hversu vanur hann er að grauta saman því, sem ekki saman á.

Þá var hv. 2. þm. Eyf. (BSt) eitthvað að minnast á hinar mörgu þingmálafundatill., er samþyktar hefðu verið víða um land í þessu Krossanesmáli og allar væru á sömu lund. En honum gleymdist að geta þess, hvaðan till. þessar væru komnar. Jeg er vitanlega ekki kunnugur í öllum þeim kjördæmum, sem slíkar till. hafa samþykt. En þó veit jeg með fullri vissu, að í mitt kjördæmi, í Dölum vestra, eru þær komnar beina leið frá háttv. þm. Str. (TrÞ) og öðrum fleirum, sem hjálpa honum að stjórna Framsóknaríhaldinu. Það voru andstæðingar mínir og þeir, sem best hafa stutt hv. þm. Str., þegar hann hefir verið á ferð þar um Dalina, sem komu till. þessum á framfæri. Þeir hafa áður fengið ýmsar lífsreglur frá Jónasaríhaldinu, og hv. þm. Str. hefir stundum núna síðustu árin þurft að bregða sjer skyndiferðir í Dalina, þótt annan árangur hafi borið en hann gerði sjer vonir um.

Þess vegna er skiljanlegt, þótt slíkar till. verði landfleygar, sem þann veg eru sendar af 2—3 mönnum í Reykjavík á flesta eða alla þingmálafundi á landinu, en ef rekja skal til rótarinnar, sjá menn fljótt, að lítt er á rökum bygt skraf þeirra manna um þjóðarvilja, sem bygður er á slíkum till.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði eitthvað á þá leið, að till. sú, er jeg bar fram í Krossanesmálinu, hefði ekki átt að heita rökstudd dagskrá, heldur einhverju öðru nafni, er hann kunni þó ekki að nefna, sem er og heldur varla von, því að till. er borin fram samkvæmt þingsköpum Alþingis, og þau heimila ekkert annað „skráarheiti" í þessu efni. Annars má hann tala um stjórnarskrá fyrir mjer, eða framsóknarskrá, íhaldsskrá eða hverja aðra skrá, er honum hugsast að nefna, en gæta skyldi hann þá að því, að skráargatið yrði honum ekki ofvaxið.

Hann var annars rogginn af þingsályktunartillögu Framsóknaríhaldsins, en gætti þess síður, að í allri hrifninni blandaði hann saman skaðabótamáli og sakamálsrannsókn. Er því síst furða, þó að berist á hann kviðurinn aftur, er hann ruglar saman dómsvaldi og löggjafarvaldi. Það þarf ekki rannsókn til að hefja skaðabótamál, en það er dómsvaldið, sem ákveður, hvort sakamálsrannsókn skuli hafin eða ekki. Sýnir þetta best lögkænsku hv. þm., er hann kann ekki að greina í sundur löggjafarvald og dómsvald.

Þá vildi hann, þessi sami hv. þm. (Á-Á), rjúfa þing til þess að fá hreinan meiri hluta, er ráða skyldi svo, hvað gert yrði í þessu máli. Það kemur mjer ekki við, það er stjórnarinnar að úrskurða eða ákveða um, hvort þing skuli leyst upp eða ekki. En annars þykir mjer þm. þessi fullungur og lítt reyndur á þingi til þess að sendast svona umsvifalaust og að órannsökuðu máli í opinn dauðann. Auk þess eru alþingiskosningar dýrar og landi og einstaklingum kostnaðarsamar í hvert sinn, og óþarfi að stofna til þeirra svo að segja að raunalausu. Það mundi líka sýna sig, að sömu mennirnir koma aftur;

að vísu gæti skift um þm. í einum eða tveim þingsætum, en líklega yrði það sinn úr hvorum flokki. Við þessir sex sjálfstæðismenn, sem kítum nú, mundum allir koma og fylgjast að málum.

Hann taldi líka, þessi þm., hæfileika slíkrar þingnefndar ábyggilega til þess að komast að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni, er byggja mætti á, en í svari mínu til hv. þm. Str. (TrÞ) benti jeg á nefnd, sem miklu betur var skipuð en hjer getur verið um að ræða, en ekki hefði þó komist að neinni niðurstöðu. Hvað mundi þá verða um nefnd, sem kosin væri af þessum tveim aðalandstöðuflokkum þingsins?

Báðir þessir háttv. þm. eru í Jónasaríhaldinu og segja, að jeg sje reiðubúinn að styðja hvaða stjórn sem er, og hafi enda staðið nærri þeirra flokki um skeið. Það er satt, að í fyrra vildu sumir þeirra fá stuðning minn. (*TrÞ:* Við vildum ekki þiggja!). Nei, Jónasaríhaldið vildi ekki stuðning minn; flokkurinn þóttist svo sterkur, að hann taldi sig geta bjargast hjálparlaust. En raunin varð þó önnur.

Þegar svo við borð lá, að landið yrði stjórnlaust, og Jónasaríhaldið að gefast upp, sneri jeg mjer til hins íhaldsins og bauð því stuðning minn. Það má hver lá mjer þetta, sem vill. Jeg gerði það vegna vandræða þeirra, sem framundan voru, og stjórnleysis þess, er Jónasaríhaldið hafði leitt yfir landið, en ekki vegna þess, að mjer væri það ljúft. Annars er það algengt og víðar en hjer, að stjórn er studd af fleiri en sínum flokksmönnum, þegar enginn einn flokkur er svo sterkur, að hann geti bjargast á eigin stoðum. Og við því er ekkert að segja. Læt jeg svo máli mínu lokið að sinni, en vænti, að hæstv. forseti geri mig ódauðlegan, ef ræður hv. andstæðinga minna verða á þann veg, að jeg þurfi að kveðja mjer hljóðs af nýju.

Magnús Torfason: Jeg verð að byrja á því að segja, að jeg gat ekki varist því að brosa, þegar hv. þm. Dala. (BJ) var að tala um þann mikla kostnað, sem hlytist af þingrofi. Mjer þykir þetta svo ólíkt honum, eins og raunar ýmislegt fleira, sem farið er að brydda á í framkomu þessa hv. þm. Annars ætlaði jeg engu að svara hv. þm. Dala. (BJ), en gat þó ekki gengið framhjá þessu.

Það var hæstv. stjórn, sem jeg vildi víkja nokkrum orðum að. Hæstv. ráðherrar hafa kvartað undan því, að stjórnin hafi ekki fengið nándarnærri nóg af skömmum þessa tvo daga, sem gengið hefir verið um eldhús hennar, og hefi jeg freistingu til að bæta það upp, svo að hún megi betur við una. En að stjórnin segir þetta, mun sennilega vera af því sprottið, að hún er orðin svo illu vön þessa 10 skammadaga, sem yfir hana hafa dunið að undanförnu, því að vitanlega hófust eldhúsdagsumræður með varalögreglunni, og tel jeg þá rjett að taka þar upp þráðinn, er hann brast, enda hafði jeg hugsað mjer, er við dómsmálaráðherra skildum síðast í því máli, að heilsa upp á hann við tækifæri, og nota þá þetta tækifæri til þess. Jeg býst sem sje ekki við, að varalögreglufrumvarpið komi aftur í deildina. Af frv. var megnasta nálykt, er það kom til nefndarinnar, enda var bráðafár í því, er það kom í deildina, og nú er komin sú ýlda í skrokkinn, að það mun ekki frambærilegt fyrir deildina.

Annars ætla jeg ekki að deila við hæstv. forsrh. (JM) að þessu sinni um þetta mál, heldur vildi jeg flytja honum þakkir mínar fyrir það, hvað hann, aldurhniginn

maðurinn, er dæmalaust námfús. Jeg sagði honum, þá er varalögreglan var til umræðu, með nokkrum vel völdum orðum, en alls ekki neinum stóryrðum, hvernig forsætisráðherra bæri að haga sjer til orðs og æðis, bæði utan þings og innan, og hefir hann tekið það til greina, enda er breytingin undraverð og mikill munur á allri framkomu hans núna síðustu dagana.

Þó þarf jeg að leiðrjetta örfá atriði hjá hæstv. forsrh. (JM) í sambandi við þau orð hans, er hnigu í þá átt að kalla mig „sýslumannaprýði“; hann kvaðst miða þau við ræðu, sem jeg hefði haldið hjer í deildinni honum til dýrðar. En þetta er ekki rjett; jeg átti ekki upptökin, enda var ræða mín í alla staði hógvær og fullkomlega þingleg. En hæstv. forsrh. hóf sína ræðu með því, eða á þá leið, eftir því sem lesa mátti úr orðunum, að hann vænti einskis góðs af mjer og hefði heldur ekki búist við neinu velsæmi af minni hendi, þó að hann hinsvegar virtist bæði slá úr og í, eftir því sem hann stilti skap sitt, er hann fann, að hann hafði of langt gengið.

En það var þó sjerstaklega eitt atriði í sambandi við þetta, er jeg vildi leiðrjetta. Hæstv. forsrh. sagði, að jeg mundi ekki þora að láta ræðu mína koma óbreytta í Alþt. eins og jeg flutti hana. Nú hefi jeg lesið ræðuna og athugað hana, og jeg hefi ekki þurft að fella úr eitt einasta orð, heldur hert lítilsháttar á orðfærinu á einstaka stað. Þarna hefir því hæstv. forsrh. skotið yfir markið, úr því hann hjelt, að jeg þyrði ekki að standa við orð mín, og jeg get bætt því við, að jeg hefi aldrei sagt nokkurt stygðaryrði til nokkurs þm. í þessari hv. deild þessi tvö síðustu þing. Þetta getur hæstv. forsrh. spurt samþm. mína um, og efast jeg ekki um, hvorum okkar verði borin betur sagan í þessu máli, ef vitnaleiðsla á að fara fram um það.

Annars virðist hæstv. forsrh. (JM) hafa reiðst svo þessum rjettmætu orðum mínum, um að dómsmálaráðuneytið hefði sett niður síðan hann tók síðast við stjórninni þar, að hann hefir látið skapið hlaupa með sig í gönur. En hvað hefir svo skeð síðan jeg mælti þessi orð? Það hefir verið staðfest af helming deildarinnar, og það betri helming hennar, að framkoma hæstv. dómsmálaráðherra í Krossaneshneykslinu væri með öllu óverjandi. Og þessi dómur er margfalt harðari og þyngri en sá, er jeg kvað upp og hann reiddist mjer fyrir.

Því hefir jafnan verið haldið fram, að hæstv. forsrh. væri gætinn maður og varkár og kynni mannasiði bæði utanlands og innan; en þó er það nú svo, að þrátt fyrir þessa kosti, þá hefir hann sýnt meiri móðgun upp á við en dæmi eru um annan embættismann þjóðarinnar. Sýnir þetta út af fyrir sig, að manninn vantar ýmislegt, eins og t. d. nógu næma tilfinningu fyrir því, sem almennast er að kalla einu nafni *velsæmi*. Annað lítið dæmi mætti nefna: Í smámáli hjer í deildinni í gær varð jeg að stöðva hæstv. forsrh., svo að hann færi ekki langt út fyrir þau takmörk, sem sæmandi er æðsta embættismanni þjóðarinnar. En hann áttaði sig, er jeg benti honum á, hversu fráleit framkoma hans væri, því að hann er námfús, hæstv. forsrh., eins og jeg hefi áður tekið fram.

Svo er það eitt mál enn, sem jeg vildi koma að, þetta fræga „brennivínsmál“, sem kallað er einu nafni „Marian“- eða „Veiðibjöllu“-málið. Hæstv. forsrh. sagði,

að öll rannsókn þess máls hefði verið svo aðdáanlega góð, að slíkt mundi eins dæmi hjer á landi, að rannsókn í jafnumfangsmiklu máli hefði gengið svo fljótt og vel. Jeg ætla ekki að draga neitt úr heiðri stjettarbróður míns nje rýra sæmd hans, enda er bæjarfógetinn í Reykjavík gamall skólabróðir minn og að góðu kunnur, og efast jeg alls ekki um, að hann hafi gætt skyldu sinnar í fylsta máta. En áður en bæjarfógeti tók við málinu fór fram forrannsókn, en um þá rannsókn þagði hæstv. forsrh. vendilega. Um þá rannsókn gæti þó verið nauðsynlegt að vita, því að oftast veltur mikið á, að hún sje ekki síður í lagi en hinar aðrar, sem á eftir fara. Hann sagði líka hæstv. forsrh., að dómsmálaráðuneytið hefði stutt bæjarfógeta mjög í rannsókn þessa máls, og því hefði því verið lokið á svo skömmum tíma. Jeg verð að lýsa gleði minni yfir því, að dómsmálaráðuneytið hefir sýnt slíka rögg af sjer og hjálpað bæjarfógeta, þó jeg hafi aldrei alla mína embættistíð orðið slíkrar hjálpar aðnjótandi. Hitt er mjer kunnugra um, að dómsmálaráðuneytið leiðir hjá sjer í lengstu lög að veita slíka hjálp, eða þá ekki fyr en um seinan.

Jeg rannsakaði stórt mál á Ísafirði, en svo lengi dró ráðuneytið að ákveða, hvort höfða skyldi sakamál eða ekki, að úrskurður þess kom ekki fyr en eftir að jeg var farinn frá Ísafirði. En ráðuneytið gerði annað; það ljeði nokkrum mönnum ýms skjöl úr málinu og var jeg síðan eltur með málsókn og allskonar flækjum. Jeg er ekki að segja, að það hafi ekki verið leyfilegt að lána skjölin, en málaeltingurinn bakaði mjer 1000 króna skaða, er jeg beinlínis tapaði í reiðu fje, fyrir nú utan öll önnur óþægindi, er jeg beið.

Jeg vildi taka þetta fram að þessu sinni, vegna þess að jeg bjóst ekki við að fá tækifæri til þess síðar. Jeg þarf ekki að fella neinn dóm um hæstv. forsrh. nje taka upp það, sem um hann hefir verið sagt þessa tvo daga. Minn dómur um hann sem dómsmálaráðherra hefir fallið áður, og honum hefir deildin ekki breytt.

Jakob Möller: Jeg veit ekki, hvort hún verður stutt þessi athugasemd, sem hæstv. forseti leyfir mjer að gera.

Hæstv. forsrh. (JM) beindi til mín nokkrum orðum, er hann ætlaði mjer víst að svara. En áður en jeg geri það, verð jeg að heilsa upp á sessunaut minn, hv. þm. Dala. (BJ), og leiðrjetta þennan dæmalausa misskilning, sem hann var enn að tönlast á. Það er svo langt frá því, að honum hafi farið nokkra minstu vitund fram, heldur er um sama skilningsleysið að ræða, og jafnvel magnaðra en áður.

Út af þeim tilmælum, sem háttv. þm. Dala. (BJ) beindi til mín, að jeg skyldi koma með vantraust á stjórnina, úr því jeg væri sannfærður um sekt þessa manns, skal jeg taka það fram, að þarna er háttv. þm. sekur um hinn mesta misskilning, eins og svo oft fyr. Því að þótt jeg sje sannfærður um sekt mannsins, þá get jeg þó sett mig inn í, að aðrir sjeu ekki eins sannfærðir. En rannsóknin átti að leiða sannleikann í ljós og sannfæra menn.

Þá var háttv. þm. að tala um, að ekki væri rjett að ala um of á við stjórnina að höfða sakamál á hendur mönnum. En það fer eftir því, hvernig stjórnir beita því valdi sínu, hvort rjett sje að hvetja þær eða ekki í þeim efnum. Stundum fara þær vitanlega of skamt. En stundum aftur of langt, eins og t. d. dæmið, sem háttv. þm. tók um stúlkuna, sýnir.

Annars er altaf hætta á, að síður sje

höfðað sakamál gegn þeim, sem meira eiga undir sjer, en hinum, sem minni máttar eru.

Þá ruglaði háttv. þm. því saman, hvernig höfða ætti sakamál. Til þess að höfða þau hygg jeg, að einhver skipun þurfi að koma frá stjórninni. *(Atvrh. M-G:* Nei). A. m. k. stóð stjórnin á bak við þetta svo kallaða 25-auramál. Í því tilefni var það stjórnin, sem fyrirskipaði málshöfðunina. Stjórnin hefir þó vitanlega ekkert dómsvald og hrifsaði það ekki heldur í sínar hendur með þessu.

En hvort hún hefir ákveðið málshöfðun gegn vinnukonunni fyrir spilatökuna, veit jeg ekki. En hvað sem þessu líður, þá var það fjarstæða, sem háttv. þm. Dala. (BJ) var að tala um, að þingið væri að taka sjer dómsvald í hendur, þó að það vilji láta rannsaka mál eins og þetta fræga Krossanesmál. Þá þóttist þessi háttv. þm. ekki skilja, að kostnaður við að höfða mál gæti orðið svo mikill, að fjárhagslega borgaði sig ekki að fara í málið. En þetta veit jeg, að háttv. þm. skilur. Því að jeg er sannfærður um, að hann þekkir mörg dæmi þess, að menn hafa ekki fengið endurgreiddan þann kostnað, sem þeir hafa orðið fyrir við að fara í mál, enda þótt þeir hafi unnið það og verið dæmdur málskostnaður að nafninu til. Að það kosti ekkert að kæra, er aldrei nema satt, en það er hlutur, sem margir eru ragir við, og það af ýmsum ástæðum. Er því nauðsynlegt, að stjórnin eigi frumkvæðið. Og það ekki síst, þegar svo stendur á, að sá, sem minni máttar er, þarf að höfða mál gegn þeim, sem meira á undir sjer.

Annars var öll ræða háttv. þm. Dala. (BJ) algerlega tilefnislaus af minni hálfu og sömuleiðis af hálfu háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Er því ekki okkur um að kenna, þó að hann hafi dregist inn í umræðurnar. Það voru ráðherrarnir, sem drógu þessa að endemum frægu dagskrá hans inn í umr.

Hæstv. forsrh. (JM) hefir áður svarað mjer út af því, sem jeg sagði í síðustu ræðu minni í garð stjórnarinnar. Það var rjett hjá hæstv. forsrh. (JM), að jeg fór ekki rjett með tilvitnanir, þegar jeg var að vitna í Bergþóru, því að hin tilvitnuðu orð mín áttu við Njál. En þó nú svo hafi verið, þá gerir það ekkert til, því að jeg tók það skýrt fram, að um samjöfnuð á manngildi væri alls ekki að ræða.

Hæstv. ráðherra endaði ræðu sína með því að víkja nokkrum orðum að mjer og stöðu þeirri, sem jeg gegni, og veit jeg ekki, hvort hann hefir með því ætlað að fara að innleiða nýjan stjórnarsið og reka af sjer það ámæli, sem þeir ráðherrarnir hafa stundum orðið fyrir, af því að þeir ljetu sig engu skifta verksvið hver annars. Því að hæstv. ráðherra veit eflaust orðið, að það sætir misjöfnum dómum og hefir hljómað illa í eyrum manna, sem svo oft hefir kveðið við nú í seinni tíð: „Jeg er ekki dómsmálaráðherra“. „Jeg er ekki atvinnumálaráðherra“ o. s. frv.

Hæstv. forsrh. (JM) vjek því að mjer, að jeg gæti frómt úr flokki talað, ef það væri satt, sem hann hefði heyrt, að jeg væri ekki farinn að koma í bankana ennþá sem eftirlitsmaður.

Um þetta hefði hæstv. ráðherra ekki átt að vera vorkunn að afla sjer upplýsinga hjá fjármálaráðherra, því að það er beinlínis í samráði við hann, að þessu hefir verið frestað núna fyrst um sinn, og skal jeg gera háttv. deildarmönnum skiljanlegt, hvernig á því stendur.

Svo er þá mál með vexti, ef fara á

fram rannsókn á hag bankanna, þá verður að byggja þá rannsókn á ársreikningum þeirra. Ef rannsókn hefði því átt að fara fram á síðastliðnu ári, hefði hún orðið að byggjast á ársreikningum 1923. En eins og allir vita, og hæstv. forsrh. (JM) líka, þá hefði slík rannsókn verið með öllu þýðingarlaus, því að árið 1924 hafði svo stórkostlega breytingu í för með sjer á hag bankanna.

Jeg veit nú ekki, hvort hæstv. forsrh. (JM) nægir þessi skýring. En víst er það, að meðan jeg fæ engar ákúrur frá hinum nánasta yfirboðara mínum, hæstv. fjrh. (JÞ), læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvað sagt er.

Annars skal jeg taka það fram, að þegar rætt var um stofnun stöðu þeirrar, sem jeg er í, kom það til tals í nefndinni, hvort leyfa ætti eftirlitsmanninum að sitja á þingi, eða banna. En nefndin sá ekki ástæðu til þess að banna honum þingsetu. En nú stóð svo á, að þegar jeg var skipaður í stöðuna, átti jeg sæti á þingi, og hefi því gegnt þingmannsstörfum eftir sem áður, eins og jeg tel mig líka hafa fulla heimild til.

Jeg geri nú ráð fyrir, þar sem jeg er dauður við þessar umræður nú, fái jeg ekki tækifæri til þess að svara frekari aðfinslum hæstv. ráðherra. Skal jeg því taka það fram, að jeg er reiðubúinn að svara hæstv. forsrh. (JM) við annað tækifæri, á hvern þann hátt, sem honum best líkar.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) þarf jeg engu frekara að svara, því að hið eina atriði í ræðu hans, sem aðrir voru ekki margbúnir að taka fram, var verkamannainnflutningurinn, sem hann þó játaði, að væri ekkert stórmál. Þá talaði hann og um sakamálsrannsókn á hendur einhverjum presti. Jeg man nú ekkert, hvernig í því lá, en víst var það, að á hann voru bornar sakir, þannig vaxnar, að ómögulegt var annað en láta athuga málið.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) þarf jeg sömuleiðis litlu að svara. Hann sagðist ekki þurfa að fá samþykta þál. til þess að sannfærast um, að stjórnin væri sek um Krossanesmálið. *(JakM:* Jeg sagðist ekki þurfa að fá þessa nefndarrannsókn til þess að sannfærast um, að Krossanesmálið væri athugavert). Það er sama og jeg sagði.

Jeg skal ekki fara mikið út í það, sem háttv. þm. sagði um starfa sinn. En jeg hygg, að alt standi óhrakið, sem jeg sagði þar um. Hann hefir viðurkent að hafa aldrei komið í bankana sem eftirlitsmaður.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Árn. (MT). Það er í þriðja skiftið nú, sem hann svarar hinni stuttu ræðu minni. Og altaf kvartar hann um, hve jeg hafi verið vondur við sig. En jeg tek ekkert aftur af því, sem jeg sagði, hvað oft sem háttv. þm. kvartar. Því að það, sem jeg sagði, átti hann fyllilega skilið.

Háttv. þm. mintist á varalögreglufrumvarpið og sagði, að í því hefði strax verið bráðapest, en nú væri það farið að úldna. Líklega heldur þessi háttv. þm. þessum pestarskrokk, sem hann kallar, svona lengi hjá sjer, af því að honum þykir góður af honum ilmurinn.

Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði lært að hegða mjer betur eftir viðureignina við hann. En því verð jeg að svara: „Nemo me impune lacessit".

Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði sagt, að hann mundi ekki þora að láta ræðu sína koma óbreytta í þingtíðindunum,

og fór að hæla sjer fyrir, að hann hefði gert það; aðeins bætt dálitlu í hana. Jeg veit nú ekki, hvað er að breyta ræðu, ef það er ekki breyting að bæta í hana.

Þegar háttv. þm. var að tala um, að jeg kynni ekki að hegða mjer upp á við, skildi jeg hann ekki. *(MT:* Því trúi jeg vel). En hann er nú stundum myrkur í máli, og því ekki gott að skilja hann. Þá talaði háttv. þm. um, að hann hefði stöðvað mig í einhverju máli, svo að jeg hefði ekki farið út fyrir efnið. Jeg kannast ekki við þetta. Að minsta kosti er háttv. þm. ekki orðinn forseti ennþá.

Þá talaði þessi háttv. þm. um, að mál hefði verið tafið fyrir sjer, áður en hann fór frá Ísafirði, og að skjöl í málinu hefðu verið lánuð. Þessu er jeg ókunnugur. Annars er jeg hissa á, að háttv. þm. skyldi ekki taka það fram, að hann væri svo sem ekki reiður við mig, eða hann væri svo sem ekki að ráðast á mig fyrir það, þó að jeg hefði gert honum rangt til í embættaveitingum, sem hann hefir svo oft tekið fram, og bætt því við, að forsjónin hafi hefnt sín.

Það er nú svo, að jeg tel langt frá, að jeg hafi nokkurn tíma gert honum rangt til í embættaveitingum, því að í þeim hefi jeg altaf fylgt hinni sömu reglu, — reglu, sem mjer er svo að segja orðin meðsköpuð.

Háttv. þm. var og í þessu sambandi að vitna til mjög merks látins þingmanns. Út af því vil jeg minna þennan háttv. þm. á, hvað þessi góði látni þm. sagði um þetta atriði, og úr því hann er ekkert reiður við mig, þá vænti jeg, að hann sjái, að efasamt er, hvort mjer hefir að öllu leyti verið sjálfrátt með veitingu þessa embættis. Þessi merki látni þingmaður sagði, að þegar það hefði frjest fyrir vestan, að núverandi háttv. 1. þm. Árn. (MT) hefði sótt um lögreglustjóraembættið hjer, þá hefðu gengið heit um alla sýsluna og þess beðið, að honum yrði veitt embættið. En á hinn bóginn hafi hjer í Reykjavík og gengið heit um það, að hann fengi ekki embættið, og með því að Reykvíkingar hafi verið fjölmennari, þá hafi þeirra heit mátt sín meira. Hv. þm. hlýtur því að sjá, að hjer hafa æðri öfl tekið í strenginn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Aðeins örfá orð út af síðustu ræðu háttv. þm. Str. (TrÞ).

Hann var að vitna í sem fordæmi fyrir Krossanestillögu sinni tillögur, sem fluttar voru á þinginu 1911 bæði í efri og neðri deild. Sjerstaklega var hann að vitna í tillöguna, sem flutt var í Ed., og vildi láta heita svo, að hún væri hliðstæð tillögu hans. En í þeirri till. er beint sagt: „Efri deild ályktar að skipa nefnd til þess að athuga gerðir stjórnarinnar". Þetta sýnir, að tillaga sú, sem hv. þm. Str. (TrÞ) vitnar hjer í til samanburðar við sína tillögu í Krossanesmálinu, er beinlínis tillaga um rannsókn á þáverandi stjórn, og sýnir þetta berlega óheilindi hv. þm. (TrÞ), því að hann hefir jafnan haldið því fram, að Krossanestillaga hans væri *ekki* tillaga um rannsókn á stjórninni. En nú hefir hann komið upp um sig, og harma jeg ekki, þótt hann kæmi þar upp sannleikanum í fljótfærni sinni.

Magnús Torfason: Jeg var dálítið hissa á því, að hæstv. forsrh. (JM) talaði um, að jeg væri með sífeldar getsakir í sinn garð og hefði japlað á þeim nú um tíma. Mjer hefir aldrei hrotið nokkurt stygðaryrði til hans fyr en á þessu þingi, svo að jeg get ekki sjeð, að þessi ummæli hæstv. forsrh. (JM) sjeu sannleikanum sam-

kvæm. Út af ræðu minni, sem hann hjelt fram, að jeg hefði breytt, skal jeg geta þess, að jeg herti aðeins á henni á stöku stað, þar sem mjer fanst að skrifararnir hefðu mist af krafti hennar.

Þá sagðist hæstv. forsrh. (JM) ekki skilja það, hvað jeg ætti við með „móðgun upp á við". Það skal jeg strax segja honum. Það vita það nefnilega fleiri en jeg, að sjálfur konungurinn varð eitt sinn að setja ofan í við hann fyrir guðlast. Þetta er það, sem jeg kalla að kunna ekki að „haga sjer upp á við".

Þá hafði hæstv. forsrh. (JM) það eftir mjer, að forsjónin myndi hefna fyrir það, sem mjer væri á móti gert. Jeg sagði, að hún hefði þegar gert það. Í því sambandi mintist hæstv. forsrh. á veitingu lögreglustjóraembættisins hjer. Já, sú veiting hefir engum orðið til sóma nje ánægju, og síst honum. Jeg held, að hefndin hafi komið þar fram.

Í sambandi við þessa embættisveitingu upplýsti hæstv. forsrh. (JM), að farið hefðu fram áheit hjer í Reykjavík um, að jeg fengi ekki embættið. Jeg skal ekki rengja þetta. En hverjir voru það, sem áheitin gerðu? *(Forsrh. JM:* Betri menn). Já, jeg get vel trúað, að þeir hafi verið það fyrir augliti hæstv. forsrh. En jeg tel mjer ekki til háðungar, þótt þessir „betri menn" yrðu sterkari í þeirri togstreitu. Þeir voru svo miklu fleiri, sem toguðu að neðan.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki muna til, að hann hefði nokkurn tíma gert mjer órjett. Jeg hefi ekki haft orð á því og ætla ekki að gera. Það hafa aðrir gert fyrir mína hönd.

Forsætisráðherra (JM): Í rauninni er óþarfi að svara hv. 1. þm. Árn. (MT) fleiru en jeg þegar hefi gert. Jeg hefi áður sýnt fram á, að hann hafi breytt ræðu sinni, og hann viðurkendi það einnig nú, enda þótt hann reyndi að afsaka sig. *(MT:* Vill hæstv. forsrh. ekki lesa ræðuna?). Jeg trúi eigin játningu háttv. þm. (MT).

Þá talaði hann enn um „hegðun upp á við", og er það næsta spaugilegt orðatiltæki og hv. þm. til lítillar frægðar, ef hann hefir fundið það upp, og sýnir aðeins fákunnáttu hans. Saga sú, sem vitnað var til í þessu sambandi, er kunn öllum sæmilega mentuðum mönnum, og hefir einu sinni áður verið minst á hana í hv. Ed. Annars get jeg ekki verið að eyða fleiri orðum út af þessu við háttv. 1. þm. Árn. (MT).

Tryggvi Þórhallsson: Sá samanburður, er jeg gerði á þáltill. um að rannsaka Krossanesmálið og þáltill. í Ed. 1911, var til að sýna það, hve höflega væri hjer farið í sakirnar á móts við það, sem þá var gert. Þó gátu fylgismenn stjórnarinnar þá greitt till. atkv. sitt.

Út af því, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði, að áheit hefðu verið gerð um, að hv. 1. þm. Árn. (MT) yrði ekki lögreglustjóri hjer, skal jeg aðeins geta þess, að allmikill hluti bæjarbúa óskaði einmitt eindregið eftir, að þessi hv. þm. (MT) fengi embættið, og kom það jafnvel fram opinberlega.

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf engu að svara hv. þm. Str. (TrÞ). Hann reyndi nú síðast í ræðu sinni að hjálpa manni, sem á bágt, og þykir mjer það ekki nema fallegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 203, 195, 204, 235).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Undirbúningur fjárlagafrumvarpsins nú og á síðasta þingi er ólíkur. Í fyrra þurfti fjvn. að hækka lögbundna gjaldaliði um 310000 krónur, nú hækkar hún þá um 2000 kr. Þessi verkaljettir hefir verið ærinn. Og þess utan má segja um gjaldaliðina, að hún hefir verið rjettur spegill af því, sem stjórnin vill leggja til. En þó þessu sje þannig varið, þá er þó þessi gjaldaliður fjárlagafrumvarpsins það umþráttaða í nefndinni á hverju þingi. Umþráttuð á þann hátt, hversu mikið megi hækka hana. Viðleitni nefndarinnar verður því ávalt sú, að færa þennan ramma út, eftir því sem hún telur fjárhag ríkisins þola. Skoðanir á þessu hafa ætíð verið misjafnar, og voru það enn. Sumir vilja treysta á þann undramátt teknanna, að jafnan megi eiga víst, að þær jafni sakirnar, þótt óvarlega sje farið, enda sje aldrei hægt að binda sig við það, að afgreiða, eða ætlast til, að fjárlög verði afgreidd tekjuhallalaus. Það er nokkuð í þessari skoðun, þegar hún er athuguð í því ljósi, sem reynslan hefir varpað á hana. Það má segja, að góður ásetningur ýmsra hv. þm. fari þar út um þúfur. Þeim fer líkt og þeim manni, sem færi í stríð með þeim ásetningi að úthella ekki blóði nokkurs manns. En þegar í bardagann er komið, verður það fyrsta verkið að drepa mann. Aðstaðan er þannig: Annarsvegar er framkvæmdaþörf hvers kjördæmis á ýmsum sviðum, meira og minna aðkallandi, hinsvegar er sjálfstæðisþörf þjóðarheildarinnar.

Þó að menn trúi ekki á kraftaverk, þá mildar þó *vonin* um góða afkomu ríkissjóðs æfinlega þá, stundum hörðu, viðleitni þingmanna að ná sem mestu til sinna kjördæma, og er þetta síst að undra, því að venjulega stendur kjörfylgi í nokkuð rjettu hlutfalli við árangurinn, og það ekki síður hjá þeim kjördæmum, sem jafnframt fjárkröfum leggja ríkasta áherslu á sparnað á ríkisfje.

Þegar þjóðarheildin þolir það, að uppfyltar sjeu framfaraóskir og þarfir landshlutanna og hjeraðanna, þá er þjóðarhagurinn í góðu lagi. Þá er þjóðin á virkilegri framfarabraut. En verði þetta til þess, að skattarnir íþyngi gjaldþoli einstaklinganna, skuldirnar vaxi þeim yfir höfuð, svo þeir vanmegnist undir greiðslunni, þá er ekki verið á rjettri leið.

Þjóðin hefir orðið fyrir árekstri; sjálfstæði heildarinnar stórhnignaði út á við og peningar hennar fjellu mjög í verði. Þingið tók í taumana í fyrra á þá leið, að teppa allar framkvæmdir, draga þannig úr útgjöldunum og höggva þar sem hægt var af annarsstaðar; en það var ekki nóg, heldur þurfti að beita þeim hörkutökum samhliða, að hækka skattana að mun. Þetta mátti heita að treysta á síðustu þolrif þjóðarinnar eftir alla dýrtíðina. En hún samþykti þetta, viðurkendi rjettmæti þessarar stefnu og kvartaði ekki. En meðan þjóðin þolir þessa ofþyngingu í sköttum, á hún líka fullkomna kröfu á því, að grynt sje á skuldunum og þannig losað fje til aukningar framkvæmdum og afljettingar á sköttum. Hefir hæstv. fjrh. (JÞ) greinilega sýnt fram á það í hinni glöggu skýrslu, er hann gaf um fjárhag ríkissjóðs við 1. umr. þessa máls, að í árslok 1927 værum við búnir að losa 2 milj. kr. til aukningar atvinnuveganna, ef nú væri gengið að því að greiða lausu skuld-

irnar á þessum árum. Hvort er nú betra, að láta standa í stað athafnamöguleika ríkissjóðs um langt árabil, eða hrista af sjer nokkuð af hlekkjunum og taka svo djarfara á framkvæmdunum með þrótti og uppliti hins frjálsa manns? Úr þessu sker þingið.

Árið sem leið var veltiár, sjerstaklega fyrir annan aðalatvinnuveg landsins, sjávarútveginn. Hagur ríkissjóðs batnaði og hagur fjölmargra einstaklinga batnaði líka. Þetta er gott og blessað, og við skulum vona, að framhald verði á þessu eitthvað, enda þótt byrjun þessa yfirstandandi árs sje ekki nærri eins glæsileg. En þótt það yrði jafngott, — er samt sem áður rjett að nota hvern eyri til ýmsra útgjalda, en grynna ekkert á skuldum ríkissjóðs? Sama svarið og áður. — Úr þessu sker þingið.

Alveg víst er það, að eftir góðærin koma erfið ár. Væri það ástand betra, að þurfa ef til vill aftur að teppa allar framkvæmdir, geta ekki meira en með erfiðleikum greitt vexti og afborganir af skuldasúpunni og vita sig hafa varið fjenu fremur ógætilega en gætilega?

Úr þessu sker þingið.

En eitt er víst, að þjóðin veitir því nána athygli, hvorri stefnunni fylgt verður. Og annað er víst, sem þjóðin veit vel, að skuldagreiðslan eykur peningagildið, og verður sá þáttur ómetanlegur.

Eins og vikið er að í nefndarálitinu er vont að gera upp á milli þess, hvað taka skal upp og hvað ekki, þegar fyrir liggur hátt á aðra miljón kr. í fjárbeiðnum, sem telja má, að fjöldinn af hafi nokkuð svipaða kröfu til þess að verða veitt jafnsnemma. En það er alger ómögulegleiki fyrir ríkissjóð að sinna þessu nú, nema með þeim takmörkunum, sem nefndin hefir sett til þess að fylgja þessari ákvörðun stjórnarinnar, sem nefndin telur rjetta.

En út af þessu er rjett að gera lítilsháttar grein fyrir því, hvort þetta megi verða, sökum þess að fyrir liggi óumflýjanlegar hækkanir á ýmsum greinum fjárlaganna, er ekki verði hjá komist, þá skal jeg líta yfir greinarnar í fyrri hlutanum og leitast við að sýna fram á, að svo er ekki fram til ársloka 1927.

Fyrsta greinin gjaldamegin, 7. gr., er um vexti og afborganir á skuldum ríkissjóðs. Eru þessi útgjöld nú um 2 milj. kr., eða nær fjórðungur af tekjum ríkissjóðs. Ef lausu skuldirnar yrðu gerðar að samningsbundnum skuldum, eða lán tekið til að borga þær með, eins og sumir vilja, þá hækkar þessi grein um ¼ úr milj., og þrengir þannig athafnafrelsi ríkissjóðs með sömu tekjum og nú eru til allra framkvæmda. Eru afleiðingar af þessu auðsæjar. 8. gr. kemur hjer ekki til athugunar. Og í 9. gr. er ekki nema kostnaður við þinghaldið, sem hækkað getur að nokkrum mun þessa grein. Jeg skal játa, að útlitið í þá átt er ískyggilegt eftir störfum þessa þings. Og jeg fullyrði það, að á þeim þingum, sem jeg hefi átt sæti, hafa þingstörfin aldrei gengið ver. Virðist eins og skeytingarleysi og ábyrgðarleysi fyrir þessu starfi fari í vöxt. Ekki mun þó þurfa að reikna með því, að fyrir þær sakir verði þessi leið ófær.

Kostnaðurinn við ríkisstjórnina, sem 10. gr. fjallar um, er engin ástæða til að aukist, nema laun til sendiherra verði sett þar inn, sem frestað var á síðasta þingi. Liggur nú fyrir breytingartillaga frá hv. minni hl. fjvn. þar um. En ekki virðist, að þær ástæður hafi fram komið frá síðasta þingi, er geri þetta nauðsynlegt að sinni. Má því búast við þessari grein svipaðri árið 1927,

Á 11. gr. er eftir tillögum nefndarinnar gerð mikil hækkun, þar sem er útgerðarkostnaður landhelgisgæsluskips. Eykst þessi kostnaður að sjálfsögðu árið 1927, en þó naumast svo, að það geri ókleifa þá fyrirætlun að borga lausu skuldirnar á þessum ákveðna tíma.

En það er 12. gr., eða heilbrigðismálin, sem er ásteytingarsteinninn í þessu efni. Það er líka mikið ógert á þessu sviði.

Í 8 læknishjeruðum eru óreistir læknisbústaðir og sjúkraskýli. Og það er það, sem er mest aðkallandi, því að erfiðleikarnir eru þar mestir, þar sem vegna þessa fást ekki læknar í mörg hjeruðin. Þetta kostar ríkissjóð á annað hundrað þús. kr., en það á að vera vel mögulegt að framkvæma þetta á árunum 1927—29, jafnvel þó að á stærri fyrirtækjum yrði byrjað jafnframt eftir 1927, svo sem eins og landsspítala og heilsuhæli norðanlands.

Það er fjarri nefndinni að telja ónauðsynlegar fjárveitingar til þessara fyrirtækja, þegar ríkissjóður er þess megnugur; en að þessu sinni telur hún óhjákvæmilegt að fresta þessu.

Það eru orðin alkunn ummæli, þegar um heilbrigðismál er að ræða, að engin takmörk megi vera í fjárveitingum til þess að vernda mannslífin. Það er mikið í þessu. En þjóðin á þó einn dýrgrip, sem ekki er vert að missa sjónar af, þótt um þetta sje að ræða, og það er efnalegt sjálfstæði. Það er hægt að hugsa sjer það, þó að jeg vilji ekki gera það að minni spá, að þjóðareignirnar komist undir yfirráð erlendra fjárheimtumanna. Álit þjóðarinnar er þá komið í rústir og mannslífin falla niður í spottprís. Ríkissjóður annar því ekki að reisa berklahæli handa öllum berklasjúklingum landsins, og það er líka óhugsandi, að þau nái þeim tilgangi, sem formælendur þeirra halda fram. Það mun vera á þessu sviði eins og annarsstaðar, að viðleitnin þarf að beinast að því að grafa fyrir rætur meinsins. Mundu bætt húsakynni í sveitum landsins verða þar styrkastur þáttur. Verð jeg því að telja það mesta menningar- og heilbrigðismál þjóðarinnar að byggja upp býlin í landinu. Og hefir nú þingið það stórmál með höndum, sem er stofnun ræktunarsjóðsins. Til þess má ekki spara.

Í 13. gr. eru það símamálin og vitamálin, sem krefjast aukins framlags. Er það sjerstaklega viðgerð og aukning loftskeytastöðvarinnar í sambandi við væntanlega samninga við Stóra norræna ritsímafjelagið. Aukning hennar má búast við, að kosti allmikið fje.

Hvað vegamálin snertir, þá hefir jafnan þótt mest um vert að fella niður allan styrk til þeirra, er í öngþveiti hefir verið komið með fjárhag ríkisins. Verður því þó ekki neitað, að samgöngurnar eru og verða jafnan lífæð þjóðarinnar. En nú hefir nefndin leitað upplýsinga vegamálastjóra, og hefir hann gefið þær upplýsingar, eins og skýrsla hans ber með sjer, að með því þó að leggja ekki meira fje áfram til þessara mála en sem svarar því, er nefndin gerir till. um, þá yrðu allar stórár brúaðar 1930, 2. flokks nýbyggingar þjóðvega fullgerðar 1936, en 3. flokks 1940, svo að þá yrði kominn akvegur alla leið frá Borgarnesi til Húsavíkur. — Auðvitað er, að taka verður mikið tillit líka til vitamálanna. En jeg hygg, að þessi stefna þurfi ekki að vera þeim til fyrirstöðu.

Jeg vil nú ekki orðlengja þetta frekar,

en sný mjer að brtt. nefndarinnar og vona, að jeg þurfi heldur ekki að verða langorður um þær.

Það er þá fyrst tekjuhliðin, sem jeg tek til athugunar. Nefndin leggur til, að sú hliðin hækki um 930000 kr. Þetta er mikil hækkun, en tekjuáætlun hæstv. stjórnar virðist líka vera óvenjulega gætileg. Hefir hæstv. fjrh. (JÞ) skilið rjett, hvernig þingið myndi taka því, og búist við, að áætlunin yrði fremur hækkuð heldur en hitt.

Jeg vil þá minnast á einstakar hækkanir.

Eru þá fyrst aukatekjur ríkissjóðs, sem eru áætlaðar 300000 kr., í stað 280000, sem gert er ráð fyrir í frv. Er sú upphæð svipuð og hún reyndist 1923, en 1924 var hún 400000 kr.

Vitagjöld hækkar nefndin um 40000 kr., eða upp í 250000 kr., sem er svipað því, sem var 1923, en 67000 kr. lægra en þau voru 1924. Er tala nefndarinnar fyrir neðan meðallag tekna af þessum stofni. Virðist því eigi óvarlega farið af nefndinni.

Útflutningsgjaldið hækkar nefndin um 100000 kr., úr 700000 kr. upp í 800000 kr. En þetta gjald var 1924 960000 kr. Það má nú raunar segja, að óvarlegt sje að benda á árið 1924 í þessu sambandi, þar sem það var sjerstakt aflaár. En þó að minna kunni að aflast þetta ár en 1924, þá er þess þó að gæta, að togaraútvegur hefir aukist svo, að þetta ætti að geta jafnað sig upp.

Áfengistollinn hefir nefndin hækkað um 40000 kr., upp í 500000 kr. Hann nam árið 1924 605000 kr. og hefir farið stöðugt hækkandi. Getur þetta því ekki talist óvarlega áætlað. Tollurinn hefir síðan 1923 hækkað um meir en 100000 kr.

Tóbakstollinn hækkar nefndin um 20000 kr. Verður hann samt 70000 kr. lægri en hann var 1924, en svipaður og hann var árið 1923. Aðgætandi er þó, að tollurinn 1923 er ekki reiknaður með 25% gengishækkuninni.

Kaffi- og sykurtollinn leyfir nefndin sjer ennfremur að hækka um 60000 kr. Er hann samt 100000 kr. lægri en hann varð árið 1924.

Vörutollinn hækkar nefndin sömuleiðis um 150000 kr., eða upp í 1350000 kr. Þessi tollur varð 1560000 kr. árið 1924.

Tekjur af tóbakseinkasölunni áætlar nefndin 275000 kr., eða 75000 kr. hærra en í frv. stjórnarinnar stendur. Þessi liður varð á árinu 1924 350000 kr. Nefndin fann ekki ástæðu til að taka tillit til þess, hvort einkasalan yrði lögð niður nú á þinginu eða ekki. Það, sem nefndin gat gert, var einungis það, að ganga út frá því, sem er. Hygg jeg ekki, að nefndin hafi áætlað þennan lið óvarlega. — Tekjurnar af víneinkasölunni áætlar nefndin sömuleiðis hærri en stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, og er það af sömu ástæðum og með tóbakið, að tekjurnar af versluninni hafa reynst talsvert meiri á undanförnum árum en nefndin leggur til. Munar það 75000 kr. árið 1924.

Stærsta hækkunin er þó á verðtollinum. Í frv. er hann áætlaður 450000 kr., en nefndin leggur til að hækka hann um 350000 kr., eða upp í 800000 kr. Þessi tollur varð 830000 kr. árið 1924, og má því teljast varlega farið hjá nefndinni, ekki síst þegar þess er gætt, að verðtollurinn gilti ekki nema ⅔ hluta ársins, eða frá 1. apríl, og auk þess hefir verið losað um nokkrar vörutegundir, sem áður var bannaður innflutningur á. Því eru meiri líkindi til þess að tollurinn hækki heldur en hitt. Verður því varla annað sagt en að þessi brtt. nefndarinnar hafi við góð rök að styðjast.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um

brtt. nefndarinnar viðvíkjandi útgjöldunum.

Er þá fyrst brtt. við 7. gr. frv., sem er nýr liður, um greiðslu afborgana á lausum skuldum, að upphæð 600000 kr. Er þetta gert með hliðsjón af því, að telja má víst, að samþykt verði að bygt verði eða keypt nýtt skip til landhelgisgæslu, og þar sem skuldin við landhelgissjóðinn verður að teljast ein af lausum skuldum ríkissjóðs, er ekki nema rjett að setja upphæð þessa í gjaldaliðina.

Næsta brtt. er við 10. gr., um 4000 kr. lækkun á ríkisráðskostnaði frá því sem hann er í frv. Virðist engin þörf á að hækka þennan lið frá því, sem hann hefir verið. En hann var 4000 kr. Enda lágu engin gögn fyrir nefndinni, er gáfu tilefni til þessarar hækkunar.

Næst er 13. brtt., við 11. gr. frv. Er þar lagt til, að tillagið til landhelgisgæslunnar sje hækkað frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., úr 85000 kr. upp í 150000 kr. Jeg vil í þessu sambandi taka það fram, að væntanlegt varðskip kemur að líkindum hingað á miðju árinu 1926. Er gert ráð fyrir, að árlegur útgerðarkostnaður skipsins verði ca. 250 þús. kr. Þessar 65 þús. kr., sem liðurinn er hækkaður um, eru því hálfs árs útgerðarkostnaður frá hálfu ríkissjóðs, gegn jafnmiklu framlagi frá landhelgissjóði.

Næsta brtt., við 12. gr. frv., fer fram á 500 kr. lækkun á skrifstofukostnaði landlæknis. Er það þá fært í sama horf og var nú síðast í fjárlögum. Þess skal getið, að nefndin var ekki öll sammála um þessar brtt., þó að jeg vilji ekki fara frekar út í það nú.

Þá er brtt. ennþá við 12. gr., um að hækka styrkinn til læknisvitjana úr 3000 kr. og upp í 6000 kr. Hefir hann undanfarið verið talsvert hærri en hæstv. stjórn áætlar, og er nefndinni því ekki ljóst, af hverju upphæðin er sett svona lág. Í fjárlögum 1924 er styrkurinn 8200 kr. Nefndin gekk út frá því, að sömu styrkir yrðu veittir sem að undanförnu, en jafnframt var nefndinni ljóst, að úr myndi falla, samkv. till. nefndarinnar um styrk til læknisbústaða og sjúkraskýla, styrkur til Hróarstungu-, Jökuldals-, Hlíðar-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppa, sem höfðu 1500 kr., auk 1500 kr., ef þeir rjeðu sjer sjerstakan lækni. Eftir verða þá af styrk þeim, sem nú er notaður, 5200 kr. En aftur hafa nú 3 hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu sótt um styrk til læknisvitjana, 300 kr. hver, og virðist engu síður ástæða til að styrkja þessa hreppa en þá aðra, sem þessa styrks njóta, og er í nál. gerð nánari grein fyrir þeim örðugleikum, sem menn þarna eiga við að búa með tilliti til samgangna. Ýmist verða menn að fara mjög erfiða fjallvegi til að vitja læknis síns, eða þá sjóleiðina, sem verður mjög dýr. Og stundum hvorttveggja, bæði erfiða landleið og dýra sjóleið. Ennfremur eru þessir hreppar símalausir, svo að þeir geta ekki greitt fyrir sjer á þann hátt. Er því ekki auðið að áætla þessa upphæð lægri, þegar þessar beiðnir eru teknar til greina.

Þá er enn brtt. við sömu grein, um að lækka tillag til aðstoðarlæknis á Ísafirði úr 2000 kr. niður í 1500 kr. Er það með tilliti til þess, að ríkissjóði ber engin skylda til að launa lækni þennan. Annars er nefndin klofin um þennan lið, og skal jeg ekki fjölyrða um hann fyrir hönd meiri hl.

Þá hefir Gunnlaugur Claessen læknir farið fram á, að tillagið til geislalækningastofu ríkisins verði ekki áætlað minna en 11000 kr. eins og á fyrra ári. Telur hann að minna geti eigi nægt, því að ný

áhöld þurfi að kaupa, ef stofan eigi að geta staðið jafnfætis erlendum samskonar stofnunum. Sá nefndin sjer því ekki annað fært en fara að óskum hans. Þá vil jeg geta þess, að læknirinn hefir í brjefi til nefndarinnar æskt þess, að stofan yrði eftirleiðis nefnd Röntgenstofan, en ekki geislalækningastofan, eins og verið hefir. Og beini jeg þessu til hæstv. stjórnar.

Næsta brtt. hljóðar um 1500 kr. ferðastyrk til Jóns læknis Kristjánssonar, og er það nýr liður. Svo er þetta til komið, að fyrir tveim árum var fje veitt til þess að kaupa gagnvermi (diathermi-apparat). Það var þó ekki fyrri en í sumar, að úr kaupunum varð, og mun mænusóttin, er hjer gekk, ekki síst hafa gefið tilefni til þess. Fór þá Jón læknir Kristjánsson utan til að annast um kaup á því og læra að fara með það, og gerði hann það eftir tilmælum háskólans. Nú telur læknirinn, að hann hafi orðið að kosta miklu til vegna þessarar ferðar, bæði vegna þess að hann hafi varið til hennar tveim mánuðum og orðið að borga lækni til að hafa störf sín á hendi á meðan, og auk þess verði hann að halda lærða nuddkonu í lækningastofu sinni fram yfir það, sem áður var, vegna þess að hann sje sjálfur upptekinn við áhald þetta, en hafi hinsvegar gengið inn á við landlækni að taka aðeins hálft gjald af sjúklingum fyrir lækningar þessar. Telur því nefndin sanngjarnt að veita honum þennan ferðastyrk, — en aðeins ferðastyrk, þar sem ætla má, að aukin aðsókn vegna áhalds þessa bæti honum upp annan skaða af þessu.

Þá kem jeg að 19. brtt., við 12. gr. 13. c. (sjúkraskýli og læknisbústaðir). Hefir stjórnin lagt til, að á þessum lið sjeu veittar 15000 kr., miðað við það, að á síðasta þingi var aðeins einu hjeraði veittur slíkur styrkur. En nú hafa enn komið fram samskonar beiðnir úr fleiri hjeruðum, sem ekki var sint í fyrra. Leggur nefndin því til, að liðurinn verði hækkaður um 9 þús. kr., sem nefndin ætlast til, að bygðir verði fyrir 2 læknisbústaðir og sjúkraskýli, að viðbættum ⅔ framlags frá viðkomandi hjeruðum. Voru umsóknirnar sendar landlækni, og telur hann þörfina fyrir slíkar byggingar brýnastar í Vík í Mýrdal og á Hjaltastað í Hróarstunguhjeraði. Teikningar að byggingunum hefir landlæknir fallist á, og eins telur hann, að undirbúningur í hjeruðum sje hinn besti. En hvað kostnaðinum við byggingarnar viðvíkur, þá telur nefndin hann munu vera fullhátt áætlaðan, þar sem alt mun vera miðað við að reisa slíkar byggingar í Reykjavík, en nefndinni hinsvegar kunnugt um — og gengur út frá því — að hægt sje að fá miklu ódýrari vinnukraft í sveitunum. Hún verður því að telja upphæð þá, er hún reiknar með, fullnægjandi, þegar enn þess er gætt, að byggingarefni hefir líka nokkuð fallið í verði.

Þess skal getið, að nokkrar fleiri umsóknir bárust nefndinni, en þær komu of seint. Býst jeg við, að þær sjeu líka sprottnar af brýnni þörf og að því væri æskilegt að fjárhagur ríkisins leyfði það, að hægt væri að taka þær til greina. Verður síðar rætt betur um þetta.

20. brtt. nefndarinnar, við sömu gr. frv., er um að veita Halldóri Arnórssyni 1500 kr. til að standast kostnað af umbúðasmíði sinni. Hann hefir starfað að þessu í 2 ár; telur hann sig hafa tapað hvort ár 3000 krónum, og sækir um 7000 kr. styrk. Nefndin getur vitanlega ekki lagt neinn dóm á þetta, en hún verður að taka trúanlegt ýmislegt það, sem tekið er fram í þessari umsókn, og það eru miklar líkur til þess, að það, sem hann

heldur fram, sje rjett, þar sem hann hefir ekki nægilegt starf við þetta umbúðasmíði, en getur ekki trygt sjer neitt annað starf, vegna þess að hann verður að hlaupa að því, hvenær sem krafið verður. Þessi starfsemi getur því ekki borið kostnað hans á ýmsum dýrum áhöldum og húsplássi. Annars viðurkennir nefndin það, að þetta er mjög þarft verk og mun hafa dregið úr kostnaði margra sjúklinga, sem annars hefðu þurft að fara af landi burt til að fá sjer lækningu; hún leggur því til, að veittar verði 1500 kr., og býst við, að það verði árlegur styrkur. Það kann að vera, að nefndin hafi þarna verið heldur smátæk, en tíminn leiðir það í ljós, og þá er hægt að gera þetta ríflegra.

Næsta brtt. er um 1200 kr. styrk til Elínar Sigurðardóttur, eða 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi. Þessi umsækjandi hafði áður beðið um styrk af þinginu, en ekki fengið; hún hefir verið berklaveik í 20 ár og legið í sjúkrahúsum bæði utanlands og innan. Nefndin áleit, að það myndi vera sparnaður fyrir ríkissjóð að leggja þessari konu þessa upphæð á mánuði, ef hún gæti komist hjá að liggja í sjúkrahúsi. Í raun og veru verður altaf um það deilt, ef hún þarf ekki að vera í sjúkrahúsi, hvort það er skylda ríkisins að sjá fyrir sjúklingnum, en nefndin leit svo á, að þar sem hún hefir barist svona lengi við sjúkdóm sinn, þá sje rjett að veita þetta, og með því að það eru einnig líkur til að það dragi dálítið úr gjöldum ríkissjóðs.

Þá eru ekki fleiri brtt. við 12. gr.

Við 13. gr. er fyrsta brtt. 20000 kr. til Vaðlaheiðarvegar. Nefndin hefir í áliti sínu skýrt það nokkuð, hvernig á þessu stendur; hún er með þessum till. sínum að nokkru leyti í andstöðu við vegamálastjóra, því að hann álítur, að til þessa vegar, sem verður dýr, ætti ekki að leggja nema talsvert stórar upphæðir í einu, þar sem það getur ekki orðið að notum, fyr en vegurinn er kominn langa leið, en nefndin lítur svo á, að rjett sje að taka inn upphæð í fjárlög, vegna þess, að þá verði síður í undandrætti að veita til hans, og trygging fyrir því, að veginum verði haldið áfram. Hitt er nefndinni ljóst, að þessi vegur er illfær og nær ófær á sumum tímum árs, en þetta er fjölfarinn vegur, kaupstaðarvegur, sem getur engan veginn beðið lengi enn.

Þá hefir nefndin hækkað tillagið til viðhalds þjóðvega upp í 180000 kr. Þetta er eftir beiðni háttv. þm. Dala. (BJ), sem skýrði nefndinni frá því, að í hans kjördæmi væri svo ástatt, að þjóðvegurinn á einum stað endaði í forarflóa, og ekki hægt að nota þennan part, sem góður væri, en ef hann væri fullgerður, þá yrði ferðamannaleiðin miklu styttri en nú er, og þess vegna nauðsynlegt, að þetta verði gert. Nokkur hluti nefndarinnar býst við, að þetta yrði gert hvort sem væri, kannske næsta sumar, en meiri hluti nefndarinnar vildi verða við þessum tilmælum, og hækkar því liðinn, til þess að þetta yrði gert. Annars er jeg ókunnugur þarna, og get því ekki af neinum kunnugleik um þetta talað

Næsta brtt. er um ferju á Hornafirði; það er lítil upphæð, 300 kr., tekur varla að tala um það langt mál, en þetta er beiðni frá 27 búendum í Borgarhafnarhreppi, og ástæðan til þess er sú, að þjóðvegurinn til Hornafjarðar verður oft ófær fyrir vatnavexti, en leiðin sunnan um sandana er altaf fær og þá farin, en þá vantar ferju til að geta komist yfir vötnin á söndunum, því að þar verður oft ófært við vatnavexti. Þarna er jeg einnig alveg ókunnugur, og get því ekki gefið

frekari upplýsingar; vil því aðeins benda á, að þetta er sáralítil upphæð.

Næsta brtt. er tveir liðir, a. og b., til tveggja býla, Kleppustaða og Ytri-Kota, um 200 kr. í hvorn stað, til að halda uppi gistingu fyrir ferðamenn. Það eru áður í fjárlögunum upphæðir í svipuðum tilgangi. Nefndinni sýndist þetta sjálfsagt, og það lágu líka fyrir beiðnir um þetta frá hreppsnefnd og póstum, og er nefndin sammála um, að þetta sje nauðsynlegt, þar sem býli þessi liggja við fjölfarna og erfiða fjallvegi.

Þá er næsti liður:

„Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn".

Er þetta lagt til sökum þess, að nú seint í ágúst næstk. er útrunninn samningstími við Stóra norræna ritsímafjelagið og standa fyrir dyrum nýir samningar. Landssímastjóri hafði þegar á þinginu í fyrra farið fram á það við fjvn. að ætla eitthvað til loftskeytastöðvarinnar. Áleit hann nauðsynlegt, að þetta væri komið í kring áður en samningar byrjuðu, til þess að þeir sæju, að við værum ekki varbúnir og sambandslausir við umheiminn, þótt það slitnaði upp úr samningum. Nefndin hefir, í samráði við stjórnina, ekki ákveðið neina upphæð, heldur gefur henni heimild til að verja til þess sem þarf. Það liggur í því, að ef ekki þyrfti til þess að taka, þá þyrfti ekki að veita nema lítið fje, en hinsvegar gera það rækilega, ef það hefði áhrif á þessa væntanlegu samninga.

Næsta till. er nýr liður, til þess að reisa nýja vita, 50000 kr. Stjórnin hefir ekki lagt til að veita neina upphæð í þessu skyni. Vitamálastjóri hefir í brjefi til nefndarinnar farið fram á, að það væri veitt mikið fje í þessu skyni, og sjerstaklega lagt áherslu á það, að vitagjald eigi að nota til að byggja vita fyrir. Það, sem hann sjerstaklega leggur áherslu á, er landtökuviti við Dyrhólaey. Þessi viti kostar upp undir 150000 kr. Nefndin lítur svo á, að þessi viti eigi að sitja fyrir, og hafa einnig lagt áherslu á það form. Fiskifjelagsins og skipstjórar á millilandaskipunum. Aftur hafa fjórir þingmenn skrifað nefndinni um að veita sjerstaklega 60000 kr. til að byggja nýja vita, sjerstaklega við Stafnes, Grundarfjörð og Vestmannaeyjar. Út af því, sem fram kom, leit nefndin svo á, að mest myndi nauðsyn á að byggja þennan landtökuvita sem fyrst, en aftur á móti sá hún sjer ekki fært að veita fje, svo að hann yrði fullger, en vonar, að hægt verði að byrja á þessari byggingu, en vill hins vegar, ef stjórninni og vitamálastjóra þætti ráðlegra að byrja á þessum smærri vitum, að hún gæti þá gert það og hefði óbundnar hendur.

Viðvíkjandi því, sem talsvert mikið hefir verið talað um, að það væru rjettmætar kröfur til ríkissjóðs að veita til þessara vitabygginga, vegna þess að tekjur hans væru svo miklar af vitunum, en notaðar til annars, þá útvegaði nefndin sjer skýrslu um þessar tekjur frá því að Reykjanesvitinn var bygður. Eftir þessari skýrslu, frá 1878 og til aldamóta, þá hafa vitagjöldin stöðugt verið nokkru hærri en kostnaðurinn, enda er það ekki svo undarlegt, því að fyrst var vitinn ekki nema einn, og um aldamótin stóð það þannig, að tekjurnar voru 30—40 þús. kr. meiri en gjöldin. En eftir því sem lengra líður, breytist þetta þannig, að síðustu árin voru gjöldin hærri en tekjurnar, og að öllu samanlögðu, í árslok 1923, upp undir ½ miljón kr., sem

kostnaðurinn er meiri en tekjurnar. Nefndinni leist því ekki, að það væri á rjettum rökum bygt, að ríkissjóður þyrfti þess vegna að leggja fram meira fje en lagt hefir verið til í þessu skyni. Hitt viðurkennir hún, að þetta er nauðsynjamál og eigi í næstu framtíð að gerast eins og kostur er á.

Þá er næst brtt. við sömu gr., um kaup á húsi og lóð við Garðskagavita. Það hefir áður legið fyrir nefndinni málaleitun í þessa átt, að ríkissjóður keypti af vitaverðinum þarna hús, lóðir og mannvirki, sem hann hefir keypt á uppboði. En nefndinni fanst, að þetta, sem óskað var að ríkissjóður keypti, væri með nokkuð háu verði, og hafði þess vegna ekki sint því, enda hefir það verið svo, að kauptilboðið hefir stöðugt farið lækkandi, og hefir nú komist lægst. Þó er þessi upphæð ekki nægileg fyrir því, sem þetta er nú boðið fyrir, en nefndin lítur svo á, að rjettast sje, að það sje metið, hversu mikils virði þessi eign sje. Náttúrlega játar nefndin það, að hlutaðeiganda er ekki hægt að skylda til að selja eftir matsverði, en býst hins vegar við, að hann setji sig ekki á móti matinu; en verði verðið ekki hærra en hjer er gert ráð fyrir, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að eignin verði keypt.

Fleiri brtt. eru ekki af hálfu nefndarinnar við þennan kafla, og brtt. einstakra þm. ætla jeg ekki að fara út í nú, ekki fyr en þeir hafa lýst þeim frá sinni hlið, en jeg vil aðeins geta þess, að upphæðir þessara brtt., sem nú liggja fyrir, eru ekkert smáar; öll hækkunin á gjöldum fjárlaganna yrði, ef þær yrðu samþ., yfir 900000 kr., till. minni hl. upp undir 300000 kr., og annara þm. 623000 kr. Það er þess vegna ekkert smáræði, sem hjer er um að ræða, og jeg vænti þess fyrir hönd nefndarinnar, að háttv. þm. athugi vel þessa stefnu, sem meiri hluti nefndarinnar og fjármálastjórnin vill fylgja, og ef þeir gera það, þá verður áreiðanlega margt af þessum till., sem þeir ekki munu sjá sjer fært að samþ. að þessu sinni, þótt nauðsynlegar þyki.

Fjármálaráðherra (JÞ): Úr því að hv. frsm. minni hl. (BJ) óskar ekki að taka til máls nú þegar, þá skal jeg leyfa mjer að segja fáein orð. Jeg get þá fyrst þakkað hv. fjvn. fyrir það, að hún tjáði sig geta algerlega fallist á þá stefnu, sem jeg lýsti hjer fyrir stjórnarinnar hönd við 1. umr. fjárlaganna, sem sje að greiða lausaskuldir ríkissjóðs á næstu þrem árum, og takmarka heldur framkvæmdir ríkissjóðs, eftir því sem nauðsyn krefur, þennan sama tíma. Nefndin hefir skilið það alveg rjett, að í þessu er einmitt fólginn sá mesti og besti stuðningur, sem löggjafarvaldið að svo stöddu getur látið atvinnuvegunum í tje. Það er sem sje að skila aftur því lánsfje, sem ríkissjóður hefir undir sig lagt á undanförnum árum, til þess að það geti runnið þangað, sem það fyrst og fremst á að renna, til eflingar atvinnuvegunum. En jeg vil bæta því við, að eitt af því lakara, sem þetta löggjafarvald gæti aðhafst gagnvart atvinnuvegunum á þessu sama tímabili, sem er uppgangstímabil fyrir atvinnuvegina, er það, ef nú væri farið svo freklega í aukning opinberra framkvæmda, að stofnað yrði til kapphlaups við atvinnuvegina um vinnukraft þau árin, sem hagur atvinnuveganna er góður og þeir geta dregið til sín miklu meiri vinnukraft en þeir eru færir um, þegar erfiðir tímar koma. Í þessu efni er það sú rjetta stefna fyrir

löggjafarvaldið að hyllast til þess, að opinberar framkvæmdir falli meira á mögur ár fyrir atvinnuvegina heldur en uppgangsárin; með þessu er bæði atvinnurekendum og verkafólki betur borgið, með því að ríkisframkvæmdir komi sem nokkurskonar uppbót, þegar atvinna rýrnar, heldur en að ríkisframkvæmdum sje hleypt í algleyming á þeim tíma, sem atvinnuvegirnir geta notað mestallan þann vinnukraft, sem til er í landinu. Jeg verð að álíta, að frá hvorri hliðinni, sem litið er á málið, frá skuldagreiðslu eða að fara sjer fremur hægt um opinberar framkvæmdir, sje hvorttveggja rjett gagnvart atvinnuvegum landsins.

Að öðru leyti vil jeg svo bæta því við um till. nefndarinnar, að mjer þykir hún að vísu fara fulllangt í till. sínum um hækkun á útgjöldum, frá því sem stungið er upp á í stjfrv. Það mun vera full 300000 kr., sem nefndin gerir ráð fyrir, að útgjöldin hækki, og verð jeg þó að viðurkenna, að niðurstaðan væri viðunandi, ef ekki yrði meira úr þessu en nefndin leggur til. Það er gamalt orðtæki hjá okkur, að það þarf sterk bein til að þola góða daga. Þetta sannaðist átakanlega á íslenska löggjafarvaldinu eftir að stríðinu ljetti, árin 1919 og 1920. Árið 1919 var gott ár, en menn þoldu það ekki betur en svo, að nú sýnist eftir á, sem allri gætni hafi verið varpað fyrir borð á eftir þessu góða ári, og undir þeim afleiðingum búum vjer ennþá. Vil jeg ekki gera ráð fyrir, að svo takist til annað sinn, svo skömmu eftir að vjer höfum fengið þessa viðvörunarreynslu, en þó get jeg ekki varist þeirri hugsun, að það eru orðin of mikil umskifti á hugsunarhætti hv. þm. yfirleitt, að því er mjer finst, frá því á síðasta þingi, en það mun vonandi ekki vera annað en þeir góðu dagar, sem síðastliðið ár leiddi yfir landið, sem hafa valdið þessari breytingu á hugsunarhættinum. Jeg vil samt fastlega vona, að gætnin verði að öllu leyti yfirsterkari á þessu þingi, þegar til kastanna kemur, og til þess að reyna ennþá að gæta fullrar nákvæmni, vil jeg minna á það, sem jeg hefi sagt áður, að til tekjuafgangs síðasta árs, sem búist er við að hafi orðið um 1½ milj. kr., má finna tvær skýringar. Önnur er sú, að útgjöldunum var þrýst niður um 1½ milj. kr. frá því, sem þau höfðu verið árið 1923, og þetta varð auðvitað ekki gert nema með því að fella niður hjer um bil allar verklegar framkvæmdir ríkissjóðs. Ef þetta hefði ekki verið gert, hefði enginn tekjuafgangur orðið, þrátt fyrir gott ár og nýja tolla. Þetta bið jeg háttv. þm. að hafa hugfast, þegar þeir eru að gera upp við sig, hvort fært sje að leggja út í samskonar framkvæmdir og þær, sem feldar voru niður síðastliðið ár. Hin ástæðan, sem segja má að hafi skapað þennan tekjuafgang, var góðæri. Þegar menn draga frá tekjurnar af þeim nýju lögum, sem sett voru á síðasta þingi, svo samviskusamlega sem unt er, þá sjest, að árið 1924 eru þær 1½ milj. kr. hærri en þessar sömu tekjur voru 1923, og þessi munur getur ekki stafað af öðru en mismun á árferði, og getur því horfið aftur hvenær sem því hallar, svo að það verði ekki betra en árið 1923. Jeg vona því, að hv. þm., þrátt fyrir þessa stundarvelgengni, hafi það hugfast, að það eru engin rök fyrir því, að hverfa megi frá þeirri gætni, sem var viðhöfð síðastliðið ár.

Þá vil jeg enn minna hv. þm. á það, að það er gömul reynsla í okkar fjármálastjórn, að til þess að tekjur og gjöld ríkissjóðs standist á í landsreikningunum, þurfa tekjurnar að reynast um 15% hærri en

þær eru áætlaðar í fjárlögum, sem þingið afgreiðir tekjuhallalaus, sem kallað er.

Þannig hefir þetta gengið undanfarin ár, og ef við lítum á skýrslu um afkomu ársins 1924, þá sjáum við fljótt, að það ár er engin undantekning frá þessari venju, því að útgjöld ársins eru í heild um 15% hærri en áætlun fjárlaganna sýndi.

Þess vegna er hætt við því, ef tekjuáætlanir fjárlaganna verða ekki svo varlegar sem skyldi, þá fari ver í framkvæmdinni.

Nú hefir hv. fjvn. hækkað tekjuáætlun fjárlagafrv. um 930 þús. kr., og get jeg ekki staðhæft, að þetta sje óforsvaranleg hækkun, sjerstaklega ef þess er gætt, að á móti verði settur nýr gjaldaliður, afborganir lausaskulda ríkissjóðs, eins og hv. nefnd líka gerir till. um.

Í þetta sinn var gengið svo gætilega frá tekjuáætluninni til þess fyrst og fremst, að orðið gæti afgangur til greiðslu einhvers hluta lausaskuldanna, og auk þess má búast við, að nokkurt fje þurfi til þess að standast umframgreiðslur á útgjaldaliðunum, sem reynslan hefir sýnt, að ekki verður hjá komist.

Eins og hv. þm. er kunnugt, lá skýrsla um afkomu ársins 1924 ekki fyrir, þegar fjárlagafrv. var samið, en jeg get hugsað mjer, að nokkrir tekjuliðir hefðu verið áætlaðir hærri í frv., ef sú skýrsla hefði verið fyrir hendi.

Jeg get þess vegna ekki beinlínis lagst á móti þessari hækkun tekjuliðanna, sem hv. nefnd stingur upp á.

Um einstaka tekjuliði get jeg verið fáorður.

Hv. nefnd leggur til, að áætlunin um útflutningsgjald verði hækkuð úr 700 þús. kr. upp í 800 þús. kr. Hvort þessi hækkun reynist forsvaranleg, veltur á því, hvað gerist um gengi ísl. krónunnar frá þessum tíma til ársloka 1926, því að þessi liður, að undanteknu útflutningsgjaldi af síld, lækkar með hækkandi gengi krónunnar. Í tveim síðustu hækkunartill. sínum, tekjum af víneinkasölu og tóbakseinkasölu, finst mjer hv. nefnd einnig hafa farið fram úr því, sem eftir almennum reglum getur talist gætileg áætlun, að óbreyttri löggjöfinni að öðru leyti. Hv. nefnd vill áætla báða þessa tekjuliði talsvert hærri en þeir reyndust árið 1923, eða sem næst meðaltali áranna 1923—24, en þess ber að gæta, að síðasta ár gáfu þessi fyrirtæki alveg óvenjulega góðar tekjur. Áætlun stjfrv. var jafnhá tekjunum, sem þau gáfu árið 1923. Að vísu runnu ekki allar tekjur víneinkasölunnar það ár í ríkissjóð, heldur var nokkrum hluta þeirra bætt við rekstrarfje verslunarinnar sjálfrar.

Annars nema þessar tvær hækkanir ekki svo mikilli upphæð, að jeg telji þær skifta verulega miklu máli að því er snertir áætlun tekna samkv. 2. gr. fjárlaganna í heild. Hv. þm. verða fyrst og fremst að hafa í huga og vinna að því, að 2. gr. gefi nægilegar tekjur umfram áætlun til þess að ríkissjóður fái staðist þær umframgreiðslur, sem við vitum af reynslunni, að hann verður að inna af hendi. Og jeg hygg, að greinin í heild sje, samkvæmt till. hv. nefndar, forsvaranlega áætluð að þessu leyti.

Þó vil jeg þar við gera þá aths., að þegar hv. nefnd færir áætlaðar tekjur af verðtolli úr 450 þús. kr. upp í 800 þús. kr., þá er annað ekki forsvaranlegt en að þetta þing gangi svo frá verðtollslögunum, að tryggt sje, að þau gildi til ársloka 1926.

Að stjórnin áætlaði verðtollinn ekki hærri en 450 þús. kr., stóð í sambandi við

það, að hún hefir ekki lagt til, að verðtollslögin yrðu framlengd lengur en til loka 1. ársfjórðungs 1926, og gat því ekki vitað nema næsta þing breytti þeim svo, að tekjur ríkissjóðs rýrðust að mun.

En í samræmi við þessa till. hv. fjvn. verður þetta þing óhjákvæmilega að ganga svo frá lögunum, að þau haldi gildi alt næsta ár, og í því formi, að þau gefi ríkissjóði hinar áætluðu tekjur.

Um till. hv. nefndar, sem snerta þann hluta gjaldabálksins, sem nú er til umr., skal jeg vera stuttorður.

Gjaldatill. samkv. stjfrv. hefir hv. nefnd aðeins farið fram á að lækka um 5500 kr. samtals.

Jeg verð að segja, að jeg hefi ekki fundið rök fyrir neinni niðurfærslu hv. nefndar, og hefði jeg talið rjettast, að hún hefði látið alla þessa liði standa óbreytta, úr því að hún fann ekki ástæðu til fleiri slíkra breytinga.

Jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg er samþykkur till. hv. nefndar um að verja 600 þús. kr. til afborgunar lausaskulda, og tel jeg það í fullu samræmi við brtt. hennar við tekjuáætlunina; og þó að jeg ætli ekki að gera brtt. háttv. milli hl. (BJ) eða einstakra hv. þm. að umræðuefni í þetta sinn, þá skal jeg samt gera undantekningu að því er snertir till. hv. minni hl. fjvn. (BJ) um að ákveða þessa fjárhæð ekki hærri en 300 þús. kr.

Eftir að búið er að hækka tekjuáætlunina eins og háttv. nefnd vill gera, þá er með engu móti forsvaranlegt að áætla þennan lið lægri en 600 þús. kr., ef nokkur von á að vera til þess, að takmarkinu verði náð og tiltölulegur hluti lausaskuldanna verði greiddur á næsta ári af þremur.

Þá hefir háttv. nefnd lagt til, að ríkisráðskostnaður verði lækkaður úr 8 þús. kr. niður í 4 þús. kr.

Það er ekki auðvelt að gera þetta mál mikið að umtalsefni hjer í háttv. deild, en mjer þykir leitt, að háttv. nefnd hefir ekki getað fallist á ástæður þær, sem fyrir henni voru fram bornar í þessu efni, og hefði mjer þótt eðlilegast, eftir því hversu vel hún að öðru leyti hefir fallist á till. stjórnarinnar, að hún hefði einnig í þessu atriði trúað stjórninni til að hafa ekki farið lengra en þörf landsins krefði. Jeg verð því að leyfa mjer að fara þess á leit við háttv. þdm., að þeir láti upphæð stjfrv. standa óbreytta.

Þá þarf jeg að gera dálitla grein fyrir till. stjórnarinnar um greiðslu til aðstoðarlæknisins á Ísafirði, sjerstaklega út af ummælum hv. nefndar um þessa fjárveitingu, sem hún leggur til að færð verði niður um 500 kr., og byggir þá till. sína á því, að ríkissjóði beri engin lagaskylda til að launa þennan lækni.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að áður en stjfrv. var samið hafði jeg ekki rannsakað þetta mál sem skyldi. En þegar jeg sá þessi ummæli hv. nefndar, taldi jeg mjer skylt að rannsaka málið eftir föngum, og nú skal jeg skýra hv. deild frá niðurstöðunni, sem jeg komst að.

Þá er þess fyrst að geta, að sýslan þessi var stofnuð samkv. 2. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða, og voru launin ákveðin í 3. gr. sömu laga 800 kr., en þá höfðu hjeraðslæknar yfirleitt 1500 kr. árslaun. Hvorug þessi lagagrein hefir verið úr gildi numin, svo að jeg viti til.

Þessi sýslan var síðan auglýst laus með umsóknarfresti til 5. apríl 1908 og var veitt 30. maí s. á. þeim manni, sem enn

situr í embættinu samkv. þessari veitingu.

Árið 1919 var launamál embættis- og sýslunarmanna alt til meðferðar hjer í þinginu. Nefndin, sem hafði málið til meðferðar, lagði til, að aðstoðarlæknirinn fengi 2500 kr. byrjunarlaun, hækkandi upp í 3500 kr. Þetta var samþykt við 2. umr. hjer í háttv. deild, án mótatkvæða, að því er jeg best veit, og stóð ákvæðið í frv. gegnum þessa hv. deild og við 1. og 2. umr. í hv. Ed. En við 3. umr. í hv. Ed. var borin fram brtt. um að fella þetta ákvæði burt úr frv. af þeim ástæðum, að þá var enginn aðstoðarlæknir lengur á Akureyri, en samkv. áður nefndum lögum frá 1907 var aðstoðarlæknissýslan stofnsett bæði á Akureyri og Ísafirði.

Þessi brtt. var flutt af þáverandi þm. Ak., Magnúsi Kristjánssyni, og bygð á því, að ekki væri rjett að setja ákvæði um þennan aðstoðarlækni á Ísafirði í launalögin, þar sem enginn slíkur læknir væri lengur á Akureyri, en hinsvegar var alment samkomulag um það, að núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði ætti ekki að bíða tjón við þessa ráðstöfun.

Um þessa brtt. segir frsm. launamálanefndarinnar í hv. Ed., Kristinn Daníelsson:

„Þá er brtt. á þskj. 765. Getum við fallist á hana, enda fer hún í raun rjettri ekki fram á annað en það, sem til er ætlast í frv. sjálfu, að þessi staða falli niður með þeim manni, sem nú gegnir henni. En þó er þetta með því skilyrði, að honum sje bætt upp í fjárlögunum, svo að hann bíði ekki halla".

Flm. till., Magnús Kristjánsson, segir svo, eftir að hafa fært fram ástæður sínar fyrir henni:

„Hinsvegar er það ekki ætlun okkar að baka þessum manni óþægindi eða fjártjón, og er því gert ráð fyrir, að honum verði í fjárlögunum veitt hæfileg upphæð þangað til hann á kost á viðunanlegu embætti annarsstaðar"

Þessi brtt. var síðan samþykt með 8 shlj. atkv., og þannig kom málið til hv. Nd. Þegar frsm. frv. í þessari hv. deild skýrði frá breytingum þeim, sem orðnar væru á frv., gat hann ekki um þessa, og var þar í samræmi við það, sem sagt hafði verið í háttv. Ed., að þetta væri í raun og veru engin breyting.

Síðan kom mál þetta á dagskrá við umr. fjárlaganna fyrir árin 1920—'21, sem voru afgreidd á þessu sama þingi. Við 3. umr. fjárlagafrv. í hv. Ed. bar fjvn. fram till. um að veita aðstoðarlækninum 2000 kr. hvort árið, í viðbót við 800 kr. lögmælt laun hans. Hv. þm. Snæf. (HSteins) flutti brtt. um að hækka þessa fjárveitingu upp í 4000 kr., eða samtals 4800 kr. hvort árið, og út af þeirri brtt. segir frsm. launamálanefndarinnar, Kr. Dan.:

„Af því að hv. þm. Snæf. (HSt) vitnaði til frsm. launanefndarinnar, þykir mjer rjett að standa upp og staðfesta skýrslu hans, því að hún var í alla staði rjett. Þegar launanefndin gekk að því, að aukalæknirinn á Ísafirði væri færður í fjárlögin, þá var það beint með því skilyrði, að læknirinn biði engan halla. Jeg treysti því þess vegna, að hv. deild samþykki þessa till. hv. þm. Snæf. (HSt), enda er hún mjög hófleg, með því að rjettu lagi átti læknirinn að fá 2500 kr. + dýrtíðaruppbót".

Þessi till. fjell með jöfnum atkvæðum í háttv. Ed., en var tekin upp í hv. Nd. af frsm. fjvn. og samþykt þar, án mót-

atkvæða, með tilvísun til loforðs frsm. launamálanefndar Ed., og þannig lauk málinu í þetta sinn.

Jeg held nú, að hv. fjvn. geti illa staðið við þau orð sín, að ríkissjóði beri engin skylda til að launa þennan aðaðstoðarlækni. Að minsta kosti á hann heimtingu á 800 kr. árslaunum samkv. lögunum frá 1907, og er þá lægst launaði starfsmaður ríkisins, því að talsímameyjar, sem annars munu hafa lægst laun, fá þó 900 kr. byrjunarlaun.

Og jeg verð að segja, að ef þingið á annað borð getur gefið bindandi loforð öðruvísi en í lagaformi, þá hefir það verið gert hjer.

Loforð þingsins eru hjer yfirleitt svo skýr frá öllum hliðum, að þau verða ekki gefin skýrari, nema með lögum.

Ef jeg hefði verið búinn að athuga þetta svo nákvæmlega áður en fjárlagafrv. var samið, þá hefði jeg hiklaust ákveðið þennan lið 2500 kr.+ dýrtíðaruppbót, en með því fær læknirinn þó ekki rjett sinn allan, því að loforðið um aldurshækkun er ekki þar með efnt.

Nú hefir hv. frsm. minni hl. (BJ) lagt til að hækka liðinn upp í 2500 kr., og er það rjett spor, það sem það nær, en þó vantar enn dýrtíðaruppbótina, svo framarlega sem þingið vill standa við loforð, sem það hefir gefið svo skýrt sem unt er.

Af því, sem jeg nú hefi sagt, vona jeg, að hv. fjvn. skiljist, að jeg get ekki fallist á þá till. hennar að færa upphæðina í stjfrv. niður, þar sem hún er þegar langtum lægri en loforð standa til.

Aðrar till. háttv. nefndar við þennan kafla fjárlagafrv. finn jeg ekki ástæðu til að gera að umtalsefni í þetta sinn.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) setti það fram svo sem fjvn. hefði öll fallist á þá till. hæstv. fjrh. (JÞ), að greiða á næstu 3 árum allar svokallaðar lausaskuldir ríkissjóðs af árlegum tekjum hans.

Öll nefndin hefir ekki fallist á þessa skoðun, en hv. frsm. (ÞórJ) var óhætt að skýra svo frá, því að hann vissi, að jeg mundi koma á eftir og segja mína skoðun alla aðra.

Stefnan er m. ö. o. sú, að láta allar framkvæmdir standa í stað, allar framkvæmdir í heilbrigðismálum, vega- og símamálum o. s. frv., sem allar eru bráðnauðsynlegar og landslýðnum kærkomnar, til þess að geta greitt lausaskuldirnar af árstekjum ríkissjóðs.

Þetta þykir mjer óviturlega ráðið og ranglátt gagnvart öllum landslýð, því að muna mega menn það, að skuldir ríkissjóðs eru að mestu leyti Alþingi sjálfu að kenna.

Það hefir árum saman látið ríkissjóð bíða stórtjón við gengisfall ísl. krónunnar. Alþingi hefir ekki viljað fallast á þá till. mína og annara, sem stöðugt hefir verið hamrað á síðan 1914, að reikna tekjur ríkissjóðs ekki í fallvöltum krónum, heldur miða þær við stöðugra verðmæti, samkvæmt föstum verðlagsskrám.

Það var ekki fyr en á síðasta þingi, að farið var að leggja 25 af hundraði við ýmsa tolla og gjöld, til þess að vega upp á móti gengishallanum. Þetta var auðvitað gott og blessað, en hefði átt að vera gert löngu áður.

Þegar fjárhagsvandræði ríkissjóðs eru að miklu leyti þinginu sjálfu að kenna, þá er því ekki rjett að bæta úr þeim á þann hátt, að landsmenn fari á mis við allar framfarir, sem miða til almenningsheilla. Og til þess að vinna upp þann halla, þarf hvergi nærri að taka á hverju ári svo mikið af árstekjunum, að af því

leiði verulega stöðvun á starfsemi í landinu. En hitt er auðvitað, að ef verja á svo miklu af árstekjunum til skuldagreiðslu allan tímann, eða 3—4 ár, þá hlýtur margt það að verða útundan, sem lífsnauðsyn er, að gangi fram. Mikið hefir verið talað um góðæri það, er verið hafi síðastliðið ár, og mjög brýnt fyrir mönnum að treysta því ekki, að slíkt haldist áfram, því að brátt geti um skift. Það er alveg rjett. En ef menn vilja með þessu segja, að aðeins hafi góðæri verið hjer á landi hið síðasta ár, þá er það alveg rangt. Hitt er víst, að nú um tíma hefir góðæri ríkt, en að landsmenn hafa ekki til þess fundið, er einvörðungu skökkum ráðstöfunum þingsins að kenna. En hversu færi nú með framkvæmdirnar, ef, þegar búið væri að taka þetta af árstekjunum til þess að greiða skuldirnar, kæmi magurt ár, er greiðslunni væri lokið? Skyldu menn þá bráðfúsir á að leggja mikið fje til framkvæmda? Hitt ætla jeg sönnu nær, að þá myndi hið sama orðtak hljóma hjer sem nú, að slíkt væri ófært, því að ekki mætti skila fjárlögunum með tekjuhalla. Má því vel fara svo, að frestað verði nauðsynlegum framkvæmdum um 6—9 eða 12 ár, ef till. hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. nefndar verða samþyktar í þessu efni.

Háttv. frsm. sagði, að skuldagreiðslan myndi auka peningagildið í landinu, en hæstv. fjrh. (JÞ) komst að þeirri niðurstöðu, að það væri verðlagið innanlands, sem ákvæði það, og virðast því skuldagreiðslurnar skifta þar litlu máli. Mega þeir eigast við um þetta, og skal jeg ekki kappræða um það við þá.

Háttv. frsm. (ÞórJ) talaði um, hvílík vandræði væru að ákveða, hvaða framkvæmdir ætti helst að taka, þar sem svo lítið fje væri fyrir hendi, en svo mikið ógert, og fylgdi síðan, svo sem bar, fram till. nefndarinnar. Skal jeg ekkert að þeim víkja, þar sem jeg var sammála nefndinni um alla þá liði, sem hún hefir lagt til, þótt jeg hinsvegar sjái, að brýn nauðsyn ber til, að fleira sje gert en nefndin leggur með.

Hæstv. fjrh. þakkaði nefndinni fyrir, að hún hefði fallist á skoðanir hans um borgun lausaskuldanna, en jeg þykist nú hafa látið allgreinilega í ljós, að jeg er ekki alveg jafnþakklátur honum fyrir skoðanir hans, því að jeg hygg, að stefnan sje röng. Hann kvað sjálfsagt, að stjórn og þing gerðu ekki atvinnuvegunum þann vanda að halda föstu því fje, er til rekstrar þeirra þyrfti. Mjer hefir aldrei dottið í hug, að stjórnin hjeldi því fje, heldur hefði jeg ætlað, að hún tæki samningsbundið 30 ára lán erlendis til að greiða með lausu skuldirnar. Biðu þá atvinnuvegirnir engan hnekki nje heldur yrði fjeð sett fast í bönkunum, það er til endurborgunar þyrfti.

Þá talaði hæstv. fjrh. (JÞ) á þá leið, að eftir till. nefndarinnar væru atvinnuvegirnir ekki í neyð staddir, því að hún legði til að skila 600000 kr. í landhelgissjóðinn. En jeg veit ekki til, að það fje heyri atvinnurekstrinum til nje hafi nokkru sinni verið starfsfje atvinnuveganna.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að ilt væri að stofna nú til mikilla framkvæmda, því að úr því yrði kapphlaup við atvinnuvegina, og vildi hann því geyma framkvæmdirnar til mögru áranna. En jeg ætla nú, að þótt till. fjvn., og minni hlutans líka, nái fram að ganga, þá sje ekki hætt við, að með því sje stofnað til neins kapphlaups við atvinnuvegina, nje heldur að neitt verði frá þeim tekið. Því að það vita menn, að síma- og vegalagningar eru ákaflega hentugar framkvæmdir fyrir íbúa sveitanna; geta þeir lagt fólk til

þeirra og fengið fje fyrir, sem þeim er hentugt og kærkomið, og er síður en svo, að þessar framkvæmdir komi á nokkru kapphlaupi við búskapinn. Hitt mun og heldur ekki vanalegt, að þeir menn stundi þessa vinnu, sem sjó sækja, svo að ekki er heldur um kapphlaup að ræða við sjávarútveginn. Það þarf líka svo lítinn vinnukraft til þeirra framkvæmda, sem báðir hlutar nefndarinnar og eins einstakir hv. þm. hafa lagt til, að gerðar verði, að ekki er nein hætta á, að hörgull verði á fólki til annara verka fyrir þær sakir.

En þegar hæstv. fjrh. (JÞ) er að ræða um að geyma framkvæmdir þessar til mögru áranna, þá væri það vitanlega einkar viturlega ráðið, ef vitanlegt væri, að þær yrðu gerðar þá. Það er alveg auðvitað, að gott væri að geta aukið framkvæmdir landsins, þegar illa árar, en jeg fellst bara ekki á þetta viturlega ráð fyrir þær sakir, að mjer dettur ekki í hug, að þingið fari að veita mikið fje til framkvæmda hin mögru ár, jafnvel þó að landsstjórnin verði öll af vilja gerð í því efni. Nei, hitt veit jeg fyrir víst, að þegar hin mögru ár koma, þá mun hin afskaplega skepna, sem barlómur heitir, kveina hjer svo hátt í salnum, að öllum framkvæmdum verður niður drepið.

Mun jeg nú ekki deila frekar um þessa hluti, og gæti í rauninni vel sest niður, úr því enginn hlustar eftir, því að mjer finst harla leitt að tala fyrir berum salnum. Þó get jeg ekki gengið með öllu frá því, sem jeg ætlaði að segja um till. minar, til þess að þær skuli ekki fara óumtalaðar til atkvgr.

Fyrst vil jeg minna á þá till. mína að lækka 600000 kr. gjaldið til borgunar lausu skuldanna niður í 300000 kr. Er það í fullu samræmi við skoðun mína á því, hvernig borgun lausu skuldanna skyldi varið. Aðeins hefi jeg ekki fært þetta nóg niður, því að jeg ætla ekki, að hæstv. stjórn muni hika við að hverfa að því ráði að taka samningsbundið 30 ára lán til þessarar greiðslu, og væri þá óþarft, að þessi liður væri svo hár sem enn er eftir till. minum.

Jeg vil og geta þess, að í þessum kafla, sem hjer um ræðir, hefi jeg í nefndinni áskilið mjer óbundið atkvæði um 12. liðinn, þ. e. ríkisráðskostnaðinn, og 14. liðinn, ritfje landlæknis, í till. nefndarinnar. Mjer finst ekki minsta ástæða til að ætla ríkissjóði að græða 500 kr. á þessum manni, og mun því greiða atkvæði þar á móti till. hv. meiri hl. nefndarinnar.

Um minar eigin till. skal jeg vera mjög fáorður. Jeg vil þakka hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir það, hversu vel hann mælti með 2. lið á þskj. 204. Gerði hann það betur en jeg hefði getað sjálfur gert, og get jeg því látið þar við sitja. Annars get jeg getið þess, að jeg væri fús á að ætla þessum lækni bæði dýrtíðar- og aldursuppbót, eins og um var samið, og finst mjer hastarlegt, hversu menn að undanförnu hafa lagt hann í einelti, en jeg býst nú við, að eftir ræðu hæstv. fjrh. muni menn ekki hika við að greiða till. minni atkvæði sitt.

Um 3. lið vil jeg segja það, að jeg teldi það farsællega ráðið að knýta Jón Kristjánsson lækni við háskólann á sama hátt og háls-, nef- og eyrnalækninn, og að borga honum þessa litlu upphæð, 1000 kr. á ári, fyrir það, að hann ljeti nemendur í læknadeild njóta tilsagnar í sjerfræðigrein sinni og kendi þeim að fara með þau hin dýru verkfæri, er hann hefir fengið handa lækningastofu sinni. Er læknum nauðsyn á að kunna með þessi verkfæri að fara, þótt gera megi ráð fyrir, að þeir geti ekki aflað sjer þeirra allra dýrustu. En sum þeirra geta þeir sjálf-

sagt fengið. Eru sum þessara áhalda einkar gagnleg við ýmsa sjúkdóma, einkum diatermi — jeg þekki ekkert íslenskt orð yfir það — og læknanemum væri mikill hagur af að kynnast þeim. Býst jeg því við, að menn fallist á þessa brtt. og greiði henni atkvæði.

Þá hefi jeg komið fram með brtt. við 12. gr., sem hv. meiri hl. nefndarinnar vildi ekki taka upp, en mjer þótti rjett, að þær kæmu til umr. og atkv. í þessari háttv. deild. Jeg lít svo á, að öll þau mál, sem varða heilbrigði eða sjúkdóma landsmanna, sjeu svo mikilsverð, að ekki megi minna vera en að almenningur geti sjeð í þingtíðindunum, hvaða skoðun háttv. þm. hafi á þeim.

Hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að þetta væru að vísu merkileg mál, en hitt væri fyrst og fremst um að gera, að líta á fjárhagslegu hliðina og gæta fjárhagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Jeg býst nú ekki við, að þær fjárveitingar, sem hjer er farið fram á, myndu, þótt samþyktar væru, gera þjóðina fjárhagslega ósjálfstæða, en jeg verð jafnvel að segja, að þótt það stappaði nærri því, þá bæri hv. þm. á það að líta, hvort þjóðin væri betur fær sjúk eða heilbrigð, ef hún væri fjárhagslega ósjálfstæð. Fleira er gott en beinharðir peningar, og hitt er líka víst, að heilbrigðir eiga meiri kost á að vinna sjer inn fje en sjúkir, sem verða að liggja uppi á skyldfólki sínu og kosta það ærna peninga. Er það því ætíð beinn gróði fyrir ríkissjóð, að lagt sje út fje til varnar sjúkdómum, því að það stuðlar að því að koma upp heilbrigðum mönnum, sem láta fje í hann renna.

Einn liðurinn, sem jeg ber fram, er um að styrkja stúlku til hjúkrunarnáms. Vita allir menn, að það nám verður ekki numið til fullnustu hjer á landi meðan landssjúkrahúsið er ekki komið upp, sem jeg geri ráð fyrir að farið verði að veita fje til á þessu ári. En meðan það er ekki fullreist, verður að senda hjúkrunarnema utan. Jeg hefi sjálfur talsverð kynni af sjúkdómum og veit, hve mikils virði það er, að þeir, sem sjúklinga stunda, kunni með þá að fara. Því finst mjer því fje ekki illa varið, sem gengur til þess að styrkja þær stúlkur, er þetta nám stunda erlendis, og hitt er víst, að fæstir foreldrar hafa efni á að sjá dætrum sínum farborða í stórbæjum, meðan þær stunda þetta nám. Sú stúlka, sem hjer um ræðir, er dóttir Guðjóns Bachmanns, sem unnið hefir að vegagerð í Borgarfirði, og mun hann ekki svo efnaður, að hann geti haldið dóttur sína við þetta nám án þess að hún fái einhvern styrk. En að sjálfsögðu skal gert það, sem unt er, til þess að láta þær stúlkur, er taka sjálfviljugar að sjer þetta líknarstarf, fá kost á því að njóta byrjunarnáms hjer heima, þar sem kostnaðurinn er minni, og tel jeg því rjett að veita fjelagi íslenskra hjúkrunarkvenna þessa litlu upphæð, sem hjer er nefnd, til að halda uppi kenslu í þessum fræðum.

Það er gott að ýta undir hollar hreyfingar, og þegar einstaklingarnir eru fúsir til að gera meira en skyldu sína og vinna þau verk, sem með rjettu eiga að hvíla á ríkinu, þá má ekki minna vera en það sje viðurkent og þeir hvattir með lítilfjörlegum styrk.

Þá hefi jeg lagt til, að Heilsuhælisfjelag Norðurlands fái einn þriðja af þeim styrk, sem það hefir beðið um til heilsuhælis norðanlands. Síðan heilsuhælið á Vífilsstöðum var reist, er þetta að mínu viti það nauðsynlegasta fyrirtæki, sem ráðist hefir verið í hjer á landi. Það er

vitanlegt, að ekki er hægt að koma fyrir á Vífilsstöðum öllum þeim sjúklingum, sem í hæli þurfa að fara, bæði til þess að þeir verði læknaðir, ef unt er, og eins til hins, að þeir breiði ekki út sjúkdóminn sí og æ með því að liggja heima í slæmum húsakynnum, þar sem ómögulegt er að koma við sóttvörnum. En svo hagar víðast til í bæjarhúsum, hvar sem leitað er á landinu. Og þar sem nú þessir menn fyrir norðan hafa sýnt slíkan áhuga, að þeir þegar hafa skotið saman 120 þús. kr., — í fyrrakvöld gaf einn heila jörð, — þá skil jeg ekki í því, að hv. þdm. sýni þeim minni viðurkenningu en þá, að fallast á þessa till mína, ekki síst fyrir þá sök, að öllum hlýtur að vera ljóst, að þessir menn eru hjer í rauninni að inna af hendi beina skyldu ríkissjóðs. Jeg hefi reynt að reisa skorður við því, að þetta fje fari til annars en til er ætlast, með því að setja þá aths. við fjárveitinguna, að landlæknir skuli hafa eftirlit með stofnuninni, og eins skuli hún verða eign ríkissjóðs, ef fjelagið legst niður, hættir að starfrækja hana eða gerir það ófullnægjandi. Fari svo, að þessir menn, sem lagt hafa fje að hálfu eða meira til stofnunarinnar, afræki hana, þá verður ríkið samt aðnjótandi þess áhuga, sem þeir þegar hafa sýnt, en ef alt gengur vel og fjelagið heldur áfram og rekur stofnunina eins og ber, þá græðir ríkið samt stofnun, sem komið er á fót fyrir áhuga einstaklinganna og rekin er með sama áhuganum og miðar að því að gera hina sjúku þjóð að heilbrigðri þjóð. Er hvorttveggja vel.

Á sömu skoðun og jeg nú hefi lýst er bygð hin litla fjárveiting, sem jeg fer fram á til Rauða kross Íslands. Þar er um hjúkrunarstarfsemi að ræða, og vildi jeg gjarnan láta sjást, að háttv. þdm. hefðu komið auga á, hvað fólkið er að gera, þegar það með fyrirhöfn og kostnaði vinnur að líknarstarfsemi, sem einstaklingunum ber ekki skylda til, en gerir samt af einskærum áhuga á sannri velferð þjóðarinnar. Er þetta ekki mikil viðurkenning fyrir slíkt.

Sama máli gegnir um fjárhæðina til Berklavarnafjelags Íslands, sem raunar er alt of lítil og ófullkomin. Þetta fjelag vinnur að því sama og Heilsuhælisfjelag Norðurlands. Með áhuga og fórnfýsi starfar það að því að ala upp heilbrigða þjóð, og ætti slíkt ekki að fara viðurkenningarlaust framhjá þinginu. Eins ætti ekki í það að horfa að styrkja það lítið eitt í þakklætisskyni, þar sem það má það vel vita, að slíkt starf ljettir ekki lítið af kostnaði ríkissjóðs, því að fjelagið vinnur mikið af því, sem annars yrði að vinna á alþjóðarkostnað, eða, ef það væri ekki gert, myndi leiða til ennþá meiri alþjóðarkostnaðar og skaða.

Þá er nýr liður um vegarlagning, eða hinn svonefnda Vesturlandsveg frá Fellsenda á leið suður yfir Bröttubrekku. Eins og menn vita, er Dalasýsla mjög afskekt og svo ilt þar um allar samgöngur, að til beinna vandræða horfir. En ef kominn væri vagnfær vegur suður yfir heiðina og niður í Borgarnes, þá væri sú bót í máli, að ef allar skipaferðir brygðust, t. d. sakir ísagöngu í firðinum, þá gætu sýslubúar sótt þangað suður það, sem þeir nauðsynlegast þyrftu á að halda.

Ætla jeg nú, þá er hjer er komið sögunni, að lofa einhverjum öðrum hv. þm. að komast að, þótt jeg hafi ekki talað um allar brtt. mínar. Því sagt get jeg kjósendum mínum, að jeg hafi komið fram með þessar fjárbeiðnir, en að litlu gagni tel jeg að rökræða um þær yfir tómum stólum. Mun jeg því hvíla mig að sinni,

uns jeg hitti svo á, að hv. þdm. verða nauðbeygðir til að hlýða á mál mitt.

Ágúst Flygenring: Það eru aðeins tvær brtt., sem jeg hefi leyft mjer að flytja við þetta fjárlagafrv., og hafa þó borist margar fjárbeiðnir úr hjeraði mínu. Ætlaði jeg að reyna að komast hjá því að flytja nokkra. En þær fjárbeiðnir eru til, sem ekki er hægt að neita, og um þessar er það að segja, að þær eru svo sjálfsagðar, að jeg hefði flutt þær fyrir hvern sem væri, og eins þótt þær hefðu ekki komið úr mínu kjördæmi. Jeg veit ekki betur en að hvað sem fjárhagnum líður, þá eigi þjóðfjelagið heimting á, að íntar sjeu af hendi hinar lögbundnu skyldur við það. En hjer stendur svo á, í mínu kjördæmi, að rjett við höfuðstaðinn eru sveitir, sem hvorki hefir verið sjeð fyrir presti nje lækni nje vegum. Prestur kvað nú að vísu nýlega vera kominn í Mosfellssveitina, en enginn er þar læknir, þó að þetta sje læknishjerað, nje heldur er þar vegur, þótt lögin hafi svo fyrir mælt í mörg ár, að þar skyldi þjóðvegur liggja. Er þetta ástand óþolandi og óverjandi. Á sama tíma, sem menn keppast við að leggja vegi og brúa ár í öðrum hjeruðum og vilja kosta hundruðum þúsunda til að ryðja brautir um fjöll og fyrnindi, þá gleyma menn þessum sveitum, sem næst liggja þingstaðnum og höfuðborginni, algerlega. Þetta er að fara yfir ána til að sækja vatn í öllum skilningi. Þessar sveitir, sem jeg hjer á við, — Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós — byggja líf sitt á sambandinu við höfuðstaðinn, og svo er það nauðsynlega samband ekki til. Og höfuðstaðurinn leggur jafnframt í ærinn kostnað til að ná langt að þeim afurðum, sem þessar sveitir framleiða. Það hefir gengið svo langt, að sótt hefir verið mjólk hjeðan austur í Árnessýslu með ærnum kostnaði, í stað þess að fá hana ofan af Kjalarnesi. Jeg hefi það frá bændum þar efra, að þeir verði að borga nú 6 þús. kr. á ári til flutninga á afurðum sínum fram yfir það, sem þeir yrðu að greiða, ef vegurinn væri lagður til þeirra. Vegurinn upp í Mosfellssveit er nú oftast illfær, en svo illfær sem hann er, þá þyrftu bændurnir á Kjalarnesi þó að borga 6 þús. kr. minna fyrir flutning á mjólkinni sinni, ef hann næði til þeirra. Sjá nú allir, hvílík nauðsyn er á þessari vegarlagningu, því að hreppurinn lifir aðallega á mjólkursölu hingað til Reykjavíkur.

Það hefir að vísu um mörg undanfarin fjárhagstímabil „figurerað“ í fjárlögunum talsverð upphæð til lagningar þessa vegar, nefnilega framhalds vegarins frá Kollafirði, en ekki verið notað, ekkert verið gert. Vitanlegt er þó, að þessi vegagerð var sjálfsögð fyrir mörgum árum, og er sjálfsögð. Nú er boðin fram 6 þús. króna fjárhæð frá hjeraðinu, gegn jafnmiklu auknu fjárframlagi úr ríkissjóði, til þess að vegurinn geti sem fyrst komið Kjalnesingum að notum. Jeg vona, að hv. þm. skilji, að þetta er nauðsynjamál.

Um læknisstyrkinn þarf jeg ekki að tala. Þar er ekki farið lengra í sakirnar en að læknir sje hjer í Reykjavík, sem sje skyldur til að gegna sjúkravitjunum, þegar mikið liggur við. Það er alt og sumt. Mjer finst þurfa feiknamikla nægjusemi til þess að taka á móti því, þó að það sje boðið, og má þá nærri geta, að menn taka út með því að þurfa að biðja um slíkt, þar sem þetta hjerað var áður sjerstakt læknishjerað. Nýlega var það talið sjálfsagt að borga aukalækni í Ísafjarðarkaupstað 2 þús. kr. Það virð-

ist þó miklu minni ástæða til þess en að hafa lækni í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit, þar sem oft þarf að sækja lækni til Reykjavíkur, en ekki er hægt að fá hann fyr en eftir langa mæðu og mikla fyrirhöfn, sem heldur ekki er von, þar sem enginn er skyldur til að gegna. Alt, sem farið er fram á með þessari styrkveiting, er það, að einhver maður sje skyldur til að gegna, ef sóttur er, og ekki þurfi að sækja hann lengra en til Reykjavíkur. Er gert ráð fyrir, að slíkur læknir fáist fyrir 1500 krónur.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vona, að hv. þm. skilji, að þetta er sjálfsagt, og óforsvaranlegt að hafa þetta hjerað afskift allri læknishjálp, eins og verið hefir.

Halldór Stefánsson: Jeg skil vel þörfina á að vera stuttorður, því að jeg veit, að margir þurfa að taka til máls, þar sem svo margar brtt. eru við fjárlögin. Jeg skal þess vegna láta mjer nægja að gera grein fyrir einni af þeim brtt., sem jeg er riðinn við, en það er 5. brtt. á þskj. 235, um ferðastyrk til Ólafs Ó. Lárussonar læknis. Hv. meðflm. mínir munu gera grein fyrir þeim öðrum tillögum, sem jeg er riðinn við. Jeg skal þá með fám orðum gera grein fyrir ástæðunni.

Menn munu muna, að í fjárlögunum undanfarið hefir verið veittur 3000 kr. utanfararstyrkur handa læknum, til þess að þeir gætu fylgst betur með í sínum fræðum. Styrkurinn hefir verið veittur eftir tillögum landlæknis. Þessi umræddi læknir hafði fengið vilyrði fyrir styrk, en þegar hann ætlaði að hefja hann, var búið að veita hann af einhverjum misskilningi eða öðrum ástæðum, sem mjer er ókunnugt, hverjar voru. En af því að hann var þá ferðbúinn, fór hann eigi að síður, en mun þó hafa verið gefin von um, að þetta yrði bætt upp síðar. Hann tók þess vegna lán til ferðarinnar. Jeg skal taka það fram, að læknirinn er ekki efnaður maður og hefir fyrir stórri fjölskyldu að sjá. En nú vildi svo til, að styrkurinn var feldur af fjárlögunum, svo að af engu var að taka, þegar til efndanna átti að koma.

Þá ætla jeg að gefa stutta skýrslu um utanferðina, svo að menn sjái, að hún var gerð í því skyni, sem til var ætlast.

Fyrst fór hann til Noregs og heimsótti 2 spítala í Bergen og Kristianíu. Þaðan fór hann til Danmerkur og gekk á Sundbyspítala í Kaupmannahöfn í 3 vikur. Svo fór hann til Þýskalands og sótti fyrirlestra í Berlín rúma viku, var síðan 3 vikur í Zwickau hjá frægum lækni þar, og síðan 3 vikur í Wien, og þar gekk hann á chirug. klinik, hjá hinum fræga handlækni Eiselsberg. Á heimleiðinni var hann svo aftur á spítala í Kaupmannahöfn. Alls var hann erlendis 4 mánuði, og er upphæð styrksins miðuð við það. Jeg vona, að þetta nægi til að sýna, að hann fór í þeim erindum, sem til var ætlast, og notaði tímann vel, enda er hann áhugasamur og góður læknir og skyldurækinn. Jeg vona, að hv. þdm. sannfærist um, að hjer er ekki farið fram á annað en að bæta mistök, sem jeg að vísu veit ekki, hvernig á stendur, þar sem læknirinn fór í von um styrk, sem hann gat ekki vitað, að mundi bregðast, a. m. k. á hann enga sök á því. Vona jeg, að fjvn. taki þessari tillögu með sanngirni og velvild og mæli með henni.

Að svo stöddu skal jeg ekki lengja umr. frekar.

Bernharð Stefánsson: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 235. Sumar þeirra flyt jeg

einn, en á öðrum er jeg meðflutningsmaður. Jeg mun eingöngu gera grein fyrir þeim till., sem jeg flyt einn, því að jeg býst við, að fyrir hinum verði gerð grein af öðrum.

Þá er fyrst að minnast á 3. brtt. á þskj. 235, við 12. gr. 3, þar sem jeg fer fram á, að Ólafsfjarðarhreppi verði veittur 3 þús. kr. styrkur til þess að launa lækni, gegn jafnhárri upphæð annarsstaðar frá, og til vara, ef Alþingi skyldi finnast þetta of hátt, þá 2500 kr. Það eitt, að Ólafsfjarðarhreppur ætlar að leggja fram jafna upphæð á móti, ætti að sýna, hvílík nauðsyn það er fyrir íbúana að fá lækni, því að fyrir ekki fjölmennari hrepp en Ólafsfjörður er verða þetta mjög tilfinnanleg útgjöld. Aðalkrafa Ólafsfjarðarhrepps er sú, að þarna verði stofnað sjerstakt læknishjerað, þar sem þeim mikinn hluta vetrarins er fyrirmunað að ná til læknis með öðru móti en að hann sje þar. Þó ætla þeir að sætta sig við að launa lækninn að hálfu, ef fenginn er styrkur á móti. Það varð því að ráði fyrir okkur þm. kjördæmisins að fara ekki fram á annað en þennan styrk.

Jeg lít svo á, að hv. Alþingi hafi áður gefið Ólafsfirðingum loforð um styrk til læknishalds og að það loforð sje bindandi fyrir þingið. Að minsta kosti er enginn efi á, að hv. Alþingi hefir áður viðurkent nauðsynina á því að hafa sjerstakan lækni í Ólafsfirði. Þetta byggi jeg á því, að í fjárlögunum 1920 og 1921 var Ólafsfjarðarhreppi veittur 1500 kr. styrkur til þess að launa lækni, en sá styrkur var aldrei notaður, vegna þess að læknir fjekst ekki, en hefði hann fengist, mundi Alþingi hafa talið skyldu sína að láta fjárveitinguna standa áfram. Og nú, þegar á að reyna á ný, get jeg ekki skilið annað en Alþingi verði að álíta þessa gömlu fjárveitingu bindandi. Jeg vona því, að enginn hv. dm. greiði atkvæði á móti þessu.

Enda þótt það sje lífsnauðsyn íbúum Ólafsfjarðarhrepps að hafa lækni, er það vitanlegt, að þar er ekki mikið fyrir lækni að gera, og því litlar aukatekjur. Auk þess er sveitin mjög afskekt, og menn, sem búnir eru að vera hjer í Reykjavík á námsárum sínum, mun ekki fýsa að fara þangað. Því má ekki búast við, að læknir fáist nema fyrir sæmileg laun. Þess vegna sá jeg mjer ekki fært að stinga upp á minni upphæð. Ef varatillagan yrði samþykt, yrðu launin 5000 kr., og jeg held það sje varla hugsanlegt að leggja upp með minna.

Eins og jeg hef áður tekið fram, er nauðsynlegt, að þarna sje læknir. Ólafsfjarðarhreppur er fjöllum luktur á 3 vegu, og landleiðin er ófær meðfram sjó. Því er aðeins um 2 leiðir að gera til þess að ná til hjeraðlæknisins í Dalvík. Annaðhvort að fara sjóleiðina til Dalvíkur eða brjótast yfir fjöllin. En nú er oft svo á veturna, að báðar leiðir eru ófærar, og Ólafsfjarðarhreppur því gersamlega útilokaður frá læknishjálp. Landleiðin er ófær langtímum saman vegna ófærðar og illviðra. Hvað sjóleiðina snertir er fjörðurinn grunnur og brýtur á honum öllum, og geta Ólafsfirðingar ekki haft báta sína þar á veturna, heldur eru þeir hafðir á Akureyri eða Siglufirði, eða þá langt uppi á landi. Bátar eru því ekki til á veturna, enda oft ófært, þó að bátur væri.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að Ólafsfjarðarhreppur er langtímum saman á vetrum útilokaður frá læknishjálp, og vona jeg, að öllum hv. dm. sje ljóst, hvaða voði það er. Ríkið leggur öðrum landsbúum til lækna og launar þá að öllu, en nú bjóðast þessir menn til að

taka svona mikinn þátt í kostnaðinum. Alþingi hlýtur því að samþ. brtt.; annars mundi það beinlínis dæma þessa menn til dauða, þegar svo er ástatt, að ekki er lífsvon nema læknir fáist.

Þessi málaleitun var send fjárveitinganefnd með gögnum, sem fyrir lágu, og hálffurðar mig á, að hv. nefnd skyldi ekki taka hana til greina.

Þá er 7. brtt. á þskj. 235, sem jeg vildi minnast á. Hún er við 12. gr. 13 b, og fer fram á, að veittur sje styrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði, sem nemi 30000 kr., gegn ⅔ hlutum frá kaupstaðnum sjálfum. Þarna er að vísu farið fram á allverulega upphæð. En það má sýna ljóslega fram á, að þarna er þörfin engu síður brýn en í Ólafsfirði. Og jeg vil einkum taka það fram viðvíkjandi þessum styrk, að jeg lít svo á, að þótt þessi fjárveiting verði samþykt, er það ekki vegna Siglufjarðarkaupstaðar eingöngu, heldur og þjóðarinnar í heild Á sumrin safnast til Siglufjarðar fólk úr öllum hjeruðum landsins og dvelur þar yfir síldveiðitímann. Flest hefir það lítil og óhentug húsakynni og tugir manna búa kannske í sama herbergi, og má nærri geta, að það er ekki vistlegt. Í raun og veru er hjer um bil óhugsandi, að í þeim húsakynnum geti sjúklingur hafst við, innan um þá, sem hraustir eru. Auk þess eru frá Siglufirði gerð út mörg skip. Þeir, sem veikjast á þeim, geta ekki legið um borð. Á Siglufirði er enginn staður, þar sem hægt er að láta þá vera, og þá er ekki um annað að gera en að fara með þá til Akureyrar. En nærri má geta, að það kostar bæði mikið fje og svo tímann, sem í það fer. Ef bætt er úr þessu, kemur það mörgum landsbúum að liði, auk Siglfirðinga sjálfra.

Í brjefi, sem hjeraðslæknirinn á Siglufirði skrifaði okkur þingmönnum Eyfirðinga um þetta mál, færir hann skýr og ljós rök fyrir nauðsyn málsins, og bendir sjerstaklega á þá hættu, sem allri þjóðinni mundi stafa af því, ef drepsótt kæmi upp á Siglufirði um síldveiðitímann, þar sem annar eins fjöldi er þá samankominn þar og ómögulegt er að taka sjúklinga og einangra þá.

Jeg hafði ætlað mjer að benda á nokkur fleiri atriði viðvíkjandi þessu máli, og sjerstaklega fleiri atriði, sem hjeraðslæknirinn á Siglufirði tekur fram; en þar sem þarf að fara að fresta fundi, verð jeg að sleppa því. Get líka með betri samvisku slept að taka fleira fram vegna þess, að hv. fjvn. hefir haft þetta brjef handa á milli, og jeg veit ekki betur en það hafi líka legið frammi í lestrarsal, ásamt öðrum skjölum, sem snerta þetta mál. Veit jeg þess vegna, að fjvn. og mörgum þingmönnum muni vera málið nokkuð kunnugt. Jeg skal því ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en vonast til, að hv. þm. líti á nauðsyn málsins og ljái till. samþykki sitt.

Viðvíkjandi 10. brtt. á þskj. 235, þar sem farið er fram á allríflegan styrk til heilsuhælis á Norðurlandi, hefði jeg viljað segja fáein orð, en jeg ætla þó að sleppa því, þar sem jeg geri ráð fyrir því, að hv. 1. flm. þeirrar till. taki af mjer ómakið. Einnig getur verið, að sjerstakt tilefni gefist til þess seinna að víkja að því máli. Get jeg látið máli mínu hjer lokið, svo hægt sje að fresta fundi.

Klemens Jónsson: Mjer þótti háttv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) byrja ræðu sína á hálfeinkennilegan hátt, þar sem hann fór að víkja að fjárlagafrumvarpi stjórn-

arinnar í fyrra. Mjer fanst hann tala fremur sem flokksmaður en sem óhlutdrægur framsögumaður fjárveitinganefndar. Jeg ætla alls ekki að fara að draga gömul fjárlög eða frumvörp inn í umræðurnar nú, en læt mjer nægja að halda því fram, að fjárlagafrv. mitt í fyrra hafði þann kost að marka alveg nýja stefnu í fjármálum, sem síðan hefir verið fylgt. Þá stefnu að skila fjárlögunum tekjuhallalausum. Þá stefnu hjelt þingið í fyrra, og jeg vona, að bæði þing og stjórn haldi henni ennþá. Þetta veit jeg, að allir *sanngjarnir* menn viðurkenna.

Við þennan kafla fjárlaganna á jeg enga brtt. Eigi að síður vil jeg fara nokkrum orðum um einstaka liði.

Hvað tekjuáætlunina snertir, þá er hún sá grundvöllur undir fjárlögunum, sem vanda verður eins og hægt er, ef vel á að fara. Hana verður að áætla svo varlega, að vissa sje fyrir, að þær tekjur, sem gert er ráð fyrir, komi inn. Tekjuáætlun þessa fjárlagafrumvarps tel jeg mjög gætilega, helst til of gætilega, nema þá því aðeins, að afganginum ætti að verja til afborgunar af lausu skuldunum, sem líka mun vera tilætlunin, þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir lýst yfir því, að það hafi þegar vakað fyrir honum við samningu frumvarpsins, en það hefði átt að koma skýrt fram. Hefir því fjvn. ekki gert annað en að taka skrefið fult, þegar hún um leið og hún áætlar tekjuhliðina mjög varlega ákveður, að afganginum *skuli* verja til þess að borga í lausu skuldunum. Jeg er háttv. nefnd alveg samþykkur með að taka þennan lið upp. Og jeg er alveg samþykkur því, að ekki nær neinni átt að færa þann lið niður. Get jeg því með engu móti fallist á till. hv. þm. Dala. (BJ), en tel sjálfsagt að halda fast við að hafa upphæðina ekki minni en 600 þús. kr., eða eins og tekjuhækkuninni nemur.

Jeg tók eftir því hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að þegar hann hefði verið að ákveða upphæð verðtollsins í fjárlagafrumvarpinu, þá hefði hann haft fyrir augum, að lögin í þeirri mynd, sem þau eru nú, giltu aðeins til 1. apríl 1926. Ennfremur tók hæstv. ráðherra fram í þessu sambandi, að þessi 350 þús. kr. hækkun, sem nefndin fer fram á, gæti því aðeins staðist, að lögin eins og þau eru nú giltu alt árið. Jeg sem form. fjhn. skal skrifa þetta bak við eyrað, en að svo stöddu get jeg ekkert sagt, hvað nefndin gerir.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) og hæstv. fjrh. (JÞ) kváðust báðir vænta þess, að þetta þing hjeldi hinni sömu sparnaðarstefnu og síðasta þing. Reyndar bar hv. frsm. kvíðboga fyrir, að svo myndi verða. Út af þessum ummælum vil jeg taka það fram, að jeg er alveg sömu skoðunar og í fyrra, að fyllsta þörf sje að gæta hins ýtrasta sparnaðar, og vil jeg styrkja hverja stjórn til þess. Því jeg vil ekki láta stundarhag, eitt góðæri, villa mjer eða öðrum sjónir, svo að menn missi stjórnar á sjálfum sjer. Það hefir oft verið tekið fram með rjettu, að gróðavíman 1919 hefði haft ilt eitt í för með sjer, og því beri að forðast, að slíkt geti komið fyrir aftur, og það ættu þm. að hafa hugfast nú.

Enda þótt jeg fylgi hinum ýtrasta sparnaði, verð jeg þó að taka það fram, að fullkomna kyrstöðu getur þjóðin ekki unað við til lengdar. Mjer finst t. d. æðihart að takmarka allar samgöngubætur, bæði á sjó og landi, meðan við höldum öllum þessum dýru skólum. Finst mjer því rjettast, að jafnhliða því, sem dregið

er úr samgöngubótunum og verklegum umbótum sje jafnframt dregið úr skólahaldinu.

Eftir tillögum fjvn. og tillögum hæstv. stjórnar virðist mjer, að hvikað sje frá kyrstöðunni, þar sem t. d. eru teknar upp 50 þús. kr. til vita og allmikið fje til vegabóta. Þetta tel jeg vel farið, og mun það fyllilega óhætt.

Þá hefi jeg lokið hinum almennu athugasemdum, sem jeg vildi gera, og skal því víkja nokkrum orðum að einstökum brtt.

Þá er fyrst eitt atriði, sem jeg vildi beina til hæstv. forsrh., en úr því hann er ekki viðstaddur, get jeg eins beint því til hæstv. fjrh. (JÞ). Það er viðvíkjandi 11. grein A. 6, skrifstofukostnaði sýslumanna. Í minni stjórnartíð voru dálítið skiftar skoðanir um, hvort þetta ætti að vera föst upphæð eða aðeins áætlunarupphæð. Jeg hjelt því fram, að þetta væri föst upphæð, sem ekki mætti fara fram úr nema með aukafjárveitingu. Þætti mjer vænt um að heyra álit hæstv. fjrh. á þessu.

Háttv. fjvn. hefir komið fram með margar brtt., og eru margar þeirra þess efnis, að jeg mun greiða atkvæði með þeim. Sjerstaklega skal jeg taka fram, að jeg sje ekki, að hjá því verði komist að hækka fjárveitinguna til landhelgisgæslunnar eins og nefndin leggur til. Sama má segja um vegabæturnar. Sjerstaklega gleður það mig þó, að háttv. nefnd hefir tekið Vaðlaheiðarveginn upp í till. sínar, því að þess var brýn þörf, og hefir verið um fult 20 ára skeið. Annars veit jeg ekki, hvort nefndin hefir gengið nógu langt á þessu sviði. Vitanlega hefir hún aukið upphæðina til viðhalds þjóðvega um 5 þús. kr., en jeg er ekki viss um, að það sje nóg.

Sama er að segja um tillagið til sýsluvegasjóða. Það er fulllágt.

Þá kem jeg að 25. lið, þar sem hv. fjvn. leggur til að heimila stjórninni að láta stækka og fullkomna loftskeytastöðina hjer í Reykjavík, svo að hún verði einfær um að annast skeytasamband við útlönd, ef þörf gerist. Jeg get sagt það þessu viðvíkjandi, að það getur verið viðsjárvert að gefa stjórninni svo víðtæka heimild til útgjalda, sem menn hafa allsendis óglögga hugmynd um, hve mikil muni verða. En þessu máli er nú samt svo farið, eins og nál. ber með sjer, að óhjákvæmilegt er að veita stjórninni heimild þessa, svo að þótt einhverjum þyki það athugavert, þá verður það samt svo að vera. Það er ekki víst, hvort samningar takast með Stóra norræna og stjórninni, svo að stjórninni er nauðsyn að hafa heimild til þess að gera stöðina svo fullkomna, að hún geti annast skeytasambandið, ef á þarf að halda. Jeg vona nú, að til þess þurfi ekki að koma; jeg vona, að við náum þolanlegum samningum við Stóra norræna. En eftir því, sem heyrst hefir, mun hafa verið erfitt að eiga við Stóra norræna fjelagið, er landssímastjóri var að semja við það síðastliðinn vetur. En vonandi er, að þegar á á að herða, þá náist samningar án þess að grípa þurfi til þessarar heimildar.

Þá er þessi nýi viti. Jeg mun einnig greiða atkv. með honum, vegna þess að jeg álít, að ekki geti komið til mála að taka svo mikið vitagjald án þess að verja því til að lýsa strendur landsins. Það mun ýmsum þykja undarlegt að taka svo mikið gjald af erlendum skipum og nota það til almennra ríkisþarfa, og er það ekki nema eðlilegt. En þegar það er athugað, að varið hefir verið miklu meira fje alls til vitabygginga en nemur vita-

gjaldinu frá byrjun, þá verður að álíta það vel forsvaranlegt, þó að úr falli eitt og eitt ár án þess að nýir vitar sjeu reistir. En það má ekki ganga svo til lengdar.

Jeg held, að jeg hafi svo ekki fleira að segja um brtt. hv. meiri hl. fjvn. En viðvíkjandi brtt. hv. minni hl. þá er þar farið fram á svo stórfelda hækkun á hjer um bil öllum liðum, að jeg býst ekki við því, að jeg geti fylgt þeim, þó að þær sjeu sumar mjög þess verðar, að þeim sje gefinn gaumur, og undir öðrum kringumstæðum mundi jeg hafa tilhneigingu til að fylgja þeim.

Þá eru till. einstakra þm. Mun jeg ekki minnast á margar þeirra. Fyrst skal jeg þá nefna brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt) undir III. lið á þskj. 235, um styrk til íbúa Ólafsfjarðarhrepps til þess að útvega sjer lækni. Af því að jeg er mjög vel kunnugur á þessu svæði, vil jeg taka undir með hv. þm. (BSt) og votta það, að hann gaf alveg rjetta skýrslu og nákvæma um staðháttu á þessum slóðum. Mikinn hluta ársins er hjer um bil ómögulegt að komast landveg í Ólafsfjörð, og oft alveg ófært á sjó. Brött og snjóþung heiði, Reykjaheiði, liggur milli Ólafsfjarðar og Svarfaðardals. Jeg hefi oft farið þá heiði, og hefir hún verið mjög ill yfirferðar jafnvel um mitt sumar. Best er að komast sjóleiðis, en þó geta komið dagar og vikur, sem ómögulegt er að komast frá Svarfaðardal í Ólafsfjörð. Símasambandið, sem komið hefir síðan jeg þekti til, bætir nokkuð úr, þannig, að fyr getur náðst í lækni en annars. En það nægir ekki. Nú vilja Ólafsfirðingar fá sjer lækni, en eins og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) tók fram, þá mun þar ekki að ræða um mikla praksis. Það var fátækt fólk í þessari sveit, þegar jeg þekti þar til, en síðan mun velmegun hafa aukist, og einnig hefir þar risið upp þorp í Ólafsfjarðarhorni. Þó geri jeg ekki ráð fyrir mikilli praksis. En hinsvegar álít jeg, að þessi læknir eigi ekki að vera eingöngu fyrir Ólafsfjörð, heldur líka fyrir Stíflu. Milli Stíflu og Ólafsfjarðar liggur Lágheiði svo nefnd, sem teljast má greið yfirferðar. Ætti því læknirinn að geta haft alla Stíflu með Ólafsfirði. Vil jeg mæla hið besta með samþykt þessarar tillögu.

Hvað aðrar brtt. á þskj. 235 snertir, þá mun jeg með atkvæði mínu sýna, hver sje mín afstaða til þeirra. Þó skal jeg taka það fram um X. brtt. á því þskj., um styrk til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, að jeg á bágt með að greiða atkv. á móti henni, þótt um allháa upphæð sje að ræða. Hjer hefir komið fram svo mikill áhugi og fórnfýsi, að teljast verður mjög viðurkenningarvert. Skotið hefir verið saman talsvert á annað hundrað þús. kr. Sýnist mjer vel þess vert að styrkja slíkan áhuga. En jeg bíð eftir nánari skýrslu frá hv. 1. flm. (BL) áður en jeg tek afstöðu til þessarar till.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er ekki nema ein grein fjárlaganna í þeim kafla þeirra, sem nú er til umræðu, sem mjer viðkemur sjerstaklega. Vil jeg því segja fáein orð viðvíkjandi brtt., er fram hafa komið við hana, sem sje 13. gr.

Er þá fyrst brtt. háttv. fjvn., er hún bætir við nýjum lið, Vaðlaheiðarvegi. Jeg skal viðurkenna, að hjer er hin mesta nauðsyn á því, að þessi vegur sje gerður. Það er vitanlegt, að á síðasta sumri var leiðin nálega ófær. En ástæðan til þess, að stjórnin tók ekki upp þennan veg í frv. sitt, var sú, að það er ákveðið, að hinn

nýi vegur liggi á öðrum stað en sá gamli, og kemur hann því ekki að notum fyr en hann er kominn nokkuð langt áleiðis. Var því svo til ætlast, að hann biði enn eitt ár og yrði þá veitt hærri upphæð. Þetta tek jeg ekki fram til þess að mæla á móti till. hv. nefndar, heldur til þess að sýna, hvers vegna þessi vegur var ekki tekinn upp í stjfrv.

Þá er 22. brtt. hv. nefndar, um að hækka fjárveitinguna til viðhalds þjóðvega um 5 þús. kr., til þess að halda áfram vegi í Dalasýslu. Eftir því, sem segir í nál., þá er jeg í vafa um það, hvort hjer er um viðhald eða áframhald að ræða, og furðar mig á því, að nefndin skyldi ekki setja þetta á nýjan lið, ef um áframhald er að ræða, í stað þess að setja það hjer inn. *(BJ:* Áframhaldið er stutt og samþykt af vegamálastjóra). Þá þarf ekki að óttast um það, að vegamálastjóri sjer um, að unnið verði fyrir þetta fje. — Um þrjá næstu liði hefi jeg ekkert að segja; þeir eru allir smáir.

Um 25. lið vil jeg segja, að jeg er þakklátur nefndinni fyrir það að taka hann upp samkvæmt tilmælum frá mjer. Eins og kunnugt er, kemur til mála að gera nýjan samning við Stóra norræna ritsímafjelagið frá 26. ágúst 1926, því að þá er úti sá 20 ára leyfistími, sem fjelaginu var veittur 1905. En ástæðan til þess, að hjer er ekki sett föst upphæð til stækkunar loftskeytastöðinni, er sú, að ekki er hægt að segja um, hvað mikið fje stækkunin muni kosta, en það er vel hugsanlegt, að hún kosti alt að 200 þús. kr., ef gera á stöðina svo sterka, að hún geti tekið ein að sjer sambandið við umheiminn. Nú má vera, að samningur náist við Stóra norræna, en jeg vil benda á það, að þó að samningur takist, þá getur samt verið hagkvæmt og rjett að stækka stöðina, því að það er ekki útilokað, að hægt sje að tryggja henni tekjur, eftir að hún hefir verið stækkuð, svo að stækkunin borgi sig á fáum árum. Og ef það sannast, að þetta sje hægt, þá vil jeg skoða það svo, sem þessi heimild gildi, þó að ekki komi til þess, að stöðin þurfi að sjá ein um skeytasamband við umheiminn. En þó verður hún samt ekki notuð nema sýnt verði fram á, að af því verði beinn gróði. Jeg get sagt, hvað það er, sem þessu veldur. Það eru veðurskeyti. Ef það fást sannanir fyrir því, að við getum náð samningum við útlönd um veðurskeytin og haft svo mikið upp úr þeim, að þessi aukning loftskeytastöðvarinnar borgi sig á fáum árum, þá verður hún framkvæmd, en sennilega eitthvað ódýrari en jeg nefndi áðan. Sem sagt, jeg geri ráð fyrir því, að í tillögu þessari felist nokkurskonar umboð til stjórnarinnar um það, að semja um símasambandið. Jeg hafði ætlað að halda fund með hv. þm. um þetta mál. Það þarf að koma einhversstaðar fram berum orðum, að þetta umboð hafi verið veitt. Vildi jeg við það tækifæri skýra frá því, sem gerst hefir í þessu máli, og hvað til er ætlast, að reynt verði að ná.

Þá kem jeg að 26. lið brtt. hv. fjvn., um 50 þús. kr. fjárveitingu til vita. Í frv. stjórnarinnar var engin fjárveiting til að reisa nýja vita, af sömu ástæðu og dregið var úr mörgum öðrum framkvæmdum, sem sje vegna greiðslu lausaskuldanna. En það hafa heyrst miklar og sterkar raddir um það, að það megi ekki draga úr byggingu vita, þar sem ríkissjóður taki svo hátt vitagjald af skipum. En það hefir líka verið bent á, að þetta er ekki allskostar rjett, því að ríkið er búið að leggja í meiri kostnað við vitagerðir heldur en nemur vitagjöldunum frá upphafi.

Sumir líta svo á, að það sje skylda hvers ríkis að kosta af eigin efnum allar nýbyggingar vita, hvað sem vitagjaldi líður. En á það verður að líta, að það er á valdi hvers lands, hvort vitagjald er haft svo hátt, að það nægi bæði til rekstrar og nýbygginga á vitum. Og jeg lít svo á, að við þurfum að hafa vitagjaldið svo hátt, að það nægi til hvorstveggja, þegar það er athugað, hvað fáment landið er í hlutfalli við stærð þess. Jeg skildi háttv. frsm. (ÞórJ) svo, að það yrði á valdi stjórnarinnar, til hvaða vita þetta fje yrði notað, enda er hún ekki bundin við neinn sjerstakan vita í till. hv. nefndar. Að vísu tók jeg eftir því, að hann mintist á einn sjerstakan vita, en sem sagt er þetta óbundið frá hálfu nefndarinnar, og tek jeg till. hennar svo, að stjórninni sje heimilt að skifta fjenu í fleiri staði, ef rjett þykir.

Um 27. lið vildi jeg mega mælast til þess við hv. nefnd, að hún tæki þá till. aftur til 3. umr., og leyfði mjer á þeim tíma viðtal við sig. Fjárveitingu þessa þarf að laga. Hún þarf að nema 2250 kr. til þess að líkur sjeu á, að hið umræddda land fáist til handa vitanum. En það er auðsær hagur fyrir landssjóð að eignast þetta land, því að þá mundi vitavörðurinn geta sætt sig við lægri launaákvæði en nú, því að land þetta er í fullri rækt og getur hann haft á því kú sjer til hagsbóta, og kemst þá af með minni laun. Jeg tel því rjett, að þetta land sje keypt, og jeg verð að telja verðið sanngjarnt, því að þetta land var keypt á uppboði 1923 á 2250 kr.

Þá er brtt. á þskj. 204, frá háttv. þm. Dala. (BJ), og skal jeg hjer aðeins nefna þær, sem viðkoma 13. gr. Er þar fyrst að nefna einn lið um síma og annan um vegi. Jeg verð að segja það, að jeg sje ekki, að fært sje að taka þessa liði út úr, þar sem búið er að ákveða lagning sjerstakra síma, en framkvæmdum hefir orðið að fresta frá ári til árs. Sama er að segja um þennan veg. Vegamálastjóri segir, að hann sje ekki eins nauðsynlegur og ýmsir vegir aðrir, sem enn eru ógerðir.

Þá er 6. liður á þskj. 204, um styrk til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, til skuldalúkningar. Jeg skal geta þess, að svo vildi til, að jeg var staddur í Stykkishólmi í sumar, þegar sýslunefndir Dala- og Snæfellsnessýslu hjeldu sameiginlegan fund um þetta mál. Var þar samþykt, að hvor sýslan tæki að sjer 12 þús. kr. af skuld bátsins og sparisjóðir sýslnanna 2 þús. kr. hvor, en samt hefir þessi upphæð orðið eftir. Mjer skilst, að fáist ekki þetta fje frá hinu opinbera, þá skelli skuldin á fáeinum mönnum, 2 úr Dalasýslu og 1 úr Snæfellsnessýslu. En sú upphæð, sem hjer er farið fram á, er öll skuldin, sem eftir stendur, og finst mjer satt að segja efamál, hvort hið opinbera eigi að greiða hana alla. Jeg veit ekki nema það geti komið til mála að skifta henni milli ríkissjóðs og hlutaðeigandi sýslna, og jeg verð að segja, að það er hart, að hún skelli á þessum fáu mönnum. En jeg held, að rjettara væri, að hv. þm. Dala. (BJ) helmingaði upphæðina, og tækju svo sýslufjelögin hinn partinn. Jeg get ekki sjeð, að sýslusjóðir geti ætlast til þess, að einstakir menn greiði slíka fjárhæð sem þessa.

Viðvíkjandi brtt. einstakra þm. á þskj. 235 skal jeg vera fáorður. Er þá fyrst till. um framlag til Biskupstungnavegar. Vegamálastjóri lagði til, að þessi braut yrði látin bíða til 1927. Það er að vísu rjett, að af þessari braut er mestu ólokið

af hinum gömlu flutningabrautum. Hún er sem sje ógerð frá Torfastöðum að Geysi. En hjer er farið fram á svo litla upphæð, að naumast má telja praktiskt að skifta svo smátt til vegagerða. En þó skal jeg ekki leggja á móti þessari fjárveitingu. Ef hv. þd. sjer sjer fært að hækka fjárveitinguna til vega, þá get jeg sem samgöngumálaráðherra ekki haft á móti því. En vegamálastjóri leit svo á, að það væri búið að verja svo miklu fje til vega í þessari sýslu, að sanngjarnt væri, að hún biði eitt ár frekari fjárveitinga í því skyni.

Þá er framlag til Kjalarnesvegar. Er tilgangurinn sá, að gera akfært upp á Kjalarnes og í Kjós. En um þetta er hið sama að segja og Biskupstungnabraut. Vegamálastjóri lagði til, að þessi vegur biði dálítið, enda er það svo, að hingað í nágrenni Reykjavíkur hefir farið svo mikið fje til vegagerða, að athugavert er, að önnur hjeruð verði ekki afskift. En auðvitað er þetta nauðsynlegur vegur og kemur að notum fyrir tiltölulega litla upphæð.

Þá vil jeg þakka háttv. samgmn. fyrir það, að hún leggur til að hækka styrk til flóabáta úr 70 þús. kr. upp í 83 þús. kr. Hefir nefndin reiknað nákvæmlega út, að ekki er unt að komast af með minna. *(JAJ:* Nál. kemur á morgun). Þá er ekki vert að tala nánar um þetta. En úr því að nefndin vill hækka þennan styrk svona 1926, þá tek jeg það sem heimild til þess að veita alt að þessu á árinu 1925, enda sjáanlegt, að ekki er unt að komast af með minni upphæð.

Um símalínu frá Mýrum til Núps er það að segja, að það er svo lítil upphæð, að ekki skiftir miklu máli um hana. Og þó að til sjeu eldri loforð um lagning síma, þá er upphæðin svo lítil, að einu gildir, hvort hún er veitt eða ekki. En jeg er ókunnugur þar vestra, og get því ekki dæmt nauðsyn þessa. Jeg man eftir, að það var rætt um þetta mál á þinginu í fyrra, og því var lýst yfir, að þörfin er víða mikil og varhugavert að rjúfa gefin loforð um nýjar símalínur.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) bætti sjer í þann hóp, sem ætlar sjer að vera vitur og varkár í fjármálum með því að taka af tekjum ríkissjóðs til þess að greiða halla fyrri ára. En sá halli stafar af klaufaskap þings og stjórnar. Nú vilja þessir menn láta það alt bitna á landsmönnum um næsta þriggja ára bil, í stað þess að taka lán, sem endurgreiðist á 30 árum, svo að hægt sje að halda áfram að styðja nauðsynlegar framkvæmdir, eins og skylda hv. þm. er. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn og búa þannig til nýjan lið, um 600 þús. kr., aðeins út í loftið. En þótt allar þær brtt., er hjer liggja fyrir, yrðu samþyktar, væri samt nóg fje afgangs til þess að greiða lausaskuldirnar. Það verður stórfje fram yfir áætlun, og þýðir ekki að slá ryki í augu kjósenda um það.

Hæstv. samgöngumálaráðherra (MG) kvaðst vona, að samningar tækjust við Stóra norræna. Jeg vona, að það verði ekki, því að þeir samningar mundu verða Íslandi í óhag, eins og samningar við það fjelag hafa altaf verið Íslandi í óhag. Og þeir samningar eru svo, að það er því líkast, sem mjög einfaldir menn hafi samið þá. En verði nú úr samningum, vona jeg, að hæstv. stjórn snúi þessu þann veg við, að hún reyni að hlunnfæra fjelagið, í stað þess að láta það hlunnfæra Ísland.

En sannarlega væri nær að veita íslenskum námsmönnum styrk heldur en láta slík fjelög ganga í íslenskan ríkissjóð.

Kem jeg þá að öðru efni. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að nokkuð hefði vantað á, að vitar landsins legðu landssjóði til það fje, er þeir kosta. Þarna skjöplaðist þó hæstv. samgöngumálaráðherra, því að ekki eru vitarnir sjálfir taldir sem eign. Og satt er það, að skýrsla nefndarinnar er undarleg, því að ef vitar væru með taldir, þá er eign ½ milj. kr. fram yfir skuldir, og þá eign ætti að vísu að nota til þess að reisa nýja vita. *(Atvrh. MG:* Á að taka þessa gömlu vita til þess?). Hæstv. atvrh. þarf ekki að taka þannig til orða, því að bæði hann og jeg vitum það, að ekki veitir af ½ milj. kr. til þess að reisa nýja vita, sem hjer er þörf fyrir, og að skammarlega litlu hefir verið til þeirra varið og háborin skömm, hve vitar eru hjer fáir. En þegar eitthvað á að gera í því efni, er altaf vitnað til peningaleysis og laminn sami barlómurinn ár eftir ár. Nú vita þó allir og hafa viðurkent, að nauðsynlegt er að vita vel strendur landsins, svo að siglingar sjeu hjer öruggari og lífi sjómanna minni hætta búin en ella. Og það er synd gagnvart þjóðinni sjálfri að stöðva slík fyrirtæki, og allra helst þá, er fyrirtækið sjálft borgar sig. Þess vegna veitir ekki einu sinni af 50 þús. kr., heldur 150 þús. kr., til þess að reisa nýja smávita, sem óreistir eru, svo sem á Dyrhólum, í Seley eystra og víðar, og mætti veita til þessa meira fje en gert er, því að það er ekki satt, að neinn fjárskortur sje.

Um símaleiðsluna er það að segja, að Alþingi leikur ár eftir ár þann leik að brjóta sín eigin lög. En í þessu máli er til einn hæstirjettardómur, og það er dómur þjóðarinnar, því að hún mun ekki kunna því, að á sjer sjeu brotin lög. Það stendur í lögum, að afgangur af símatekjum skuli ganga til þess að leggja 3. flokks síma, en tekjurnar hafa nú orðið eyðslueyrir um mörg ár. Síminn hefir skilað um ½ milj. kr. hreinum tekjum, en þær hafa alveg horfið inn í þá miklu hít, sem heitir ríkissjóður. Hjer vil jeg minnast á sambandslínu, sem nær út á Barðaströnd og er innanhjeraðs í Dölum. Það kann vel að vera, að símastjóri hafi ekki sjerstaklega áætlað símalínu þarna. En hæði jeg og Dalamenn teljum nauðsynlegt, að ekki sje beðið eftir því, að einhverri undirtyllu stjórnarinnar þóknist að hefja máls á því, að þessa síma sje þörf.

Jeg hefi heyrt, að vegamálastjóri hafi gert áætlun um sjö ár um það, hvernig samgöngubótum á landi skuli hagað. Þetta tel jeg nokkuð líkt og söguna um Jakob og Rakel, áður en hann var svikinn um kvonfangið, sbr. vísuna:

„Fyrir henni fjórtán í vetur
föður ágjörnum þjóna jeg vann."

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ), hæstv. atvrh. (MG) og fleiri töldu vel ráðið að veita fje til vegar yfir Vaðlaheiði. Jeg hefi stutt það, en þar með er ekki sagt, að jeg telji aðra vegi rjettlausa. Vegur sá, er getur um í brtt. mínum, frá Fellsenda á leið suður yfir Bröttubrekku, er nauðsynlegur fyrir Dalasýslu. Og vegna þess, að hans sjest hvergi getið í þessari sjö ára Rakelar-áætlun vegamálastjóra, vil jeg minna á hann. Það var einu sinni til vegur, er var svo góður, að kýr varð þar til og síðan höfð fyrir stiklu, en í þessum vegi er engin kýr til vegarbóta. En leiðin er svo slæm, að 7—8 sinnum verður að fara þar yfir eina á, og breytist þó leiðin eftir því, hvernig áin brýtur eyrarnar. *(Atvrh. MG:* Það er auðsjeð, að

ekki er hægt að leggja veg þarna). Þetta mundi vera rjett hjá hæstv. atvrh., ef fara þyrfti yfir ána, en svo er ekki, ef vegurinn fæst. Og að þessum upplýsingum fengnum, efast jeg ekki um, að hæstv. samgöngumálaráðherra og hv. þdm. muni greiða brtt. minni atkvæði.

Jeg er þakklátur hæstv. atvrh. fyrir tillögur hans um skuldagreiðslu flóabátsins Svans. Stjórn sú, er upphaflega var kosin til þess að sjá um útgerðina, festist á víxlum, eins og venjulegt er að menn ánetjist í slíkum fyrirtækjum. Reyndi hún síðan að gera sjer fje úr bátnum, en varð fyrir miklu tjóni, og þættist nú góðu bætt, þótt ekki fengi hún meira en 8000 kr. upp í tjón sitt, t. d. ef óskir hennar um hlutdeild ríkissjóðs skyldu falla við þessa umræðu. Stjórn fjelagsins hefir ekki í annað hús að venda. *(Atvrh. MG:* Nema þá til háttv. þm. Dala.). Jeg sje enga ástæðu til þess, að þm. Dala., sem er illa sjeður hjá hæstv. stjórn, geri það. Annars skal jeg stilla orðum mínum í hóf við þessa umræðu þessa hluta fjárlaganna.

Einn lið hefi jeg þó geymt mjer, og hann er um sendiherra Íslands í Danmörku. Hefi jeg hjer ýmsar ástæður fram að færa í því máli og vona, að menn hlýði til og sjái, hvort ekki er rjett það, er jeg held fram. Í sáttmála þeim, er Danir og Íslendingar gerðu með sjer 1918, er svo fyrir mælt í 7. gr., að Danir skuli fara með utanríkismál Íslendinga í umboði þeirra, þar er þeir vildu og þar sem Danir hefðu sendiherra. En einn staður er óhugsanlegur, þar er Danir geti farið með umboð vort, og það er hjá þeim sjálfum. Árið 1919 varð það að samkomulagi með stjórnum beggja ríkja, að framkvæmd sáttmálans í þessu efni skyldi vera sú, að þjóðirnar skiftust á sendiherrum. Danir urðu fyrri til og sendu hingað fulltrúa með sendiherratitli (Extraordinær Gesandt og befuldmægtiget Minister). Litlu síðar sendum vjer Svein Björnsson til Danmerkur, eins og allir vita. Verður nú varla annað sagt en að Dönum sje misboðið í því, að láta sess hans óskipaðan í Danmörku. Því að um allan heim er það talin sjálfsögð hæverska að hafa hjá hverri þjóð jafngildan sendimann sem hún hefir á hverjum stað. En óhæverska við vinveitt viðskiftaríki er eitt hið versta glappaskot, sem oss getur hent. Og svo ber á annað að líta, að þótt vjer höldum, að engir taki eftir því, sem hjer er talað, þá er nú svo, að margir eru þeir, sem skilja íslensku víðsvegar um lönd og skýst ekki yfir alt hjer. Það er oss til lítils sóma, að því hefir oft verið hampað, að sjálfstæðið sje oss of dýrt. Gegn þessu hefir Einar Arnórsson prófessor komið með mótmæli í ritgerð nokkurri. Þetta hefir Knud Berlín lesið, og í danska blaðið „Skatteborgeren" ritar hann svo grein um þetta og kemst að þeirri niðurstöðu, að sjálfstæðið íslenska sje of dýrt fyrir Dani. Í grein hans í þessu blaði segir svo, ef hæstv. forseti leyfir, að jeg lesi upp kafla úr henni. *(Forseti BSv:* Það væri gott, ef þýðing fylgdi með). Þess gerist varla þörf, því að hana skilja allir, samanber söguna um íslensku stúlkuna, sem einu sinni fór til Spánar og Spánverjar fóru að tala við hana, þá sagði hún: „Gú de!" samkvæmt þeirri djúpt innrættu skoðun, að Danmörk væri allur heimurinn.

Hjer segir svo:

„Men efter et Par Aar at have prövet, hvad denne Herlighed kostede, har Island nu indrettet sig mere praktisk og billigt, idet det har betroet Stillingen som dets diplomatiske Repræsentant til en dansk Mand, der er praktiserende Over-

retssagförer i Köbenhavn, og som samtidigt með denne Virksomhed udförer det diplomatiske Hverv som islandsk Chargé d'Affaires."

Þessi samanburður er rjettur, og líka hitt, að sá maður, er nú er Charge d'Affaires fyrir Ísland í Danmörku, er danskur þegn. Og er menn hugsa um þetta, má nærri geta, hvort slíkt geti ekki rekið sig á. Jeg er ekki að niðra þessum manni, og jeg hefi margsinnis tekið það fram, að hann er sá eini, er jeg gat trúað hjer fyrrum, er jeg var sendiherra Íslands og hafði tvö konungsríki í hælunum, bæði Ísland og Danmörk; jeg veit því, hvernig horfir við hjá þessum manni. Að vísu er til í Danmörku danskur maður, sem fer með sendiherraumboð fyrir annað ríki, en það er Svertingjaríki suður í Afríku. Og það er víst sá keppinautur, sem Ísland á að líkjast mest! Eða hvað?

Sjálfstæði það, er vjer fengum 1918, var ekki stolið, og þurfum vjer því ekki að fela það. En er það ekki alveg hið sama og vjer felum það, þá er vjer viljum ekki hafa sendimann á þeim stað, þar sem ekki er hægt að hafa umboðsmann? Að minsta kosti lítur þá svo út fyrir annara augum, sem vjer sjeum að fela sjálfstæði vort.

Gott er það að vera ekki orðsjúkur, þora að gera rjett og fara ekki mikið eftir því, sem aðrir segja. Hjer er öðru máli að gegna. Það er ekki einskisvirði, hvað aðrar þjóðir segja um oss og að þær hafi gott álit á þessu litla ríki. Gott álit er miklu meira virði fyrir þjóð heldur en fje það, sem fer til að afla þess. Þetta kemur í ljós daglega, eigi aðeins í viðskiftum þjóða, heldur og einstaklinga. Á þetta vil jeg benda hinum miklu sparnaðarmönnum þingsins. Að vísu er kostnaður nokkur við það að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. Hefi jeg átt tal um það við Svein Björnsson, hvort sæmilegt væri að ætla slíkum manni 40 þús. kr. á ári, en hann sagði mjer, að vel athuguðu máli, að slíkt mundi eigi geta kostað minna en 42 þús. kr. Kaus jeg þá heldur að gera ráð fyrir 45 þús. kr., því að það er betri upphæð í meðförum.

Jeg viðurkenni það enn, að þessu fylgir kostnaður fyrir ríkissjóð. En hvað kemur svo í móti? Auðvitað það gagn, er að þessum sendiherra má verða, og til skilningsauka get jeg gefið nokkrar upplýsingar um það, hvert gagn hefir af þessum sendiherra hlotist fjárhagslega. Árið 1921 var hann sendur til Osló til þess að semja um tunnutollinn. Árangurinn af því varð sá, að Ísland græddi 50—100 þús. kr., en svo að við förum meðalveg, þá skulum við segja, að það hafi ekki grætt nema 75 þús. kr. Árið 1921 fór sendiherrann líka til Lundúna, til þess að taka þar lán; þetta var þungt og erfitt í vöfum, en hefði verið notið þeirrar aðstöðu, er landið átti, og sendiherrann hefði verið sendur til Lundúna 2 dögum fyr, þá hefði landinu getað sparast ein miljón króna í gengismun. Og hefði hann nú sjálfur tekið lánið í stað milligöngu dansks manns, þá hefðu sparast margar miljónir. — Þetta hafa fjármálamenn í Lundúnum viðurkent.

Árið 1922 sendu Íslendingar þennan sendiherra sinn suður til Madrid, og varð sú ferð til þess að spara hjer aukaþing, og auk þess varð árangurinn sá, að Spánverjar geymdu það að setja toll á saltfisk. Hvað á þessu hefir grætst, verður ekki með tölum talið. Sumir kunna að segja, að þetta hafi ekki verið íslenska sendiherranum að þakka einvörðungu, en líti menn þá á hitt, að meðan danski sendiherrann í Madrid var einn, var engu hægt

um að þoka, enda var það ekki von, þar sem hann var öllum málavöxtum ókunnugur, nema af afspurn.

Það var hinum íslenska sendiherra að þakka, að málið komst í gott horf; því þótt þarna væri danskur maður að semja fyrir oss, kom hann eigi miklu til leiðar, ekki af því, að hann hefði eigi vilja til að vinna oss fult gagn, heldur af því, að hann gat það alls ekki, er hann brast kunnugleika á högum vorum og þörfum. En þegar hinn íslenski sendiherra kom til, fjekst fresturinn, og það, að tollurinn kom ekki á því ári, má reikna sem alt að 7 miljón króna gróða fyrir oss. Síðan var hann sendur á alþjóðafund í Genúa, og varð sú ferð talsvert ódýrari fyrir það, að hún var hafin frá Kaupmannahöfn en ekki frá Íslandi. Þá var hann enn sendur til Oslóar 1922, 1923 og 1924 viðvíkjandi kjöttollsmálinu, og eru þeir samningar, sem þá tókust, honum að þakka. Að vísu voru sendir einhverjir menn hjeðan, en þeir komu engu til leiðar og gerðu því ekki gagn. Sendiherrann okkar rjeð þessu máli til lykta, og enginn annar. Jeg hefi sjeð í „Tímanum", að hagur ísl. bænda af þessum samningum hafi orðið um 700 þús. kr., aðrir telja hagnaðinn 600 þús. kr., ef varlega er reiknað, og er þetta árlegur gróði á kjöttollssamninguhum. Þetta gelst að vísu ekki í ríkissjóð, en jeg tel hann góðu bættan fyrir þær 40—50 þús. kr., sem sendiherrann kostar, ef landsmenn græða þannig á því, að embættið var stofnað. Það eru góðir vextir af 40 þús. kr. á ári. Þetta er fjárhagshlið þessa máls, en það er ólíklegt, að nokkurn tíma komi það ár, að sendiherrann geti ekki gert þjóðinni tvöfalt, ferfalt, tífalt eða margfalt gagn við það, sem til hans er kostað, þó ekki væri með öðru en því að fara sendiferðir fyrir oss frá Kaupmannahöfn, svo eigi þurfi að senda menn hjeðan. Þar að auki má hann verða bönkum, ríkisstjórninni og einstökum mönnum að miklu gagni með búsetu sinni í Kaupmannahöfn. Reyndar má segja, að þeirri hlið málanna, sem lýtur að erindrekstri í Kaupmannahöfn, sje borgið með því fyrirkomulagi, sem nú er. En það er aukaatriði. Hins þarf vissulega með, að þar sje reglulegur íslenskur sendiherra, því að málalokin eru oft undir því komin, hver maðurinn er. Það fer eftir áliti og stöðu sendimanns vors, við hvern hann nær að semja. Það er eigi hverjum manni sem er leyft að vaða inn til erlendra sendiherra, ráðherra eða annara stjórnarvalda. Það er undir því komið, hver sendimaðurinn er, við hvern hann fær að tala! Óvaldir menn verða oftast að láta sjer lynda að ná tali af skrifstofustjórum eða öðrum mönnum lægra settum, sem minni völd hafa, og því enn minna mark takandi á þeim. Jeg hefi stundum sagt, að slíkir erindrekar fengju ekki tal af öðrum en dyravörðum, og færu málalokin auðvitað eftir því. Þetta þykir máske fullhart að orði kveðið, en þó er það að mestu leyti satt. En sendiherra, sem verið hefir búsettur þarna um nokkur ár, hann er orðinn kunnur öðrum sendiherrum, sem þar eru, og getur ávalt fengið meðmæli þeirra og aðstoð, ef hann æskir þess; hann er auk þess viðurkendur sem „diplomat", og standa honum því allir vegir opnir. Hann hefir hundrað sinnum betri aðstöðu en menn, sem sendir eru aðvífandi. Þar að auki er hann maður, sem hefir gefið sig við þessum hlutum um langan tíma, og hefir því tamið sjer margt, sem nauðsynlegt er þeim, er verða að umgangast erlenda „diplomata". Hann hefir tamið

sjer varúð í tali, án þess að sýna þó neina undirhyggju; er orðinn leikinn í þeirri list að fara hvergi of langt nje of skamt. Sendiherra er því eigi sambærilegur við alóvana menn, sem koma aðvífandi „eins og spörr í trönudans“, og þekkja því ekki til, hvernig þeir eiga að haga sjer, til þess að koma málum sínum fram, en geta þó þar fyrir verið fullgóðir menn, ef þeir aðeins væru vanir þessu. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að það þarf að hafa sendiherra, — að maðurinn sje og heiti sendiherra; ella verða hans eigi full not.

Þá er annað, sem jeg hefi ekki ennþá drepið á, sem sje að með því að hafa engan sendiherra erlendis staðfestist það álit, sem enn er algengt, að Ísland sje alls eigi sjálfstætt ríki, úr því það fer ekki sjálft með utanríkismál sín. Þetta gerir alla samninga við erlend ríki erfiðari og er oss mikill álitshnekkir. Þess er heldur eigi að vænta, að erlend ríki sendi hingað „diplomatiska“ sendimenn, ef vjer sjálfir höfum enga sent utan, og er það eitt allmikill álitshnekkir hinu unga, íslenska ríki. Það er mikið undir því komið, að erlendar þjóðir viti, fyrst og fremst að vjer sjeum til, og í öðru lagi að vjer sjeum sjálfstætt og fullvalda ríki. Jeg sá nýlega í dönsku blaði talað um „Danmarks nordlige Bilande“, og var Ísland þar með talið í þeirri þvögu, og var þar sýnilegt, að menn vissu eigi, að þessi gamla hlekkjafesti, Ísland, Færeyjar og Grænland, hafði þó slitnað á einum stað.

Það skal enginn ætla, að jeg mæli þetta af orðsýki, vilji aðeins fá einhvern „tildurherra“, eins og „Tíminn“ orðar það; en það er eigi. Nei, jeg lít aðeins á hagnaðinn, peningana, sem stofnun þessa embættis beinlínis gefur af sjer. Þótt jeg telji sóma lands vors allmikils virði, ræði jeg ekki um þann hlut að sinni nje fer út í að meta hann til fjár. En jeg ætla aðeins að tala um peninga, enda eru þeir mörgum mönnum kærastir allra hluta, — að það eru miklir peningar græddir, að það er stórgróðafyrirtæki að hafa sendiherra erlendis.

Jeg vona, að jeg hafi engan mann sært með þessari ræðu minni, enda hefi jeg á engan mann ráðist. Jeg tel það mikið happ fyrir land okkar og þjóð, ef þetta þing bæri gæfu til að endurreisa sendiherraembættið og halda því við framvegis. Jeg hygg, að jeg þurfi eigi að hvetja neinn þeirra, er skipa þennan litla sex manna flokk hjer á þingi, sem jeg tilheyri, en hjer eru tveir aðrir stórir þingflokkar, sem nú fá þetta viðfangsefni. Jeg hefi oft áður sagt í gamni, sem jeg nú segi í fullri alvöru, að hjer er mál fyrir þá að keppa um. Þetta er stórt mál og alvarlegt, — mál, sem er og verður lífgjafi hvers þess flokks, er það ber fram. Þetta er framtíðarmál, sem veldur þeim þungri ábyrgð, er á móti því snúast. Jeg vænti því, að nú verði kapphlaup milli þessara stóru og sterku flokka um það að hafa fyrstir sjeð þörfina á þessu máli og að koma því í framkvæmd, sem er eitt hið mesta nauðsynjamál. Fyrir sjálfstæðismönnum þingsins, sem eru nú 24 eða 25, þarf ekki að ræða þetta mál frekar. Atkvæði þeirra hafa hingað til ætíð skilað sjer í öllum sjálfstæðismálum, hvar sem þeir hafa verið í flokki. Og jeg býst yfir höfuð ekki við neinum verulegum mótmælum gegn þeirri fjárveitingu, sem jeg fer fram á, að veitt verði í þessu skyni.

Sigurjón Jónsson: Áður en jeg kem að brtt., sem jeg flyt á þskj. 235, ætla

jeg með nokkrum orðum að minnast á eina brtt. frá hv. fjvn. á þskj. 195. Brtt. þessi er 26. till. og er nýr liður: Til þess að reisa nýja vita 50000 kr.

Hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) fylgdi þessari brtt. úr hlaði með nokkrum orðum og tilfærði orð vitamálastjóra um það, að kapp væri lagt á að fá nýjan landtökuvita bygðan á suðurströnd landsins, Dyrhólaey. Er jeg vitamálastjóra samþykkur um það, að full nauðsyn sje á því að byggja sem fyrst góðan og fullkominn landtökuvita á þessum stað, en hinsvegar álít jeg fiskiflota vorum enn brýnni nauðsyn á að fá aðra smærri vita bygða fyrir þessa upphæð. Er það álit okkar í sjávarútvegsnefnd og fleiri háttv. þingmanna, að árið 1926 megi ekki svo líða, að ekki verði bygðir nokkrir smávitar, sem bráðnauðsynlegast er að fá bygða sem allra fyrst. *(Atvrh. MG:* Er það samhuga álit sjávarútvegsnefnda?). Jeg geri ráð fyrir, að svo sje.

Af þessum vitum, sem jeg hefi í huga, er Stafnesvitinn fyrstur. Tel jeg það vansæmandi, að það sje látið dragast lengur en til næsta árs að byggja þann vita. Slys eru þarna mjög tíð, og nú 3 síðustu árin hefir farist þarna eitt skip á ári. Síðast nú alveg nýlega fórst þarna mótorskipið Sólveig með allri áhöfn. Þar á undan mótorskipin Sigríður og Ása. Kunnugir og minnugir menn segja mjer, að þarna hafi farist ekki færri en 14 skip síðustu 11 árin. Jeg fyrir mitt leyti legg því áherslu á, að þessi viti verði bygður árið 1926.

Þá er fiskiflota vorum mjög nauðsynlegt að fá sem fyrst bygðan vita við Grundarfjörð. Grundarfjörður er eina örugga höfnin við Snæfellsnesið, og leita bátar þangað mjög, þegar þeir stunda veiðar öðruhvorumegin Snæfellsness, en þarna við nesið fara veiðar nú mjög í vöxt, og leita bátar þangað langt að. En engin leiðarljós eru þarna til þess að vísa leið inn á þessa góðu höfn, og getur þegar minst vonum varir hlotist af því stórslys. Er því mjög nauðsynlegt að fá hið allra fyrsta bygðan þarna vita. Þá vantar einnig mjög tilfinnanlega smávita á Vestmannaeyjar. Háttv. frsm. fjvn. fastákvað nú heldur ekki neitt um það, hvar yrði bygt fyrir þessar 50 þús. kr., en jeg og ýmsir fleiri álítum, að þessa smærri vita megi ekki draga að byggja, og þótt byrjað yrði á landtökuvitanum fyrir þessa upphæð, þá yrði hann þó aldrei fullger fyr en einhvern tíma á árinu 1927. En í fjárlögum fyrir árið 1927 verður að veita alla upphæðina til landtökuvitans, svo að hann komist upp á því ári.

Hv. frsm. sagði, að vitarnir skulduðu enn ríkissjóði, að hann hefði ekki fengið greitt eins mikið í vitagjöldum og lagt hefir verið til vita. Tel jeg slíkt síst nokkuð varhugavert, enda eru byggingarnar sjálfar — vitarnir —, sem eru nú metnar á aðra miljón króna virði, eign ríkissjóðs. Enda ber á það að líta, að gott vitakerfi er besta öryggisráðstöfun, sem ríkið getur gert, bæði fyrir fiskiflota vorn og öll önnur skip, er sigla meðfram ströndum landsins. Er hjer um svo mörg mannslíf og mikla fjármuni að ræða, að ríkinu er það alls ekki vansalaust að taka meiri tekjur af vitakerfinu en til þess er varið, sjerstaklega meðan þessu kerfi er jafnáfátt og enn á sjer stað.

Sjómenn vorir og aðstandendur þeirra eiga fulla heimtingu á því, að þingið geri það, sem mögulegt er, til þess að tryggja líf þeirra í þessu efni, enda getur vitakerfið síðar meir orðið ríkissjóði tekjulind, þegar okkur hefir tekist að fullkomna það. Þótt jeg sje ekki ánægður

með þessa upphæð, 50 þús. kr., og telji hana of lága, þá er jeg samt háttv. fjvn. þakklátur fyrir að hafa tekið upp þessa brtt.

Þá kem jeg að brtt., sem jeg á undir rómv. lið XIV á þskj. 235. Er það um uppbótargreiðslu til sjúkrahússins á Ísafirði vegna verðtollsins, alt að 3000 kr. Þetta sjúkrahús er nú upp komið, og hefir ríkissjóður þegar lagt til þeirrar byggingar 50 þús. kr., en 25 þús. kr. eru áætlaðar í þessu frv. til greiðslu næsta ár. Gegn þessum fjárframlögum ríkissjóðs hefir Ísafjarðarkaupstaður þegar lagt fram minst 150 þús. kr., og er mjer óhætt að fullyrða, að sjúkrahús þetta er í alla staði mjög vandað. Var mikil þörf á að fá þetta sjúkrahús bygt, enda kemur það nú að tilætluðum góðum notum.

Allar áætlanir um þessa byggingu voru gerðar áður en 20% verðtollurinn, sem samþyktur var á síðasta þingi, gekk í gildi. En vegna þessa verðtolls hefir þessi bygging orðið 2—3 þús. kr. dýrari en ella. Er það ýmiskonar útbúnaður við sjúkrahúsið, sem verðtollurinn hefir lagst á. Hve miklu þessi hækkun nemur nákvæmlega, veit jeg ekki, en geri ráð fyrir, að það geti orðið alt að 3000 kr. Það eru nú tilmæli mín til hv. þm., að þessa upphæð megi endurgreiða úr ríkissjóði, þó aldrei hærri upphæð en hjer er tilgreind, og þá upphæð eina, sem sannað verður, að stafi af þessum greinda verðtolli. Sjúkrahúsið hefir ekki í öllum tilfellum greitt verðtollinn sjálft, heldur stundum þeir, er selt hafa til byggingarinnar munina eða efnið, er verðtollurinn hefir lagst á, en þeim verið það endurgreitt af byggingarkostnaðinum. En yfir þetta á sem sagt að sýna reikninga og aldrei á þetta að fara fram úr 3000 kr.

Að hjer sje um sanngirniskröfu að ræða, vona jeg að geta sýnt fram á í fám orðum. Ætlun þingsins með verðtollinum var frá upphafi sú, að ríkissjóður fengi þessar tekjur af miður nauðsynlegum vörum, eða með öðrum orðum, að tollurinn legðist ekki á nauðsynjavörur. Nægir um það að benda á orð hv. frsm. fjhn. í því máli. Hefi jeg þau ummæli hjer fyrir framan mig í þingtíðindunum frá síðasta þingi. Er þar skýrt að orði komist um það, að verðtollinum sje ekki ætlað að leggjast á nauðsynjavörur. Í sama streng tekur svo hæstv. fjrh., þar sem hann segir hjer einnig, að verðtollurinn eigi ekki að lenda á öðrum en miður þörfum vörum. Allir aðrir, sem um þetta mál tala, eru hjer sömu skoðunar, svo að vilji þingsins er skýr í þessu máli. Verðtollurinn átti ekki að leggjast á nauðsynjavöru. En er þá hjer um nauðsynjavörur að ræða? Til þess að sanna það, ætti að vera nægilegt að nefna, að munirnir eða efnið, sem um er að ræða, fer til þess að útbúa vandað sjúkrahús, sem ríkissjóður og fátækt bæjarfjelag eru í sameiningu að koma upp. Og að hjer sje um reglulega nauðsynjavöru að ræða sýna best þau miklu gjöld, sem þetta fátæka bæjarfjelag hefir á sig lagt til þess að hrinda í framkvæmd þessu mikla nauðsynjamáli, sjúkrahúsbyggingunni. Um þessi tvö atriði verður ekki deilt. Þingið ætlaðist ekki til þess, að verðtollurinn legðist á nauðsynjavörur, en hjer hefir verið tekinn verðtollur af nauðsynjavöru, sem fátækt bæjarfjelag kaupir til opinberrar byggingar, sjúkrahúss. Fjölyrði jeg ekki frekar um þessa brtt., en treysti svo rjettsýni háttv. þm., að þeir sjái rjettmæti þessarar tillögu.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. mars, var f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get ekki stilt mig um, áður en jeg vík að brtt. þeim, sem jeg flyt, að víkja fáum orðum að fjárhagsástæðum landsins yfirleitt.

Þegar litið er á tekjurnar, sjest fljótlega, hverskonar þær eru. Þær eru tollar og skattar, sem fengnir eru með tollalögum. Um aðrar tekjur er það að segja, að þær eru svo smáar, að þær nema litlu, þegar á tekjur landsins er litið í heild. Það er því augljóst, að þær byggjast á því, hvernig atvinnuvegunum vegnar.

Eins og kunnugt er, eru atvinnuvegirnir aðallega tveir hjá oss. Aðrar atvinnugreinir eru svo lítilfjörlegar, að þeirra gætir lítið, og það sem þær eru, þá byggjast þær að heita má á þessum 2 atvinnuvegum. En því fábreyttari sem þeir eru, því hættara er við, að tekjurnar minki, ef nokkuð ber út af og óhöpp vilja til. Þetta er augljóst, og hitt ekki síður, að þar sem skuldabyrðin er orðin allmikil, þá er því meiri nauðsyn að fara varlega.

Það var dómur þjóðarinnar um síðasta þing, að það hefði farið varlega í fjármálum. Og jeg hygg, að sú stefna ráði enn. Jeg hefi að vísu heyrt, að sumum fyndist ekki eins mikil þörf aðgæslu sem í fyrra. Ekki ætla jeg, að mikið beri samt á því.

Jeg ætla, að jeg hafi sagt á síðasta þingi, að því lengur sem ýmsar athafnir yrðu látnar bíða, því fastar yrði knúið á þingið um framkvæmd þeirra er frá liði. Þetta átti að hvetja til þess að hafa athafnaleysistímann sem stystan og flýta sem mest fyrir fjárhagslegri endurreisn landsins. En þó að jeg haldi, að þessi skoðun ríki ennþá, þá kann þörfin að vera orðin meiri, og þó að eitthvað meira verði gert nú, þá bendir það ekki á, að menn vilji ekki hafa fulla aðgæslu. Og þörfin bendir á, að enn fastar verði sótt á næsta ár, en þá er einmitt nú brýn nauðsyn að borga sem mest af skuldunum. Jeg er ekki í vafa um það, að þjóðin er fús til þess að leggja á sig þunga skatta, ef hún þykist sjá, að fljótlega má með því móti komast úr ógöngunum.

Þegar litið er á gjöldin, hverskonar þau eru, kemur það í ljós, að ekki verður komist hjá að greiða þau því nær öll, sem nú eru ráðgerð. Hátt á 5. milj. kr. gengur til að launa embættis- og sýslunarmenn landsins og um 2 milj. til afborgana og rentugreiðslu.

Nú eru tekjur áætlaðar rúmar 8 milj. kr., og það sýnir, hve varlega verður að fara. En jafnframt því, að þjóðin er fús til þess að leggja á sig þessa byrði, þá krefst hún þess einnig, að af henni sje ljett ónauðsynlegum gjöldum.

Í þessu liggur ekki það, að vilja launa starfsmönnum illa, heldur hitt, að þeir sjeu ekki of margir og óþarfir.

Það væri áríðandi, að þing og stjórn gerðu eitthvað til þess að fækka ónauðsynlegum embættum. Jeg ætlast ekki til þess, að það sje gert undirbúningslaust á þessu þingi, og það er í sjálfu sjer ekki von, að hæstv. stjórn geti að þessu sinni komið með það mál nægilega undirbúið. En á næsta þingi mætti vænta þess, að eitthvað slíkt kæmi fram.

Jeg get tekið undir orð hæstv. fjrh. (JÞ), að það sje ekki rjett, að ríkið leggi meira í framkvæmdir en nauðsynlegt er, og síst svo mikið, að það verði eins og kapphlaup við aðra atvinnuvegi, því að það leiðir til tjóns.

Jeg hygg nú ekki, að hv. Alþingi verði

svo örlátt á fje, að til slíks kapphlaups komi. Og mig langar til að drepa á það í þessu sambandi, að það er engu ónauðsynlegra, að allir atvinnurekendur viðhafi einnig fylstu gætni. Sumarið 1919 var kapphlaupið svo mikið, að það leiddi til stórhnekkis í sumum atvinnugreinum. Þesskonar óhöpp eiga að vera viðvörun.

Jeg hygg, að síður sje hægt að segja þetta um bændur. Það hefir meir borið við við sjóinn, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar, sem ekki bera vott um æskilega varúð. Sú mikla aukning á sjávarútgerð á síðasta ári bendir því miður ekki á, að nægilegrar varúðar sje gætt. Vonandi fer alt vel, en hyggilegur er þessi mikli vöxtur útgerðarinnar ekki.

Það er víst, að þjóðarheildinni er ekki hætta búin af hinni atvinnugreininni, landbúnaðinum, því þó að útvegur sje uppgripameiri, þegar vel gengur, þá steðja oft að honum óhöpp, og hinn verður því tryggari, er til lengdar lætur. Með þessu vil jeg ekki gefa í skyn, að útvegur eigi ekki rjett á sjer. En því aðeins leiðir það til góðs, að hófs sje gætt.

Góðærið, sem var í ár og 1919, bendir til þess, að þegar velgengni er mikil, hættir mörgum við að fara ekki varlega.

Viðvíkjandi störfum fjvn. er það að segja, að till. hennar sýna, að nefndin vill viðhafa alla gætni og ekki eyða meira en bráðnauðsynlegt er. Þykist jeg þess fullviss, að mjög margir þm. muni styðja háttv. nefnd í þessu, en auðvitað er það, að menn geta ekki annað en stuðlað að því, að samþ. verði ýmiskonar fjárveitingar, er háttv. nefnd leggur til, til ýmislegra óumflýjanlegra framkvæmda.

Þá sný jeg mjer að brtt. mínum; jeg mun með atkvæði mínu sýna, hvernig jeg lít á aðrar brtt.

Jeg á brtt. á þskj. 235, við 12. gr. 13 b., sem jeg í samráði við fjvn. tek aftur til 3. umr.

Þá er brtt. á sama þskj. undir rómv. lið XVI, sem jeg flyt ásamt hæstv. forseta (BSv), sem fer fram á að hækka styrk til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs úr 1500 kr. upp í 2000. Þessi maður hefir numið umbúðasmíði erlendis, einn hjerlendra manna, og varið til þess miklum tíma og fje. Tæki þau, sem hann þarf að nota, eru bæði mörg og dýr, því að hann verður að hafa verkfæri þriggja iðngreina, trje-, járn- og söðlasmíða. Tilkostnaður er því mjög mikill. Húsrúm hans er ófullnægjandi og þó dýrt. Hann verður að gefa sig við umbúðasmíðum, þegar þess er óskað, en það er ekki fult starf, svo að hann verður að sinna öðrum smíðum jafnframt. Þetta veldur oft óþægindum. Hann veit ekki, hverju hann má lofa og alt verður óvissara. Hann hefir jafnvel haft við orð að leggja umbúðasmíðið niður, af því að hann biði af því stórskaða árlega. En maðurinn er vel hagur, má víst teljast einn af bestu smiðum landsins, svo að hann ætti auðvitað hægt með að fá aðra atvinnu miklu tryggari. En þeir, sem vit hafa á, telja nauðsynlegt, að hann haldi áfram; annars þyrfti að fá umbúðir frá öðrum löndum. Það hefir stundum verið reynt að láta smíða þær erlendis eftir máli, en gefist illa. Jeg hygg því fje vel varið, sem veitt verður til þess að halda þessum smiðum áfram, og vona, að hv. þm. synji ekki um þessa fjárveitingu. Það liggur í augum uppi, hve miklu væri dýrara, að hver einstaklingur, sem á umbúðum þarf að halda, yrði að sigla til þess að fá þær smíðaðar. Eftir vitnisburði lækna leysir þessi maður verk sitt mjög vel af hendi, svo að eins

og á stendur finst mjer óforsvaranlegt að neita honum um styrk.

Þá á jeg brtt. á sama þskj., XV. lið, ásamt samþingismanni mínum (MT), um 10 þús. kr. fjárveitingu til Biskupstungnabrautar. Þessi braut hefir staðið í fjárlögunum síðan á henni var byrjað. Biskupstungnamenn búa í á annað hundrað km. fjarlægð frá kaupstað. Brautin er aðeins komin að Torfastöðum, en þaðan eru eftir 15—20 km. Er yfir illfærar mýrar að sækja, er skerast sundur af vondu vatnsfalli, en engin brú fyr en uppi við fjöll. Símasamband er í 20—40 km fjarlægð, og að fara í kaupstað tekur 7—8 daga. Eins og sjá má af greinargerð vegamálastjóra til fjvn., er allmikið eftir að gera af þessum vegi, svo að þessi fjárhæð nær skamt. Við sáum þó ekki fært að fara fram á hærri upphæð, vegna fjárhagsörðugleikanna. En jeg hygg þó, að ekki sje víða á landinu brýnni þörf vegar en þarna. Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að vegamálastjóri hefði borið fyrir sig, að búið væri að veita mikið fje í þessa sýslu, og hún yrði því að bíða svo sem 2 ár. Að vísu hefir verið veitt mikið fje, en af brýnni nauðsyn. Nú hagar svo til, að þessi sýsla hefir ekki gagn af öðrum samgöngubótum. Þó að ekki sje skemtilegt að fara í samjöfnuð um þetta atriði, má þó geta þess, að við njótum ekki neins af því, sem veitt er til samgöngubóta á sjó. Við berum þessa till. fram af knýjandi þörf sveitarinnar. Það virðist ekki óviðeigandi, að Alþingi sýni sanngirni þeim mönnum, sem í fjarlægð búa og eiga við margskonar örðugleika að stríða, ekki síst fyrir það, hve samgöngur eru illar. Bættar samgöngur mundu stuðla mjög að því, að fólkið hjeldist kyrt í sveitunum, en á því er full þörf. Jeg vænti þess, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja till. Þeir, sem þekkja til staðhátta, viðurkenna, að full sanngirni sje að fara fram á þessa fjárveitingu. Við höfum upphæðina ekki hærri, til þess að hv. þm. fyndu frekar hvöt hjá sjer til þess að samþykkja till. Þó að þessi upphæð þoki ekki veginum langt áleiðis, væri það betra en ekki að fá hana og sýndi þó nokkra viðleitni. Jeg skal drepa á, að vegurinn endar neðst í sveitinni, og veldur það ferðamönnum miklum kostnaði. Þeir, sem koma í bíl, verða að leigja hesta til þess að geta komist leiðar sinnar upp að Gullfossi og Geysi. Mæla þessar ástæður með því, að reynt sje að koma brautinni áleiðis sem fyrst.

Jeg ætlaði að víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), en jeg sje, að hann er ekki viðstaddur, svo að jeg sleppi því.

Jakob Möller: Jeg á 2 brtt. á þskj. 235 ásamt hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Sú fyrri er um framlag til landsspítalabyggingar, ein af þeim till. einstakra þm., sem mest hleypir fram upphæð gjaldahliðarinnar. Jeg vil vekja athygli á því, að fjvn. hefir ekki lýst tekjuhliðinni eins nákvæmlega og hægt hefði verið. Hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram í gær, að þegar fjárlagafrv. hefði verið samið, hefði ekki verið hægt að vita til fulls um niðurstöðu ársins 1924, enda sjest, þegar borin er saman niðurstaða stjórnarinnar og útkoma ársins, að þó að hv. fjvn. hækkaði tekjuliðinn um 930 þús., þá munaði um nær því aðra eins upphæð á tekjuliðnum 1924. Þetta kemur mönnum ekki á óvart, því að það var kunnugt, að á síðastl. ári yrði tekjuafgangur, en tekjuhlið frv. 1926 er miðuð við annað ástand. Í stað þess, að ætla mætti óráðlegt að miða við árið 1924, segir sig sjálft, að líkur voru til, að tekjurnar

yrðu meiri, því að í fyrra var samþykt 25% hækkun á ýmsum tollum og gjöldum til ríkissjóðs, sem gilti þá aðeins nokkurn hluta ársins. Mjer skilst, að hv. fjvn. hafi farið gætilega í að taka tillit til þessa, og hefði mátt áætla tekjurnar nokkuð hærri. Niðurstaðan verður vitanlega sú, að þó að eftir till. nefndarinnar eigi að verja 600 þús. kr. til þess að borga lausar skuldir, verður allverulegur tekjuafgangur, þó að brtt. nefndarinnar og töluvert fleiri yrðu samþyktar. Jeg taldi rjett að víkja að þessu, og geta allir, sem þskj. athuga, fullvissað sig um, að þetta er rjett. Vona jeg því, að hv. þingmenn láti sjer ekki í augum vaxa, þótt farið sje fram á svona háa upphæð til landsspítalans.

Jeg get ekki fallist á það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði í gær, að hættulegt væri að láta ríkið ráðast í framkvæmdir á uppgangsárunum. Ef ekkert má gera á góðu árunum, þá verður aldrei gert neitt. Og ef leggjast á á móti fjárveitingu til landsspítalans af þessum ástæðum, þá verður hann aldrei bygður. Jeg veit satt að segja ekki, hvenær á að ráðast í framkvæmdir, ef ekki á góðu árunum. Ekki gengur það betur á krepputímum. Jeg er alveg sannfærður um, að hjer inni er enginn einasti maður, sem ekki telur sjálfsagt, að bygður sje landsspítali innan skamms. Landsspítalamálið er ekki aðeins metnaðarmál. Vitanlega er það nokkurt metnaðarmál að vera sjálfum sjer nógur og ekki upp á útlend fjelög kominn. En metnaðarhliðin er aukaatriði, þegar litið er á, hve brýn nauðsynin er. Hv. þm. hafa átt kost á að heyra, hve mikið nauðsynjamál þetta er, og það hefir verið skýrt betur en jeg get gert, svo jeg skal ekki verða margorður. Skal aðeins taka fram það, sem jeg álít mestu varða. Sú hliðin, sem að sjúklingunum snýr, er öllum augljós. Sá spítali, sem nú er notaður sem landsspítali, getur ekki tekið á móti nema litlum hluta þeirra sjúklinga, sem á spítalavist þurfa að halda. Sjúklingar utan af landi verða oft að bíða hjer í bænum tímum saman, og verða þá að liggja við misjafnan aðbúnað í borðstofum eða kjöllurum eða hvar sem hægt er að hola þeim niður. Má geta nærri, hvaða áhrif þetta hefir á heilsufarið. Að Landakotsspítalanum er svo mikil aðsókn, að þar fæst varla rúm fyrir aðra en uppskurðarsjúklinga. Þar við bætist, að spítalavistin er þar miklu dýrari en verða mundi í landsspítala. Þó er hin hliðin síst þýðingarminni, sú hliðin, sem snýr að undirbúningsmentun lækna og hjúkrunarkvenna, sem eiga að annast heilbrigðismálin. Það sýnir sig sjálft, hversu ilt það er fyrir háskólann að vera kominn upp á einkastofnun. Að vísu hefir samvinnan gengið vel, og eins og jeg hefi minst á, er plássleysið versti hængurinn á því fyrirkomulagi. Þetta, að spítalinn hefir ekki rúm fyrir nema uppskurðarsjúklinga, hefir þær afleiðingar, að stúdentar fá ekki tækifæri til að kynnast eins mörgum sjúkdómum og þyrfti. Þetta er svo alvarlegt fyrir háskólann, að kennurunum í læknadeildinni er orðið áhyggjuefni, hve kandídatarnir hljóta að verða illa undirbúnir vegna þessarar vöntunar. Að því verður að gæta, að síðan háskólinn var stofnaður hafa ýmsar breytingar orðið, fyrst og fremst þær, að nú lesa svo að segja öll læknaefni læknisfræðina hjer heima. Áður las hjer um bil helmingur þeirra erlendis. Við það, að læknanemendum fjölgar, er þörfin enn meiri á því að hafa sem flest og fjölbreyttust viðfangsefni. En eins og jeg hefi tekið fram, færist Landakotsspítalinn meir og meir í

það horf að vera aðeins fyrir uppskurðarsjúklinga. Sjúkdómar þeir, sem læknaefnin hafa tækifæri til að kynnast í spítalanum, snerta því aðeins eina grein læknisfræðinnar. Ef þetta ástand á að haldast, hlýtur að leiða af því tilfinnanlegan þekkingarskort lækna í landinu í öðrum greinum, þar sem þeir fá aðeins notið bóklegrar fræðslu, en vantar alla verklega reynslu til undirbúnings starfi sínu.

Jeg geri ráð fyrir því, að þetta, sem jeg hefi sagt, sje nægilegt til þess að menn geti gert sjer grein fyrir því, hversu nauðsyn þessa máls er brýn. Auk þess veit jeg, að hv. þdm. hafa heyrt og sjeð svo mikið um málið, að það er hreinn óþarfi fyrir mig að fjölyrða um það nú. Það, sem hjer gildir um læknaefnin, gildir líka um hjúkrunarnema, og enn frekar, vegna þess að hjúkrunarnemar hafa engan aðgang að Landakotsspítalanum og hjúkrun verður alls ekki lærð til fullnustu á þeim spítölum, sem við höfum nú, heldur verða hjúkrunarnemar að fara utan til þess að fullkomna sig.

Það hefir verið talað um að byggja landsspítala, sem mundi kosta geysimikið fje, svo miljónum króna skiftir. Ef nú væri í ráði að halda sig við þá áætlun, þá myndi sú upphæð, sem nefnd er í till., hafa lítið að segja, þó að tekin yrði í fjárlög. En það mun hv. þdm. kunnugt, að nú er ný teikning komin og nýjar ráðagerðir um spítalabygginguna, þar sem gert er ráð fyrir, að hún kosti ekki nema 800—900 þús. kr. Vitanlega er það minni byggingin, sem hjer er gert ráð fyrir. Þá er ákveðið, að byggingin sje í einstökum atriðum ekki bundin við þessa teikningu, sem fyrir liggur, heldur sje frjálst að breyta henni eftir því, sem henta þykir. En aðeins að öll upphæðin fyrir alla bygginguna verði ekki hærri en ráðgert hefir verið. Þá er það sett sú skilyrði fyrir þessu framlagi, sem gert er ráð fyrir úr ríkissjóði, að jafnmikið tillag komi úr landsspítalasjóði. Eins og kunnugt er, hefir verið safnað á undanförnum árum allmiklu fje í þennan sjóð. Enginn vafi er á því, að stofnað var til fjársöfnunar þessarar í því skyni að byggja landsspítala. Og þótt nú sjeu um það nokkuð skiftar skoðanir, til hvers eigi að verja sjóðnum, þá er nú svo komið, að stjórn þessa sjóðs hefir gengið að því að leggja fje sjóðsins til byggingarinnar. Eða jeg fæ ekki skilið öðruvísi þá till. hennar, sem samþykt var á fundi, sem haldinn var hjer í bænum fyrir skemstu.

Fyrir okkur flm. till. vakir það, að gegn þessum 150 þús. kr., sem hún fer fram á úr ríkissjóði, verði lagðar fram 150 þús. kr. úr landsspítalasjóði nú þegar, svo að hægt sje að byrja á byggingunni á þessu ári fyrir það fje, og framlag ríkissjóðs komi svo á næsta ári og þá verði verkinu haldið áfram. Síðan yrði þannig haldið áfram með landsspítalasjóðinn, og að þrotnu hans fje yrði ríkissjóður að taka á sig að ljúka byggingunni. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það verði til þess að hindra framgang málsins neitt, þó að það sje sett beint að skilyrði fyrir fjárveitingu úr ríkissjóði, að fje landsspítalasjóðs gangi þannig til byggingarinnar, því að stjórn landsspítalasjóðsins er þetta mál svo mikið áhugamál, að hún mun ekki setja það skilyrði neitt fyrir sig, þó að segja mætti ef til vill, að henni sje þannig settur stóllinn fyrir dyrnar.

Það er kunnugt hv. þdm., að í Ed. er komin fram till. til þál., sem fer í líka átt og hjer er farið. Við flm. vissum ekkert

um þá till., þegar við lögðum fram þessa till. okkar. Og jeg verð að líta svo á, að það sje heppilegri leið, sem er farin með því að setja ákveðna fjárveitingu í fjárlög í þessu skyni, heldur en að samþ. hana í þáltill. Það er eðlilegra, að það sjeu ákveðnar í fjárlögunum allar slíkar greiðslur, sem er ákveðið að ríkissjóður *inni af hendi*. Og þó að þáltill. verði samþykt, þá ætti að sjálfsögðu að taka upphæðina inn í fjárlögin. En þá virðist í raun og veru óþarft að hafa þetta form, að samþykkja þáltill. Það er líka föst venja um þessar þál., að það er sett stjórninni í sjálfsvald, hvort hún fer eftir þeirra fyrirmælum eða ekki. Aftur á móti þar sem beint er samþykt fjárveiting í fjárlögum, er alt miklu ákveðnara. Og jeg hygg, að engin stjórn láti það undir höfuð leggjast að láta vinna slík verk, sem fje er þannig veitt til, nema þingvilji komi fram í þá átt; eins og á síðasta þingi, þegar það benti stjórninni á að láta niður falla ýmsar framkvæmdir, sem ráðgerðar höfðu verið í fjárlögum.

Þá man jeg ekki eftir, að það sje fleira, sem þarf að taka fram um málið að sinni. En ef eitthvað væri, sem jeg gæti gefið frekari upplýsingar um, mun jeg að sjálfsögðu eiga kost á því síðar.

Skal jeg svo víkja að annari till., sem við háttv. samþingismaður minn, 2. þm. Reykv. (JBald), flytjum á sama þskj., tölulið XI. Þar er farið fram á fjárveiting til Skúla læknis Guðjónssonar til heilbrigðisfræðináms. Fyrir fjvn. liggur umsókn frá þessum manni um styrk í þessu skyni. En hún kom svo seint, að fjvn. hefir ekki tekist að fá umsögn háskólans í tíma. En nú mun nefndin hafa fengið hana, en ekki tekið neina ákvörðun; svo að jeg geri ráð fyrir að taka þessa till. aftur til 3. umr. Enda skilst mjer, að fjvn. líti þessa till. sanngirnisaugum og kunni að meta það, hve þýðingarmikið nám hjer er um að ræða. Vonast jeg til, að hv. fjvn. athugi betur þetta mál, og mun jeg því geyma mjer að ræða till. þar til jeg heyri eitthvað frá henni.

Frsm. samgmn. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal ekki hefja neinar eldhúsdagsumræður yfir hv. fjvn. eða öðrum, sem bera fram brtt. við fjárlagafrv. Að vísu get jeg sagt, að jeg er ekki jafnánægður með þær allar, en jeg hygg, að það leiði ekki til neinnar breyttrar niðurstöðu, þó að gefin sjeu olnbogaskot einstökum mönnum fyrir till. þeirra. Ef jeg fer nokkuð frekar út í till. annara, þá verður það aðeins að gefnu tilefni. Jeg get hinsvegar sagt það um allan fjöldann af till. hv. fjvn., að jeg mun geta fallist á þær, þó að jeg sjái vitanlega, að á stöku stað hafi hún numið nokkuð mikið við nögl.

Jeg skal þá víkja að tveim till., sem jeg er riðinn við í þessum kafla fjárlaganna, sem fyrir liggur. Það er fyrst og fremst 13. liður á atkvæðaskránni. Þar fer jeg fram á 2 þús. kr. fjárveitingu til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til þess að leita heilsubótar farlama syni hans, og til þess að gera honum kleift að nema eitthvert handverk, sem gæti orðið honum að atvinnuvegi síðar meir. Þetta erindi eða umsókn Þorvarðar barst ekki hingað fyr en eftir að fjvn. hafði lokið till. sínum og þær voru komnar fram. Gat jeg þess vegna ekki borið þetta undir hana. Í lestrarsal liggur umsóknin frammi ásamt vottorði læknisins um þennan farlama dreng og efnahagsvottorði frá hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita. Drengurinn er 15 ára og er máttlaus, og hefir

verið frá fæðingu, alt upp að mitti, en hefir fullan handastyrk og er að öðru leyti sæmilega vel þroskaður og vel gefinn. En við rúmið hefir hann verið bundinn frá því fyrsta fyrir þessa skuld. Upphæð sú, sem hjer er nefnd, er að vísu, eftir því sem mjer skilst, alt of lág. En það er sannarlega fyrir ókunnugleika sakir hjá umsækjanda, eða hæversku, að hann nefnir ekki hærri upphæð. Jeg hefi borið erindið undir landlækni, skýrt frá málavöxtum og beðið um bendingar. Hann hefir þá að gefnu tilefni skýrt mjer frá því, að í líkum tilfellum megi með umbúðum gera svona máttvana mönnum fært að hafa nokkra fótavist og hreyfingu, og gera þá þannig vinnufæra að einhverju leyti. Hann telur líklegt, að þessar umbúðir mætti fá hjer, og hinsvegar segir hann, — eins og reyndar má öllum ljóst vera, — að hjer myndu sæmilega góð tök á því, að drengurinn gæti lært eitthvert handverk, jafnframt því sem hann kæmi til að fá þessar umbúðir. Jeg hlýt að gera ráð fyrir, að allir hv. þdm. verði fúsir til að styðja þessa ósk, því að hún er vissulega af nauðsyn fram komin. Af efnahagsvottorði Þorvarðar, er jeg hefi áður minst á, og einnig af brjefi læknisins til mín — sem er prívatbrjef — er það bersýnilegt, að maðurinn, fátæktar vegna, er ekki þess umkominn að liðsinna syni sínum. Önnur börn hans eru öll í ómegð. Hann fer frá búi á næsta ári fátæktar vegna, af því að hann getur ekki haldið búinu og jörðinni við. Hann hefir líka, að því er jeg hefi heyrt, orðið fyrir þungum veikindaáföllum í seinni tíð.

Það má vera, að jeg taki þessa till. aftur til 3. umr., ef hv. fjvn. óskar þess. Getur verið, að hún vilji athuga þessa beiðni nánar. En ef hún óskar þess ekki, geri jeg það heldur ekki.

Í bili hefi jeg svo ekki meira um þessa brtt. að segja. En jeg skal hinsvegar fyrir hönd samgmn. víkja að 20. liðnum á atkvæðaskránni. Samgmn. leggur til, að í stað 70 þús. kr. verði 83 þús. kr. veittar til flóabáta á árinu 1926. Og hún leggur til við hæstv. samgöngumálaráðherra, að á yfirstandandi ári verði einnig aukin sú lögákveðna upphæð að minsta kosti að þessu marki. Nefndin þykist hafa komist að raun um, að það sje ógerlegt að halda uppi þeim nauðsynlegustu flóaferðum með minni styrk, eða með þessum 70 þús. kr., sem ákveðnar eru fyrir yfirstandandi ár og eftir fjárlagafrv. er lagt til að verði á komandi ári. Fyrir mitt leyti get jeg sagt, að jeg álít, að þetta sje í raun og veru sá allra lægsti styrkur, sem til mála getur komið. Það hefir nú samstundis verið úthýtt áliti nefndarinnar um þetta mál, og jeg býst við, að háttv. þdm. sjeu búnir að kynna sjer það að nokkru. Nefndin lítur svo á, að þessar flóaferðir, eins og þeim hefir verið hagað undanfarið, sjeu ekki nærri hagfeldar í öllu, en hinsvegar, á sumum svæðum að minsta kosti, tiltölulega dýrar. Nefndin hyggur, að þessum ferðum mætti betur koma fyrir á þann veg, að hæfari og hraðskreiðari skip færu þær, sjerstaklega að því er kemur til bátaferða um Faxaflóa og Breiðafjörð. Að styrkur sá, sem ákveðinn er fyrir yfirstandandi ár, sje harla naumur, það er auðsætt af því, að nú þegar er búið að binda meira fje en svarar þessum 70 þús. kr. aðeins vegna ferða við Faxaflóa, Breiðafjörð, Ísafjarðardjúp og svo með suðurströndinni að Skeiðarársandi, án þess nokkuð sje eftir handa öðrum landshlutum. Það verður því ekki um það deilt, að fjárveiting sú, sem stendur í fjárlagafrv., og sú, sem ákveðin er í gildandi fjárlögum, getur alls ekki nægt.

Á þessu sama þskj. (235) liggur fyrir önnur till. um fjárveitingu til flóaferða frá hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og fer nokkuð lengra en nefndin hefir lagt til. Jeg verð að segja, að jeg hefi talsverða tilhneigingu til þess að fylgja till. hans, en get það vitanlega ekki, vegna þess að jeg er bundinn við till. nefndarinnar, og til samkomulags hefi jeg gengið inn á að leggja til það, sem nefndin varð sammála um. Jeg vildi þess vegna helst óska, að hv. flm. hefði tekið sína till. aftur að þessu sinni, og borið hana þá heldur fram í eitthvað breyttri mynd við 3. umr. En mjer er algerlega fyrirmunað að fylgja henni við þessa atkvgr. eins og hún nú liggur fyrir.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um flóabátastyrkinn, með því að nál. er komið og allir geta kynt sjer það; en jeg skal taka það fram, að nefndin hefir ekki að þessu sinni viljað gera neinar ákveðnar till., hvorki um tilhögun strandferða Esju nje heldur um fjárframlag til þeirra. Þetta er fyrir þá skuld, að í ár hefir verið tekið upp breytt fyrirkomulag með þessar ferðir; og nefndin lítur svo á, að rjett sje að bíða eftir reynslunni um það, hvernig ferðirnar takist og reynist og hvernig þær bera sig. Hún hyggur, eftir reynslu undanfarinna ára, að sú upphæð, sem í fjárlagafrv. stendur vegna Esjuferða, 150 þús. kr., muni vera nærri lagi, og vill ekki leggja til, að henni verði breytt; hún er hvort sem er aðeins áætlunarupphæð. Að vísu er komið í ljós, að rekstrarhalli var meiri á skipinu en þetta næstliðið ár, um 190 þús. kr. En það er ekki ósennilegt, eftir þeim gögnum, sem legið hafa fyrir, að þessi mikli tekjuhalli stafi af því, að ferðunum var hagað eins og gert var, og einkum af því að Esja hefir orðið að annast að nokkru leyti flóaferðir á tafsama staði og pinklaflutning milli hafna, sem skipið ætti nú síður að þurfa að annast.

Jeg læt svo úttalað um þetta að sinni, til þess að tefja ekki tímann um of. Og verði mjer ekki gefið ákveðið tilefni til þess að fara frekar orðum um till., þá mun jeg láta þetta nægja.

Jón Kjartansson: Jeg skal ekki þreyta hv. deild með neinum almennum umræðum um fjármálin, eða þá stefnu, sem þar beri að halda. Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) hefir í gær talað ítarlega um frv. fyrir hönd nefndarinnar, og get jeg undirstrikað það, sem hann segir þar um stefnuna í fjármálunum. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) fór einnig allrækilega út í þessi mál í dag, og get jeg einnig undirstrikað þau almennu ummæli hans um fjármálastefnuna. Það eru aðeins þær till., sem snerta mig, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um.

Vil jeg þá fyrst þakka háttvirtri fjárveitinganefnd fyrir það, að hún hefir lagt til að veita styrk til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Vík í Mýrdal. Jeg lýsti því í fyrra hjer á Alþingi, hversu bráðnauðsynlegt það væri að byggja þetta sjúkraskýli; þarf jeg ekki að endurtaka það nú, en get aðeins bætt því við, að hjeraðið hefir ekki getað beðið lengur, og hefir því þegar byrjað á byggingunni, og er ætlast til, að henni verði lokið á sumri komanda. Jeg hefi að sjálfsögðu ekkert á móti því, að fjárveitingin sje svo orðuð sem nefndin leggur til, að tiltekin sje ákveðin upphæð, án þess að benda í frv. á ákveðin sjúkraskýli, þar sem nefndin hefir í áliti sínu skýrt frá því, hvaða skýli hún ætlist til að verði reist. Í áliti

sínu hefir nefndin tekið fram, að hún ætlist til, að styrkurinn gangi til byggingar sjúkraskýla í Vík í Mýrdal og á Hjaltastað. Jeg er þó hálfhræddur um, að þessi upphæð, 24 þús. kr., sem fjvn. hefir sett, sje of lág. Byggingarkostnaður sjúkraskýlis og læknisbústaðar í Vík er áætlaður 54 þús. kr. og byggingarkostnaður sjúkraskýlisins á Hjaltastað mun vera 27 þús. kr. Er þetta samtals 81 þús. kr. Nú er það föst venja, að ríkið styrki læknishjeruðin að einum þriðja hluta. Yrðu það 27 þús. kr. til beggja hjeraðanna. Jeg vil því skjóta því til hv. frsm. (ÞórJ), hvort það megi ekki skoða þessa upphæð, 24 þús. kr., sem áætlunarupphæð; jeg á við, að ef svo færi, að hún nægði ekki sem ⅓ kostnaðar til þess að koma þessum skýlum upp, hvort þá mætti ekki líta svo á, að stjórninni væri heimilt að fara nokkuð fram úr þessari upphæð. Að sjálfsögðu verður stjórnin að rannsaka alla reikninga vandlega og sjá um, að það sje vel og gætilega á fje haldið.

Jeg skal játa það, sem hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði um kostnaðaráætlanir þær, sem legið hafa fyrir fjvn. um byggingar sjúkraskýlanna, að þær kunna að vera fullháar, þar sem alt verkakaup er miðað við kaupgjald hjer í Reykjavík, en eins og kunnugt er, er það mun hærra hjer en úti í sveitum. Get jeg því vel fallist á, að færa megi þessa upphæð lítið eitt niður, en varla eins mikið og nefndin hefir gert.

Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort ekki sje tilætlun nefndarinnar, að þessar upphæðir sjeu áætlunarupphæðir. Ennfremur vildi jeg mega skjóta þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort ekki væri rjett að setja þá athugasemd við þennan lið fjárlaganna, að ⅔ kostnaðar ættu að koma frá hlutaðeigandi læknishjeruðum. Þetta er vitanlega orðin föst regla, en jeg tel samt rjettara, að þessi athugasemd sje sett

Þá á jeg eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Er hún á þskj. 235,IX, um viðbót til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Síðu. Aðaltillagan er samhljóða tillögu, sem jeg flutti hjer í fyrra, sem því miður fjekk þá ekki áheyrn hjá þinginu. Jeg skýrði nákvæmlega frá því í fyrra, hvernig á því stæði, að farið væri fram á að fá þessa uppbót. Gerist því ekki þörf á að fara mörgum orðum um tillöguna nú. Þó verð jeg að skýra nokkuð málavexti.

Í fjáraukalögum fyrir 1923 voru veittar til þessa skýlis 10000 kr. Mun þá hafa legið fyrir einhver áætlun um byggingarkostnaðinn, en sú áætlun mun hafa verið allófullkomin, svo að hún stóðst hvergi nærri þegar á reyndi, sem ekki var nema eðlilegt, því að þar var slept stórvægilegum atriðum, eins og t. d. flutningskostnaði bæði á sjó og landi, uppskipun og flutningskostnaði frá sjó heim á læknissetrið, sem er löng leið. Allir þessir liðir eru svo mikilvægir, að engin furða er, þótt áætlunin hafi ekki staðist, þar sem þeim var alveg slept. Byggingarkostnaðurinn varð alls kr. 39894,83. Jeg hefi því leyft mjer í aðaltill. að fara fram á að fá endurgreiddan ⅓ af því, sem byggingarkostnaðurinn fór fram úr áætlun. En til vara farið fram á viðbótarstyrk að upphæð 2000 kr., og byggi jeg þá tillögu á því, að landlæknir fyrirskipaði ýmsar breytingar á skýlinu, sem höfðu í för með sjer aukakostnað. Hann fyrirskipaði t. d., að lögð yrði löng vatnsleiðsla í skýlið, og fleira, sem hann taldi óhjákvæmilegt, en sem valdið hefir aukakostnaði.

Jeg vona nú, að hv. deildarmenn verði við þessari bón og ljetti á þann hátt undir hina þungu byrði, sem Síðuhjerað verður að bera, af því að sjúkraskýlið fór

svo langt fram úr þeim kostnaði, sem búist var við í upphafi. Eins og kunnugt er, mun Síðuhjerað vera eitt af erfiðustu læknishjeruðum landsins, bæði víðáttumikið og ilt yfirferðar, — margar og miklar torfærur víða um hjerað. Mælir því öll sanngirni með, að þessi viðbótarstyrkur verði veittur.

Síðastliðið sumar sá jeg sjúkraskýli þessa læknishjeraðs. Er mjög vel frá því gengið að öllu leyti, og hefir hjeraðslæknirinn, sem er mjög góður læknir, áhugasamur og duglegur, sjeð um, að allur frágangur væri sem bestur og fullkomnastur.

Mjer er og kunnugt um, að læknirinn hefir haft í hyggju að raflýsa bæði sjúkraskýlið og læknisbústaðinn, og taka sjálfur allverulegan þátt í þessum kostnaði. Af þessum ástæðum vil jeg líka mæla eindregið með því, að þessi viðbótarstyrkur verði veittur, því að vel má vera, að hann hætti við þetta áform sitt, ef hann sjer, að Alþingi sýnir ekki þann áhuga og skilning á þessu máli sem skyldi, ef það vill ekki verða við þessari sanngjörnu bón hjeraðsbúa.

Það þarf tæplega að taka það fram, að hjerað þetta á við erfiðleika að stríða fjárhagslega. Sjúkraskýlið var bygt á erfiðum tíma, og urðu hjeraðsbúar þess vegna ver úti en ella hefði orðið. Það situr með allháa víxla, og það þekkja hv. deildarmenn, að ekki eru hagkvæm lán.

Að jeg hefi ekki komið með fleiri fjárbeiðnir en þessa fyrir mitt kjördæmi," er ekki fyrir þá sök, að jeg hafi ekki verið beðinn um að flytja fleiri, heldur af þeirri orsök, að jeg vil ekki skeika frá þeirri stefnu, sem tekin var hjer á Alþingi í fyrra, að afgreiða gætileg fjárlög. En hjer var um brýna nauðsyn að ræða. Og jeg get fullvissað hið háa Alþingi um, að verði tillaga þessi ekki samþykt nú, þá kemur hún aftur á næsta þingi, og ef ekki nær samþykki þá, þá kemur hún á þar næsta þingi, og svo áfram þar til hún nær samþykki hv. Alþingis. En jeg vona, að hv. deildarmenn styðji hana nú, svo að hún þurfi ekki að koma fram aftur.

Þá vil jeg þakka háttv. samgöngumálanefnd fyrir þann rjetta skilning, sem hún hefir sýnt á nauðsyninni á samgöngubótum við hafnlausu sýslurnar hjer á Suðurlandi, Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, með því að mæla með því, að veittur verði lítilsháttar styrkur í því skyni að fá einu sinni á ári vöruskip upp að söndunum með sama farmgjaldi og á aðrar hafnir landsins. Jeg vil f. h. kjósenda minna, V.-Skaftfellinga, þakka háttv. samgmn. og fjvn. fyrir góðar undirtektir í þessu velferðarmáli, og vona, að háttv. Alþingi styrki framvegis samgöngur í þessu skyni.

Einnig finn jeg ástæðu til að þakka háttv. samgöngumálanefnd fyrir, að hún leggur til, að styrkurinn til flóabátanna verði hækkaður úr 70 þús. kr. upp í 83 þús. En samt sem áður held jeg, að hún hafi ekki gengið nógu langt í þessu efni, og væri því fús til að hjálpa henni, ef henni sýndist svo að taka skrefið lengra.

Áður en jeg sest niður vil jeg undirstrika þá tillögu háttv. fjvn. í sambandi við fjárframlag til byggingar nýrra vita, að leggja mest kapp á að koma upp landtökuvita á Dyrhólaey, því að jeg þori að fullyrða, að hvergi er meiri nauðsyn að koma upp vita en þar. Á hverju ári verða fleiri og færri skipströnd á söndunum, sem flest stafa af því, að landtökuvitann vantar. Skip, sem koma frá útlöndum, geta ekki áttað sig á landinu, af því að góðan landtökuvita vantar. En viti sá,

sem er á Dyrhólaey, er svo lítill, að hann nægir alls ekki. Telja sjómenn hann gagna lítið. Jeg vil því leggja mikla áherslu á, að þarna verði hið allra bráðasta bygður góður og fullkominn landtökuviti, og þó að það verði ekki gert alt í einu, má vel byrja á byggingunni á næsta ári.

Þorleifur Jónsson: Jeg sje mjer ekki annað fært en að mæla nokkur orð með brtt. minni á þskj. 235, um að hækka flóabátastyrkinn með tilliti til Hornafjarðarbátsins.

Þegar fjvn. hafði lokið störfum sínum til undirbúnings 2. umr. fjárlaganna, bólaði ekki á neinum tillögum um samgöngur á sjó frá samgöngumálanefnd. Bjóst fjvn. því við, að slíkar till. myndu bíða 3. umr., eins og vant er. En nú hefir komið fram till. frá nefndinni, og jeg hefi jafnframt hlerað, að hún muni taka lítið tillit til Austfjarðabátsins. Þess vegna hefi jeg borið fram þessa brtt. um að bátastyrkurinn verði alls 90 þús. kr., og þar af fái Hornafjarðarbáturinn 10 þús.

Jeg hafði ekki tíma til að bera mig saman við samgöngumálanefnd með till. þessa. En nú sje jeg á tillögum þeim, sem hún hefir komið fram með í nál. sínu, sem nú er nýkomið, að Austfjarðabáturinn situr mjög á hakanum. Er till. mín því fyllilega rjettmæt.

Það er nú auðsætt, að eitt strandferðaskip getur ekki fullnægt öllum þörfum landsmanna. Það verður því að stefna að því að fá annað strandferðaskip í viðbót. En það mætti vera miklu ódýrara en Esja. Hafa minna farþegarými, en meira rúm fyrir flutning. Myndi þetta bæta mikið úr skák, og líklega geta sparað töluvert af þeim styrk, sem flóabátarnir fá nú. Við höfum nokkra reynslu í þessu efni, því að þegar Vestri og Austri gengu, fullnægðu þeir að mörgu leyti samgönguþörfinni. Að minsta kosti voru þá miklu betri samgöngur milli Austfjarða og Hornafjarðar en síðan. Og þannig var víðar með ströndum fram. Jeg býst nú við, að í þetta sinn verði að sitja við það fyrirkomulag, sem verið hefir, að það verði Esja ein, sem annast strandferðirnar. En svo verði einhverjir bátar styrktir til þess að halda uppi ferðum innfjarða og annarsstaðar þar, sem þörfin er brýnust. Að sjálfsögðu verður Borgarnesskipið látið ganga fyrir, þá Djúpbáturinn, Breiðafjarðarbáturinn og jafnvel Skaftfellingur. Þegar svo búið verður að veita þessum skipum þann styrk, sem þau eru ánægð með og þurfa, þá býst jeg við, að fari eins og vant er, að lítið verði eftir handa Austfjarðabátnum.

Í fyrra fjekk jeg hækkaðan bátastyrkinn um 5000 kr. með tilliti til þess, að Hornafjarðarbáturinn gæti fengið ríflegan styrk. En nú veit jeg ekki, hvað hæstv. atvrh. (MG) sjer sjer fært að veita til hans. En verði það ekki meira en 3—4 þús. kr., þá fullnægir það á engan hátt þeim vonum og kröfum, sem gerðar eru. Í fyrra voru veittar 3000 kr. til bátaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða. En það var og er alveg ófullnægjandi, eins og allir sjá. Það er ekki nema tæplega $^1/_{10}$ af því, sem Borgarnesskipið fær, og ekki nema $^1/_5$ af því, sem Ísafjarðarbáturinn fær. Jeg er nú alls ekki að telja þetta eftir þessum skipum. En það sjá allir, að þar sem það er helmingi verri og erfiðari leið milli Hornafjarðar og Austfjarða en sú leið, sem þessir bátar fara, þá verður afleiðingin óneitanlega, að ekki er hægt að fá nema örfáar ferðir fyrir svona lítinn styrk. Verður því mitt hjerað svo að segja samgöngulaust.

Jeg veit nú ekki, hve mikinn styrk

stjórnin veitir í ár til samgangna milli Hornafjarðar og Austfjarða, en jeg vona bara, að hann verði meiri en í fyrra. Þó að hann verði lítið eitt meiri, nægir það ekkert. Þá bætir áætlun sú, sem nýbúið er að prenta um ferðir Esju, ekki úr samgönguleysinu fyrir Hornfirðingum. Eftir henni á skipið að koma sex sinnum á Hornafjörð. Á suðurleið 1. maí, og svo ekki fyr en 16. ágúst og síðast 11. október, en þá má telja víst, að hún komi þar ekki, eða a. m. k. mjög óvíst, þar sem sjór og veður er þá farið að spillast.

Jeg hefi nú að gamni mínu verið að athuga, hvort nokkurt hjerað, jafnmannmargt og Austur-Skaftafellssýsla, væri eins illa sett með samgöngur, og hefi komist að þeirri niðurstöðu, að svo mundi ekki vera. Þessu til sönnunar skal jeg telja nokkrar hafnir, þar sem ekki eru þó mannmörg hjeruð. Borgarfjörður eystri fær hjá Eimskipafjelaginu 18 viðkomur, bæði Esju og annara skipa. Vopnafjörður fær líka 18 viðkomur, Þórshöfn 18, Hofsós 14 og Flatey á Breiðafirði 13. Þetta eru þær hafnir, sem skip koma einna sjaldnast á, og á flestum þessum stöðum er miklu færra fólk en í Austur-Skaftafellssýslu. Aftur verður því ekki neitað, að sumar hafnir í Suður-Múlasýslu eru mjög illa settar með samgöngur, eins og t. d. Breiðdalsvík, sem fær aðeins 5 Esjuviðkomur, og Stöðvarfjörður, sem fær 6 viðkomur. Bátur milli Hornafjarðar og Austfjarða bætir þar því vel úr skák. Ætti því öllum að vera ljóst, að mikil nauðsyn er á að styrkja þennan bát, bæði vegna Hornfirðinga og Austfirðinga yfir höfuð.

Það er næsta leiðinlegt að þurfa altaf þing eftir þing að minna hv. þm. á hinar vondu samgöngur, sem Austur-Skaftfellingar eiga við að búa. En það væri í sjálfu sjer ekki neitt, ef þeir gætu nokkurntíma skilið það. En eigi að síður verður það gert þangað til augu þeirra opnast svo, að þeir skilji nauðsynina og bæti úr vandræðum okkar. Jeg hefi átt tal um þessi samgönguvandræði okkar við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, og hefir hann viðurkent, að á þessu svæði væri stór glompa í samgöngukerfið. Og sagði hann mjer, að hann hefði lagt til við samgöngumálaráðuneytið, að bát yrði haldið úti milli Hornafjarðar og Austfjarða. Tók jeg svo eftir, að hann hefði gert skriflegar tillögur um þetta og að hæstv. atvrh. (MG) hefði tekið þessu vel.

Eins og jeg hefi margtekið fram, er bráðnauðsynlegt, að bátur gangi milli Hornafjarðar og Austfjarða, þrátt fyrir ferðir Esju, helst frá því í mars og það alt fram í októberlok. Mættu ferðirnar gjarnan vera strjálli um mitt sumarið en vor og haust. Myndi bátur sá hafa mikið að gera, bæði við vöruflutninga og fólksflutninga, því að allmikið þarf að flytja, bæði af vörum og fólki, í veg fyrir Esju til Austfjarða o. s. frv.

Jeg sje, að hv. samgmn. hefir í nál. frá sínu sjónarmiði skift styrknum, og skal jeg ekkert um það segja, hvort hann sje nægur að því er viðkemur hinum ýmsu bátum. En til Austfjarðabátsins eru 4000 kr. alveg ófullnægjandi. Úr því að Ísafjarðardjúpsbátnum eru ætlaðar 16 þús. kr., en hann á aðeins að ganga um Djúpið, sem ekki getur talist erfitt, þá get jeg ekki búist við öðru en að svo yrði litið á, að bátur sá, er gengi milli Hornafjarðar og Vopnafjarðar, ætti að fá 10 þús. kr., ef þeim samgöngum ætti að vera vel borgið.

Hv. frsm. samgmn. (SvÓ) skýrði málið frá sjónarmiði nefndarinnar og ljet þess getið, að allra lægsta styrkupphæð til

flóabáta, sem komið gæti til mála, væri 83 þús. kr. Jeg býst ekki við því, að háttv. samgmn. hafi neitt út á það að setja, þótt fram kæmi till. um hærri styrk í þessu augnamiði, enda fór háttv. frsm. (SvÓ) vingjarnlegum orðum um till. mína. En að endingu spurði hann mig, hvort jeg vildi ekki taka till. aftur til 3. umr. Jeg býst nú ekki við því, að sú atkvgr., sem nú á að fara fram um samgöngumálin við þessa umr. fjárlaganna, verði fullnaðaratkvæðagreiðsla, og get jeg því vel geymt till. til 3. umr., svo að jeg geti borið mig saman við háttv. samgmn. um hana. En jeg mun fylgja henni fram við 3. umr., þótt hún verði ekki lögð undir atkvæði að sinni. Jeg vænti þess, að þegar þetta mál verður rannsakað óhlutdrægt í samgmn., með fullu tilliti til þarfa landsmanna, þá muni það, sem jeg fer nú fram á, reynast í hæsta máta sanngjarnt, saman borið við styrk til annara báta kringum land.

Mun jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta. Jeg lofaði því að vera stuttorður, enda mun jeg ekkert fara út í aðrar till. Hv. frsm. (ÞórJ) mun tala um þær frá sjónarmiði fjvn.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á litla brtt. á þskj. 235 um 600 kr. styrk til bóndans á Arngerðareyri, til þess að halda þar uppi gistingu. Jeg hafði búist við því, að þar sem hv. fjvn. hefir tekið upp tvo slíka styrki, þá mundi hún ekki sleppa þessum. Jeg þekki vel til á öðrum þessum stað, sem hv. fjvn. mælir með, og jeg veit, að þar er minni þörf slíks styrks. Má vera, að þessu valdi ókunnugleiki nefndarinnar, og skal jeg skýra fyrir hv. þdm. ástæðurnar til þessarar styrkveitingar.

Á Arngerðareyri hagar svo til, að þar er endastöð póst- og mannflutningabáts um Ísafjarðardjúp, og eins fyrir þá, sem koma yfir heiðarnar úr Stranda-, Barðastrandar- og Dalasýslum. Póstbáturinn fer frá Arngerðareyri kl. 7 á morgnana, og þar sem 7 km. vegur er þaðan til næsta bæjar, þá verða allir, sem þaðan vilja fara með bátnum, að gista þar, og eru þar því oft nætursakir í einu 10—12 manns. Sama er að segja um þá menn, sem með bátnum koma frá Ísafirði; þeir gista hjer um bil altaf á Arngerðareyri. Í mörgum tilfellum kemur báturinn ekki fyr en kl. 8—9 að kveldi, og ef vont er veður, er ekki við því að búast, að menn fari frá fyrsta gistingarstað strax, enda eru menn oft misjafnlega vel á sig komnir eftir að hafa verið 10—14 tíma um borð í póstbátnum í misjöfnu veðri.

Það er nú svo, að fjallvegirnir milli Ísafjarðar-, Stranda- og Barðastrandarsýslu eru með erfiðustu fjallvegum hjer á landi, einkum á vetrardag. Heiðarnar eru mjög háar, einkum Þorskafjarðarheiði, og kemur stundum fyrir, að póstur hefir verið 24—30 klst. að komast yfir hana. Það gæti því litið svo út, sem ástæða væri til þess að styrkja þá, sem næst búa heiðunum, til þess að halda uppi gistingu, einkum þá, sem næst búa Þorskafjarðarheiði. En það er oftast svo, að langferðamenn koma þar aðeins við til þess að fá hressingu, en halda áfram til gistingar á Arngerðareyri, hvort sem þeir eru í verslunarerindum þangað eða á leið til Ísafjarðar.

Bóndinn á Arngerðareyri hefir haldið gestaskrá, og á henni sjest, að þar hafa gist á síðasta ári 160 manns. En alls hafa 1044 menn þegið þar greiða á sama tíma. Jeg skal jafnframt taka það fram, að hjer eru ekki taldir innansveitarmenn, heldur aðeins langferðamenn.

Jeg skal játa, að það væri kannske ekki fullkomin ástæða fyrir Alþingi að veita þennan styrk, ef svo stæði á, að þessi bóndi væri svo efnum búinn, að hann gæti bygt hæfilega yfir ferðamenn, og gæti svo, heimilinu að skaðlausu, hýst þá. En svo er ekki. Maðurinn er bláfátækur, með 9 börn í ómegð, og það elsta 10 ára, en húsakynni ljeleg. Og þau getur hann ekki bætt, nema hann fái styrk til þess. En þennan styrk ætlar hann að nota til húsabóta. Eins og nú stendur, verður hann og annað heimilisfólk að ganga úr rúmum, ef fleiri eru þar næturgestir í einu en þrír, og má nærri geta, hversu óþægilegt slíkt er á bláfátæku barnaheimili. En eins og áður er sagt, þá er hjer ekki í annað hús að venda fyrir ferðamenn. Að vísu býr þarna verslunarstjóri Sameinuðu verslananna, en íbúð hans er svo lítil, að ekki nægir honum, þó að hann í vandræðum ferðamanna hafi oftlega hýst þá. Hreppsnefnd hefir gefið manninum meðmæli sín, enda mun hreppsnefnd sjá það, að fái maðurinn ekki styrk, svo að hann geti bætt húsakynni sín, þá er annaðhvort, að hann verður að verða annara handbendi, — en það mundi öllum, sem til þekkja, þykja mjög sorglegt, því að þessi maður er alkunnur greiða- og mannúðarmaður, sem á mjög erfitt með það að vísa mönnum frá gistingu, þó að heimili hans og efnahagur heimti annað, — eða að öðrum kosti verður hann að hætta að veita gestum viðtöku, og er hvorugur kosturinn góður. Að öllu þessu athuguðu vænti jeg, að hv. nefnd virðist ástæða til þess að veita þennan umbeðna styrk. Og hins sama vænti jeg af öðrum hv. þdm.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) vjek nokkuð að till. samgmn. Jeg skal nú ekki taka fram fyrir hendur frsm. nefndarinnar (SvÓ), en jeg vildi benda á fáein atriði, þar sem mjer virtist koma fram hjá hv. þm. (ÞorlJ), að honum væri málið ekki fullljóst. Hann talaði um það, að Austur-Skaftfellingar væru verst settir allra landsmanna hvað samgöngur snertir. Því neitar enginn, að þeir eru illa settir, en jeg held, að ekki sje hægt að segja, að Norður-Ísafjarðarsýsla sje öllu betur sett. Þar kemur Esja á eina höfn í 4 ferðum, en annars kemur hvorki Esja nje milliferðaskipin á neina höfn þar, fyrir utan Ísafjarðarkaupstað. Djúpbáturinn er því eini farkosturinn. Til hans er ráðgert, að gangi 16 þús. kr.; þar af má óhætt telja 12 þús. fyrir póstflutninga, sem greiða yrði hvort sem er. Áður voru greiddar 10 þús. kr. til póstbáts, sem var svo ljelegur, að hann fjekst ekki vátrygður. En eigi mun hægt að fá sæmilegan bát, sem tryggur sje til að flytja svo verðmikinn póst, sem hjer er um að ræða, fyrir minna en 12 þús. kr. Svo að hjer eru þá ekki lagðar nema 4 þús. kr. til samgöngubóta. Jeg veit heldur ekki til þess, að lagt hafi verið nokkurt fje úr ríkissjóði til vegagerða í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hitt tel jeg ekki, þó að ruddar hafi verið heiðarnar milli Ísafjarðarsýslu, Stranda- og Barðastrandarsýslu. Af þessu vona jeg, að það sjáist, að víðar er örðugt um samgöngur en í Austur-Skaftafellssýslu. Annars miðaði samgmn. till. sínar við lægstu hugsanlega aðalupphæð, svo að ekki yrði hægt að segja, að hún færi fram úr því, sem brýn nauðsyn krefur, því hún vildi fylgja sem best hinu loflega fordæmi síðasta þings, og jeg vænti þess, að þetta þing gæti þess sama sem best í hvívetna. Það er rjett, að Skaftfellingum er nauðsynlegt að hafa bát til þess að annast samgöngurnar við Austfirði, sjerstaklega á haust-

in. En margir munu líta svo á, að ekki beri að styrkja milliferðir meðan á vertíð stendur, enda mun það alstaðar vera svo, að útgerðirnar kosta sjálfar báta til flutninga sinna. Sem sagt mun hin almenna flutningaþörf vera þarna mest á haustin og seinni part sumars, á tímabilinu sept.—okt.

Jeg mun svo ekki víkja að fleiru, hvorki brtt. háttv. þdm. eða háttv. nefndar. Það yrði bara til þess að lengja umr. að óþörfu.

Pjetur Ottesen: Það er út af nál. samgmn., sem jeg vildi segja fáein orð, sjerstaklega út af þeirri bendingu, sem nefndin gefur um framtíðarskipulag á ferðum Faxaflóabátsins og tilraun til þess að sameina ferðir hans við ferðirnar á Breiðafirði. Jeg er mjög hræddur um, að sú sameining verði erfið, þó að það hinsvegar væri æskilegt ýmsra hluta vegna að láta eitt skip annast ferðir þessar. Og styður það grun minn í þessu atriði, að reynt var að ná samningum við stjórnendur Suðurlandsfjelagsins um að taka að sjer nú á þessu ári nokkrar ferðir á Breiðafirði ásamt Faxaflóaferðum. Þá var að vísu búið að gefa út áætlun um ferðirnar á Faxaflóa. En niðurstaðan varð líka sú, að þeir treystu sjer ekki til þess, því að það mundi koma í bága við ferðirnar í Borgarnes, sem á áætlun standa. En það er vitanlegt, að þangað þarf að fara margar aukaferðir, einkum vor og haust. Flutningaþörfin krefst þess. Þetta er reynsla undanfarinna ára, og hún bendir til þess, að það muni erfitt, ef ekki ókleift, að sameina þetta. Jeg skal auð vitað ekki segja um það, hvort tök muni vera á því, ef um væri að ræða hraðskreiðara skip til þessara ferða en það, sem nú gengur til Borgarness, en jeg geri ekki ráð fyrir, að það muni svo miklu, að þetta verði framkvæmanlegt. Nú er það vitanlegt, að á Breiðafirði er mikil flutningaþörf, og eigi að fullnægja henni, þá þarf skipið að hafa þar allmarga viðkomustaði. Nú eru sumar af þessum höfnum slæmar og erfitt um afgreiðslu, svo tafir yrðu óhjákvæmilegar, ef nokkuð bæri út af. Gæti þá iðulega svo farið, að þetta ræki hvað á annað og ferðir fjellu niður, öllum hlutaðeigendum til stórtjóns. Eins má benda á það, að ef skipið yrði að hlaupa fram hjá höfnum á Breiðafirði og gæti þar af leiðandi ekki losnað við vörur, sem þangað ættu að fara, þá yrði að skipa þeim vörum upp aftur í Reykjavík meðan skipið færi næstu ferð í Borgarnes, því að þangað er iðulega svo mikið að flytja, sem skipsrúm frekast leyfir, svo að ekki væri hægt að láta þessar vörur liggja í skipinu. Þetta mundi hafa í för með sjer ærna fyrirhöfn og mikinn kostnað.

Það væri í rauninni æskilegt fyrir ýmsra hluta sakir, ef hægt væri að sameina þessar ferðir. Jeg játa það, og það er vitanlega ekkert á móti því, þó að það verði athugað nánar, en jeg hefi enga trú á því, að það leiði til neinnar úrlausnar á þessu máli.

Það þarf ekki að benda á það, að flutningaþörfin til og frá Borgarnesi er mjög mikil, því að til Borgarness er sótt verslun úr Borgarfjarðarsýslu ofan Skarðsheiðar og úr Mýrasýslu allri, miklum hluta Hnappadalssýslu og að nokkru úr syðsta hreppnum í Snæfellsnessýslu. Er þetta allstórt svæði. Ennfremur er rekið þangað fje til slátrunar úr öllum þessum sveitum, og auk heldur stundum vestan úr Dölum og úr vesturhluta Húnavatnssýslu. Svo er vitanlega altaf sífeldur ferðafólksstraumur af Norður- og Vestur-

landi til Borgarness, sem svo fer sjóleiðina til Reykjavíkur.

Þá styður það líka skoðun mína í þessu samgöngumáli, að hv. þm. Barð. (HK) hefir skrifað undir nál. samgmn. með fyrirvara, og skil jeg það svo, að hann telji, að með þessu fyrirkomulagi verði ekki uppfylt samgönguþörfin á Breiðafirði. Jeg veit, að hv. þm. Mýra. (PÞ) er líka ósamþykkur þessari till. nefndarinnar, þótt hann hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara. Eru þarna þá tveir úr nefndinni þessu mótfallnir.

Þá vildi jeg minnast á Hvalfjarðarbátinn og tillögur og bendingar nefndarinnar um styrk til smærri bátanna yfir höfuð. Í nál. er gefin bending um það, að þremur þessara smærri báta mundi hæfilegt að ætla 500 kr. til hvers. Þessir bátar eru Hvalfjarðarbátur, Lagarfljótsbátur og Rauðasandsbátur. Jeg skil þetta sem bendingu um, að hver þessara báta eigi að áliti samgöngumálanefndar að fá 500 kr. á yfirstandandi ári. *(JAJ:* Nei). Þetta stendur hjer á fyrstu síðu í nefndarálitinu, og meinar nefndin sjálfsagt eitthvað með því. *(JAJ:* Hjer er aðeins að ræða um meðaltal). Jæja, þá það. Viðvíkjandi styrk til Hvalfjarðarbátsins vil jeg geta þess, að síðastliðið ár var hann 600 kr., og lækkaði hann frá því, sem áður var, um 300 krónur, en um eitt skeið var hann 1000 kr. Þessar Hvalfjarðarferðir hefir sami maður haft á hendi um nokkur ár, og hefir verið almenn ánægja meðal manna um ferðir þær. Maður sá, er ferðunum hefir haldið uppi, hefir reynst viss og áreiðanlegur í öllum viðskiftum. En þegar styrkurinn lækkaði síðastl. ár, neitaði hann að taka að sjer ferðirnar. Í fyrra var svo reynt að fá bát til ferðanna, og tókst það eftir allmikla fyrirhöfn, án þess þó, að hann gæfi neina von um að halda ferðunum uppi framvegis. Því er svo varið um ferðirnar, að þær koma ekki að notum, nema því aðeins, að báturinn hafi fasta afgreiðslu í Reykjavík. Þessu lyktaði nú svo síðastl. ár, að eigandi bátsins varð að bæta 100 krónum við þann 600 króna styrk, sem hann hafði til ferðanna, fyrir afgreiðslu hjer. Og fáist nú ekki 1000 kr. styrkur til þessara ferða, fæst enginn bátur til þess að halda uppi þessum ferðum.

Til glöggvunar fyrir hv. þdm. og hv. samgmn. vil jeg geta þess, að í Hvalfirði er rekin verslun beggja megin fjarðarins; sækir þangað öll Kjósin, Hvalfjarðarströnd, Svínadalur, Skilmannahreppur, nokkur hluti Skorradals og Lundareykjadalshr. og að nokkru leyti Leirár- og Melahreppur og Innri-Akraneshreppur. Sjest á þessu, að það er stórt svæði, sem sækir verslun í Hvalfjörð, og auk þess er mikil þörf samgangna við Reykjavík að öðru leyti.

Nú ætlar samgöngumálanefnd 700 kr. til bátaferða í Hvalfjörð næsta ár, en Lagarfljótsbát eru ætlaðar 500 kr. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá er það aðeins einn heill hreppur, sem nýtur Lagarfljótsbátsins, og partar úr 3 öðrum hreppum. Af þessum samanburði er það ljóst, að ekki er tekið fult tillit til Hvalfjarðarbátsins. Jeg segi ekki, að styrkurinn til Lagarfljótsbátsins sje of hár, en jeg álít, að það væri ekki of mikið, þótt Hvalfjarðarbáturinn fengi helmingi meira, eða 1000 kr.

Það hefir oft heyrst, þá er talað er um samgöngur á sjó, að mönnum vex í augum, hvað mikið fer til flutningabáta innfjarða, og þá einkum á Faxaflóa. Jeg vil

benda á, að það er eiginlega ósköp lítið, sem veitt er til bátaferða fyrir hjeruðin við Faxaflóa fram yfir það, sem nauðsynlegt er vegna póstflutninga milli Reykjavíkur og norður- og vesturlandsins. Eftir upplýsingum, sem póstmálastjóri hefir gefið mjer, þá telur hann, að landflutningur á pósti upp í Borgarfjörð mundi kosta um 20 þús. kr. á ári. Nú eru veittar 23 þús. kr. til Borgarnesferða, og skilst mjer því, að um mjög litla upphæð sje að ræða sem beinan styrk til samgöngubóta fyrir þá, er búa við Faxaflóa. Og ef ekki væri hægt að sameina póstflutninga og aðra flutninga, mundi þessi upphæð ekki nægja. Það ber og líka á hitt að líta, að allur suðurkjálkinn verður útundan, því að ekkert er veitt til samgöngubóta á sjó til suðurhafnanna við Faxaflóa. Sje tekið rjett tillit til þessa, þá er það misskilningur, að hjeruðin við Faxaflóa fái meiri styrk en önnur hjeruð, heldur bera þau þar þvert á móti skarðan hlut frá borði. Og í sambandi við þetta má ekki ganga fram hjá því, sem veitt er til Esjuferðanna, en hjeruðin við Faxaflóa njóta einskis góðs af því mikla fje, sem verður að greiða úr ríkissjóði í rekstrarhalla á þessum ferðum, því að það skip kemur ekki á neina höfn innan Faxaflóa, nema Reykjavík.

Það var svo ekki fleira, sem jeg ætla að drepa á í þessu sambandi, og skal jeg ekki frekar blanda mjer í umræðurnar.

Pjetur Þórðarson: Þótt jeg eigi enga brtt. við frv., ætla jeg að leyfa mjer að segja nokkur orð, en jeg get verið fáorður, vegna þess, að hv. þm. Borgf. (PO) hefir tekið fram mikið af því, sem jeg vildi segja.

Jeg verð að segja það um brtt. hv. fjvn., að jeg fellst á flestar þeirra, og um brtt. á þskj. 204 og 235, þá virðist mjer meiri og minni nauðsyn liggja til grundvallar fyrir þeim flestum. En einmitt vegna þess, sem margir aðrir góðir menn hv. deildar hafa tekið fram og komið hefir fram hjá hv. fjvn., hvernig á stendur með fjárhag landsins, þá get jeg ekki fallist á tillögu hv. þm. Dala. (BJ) um það að taka erlent lán. Sje jeg mjer og nauðugan einn kost að vera á móti brtt. á þskj. 204 og 235, en það nær þó eigi til þeirra allra. Jeg verð að segja, að þar eru tvær nokkuð stórar fjárhæðir, og einhverjar þær stærstu, sem jeg finn mig knúðan til að greiða atkvæði með. Það er þá fyrst till. undir VI. lið á þskj. 235. Fyrir þeirri tillögu hefir hv. 3. þm. Reykv. talað eins og jeg vildi sagt hafa. Get jeg ekki annað en greitt þessari brtt. atkv. mitt. Þá er önnur brtt. á þskj. 235 undir X. lið. Hún er nokkuð há, en þar liggur hið sama til grundvallar, að vernda líf og heilsu landsmanna, og það verður að ganga fyrir öllu, þótt eitthvað annað verði þá að sitja á hakanum.

Næst þessu koma samgöngumálin, og hefi jeg jafnan hjer í þinginu reynt að halda fram bættum samgöngum og stundum borið fram brtt. þess efnis. Mjer er það því fullkomið gleðiefni að fá að vera með till. hv. samgmn. um, að styrkur til bátaferða skuli nú loks hækka svo að viðunanlegt sje. Jeg skal ekki endurtaka það, sem sumir hv. þdm. hafa sagt um skiftinguna í till. samgmn., en í sambandi við þetta koma að því, sem var aðalástæðan til þess, að jeg stóð upp, en það er atriðið í nál. samgmn. um bátaferðir á Faxaflóa og Breiðafirði. Og vegna þess, að það er ekki víst, að allir hv. þdm. hafi

kynt sjer nál., vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp nokkrar línur úr því:

„Æskilegast virðist, að eitt og sama skip annist samgöngur milli allra hafna á þessu svæði og Reykjavíkur, og virðist nefndinni, að það mætti vel takast, eins þótt skipið færi nærfelt jafnmargar ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness sem verið hafa".

Um þetta atriði voru tveir nefndarmenn ósamþykkir nál., en jeg áleit ekki þörf á því að skrifa undir nál. með fyrirvara, þótt hv. þm. Barð. (HK) gerði það.

Til viðbótar því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði um þessar ferðir með einu skipi, skal jeg bæta því við, að Borgarnesferðir þurfa að vera tvær í viku að meðaltali, og er það hið allra minsta, svo að viðunanlegt sje. En á þeim tíma, sem þær þurfa að vera fleiri, ríður og Breiðfirðingum mest á samgöngum, svo að það rekur sig hvað á annað. *(PO:* Þetta er satt). Þörfin er samtímis mest á báðum stöðunum. Gæti stundum farið svo, að Breiðafjarðarferðir færust fyrir, og þá yrði að skipa vörunum, sem fara eiga þangað, upp hjer í Reykjavík, og er það aukinn kostnaður.

Jeg skal bæta því við, að þótt Suðurland fari nú tvisvar í viku að meðaltali til Borgarness, þá nægir það ekki, og bæði stærri og minni vjelbátar eru í förum milli Reykjavíkur og Borgarness. Og það er áreiðanlegt, að skipaferðir í Borgarnes eru eins margar aðrar en þær, er Suðurland fer. Þetta sýnir það, að styrkurinn er ekki fullnægjandi fyrir þessi hjeruð, og er jeg hræddur um, að þeir hv. þm., sem búa í fjarlægð við þessi hjeruð, og því lítt kunnugir högum og háttum þar, gæti þessa eigi. Það er mikill póstflutningur milli Reykjavíkur og Borgarness, og nær hann líka til annara hjeraða, og líka mikill fólksflutningur. Borgarnes er áreiðanlega einhver mest sótta höfn af ferðafólki hjer um land. Efast jeg um, að það fari á nokkra aðra höfn eins margt fólk og þangað.

Það, sem jeg sagði um brtt. þær, er hjer liggja fyrir, þá ætlast jeg til, að það sje nægilegt að gera grein fyrir því í einu lagi, að jeg er á móti þeim. En enginn má skilja atkvæði mitt svo, að jeg sje í raun og veru á móti því, sem þær fara fram á, vegna þess að það sje óþarft, heldur er það blátt áfram af nauðsyninni á að neita sjer um þetta.

Magnús Torfason: Jeg hafði hugsað mjer að komast hjá því að taka til máls við þennan kafla fjárlaganna. En það eru ummæli vegamálastjóra um Biskupstungnaveginn, sem hjer hefir verið vitnað í, er urðu þess valdandi, að jeg varð að kveðja mjer hljóðs.

Ummæli þessi hljóðuðu eitthvað á þá leið, að Árnessýsla hefði fengið svo mikið fje úr landssjóði til vega, að þess vegna mætti kippa að sjer hendinni í þetta skifti.

En sje nú þetta rjett, að Árnessýsla hafi fengið svo mikið fje til vegagerða, að hún megi ekki fá meira, þá er næst að athuga, hvað hún hefir af eigin ramleik lagt í sölurnar til þess að leggja þá vegi, er nú eru í sýslunni.

Skuld sýslunnar við endurlagningu Flóavegarins nemur nú ..... kr. 40000
Elsta vegaskuldin ..... — 3000
Næstelsta vegaskuldin ..... — 13000
og í víxlum skuldar hún .... — 12000

Þetta verður samtals kr. 68000

Auk þess hefir sýslan borgað síðan 1920 9 þús. kr., og nemur þá upphæð þessi 77 þús. kr., og er hún öll lögð í vegi. Þó að sýslan skuldi svona mikið, þá er það ekki af því, að vegagjöldin sjeu lægri þar en annarsstaðar, enda mun sönnu nær, að þau sjeu óvíða hærri. Og þó að Árnessýsla hafi lagt svona mikið á sig um vegagerð og ofsjónum sje litið til þess, er landssjóður hefir af höndum látið, þá er þó svo, að hvergi eru slíkar vegleysur og torfærur eins og í þessari sýslu. Valda því mýrarnar og blautlendið, að þrátt fyrir það, sem búið er að gera, eru þetta smáspottar, sem akfærir mega kallast, sumstaðar ekki fært ríðandi mönnum og aðeins allra verstu keldurnar brúaðar.

Þegar minst er á þessar miklu vegaskuldir, þá má í því sambandi geta þess, að þegar Flóaáveitan er komin á, þá verður sýslan að leggja nýja vegi um svæðið, sem áætlað er að muni kosta talsvert á annað hundrað þúsund krónur. Þess vegna er það metnaður okkar Árnesinga að greiða nú þessar „lausu skuldir" sem allra fyrst, svo að við sjeum betur undir það búnir að leggja á okkur nýjar kvaðir, þegar kemur að því að leggja vandaða vegi um Flóaáveitusvæðið. Þess vegna er ástæðulaust að sinna ekki þessari litlu kröfu um styrk til Biskupstungnabrautarinnar.

Annars skal jeg taka það fram, að brautin, þar sem hún er komin nú, endar í mýri, og kemur því efri hluti hennar að engu gagni nema henni verði komið á þurt land, en það er við gil, snertuspöl fyrir austan Torfastaði.

Upphæð þessi, sem farið er fram á, að ríkið leggi nú til þess að koma brautinni þangað, sem jeg hefi nefnt, er vitanlega áætlunarupphæð og óvíst, að vegarspotti þessi þurfi að kosta svona mikið. Að minsta kosti lofa jeg því að krefjast ekki meira fjár en þarf til að koma brautinni á þurt.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að samgöngur sýslunnar á sjó eru svo óhentugar og ófullkomnar, að alls ekki er viðunandi. Sem dæmi má nefna það, að á Eyrarbakka kostar steinolíutunnan rúmum 7 kr. meira en í Reykjavík, eða 5 au. á hvern steinolíulíter fram yfir það, sem borgað er hjer í Reykjavík.

Árnessýsla er að sligast undir þessum slæmu verslunarsamgöngum. Þess vegna eru viðskiftin meira og meira að færast landleiðina til Reykjavíkur, en til þess að það komi sem flestum sýslubúum að sem bestu gagni, verður að fjölga akfærum vegum, svo að allir standi jafnt að vígi með að bjarga sjer.

Biskupstungnabrautin er ein af þeim fáu, sem tekin var upp í vegalögin 1907 og þá loforð gefið um, að hún yrði bygð. Síðan eru nú liðin 18 ár, og verður ekki annað sagt en að þungt gangi róðurinn, að hún skuli ekki vera komin lengra, þessi fjölfarna braut um þjettbygð hjeruð.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi ekki getað verið við umr. hjer í þessari hv. deild, hefi verið bundinn annarsstaðar, enda er það ekki mikið, sem jeg ætla að segja að þessu sinni.

Það er aðeins ein brtt. af þeim, sem hv. minni hl. fjvn. (BJ) flytur á þskj. 204, er jeg vildi gera að umtalsefni, og sú fyrsta í röðinni, um að taka aftur upp í fjárlög fjárveitingu til sendiherrahalds í Kaupmannahöfn. Og get jeg þá byrjað á að lýsa því yfir, að það gladdi mig mikið, er jeg sá, að brtt. þessi var komin fram.

Jeg hefi frá öndverðu verið þeirrar

skoðunar, að rjett væri að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, og það ekki einungis þjóðarmetnaðar vegna, heldur einnig af fjárhagsástæðum. Að vísu var fjárveitingin feld niður í fyrra, en jeg leit svo á, að það væri gert aðeins til bráðabirgða og einungis vegna þeirra bráðabirgðavandræða, er þá voru talin fyrir ríkissjóð að greiða af hendi jafnvel nauðsynleg gjöld.

Það hefir verið að því fundið, að Jón Krabbe, sem er danskur þegn, skuli koma fram fyrir okkar hönd og fara með umboð okkar gagnvart Dönum. Jeg get nú ekki tekið undir þessar aðfinslur eða viðurkent þær á rökum bygðar. Jóni Krabbe getum vjer altaf rólegir trúað fyrir málum vorum. Um þetta ætla jeg ekki að tala frekar að þessu sinni, það verður tækifæri til þess að fara ítarlegar út í það í öðru sambandi.

Þetta millibilsástand, sem verið hefir nú um stund, er að vísu óaðfinnanlegt að minni skoðun, en það er langt frá því, að það megi vera ánnað en bráðabirgðatilhögun. Það væri best að geta breytt þessu sem fyrst, og enda hægur vandi, því að ekki þarf annað en að samþykkja að veita fjeð. Lögin um sendiherrann standa óbreytt.

Jeg heyrði ekki ræðu hv. þm. Dala. (BJ) um þetta efni til enda, en um það, sem jeg heyrði, þá er jeg honum yfirleitt samdóma og tek í sama strenginn og hann, að það sje bæði metnaðar- og fjárhagsmál að hafa sendiherra búsettan í Kaupmannahöfn, enda get jeg fullyrt það, að sá hagnaður, sem við höfðum af því að hafa Svein Björnsson sendiherra okkar þar, var ómetanlegur og verður ekki tölum talinn.

Jeg verð líka að leggja áherslu á það, að það er ekki einungis Dana vegna eða sakir erinda þeirra og mála, sem við höfum að reka í Danmörku, að okkur er nauðsynlegt að hafa sendiherra þar, heldur er svo hægt um vik að grípa til hans og láta hann fara sendiferðir til annara ríkja, þar sem við eigum hagsmuna að gæta. Þetta höfum við líka gert. Sveinn Björnsson fór fyrir okkur ferðir bæði til Englands (London) og til Noregs.

Það má ekki dragast lengur en til ársins 1926, að þetta millibilsástand hverfi og að landið fái sinn sendiherra búsettan í Kaupmannahöfn. Jeg lít á málið með sömu augum og hv. þm. Dala. (BJ), og jeg get bætt við, vegna minnar eigin reynslu, að það sje landinu ómetanlegur hagur að hafa sendiherra í Höfn, frá hvaða sjónarmiði sem það er skoðað.

Jeg vil ekki vanþakka Jóni Krabbe hans starf, en það er þó annað, að hafa sendiherra, sendan hjeðan, en að setja chargé d'affaires um stund.

Jeg tel það mjög þarft, ef Alþingi vildi nú samþykkja umgetna brtt.

Jeg hefi heyrt, að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hafi spurt um, hvort fjárhæð sú, sem ætluð er til skrifstofukostnaðar handa lögreglustjórum og sýslumönnum, væri áætlunarupphæð eða ekki

Það er áætlunarupphæð, sem jeg býst ekki við að þurfi að fara fram yfir.

Samkvæmt lögum hefir dómsmálaráðuneytið rjett til að ákveða fje þetta, en það á að gerast fyrir 5 ár í senn. Væri þá upphæðin ákveðin fyrirfram og tekin eftir því upp í fjárlögin.

En nú hefir ekki þótt fært að ákveða upphæðina fyrir 5 ár í einu, vegna þess hvað gengi krónunnar er lágt og óstöðugt, heldur aðeins áætlað frá ári til árs.

Þegar sýslumennirnir komu hjer saman í haust er leið, bentu þeir á þetta og töldu jafnvel, að sjer væri órjettur ger

með því að ákveða ekki skrifstofukostnaðinn fyrir 5 ár í senn. En þegar þeim var sýnt fram á, hve óvíst væri verðlag krónunnar, þá fjellust þeir á rök þau, er færð voru fyrir því, að fjárhæð þessi væri ákveðin frá ári til árs. En af því að þessi leið er farin, að upphæðin er ákveðin frá ári til árs, þá er óhjákvæmilegt, að fjárveiting þessi verður að skoðast sem áætlunarupphæð.

Björn Líndal: Í fyrra gat jeg hrósað kjósendum mínum fyrir það, að þeir fólu mjer ekki að fara fram á neina fjárveitingu úr ríkissjóði sjer til handa.

Þeir skildu vel fjárhagsörðugleika landsins og þeir skildu einnig, að til þess að bæta úr þeim þurftu einstaklingar þjóðfjelagsins fyrst og fremst að neita sjálfum sjer um flest það, sem unt var án að vera, og það var hvers góðs manns skylda að byrja sparnaðinn á sjálfs sín þörfum.

Nú eru fjárhagsástæður ríkissjóðs alt aðrar, þó að þær sjeu ekki enn svo góðar sem skyldi.

Og nú hefi jeg leyft mjer að bera fram fjárbeiðni fyrir hönd kjósenda minna.

Þó vil jeg biðja hv. þm. að athuga, að aðalupphæðin, sem jeg fer fram á, að veitt verði úr ríkissjóði í þetta sinn, er ekki eingöngu eða sjerstaklega í þágu míns kjördæmis, heldur alls Norðurlands, alls landsins.

Hjer á jeg við brtt. á þskj. 235 um að veita 75 þús. kr. til byggingar heilsuhæli á Norðurlandi, og er þess jafnframt getið, að þetta sje fyrri fjárveiting, svo að hv. þm. mega eiga von á annari slíkri fjárbeiðni þegar á næsta ári.

Þetta mál er ekki nýtilkomið. Fyrir löngu síðan hefir vaknað mjög mikill áhugi meðal Norðlendinga fyrir því, að heilsuhæli yrði reist norðanlands. Árið 1918 var hafin fjársöfnun í þessu skyni, og söfnuðust á örstuttum tíma hartnær 100 þús. kr.

Síðan komu kreppuárin, og þar sem vonlaust var um, að nokkur ríkissjóðsstyrkur fengist til byggingarinnar í bráð, dró mjög úr áhuga manna í bili. En jafnskjótt og þessi von vaknaði á ný, reis ný áhugaalda, svo öflug, að slíks munu fá dæmi hjer á landi.

Í síðastl. mánuði var stofnað heilsuhælisfjelag þar nyrðra, og söfnuðust á örfáum dögum um 30 þús. kr. til heilsuhælisins, og mun ekki líða á löngu áður en sú upphæð verður tvöfölduð, eða hver veit hvað.

Auk þessa má ganga út frá því vísu, að mjög mikil vinna verði gefin við byggingu hælisins. Áhugi manna fyrir málinu er óvenjualmennur, og munu ungmennafjelögin hafa í huga að annast flutninga á möl og sementi til byggingarinnar endurgjaldslaust, en um það dregur ekki svo lítið.

Í þennan heilsuhælissjóð hefir fjöldi manna gefið, jafnt ríkir sem fátækir, sumir mjög mikið og höfðinglega, sem til þess höfðu efni, og sumir höfðinglega af litlum efnum.

Sem dæmi þess, hversu áhuginn fyrir máli þessu er mikill, hefi jeg fyrir satt, að fátæk kona hafi gefið 300 kr. í sjóðinn. Þetta voru síðustu skildingarnir hennar, en hún hafði skömmu áður staðið yfir moldum síðasta barnsins síns, er dáið hafði úr berklaveiki, og vildi nú leggja sinn fulla skerf til þess að firra aðrar mæður því að standa í sömu sporum.

Hvernig stendur nú á þessum almenna

áhuga? Getur nokkur trúað því, að menn geri sjer þetta til dægrastyttingar eða fyrir fordildarsakir og að þarflausu? Nei, þessu máli er fylgt fast fram af svo knýjandi ástæðum, að jeg hygg, að fáar fjárbeiðnir, sem Alþingi hafa verið sendar, hafi átt við önnur eins rök að styðjast. Bygging heilsuhælis er hreint og beint lífsnauðsynleg fyrir sum hjeruðin norðanlands.

Tölurnar eru sannsöglar, og við skulum láta þær tala.

Jeg hefi hjer við hendina skýrslu, sem landlæknir hefir látið mjer í tje, og þar segir, að árið 1922 hafi 56 berklaveikir sjúklingar legið í sjúkrahúsinu á Akureyri, en 75 árið 1923. Nú sem stendur (26. febr.) eru þar 42 slíkir sjúklingar af 58, sem eru samtals í sjúkrahúsinu. Af þessum 42 sjúklingum eru 28 ættaðir úr Eyjafirði, en 36 úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslu samtals.

Samtímis liggja 28 berklasjúklingar úr sömu sveitum á Vífilsstöðum. M. ö. o. nú liggja 64 berklaveikir sjúklingar úr Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum í þessum 2 sjúkrahúsum, Vífilsstaðahæli og sjúkrahúsi Akureyrar.

Þá er þess og að geta, að 13 af 18 sjúklingum, sem liggja í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, eru berklaveikir, og 6 af 11, sem liggja í Blönduóssjúkrahúsi.

Það er öllum vitanlegt, að afskaplega margir, einkum ungt fólk, norðanlands verða berklaveikinni að bráð. Sjerstaklega hefir böl þetta lagst þungt á Eyfirðinga. Þar er naumast til sú fjölskylda, sem ekki hefir orðið að sjá á bak einhverjum sinna allra nánustu ástvina úr berklum.

Þess eru dæmi, að stórir og efnilegir barnahópar hafi með öllu horfið úr sögunni af völdum þessa illvíga sjúkdóms.

Jeg þarf ekki að lýsa því fyrir háttv. þm., hversu sárt það er fyrir fólk að missa ástvini sína, kannske alla, auk þess stórtjóns, sem þjóðfjelagið í heild verður fyrir af þessum sökum.

Um nauðsyn þessa máls verður ekki deilt.

Um hitt má fremur deila, hvort þingið eigi í þetta sinn að leggja í þennan kostnað.

Mjer sýnist ekkert áhorfsmál, að svo beri að gera, sjerstaklega þegar þess er gætt, að Norðlendingar ætla að leggja fram helming byggingarkostnaðarins á móti.

Það er fyrst og fremst skylda þingsins að hjálpa þeim, sem sýna, að þeir vilja hjálpa sjer sjálfir.

Að sumu leyti má segja, að máli þessu sje skamt á veg komið, og er það að vísu satt, að endanleg kostnaðaráætlun hefir enn ekki verið gerð. En þetta er alt á góðri leið. Fyrir skömmu fór húsameistari ríkisins norður til þess að rannsaka alla staðhætti og gera kostnaðaráætlanir.

Þær tölur, sem jeg nú nefni, eru lauslega áætlaðar. Gert er ráð fyrir, að hælið kosti uppkomið um 300 þús. kr., en þessi upphæð getur þó hæglega orðið um 350 þús. kr. Áætlað er, að hælið hafi rúm fyrir 50 sjúklinga og auk þess verði þar læknisbústaður.

Þar, sem helst hefir verið hugsað um að reisa hælið, eru staðhættir þeir, að laugarhiti er þar svo mikill, að langsamlega mun nægja til að hita alt húsið, hvernig sem viðrar. Í þriggja km. fjarlægð er til rafmagnsstöð. Er hún í höndum góðs manns, sem jeg veit, að myndi selja hælinu rafmagn með mjög sanngjörnu verði. Að vísu þarf að stækka stöðina nokkuð og leiða strauminn til

spítalans, og er lauslega áætlað, að það hvorttveggja muni kosta 25—30 þús. kr. En á leiðinni frá rafmagnsstöðinni til hælisins eru 4 eða 5 bæir, sem myndu sennilega nota tækifærið og fá raflýsingu um leið, og myndi það draga eitthvað úr kostnaði hælisins.

Þá má ekki gleyma því, að Eyjafjörður er tiltölulega fátækur af læknum. Þetta er mjög víðáttumikil sveit og afarlangt inn í instu afdali. Það er því svo, að enda þótt nóg sje um lækna á Akureyri, þá er ekki ljett verk að fá lækni sóttan inn í dalina.

Skylda til að gegna hvílir ekki nema á einum læknanna, en hann er jafnframt sjúkrahúslæknir, og á því oft ómögulegt með að hlaupa frá sjúkrahúsinu, hvernig sem á stendur, og vera að heiman ef til vill 1—2 daga.

Reynslan hefir líka sýnt, að það er mjög erfitt að fá lækni á Akureyri til að fara langa leið inn í sveitina, og veit jeg þess alvarleg dæmi, að læknir hefir ekki fengist.

Nú vakir fyrir mönnum að sameina þetta tvent: bæta úr læknisþörf hjeraðsins og fá bygt nýtt sjúkrahús.

Virðist mönnum það mjög hagkvæmt, að læknir hælisins þjóni jafnframt innsveitum Eyjafjarðar. Til þess ætti hann að geta haft nægan tíma frá sjúkrahússtörfunum.

Um rekstrarkostnað hælisins get jeg ekkert sagt með vissu; þó ætti hann ekki að verða ríkissjóði mjög tilfinnanlegur, þegar þess er gætt, að nú verður ríkissjóður að greiða talsverðan hluta legukostnaðar berklasjúklinga í öllum sjúkrahúsum norðanlands.

Að endingu vil jeg biðja hv. þm. að hugsa sig vel um, áður en þeir greiða atkv. á móti þessari brtt., því að um leið og þeir gera það rjetta þeir sjálfum dauð anum hjálparhönd.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla ekki a fara mörgum orðum um þær brtt., sem jeg hefi flutt með hv. 3. þm. Reykv (JakM). Hann hefir þegar talað sv rækilega fyrir þeim, að jeg hefi þar engu við að bæta.

Mjer finst ekki vera farið fram á mik ið, þó að til þess sje mælst, að 150 þús kr. verði lagðar til byggingar landsspítala á næsta ári; einkum þegar þess er gætt með hverju móti ríkissjóður fær tekju sínar.

Þegar hann fær um 800 þús. kr. a áfengi, sem selt er í landinu, þá getu engum fundist mikið, þó að þessari upp hæð verði varið til landsspítalabyggingar

Nú er kominn nýr skriður á þetta bygg ingarmál, einkum þar sem nýlega hefi fengist von um, að landsspítalasjóðurinn ætlaði að leggja fje til sjálfrar bygging arinnar, en það vissu menn ekki áður.

Það, sem aðallega veldur því, að jeg kveð mjer hljóðs, eru nokkur atriði í ræðum hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. frsm. (ÞórJ) og auk þess hækkunartillaga hv. nefndar um verðtollinn.

Jeg er sammála hæstv fjrh. (JÞ) um, að ekki sje rjett að hækka verðtollsáætlunina, þótt af ólíkum ástæðum sje. Hann er á móti hækkuninni vegna þess fyrst og fremst, að hann hefir sjálfur samið fjárlagafrv., og þó að hann vonist eftir framlengingu verðtollslaganna, þá vill hann fá sem mestar tekjur í ríkissjóð umfram áætlun. Jeg er á móti þessari hækkun af þeirri einföldu ástæðu, að jeg vil ekki framlengja verðtollslögin lengur en til 1. apríl 1926. Nóg er nú komið samt.

Verðtollurinn er gífurlega þungur skattur á öllum almenningi í landinu, a. m. k.

við sjávarsíðuna, og hvílir hann á svo mörgum nauðsynjavörum, að hann má teljast mikil orsök dýrtíðarinnar, sem þjóðin verður enn að bera.

Hv. frsm. (ÞórJ) fullyrti, að þjóðin hefði samþykt með þökkum tollhækkanir síðasta þings. Held jeg einmitt, að þjóðin hafi yfirleitt miklu fremur fordæmt þær, því að ef litið er í samþyktir þingmálafundanna, þá er þess krafist hvaðanæfa af landinu, að verðtollurinn verði afnuminn þegar á þessu þingi. Þess vegna er ekki rjett hjá hv. frsm. (ÞórJ) að slá þessari fullyrðingu fastri, og vildi jeg láta það sjást, að henni eru ekki allir sammála.

Þó að jeg vilji ganga langt í afnámi tolla, þá hefi jeg ekki borið fram neina till. í þá átt á þessu þingi, enda lýst mjer svo á stefnu þess í tollmálum, að slík till. fengi ekki mikinn byr.

En að minsta kosti verður að vinda bráðan bug að því að ljetta af þeim bráðabirgðasköttum, sem hlaðið var á þjóðina á síðasta þingi, en með því að áætla tekjur ríkissjóðs af þeim svo háar sem hv. fjvn. leggur til, er hætt við, að þingið sjái sjer ekki fært að afnema þá í bráð.

Þá er annað atriði í ræðu hv. frsm. (ÞórJ), sem mjer þykir ekki rjett að leiða alveg hjá mjer.

Hann deildi mjög á þetta þing og sagði, að það væri aumast allra þinga, sem hann hefði setið á. Hann sagði, að það eyddi tímanum í óþarft hjal og sýndi þingmálum meira skeytingarleysi en dæmi væru til.

Það er nú svo, að afgreiðsla þingmála fer mikið eftir því, hvernig þau eru undirbúin, og það eru að langmestu leyti mál, sem hæstv. stjórn hefir undirbúið, sem þetta þing hefir fjallað um. Ef hv. frsm. (ÞórJ) hefir einkum fyrir augum í þessum þunga dómi sínum þær umr., sem hjer hafa orðið um frv. hæstv. stjórnar, eða athafnir hennar og athafnaleysi á síðastliðnu ári, þá má segja, að svo hafi farið, sem til var stofnað.

En ekki er rjett að saka þm. um það, sem er sök hæstv. stjórnar.

Annars get jeg að mestu leyti skrifað undir þessi ummæli hv. frsm. (ÞórJ) á þeim grundvelli, sem jeg nú hefi lýst, og vildi jeg ekki þegja um orsakir þess, hvernig farið hefir, þó að hv. þm. sjeu þær reyndar kunnar.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. fjrh. (JÞ) út af ummælum hans um aðstoðarlækninn á Ísafirði.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort rjett sje eða skylt að veita þessum lækni þau laun, sem hv. þm. Dala. (BJ) fer fram á, eða um það, hvort jeg greiði atkv. með þeirri till. eða ekki.

Jeg vildi aðeins minnast á, hversu mikið ómak hæstv. fjrh. hefir gert sjer til þess að sanna skyldu ríkissjóðs til að greiða þessum lækni há laun, og bera það ómak saman við framkomu hans við hinn skipaða fulltrúa hagstofunnar, sem hann tók veitinguna af á síðastliðnu hausti, enda þótt manni þessum hefði verið veitt embættið skilyrðislaust og hann tekið við því með það fyrir augum, að hann hefði annan starfa á hendi um ótiltekinn tíma og haft til þess samþykki landsstjórnarinnar.

Það er fróðlegt að bera þessa ráðstöfun hæstv. fjrh. (JÞ) saman við það, hversu langt hann sækir rök fyrir því, að ríkissjóði beri skylda til að launa aðstoðarlækninn á Ísafirði.

Vil jeg þó vænta þess, að þessari fram-

komu hæstv. ráðh. (JÞ) ráði ekki það, að annar maðurinn er flokksbróðir hans, en hinn andstæðingur.

Enn er eitt atriði í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), sem jeg vildi athuga lítið eitt, þó að jeg sje honum þar sammála.

Hann sagði, að ríkið ætti ekki að stofna til kapphlaups við atvinnuvegina, þegar vel áraði og allir hefðu nóg að vinna. Þetta er rjett. Það er í sjálfu sjer ekkert á móti því, að ríkið slái þeim framkvæmdum, sem ekki eru bráðnauðsynlegar, á frest til mögru áranna, þegar almenningur á við atvinnuleysi að búa. En sá galli er á, þó að þetta sje viðurkent í orði, þá hefir reynslan orðið sú, að erfiðlega gengur með nauðsynlegar opinberar framkvæmdir þegar ver árar.

Það vill verða svo, að þegar æskt er eftir opinberum framkvæmdum vegna örðugleika almennings, þá er því svarað, að ekki sje hægt að ráðast í þær vegna fjárhagsörðugleika hins opinbera.

Kemur þetta illa heim við skoðun hæstv. fjrh. (JÞ) nú, og er gott að eiga von á því, ef hann ræður miklu um framkvæmdir hins opinbera í framtíðinni, að hann hagi sjer eftir þeim reglum, sem hann hefir nú viðurkent og tjáð sig fylgjandi.

Ingólfur Bjarnarson: Það er aðeins eitt atriði í áliti hv. samgmn., sem jeg vildi athuga lítið eitt.

Hv. nefnd ætlast til þess, að Eyjafjarðarbáturinn verði jafnframt látinn ganga til Flateyjar á Skjálfanda við og við.

Jeg skal viðurkenna, að þessi tilhögun mun bæta allmikið úr því samgönguleysi, sem Flateyingar hafa átt við að búa.

Árið 1923 mun Esja hafa komið fjórum sinnum við í Flatey, en þó að þetta sjeu vitanlega alt of fáar viðkomur, þá fjellu þær alveg niður á síðastl. ári, af ástæðum, sem mjer eru óskiljanlegar, einkum þegar þess er gætt, hversu lítilli töf skip verða fyrir vegna viðkomu í eynni, þar sem leið þeirra liggur alveg hjá henni öðru hvoru megin.

Á uppkasti til ferðaáætlunar Esju, er Eimskipafjel. Íslands hefir sent hv. samgöngumálanefnd, munu hafa verið áætlaðar 4 viðkomur í Flatey. Jeg hefi átt tal um þetta mál við hv. samgmn. og bent henni á, hversu svo fáar viðkomur væru gersamlega þessu hjeraði, sem engra annara samgangna nyti, ófullnægjandi og hinsvegar, hversu lítið það kostaði að láta skipið koma þarna við, þar sem það væri enginn krókur, heldur þyrfti það aðeins að stöðvast skamma stund, og að sjálfsögðu væri ekki til þess ætlast, að það biði eftir afgreiðslu, ef veðrið bannaði hana.

Fanst mjer hv. nefnd taka þessum upplýsingum mínum vel og af góðum skilningi, og bjóst jeg við því, að hún mundi fjölga viðkomum skipsins í eynni, en því meira furðaði mig að sjá áætlun Esju, sem nú er prentuð, þar sem viðkomunum í Flatey er fækkað niður í 3.

En till. sú, sem hjer er gerð að umtalsefni, bætir aftur á móti dálítið úr samgönguleysi Flateyinga, og get jeg verið hv. nefnd þakklátur fyrir hana, úr því sem komið er.

Þó vil jeg benda á það, að þá fyrst kæmu þessar bátsferðir Flateyingum að verulega góðu liði, ef báturinn yrði við og við látinn ganga alla leið til Húsavíkur.

Að vísu veit jeg ekki, hvort þessu verður komið við með því tillagi, sem jeg sje, að hv. nefnd hefir hugsað sjer, að veitt verði til þessara bátsferða.

Jeg vildi aðeins lýsa yfir því, að jeg

teldi það bæta stórum meira úr samgönguvandræðum eyjarskeggja, ef báturinn væri látinn fara alla leið til Húsavíkur, þótt ekki væri nema við og við.

Vildi jeg gjarnan heyra undirtektir hæstv. atvrh. (MG), hvort hann telur fært að styðja að því, að ferðum bátsins verði svo hagað, að eitthvað væri með þeim bætt úr samgönguvandræðum Flateyinga.

Úr því að jeg er staðinn upp, vildi jeg nota tækifærið til að mæla með brtt. fjvn. um Vaðlaheiðarveginn, þó að það sje í rauninni óþarfi, þar sem hv. frsm. (ÞórJ) hefir skýrt það mál svo rækilega og þar sem bæði hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hæstv. atvrh. (MG) hafa tekið brtt. mætavel og lýst hinni miklu þörf, sem er á þessari vegagerð.

Leyfi jeg mjer að undirstrika orð þeirra, t. d. þá umsögn hæstv. atvrh., að á síðastl. sumri mátti vegur þessi oftast teljast ófær á löngum kafla. Nú er það flestum þm. kunnugt, að þarna er afarmikil umferð og sífeldur ferðamannastraumur, einkum á sumrin, svo að jeg hygg, að það muni marga daga nema hundruðum. Þar við bætist svo flutningsþörf þeirra, sem austan við heiðina búa, þar sem svo hagar til, að alt verður að flytja á klökkum bæði sumar og vetur. En þörf á þessum vegi er viðurkend fyrir löngu, bæði af landsstjórn og þingi, svo að jeg hygg óþarfa að fjölyrða um það mál, og því síður, sem tillagan hefir mætt svo hlýlegum undirtektum,

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. 2. þm. Árn. (JörB) lýsti eftir tillögu frá stjórninni um fækkun starfsmanna ríkisins. Sagði hv. þm., að sjer hefði ekki þótt sanngjarnt að krefjast þess, að slík till. kæmi fram fyr en á næsta þingi. Það hefir áður í umr. hjer verið ymprað á þessu sama. Út af þessu vildi jeg taka það fram, að það færi vel á því, að þeir þm., sem þessa vænta, komi til stjórnarinnar og gefi upplýsingar um, hverjum starfsmönnum fækka mætti í þeirra kjördæmi. Jeg segi þetta ekki einungis til þeirra, sem talað hafa, heldur allra, sem vænta þess, að stjórnin undirbúi slíkar tillögur.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildi ekki framlengja verðtollinn, og furða jeg mig ekkert á því, eftir stefnu þess manns í skattamálum. Hann sagði, án þess þó að rökstyðja það nánar, að verðtollurinn væri mjög orsök dýrtíðar nú. Jeg hefi heyrt þetta áður og athugað það og sannfærst um, að það er á litlum rökum bygt. Þótt einstaka nauðsynjavörur falli undir tollinn, þá eru það einkum vörur, sem lítið er notað af, og gætir hans því lítið í almennum framfærslukostnaði. Það þarf ekki annað en líta á tekjur af tollinum í samanburði við aðra skatta til ríkis og sveitarfjelaga, þá gætir verðtollsins lítið, og síst þess hluta hans, sem á nauðsynjavöru liggur.

Ef leita á að orsök dýrtíðarinnar í tekjulöggjöf ríkisins, þá er heldur á það að líta, að gjöld eru orðin býsna há, og upphæð gjaldanna í heild hefir áhrif á verðlag í landinu. Það er ekki rjett að skella þeirri sök á verðtollinn.

Þá gerði hann samanburð á afstöðu minni til aðstoðarlæknis á Ísafirði og aðstoðarmanns hagstofunnar og fanst þar kenna munar. Það er rjett. En munurinn byggist á því, að annar situr í stöðu sinni og rækir hana, en hinn vildi ekki taka við starfinu. Jeg tel rjett, að þeim manni, sem rækir starf sitt, sjeu greidd þau laun, er honum ber. En hitt hefir ekki einu sinni hv. 2. þm. Reykv. farið fram á, að skrifstofustjóra landsverslun-

arinnar sjeu einnig greidd laun sem aðstoðarmanni hagstofunnar.

Hann gerði sjer ennfremur ekki vonir um, að opinberar framkvæmdir yrðu auknar mikið á mörgum árum.

Jeg skal ekki segja um, hvernig fer. En ef menn viðurkenna þetta rjett, þá er ekki hægt að koma því í verk, nema búa sig undir á góðu árunum; fara sjer hægt um framkvæmdir á góðum árum og koma upp í landinu nægilega öflugum seðlabanka, sem getur lagt fyrir nóga innieign í erlendum gjaldeyri á góðu árunum, til þess að framkvæmdir geti átt sjer stað á vondum árum án þess að greiðslujöfnuður hindri.

Út af þeim brtt., sem hjer liggja fyrir frá minni hl. fjvn. og einstökum þm., skal jeg ekki mikið segja. En samkvæmt því, sem áður er sagt um hag ríkissjóðs, þá verð jeg yfirleitt að tjá mig mótfallinn þeim hækkunum, sem nefndin sjálf hefir ekki tekið upp.

Hæstu útgjaldaliðirnir, sem einstakir þm. fara fram á, eru til landsspítala 150 þús. kr. og til heilsuhælis á Norðurlandi 75 þús. kr. Um þessar till. verð jeg að segja, að tekjuhlið fjárlaganna leyfir ekki slík útgjöld. Jeg gæti vel gert nánari grein fyrir því, að eftir að fjvn. hefir hækkað áætlaðar tekjur um 930 þús. kr., þá er þess ekki að vænta, að 2. gr. fjárlaganna, sem er aðaltekjugreinin, gefi meiri afgang en þann, sem þarf til þess að standast greiðslur utan fjárlaga, sem altaf koma fyrir. Jeg skal í því sambandi geta þess, að árið 1923 voru tekjur eftir þessari grein, ef alt er talið, um 7¾ milj.

Eftir till. fjvn. verða þessar tekjur áætlaðar 9 milj. 172 þús. kr., eða 1½ miljón hærri en 1923. Þessa 1½ miljón getum við vonast eftir að fá eftir þeim breytingum á tekjulöggjöfinni, sem síðan hafa verið gerðar. En fyrir óvæntum útgjöldum er þá ekki annað eftir en það, sem tekjur kunna að vaxa fyrir betra árferði. En þessi afgangur þarf að verða 15% af upphæðinni, eða 1½ milj.

Við getum því ekki gert ráð fyrir, að ráðstafa megi meiri tekjum en þeim, sem fjvn. leggur til. Það er þess vegna annaðhvort að gera, að standa af sjer þessar algerlega rjettmætu kröfur eða sjá fyrir fje á annan hátt. Og jeg hefi hugsað mjer, að það mætti takast, ekki með lántökum, sem verður að álítast mjög óheppileg leið til framkvæmda fyrirtækjum, sem ekki gefa arð. En ríkissjóður á eign, sem mætti nota, og það er varasjóður landsverslunarinnar. Ef menn vilja, að það fyrirtæki sje dregið saman eða látið hætta, þá er mögulegt að fá þaðan fje. En það þýðir sama og að láta steinolíuverslunina hætta, eða draga hana mikið saman.

Það tjáir ekki að treysta innieign ríkissjóðs í landsversluninni, sem er nú 675 þús. kr., og í fjárlagafrv. 1926 er gert ráð fyrir endurgreiðslu þaðan, sem nemur 175 þús. kr. Það er síðasti liðurinn í tekjuhlið frv. Og það má búast við, að 1925 þurfi að taka til meiri hlutans eða allrar þeirrar ½ milj., sem þá er eftir óráðstafað af þeirri skuld.

Jeg er þess vegna á því, að mögulegt sje að láta af hendi fje til spítalabygginga, ef menn vilja fallast á að taka það úr þessari átt, og það má gera með ákvæðum í fjárlögum eða án þess. En meðan engin slík till. liggur fyrir, get jeg ekki annað en greitt atkv. á móti þessum fjárveitingum. Það þýðir ekki að draga í efa nauðsyn þessara framkvæmda, enda hef jeg bent á færa leið, ef menn vildu taka fje úr þeirri átt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg er einn af þeim, sem flytja brtt. á þskj. 235, 18. lið, um að veittar sjeu til bóndans í Grænumýrartungu 2500 kr. í eitt skifti fyrir öll til húsabóta. Till. lá fyrir fjvn. með upplýsingum, teikningu af húsi, gerðri af þeim manni, sem ríkið felur að annast það, og á að kosta 13200 kr. Meiri hl. sá sjer ekki fært að veita þetta.

Allir hv. þm. vita, að hjer er ekki um venjul. stað að ræða. Þetta er fyrsti bærinn undir næstfjölfarnasta fjallvegi landsins, Holtavörðuheiði. Hellisheiði ein er fjölfarnari. Ríkið hefir oft hjálpað, þegar svona stendur á, t. d. í Fornahvammi og á Kolviðarhóli og víðar. Þetta er engin beiðni um árlegan styrk, heldur í eitt skifti, og til þessa bæjar hefir enginn styrkur verið veittur áður.

Þótt svona standi á, að þessi staður sje í mínu kjördæmi, þá er það alls ekki vegna þessarar sýslu, heldur alls Norðurlands og allra ferðamanna, sem þessa leið fara, sem jeg tel þetta nauðsyn.

Til frekari rökstuðnings þessari beiðni skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr umsögn norðanpóstsins um þetta efni.

Pósturinn skrifar meðal annars:

„Eins og margir kannast við, er til þekkja, er Holtavörðuheiði mjög erfið yfirferðar á vetrum, snjóþung og löng. Það er ekki ósjaldan, sem jeg hefi verið um 20 klukkutíma yfir heiðina með fjölda fólks og rúma 30 hesta með póstflutningi. Þá hefir verið mikil þörf á að geta hvílt í Grænumýri þreytta og hungraða hesta og fólk kalið og uppgefið og svangt líka. Jeg verð að segja það, að hart var aðgöngu að verða þá að halda áfram vegna húsrúmsleysis. Þó hefir komið fyrir, að jeg varð að gista í Grænumýri, var þá með fólk, sem var komið að dauða vegna vosbúðar og kulda; var jeg þá yfir 20 klukkutíma yfir heiðina, fólkið hafði blotnað og komið í stakk af frosti".

Jeg ætla ekki að lesa lengra, en pósturinn skrifar miklu rækilegar um þetta alt. Er enginn vafi á, að það er mikil þörf fyrir ferðafólk að geta hvílt sig þarna. Þekkja bæði jeg og aðrir póstinn að því, að segja ekki meira en það, sem hann getur staðið við. Jeg get bætt því við seinast, að þarna í Grænumýrartungu býr ungur maður óvenjulega duglegur, sem ef honum endist heilsa mun hýsa staðinn myndarlega, ef ástæður leyfa. En hann er efnalaus og getur ekki reist húsið án opinbers styrks. Jeg verð að vænta þess, að þingið veiti honum hann, því að hjer er ekki farið fram á annað en það, sem svo ákaflega oft hefir verið veitt til annara undir svipuðum kringumstæðum. Og hjer er ekki farið fram á áframhaldandi styrk, heldur eina litla fjárhæð í eitt skifti fyrir öll. Læt jeg svo útrætt um þetta og mun yfirleitt ekki ræða um aðrar brtt., hvorki frá einstökum þm. nje hv. minni hl. fjvn. (BJ). Það mun hv. frsm. (ÞórJ) gera fullkomlega. En alveg af sjerstöku tilefni vil jeg þó víkja að einni till. hv. minni hl. fjvn.

Það er till. um það að stofna nú aftur sendiherrasendiherrabættið í Kaupmannahöfn. Jeg skal geta þess, að jeg hefði ekki minst á þetta mál nú, ef hv. þm. Dala. (BJ) hefði einn látið falla orð í þessa átt. Þá hefði jeg ekki gert ráð fyrir, að að baki till. stæði svo öflugur flokkur, að andsvara þyrfti við, en hinsvegar er það vitanlegt, að þetta hefir alla tíð verið eitt af aðaláhugamálum hv. þm. Dala. (BJ). En það, sem gerir að jeg tek nú til máls um þetta, er það, að hæstv. forsrh. (JM) hafði svo sterk og óvenjulega ákveðin ummæli um þetta. Þykir mjer því skylt

að segja nokkur orð, þar sem jeg í fyrra bar fram frv. um afnám þessa embættis. Náði það frv. að vísu ekki fram að ganga, en hitt var samþykt, að fella niður fjárveiting til þessa, og þar með gert það að verkum, að nú er enginn íslenskur sendiherra í Kaupmannahöfn. Hæstv. forsrh. (JM) tók svo til orða, að hann væri mjög þakklátur flm. (BJ) fyrir þessa till. og lýsti því tvisvar yfir, að hann væri alveg sammála hv. þm. Dala. (BJ) um þetta mál og liti svo á, að þetta væri einhver besta og þarfasta fjárveitingin, sem þingið gæti veitt. Þar sem þessi orð koma frá hæstv. forsrh. (JM), sem á að baki sjer fjölmennasta flokkinn í þessari háttv. þd., þá geri jeg ráð fyrir, án þess þó að jeg viti það, að nú eigi aftur að stofna þetta embætti. Jeg ætla mjer ekki nú að fara að rökræða málið; það hefi jeg áður gert til þrautar, en jeg vil lýsa því yfir, að jeg er enn ósnúinn í þessu máli og stend fyllilega við þau ummæli, sem jeg hefi áður um það haft. Þess vegna get jeg ekki fallist á þessa till. hv. minni hl. fjvn. (BJ), en verð að leggja eindregið á móti því, að hún verði samþykt. Jeg vil aðeins segja eitt í sambandi við orð hv. þm. Dala. (BJ) um þetta. Hann sagði, að þegar hann gegndi sendiherrastöðu erlendis, þá hefði sá maður, er nú gegnir þessu embætti í Kaupmannahöfn, Jón Krabbe, verið sá eini maður, sem hann hefði getað treyst til fullnustu. Er þá ekki vel fyrir sjeð, er slíkur maður gegnir þessu starfi? Jeg ber líka fult traust til þessa manns, og er því ánægður með að trúa honum fyrir þessum störfum áfram, meðan svo stendur á hjer heima, að alt verður að spara, sem hægt er. En í þessu sambandi vil jeg beina einni fyrirspurn til hæstv. fjrh. (JÞ), því að hann var mjer algerlega sammála í fyrra, að vísu ekki um það að afnema embættið, heldur hitt, að fella niður fjárveitinguna. Nú vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. fjrh. (JÞ) hvort hann líti nú orðið sömu augum málið og hæstv. forsrh. (JM), eða með öðrum orðum, hvort öll hæstv. stjórn líti sömu augum á þessa till. hv. þm. Dala (BJ) og hæstv. forsrh. (JM). Jeg skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð nú en það get jeg sagt, að ef þetta hefði verið framh. 1. umr. fjárlaganna, þá hefð jeg farið um það fleiri orðum en jeg vil gera við þessa umr. Jeg vonast aðeins eftir að hæstv. fjrh. (JÞ) fái færi til að svara nú spurningu minni.

Þá er það aðeins eitt atriði enn. Jeg skrapp út áðan og misti því af kafla úr ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), en er jeg heyrði á mál hans aftur, þá heyrðist mjer hann vera að gefa út ávísanir á varasjóð landsverslunarinnar og láta hylla undir þá möguleika, að þessar og þessar framkvæmdir mætti gera, ef landsverslunin væri lögð niður. Jeg veit nú ekki til, að varasjóður landsverslunarinnar sje handbær, og hæstv. fjrh. (JÞ) er vitanlega kunnugt, að það er ekki útrætt mál, hvort það eigi að leggja landsverslunina niður en það má vera, að hæstv. fjrh. (JÞ) viti betur um þetta en jeg. En jeg verð að segja það, að mjer finst það mjög undarlegt, ef hæstv. fjrh. (JÞ), sem heldur stundum mjög fast á — það játa jeg — fje landsins og vill spara sem mest allar fjárveitingar úr ríkissjóði, — mjer kemur það mjög kynlega fyrir, segi jeg, ef hann er nú að gefa undir fótinn, að auka megi framkvæmdirnar með því að leggja niður þá stofnun, sem aflar mikilla og vissra tekna í landssjóð. Finst mjer, að skjóti nokkuð skökku við að gefa út slíkar ávísanir úr sæti hæstv. fjrh. (JÞ).

Hákon Kristófersson: Eins og sjest af nál. hv. samgmn., hefi jeg skrifað undir það með fyrirvara. Jeg hefi sem sje sömu skoðun á málinu að því er snertir Borgarfjarðarbátinn eða samband Faxaflóa- og Breiðafjarðarbátsins og þá, sem háttv. þm. Borgf. (PO) lýsti í mjög svo myndarlegri ræðu í dag. Að haldið er fram, að samlaga megi bátaferðirnar um Faxaflóa og Breiðafjörð hlýtur að koma af ókunnugleika þeirra, sem því halda fram. Það stendur nefnilega svo á á báðum stöðum, eins og hv. þm. Borgf. (PO) tók fram, að það er að mínum dómi ómögulegt að ætla, að sama skipið geti annast ferðir á báðum þessum fjörðum svo við megi una. Eins og kunnugt er, hafa í mörg undanfarin ár kunnugir menn talið það sanngjarnt og fyllilega rjettmætt að hafa tvo báta á Breiðafirði. Annan minni, eða lítinn mótorbát, sem annaðist flutninga í hreppana á norðanverðum Breiðafirði, þ. e. Barðastrandar-, Múla-, Gufudals- og Reykhólahreppa, og hinn stærri, sem sæi um samgöngur milli Reykjavíkur annarsvegar og Austur-Barðastrandar- og Dalasýslu hinsvegar. Jeg, sem verð að telja mig mun kunnugri en aðra háttv. þm. á þessu svæði, verð að álíta þetta langheppilegustu tilhögunina, svo fremi að ekki sje hægt að fá það skip, sem annars gengur til Breiðafjarðar, til þess að koma á þær smáhafnir, sem óhjákvæmilegt er, að bátar komi á. Jeg get bent á það, að vegna þessara flutningabáta, sem menn hafa nú vanist við 12—14 síðustu árin og treyst á, að væru styrktir til þessara ferða, þá hefir það alveg lagst niður, að menn ættu skip, sem hæf væru til að flytja á nauðsynjar til og frá.

Mjög ákveðnar óskir um styrkveitingar til flutningaskipa í þessum hjeruðum hafa komið fram ár frá ári, og seinast nú í ár, því að til þingsins að þessu sinni hafa borist áskoranir frá fjölda manna um 6000 kr. styrk til bátaferða á norðanverðum Breiðafirði, og mjer er það ekkert launmál, að það er ekki lengra síðan en í gærkvöldi, að einn hinna merkari manna úr mínu kjördæmi sagði við mig, að það, hve lítið hefði fengist til þessa í fjárlögunum undanfarin ár, væri að kenna slælegri eftirsókn af minni hálfu. Mjer er málið of skylt til þess að dæma um það, en víst er það, að jeg hefi gert það, sem jeg hefi megnað, í þessu efni, og aldrei farið fram á hærri upphæðir en þær, sem jeg hefi vitað, að voru í fylsta máta sanngjarnar. Jeg hefi tekið þetta fram til þess að sanna, að svo hlaut að fara, að jeg gæti ekki fallist á till. hv. meiri hl. samgmn. í þessu efni. Um sameiningartill. á öðrum svæðum landsins get jeg lýst því yfir, að jeg býst við, að slíkt reynist torvelt, þó að mig auðvitað skorti þar kunnugleik, samanborið við aðra nefndarmenn, og get jeg þess vegna ekki verið á móti þeim. Og þótt jeg hinsvegar hafi ekkert á móti því, að hæstv. stjórn athugi þessa till. um að sameina ferðir Faxaflóabátsins og Breiðafjarðarferðirnar, þá býst jeg ekki við, að sú athugun leiði annað í ljós en það, að afstaða mín og hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Mýra. (PÞ) í þessu efni hafi verið fullkomlega á rökum bygð.

Jeg á enga brtt. við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Jeg á aðeins eina að þessu sinni, og hún er við þann kaflann, sem síðar kemur, svo að um engan málaflutning verður að ræða frá minni hálfu að þessu sinni.

Jeg hjó eftir því, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) þótti það óviðurkvæmileg orð af hálfu hv. frsm. (ÞórJ), er hann sagði, að

þetta þing væri eitthvert það lakasta á síðari árum. Jeg verð að segja, að jeg tel þessi orð háttv. frsm. (ÞórJ) algerlega í tíma töluð. Jeg lít alveg sömu augum á þetta mál. Jeg verð að leyfa mjer að benda á vinnubrögð þingsins nú og á öðrum árum. Jafnvel á síðasta þingi, sem þó var ekki til fyrirmyndar í því efni, stóð umr. þessa máls aðeins tvo daga. Á hvað benda líkurnar nú? Jeg geri ráð fyrir, að engum þyki of í lagt að ætla, eftir því sem þegar er á daginn komið, að hún standi nú yfir minst 4 daga. Menn geta sjálfir sagt sjer, hverjar ástæðurnar muni vera. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) benti einnig á, að það væri eðlilegt, að alt gengi tafsamara en verið hefði, og benti helst til þess, að það kæmi af því, að málin væru svo illa undirbúin. *(JBald:* Ekki rjett). Jeg skrifaði það niður. Háttv. þm. sagði, að það væri tilefni þess, að alt væri seinna í vöfunum nú en hingað til. En jeg get bent á hina rjettu orsök; hún er óþarfamálæði sumra hv. þm. um hin ýmsu mál, sem fyrir liggja. Jeg hefi lítillega bent á það áður, hve þetta málæði er ónauðsynlegt og óviðkunnanlegt, þó einkum það, sem aldrei hefir sýnt sig betur en nú, að menn skuli leyfa sjer að hafa óheyrilega langar og óþarfar umr. um mál við 1. umr., og það mál, sem öll áttu að fara í nefnd og komust líka öll til nefndar. Það segir sig sjálft, hve mikið það flýtti afgreiðslu málanna, ef háttv. þm. gætu komið sjer saman um, að í hinum stærri málum skyldu ekki tala nema 1—2 menn úr hvorum flokki. Nú má heita svo, að öll stærri málin sjeu enn í nefnd, og þá má nærri geta, hve mikinn tíma þau eiga eftir að taka, því varla verður 2. og 3. umr. styttri en 1. umr. Hlýtur sú spurning að vakna, hvernig við förum að forsvara það fyrir okkur sjálfum, að þjóðin skuli þurfa að horfa undrandi á þetta verklag. Það er gott, að háttv. þm. Str. (TrÞ) brosir. Það vill sjálfsagt svo til, að samviskan segir honum, að hann eigi engan verulegan þátt í þessari óþarfamælgi. Annars má telja þá á fingrum sjer, hverjir þar eiga hlut að máli, svo jeg segi háttv. þm. (TrÞ) sannleikann. Jeg ætlast ekki til þess, að hv. þm. sjeu þegjandi þingmenn, en málæðið hefir að þessu sinni keyrt svo úr hófi, að jeg stend alveg undrandi. Hefi jeg haft þann heiður að sitja allmörg þing undanfarið, en jeg hefi aldrei vitað slíkt.

Gagnvart þeim ýmsu brtt., sem fram hafa komið, þá verð jeg að segja, að þótt jeg sje mörgum þeirra andvígur, þá geng jeg þess ekki dulinn, að þau mál eru sjálfsögðust og athugunarverðust, er lúta að því að hjálpa þeim, sem veikir eru. Jeg lít svo á, að það sje fyrst og fremst skylda við þjóðina að halda uppi sjúkdómavörnum, þótt jeg hinsvegar kannist fúslega við það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að fjárhagurinn sje mjög erfiður, og maður verði þess vegna, því miður, að takmarka sig allmikið í þessu efni. En mjer er spurn: benda brtt. hv. fjvn. og hv. þm. mikið í þá átt, að fjárhagurinn sje erfiður? Og ennfremur: hvað á að sitja fyrir? Eru það styrkveitingar til framkvæmda, sem beðið geta nokkurnveginn skaðlaust, eða styrkveitingar til jafnbráðnauðsynlegra fyrirtækja og Heilsuhælisfjelags Norðurlands? Jeg er þar ekki eins kunnugur og þeir, sem næstir standa, en jeg get vel sett mig í þeirra spor, sem óheppni lífsins hefir leikið svo hart, að þeir sjá ekki nema dauða sinn og sinna framundan, ef enginn hjálpar. — Hæstv. fjrh. (JÞ) benti á færa leið. Og jeg segi fyrir mig, ef um þetta tvent er að velja, þá er jeg ekki í vafa um, hvora

götuna jeg geng, því að þrátt fyrir það, þó að landsverslunin sje nauðsynleg, þá er þó viðhald lífs og heilsu barna þjóðfjelagsins ennþá miklu nauðsynlegra.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fór hjer í umr. að bera saman aðstoðarlækninn á Ísafirði og aðstoðarmanninn í hagstofunni. Hann er nú gamall kunningi sumra, er setið hafa lengi á þingi, aðstoðarlæknirinn á Ísafirði, og jeg treysti því fullkomlega, að engar innri tilfinningar ráði um það mál, eins og hv. þm. (JBald) sagði. Bara að ekki hafi innri tilfinningar ráðið orðum hans. Mjer finst það satt að segja undravert, ef hæstv. stjórn skyldi líða það lengur en 7 ár, að einhver maður kæmi ekki í embætti sitt, en gegndi öðru bara af því að það er arðvænlegra. Því að ekki efast jeg heldur um, að jafngóðan mann og þann, er hjer um ræðir, hefði mátt fá til að vera skrifstofustjóri landsverslunarinnar, ef hann hefði viljað fara í það embætti, sem nú er gert að óánægjuefni að frá honum var tekið.

Þá var sami háttv. þm. (JBald) að minnast á verðtollinn. Jeg er honum sammála um, að hann er neyðarúrræði. En jeg er ekki maður til að benda á annan jafngóðan tekjustofn í staðinn, ef þessum væri fleygt, og það kemur okkur öllum saman um, að ríkissjóður getur ekki fullnægt nauðsynlegum þörfum, ef hann missir þessar tekjur.

Hv. þm. Str. (TrÞ) mintist lítilsháttar á fjárveiting, sem háttv. minni hl. fjvn. (BJ) fer fram á til sendiherra í Kaupmannahöfn. Hv. þm. (TrÞ) kvaðst ekki hafa snúist í því máli. Jeg hefi ekki gert það heldur. Jeg leit og lít svo á, að það hafi verið óhappaverk, að embættið var felt niður, einkum af því, að í því sat jafngóður maður og sá, er það skipaði fyrst og síðast. Þess vegna mun jeg, þrátt fyrir sparnaðaráhuga minn, greiða atkv. með þessari brtt. Hitt er annað mál, hvort jeg fylgi öllum brtt. hv. þm. Dala. (BJ). Jeg fellst á það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að spara á alt, sem hægt er að spara, en jeg viðurkenni hinsvegar, að sumt er svo lífsnauðsynlegt, að það er ekki hægt að spara það.

Hv. þm. Str. (TrÞ) mintist á brtt. um 2500 kr. styrk til húsabóta á gistingarstað. Hann tók rjettilega fram nauðsyn þess, að hægt væri að fá góða gisting, þegar komið væri af fjallvegi, og líka tók hann fram, að fyrir svona fjárveitingu væri fordæmi. Jeg verð að segja, að mjer finst þessi upphæð nokkuð há og að jeg er heldur andvígur svona styrk. Það er alt annars eðlis að veita hagkvæm lán. Þetta er beinlínis að gefa fje úr ríkissjóði. Jeg segi þetta ekki sem bein andmæli gegn till. hv. þm. Str. (TrÞ), því að hún hefir mikinn rjett á sjer, að því leyti að styðja að því, að ferðamenn eigi jafnan völ á góðum gistingarstöðum, en jeg spyr, hvort eigi sje gengið of langt inn á þessa braut, svo að ekki sje hægðarleikur að snúa aftur. Það er venjulegt á svona gistingarstöðum, að seldur sje greiði, bæði matur og hey, og mjer finst vafasamt, að rjett sje af ríkissjóði að styrkja slík fyrirtæki án alls eftirlits með því, hvernig fjenu sje varið. Jeg verð líka að telja það varhugavert að veita fje úr ríkissjóði til gistingarstaða. Ef öllum væri sýnt sama rjettlæti hvað það snertir, þá er hætt við, að umsækjendur gætu orðið nokkuð margir.

Jeg skal svo ljúka máli mínu að þessu sinni. Jeg veit, að það er ekki til neins að vera að andmæla þessum brtt., sem fram eru komnar. Jeg reyndi í fyrra að

mæla á móti ýmsum hækkunartillögum, en utan um þær stóð svo þjettur hringur, að ekki varð rofinn, og svo mun enn vera. Mjer er sama, hvort í hlut á Búnaðarfjelag eða Fiskifjelag eða aðrar stofnanir. Ef ríkið hefir ekki efni á að veita fje, vil jeg ekki, að það sje gert, hver sem í hlut á. Jeg er ekki illviljaðri þessum stofnunum en aðrir. En mjer finst, að menn verði þó að minsta kosti að sjá einhvern árangur af því fje, sem veitt er, og að þingmenn verði að muna það, að þeir eru ekki að fara með sitt eigið fje, heldur fje ríkissjóðs, sem þeim er trúað fyrir að fara með á þann hátt, er heiðarlegum mönnum sæmir.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil aðeins benda hv. þm. Barð. (HK) á það, án þess að jeg ætli nokkuð að andmæla honum, að þegar hann settist, hefir hann ekki verið búinn að tala fyrir minna en 3—400 kr., eftir þeim útreikningi, sem hv. þm. lagði fyrir háttv. deild nýlega. *(HK:* Þá er skuldin orðin mikil hjá hv. þm. V.-Ísf.). Svona innskot kosta fráleitt minna en 5—10 krónur eftir útreikningi þingmannsins. Sá munur er á um mig og hann, að það, sem jeg segi um brtt., hefir ekki sömu áhrif og það, sem hv. þm. Barð. segir, því að eftir því, sem hann skýrði sjálfur frá, eru þær tillögur samþyktar, sem hann andmælir. Það væri því tvöfaldur sparnaður fyrir ríkissjóð, að þessi hv. þm. andmælti sem fæstu.

Annars vildi jeg segja nokkur orð um brtt. mína um símalínu frá Mýrum að Núpi í Dýrafirði. Jeg flutti þessa till. í fyrra í frumvarpsformi, og var hún samþykt hjer í deildinni, en feld í Ed. með 7 atkv. gegn 7. Jeg benti á það í fyrra, að á Núpi byggi búnaðarsambandsforstjóri og prestur. En aðallega er þörf á síman um vegna skólans, til þess að þeir, sen þar eiga unglinga, geti náð til þeirra me góðu móti, meðan þeir stunda námið Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta vegna umr., sem hjer urðu í fyrra un þessa till. Vænti jeg þess, að hún njót ekki minna fylgis nú en þá, enda býs jeg við, þar sem við höfum heyrt þess útreikninga um, hvað kostar að tala hjer að við getum orðið sammála um, að þess ari fúlgu sje betur varið í símalínu ti Núpsskólans heldur en að kjafta það upp hjer á einni kvöldstund.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28 mars, var enn fram haldið 2. umr um frv. (A. 1, n. 203 og 242, 195, 204, 235).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það eru liðnir tveir sólarhringar síðan byrjað var á þessu máli, og það er ýmislegt, sem jeg hafði skrifað niður hjá mjer, og þótt jeg ætti að vera betur að mjer fyrir biðina, þá er það þó alls ekki tilfellið. Annars skal jeg þegar geta þess, að jeg vil síst af öllu lengja umr. mikið, og þótt jeg vildi lýsa afstöðu nefndarinnar til þeirra brtt., er fram hafa komið, þá býst jeg við, að það hafi litla þýðingu hvað atkvgr. snertir.

Jeg skal fyrst lítillega snúa mjer að hæstv. fjrh. (JÞ). Hann áleit, að fjvn. hefði gengið helsti langt í því að hækka gjaldaliði. Jeg endurtek þetta af því, að um þetta atriði er meiri hl. nefndarinnar algerlega sammála hæstv. fjrh. (JÞ), og vænti jeg þess, að þetta verði þungt á metunum hjá hv. þm. til þess að viðurkenna, að nógu langt sje farið.

Þá eru einstök atriði, sem hæstv. fjrh. (JÞ) gat um, að nefndin hefði gengið of langt í að hækka, og nefndi þar á meðal verðtollinn, en í sambandi við það frv., sem nú liggur fyrir þinginu, vil jeg benda á, að ef breytt verður til, þannig, að lögin verði látin gilda til ársloka 1927, þá væri tilgangi nefndarinnar náð; hún er samdóma hæstv. fjrh. um þetta og vill styðja hann í því að fá frv. í þetta horf, en það er sök hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að þessi glundroði er kominn á málið.

Hæstv. fjrh. vildi helst, að lækkanir nefndarinnar yrðu feldar, en þetta eru ekki nema smáar upphæðir og tekur ekki að deila um það; jeg get látið mjer nægja að minnast aðeins á þetta, og vil ekki reyna að hafa nein áhrif á atkvæðagreiðsluna.

Síðast mintist hæstv. fjrh. (JÞ) á aðstoðarlækninn á Ísafirði. Það hefir orðið til þess, að jeg hefi sett í nál., að ríkinu bæri ekki skylda til að launa aðstoðarlækni þar. Nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ) rannsakað þetta til hlítar, og af því verður sjeð, að það verður ómögulegt fyrir þingið að samþykkja þessa brtt. nefndarinnar um niðurfærslu, enda er nefndin skift, en jeg vona, að þessar upplýsingar hafi þau áhrif á þá hv. nefndarmenn, sem voru með brtt., að þeir greiði atkv. með brtt. hv. þm. Dala. (BJ).

Þá er háttv. þm. Dala. (BJ). Það er sjálfsagt þýðingarlaust að deila við hann um stefnu hæstv. fjrh. (JÞ) og meiri hl. nefndarinnar, því að það verður ekki nema til þess að lengja umr. Háttv. þm. (BJ) heldur því fram, að með því að taka lán til að greiða með skuldirnar, verði aðstaða ríkissjóðs betri til framkvæmda í landinu. Nefndin getur ekki fallist á þetta, því að hvort sem þessar skuldir eru samningsbundnar eða ríkið tekur lán til þess að greiða þær með, þá hækkar það afborganir ríkissjóðs vegna þessara nýju lána til langs tíma; það er því ekki betra fyrir ríkissjóð að leggja til framkvæmda á öðrum sviðum, nema síður sje. En aftur, þegar þessar skuldir eru greiddar, þá rýmist til, svo að ríkissjóður getur gert miklu meira en ella. Hv. þm. (BJ) mintist á ýms fleiri atriði, sem óþarft er að svara, t. d. verðmæli á launum embættismanna, ennfremur á það, hvað ætti að taka til greina af fjárbeiðnum, en það hafði jeg áður sagt, að væri mjög mikill vandi að kveða á um, og má altaf um það deila, hvort nefndin hefir komist að rjettri niðurstöðu eða ekki, og skal jeg ekki leggja neinn dóm á það sjerstaklega og skal fúslega játa það, að mikið af öðrum beiðnum á mikinn rjett á sjer, en af því að þær auka útgjöld ríkissjóðs fram yfir það, sem nefndin telur að þau eigi að vera, þá er hún á móti þeim.

Þá hefir hv. þm. (BJ) gert brtt. við sína eigin brtt., afborgun lausaskulda. Mjer finst, að hv. þm. vilji sýna með þessu, að fjárlögin eigi að vera sem tekjuhallaminst, þegar út frá því er gengið, að hann lækkar þennan gjaldalið niður í 300000 kr., svo að eftir hans útreikningi yrði útkoman á fjárlögunum mjög lík. Nefndin getur ekki samþykt þessa lækkun á afborgunum, heldur vill hún láta greiða miklu meira. Yfirleitt er nefndin, eins og hv. þm. (BJ) er kunnugt, og öllum má vera vitanlegt, á móti öllum þessum till. hans, sem komið hafa áður fram í nefndinni, og er óþarft að fara um þær mörgum orðum. Það eru háar upphæðir í þessum brtt. hv. þm. (BJ), sem nefndin hafði rætt með sjer, þar á meðal til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, 50000 kr. Í rauninni er þetta minsta brtt., sem far-

ið er fram á til þessa fjelags, en þrátt fyrir það hefir nefndin ekki getað fallist á að vera með henni, nje heldur hinum. Þá er brtt. um styrki til Berklavarnafjelags Íslands og Rauða kross Íslands. Þessi fjelög eru alveg ný, og nefndinni finst það vera mjög hæpið, að ríkissjóður geti þegar í stað veitt fje til starfsemi þeirra. Henni virtist, að fyrst þyrfti að sjá, hvernig fjelögin byrja starfsemi sína, og ef það sýnir sig, að þau starfi heillavænlega, þá telur hún víst, að þingið muni fúst að veita eitthvert fje til þeirra.

Þá er næst Vesturlandsvegurinn. Þetta hafði háttv. þm. (BJ) ekki farið fram á, svo að jeg muni, neitt verulega, en þegar jeg bar þetta saman við till. vegamálastjóra, þá er þessi vegur, sem hv. þm. (BJ) leggur til, ekki í fyrsta flokki. Það er svo fjarri því, að nefndin geti fallist á þetta, því að hún vill sem mest fara eftir áliti vegamálastjóra, því að jafnframt því að hann er langkunnugastur þessum málum, er það öllum háttv. þm. vitanlegt, að mjög margt af framkvæmdum á þessu sviði á fulla kröfu á að ganga á undan þessum vegi, og telur nefndin því rjett að fylgja till. hans í þessu efni.

Sama er að segja um símalagningar. Þar hefir nefndin ekki tekið neitt upp, en eftir till. landssímastjóra, þá voru ýmsar aðrar línur, sem hefðu átt að ganga fyrir þessum, ef nefndin hefði gengið inn á að taka nokkuð upp, en það hefir hún ekki gert.

Þá er 6. brtt., við 13. gr. C. 2., til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, til skuldalúkningar 13000 krónur. Hæstv. atvrh. (MG) hefir minst á þessa till., og minst á hana heldur hlýlega, því að hann hafði verið staddur þar vestra, þegar fundur var haldinn um þetta mál. Það er náttúrlega rjett og satt, að þeir þar vestra hafa orðið illa úti að ýmsu leyti, en það má undir ýmsum kringumstæðum víða telja til þess, og það virðist ekki vera rjett, að ríkissjóður hlaupi ætíð undir bagga með fjelögum, sem starfsemi rækja, þótt illa fari, því að oft má segja, að það hafi verið fjelögunum sjálfum að kenna, og þannig mun hafa verið ástatt hjer, en ekki af óviðráðanlegum ástæðum. Og nefndinni hafa líka borist ýmsar sagnir um það, að stjórnin á þessum bát hafi ekki verið góð. Það liggur því margt nær ríkissjóði en að hlaupa undir bagga þar, sem slíkt kemur fyrir, því að víða má finna dæmi, sem eiga líkar rætur. Eins er það heldur ekki satt, að ríkissjóður hafi haft þennan bát útundan með styrkveitingu, meðan hann var þar í förum, svo að það er ekki neins að krefjast frá hans hlið.

Jeg ætla svo ekki frekar að minnast á brtt. háttv. þm. Dala. (BJ), en jeg verð seinna að koma frekar að því, sem hann sagði í seinni ræðu sinni.

Jeg hefi víst hlaupið yfir eina brtt., 1000 kr. til Jóns Kristjánssonar læknis, fyrir kenslu við háskólann. Nefndin veit ekki til, að það sje í ráði, að hann taki að sjer kenslu við háskólann, svo að hún hefir ekki fallist á, að hann verði settur þarna á bekk með læknum háskólans að þessu sinni.

Þá er næstur hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), sessunautur minn. Hann var hálfgramur yfir því, að ekki var tekin upp beiðni hans um Kjalarnesveginn og lækni í Kjósina. Hv. þm. (ÁF) lýsti heldur illa ástandinu hjer í kringum Reykjavík. Þá vantaði þar í grendinni bæði lækni, prest og veg, og að Reykvíkingar hefðu ekki einusinni viljað þiggja mjólk af Kjalarnesinu fyrir þessar sakir. Að í kringum

Reykjavík væri ekkert gert, heldur öllu fje ríkissjóðs í þessu augnamiði eytt uppi um fjöll og firnindi. Það er ekkert undarlegt, þótt eftirlætisbörnum þyki sárt, ef ekki er gert alt fyrir þau, en jeg verð að halda mjer við það, að mest sje gert hjer í kring, og miklu meira en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. En með tilliti til þessa vegar, þá hefir áður í fjárlögum verið veitt til hans, en ekki verið notað. Nú er í fjárlögunum ætlast til þess, að til hans verði varið 8000 kr. Ummæli vegamálastjóra eru þau, að á þessum Kjalarnesvegi sje aðeins einn km. ófær vagni, og með þessum 8000 kr. er ætlast til þess að gera veginn færan. Þá skildist nefndinni, að það mundi verða gert fært ofan af Kjalarnesinu til bæjarins. Þegar á það er litið, að áður er veitt til þessa vegar, og ekki gert meira til að ljúka við hann, þá er eins og þarna hafi ekki verið sú nauðsyn, sem látið er í veðri vaka. Hitt er líka víst, að þeir á Kjalarnesinu hafa altaf flutt mjólk sjóveg til bæjarins; það hafa vitanlega fallið úr dagar, sem ekki hefir verið fært, en hvort þetta hefir valdið miklu tjóni, liggur ekkert fyrir um, og mjer finst, að þessar 6000 kr., sem hv. þm. telur þetta hafa kostað, sje nokkuð mikil ágiskun. Hitt er líka víst, að það kostar altaf eitthvað að koma mjólkinni til Reykjavíkur, þótt á vögnum sje.

Þegar jeg lít á þetta og aðrar upplýsingar, sem eru í till. vegamálastjóra um þjóðvegina, og ber það saman við ýmsa staði á Norðurlandi, þá er sá samanburður svo, að það verður varla bent á hann, því að það eru hrein og bein ámæli til vegamálastjóra og stjórnar, ef það er gert. Jeg get tekið eitt dæmi. Í mínu kjördæmi var byrjað að leggja stutta flutningabraut fyrir fimm árum, frá Hvammstanga að brúarstæðinu á Miðfjarðará. Þessi braut er fullgerð nú eina bæjarleið. Einu sinni kom það fyrir, að sement, sem átti að byggja úr brýr yfir læki og eina smáá á þessari leið og komið var til Hvammstanga, var sent aftur, og nokkuð af því selt á staðnum. Í fyrra átti svo að ljúka við þennan veg fram yfir Króksá, sem er um miðja vega á þessari leið frá Hvammstanga, en það var heldur ekki gert. Vegurinn er enn alófær, og til þess að nota hann þessa einu bæjarleið, þá urðu stórskemdir á engjum manna, og varð því að fyrirbjóða umferðina. Í þessu kjördæmi eru þrjár ár á póstleiðinni óbrúaðar, og hefir ein þeirra fyrir skömmu orðið einum manni að bana. Þar er líka löng kaupstaðarleið framan úr dölum, gríðarlöng leið, og verður þar að flytja alt á klökkum; enginn vagnvegarspotti til. Þannig er ástandið, og verður þarna ekkert aðgert nema þessi stutta braut, sem á að fullgera á árinu 1926. Það er hvergi hægt að líta á þarna, svo að ekki sje alstaðar hægt að gera kröfur, en jeg hefi engar kröfur gert enn sem komið er, og geri naumast fyr en fjárhagurinn batnar; en þá er það alveg víst, að kröfurnar frá þessum hjeruðum verða mjög ákveðnar, og þá á ekki að vera *hægt* að neita þeim.

Jeg skal benda á annað til samanburðar. Í ummælum vegamálastjóra um það, hvað árlegt viðhald þjóðveganna kostar, sjest, að það kostar að öllu samanlögðu 143000 kr. Það er ómaksins vert að athuga, hvernig þetta skiftist niður á landshlutana.

Á Suður- og Vesturlandi, eða aðallega á Suðurlandi, er viðhaldskostnaðurinn *132* þús. kr. árlega, en á öllu Norður- og Austurlandi einar *11* þús. kr.

Þegar háttv. þm. líta á þetta, vænti jeg, að þeir sjái, að það eru mörg önnur

hjeruð, sem fremur mætti kalla olnbogabörn fjvn., og játa jeg þó, að þörfin sje nokkur þarna. Fjvn. lítur svo á, að ef það eigi að fara að gera þennan veg vel akfæran, þá geti svo farið, eins og oft vill verða, er nýir vegir eru lagðir gegn einhverju framlagi frá hjeruðunum, að þá hefir oftast orðið að lána úr ríkissjóði tillag hjeraðsins, sem svo hefir gengið fulltreglega að fá endurgreitt, ef það þá hefir fengist greitt. Fjvn. álítur því, að þetta hjerað geti komist af með þetta fyrst um sinn.

Þá er brtt. II. á þskj. 235, um læknisstyrk fyrir Kjósarbúa og aðra þar í grend. Nefndinni fanst þetta vera talsvert álitamál, en þar lá einnig annað mál fyrir sama eðlis, þ. e. um lækni til Ólafsfjarðar (brtt. 235,III), og ljet nefndin eitt og hið sama ganga út yfir báðar þessar brtt. Fjvn. leitaði álits um þessar till. báðar hjá landlækni, og áleit hann það t. d. ekki vera til neins, þótt fje fengist til þess að launa þennan lækni í Ólafsfirði, því að enginn læknir mundi fást til að fara þangað. Nú stæðu mörg betri — mjög sæmileg — læknishjeruð laus, sem enginn fengist til að sækja um. En hann játaði, að þörf væri þó að bæta eitthvað úr þessu, ef það væri hægt, og jeg vil því ekki beinlínis leggja á móti þessum brtt., ef hv. deild sýndist annað um þær, þrátt fyrir að fjvn. gæti eigi tekið þær upp. Það er svo ætíð um öll slík mál, að það verður erfitt að dæma þar í milli. Þeim, sem við þess háttar hjeruð eiga að búa, hættir jafnan við að lýsa þeim með alt of sterkum litum. Jeg neita því alls ekki, að það sje erfitt að ná í lækni í Ólafsfirði, en fjvn. hefir þó ekki orðið þess vör, að neitt stórtjón hafi hlotist af því ástandi, sem er á læknisskipun þar norður. Um lækninn í Hafnarfirði hefir nefndin heyrt það, að hann sje ófær til ferðalaga á hesti, og er það eina ástæðan fyrir þessari beiðni, en ókunnugt er nefndinni um, hvort þetta er með öllu rjett. Og ekki mun mjög mikið hafa verið gert að því að sækja lækni hingað til Reykjavíkur. Annars skal jeg fyrir mitt leyti ekki leggja sjerstaklega á móti þessu, og læt svo útrætt um það að sinni.

Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) talaði um ferðastyrk Ólafs læknis Lárussonar. Það lágu margar slíkar beiðnir fyrir fjvn., en hún gerði þær allar jafnar og tók enga þeirra upp. Að vísu hefir að undanförnu oftast verið í fjárlögunum styrkur til utanfarar handa læknum, en þar sem hann er ekki í gildandi fjárlögum, sá nefndin ekki ástæðu til að taka hann nú upp, og engar frekari ástæður mæla með því að veita þennan styrk en aðra, nema síður sje. Því sje það gert að fordæmi að veita styrkinn eftir á, getur hver læknir sem er siglt í því skyni.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) talaði fyrir lækninum í Ólafsfirði, en jeg var búinn að lýsa áliti fjvn. á því, og get jeg því slept að tala um það frekar. En þá er og brtt. frá sama hv. þm. um fjárveitingu til sjúkrahúss á Siglufirði. Fjvn. var kunnugt um, að þessi fjárbeiðni lá fyrir þinginu 1923, og þegar fjvn. nú leitaði til landlæknis um álit hans á ýmsum fjárveitingum, sem við komu læknaskipun og heilbrigðismálum, var þessi styrkbeiðni frá Siglufirði ekki komin fram. Bar það því ekki vott um mikinn áhuga hjá Siglfirðingum að hafa ekki hreyft þessu máli aftur fyr en þetta. Í öðru lagi munu áætlanir og teikningar til þessarar sjúkrahúsbyggingar hafa verið gerðar á árinu 1922, og eru þær því orðnar óábyggilegar

og þarf að breyta þeim á ýmsa lund. Og yfirleitt mun undirbúningur þessa máls ekki vera svo vel á veg kominn eins og krefjast ber og krafist er til þess að málaleitun þessi yrði tekin til greina. Fjársöfnun til þessa sjúkrahúss á Siglufirði er heldur ekki næg, þótt eitthvað hafi þegar safnast. Er það ekki svipað því nægilegt gegn því, sem krafist er af ríkissjóði, eftir venju í þeim efnum. Og enn má geta þess, að áætlun sú, sem bygt er á, myndi nú verða talsvert lægri, þar sem byggingarefni hefir nokkuð fallið í verði á þessum árum, og jafnvel vinnan líka. Fjvn. gat því ekki tekið þessa styrkbeiðni til greina, en samkvæmt till. landlæknis, sem sjerstaklega hefir látið uppi álit sitt um þetta mál, telur hann sjálfsagt, að þessi sjúkrahúsbygging verði tekin upp í fjárlög fyrir árið 1927. Mjer þykir rjett að taka það fram, að það virðist undarlegt, að undirbúningur þessa máls skuli ekki hafa verið betri en hann er, eins mikil þörf og þarna mun vera á því að koma upp sjúkrahúsi.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) vjek að því í upphafi ræðu sinnar, að það hefði verið óþarfi af mjer að draga gerðir fyrv. stjórnar inn í framsöguræðu mína. En með þeim ummælum mínum hafði jeg alls ekki í hyggju að færa neitt að hv. þm. (KlJ). En jeg sá það, þegar jeg athugaði nefndarálit fjvn. frá síðasta þingi, að í yfirlitinu þar, sem gert var af hv. þm. Str. (TrÞ), voru sundurliðaðar hækkanir á lögbundnum liðum frá öðrum hækkunum. Jeg hafði nú ekki gert þetta í yfirlitinu nú, og því taldi jeg rjett að taka það fram, og stendur það því algerlega fyrir minn reikning. Í sjálfu sjer er það ekki það mikilsverðasta af breytingum í þeim efnum, þó núv. fjármálaráðherra hafi á þennan hátt gert fjárlagafrv. betur úr garði, því að meðferð nefndarinnar á því í fyrra hefði átt að geta kent þar hverjum ráðherra sem var. Enda veit hv. þm. það, að mjer er ekki gjarnt að æsa upp flokkarig í ræðum, því að jeg tel málsatriðin eiga að vera þar einasta umtalsefni.

Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) talaði um tekjuáætlanir fjvn. og taldi þar gæta fullmikils bjartsýnis, en jeg þykist ekki þurfa að verja gerðir fjvn. í þessu efni frekar en jeg hefi þegar gert. Hinu er jeg honum samdóma um, að þegar framkvæmdirnar eru ekki áætlaðar meiri en hjer er, sje óhæfilega mikið fje, sem fer til skólahalds. Og jeg er sömuleiðis hv. þm. þakklátur fyrir, hvernig hann lítur á ýmsar hækkunartillögur, enda hefir hann ávalt verið góður liðsmaður, þar sem um hefir verið að ræða að halda útgjöldunum í skefjum.

Hvað snertir ræðu hæstv. atvrh. (MG), þá þarf jeg ekki neitt að athuga þar sjerstaklega, þar eð mjer virtist hann frekar vera samþykkur þeim brtt. fjvn., sem honum koma við.

Hvað áhrærir afstöðu fjvn. til þeirra brtt., sem komið hafa við 13. gr. fjárl.-frv., mun jeg jafnframt lýsa afstöðu nefndarinnar til þeirra og jeg svara hv. flm. þeirra. Annars virðist mjer hæstv. ráðh. líta velvildaraugum á flestar þessar brtt.

Hv. þm. Dala. (BJ) vjek nokkrum orðum til mín og fjvn. í annari ræðu sinni, um brtt. hans um Vesturlandsveginn, og get jeg vitnað til þess, sem jeg sagði í framsöguræðu minni um það efni. Þá vil jeg heldur ekki þrátta við hv. þm. Dala. um það, sem hann segir um skýrsluna um kostnað við vitana. Það er ekki rjett,

að vitarnir sjeu ekki taldir meðal eigna ríkissjóðs, en samkvæmt ummælum vitamálastjóra er ekki eins mikil eign í þeim eins og háttv. þm. kunna að vænta. Vitamálastjóri segir þá suma mjög svo úrelta og lítils virði, og nefndi t. d. vitann á Siglunesi, sem notaðist við tæki, sem væru um 50 ára gömul eða meira. Það sjeu ekki svo fáir vitar, sem þurfi mikillar aðgerðar við. Hvað viðvíkur því, að of lítið fje sje ætlað til viðhalds vega, er því að svara, að fjvn. telur eftir tillögum vegamálastjóra þessa upphæð næga, og þó að hún hafi hækkað þennan lið um 5 þús. kr., svo að hann er nú orðinn 180 þús. kr., þá er það til sjerstakra viðgerða, sem ekki var búist við á þessu ári. Og samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra má vænta þess, að þessi liður hækki á næstu árum upp í 200 þús. kr., en þá verða líka fleiri vegir komnir undir viðhald ríkissjóðs. En eins og nú stendur er þetta nægileg upphæð.

Þá vík jeg að loftskeytastöðinni; hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um að fá umboð þingsins til að auka við loftskeytastöðina, ef samningar næðust ekki við Stóra norræna. Hvaða leið, sem hæstv. stjórn kann að fara í því máli, hygg jeg, að þetta ætti að nægja, að fá þannig löguð ákvæði inn í fjárlögin; en finnist hæstv. fjrh. ástæða til þess að fá frekara umboð frá þingsins hálfu, er það auðvitað ekki athugavert frá hálfu fjvn.

Háttv. þm. Dala. ber fram brtt. um 45 þús. kr. til sendiherrahalds í Kaupmannahöfn, og þó að þetta eigi í sjálfu sjer talsverðan rjett á sjer, er þó á hitt að líta, að síðasta þing feldi burtu fjárveiting til þessa embættis, vegna þess að það áleit, að komast mætti af með að láta þann mann fara með umboðsstörf vor, sem nú hefir þau á hendi. Síðasta þing lýsti því yfir, að það hefði hið besta traust á þeim manni til að leysa þessi störf sómasamlega af hendi, og jeg hygg, að þetta hafi reynst rjett. Nú veit jeg ekki til, að neitt það hafi borið við, sem ósanni þetta álit síðasta þings á hr. Jóni Krabbe, og jeg hefi hvergi orðið var við umkvartanir yfir því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum. Sje þetta svo, þá finst mjer hálfóviðkunnanlegt að fara að breyta strax aftur því, sem gert var fyrir ári síðan. Þá var það skoðun margra hv. þm., að það væri í raun og veru nauðsynlegt að fella niður þessa fjárveitingu vegna örðugleika á fjárhag ríkisins, og fjvn. getur ekki sjeð annað en að mjög svipaðar kringumstæður sjeu ennþá ríkjandi að því er fjárhaginn snertir. Og án þess að vilja sjerstaklega mæla á móti nauðsyn þess að hafa sendiherra erlendis, held jeg mjer þó við það, sem ákveðið var í fyrra um þetta, og legg til, að við svo búið verði látið sitja, að minsta kosti þetta árið. Um hitt er jeg ekki svo fróður, að jeg treysti mjer að rökræða, hvort sendiherrar sjeu svo nauðsynlegir, að ekki verði komist af án þess að hafa þá, enda kemur það þessu máli minna við, þegar rætt er um það eitt, hvort haldið skuli við stefnu síðasta þings eða ekki. Hv. þm. Dala. kvaðst vænta, að nú yrði kapphlaup milli flokkanna hjer á þinginu um það að hrinda þessu máli í það horf, sem hann leggur til, að verði gert. Jeg álít fremur, að kappið verði á hina hliðina, að fella þessa brtt. hv. þm. Dala., eða þá að flokkarnir keppist hvor við annan um að taka þetta mál upp eða fella það niður aftur, eftir því, hver þeirra hefir völdin í það sinnið, og alla slíka kepni um þetta mál tel jeg mjög óheppilega. *(BJ:* Hví byrjar þá hv. þm.

V.-Húnv. (ÞórJ) fyrstur á þessu „óheppilega“ kapphlaupi?). Jeg er ekki að byrja neitt kapphlaup; jeg er að gera hið gagnstæða, — að vara við því, að hlaupið verði í kapp um þetta mál, en jeg er sömu skoðunar um það og jeg var í fyrra og álít þm. óhætt að fresta þessari fjárveitingu um eitt ár ennþá að minsta kosti.

Háttv. þm. Dala. vjek að einhverjum orðum Knud Berlins um þetta mál. Jeg man ekki eftir, að háttv. þm. hafi til þessa tekið svo mikið mark á orðum K. Berlins eða tillögum, enda hygg jeg, að sá maður hafi ekki verið svo hollur í garð okkar Íslendinga, að ástæða sje til þess að hafa hann að miklu marki. Hitt má vel vera, að Berlin fái því til vegar komið, að Danir kalli sendiherra sinn á burt hjeðan, og verði þá ekki við því gert. En ekki sýndist fara neitt vel á því, að við sendum okkar út, er þeir tækju sinn heim. Eitt af því, sem háttv. þm. Dala. sagði um sendiherra, var í þá átt, að mjög væri vandfarið með slíka menn. Hann sagði meðal annars, að það gæti oltið á mörgum miljónum fyrir okkur, að sendiherrann færi sendiferðir fyrir stjórnina á rjettum tíma. Þetta er atriði, sem stjórnin verður að bera ábyrgð á. En sje þetta rjett, þá sýnist geta orðið stórskaði jöfnum höndum, hvort sem sendiherrann er til eða ekki, og verður þá vant að gera þar upp á milli. Jeg hygg þá betra að hafa engan sendiherra en að eiga þess háttar mistök á hættu.

Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) talaði um álit sjútvn. um vitabyggingar og nefndi vita, sem hann taldi meiri þörf vera á að byggja heldur en landtökuvitann. Jeg hefi áður getið um erindi þessu viðvíkjandi frá nokkrum þm., sem lá fyrir nefndinni; en jeg tek það aftur fram, að fjvn. lætur það laust og óbundið, hvað stjórnin gerir í þessu efni. Þó fjvn. hafi mælt með, að byrja ætti á landtökuvitanum á Dyrhólaey, getur stjórnin samt notað þetta fje á hvern háttinn, sem hún kýs heldur.

Þá var og brtt. þessa sama hv. þm. um endurgreiðslu til sjúkrahússins á Ísafirði á verðtolli á ýmsu til sjúkrahússins. Þetta kom að vísu fyrir nefndina, en því fylgdu engar upplýsingar um málið. Það var aðeins farið fram á að fá þessa upphæð endurgreidda. Þar sem þetta lá þannig fyrir og stjórnin áleit þetta vera sjer óviðkomandi, sá nefndin ekki ástæðu til að sinna því, enda var þessi verðtollur innheimtur eftir gildandi lögum. Ekki vissi nefndin heldur nema hjer gæti verið að ræða um aðra en sjúkrahúsið sjálft, sem nytu eftirgjafarinnar.

Háttv. 2. þm. Árn. (JörB) hefir mælt með brtt. sinni um hækkun á styrk til umbúðasmiðs. Nefndin hefir gengið inn á, að rjett sje að styrkja þetta fyrirtæki, en hvort hún hefir gengið nægilega langt, verður altaf deilt um; annars er hjer um svo lítið að ræða, að ekki tekur umþráttun.

Þá er brtt. hv. sama þm. um Biskupstungnabrautina. Hún er frá mínu sjónarmiði hliðstæð Vaðlaheiðarveginum, sem nefndin tók upp. Vegamálastjóri taldi og báða þessa vegi hliðstæða; hann lagði ekki til, að þeir yrðu teknir upp í fjárlögin, en setti báða í 1. flokk vega, sem vinna ætti að á næstu árum og taka upp í fjárlög 1927. Hjer er líka um svo litla upphæð að ræða, sem ekki mundi hrökkva nema til stuttrar bæjarleiðar.

Þegar þess er gætt, að 14 km. kosta 130 þús kr., sýnist lítill ávinningur fyrir

hjeraðið, þó að það fái 10 þúsund í veginn nú, hjá því að fá þá stærri upphæð síðar. Annars er það stefna að minsta kosti meiri hluta fjvn., að fara sem mest eftir áliti og tillögum vegamálastjóra og taka ekkert nýtt upp, sem hann hefir ekki lagt til.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) mintist á tekjuáætlunina og þótti hún enn of lág. Um það skal jeg ekkert þrátta, og væri gott ef það rættist, að hún væri of lág. En spursmál er, hvort þær vonir eigi að leiða þingmenn til þess að taka upp fleiri fjárveitingar en fjvn. leggur til.

Tillaga háttv. 3. þm. Reykv. um framlag til byggingar landsspítala er há, og getur ekki eftir eðli sínu verið öðruvísi en há. En hvað sem um það er, þá er síður en svo, að nefndin viðurkenni ekki, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða, þó að hún hinsvegar sjái sjer ekki fært að leggja til, að þetta fje verði veitt í þetta sinn. Líka hafði nefndin heyrt, að fje það, sem safnast hefir til landsspítalans, ætti ekki að nota til að byggja hann með, heldur til annars, þegar hann væri kominn upp. En nú hefir háttv. þm. upplýst, að fje þetta eigi að nota til byggingarinnar með tilskildu framlagi frá ríkissjóði.

Að nefndin treystir sjer ekki til að leggja með fjárveitingu þessari, er í og með fyrir þá sök, að nú um langt skeið hefir heilbrigðisstjórnin talið, að viðbótarbygging við geðveikrahælið á Kleppi ætti að sitja fyrir öllum framkvæmdum á því sviði, því að þar væri þörfin mest. Nauðsyn þessi byggist á því, að það er þegar orðið ókleift fyrir sum hjeruð að kosta sjúklinga, sem komast þurfa á Klepp. Þannig eru til dæmi, sem jeg þekki, að borga hefir þurft upp að 30 kr. á dag með einum sjúklingi, sem ekki var hægt að fá rúm fyrir á Kleppi. Með þessu móti þarf því ekki nema einn sjúkling til þess að gera heilt sveitarfjelag ósjálfbjarga, ef ekki verður úr þessu bætt.

Af þessum ástæðum áleit nefndin því, að ekki gæti til mála komið að veita fje til nokkurra sjúkrahúsbygginga á undan Kleppsspítala. En nú lá ekki einu sinni fyrir nefndinni beiðni um fje til þess, og stjórnin hafði ekki treyst sjer til að taka það inn í fjárlagafrv.

Eins vil jeg geta þess, að komin er fram í þinginu þáltill. í þessa átt, þar sem Kleppsspítali er tekinn jafnframt. Er þar bygt á því, sem heilbrigðisstjórnin hefir marglýst yfir, að viðbótarbyggingin við Kleppsspítala eigi að ganga fyrir öllum slíkum byggingum. Mætti því vel bíða og sjá, hvernig henni reiðir af.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) þarf jeg litlu að svara. Till. hans lá ekki fyrir nefndinni, og því hefir hún engar ákvarðanir um hana getað tekið. Taki háttv. þm. hana því ekki aftur nú, greiðir hver nefndarmanna atkvæði um hana eftir því, sem hann lítur á.

Þá kem jeg að háttv. þm. V.-Sk. (JK). Hann gerði fyrirspurn til nefndarinnar um það, hvor ekki mætti skoða upphæðina til læknisbústaðarins í Vík sem áætlunarupphæð. Þessu svara jeg fyrir hönd nefndarinnar neitandi, því að hún hefir sett upphæðina eftir því, sem telja mátti hæfilegt til þess að koma upp læknisbústað og sjúkraskýli fyrir. Hvað snertir kostnaðaráætlun um byggingu sjúkraskýlanna á Hjaltastað og Vík í Mýrdal, þá hefir landlæknir fallist á hana með þeirri athugasemd, að þar sje alt miðað við Reykjavíkurverð. Nefndinni þótti

hún því of há, vegna þessa. Hefir hún því dregið frá upphæðinni, sem upphaflega var 27000 kr., 3000 kr., af því að henni er fullkunnugt um, að vinnulaun o. fl. er að miklum mun ódýrara upp til sveita heldur en hjer í Reykjavík. Og einnig hefir byggingarefni lækkað í verði síðan áætlunin var gerð.

Telur hún því fyllilega trygt, að þessar upphæðir geti ekki reynst of lágar.

Nefndin hefir því aldrei ætlast til, að þessar upphæðir væru áætlunarupphæðir. Síður en svo. Og vill nefndin með þessu stuðla að því, að allar áætlanir sjeu gerðar eins ábyggilegar eins og hægt er. Er hún því eindregið á móti öllum kröfum, sem koma eftir á um viðbótarstyrki, þegar búið er að byggja.

Því að ef tekin væri upp sú stefna að greiða slíkar kröfur, mundu margar beiðnir koma, sem erfitt yrði að gera sjer grein fyrir, hvort fullan rjett ættu á sjer.

Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mintist á till. sína um styrk til þess að halda uppi gistingu fyrir ferðamenn á Arngerðareyri. Nefndin leit öðruvísi á þessa beiðni en ýmsar aðrar, sem telja má hliðstæðar. Það hefir að vísu verið venja að veita sáralitla viðurkenningu þar, sem svo hefir hagað til, að nauðsyn hefir verið á að halda uppi gististað. En jeg skal ekkert um það segja, nema gengið hafi verið of langt í því. Það er vitanlega alveg satt, að á Arngerðareyri er endastöð Djúpbátsins, og þangað koma því margir. En þar sem þar er nú verslunarstaður, bæði kaupfjelag og önnur verslun, er mjög líklegt, að þar rísi upp fleiri hús, sem ferðamenn geti einnig fengið gistingu í. Einnig gæti komið til greina, ef mjög mikill ferðamannastraumur er þarna, að þá rísi þar upp hreint og beint gistihús. Nefndin getur því ekki fallist á að mæla með till. þessari. Hinsvegar leit hún svo á, að gististaðurinn þarna ætti að vera undir Þorskafjarðarheiði, því að það er fjölfarinn fjallvegur, og vilja því ferðamenn, sem ætla yfir hana, helst komast sem næst henni, heldur en gista á Arngerðareyri. Með því stytta þeir töluvert dagleiðina yfir heiðina. Af þessum ástæðum fanst nefndinni þessi beiðni ekki vera fullkomlega hliðstæð öðrum þesskonar beiðnum.

Þá kem jeg að háttv. þm. Ak. (BL). Hann biður um styrk til þess að koma upp heilsuhæli fyrir berklaveikt fólk norðanlands. Það er svo með þessa till. eins og hinar aðrar stærri tillögur, að nefndin getur ekki mælt með henni, af þeim ástæðum, sem þegar hafa verið teknar fram gegn till. háttv. 3. þingm. Reykv. (JakM) um fje til byggingar landsspítala í Reykjavík. Nefndin viðurkennir eigi að síður, að hjer sje mikið nauðsynjamál á ferðinni, en vill fresta því þangað til betur árar, því að henni virðist, að á engan hátt sje erfiðara þarna í þessu efni en annarstaðar.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast á álit norðlenskra lækna um nauðsyn heilsuhælisins. Þeir játa vitanlega allir, að einum undanteknum, að nauðsyn sje á að fá hælið. En þessi eini þeirra telur, að sjúkrahúsin í hjeruðunum eigi að sitja fyrir. Þessi læknir er Jónas Kristjánsson á Sauðárkróki, sem hiklaust mun mega telja einn fremsta lækni norðanlands. Þetta gefur mjer tilefni til að minnast á það, sem lengi hefir fyrir mjer vakað, og er álit margra góðra lækna, að sjúkrahúsin í hjeruðunum eigi að ganga fyrir öllu. Þau eigi að stækka og fullkomna svo, að ekki gerist þörf að leita út fyrir hjeruðin með sjúklingana. Vinst

þar margt við, og sjerstaklega er það fjárhagslegur styrkur fyrir hjeruðin.

Það er vitanlega rjett, að eins og sakir standa nú eru tæringarsjúklingar meira og minna í hverju sjúkrahúsi. Yrðu þeir því hinir fyrstu sjúklingar, er kæmu í þetta heilsuhæli. Það má sjálfsagt gera ráð fyrir, að þeir fengju að einhverju leyti betri aðbúnað en hægt er að veita þeim í sjúkrahúsunum nú. En hitt er ekki hægt að staðhæfa, að það, eftir þeirri reynslu sem fengin er, skifti svo miklu máli, að knýjandi nauðsyn sje að koma hælinu upp á næsta ári. Að öllu þessu athuguðu og ennfremur því, að undirbúningur er hjer ekki eins góður og æskilegt væri, treystir nefndin sjer ekki til að mæla með því, að þessi fjárhæð verði veitt.

Þá talaði hv. flm. till. (BL) um, að tilvonandi læknir við hælið mundi geta þjónað næstliggjandi hreppum. Jeg er vitanlega ókunnugur þarna norður frá, en ólíklegt þykir mjer það, því að jeg býst við, að hann hafi nógu mikið starf við hælið, og geti því alls ekki þjónað öðrum hjeruðum.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) vjek máli sínu til mín. Fyrst mintist hann á verðtallinn og vildi gefa mjer sök á því, hvernig hann væri. En það var einmitt hv. þm. sjálfur, sem kom glundroðanum á um það, hve lengi hann skyldi gilda. Hann setti og út á það, að jeg hefði sagt, að þjóðin væri samþykk þessari tollhækkun. Þetta getur hv. þm. ekki vefengt. Því hvarvetna þar, sem jeg þekki til, er þjóðin ánægð með stefnu síðasta þings í fjármálum. Óánægjan með verðtollinn er því ekki fólgin í því, að hann þyki ósanngjarn sem tollur, heldur hinu, að framkvæmd á innheimtu tollsins hafa margir felt sig illa við, sem liggur aðallega í því, að þær vörutegundir eru ekki taldar sjerstaklega upp, sem hann hvílir á, eða þá þær taldar upp, sem hann hvílir ekki á. Jeg býst því við, að jeg hafi farið þarna með meiri þjóðarsannleika en hann.

Háttv. þm. Str. (TrÞ), meðnefndarmaður minn, á hjer eina brtt., um húsabótastyrk til ábúandans í Grænumýrartungu, sakir gestnauðar. Meiri hl. nefndarinnar gat ekki aðhylst þessa tillögu, af þeim ástæðum, sem hjer skal greina. Það er aldrei nema rjett, sem pósturinn tekur fram í meðmælum með umsókninni, að það sje gott að geta hvílt sig og hesta sína í Grænumýrartungu. En aftur á móti tekur hann ekki fram, að hann hafi gist þar nema einusinni á 20 árum. Þetta sýnir ljóslega, að gistingarstaðar er þar ekki þörf, enda er stutt þaðan til ágætra bæja, t. d. Hrútatungu, Staðar, Mela og Óspaksstaða, sem pósturinn venjulega gistir á. Alt öðru máli er að gegna með gistingarstaðinn fyrir sunnan Holtavörðuheiði. Ef beiðni hefði því legið fyrir þaðan, myndi nefndin hafa orðið hikandi, því að þaðan er bæði löng og torfarin leið til næsta bæjar. Þarf því ekki að vera vont veður til þess, að ófært sje fyrir ferðamenn að komast lengra, enda gista flestir þar.

Háttv. flm. till. (TrÞ) gat þess, að það myndi vera efnalítill maður, sem byggi þarna. Inn á það vil jeg ekkert fara. En jeg hefi heyrt, að það væri duglegur maður við sæmileg efni. Meiri hl. nefndarinnar getur því ekki fallist á, að þarna sje svo brýn nauðsyn að hafa gististað, að veita eigi fje úr ríkissjóði til þess.

Þá á jeg aðeins eftir hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Honum þarf jeg litlu að svara. Nefndin hefir enga símalínu tekið upp. Og línan sem hann vill taka upp, frá Mýrum að Núpi, er einu sinni ekki í

símalögunum. En þrátt fyrir þetta hefir nefndin óbundin atkvæði um tillöguna, og skal jeg ekki frá mínu sjónarmiði hafa frekar á móti henni.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að samgöngumálanefnd. Fjvn. vissi ekkert um starf hennar viðvíkjandi samgöngum á sjó, og bjóst því ekki við tillögum frá henni fyr en við 3. umr. Jeg hefi því ekki nægilega sett mig inn í þessar tillögur, enda var það venja, að fjvn. væru sendar þær til umsagnar um fjárhagsatriðin. Það hefir líka orðið venjan á síðustu þingum, að samgöngumálanefnd hefir öll verið klofin og ósammála, og er því meiri ástæða þar fyrir að athuga vel tillögur hennar. Jeg hefði því fyrir mitt leyti ekki óskað atkvgr. fyr en við 3. umr.

Frsm. samgmn. (Sveinn Ólafsson): Nokkrir þm. hafa vikið að áliti samgmn. á þskj. 242, og einkum á þann veg, að setja út á tillögur hennar. Þessi ummæli komu einkum fram frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og nú síðast frá tveim nefndarmönnum, sem eigi eru henni sammála og fyrirvara gerðu.

Áður en jeg svara þessum aðfinslum, vildi jeg segja nokkur orð um samgöngur á sjó, eða strandferðirnar yfirleitt, að gefnu tilefni. Í nál. er ekki að þessu vikið, nema um flóabáta og fjárframlagið til Esju. Um Esjuferðirnar að öðru leyti ekkert talað.

Það er öllum kunnugt, að afturför hefir orðið mikil í strandferðum síðustu árin. Frá því fyrir aldamót og fram til stríðsbyrjunar komu strandferðaskip við á sæmilegum höfnum umhverfis landið með hálfsmánaðar millibili. Nú í seinni tíð er slíks enginn kostur, þótt reynt hafi verið að bæta úr skák með fjárveitingum til flóabáta á erfiðustu stöðunum.

Þegar á það er litið, að viðkomur skipa voru svona tíðar á því tímabili, sem jeg nefndi, þá er ekki furða, þótt þeim hafi brugðið illa við, sem nú eiga ekki kost á viðkomum eða póstflutningi nema á 5—6 vikna fresti. Afleiðingarnar eru líka augljósar. Fólkið streymir úr sveitunum til kaupstaðanna, vegna þess, að það unir eigi einangruninni og nýtur sín hvorki andlega eða efnalega hennar vegna.

Jeg þekki ekkert mál, sem ber eins oft á góma í hjeruðunum einangruðu eins og samgöngumálin. Þar heyrast sífeldar kvartanir og sífeldar óskir um endurbættar samgöngur. Jeg hefi að vísu oft heyrt því fleygt hjer athugalítið af þeim, sem við góðar samgöngur búa, að fólk hefði annað þarfara að gera að sumrinu en að vera að ferðast landshornanna á milli með strandferðaskipum. Með þessu reyna margir að sannfæra sjálfa sig og aðra um það, að ekki sje þörf á bættum samgöngum. En sannfæringarkraftur þessara manna nær engum tökum á fólkinu. Það flýr sveitirnar alt að einu, vegna einangrunarinnar.

Um fólksstrauminn úr sveitunum til sjávar er talað eins og böl, og það er hann í öllu tilliti, ef rjett er á litið. En jeg sje ekkert ráð líklegra til að aftra landauðn sumra sveitanna en að koma þeim með bættum samgöngum inn í straum viðskiftanna og samstarfsins.

Mjer flaug þetta í hug í gær, þegar hv. þm. Mýra. og Borgf. (PÞ og PO) voru að finna að þeim till. samgmn., að skip það, sem undanfarið hefir annast ferðir í Borgarnes, ætti að taka einnig að sjer nokkrar ferðir á næsta flóa, t. d. Breiðafjörð, og tengja saman alt svæðið frá Látrabjargi að Reykjanesi. Borgfirðingar hafa undanfarið átt við vikulegar ferðir að búa, og þessi andstaða þessara

tveggja hv. þm. bendir einmitt á það, hve nauðsynlegt og æskilegt sje að hafa svo tíðar ferðir. Þeir óttast, að ferðunum í Borgarnes fækki, ef Suðurland annast einnig ferðir í Breiðafjörð, og því finst þeim varhugavert að aðhyllast till. nefndarinnar.

Út af þessu vil jeg benda á, að leiðin frá Reykjavík upp í Borgarnes er ekki nema ca. 28 sjómílur, eða vökusigling fyrir sæmilega hraðskreið skip. Það virðist því vera hægðarleikur að halda uppi vikulegum ferðum milli þessara staða, enda þótt skipið annist einnig ferðir á Breiðafjörð. Leiðin vestur til Búðardals mun vera 120 sjómílur og til Króksfjarðarness 140—150 sjómílur. Þessi leið er því ekki nema 4—5 vökusiglingar. Ef gert er ráð fyrir, að leiðin fram og aftur sje 300 sjómílur og að komið verði við á helstu höfnum, mundi ferðin taka 3—4 sólarhringa. Ferðir til Króksfjarðarness og Búðardals þyrftu sennilega ekki að vera mjög margar, og að öllu athuguðu finst mjer, að skipinu sje alls ekki ofætlun að fara þessar ferðir vestur, eins þótt það á hverri viku færi eina ferð til Borgarness. En auðvitað verður að hafa nýtilegt skip til þeirra ferða. Ef gott skip fæst, gætu þessar ferðir orðið ódýrar og hagkvæmar, ef áætlun er gerð með hvorntveggja flóann fyrir augum, svo að ekki reki sig hver áætlunin á aðra.

Hv. þm. Borgf. (PO) taldi, að ekki myndi vera heppilegt, að sama skip annaðist ferðir á báðum flóum. Benti hann til þess, að Suðurland hefði ekki treyst sjer til að taka við ferðum á Breiðafirði nú nýlega, er reynt var að semja um þær.

Jeg held, að það hafi hvergi komið fram, að Suðurland hafi ekki treyst sjer til að annast ferðirnar. Hitt kom fram, að áætlun, sem búið var að birta um Borgarnesferðir, hlaut að haggast við ferðir til Breiðafjarðar, af því, að hvorttveggja var ekki fyrir augum haft í upphafi. Jeg efa ekki, að úr þessu mætti bæta með því að semja áætlun í einu lagi.

Hv. þm. Borgf. (PO) lýsti nú reyndar yfir því, að hann teldi þessa breytingu æskilega, ef hún reyndist hagkvæm. Jeg veit, að hún verður það. Fólk, sem býr við báða flóa, fær betri ferðir og betra tækifæri til að kynnast og eiga margháttuð viðskifti, og hagsmunirnir af því eru ómetanlegir. Auk þess mundi á þennan hátt ráðið heppilega fram úr Breiðafjarðarferðum, sem áður hefir eigi tekist.

Hv. sami þm. fann að till. nefndarinnar um skiftingu á smábátastyrknum, einkum till. um veitingu til Hvalfjarðar-, Rauðasands- og Lagarfljótsbátanna. Jeg get ekki sjeð, að till. nefndarinnar í þessu efni sje ósanngjarnleg. Samanburður á milli Hvalfjarðarbáts og Lagarfljótsbátsins á tæplega við. Þótt færra fólk búi við Lagarfljót en Hvalfjörð, verður að gæta þess, að þetta fólk á við langtum meiri samgönguörðugleika að etja. Áður en hægt er að nota bátinn á Lagarfljóti, verður að flytja varning allan um 35 km. á landi. *(PO:* Eru þá engir landflutningar frá Hvalfirði?). Og auk þess eru fyrir mörgum langir landflutningar, er bátnum sleppir. Landflutningar eru auðvitað við Hvalfjörð líka, en miklu minni, og leiðin sjálf hjeðan inn í Hvalfjörð lítið lengri en sá spölur, sem flutt verður eftir Lagarfljóti. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) mintist á till. samgmn. og taldi rjettast að fresta þeim til 3. umr. Að vísu skiftir það litlu máli, hvort þeim verður frestað, en þó

er gott að sjá við væntanlega atkvgr., hvers má vænta um brtt., er kunna að koma fram síðar. Þá mintist og hv. frsm. (ÞórJ) á, að það heyrði í rauninni undir fjvn. að fara með þessi mál. Það geta þó orðið skiftar skoðanir um það, og mætti þá eins hugsa sjer, að hún tæki við öllum málum, sem fjárhaginn snerta. Venjan hefir verið sú, að láta sjerstaka nefnd fást við mál eins og þessi, til að ljetta störfum af fjvn. En hvað sem um það er, munu till. samgmn. koma undir atkv. að þessu sinni.

Bernharð Stefánsson: Jeg gat þess við fyrri hluta þessarar umræðu, að þótt jeg væri meðflm. að brtt. á þskj. 235, sem fer fram á fjárveitingu til heilsuhælis á Norðurlandi, þá myndi jeg að líkindum ekki tala fyrir henni, þar sem fyrsti flm. hennar myndi gera það. Nú hefir hann og gert það, og vildi jeg aðeins undirstrika það, sem hann sagði.

Hann sýndi fram á, hvílíkur áhugi væri vaknaður norðanlands fyrir máli þessu, eins og sæist á því, að menn legðu fram stórfje í þessu skyni, þrátt fyrir aðrar þarfir. Hann sýndi og fram á, að þörfin væri svo brýn, að ekki væri hægt að komast hjá að bæta úr henni. Jeg vildi aðeins bæta því við, að úr því að berklavarnalögin leggja berklasjúklingum þá skyldu á herðar að fara í heilsuhæli eða sjúkrahús, verður hið opinbera einnig að sjá sjúklingunum fyrir slíkum stað. Sjúkrahúsið á Akureyri er fult af berklasjúklingum, sem alls ekki ættu að vera þar, en hins vegar bíða sjúklingar eftir uppskurði og komast ekki að. Sjá allir, að við svo búið má ekki standa.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nokkuð vikið að þessu máli í sambandi við landsspítalamálið. Hann gat þess, að frá sínu sjónarmiði væri lántaka í þessu augnamiði öldungis útilokuð, en benti á það, að ef mönnum sýndist, þá mætti taka til þess varasjóð landsverslunarinnar, ef þingið vildi leggja hana niður. Jeg skal nú ekki fullyrða neitt um það, hvort það sje rjett hjá hæstv. fjrh., að ómögulegt sje að veita fje til heilsuhælis Norðurlands án þess að taka til alveg sjerstakra ráða. En þó að svo væri, að til þess þyrfti að útvega fje á annan hátt en með hinum venjulegu tekjum, þá munu margir álíta, að ekki sje heppilegt að taka til þess varasjóð landsverslunar, með öðrum orðum: að taka eign stofnunar, sem gefur og gefið hefir miklar tekjur í ríkissjóð. Annars tek jeg það fram, að það er ekki ætlun mín með þessu að vekja neinar umræður um það mál. Jeg býst við því, að tekjuhlið fjárlaganna sje svo lágt og gætilega áætluð, að ástæða sje til þess að vona, að þó að þessum styrk til Heilsuhælisfjelags Norðurlands sje bætt við gjöldin, þá þurfi samt ekki neina sjerstaka tekjuhækkun á árinu 1926. En svo er líka annað: þó að jeg sje sammála hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að æskilegt sje að borga sem fyrst lausaskuldir ríkissjóðs, og til þess eru nú ætlaðar 600 þús. kr. í frv., þá álít jeg, að þörfin á heilsuhælinu sje svo brýn, að ekki sje horfandi í það að veita þetta fje, og borga þá þeirri upphæð minna af lausaskuldunum. Enda má kalla sæmilegt að greiða afborgun og vexti af samningsbundnum skuldum og að auk ½ miljón kr. af lausum skuldum. En það væri hægt, þó að *þessi* till. væri samþykt. Og þessa hlið fjárlaganna verður að sjálfsögðu tækifæri til að athuga frekar við síðari umræður hjer. En heilsu-

hæli Norðurlands má til að komast upp nú. Frá því er ekkert undanfæri lengur, og því vildi jeg enn undirstrika það, sem hv. þm. Ak. (BL) sagði um það mál.

Jeg þarf ekki að svara hv. frsm. (ÞórJ) neinu að því er kemur til þeirra brtt., er jeg flyt hjer. Honum fórust yfirleitt vinsamlega orð um þær. Þó ljet hann svo ummælt um styrkinn til læknis í Ólafsfirði, að nefndin gæti ekki mælt með honum. Gat hann þess, að landlæknir hefði látið í ljós við nefndina, að enginn læknir mundi fást til þess að fara í Ólafsfjörð. Ef þetta reynist rjett, þá eru því minni útlát þó að till. sje samþykt, því að auðvitað þarf þá ekki til fjárins að taka. En jeg hygg nú, að landlæknir geti ekkert um þetta vitað. Og jeg held, að það sje einmitt þó nokkur von, að læknir fáist þangað, ef hægt er að láta hann hafa 5 þús. kr. laun.

Háttv. frsm. gat þess hvað snerti erfiðleikana við að sækja lækni í Ólafsfjörð, að þeir mundu vera málaðir með fullsterkum litum. En jeg fullyrði það, að jeg skýrði blátt áfram frá ástæðum, án þess að mála það með sterkari litum en rjett er. Það er sagt, að glögt sje gestsaugað. Jeg hefi ekki komið í Ólafsfjörð nema einusinni. Það var nú í haust. Og það, sem einna fyrst vakti athygli mína gagnvart þessari sveit, var það, hversu erfitt og oftlega ómögulegt það væri að ná í lækni þaðan.

Hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að nefndinni væri ekki kunnugt um dæmi til þess, að þessir erfiðleikar á læknisvitjun hefðu komið að mikilli sök. Það getur verið, að hv. fjvn. sje ekki kunnugt um það, en jeg veit, að svo er, enda er skýrt frá því í brjefi frá oddvita hreppsins, sem hjer liggur frammi. Það er alment álit þar í firðinum, og auk heldur fullkomin vissa fyrir því, að a. m. k. tveir menn hafa þar beðið bana af því, að ekki náðist tíma til læknis.

Viðvíkjandi styrknum til sjúkrahús byggingar á Siglufirði hefi jeg fátt a segja.

Hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að nefndinn hefði ekki þótt málið nógu undirbúið. Þa kann að vera, að þar sje í einhverj áfátt. En þó veit jeg, að til er bæði upp dráttur að húsinu og áætlun um kostna við byggingu þess. Einhver skaut þv fram, að áætlun þessi væri ekki ný. E jeg held ekki, að verðlag hafi breyst sv ákaflega mikið á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan áætlunin var gerð, a það nemi nokkru. En það, sem mje skildist að hv. fjvn. hefði mest að athuga var það, að ekki væri til nægilegt fje ti þess að leggja fram á móti ríkissjóðstil laginu. Jeg hygg, að það sje tekið fran í skjölum, sem hv. nefnd hefir haft undi höndum, að til er á Siglufirði allmikil sjóður, er safnast hefir í þessu augna miði, 45 þús. kr. Og jeg skil ekki annað en að Siglufjarðarkaupstaður muni hafa nægileg ráð til að leggja fram 15 þús kr. í viðbót, svo að svari ⅔ móti ríkis sjóði. Þó þetta fje sje ekki nú á þessu augnabliki í kassanum, þá er það harla veigalítil ástæða. En að einu leyti gæt jeg þó unað sæmilega vel við svör háttv fjvn. hvað snertir þetta mál, því að ræðu hv. frsm. (ÞórJ) kom það fram, að þó nefndin sæi sjer ekki fært að mæla með þessari fjárveitingu í þessum fjárlögum, þá teldi hún þó, að sjúkrahús á Siglufirði ætti að ganga fyrir næst með styrkveitingu úr ríkissjóði. Þetta tek jeg svo, að fjárveiting þessi eigi þá að koma í næstu fjárlögum. Og jeg vil mega treysta því, ef till. verður feld nú, þá standi hún á næsta ári í frv. stjórnarinnar og

verði samþykt mótmælalaust af þinginu. Jeg er þá ekki svo sjerlega óánægður, þó að þetta dragist eitt ár, ef vissa er fyrir fjárveitingu næsta ár.

Í fyrri ræðu minni hafði jeg ekki tíma til að minnast á eitt atriði, sem jeg vildi þó drepa á, viðvíkjandi fjárveitingu til vegagerða. Það gladdi mig, að hæstv. stjórn hafði sjeð sjer fært að taka dálitla fjárveitingu til vega, og að háttv. fjvn. hafði ekki aðeins sjeð sjer fært að mæla með till. stjórnarinnar, heldur líka að hækka hana að miklum mun, þar á meðal sett inn fjárveitingu til Vaðlaheiðarvegar. Alt þetta gladdi mig, því að jeg álít, að bættar samgöngur á landi, er reiðvegum er breytt í akvegi, sje hin allra þýðingarmesta framför fyrir landbúnaðinn, sem unt er að gera. Það getur aldrei orðið neitt verulegt úr ræktun landsins nje húsabótum í sveitum, eða öðrum verulegum framkvæmdum í sveitum, nema þær eigi við sæmilega góðar samgöngur að búa. Og jeg hygg, að ef farið er um landið og þetta athugað, þá muni það koma í ljós, að þær sveitir, sem bestar hafa samgöngur, sjeu yfirleitt lengst komnar í framförum. Jeg hefi getað athugað þetta í mínu hjeraði, því að þótt jeg sje ekki gamall maður, þá man jeg þá tíð, að þar var enginn akvegur.

Enn er eitt, sem jeg vildi tala um í sambandi við fjárveitingar til vega, en það er, hve lítið fje stjórnin hefir ætlað til Þelamerkurvegar í samanburði við fjárveitingar til annara vega. Þessi vegur hefir ekki átt upp á pallborðið að undanförnu. En þó að jeg sje ekki allskostar ánægður með það, að þessum vegi skuli ekki vera ætlað eins mikið fje eins og öðrum nýrri vegum, þá get jeg samt ekki annað en verið hæstv. samgöngumálaráðherra (MG) þakklátur fyrir það, að hafa munað eftir honum. Og eftir atvikum hefir mjer þótt rjett að koma ekki með brtt. til hækkunar þeim lið. En það er dálítið annað í þessu sambandi, sem jeg vil leggja áherslu á, og það er það, að undanfarið hefir verið veitt fje til þessa vegar, en oft ekki verið notað. Nú mun jeg gera mig ánægðan með þá fjárveitingu til vegarins, sem í frv. stendur, ef jeg fengi um leið skýlaust loforð frá hæstv. samgmrh. (MG) um það, að fje þetta verði notað til framhalds veginum. Ekki svo að skilja, að jeg efist um, að svo eigi að verða, en jeg vildi þó heyra það af munni hæstv. ráðherra sjálfs.

Það þýðir að vísu ekki að fara út í þá sálma nú, en þó vildi jeg segja það hjer yfirleitt um vegamál, að jeg álít, að sá tími muni koma, og hljóti að koma, að hafist verði handa til þess að leggja akfæran veg eftir landinu. Því takmarkið í vegamálum virðist mjer hljóti að vera það, að akfær vegur verði lagður hjeðan úr Reykjavík norður og austur um land, og að sunnan þannig, að akfær hringbraut verði kringum landið. Fyrsta skilyrðið til þess, að þetta megi verða, er að halda áfram þeim vegum, sem með tíð og tíma verða hluti úr þessum landsvegi. En einn af þeim er Þelamerkurvegur. Auðvitað verður að byrja á þeim hlutum þessa landsvegar, sem liggja um sveitir, en láta fjallaleiðirnar bíða í bráð. Sem sagt vil jeg vænta þess, að hæstv. atvrh. (MG) taki þetta til athugunar fyrir næsta þing, og ætli þá ríflega fje til þessa vegar.

Björn Líndal: Mjer þykir rjett að geta þess hjer, að jeg aðhyllist fyllilega stefnu hæstv. stjórnar í fjármálum, sem sje þá, að leggja alla áherslu á það að losa rík-

ið við lausaskuldir þess og að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus. En þó að jeg tjái mig fylgjandi þessu, þá er jeg þó ekki svo stefnufastur, að jeg víki ekki út af brautinni í lífsnauðsyn. Ef jeg sje hóp af ungu fólki berjast við dauðann og jeg veit, að unt er að bjarga því að meira eða minna leyti með fjárframlögum, þá vil jeg víkja frá stefnunni og rjetta hjálparhönd. Jeg get tekið undir það með hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að ríkið muni litlu, hvort greitt er 75 þús. kr. meira eða minna af skuldum þess á einu tilteknu ári, þegar hinsvegar er um það að ræða að bjarga æskulýð landsins frá heilsutjóni og dauða fyrir örlög fram, með byggingu heilsuhælis á Norðurlandi.

Mjer líkaði það miður, er hæstv. fjrh. (JÞ) vildi setja þetta lífsnauðsynjamál í samband við varasjóð landsverslunar. Með því er stofnað til þess, að þetta mál verði gert að pólitísku flokksmáli, en það má það ekki verða. Mál, sem snertir líf og heilsu fjölda ungra og uppvaxandi manna í landinu, má allra mála síst verða pólitískt flokksmál. Auk þess er varasjóður landsverslunar ekki í handraða, og getur orðið dráttur á því, að hann verði það. En þetta mál þolir enga bið. Það er ljóst á áhuganum og fórnfýsinni nyrðra, hverjum augum þeir líta á nauðsyn þessa máls, sem kunnugastir eru.

Ástandið í sjúkrahúsi Akureyrar er í þessu tilliti orðið alveg ófært. Seinast þegar jeg vissi voru þar 42 berklaveikir sjúklingar af 58, sem í sjúkrahúsinu voru. Þetta er miklu meira en sæmilegt rúm er til fyrir. Stundum verður að láta sjúklinga liggja í hinu svokallaða sóttvarnarhúsi, sem er svo ljelegt, að þar hríðar inn og lekur, og á göngum sjúkrahússins og í forstofu þess verða sjúklingar að liggja. Svo eru þrengslin þarna mikil, sem stafa af aðsókn berklaveiks fólks. Hræðsla þeirra, sem sjúkir eru af öðru en berklum, fer dagvaxandi, og er það síst að undra. Menn vita það, að veikluðum mönnum stendur mest hætta af berklasmitun. En þarna verða menn með lungnabólgu, og menn, sem gerðir hafa verið miklir uppskurðir á, að liggja innan um berklaveika menn. Er hin mesta hætta á því, að svo kunni að fara, að enginn vilji láta leggja sig inn í slíkt sjúkrahús meðan hann fær nokkru um það ráðið, hvað við hann er gert.

Háttv. fjvn. gat ekki mælt með þessari fjárveitingu af sömu ástæðu og hæstv. fjrh. (JÞ). En auk þess ber hún fyrir sig álit eins læknis, eina læknisins á Norðurlandi, er ekki hefir sjeð ástæðu til þess að mæla með þessari nauðsynlegu stofnun. Landlæknir var upphaflega áhugalítill fyrir þessu máli. En nú er hann orðinn mjög einbeittur með málinu, eftir að hafa kynt sjer það rækilega. Sjer hann nú manna best hina brýnu nauðsyn þess.

Kenning þeirra manna, sem eru mótfallnir byggingu slíks hælis, sem hjer er um að ræða, er harla undarleg og athugunarverð. Eftir henni eiga hjeraðssjúkraskýlin að vera berklasjúklingahæli fyrst og fremst. En auk þess eiga skýlin að taka á móti öllum öðrum sjúklingum, að svo miklu leyti, sem rúm leyfir. Þar á þá að blanda saman öllum sjúklingum, hvort sem þeir hafa berkla, difteritis eða taugaveiki, eða aðra jafnsmitandi sjúkdóma. Þar sem sjúkrahúsin eru jafnlítil og ófullkomin og þau eru, þá virðist hjer vofa yfir sú stórhætta, að þessir sjúklingar smiti hver annan, svo að þeim geti riðið að fullu. Þessi kenning skýtur mjög skökku við það, sem mjer hefir verið kent

um slík mál, og samrýmist illa við anda og undirstöðu berklavarnalaganna, sem fyrst og fremst er einangrun þeirra sjúklinga, er berkla hafa, svo að öðrum stafi ekki hætta af. Hjer stefnir öfuga leið. Í almennum sjúkraskýlum getur stafað stórhætta af berklasjúklingum, auk þess sem þeim sjálfum er jafnframt stofnað í þá hættu að smitast af öðrum hættulegum sjúkdómum.

Berklahæli eiga að vera í hreinu sveitalofti. Sjúkraskýlin eru flest í smákaupstöðum, fullum af göturyki og óvistlegum til útiveru. Ennfremur stafar meiri sýkingarhætta af þeim þar. En berklaveikum mönnum mun sennilega ganga illa að skilja, hvers vegna þeir sjeu fluttir á þá staði, sem jafnvel mest sýkingarhætta stafar af þeim. Í þessu sambandi vil jeg ennþá minnast á eitt atriði, sem ekki má gleyma. Jeg bið háttv. þm. að misskilja ekki orð mín, og allra síst á þann veg, að í þeim felist aðdróttun til þess góða læknis, sem lagt hefir á móti þessu máli. Eins og kunnugt er, taka læknar dagpeninga af sjúklingum í sjúkraskýlum. Almennast mun vera, að þeir taki 50 aura á dag af hverjum sjúklingi. Það *getur* því verið freisting fyrir lækna að reyna að draga sem flesta sjúklinga að sínu sjúkrahúsi, og jafnvel til þess að halda þeim þar lengur heldur en nauðsyn er á, þegar ríkissjóður borgar, því að hann á jafnan formælendur færri en þeir einstaklingar, sem gjöld eiga að lúka. Berklaveikir menn mega allra sjúklinga síst vera nokkrum manni eða stofnun gróðalind.

Jeg endurtek það, að jeg er hjer ekki með aðdróttanir í garð nokkurs læknis, en þeir eru menn eins og við hinir, og sennilega ekki óeigingjarnari yfirleitt. Og svo mikið þykist jeg geta sagt, án þess að ofmælt sje, að ekki hafa læknar breyst til batnaðar hvað snertir fjárkröfur og greiðvikni við þá miklu launahækkun, sem þeir fengu fyrir nokkrum árum, sem var svo mikil, að þá má nú telja einna hæst launaða af öllum embættismönnum landsins.

Mjer þykir leitt að geta hvorki þakkað hæstv. fjrh. (JÞ) nje hv. fjvn. afskifti þeirra af þessu máli, þótt það sje allrar virðingar vert, að hæstv. fjrh. hefir þó viðurkent nauðsynina á heilsuhæli norðanlands. Aftur á móti er mjer það sjerstök ánægja að votta ýmsum háttv. þdm. þakkir fyrir ágætan og einlægan stuðning við þetta lífsnauðsynjamál. Vil jeg þar til nefna sjerstaklega hv. þm. Dala. (BJ) fyrir hans till. í málinu, um 50 þús. kr. fjárveitingu til hælisins. Auðvitað er þessi upphæð miklu betri en engin. Það mætti byrja með henni, en sennilega mundi hún þó tefja fyrir því, að hælið yrði fullgert, hjá því ef hærri upphæð yrði veitt strax. Fyrsta fúlgan, sem eftir þeirri till. yrði veitt, kæmi þá seinna að notum. En þetta er mjög athugavert. Allur dráttur á byggingu hælisins kostar áreiðanlega fleiri eða færri mannslíf, líf manna á besta aldri. Hann getur kostað mannslíf svo tugum skiftir. Og hvert þeirra *getur* verið meira virði en 75 þús. kr. fyrir þjóðina, þótt aðeins sje litið á verðgildi mannsins í gulli. En sá verðmælir hefir aldrei verið löggiltur af vitrustu og bestu mönnum nokkurrar þjóðar. Þeir munu ætíð meta líf og heilsu manna og ýms önnur gæði meira en gull.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg get tekið undir margt, sem síðasti hv. ræðum. (BL) sagði. En þess vil jeg geta, að mjer þótti hann sveigja nógu mikið að læknastjett þessa lands í ræðu sinni, þótt hann að vísu varaði menn við því, að misskilja orð sín. Enn var annað atriði í ræðu

hv. þm. (BL), sem jeg verð að mótmæla fyrir mitt leyti. Hann kvaðst fallast algerlega á stefnu þá í fjármálum, sem bæði hv. fjrh. og hv. fjvn. hafa borið hjer fram. Jeg verð að átelja þá stefnu, að ætla að láta allar framkvæmdir sitja á hakanum til þess að geta á næstu þremur árum greitt allar lausar skuldir ríkisins. Jeg tók svo eftir af ræðu hæstv. fjrh. í gær, að til mundi vera sjóður til þess arna, og þá skal jeg ekki hvetja til þess að taka lán til greiðslu á þessum lausu skuldum. Annars er það sjálfsögð leið í þessu máli að taka lán og binda skuldirnar samningi um 20—30 ára greiðslu. Hitt er ófæra, að ætla að greiða þessar skuldir af árstekjum ríkissjóðs, ef hætta verður svo við allar framkvæmdir.

Hv. þm. Ak. (BL) talaði um, að talsvert af ágóða þessa árs hlyti að fara til Flóaáveitunnar. Þetta getur vel verið. En jeg held, að ef dæma á eftir þeirri reynslu, sem fengin er af Skeiðaáveitunni, þá væri ekki miklu slept, þó að hún yrði að þoka í svipinn fyrir öðru nauðsynlegra.

Hitt tel jeg viturlegt, að leggja varasjóðs landsverslunarinnar í þetta. Það er í samræmi við það, sem jeg hefi haldið fram, að ekki ætti að teppa fje frá nauðsynlegum framkvæmdum, eins og gert er með því að láta landið vera að burðast með landsverslunina, og taka þá líka atvinnu frá mönnum, sem þeir geta stundað eins vel eða betur. Með því að hætta að binda þannig fje sitt í óþarfafyrirtæki, getur ríkið sjeð landsmönnum fyrir líknarstofnunum og sjúkrahúsum, sem eru þjóðinni bein lífsnauðsyn. Þar sem jeg talaði um lántöku til að borga lausaskuldirnar, þá var mjer ljóst, að það var þrautalending. Vissi jeg ekki þá um neina sjóði, sem hægt væri að greiða þetta með. En þar sem svo er, þá er það auðvitað betra en að taka ný lán.

En þá menn, sem vilja borga lausaskuldirnar af tekjuafgangi næstu þriggja ára og stöðva allar framkvæmdir á meðan, vildi jeg mega spyrja einnar spurningar: Hvers vegna eru þeir að baksa við að koma upp lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, ef slík óhamingja stafar af lántökum, sem þeir virðast halda? Eða gera þeir það í þeim tilgangi að skaða bændur? Það sama gildir um þá og um ríkið og þess framkvæmdir. Bóndinn tekur lán til að rækta jörð sína, og ef til vill til þess að auka bústofn sinn, og ætlast til, að það gefi sjer arð. Ríkið byggir sjúkrahús á Norðurlandi og græðir margfalt það fje, er til þess fór. En nú man jeg það, að hæstv. fjrh. sagði, að sjúkrahúsbyggingar og önnur slík fyrirtæki væru ekki arðberandi. Það er ekki nýtt að heyra slíku haldið fram. En jeg vil segja, að ekki þarf mörg mannslíf til að borga þjóðinni 75—100 þús. kr. Kemur þar margt til greina, sem ekki verður raunar metið til peninga. Jeg á þar t. d. við sorgir aðstandenda, er þeir missa vini og ættingja, og allar þær vonir, sem við þá eru tengdar, og á jeg þar við allan ættlegg mannsins, sem er mörgum sinnum dýrmætari en allur ríkissjóður Íslands á hverjum tíma, þó að ekki sje nema um einn mann að ræða. Nei. Það er áreiðanlega miklu gróðavænlegra en nokkuð annað að leggja fje til þess að vernda heilsu og líf landsins barna. Líknarstofnanirnar eru miklu dýrmætari en svo, að með tölum verði talið. Sparnaðarstefnunni í þeim efnum get jeg ekki verið þektur fyrir að fylgja.

Jeg tel ekki þörf að eyða fleirum orðum að þessu, þar sem jeg veit, að margir háttv. þm. eru sömu skoðunar og jeg í

þessu máli, og hv. þm. Ak. (BL) lýsti ítarlega nauðsyn þess, og eins hv. 2. þm. Reykv. (JBald) í gær. En jeg hefi ekki viljað láta hjá líða að mótmæla þeirri stefnu í fjármálum, sem jeg áðan mintist á. Það er aðeins ein stefna í fjármálum, sem á að eiga sjer stað, og hún er sú, að verja fje landsins viturlega. Þar til heyrir líka að taka lán til fyrirtækja, er bera þjóðinni arð, ef ekki er hægt að koma þeim upp með öðru móti. Sem fulltrúi þjóðarinnar hefir enginn þm. leyfi til að fylgja annari stefnu. Og það er lítið vit í að fresta þeim fyrirtækjum, sem fyr eða síðar verður að framkvæma. Það er ekki sjeð, að betur ári fyrir ríkissjóð á komandi árum.

Þá þarf jeg enn að munnhöggvast við hv. frsm. meiri hl. (ÞórJ) um nokkur atriði. Hann talaði um Vesturlandsveginn og bar vegamálastjórann fyrir því, að Dalasýsla gæti varla komið til greina á næstu 7 árum. Jeg hjelt nú sannast að segja, að við mættum vel hafa einhverjar skoðanir sjálfir og þyrftum ekki að endurtaka alt, sem vegamálastjórinn og aðrir undirmenn okkar segja. Jeg er líka þess fullviss, að miklu meira verður unnið á næstu 7 árum en hann og aðra grunar nú, jafnvel þó að þingið verði eins skipað og nú er það, að jeg ekki tali um, ef breytt yrði til batnaðar.

Hv. frsm. (ÞórJ) virtist vilja leggja á móti þessari litlu fjárhæð til eigenda mb. Svans, sem lent hafa í stórum skuldum út af rekstri á alþjóðlegu fyrirtæki, og hljóta nú jafnvel ámæli fyrir. Skal það tekið fram, að ef um sök er að ræða, þá hvílir hún ekki á þeim, sem við skuldirnar eru bundnir. Það væri því að hengja bakarann í stað smiðsins, að láta þá gjalda slíks. Hinsvegar er jeg þakklátur hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, sem hann sagði. Þá vil jeg vona, að þó þessi fjárveiting verði feld, þá spilli það ekki fyrir því, að einhver lægri upphæð geti komið til greina við 3. umr. Hefði jeg verið fús að hverfa frá þessari till. minni, ef nefndin hefði getað orðið mjer samferða um einhverja lægri upphæð. Tel jeg sanngjarnt, að Alþingi veiti 8000 kr. og sýslan hitt.

Ýmislegt fleira væri ástæða til að minnast á. Hv. frsm. (ÞórJ) vildi gera lítið úr því gagni, sem væri að vitunum hjer við land. Því til sönnunar gat hann um gamlan danskan vita, sem oss hlotnaðist sú æra að flytja hingað, þegar hann var orðinn óhæfur til notkunar í Danmörku. Jeg veit ekki, hvað satt er í þessu, en hitt er mjer ljóst, að eigi slíkt sjer víðar stað, þá er það ómerkilegri stjórn vitamálanna að kenna, og kemur þá til kasta hæstv. stjórnar að bæta úr því ólagi og athuga, hvernig logar á þessum vitum. En líklegt þykir mjer, að eitthvað týri á þeim, því annars myndu varla verða tekin vitagjöld af erlendum skipum.

Hv. frsm. (ÞórJ), og eins hv. þm. Str. (TrÞ) í gær, fóru inn á annað mál, allsendis að óþörfu, sem sje sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að ekki myndi vera mikil ástæða til að óttast, að það mál gengi fram, meðan jeg stæði einn um það. En hvernig getur nokkrum þm. dottið í hug slík fjarstæða, þar sem hjer eiga sæti á þingi 23 sjálfstæðisflokksmenn, og auk þess fleiri, er fylgja þeim að málum. Trúi jeg ekki öðru en þeir standi saman, allir sem einn maður, þegar svo stórt sjálfstæðismál sem þetta er öðrumegin. Enda væri sjerstök þjóðarhneysa, ef það væri felt. Hv. þm. Str. (TrÞ) stendur raunar betur að vígi í þessu máli en sumir aðrir, enda kvaðst hann standa við alt, sem hann

hefði áður sagt í sambandi við það. Hann hefir talið embættið óþarft og vill ekkert með það hafa þess vegna, og er meira skoðanasamræmi í því en hjá þeim mönnum, er lögðu niður embættið í fyrra af eintómum sparnaðarástæðum, og höfðu um leið á orði að lagfæra það, er betur áraði. En hvers á að bíða? Það er algengt, að þegar eitt ríki sýnir öðru þá ókurteisi að kveðja heim þá sendimenn sína, sem skipa jafnhá embætti og sendimenn hins ríkisins í því ríki, þá gerir það ríkið, er fyrir þeirri ókurteisi verður, fyrirspurn um, hvernig slíka framkomu eigi að skilja. Eru menn hjer nú að bíða eftir því að fá slíkt framan í sig? Fjárhagnum kemur þetta ekki við, þar sem það er játað, að þetta væri hið mesta gróðafyrirtæki fyrir landið. Hinsvegar erum vjer ekki þeim efnum búnir, að vjer megum við því að fara á mis við miljónaágóða, sem af þessu embætti mætti hljótast. — Hv. frsm. (ÞórJ) kvað ekkert nýtt hafa komið fram í þessu máli síðan í fyrra, er raskaði skoðun þingsins á því, og er það satt. Það er frá upphafi vitað og sannað í hvívetna, hve embættið er nauðsynlegt, m. ö. o. alt, sem fram hefir komið, ósannar skoðun þingsins, því að hún er röng. Það er viðurkent um allan heim.

Það er raunar ekki undarlegt, þó að menn, sem aldrei hafa um mál þessi hugsað, hafi komist að rangri niðurstöðu í þeim. En ámælisvert er það hjá þeim mönnum, sem þráfaldlega hafa í starfi sínu rekið sig á nauðsyn þessa máls, að þeir skuli ekki hafa skýrt fyrir flokksmönnum sínum þýðingu þess. Hæstvirtri stjórn og þeim öðrum, er hjer sitja og verið hafa í ráðherraembætti, hlýtur t. d. að vera það ljóst, hve þetta embætti er áríðandi. Annars efa jeg ekki, að málið gangi fram. Hv. þm. þurfa aðeins að fá staðbetri þekkingu í þessum efnum, og þá munu þeir strax fá áhuga fyrir því, svo sem vera ber. Og það er mjer ljóst, að í framtíðinni mun ljóma yfir þeim flokkum og þeim þm., er ljá þessu máli fylgi sitt, og mun það verða þeim stuðningur í framtíðinni, en hinum til falls, er setja sig upp á móti því. Og þó að þjóðin hafi löngum verið andvaralítil um sín sjálfstæðismál, þá má nú sjá ýms merki þess, að þjóðin sje nú í svefnrofunum.

Þá vil jeg líka fela hinu háa Alþingi þetta mál og treysti því til að koma því í rjett og sjálfsagt horf.

Ágúst Flygenring: Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á þær brtt., sem jeg á á þskj. 235. Jeg fann það á ræðu háttv. frsm. (ÞórJ), að nefndin, sem fjallað hefir um málin, hefir ekki fengið nægilegar upplýsingar um þessi mál. Þetta er í raun og veru ekki brtt., heldur krafa um fullnæging skýlausra loforða. Og það er ekki hægt að komast hjá því að fullnægja þeim loforðum, enda þótt brtt. nái ekki fram að ganga.

Það er þá fyrst Kjalarnesvegurinn. Um það þarf ekki að fjölyrða, að hans sje ekki full þörf. En hvorki hæstv. landsstjórn nje vegamálastjóri hafa sjeð sjer fært að taka þennan veg til greina, ekki látið nota fje það, sem til hans hefir áður verið veitt í fjárlögum. Þó er hans full þörf, því að veginn vantar tilfinnanlega, eins og jeg áður hjer í deildinni hefi fært full rök fyrir. Hv. frsm. mintist á, að engar skýrslur væru um, að þessa vegar væri þörf; þó liggur þetta mál fyrir í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 15. febr., og er það svo ítarlegt, að jeg hjelt satt að segja, að ekki þyrfti framar vitnanna við. Brjef þetta hefir ekki verið tekið til greina, og

þess vegna verð jeg að fara nokkrum orðum um málið.

Kjalnesingar verða nú að flytja afurðir sínar 2 tíma leið í kláfum á hestbaki til þess að koma þeim á vegsendann sunnan Kollafjarðar í leið til markaðs í Reykjavík, og þessar afurðir þeirra er mjólk, er þeir selja hjer. Geti þeir framleitt 120 þús. lítra á ári og flutningskostnaður við þetta 8 aurar á hvern líter, þá geta allir reiknað, hverju þetta nemur. Vegna vegleysunnar hafa þeir neyðst til þess að fara sjóleiðina, en hún er bæði erfið og hættuleg. Lending upp frá er slæm, enda varð þar slys fyrir skemstu, og hefir oft orðið, enda sjóleiðin oft alófær. Er þetta ástæðan til þess, að búskapur í þessari sveit stendur og fellur með þessum vegi. Vegamálastjóri hefir og í brjefi talið veg þennan nauðsynlegan, og er það yfirsjón hjá hæstv. atvrh. (MG), að láta hann bíða vegna annara vega. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg hjer lesa niðurlagsorðin úr brjefi vegamálastjóra:

„Með tilliti til þess, að hlutaðeigendur bjóða fram þetta mikinn hluta vegagerðarkostnaðarins, og með því að jeg tel veg þennan, að tilskildu umræddu framlagi, í fyrsta flokki nýbygginga þeirra á þjóðvegum, er gerðar verða á næstu árum, get jeg mælt hið besta með því, að umsókn þeirra verði sint að svo miklu leyti, sem fjárveitingavaldið treystist til.“

Þetta eru hans óbreytt orð, og nærri má geta, hvort hann mælti með slíkri vegargerð, ef hennar væri ekki þörf. Þess vegna verður nú að koma því í framkvæmd, að þessi vegur sje lagður, og það er bæði synd og skömm að gefa bygðarlaginu von um þennan veg ár frá ári, en svíkjast svo um allar framkvæmdir, eins og gert hefir verið.

Mjer fanst bregða fyrir hálfgerðu skopi í ræðu hv. frsm. (ÞórJ), en þegar jeg athugaði það betur, sá jeg, að það var ekki skop, heldur ókunnugleiki. Þó að hann sje í fjvn., er ekki von, að honum sje jafnkunnugt um hagi sveitanna og einstakra manna alstaðar eða um land alt, og ekki hefir hann getað kynt sjer öll smámál, sem vera skyldi, er berast fjvn. Hann var að tala um, að ilt mundi vera að gera öllum eftirlætisbörnum í kjördæmi mínu til hæfis. En þar eru engin eftirlætisbörn, heldur miklu fremur olnbogabörn. Þarf ekki annað en opinberar skýrslur til þess að sanna það, hvað þessu hjeraði hefir verið veitt í vegabótum. Og hvaða samgöngubætur hefir það svo fengið á sjó? Engar. Esja kemur þar aldrei við og flóabáturinn kemur aldrei í Kjósarsýslu, hvað þá í Gullbringusýslu. Þetta er eftirtektarvert, að þessar sveitir, sem þurfa allra sveita mest á góðum samgöngum að halda, eru látnar sitja á hakanum, eins og jeg hefi margsýnt fram á. Það kemur Gullbringu- og Kjósarsýslu ekkert við, þótt veitt hafi verið fje til ferða Suðurlands. Þau auknu viðskifti, sem af þeim ferðum leiða, eru einungis Reykjavík til hagsmuna, en á engan hátt Gullbringu- og Kjósarsýslu eða Hafnarfirði, því að þar kemur Faxaflóabáturinn aldrei.

Í áliti sínu minnist vegamálastjóri á ýmsa vegi, þar á meðal þennan veg, og segir, að 18 þús. krónur muni nægja til vegarins, til þess að koma honum spölkorn yfir á Kjalarnesið. Það er nú alt og sumt. Á þessum kafla er enginn vegarspotti fær fyrir vagn, og verður því að leggja veginn allan. En þetta er svo lítið fjárhagsatriði og svo sjálfsagt, að jeg trúi ekki öðru en að flestir muni samþ. það.

Um hitt atriðið, lækninn, er ekki margt

að segja. Hefi jeg áður sýnt fram á, að hjeraðið á rjett á að fá lækni, og þar sem það er lögmælt, að hjeraðið á heimtingu á að fá lækni, má ekki skella við því skolleyrunum. Nú er það svo, að hjeraðslæknirinn í Hafnarfirði á að gegna læknisstörfum í þessu hjeraði, en eins og allir hljóta að sjá, þá er alt of langt ofan úr Kjós til Hafnarfjarðar til þess að sækja lækni þangað; það hefir fyrrum þótt nógu langt að vitja læknis þaðan til Reykjavíkur, þótt ekki sje bætt 10 km. við leiðina. Finst mjer, að öllum hljóti að skiljast, að það sje fáránleg ráðstöfun, að Hafnarfjörður skuli vera læknissetur fyrir Kjós. Þá væri miklu nær, að Kjósarbúar ættu sjer lækni á Akranesi. En hvorugt er gott. Úr Kjósinni er meira en 10 km. lengra að vitja læknis í Hafnarfjörð heldur en í Reykjavík. Þess vegna er farið fram á þennan styrk, til þess að menn úr þessum hjeruðum geti vitjað læknis hjer, og að sá læknir hafi um leið skyldu til þess að sinna sjúklingum þaðan. Áður hefir það oft verið svo, að illmögulegt hefir verið að ná í lækni hjer, enda ber læknum í Reykjavík engin skylda til þess að sinna sjúklingum í þessu hjeraði.

Þetta er svo einfalt og ljóst mál, að jeg skal ekki fjölyrða frekar um það.

Klemens Jónsson: Í ræðu minni í fyrradag gekk jeg af ásettu ráði framhjá einum lið, er samgmn. vill hækka, XX. lið á þskj. 235. Nál. frá henni var þá ekki komið fram og þess vegna átti frsm. (SvÓ) eftir að tala fyrir brtt. Nú hefir hann lýst skoðun nefndarinnar í þessu efni, og vil jeg því víkja að þeirri brtt. og ýmsu fleiru í nál. hv. samgmn.

Á öndverðu þingi, þá er samgmn. tók til athugunar hvernig ætti að úthluta styrk til flóabáta, var henni það strax ljóst, að upphæðin, sem til þessara ferða var ætluð í ár og næsta ár, var alt of lág, og að vitanlegt væri, að hana yrði að hækka vegna brýnnar þarfar víðsvegar um land. Og þegar farið var að athuga strandferðir Esju, þá var það augljóst, að ekki tjáði að senda hana fulla af farþegum og farmi inn á viðsjálar hafnir, t. d. inn í Hvammsfjörð, og varð því að leita um aðrar ferðir til hafnanna þar. Við það vanst líka það, að Esja gat þá komið við á fleiri höfnum og oftar en áður hafði verið. Tók nefndin þetta til ráðs í samráði við hæstv. stjórn, að taka Esju út úr þessum ferðum, en fá í staðinn eitthvert annað skip, og var þá helst talað um annaðhvort Suðurland eða Svan, og varð það ofan á í ár, og er umsamin borgun fyrir ferðirnar kr. 14900. Að sameina Suðurlandsferðir um Faxaflóa og Breiðafjörð sýnist ekki jafnfráleitt og margur hyggur. Þess vegna hefir það verið látið í ljós í nál., að æskilegt væri, að stjórnin gæti komið á slíkri sameiningu framvegis. Nú, sje það ekki hægt, er ekkert við því að segja. Annars skal jeg taka það fram, að ferðir Suðurlands eru einhverjar hinar dýrustu ferðir hjer, en það er ekki hægt að komast að betri kostum hjá fjelaginu. Er enginn efi á því, að Suðurlandi er best borgað af öllum þeim flóabátum, sem styrktir eru af ríkissjóði, en ferðir þess hljóta líka að koma að góðu gagni.

Það hafa sjerstaklega tveir háttv. þm. kvartað yfir því, að tillag til báta í þeirra kjördæmum væri of lágt, til Hornafjarðarbátsins og Hvalfjarðarbátsins. Jeg skal fúslega viðurkenna, að þessir hv. þm. hafi rjett að mæla. Að því er snertir Hvalfjarðarbátinn, þá er ekki nema um 200—300 kr. að ræða, og jeg álít, að

hæstv. samgöngumálaráðherra (MG) hafi fullkomlega á valdi sínu að bæta úr því. Jeg get lýst því yfir, að jeg álít stjórnina ekki svo rígbundna hvað snertir þessa bátastyrksupphæð, og hæstv. samgöngumálaráðherra skal vera alveg vítalaus af minni hendi, þó að hann fari eitthvað fram úr áætlun. Sama er að segja um Hornafjarðarbátinn, að jeg tel upphæðina til hans í allra besta lagi, eða jafnvel óhæfilega lága. Jeg þarf ekki að lýsa því, hvernig til hagar þar; það hefir hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) fullkomlega gert. En mjer var það ljóst í nefndinni, að hjer væri alt of lágt tiltekið. En eins og jeg hefi tekið fram, álít jeg, að hæstv. samgöngumálaráðherra hafi, ef á þarf að halda, heimild til að bæta úr þessu og fara fram úr áætlun, eftir því sem brýn nauðsyn ber til. Þetta var það, sem jeg ætlaði að minnast á út af ummælum háttv. þm.

Hvað snertir útgjöld til Árnes-, Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslna, þá er tiltekið í nál., að ætlast sje til að verja 19—20 þús. kr. til þeirra. Þar stendur: „Virðist sem ekki megi gera ráð fyrir minni upphæð til þessara flutninga en 19—20 þús. krónum“. Jeg bið hæstv. samgöngumálaráðherra að taka vel eftir því, að þetta er ákveðið svona dálítið rúmt. Nefndin hefir þó nefnt 19200 kr. Mætti varla gera ráð fyrir minna en 19500 kr., sem skiftist þannig, að Skaftfellingur fengi 15 þús., en 1200 kr. til Rangárbáts. Þá eru 3 þús. kr. til Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, til þess að þeir geti fengið skip einu sinni á ári beina leið frá útlöndum til 5—6 staða á þessu svæði, og skipið gefið öll hin sömu kjör og önnur skip, sem koma beint frá útlöndum. Það hafa komist á samningar við Eimskipafjelagið um að útvega skipið á næstkomandi vori, og væntanlega verður það eftirleiðis, og skipi upp vörum á þessum stöðum með því móti að fá 3 þús. kr. fyrir þá áhættu, sem kann að leiða af því, að það verði lengur að losa en gert er ráð fyrir í farmsamningnum við skipið. Allir vita, hvernig hagar til fyrir suðurströndinni, og það er mjög hæpið, að skipið geti staðið á áætlun, þvert á móti getur því legast lengi. Hver dagur kostar 500—600 kr., og sjá þá allir, hvað einar 3 þús. kr. hafa að segja fyrir áhættuna. Eimskipafjelagið hefir samt brugðist þarna vel við. Þar við bætist um samgöngur á þessu svæði, að vjelbátur hefir annast ferðir til Vestmannaeyja og upp á Sanda, að nokkru leyti í sambandi við Skaftfelling. Til þessa hygg jeg að veittar hafi verið á yfirstandandi ári 1500 kr. Og jeg geri alls ekki ráð fyrir, að þrátt fyrir það, þó að skip komi á þessa 6 staði eina ferð, verði hægt að ætla þeim bát minna. Jeg vænti þess vegna, að hæstv. samgöngumálaráðherra taki þessar bendingar mínar til athugunar.

Hv. þm. S.-Þ. (IngB) mintist á Eyjafjarðarbátinn og talaði sjerstaklega um það, að hann áliti, að sá bátur ætti að ganga helst norður á Húsavík og vestur á Haganesvík. En það er alls ekki tilætlunin, að báturinn gangi svo langt, eins og líka styrkupphæðin sýnir. Það er ekki unt, að báturinn haldi uppi ferðum til þessara staða jafnframt því að annast ferðir um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Jeg er heldur ekkert viss um, eins og samgöngum er háttað þar nyrðra, að Esja kemur við á flestum höfnum í hverri einustu ferð, að það sje svo mikil þörf á þessu. En ekki þar fyrir, svo framarlega sem hægt væri að fá bátinn stöku sinnum

til Húsavíkur og Haganesvíkur fyrir sanngjarna borgun, tel jeg hæstv. ráðherra heimilt að láta þá upphæð af hendi.

Háttv. frsm. (ÞórJ) óskaði þess, að atkvgr. um þennan lið yrði frestað til 3. umr. Og það er rjett athugað hjá honum, að svo hefir verið undanfarið. En úr því nál. kom í tæka tíð og hv. þm. hafa kynt sjer það, þá sje jeg ekki ástæðu til að fresta atkvgr., og það því fremur sem búast má við, að fram komi einhverjar breytingar.

Jeg vil benda á það, að samgöngumálanefnd er alveg sjerstæð nefnd, algerlega hliðstæð nefnd við fjvn. í þessum efnum. Hann gat þess, hv. frsm. fjvn., að í raun-inni ætti þetta málefni, samgöngumálin, að heyra undir fjvn. Þetta er nú gamalt misklíðarefni milli fjvn. og samgmn. Það er alkunnugt, að fjárlaganefndin, sem svo var kölluð í gamla daga, hafði allar fjárveitingar á hendi. En nokkru fyrir aldamótin skeði það, að nokkrir ungir og framgjarnir þingmenn vildu komast í fjárlaganefnd, en komust ekki. Hvað tóku þeir til bragðs? Þeir koma með till. um að skipa sjerstaka samgöngumálanefnd. Og þeim tókst að hamra þetta gegnum þingið. Sú nefnd átti þá eftir þeirra meiningu hvorki meira nje minna en að semja allar till. um samgöngur landsins. Fjárlaganefndinni eða fjárveitinganefnd-inni var ekkert um þessa nefnd gefið og leit hana hornauga. Þó er nú svo komið, að samgmn. er orðin ein af fastanefnd-um þingsins. Annars get jeg verið hv. frsm. sammála um það, að eiginlega er þessi nefnd hvorki fugl nje fiskur; henni er hvergi skipað neitt fast verksvið í þing-sköpum og eftir þeirri praksis, sem er komin á, þá hefir hún eiginlega eingöngu C-lið 13. gr. fjárlagafrv. til meðferðar. Í raun og veru ætti hún að hafa með höndum öll vegamál, símamál og vitamál. Annars er þetta atriði, sem ástæða er til að athuga, sem sje, að rýmka skuli valdsvið samgmn. eða þá að afnema hana með öllu. Hitt er engin meining, að hún eigi að vera til þess eins að athuga og gera till. um samgöngur fram með ströndum landsins.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), sem talaði svo vel fyrir sínum vegum, tók fram um leið, að suðurhluti Faxaflóa væri algerlega afskiftur að því er snertir bátastyrk og skipsferðir. Þetta er satt. Esja á aldrei að koma við í Keflavík eftir áætlun. Hinsvegar var það upplýst í samgmn., að Esja er reiðubúin að koma við í Keflavík hvert skifti og sjerstök ástæða er til; t. d. til þess að taka verkamenn, sem leita til Austurlandsins á vorin, og skila þeim aftur á haustin. Sje um einhvern farm að ræða,. er hún reiðubúin að skreppa inn, því að eins og við vitum, er ekki um neinn verulegan krók að ræða. Að þessu athuguðu held jeg, að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) þurfi ekki svo mjög að kvarta, en annars fór hann ekki með neinar öfgar og skýrði rjett frá.

Hv. þm. Dala. er að vísu ekki inni í hv. deild, en oft er í holti heyrandi nær, og mun hann að líkindum heyra orð mín. Hann gerði mjer þann sjerstaka heiður að *skora á* mig að vera með fjárveitingu til sendiherra. Hann hefir þá sjálfsagt ekki talið mig meðal þessara 23, sem hann segist vera alveg viss um að greiði till. atkv. Enda er það ekki von. Jeg skal játa, að jeg var upphaflega á móti því, að þetta embætti væri stofnað, og það var aðallega vegna þess geysimikla kostnaðar, sem það hefði í för með sjer. Hv. þm. Dala. lítur miklu smærri

augum á peningana heldur en jeg geri; það skal jeg viðurkenna. Mjer þykir sú upphæð, sem hann fer fram á, mjög há, og jeg tel, að hún gæti gert mjög mikið gagn á annan hátt, t. d. ef henni væri varið til vegagerða, brúabygginga, síma o. s. frv. Það mætti talsvert mikið framkvæma á ári hverju fyrir þessa upphæð. Samt skal jeg játa það, að úr því einu sinni var leitt í lög að hafa sendiherra, þá er það satt að segja hálfleiðinlegt að geta ekki haldið áfram að hafa hann. Þó að þetta sje nú þannig, og jafnvel þó að hv. þm. Dala. (BJ) talaði eins vel og fallega og hann gerði fyrir þessu máli í gær, — því að jeg get ekki annað en gefið honum bestu „kompliment“ fyrir það, hvað vel honum sagðist, — þá hefi jeg samt sem áður ekki lofað honum að greiða atkv. með tillagi til sendiherrans. Jeg hefi heldur ekki orðið var við neina óánægju hjá okkar bræðraþjóð, Dönum, út af því, að sendiherralaust er þar nú. Ef þeim þætti mjög mikið fyrir því, að sendiherrann væri dreginn til baka, eins og hjer á landi er látið í veðri vaka, þá mundu þeir láta það í ljós á einhvern hátt. En jeg hefi aldrei orðið var við neitt slíkt. Auðvitað getur verið, að utanríkisráðherrann danski hafi sagt eitthvað við hæstv. forsrh. (JM) í þessa átt; en það veit jeg ekki. En það eina, sem mjer er kunnugt í málinu, er það, að jeg hefi ekki alls fyrir löngu lesið ritgerð, sem prófessor við háskólann í Kaupmannahöfn hefir skrifað, maður, sem kunnur er af afskiftum sínum af íslenskum málefnum. Hann ljet í ljós óánægju yfir því, hvað Danir kostuðu miklu til sendiherra hjer uppi, og sagði, að þeir ættu að taka Íslendinga til fyrirmyndar í þessu efni og komast af með minna fje til þessara mála. Þetta er það eina, sem jeg hefi heyrt úr því horni. Það virðist því óhætt að staðhæfa, að enn sem komið er hefir ekki komið fram nein veruleg óánægja hjá Dönum. Hinsvegar tek jeg það fram, að svo framarlega sem danska stjórnin ljeti í ljós óánægju yfir sendiherraleysi, þá mundi jeg ekki sjá mjer annað fært en að greiða atkv. með upphæð í þessu skyni, en sennilega binda mig við eitthvað lægri upphæð en þessa.

Að endingu vil jeg taka undir með öllum þeim, sem hafa talað um sendiherrann hjer á þingi, að hann reyndist okkur besti maður. Og jeg ímynda mjer, að það eigi ekki alllítinn þátt í því, að ýmsir hallast að skoðun hv. þm. Dala. (BJ).

Halldór Stefánsson: Það var aðeins út af ummælum hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) um brtt. okkar þm. N.-M. á þskj. 235, að jeg vildi segja fáein orð, vegna þess að mjer virtist af þeim, að málið væri honum ekki nægilega kunnugt; enda mun hann ekki hafa verið á fundi, þegar jeg gerði grein fyrir þessari till. Hv. frsm. talaði í þá átt, að fjvn. hefði viljað gera öllum slíkum till. jafnhátt undir höfði, taka ekki eina fram yfir aðra. En hjer er till., sem er alveg sjerstök. Þær till. aðrar, sem fram hafa komið, munu hafa verið um styrk til utanfara, sem menn ætla sjer að fara. En till. okkar er um styrk vegna ferðar, sem þegar er búið að fara með loforði um styrk. En það loforð brást, af ástæðum, sem jeg hefi tekið hjer fram áður. Og til þess að lengja ekki mál mitt, þá læt jeg nægja að vísa til þeirrar greinargerðar. Hjer er sem sje ekki farið fram á annað heldur en að bæta úr mistökum, er urðu gagnvart þessum manni, sem hann a. m. k. átti enga sök á sjálfur. Og jeg efast ekki um, að þingið vilji firra hann misrjetti.

Pjetur Þórðarson: Jeg get ekki látið vera að minnast ofurlítið á þetta ágreiningsatriði, sem myndast hefir út af þeim tilraunum, sem hafa verið gerðar til þess að sameina ferðir um Breiðafjörð og Faxaflóa. Hv. frsm. samgmn. (SvÓ) hjelt því fram, að það hefði jafnvel verið ráðgert á áætlun fyrir þetta ár, að láta skipið, sem annast Borgarnesferðirnar, fara nokkrar ferðir á Breiðafjörð. Þetta er að vísu rjett. Það voru áætlaðar 8 ferðir. En þegar samgmn. hafði athugað þessa áætlun, þá kom það í ljós, að það voru Breiðfirðingar, sem sýnilega áttu mjög mikið á hættu með því að byggja á slíkum ferðum, vegna þess að það gat varla komið til nokkurra mála, að skip, sem Borgfirðingar og Mýramenn eiga að miklu leyti, færi að fella niður ferðir í Borgarfirði til þess að rýma fyrir ferðum um Breiðafjörð. Þannig verða það Breiðfirðingar, sem eiga mest á hættu; og þess vegna er ekki rjett að halda því fram, eins og háttv. frsm. samgmn. gerði, að við hv. þm. Borgf. (PO) værum að óttast það svo mjög, að það fjellu niður ferðir í Borgarnes. Nei, heldur er það hitt, að Hvammsfirði og Gilsfirði myndi verða það hrein og bein hefndargjöf, ef farið væri að sameina þetta. Því að það er sýnilegt, að það er ekki hæfilegt að ætla skipi að annast þessar ferðir á jafnskömmum tíma og áætlunin mælti fyrir, og því síður á svo skömmum tíma og hv. frsm. (SvÓ) gerir ráð fyrir. Einmitt vegna þess hefir einnig hv. þm. Barð. (HK) verið á móti þessari áætlun, að hann sjer, hvað Breiðfirðingar eiga mikið á hættu. En hv. frsm. (SvÓ) var að telja þessari sameiningu það til gildis, að viðskifti gætu betur farið fram milli hjeraðanna. Hjer kemur fram hinn mesti misskilningur, því að þessi hjeruð kringum Breiðafjörð og Faxaflóa geta ekk haft neitt saman að sælda hvað viðskift snertir, þannig að það geti komið ti mála að hafa gagn af sjóferðum. Dala menn hafa að vísu viðskifti nokkur vi Borgfirðinga, en þau viðskifti eru alta rekin á landi. Annars eru viðskifti þess ara hjeraða venjulega rekin beina leið ti Reykjavíkur. Og það væri hin mesta fjarstæða að láta sjer detta í hug a sameina þessar viðskiftaferðir fyrir Borg arnes og Breiðafjörð. Að það sje hagfelt það er bara ímyndun þeirra manna, sen ekkert þekkja til. Ef þeir afla sjer nægri upplýsinga, held jeg; að þeir muni skilja að það, sem jeg held fram, er það rjetta í málinu.

Hv. frsm. (SvÓ) mintist á, að víða öðrum hjeruðum landsins þyrftu menn a fara alt að 35 km. til viðkomustaða flóa báta. Það er nákvæmlega sama og víða þessum hjeruðum. Margir þurfa þó a fara miklu lengri leið til Borgarness.

Þeir menn, sem eru ókunnugir í þessum hjeruðum, halda sig fast við það, að þessi hjeruð muni komast af með færri ferðir, og það sje um að gera að sníða af þessu tillagi ríkissjóðs til ferðanna um Faxaflóa og Breiðafjörð. Þeim er það furðumikið áhugamál að klípa sem mest af styrknum og leggja til annara hjeraða, sem aldrei hefir dottið styrkur í hug. Í samgmn., sem jeg hefi haft þann heiður að sitja í nokkur þing, hefir mjer aldrei dottið í hug að reyna að skera við nögl styrk til Eyjafjarðar og Austfjarða, til þess að draga meira til Faxaflóa og Breiðafjarðar, þar sem jeg er kunnugur. Miklu fremur hefi jeg gert ráð fyrir því, að kunnugir menn, sem lýsa ástæðum í sínum hjeruðum, hafi rjett fyrir sjer. Jeg geri ráð fyrir, að þeir viti best, hvar skórinn kreppir að, sem bera hann á fæt-

inum. Jeg verð að biðja þá góðu menn að fara ekki að reikna út og skera við neglur sjer ferðastyrk til þeirra hjeraða, sem þeir þekkja sama og ekkert til. Hjeraða eins og til dæmis Borgarfjarðar, sem geta á engan hátt fengið nein strandferða- eða millilandaskip til að koma þar neinstaðar við, ekki einu sinni á ári, hvað þá heldur oftar. Það er því sýnilega miklu rjettara að verja meira fje til flóabáta í slíkum hjeruðum heldur en að vera að reyna að fullnægja flutningaþörfinni með því að láta Esju skreppa þangað endrum og eins, og það ætti líka að vera sparnaður í því að nota heldur flóabáta á fleiri slíkum stöðum, því að það yrði og til þess að rekstur Esju yrði ódýrari og að það skip næði fremur þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að þeim hv. mönnum, sem nú og að undanförnu hafa setið í samgöngumálanefnd, sje þetta ókunnugt eða skilji ekki, við hvað jeg á með þessum orðum mínum; heldur segi jeg þetta til þess að mótmæla í eitt skifti fyrir öll hugmyndum þeirra háttv. þm. um þetta mál, sem ókunnugastir eru og fjærst búa þeim hjeruðum, sem hjer er um að ræða. Jeg veit, að þeir menn eiga nú sæti í hv. samgöngumálanefnd, sem vita, að það er rjett, sem jeg og hv. þm. Borgf. (PO) höfum sagt um þetta mál, að það er ómögulegt að sameina svo vel fari flóabátaferðir um Breiðafjörð við bátaferðir til þeirra hjeraða í Hnappadals- og Mýrasýslu, sem að sjó liggja. Þó að þetta yrði reynt, yrði það aðeins til að spilla stórum fyrir þeim hjeruðum öllum, sem hlut eiga að máli.

Mjer dettur í hug út af því, sem háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði um samgöngur á Kjalarnesi og í Kjós, að það er alveg eins hægt að finna samskonar dæmi úr sunnanverðri Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og úr Mýrasýslu, þar sem flutningar eru alveg eins erfiðir á öllum nauðsynlegum flutningi og á Kjalarnes, og víða þarna vestra er alveg eins erfitt að ná til læknis og í Kjósinni. Jeg gæti nefnt dæmi um það, að manndauði hafi af því hlotist, að svo erfitt var að ná í lækni. Mjer dettur ekki í hug að mæla á móti brtt. hv. 1. þm. G.-K. eða segja, að hún styðjist ekki við sannar og rjettar ástæður, en því er alls ekki að heilsa, að þetta sje einsdæmi. Það er víða um land, sem menn verða að búa við þvílíka örðugleika. En það er erfitt að marka línuna milli, þegar ef til vill er um hundruð af slíkum styrkbeiðnum að ræða og allar hafa þær máske meira og minna af sanngirni við að styðjast; þá er ekki hlaupið að því að gera þar upp í milli, hverjir eigi við mesta erfiðleika að búa og hverja eigi að bænheyra og hverjum eigi að synja bænheyrslu. Jeg verð að segja það um mig, að jeg er mjög nærri því að taka þá stefnu hæstv. stjórnar til greina, að spara sem mest á þessu sviði sem öðrum, vegna örðugs fjárhags ríkisins, og það er aðeins þess vegna, sem jeg hefi hlífst við að lengja umræður um mál, sem jeg hefi álitið, að aðrir hv. þm. gætu alveg eins vel látið kyr liggja eins og jeg, og jeg hefi þess vegna neitað að verða við og bera fram margar í sjálfu sjer sanngjarnar fjárbeiðnir frá því kjördæmi, sem jeg er fulltrúi fyrir. Jeg ætla einnig að neita mjer um að svara stóryrðum hv. þm. Dala., enda stendur það og öðrum nær en mjer.

Ingólfur Bjarnarson: Það var aðeins örstutt skýring, sem jeg vildi koma fram með. Jeg skildi háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) svo, sem það hefði verið öll fjvn. á móti

X. brtt. á þskj. 235, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Jeg hefi máske misskilið háttv. frsm., en til þess að taka af öll tvímæli um mína afstöðu til þessa máls, kvaddi jeg mjer hljóðs. Þegar þessi brtt. kom til umræðu í nefndinni, ljet jeg í ljós, að jeg gæti ekki greitt atkvæði á móti henni, og þannig skildi jeg afstöðu fleiri hv. nefndarmanna, og áleit því, að nefndin hefði óbundnar hendur um það mál. Þegar um jafnmikið hjálpráð er að ræða gegn einu okkar mesta þjóðarböli, sem bygging þessa heilsuhælis er í minum augum, og samhliða kemur fram sá áhugi og fórnfýsi fyrir framgangi málsins frá einstaklingum og heilum hjeruðum, er hv. þm. Ak. (BL) hefir skýrt svo vel og ljóst, þá finst mjer, að ríkinu beri skylda til að styrkja slíkt þjóðarvelferðarmál með ríflegum fjárframlögum, enda þótt það sje viðurkent, að spara þurfi margt vegna fjárhags ríkisins. Jeg mun því greiða þessari brtt. mitt atkvæði og mæli hið besta fram með henni. Mál þetta hefir verið skýrt svo vel, bæði af háttv. þm. Ak. og öðrum, að jeg sje ekki ástæðu til að bæta þar við, og vona enda að þess þurfi ekki við.

Þá vildi jeg aðeins segja örfá orð út af ummælum háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), að það hefði ekki verið meining samgmn., að Eyjafjarðarbáturinn gengi til Haganesvíkur og Húsavíkur. Mín orð hnigu eingöngu að því að þakka nefndinni fyrir þá tillögu sína í nál., að Eyjafjarðarbáturinn sje látinn ganga til Flateyjar, því að það stendur berum orðum í nál. samgmn., að báturinn skuli fara ferðir milli Haganesvíkur og Flateyjar. Ljet jeg í ljós, að þetta fyrirkomulag bætti dálítið úr þeim samgönguvandræðum, sem Flateyingar eiga nú við að búa, sem nú eru ætlaðar einar 3 viðkomur Esju á þessu ári, en eins og jeg tók fram í gær, verður þá fyrst fult gagn að þessum ferðum Eyjafjarðarbátsins, ef hann verður látinn fara alla leið til Húsavíkur við og við, sem jeg vænti fastlega, að komið verði á.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að lengja mikið þessar umræður, en vegna þess að háttv. samgmn. hefir nú gert gleggri grein fyrir gerðum sínum og tillögum en orðið var, er jeg talaði síðast, þá verð jeg að segja hjer nokkur orð enn.

Mjer hefði þótt vænt um, ef háttv. samgöngumálanefndarmenn hefðu sjeð sjer fært að ætla nokkurt fje til skipaferða til Stokkseyrar og Eyrarbakka, og þó heldur til Eyrarbakka, því að þótt hafnleysið sje þar máske nokkuð líkt og á Stokkseyri, er þó landtaka þar öllu skárri, þegar á alt er litið. Skip koma þarna alls ekki önnur en þau, sem verslanir þar einstaka sinnum hafa fengið til flutninga þangað að vorinu, og verða þau stundum að hverfa frá vegna þess, hve þarna er brimasamt. Flutningar allir verða því að gerast með smábátum eða þá landveg til og frá Reykjavík. En hjer er alveg eins ástatt og í eystri sýslunum, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Munurinn er hverfandi, ef nokkur er. Skip koma hingað ekki oftar en þar eystra og afgreiðsla þeirra er hjer engu hægari, og þó er veitt fje til að koma vörum á land í eystri sýslunum, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum. En þar sem ekki verða eftir nema ca. 1200 kr. til samgangna á sjó á þessu svæði samkv. till. samgmn., vænti jeg þó, að hæstv. atvrh. (MG) taki fult tillit til þeirra ástæðna, sem jeg nú hefi gert grein fyrir, og veiti það, sem

framast er unt til þess, að bátaferðum verði haldið uppi til Eyrarbakka, og þó að þær geti ekki komið að fullum notum, eru þær betri en ekki neitt, eins og nú á sjer stað. Háttv. samgmn. virðist hafa gleymt því, að á þessu svæði, Eyrarbakka til Stokkseyrar, er sama hafnleysið og austur frá, en þó landtaka sje þarna sæmileg, þegar gott er veður, gegnir þó alveg sama um þessa staði, ef nokkur ókyrð er í sjó, og vænti jeg því, að hastv. atvrh. (MG) taki tillit til þessara óska minna, eftir því sem hann frekast sjer sjer fært.

En úr því að jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg að minnast nokkrum orðum á Biskupstungnabrautina.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) gat um ástæður vegamálastjóra fyrir því, að þessi braut var ekki tekin upp í fjárlögin að þessu sinni, og bætti við, af hvaða ástæðum fjvn. hefði ekki viljað veita fje til þessa vegar. En jeg get ekki fallist á þessar ástæður, svo framarlega, að hægt er að verja nokkru fje til vegabóta yfir höfuð. Jeg efast um, að nokkursstaðar annarstaðar á landinu sje meiri þörf fyrir flutningabraut en einmitt í efri hluta Árnessýslu, vegna þess hve þessi hjeruð eru í mikilli fjarlægð frá sjó og langt til allra aðdrátta, og svo bætir það ekki úr, er sækja þarf yfir vont vatnsfall, eins og til háttar í Tungunum. Vitaskuld skiftir það ekki miklu máli, þó að sagt sje, að vegurinn komist ekki langt fyrir þetta fje, en það litla, sem veginum þokar áfram á ári hverju, kemur allri sveitinni að gagni, og er það mikil bót í máli. Jeg efast um, að hægt sje að segja það sama um aðrar brautir, sem lagt er til, að veitt verði fje til, og skal jeg þó ekki telja það úr. Það er víst, að mikil samgönguþörf er einnig í öðrum hjeruðum, en minna má þó ekki vera en að satt sje sagt til um allar ástæður, og mega því þessi hjeruð í Árnessýslu njóta sanngirni á móts við önnur hjeruð. Jeg vænti því, að háttv. þingdeild fallist á þessa brtt. mína, þó ekki sje farið fram á meira fje en þetta.

Jeg veit ekki, hvort hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) er hjer inni í svipinn, en til hans vildi jeg beina nokkrum orðum. Þegar hann talaði fyrir brtt. sinni á þskj. 235 II, um styrk til læknis í Reykjavík til að gegna læknisstörfum í Kjós, sagði hann, að fjarlægðin ofan úr Kjós til Hafnarfjarðar væri svo mikil, að ekki væri tiltök að vitja læknis til Hafnarfjarðar. Vitanlega er þetta erfitt og langt að vetrarlagi, en er þó ekki samanberandi við ýmsa þá örðugleika, sem menn eiga við að búa í mörgum sveitum annarstaðar á landinu. Jeg er ekki að mæla því bót, að þetta þurfi að vera svona, en ef það er ókleift að vitja læknis til Hafnarfjarðar ofan úr Kjós, — hvað ætli mætti þá segja um það að sækja lækni ofan af Hólsfjöllum að Brekku í Fljótsdal eða úr Öræfum til Hornafjarðar? Nei, það sem gerir mesta erfiðleikana þarna, er líklegast það, að læknirinn í Hafnarfirði er ófær til að ferðast á hestbaki. Það ber hann engin skepna, eftir því sem hv. 1. þm. G.-K. segir. Þess vegna er sanngjarnt, að þessi sami læknir sýni einhverja tilhliðrunarsemi í greiðslu á launum sínum, þannig, að eitthvað af þeim færi til að launa þann lækni, sem fenginn verður til þess að annast læknisstörf í þessari sveit. En þó verður að fara í þetta með allri sanngirni, þar eð þetta getur reynst fullhættuleg braut, sem þá skapaði fordæmi annarstaðar. Það er auðvitað hægara að

leita læknis til Reykjavíkur ofan úr Kjós en til Hafnarfjarðar. Hitt nær vitanlega engri átt, að hægara sje að vitja læknisins til Akraness en til Hafnarfjarðar. Jeg vildi aðeins benda á, að þetta er allhæpin braut, sem hv. 1. þm. G.-K (ÁF) ætlast til, að verði farin, ef veita skal slíkan styrk. Það gæti skapað fordæmi, og svo vil jeg að síðustu spyrja háttv. þm., hvort Kjósarmenn eigi þá víst að fá nokkurn lækni í Reykjavík til að sinna þessum ferðum, þó að þessi brtt. háttv. 1. þm. G.-K. yrði samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það hefir yfirleitt fátt komið fram í þessum umræðum, sem ástæða er til fyrir mig að gera að umtalsefni. Okkur háttv. þm. Dala. (BJ) kemur ekki saman um stefnur í fjármálum, og kom mjer það ekki á óvart. Hann lítur mjög á augnabliksþarfirnar, og er það venja hans. Jeg segi þetta ekki til að ámæla háttv. þm., því að þetta er sanngjarnt og lýsir auk þess heiðarleik og hjartagæsku hv. þm. Hinsvegar er mjer gjarnara að líta lengra fram í tímann, og þegar litið er yfir hinn umliðna tíma, þá finst mjer satt að segja þess gæta lítið á efnahagnum yfirleitt, hvort þetta eða hitt hefir verið framkvæmt 2 árum fyr eða síðar. Hitt finst mjer miklu fremur vera lítandi á eftir á, hvort yfirleitt hafi verið gert nægilega mikið að nauðsynlegum framkvæmdum á umliðnum tíma. Ef maður lítur nú segjum 20 ár fram í tímann og vill athuga, hvernig þá væri umhorfs hjá okkur, ef fremur hefði verið farið eftir stefnu hv. þm. Dala. en minni, mundi maður sjá, að synt hefði verið áfram sí og æ í sömu skuldasúpunni, en þó jafnframt lagt út í ýmsar framkvæmdir og reynt að sinna sem allra flestum kröfum í því efni. Dæmið er auðvelt að reikna. Það mundi ekk hafa komist til framkvæmda helmingurinn af till. hv. þm. Dala. á móts við það, sem mátt hefði gera, ef minni stefnu hefð verið fylgt. Þetta stafar alt af því, að samkvæmt stefnu hv. þm. Dala. verður stöðugt að greiða vexti og afborganir af eldri skuldum og nýrri lánum, og útgjöld in vegna þessara vaxtabyrða aukast þá ár frá ári, en það fje hefði annars getað gengið til framkvæmda á ýmsum sviðum ef menn hefðu losað sig við verstu skuldirnar á fáum árum, eins og jeg hefi lagt til. Jeg held því þess vegna fram, að mín stefna sje rjett, hvað sem augnabliksþörfunum líður.

Það er aðeins ein brtt. hv. þm. Dala. sem jeg ætla að ræða að þessu sinni, þ. e. um fjárveitingu til sendiherraembættisins. Þetta var felt niður í fyrra af fjárhagsástæðum. Jeg er fús að viðurkenna það, eins og jeg held, að allir aðrir geri, að fullkomnasta tilhögunin á þessum málum er að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. Jeg er og fús á að viðurkenna það, að það geta komið upp tilfelli, þar sem það hefði hagsmunalega þýðingu fyrir okkur að hafa þar sendiherra, og væri því betra að búa ekki lengi við núverandi ástand. En jeg tek það fram, að síðan í fyrra, er breytt var til í þessu efni, hefir ekkert það komið fyrir, sem hafi bakað okkur hnekki af núverandi ástandi. Þess vegna hafði jeg á móti því að taka þessa fjárveitingu upp í stjórnarfrv. til fjárlaga. Síðan stjfrv. var samið hefir ekki heldur neitt atvik komið fyrir, sem jeg fæ sjeð, að sje þess eðlis, að hagsmunum okkar væri betur borgið, þó að við hefðum sjerstakan sendiherra í Kaupmannahöfn. en með þeirri tilhögun sem nú er.

Og þó að ofurlítið sje bjartara yfir fjárhagsástæðum ríkissjóðs eftir að niður-

staða ársins 1924 var kunn, þá fæ jeg ekki sjeð, að fjárhagsleg viðreisn landsins sje svo langt á veg komin, að rjettmætt sje að gera nú þegar breytingu á því fyrirkomulagi, sem að var horfið á síðasta þingi af sparnaðarástæðum.

Þar sem þessi fjárveiting er í rauninni veitt stjórninni sjálfri til framkvæmdar stjórnarstörfunum, er ekki við því að búast, að hún geti í sjálfu sjer haft á móti því að taka við slíkri fjárnotkunarheimild, ef þingið vill veita hana. En þó að jeg sem ráðherra gæti því tekið við þessari fjárveitingu með þökkum, þá mun jeg samt ekki í þetta sinn veita þessari till. stuðning með þingmannsatkvæði mínu, af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi lýst.

Hinsvegar vona jeg, að viðreisn fjárhagsins gangi svo greiðlega, að ekki þurfi að dragast lengi, að eðlileg skipun verði upp tekin í þessu efni, sjerstaklega ef eitthvað kemur fyrir, sem sýndi nauðsyn þess að hafa sjerstakan sendiherra í Kaupmannahöfn vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer er satt að segja farið að ofbjóða, hversu langar umr. eru orðnar, og skal því vera stuttorður.

Út af Þelamerkurveginum beindi hv. 2. þm. Eyf. (BSt) þeirri spurningu til mín, hvort ekki væri tilætlunin að láta vinna að vegargerðinni fyrir þá upphæð, sem í frv. stendur.

Jeg skal svara þessu skýrt á þann veg, að þetta er meiningin að því er snertir allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda samkv. stjfrv. Fyrir þær verður unnið, svo framarlega sem engin atvik, sem nú eru ófyrirsjáanleg, aftra því.

Þetta vona jeg, að sje nægilegt svar.

Hv. þm. (BSt) talaði um, að æskilegt væri, að akfærir vegir næðu alt í kringum landið. Jeg er þessu alveg samþykkur. Þetta væri mjög æskilegt, en það eru vanefnin, sem valda því, hversu lengi þetta, eins og svo margt annað, verður að dragast. En smátt og smátt nálgast þetta takmark.

Vegarkaflar, smáir og stórir, hafa nú þegar verið lagðir hingað og þangað um land alt, og er meiningin, að þeir verði með tímanum tengdir saman í eina heild, sem nái kringum alt land.

Ástæðan til þess, að vegagerðin er bútuð svo niður, er sú, að reynt er að leggja þá kafla árs árlega, sem brýnust er þörf fyrir.

Jeg get verið hv. samgmn. þakklátur fyrir það, að hún hefir ekki í nál. sínu um samgöngur á sjó viljað marka stjórninni sjerstaklega þröngan bás í þeim efnum, heldur leggur að mestu leyti á mitt vald að fara með og skifta því fje, sem kann að verða veitt til samgangna á sjó. Og þó að hv. nefnd hafi gert till. um skiftingu fjárins, þá lít jeg svo á, að þær sjeu ekki bindandi fyrir mig, en mun hinsvegar telja mjer skylt að fara eftir þeim að svo miklu leyti, sem unt verður.

Vegna þess að deilt hefir verið um, hvort leigja bæri eitt skip til flutninga um Faxaflóa og Breiðafjörð, skal jeg taka það fram, að ekki er til neins að deila um slíkt, meðan ekki er til hentugra skip til þeirra ferða en nú er.

Meðan á samningum stóð við Eimskipafjelag Suðurlands lýsti stjórn fjelagsins því yfir, að vel gæti svo farið, að fjelagið yrði að segja upp samningnum á miðju ári, ef það ætti einnig að taka að sjer Breiðafjarðarferðir. En að semja við fje-

lag, sem svo er ástatt fyrir, er sama og enginn samningur.

Fjelagið er, sem sagt, svo illa statt, að ekkert má út af bera til þess að það verði að hætta starfsemi.

Styrkurinn, sem þetta fjelag hefir fengið til Borgarnesflutninganna, er eftir staðháttum miklu hærri en nokkur annar slíkur styrkur, vegna þess að útgerð Suðurlands ætti í raun rjettri að borga sig. En fjelagið á við svo mikla örðugleika að búa, að það þolir engin skakkaföll. Það verður að fá fyrir öllum útgerðarkostnaði og meira, þar sem það verður þó a. m. k. að greiða vexti af skuldum, sem eru mjög miklar. Ef fjelagið væri sæmilega statt, mætti sennilega fá það til að taka að sjer þessa flutninga fyrir minni þóknun.

Út af ummælum hv. þm. S.-Þ. (IngB) um Eyjafjarðarbátinn skal jeg geta þess, að jeg sje litla von til, að kleift verði að láta hann ganga til Húsavíkur, enda er þess engin nauðsyn vegna þessa kauptúns. Húsavík nýtur betri og stöðugri samgangna en flest önnur kauptún landsins. Þar kemur Esja við í hverri ferð og sömuleiðis Goðafoss og skip Bergenska fjelagsins, svo að þetta kauptún fer alls ekki varhluta af skipakomum, eftir því sem gerist hjer á landi.

Hinsvegar þykist jeg vita, að nauðsyn beri til, að bátur þessi komi við í Hrísey öðru hvoru, og skal jeg hafa það í huga, þegar samið verður um þessar Eyjafjarðarferðir, en þori þó engu að lofa, þar sem jeg veit ekki nákvæmlega um, hversu mikið viðkoma í Hrísey muni kosta aukalega.

Út af ummælum hv. 2. þm. Árn. (JörB) um Biskupstungnaveginn vil jeg benda á, að þegar hefir allmikið verið unnið að vegagerð fyrir Biskupstungurnar, þar sem lagður hefir verið vegur frá Soginu yfir Grímsnesið, og síðast en ekki síst gerð brú á Brúará.

Jeg skal viðurkenna, að áður en þessar samgöngubætur voru gerðar, áttu Tungnamenn afarörðugt með alla flutninga, en sú mikla breyting hefir orðið á þessu, að nú geta þeir notað bifreiðar til flutninga alla leið austur fyrir Brúará, og er því ekki mjög ósanngjarnt, að þeir verði að bíða 1 eða 2 ár eftir framhaldi vegarins.

Þeim var veruleg nauðsyn að fá Brúará brúaða, og man jeg eftir því, að jeg studdi þá beiðni þeirra eftir mætti á sínum tíma, því að jeg sá, hversu þeim var brúin afaráríðandi.

En hinsvegar verða bæði þeir og aðrir að líta á það með sanngirni, að við verðum að skifta því litla fje, sem við getum varið til samgöngubóta á landi árs árlega, hlutfallslega milli hinna ýmsu hjeraða landsins, eftir því hvar þörfin er brýnust.

Og jeg fyrir mitt leyti get ekki rjettara gert en að fara sem mest eftir till. vegamálastjóra í þessum efnum. Bæði er það, að hann er maður, sem stendur utan við alla hreppapólitík, og þar að auki er hann þessum málum gagnkunnugastur þeirra manna, sem völ er á.

Mjer skildist hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) vera óánægður yfir því, að stjórnin hafi ekki sent hv. fjvn. til umsagnar erindi frá Kjalnesingum um vegagerð þar. *(ÁF: Það hefir sennilega gleymst).* Nei, það hefir alls ekki gleymst. Brjef þeirra Kjalnesinganna er dagsett 15. febr. síðastl., m. ö. o. eftir að þing kom saman, og kom það til stjórnarráðsins hinn 18. sama mán. Samdægurs var brjefið sent vegamálastjóra til umsagnar, eins og ætíð er gert við slík erindi.

Hann svaraði síðan hinn 18. þ. m., og hinn 20. sendi ráðuneytið hv. fjvn. erindið síðan til umsagnar.

Jeg veit ekki, hvernig hv. þm. (ÁF) getur heimtað greiðari afgreiðslu af hendi ráðuneytisins.

Að öðru leyti get jeg vísað til álits vegamálastjóra að því er þennan veg snertir. Álit hans um, hvar sje brýnust þörf vegabóta á árinu 1926, hefir legið fyrir hv. fjvn., og man jeg ekki til þess, að þessa vegarspotta sje þar getið sjerstaklega.

Það, sem gerst hefir nýtt í máli þessu, er ekki annað en að nú hafa Kjalnesingar boðist til að leggja fram fje til vegargerðarinnar að nokkrum hluta.

Annars vildi jeg í þessu sambandi aðeins vekja athygli hv. þm. (ÁF) á því, að atvinnumálaráðuneytið hefir afgreitt þetta mál svo fljótt sem yfirleitt er unt.

Jakob Möller: Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði snemma við þessa umr., að hann væri þeirrar skoðunar, að ríkið ætti að geyma framkvæmdir sínar til mögru áranna, og í öðru lagi sagði hann, að nota bæri góðu árin til þess að búa sig undir þessar framkvæmdir.

Þetta er nógu áferðarfalleg kenning, en þó er jeg sannfærður um, að ef ríkið ætlaði að framkvæma hana, þá yrði niðurstaðan sú, að framkvæmdirnar yrðu geymdar frá feitu árunum til mögru áranna og frá mögru árunum til feitu áranna, og þannig koll af kolli, svo að ekkert yrði aðhafst.

Ef tekjum góðu áranna er ekki varið til nauðsynlegra framkvæmda, þá verður aldrei neitt framkvæmt.

Ef öllum tekjum góðu áranna er varið til að borga með þeim skuldir frá mögru árunum, sem jeg að öðru leyti skal ekki lasta að greiddar sjeu, þá mun fara svo, að ef nokkuð á að framkvæma á vondu árunum, þá þarf að stofna til nýrra skulda í því skyni.

Jeg efast um, að mönnum þyki fýsilegra að stofna nýjar skuldir til verklegra framkvæmda þegar illa árar en að verja til þeirra tekjum góðu áranna.

Jeg get auðvitað ekki áfelt hæstv. fjrh. (JÞ), þó að hann vilji ekki láta eyða fje ríkissjóðs mjög að ófyrirsynju, enda þótt í góðæri sje.

En samt finst mjer hann gera nokkuð mikið úr því, hversu fjárhagur ríkissjóðs sje nú örðugur.

Það eru þessar svokölluðu lausaskuldir, sem hann veifar stöðugt framan í okkur og brýnir fyrir okkur að greiða þurfi.

Hinsvegar gerir hann sjer minna far um að benda okkur á, hvernig fjárhagslegri afkomu ríkissjóðs er í raun og veru varið nú sem stendur.

Hann segir, að tekjuhlið fjárlagafrv. leyfi ekki, að ráðist verði í byggingu landsspítala á næsta ári, eins og jeg hefi lagt til ásamt hv. 2. þm. Reykv. (JBald).

En í þessu sambandi má einnig líta á, hvernig niðurstaða yfirstandandi árs muni verða.

Hv. fjvn. hefir nú að vísu hækkað ýmsa tekjuliði í fjárlagafrv. fyrir árið 1926 um 930 þús. kr. frá því, sem þeir voru áætlaðir í stjfrv.

Það er engan veginn hægt að segja, að þessi hækkun hv. fjvn. sje óvarleg, eða að ekki sjeu líkur til, að þessir liðir gefi svo miklar tekjur árið 1926.

En hitt er og athugandi, að það mun fullkomlega óhætt að hækka hlutfallslega sömu liði í fjárlögum yfirstandandi árs, og hefir mjer talist svo til, að samkvæmt þeirri hækkun gefi þessir liðir um 1235 þús. kr. umfram áætlun fjárlaganna. Og

ef menn vilja leggja útkomu ársins 1924 til grundvallar, þá má enn bæta um 1 miljón við tekjurnar samkvæmt þessum sömu liðum árið 1925.

Þannig er það, að ef bygt er á afkomu síðastl. árs, sem að vísu var óvenju gott, þá má á þessu ári gera ráð fyrir um 2¼ milj. kr. tekjum umfram áætlun á þeim liðum einum, sem hv. fjvn. leggur til, að hækkaðir verði í frv. fyrir árið 1926.

Hjer við má þó enn bæta 2 liðum, sem hv. fjvn. leggur ekki til, að verði hækkaðir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, vegna þess að enn er allsendis vafasamt, hversu miklar tekjur þeir muni gefa á því ári, en sem vafalaust gefa mun meiri tekjur í ár en áætlað er.

Þar má fyrst nefna tekju- og eignarskatt, sem í fjárlögum þessa árs er áætlaður 800 þús. kr., en sem vafalaust verður miklum mun hærri, vegna þess, hve síðasta ár reyndist fengsælt öllum þorra landsmanna, en af síðasta árs tekjum er skatturinn í ár reiknaður, eins og kunnugt er. Jeg held, að það sje alls ekki óvarlegt að gera ráð fyrir því, að þessi liður fjárlaganna fari í ár um 500 þús. kr. fram úr áætlun, jafnvel þó að samþykt verði breyting sú á tekjuskatti hlutafjelaga, sem fyrir þinginu liggur.

Í öðru lagi má ekki ganga framhjá póst- og símatekjum. Þær fóru síðastl. ár um 460 þús. kr. fram úr áætlun, og er engin ástæða til að halda, að þær verði ekki jafnmiklar í ár.

Þarna eru komnar um 1 milj. kr. tekjur umfram áætlun núgildandi fjárlaga í viðbót við áðurnefndar 2¼ milj. kr. Á þennan hátt reiknast mjer til, að tekjur yfirstandandi árs megi áætla nálega 3¼ milj. kr. umfram áætlun fjárlaganna, og þó að hjer frá sjeu dregin 15%, sem hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að gjöldin fari að jafnaði fram úr áætlun, þá verður eftir um 2 milj. kr. tekjuafgangur á þessu ári.

Þá er að athuga, hversu öruggar tekjulindir ríkissjóðs eru, því að þar á veltur, hvort þessar áætlanir mínar fái staðist og hvort treysta megi því, að tekjur ársins 1925 verði ekki minni en síðasta árs.

Í þessu sambandi er fyrst athugandi, af hverju hinn mikli tekjuafgangur ársins 1924 stafar, eða m. ö. o. hvers vegna tekjur þess árs fóru svo mjög fram úr áætlun.

Þetta stafar að töluverðu leyti af því, að á síðasta ári blómgaðist mjög alt viðskiftalíf landsins, en í öðru lagi og ekki hvað síst af hinu, að ýmsir tollar og gjöld voru hækkuð mikið á síðasta þingi, auk þess að nýr tollur var í lög leiddur, verðtollurinn.

Hjer við bætist ennfremur, að verslunarfyrirtæki ríkisins gáfu ríflegri arð en áætlað var, sem sumpart stafar af bættum efnahag almennings, en sumpart vafalaust af gengiságóða.

Þegar nú hver tekjuliður er athugaður út af fyrir sig, — en það hefi jeg gert eftir föngum, — þá verður ómögulegt að komast að annari niðurstöðu en þeirri, að engin ástæða er til að ætla, að þeir gefi neinum mun minni tekjur á þessu ári en þeir gáfu síðastl. ár.

Það er aðeins einn liður, sem ef til vill verður eitthvað lægri, en það er útflutningsgjaldið, vegna þess að það lækkar jafnhliða verðhækkun ísl. krónunnar og afurðir landsins verða minna virði að nafnverði. Hjer við er þó athugandi, að enda þótt afurðasalan hafi yfirleitt gengið mætavel síðastl. ár, þá varð útflutningsgjaldið þó ekki svo mikið, sem því svarar fullkomlega. Það stafar af því, að þó að fiskverðið hafi verið gott, þá brást síldin, svo að óvenjulítið var útflutt af

henni. En útflutningsgjald af síld er í rauninni sá hluti útflutningsgjaldsins, sem mest dregur um, þegar aflast í meðallagi eða meira.

Þó að útflutningsgjaldið kunni því að lækka eitthvað vegna gengishækkunar ísl. krónunnar, þá sje jeg ekki ástæðu til að gera ráð fyrir, að það lækki nokkuð verulega í heild, ef síld aflast í meðallagi, þar sem útflutningsgjald af síld er miðað við þunga, en ekki verð.

Þá er enn eftir að athuga eitt atriði, sem einnig hefir þýðingu í þessu sambandi.

Eins og kunnugt er, hefir síðasta þingi verið hælt mikið fyrir að hafa áætlað útgjöld ríkissjóðs í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár enn varlegar en áður hefir tíðkast. Þess vegna má ef til vill draga eitthvað frá þeim 15%, sem hæstv. fjrh. (JÞ) vill láta bæta við útgjöldin eins og þau eru áætluð í fjárlögum, til þess að hin rjetta útkoma fáist.

Hversu varlega útgjöldin hafa verið áætluð, má m. a. sjá á því, að enda þótt svo að segja allar verklegar framkvæmdir hafi verið skornar niður, er gjaldahliðin nærri því jafnhá og hún var í fjárlögum fyrir síðasta ár, en þar var þó gert ráð fyrir töluverðum verklegum framkvæmdum.

Þó er rjett að reikna með því, að ýms útgjöld fari á þessu ári töluvert fram úr áætlun, eins og t. d. laun embættismanna ríkisins, vegna þess að dýrtíðaruppbótin hefir reynst hærri en ráð var fyrir gert.

En þegar alls er gætt, er samt engin ástæða til að efast um, að útkoma ársins 1925 verði mjög hagstæð og ríkissjóði hlotnist allverulegur tekjuafgangur.

Jeg vil því staðhæfa, að enda þótt greidd verði á þessu ári af lausaskuldum fullkomlega jafnhá upphæð þeirri, sem áætlað er, að greidd verði árið 1926 samkvæmt till. hv. fjvn., og þar að auki lagðar 150 þús. kr. til landsspítalabyggingar og 75 þús. kr. til heilsuhælis á Norðurlandi, þá verður samt verulegur tekjuafgangur.

Af þessum hugleiðingum mínum leiðir það ennfremur, að jeg verð að álíta, að útkoma ársins 1926 muni einnig verða að því er tekjurnar snertir töluvert betri en tekjuhlið þessa frv. sýnir, jafnvel eftir að till. hv. fjvn. hafa verið samþyktar.

Jeg þykist vita, að mjer hafi misheyrst, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi sagt, að tekjur samkv. 2. gr. fjárlagafrv. eins og hv. fjvn. skilar því, sjeu áætlaðar 1½ milj. króna hærri en í fjárlagafrv. 1923. *(Fjrh. JÞ:* Það er rjett). Þetta kann svo að vera, en þá er aðgætandi, að nú eru í þeirri grein ýmsir liðir, sem þar voru ekki árið 1923. *(Fjrh. JÞ:* Þeir eru reiknaðir frá í þessu sambandi). Þá skil jeg ekki niðurstöðu hæstv. fjrh. (JÞ).

Í fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 8 milj. 242 þús. kr. tekjum og hv. fjvn. hefir hækkað það um 930 þús. En þar frá dragast svo 800 þús. fyrir tolli og 60 þús. af steinolíueinkasölunni. Og þá skil jeg ekki, að eftir verði 1½ milj. umfram áætlun fjárl. 1923. Og þá er þess hjer að gæta, að gengisviðaukinn gefur mjög miklar tekjur, sem koma þarna til greina.

Þá sagði hæstv. fjrh., að hann áliti þó tiltækilegt að veita þessar upphæðir, ef tekinn væri varasjóður landsverslunarinnar, en algerlega ótiltækilegt að taka til þess lán.

Jeg get ekki sjeð, hver munur er á því að taka eign ríkissjóðs og nota hana eða taka lán og eiga eignina. Ef eignin gefur

arð, þá er það mikið álitamál, en ef eignin gefur engan arð, þá er það vafasamt, hvers virði hún er.

Ef hæstv. stjórn vill fá heimild til þess að gera þetta, þá er betra að veita þá heimild, ef svo sýnist, án þess að blanda því máli inn í þessar umr.

Jeg held, að það sje fullkomlega forsvaranlegt að setja þessi útgjöld í fjárlög fyrir 1926, með tilliti til þess, hve góð útkoman var árið 1924 og hve útlitið er gott. Tekjuafgangur var árið 1924 1½ milj., og því má treysta, að afgangurinn verði ekki minni hin árin til jafnaðar.

Hv. frsm. (ÞórJ) sagðist fyrir hönd nefndarinnar ekki sjá sjer fært að ljá till. minni um landsspítala fylgi sitt. Bygði hann það meðfram á því, að framlög til aukningar húsum á Kleppi ættu og yrðu að ganga á undan. Jeg held hann hafi gert fullmikið úr erfiðleikunum á því að sjá fyrir geðveikum sjúklingum, þar sem hann gerði ráð fyrir, að meðgjöfin með einum sjúklingi gæti orðið alt að 11 þús. kr. á ári. Það er óneitanlega býsna hátt. Mjer er að svo komnu ómögulegt að trúa því, að ekki sje hægt að fá mann til að taka sjúklinga fyrir lægri meðgjöf, þótt örðugir kunni að vera.

Hins er ekki að synja, að það er þegar þörf á því, að Kleppur sje stækkaður. En jeg held því fram, að landsspítali sje hin langnauðsynlegasta undirstaða heilbrigðismála í landinu.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að prófessorarnir í læknisfræði væru í vandræðum með að kenna aðra aðalgrein læknisfræðinnar, lyflæknisfræði, sakir skorts á sjúkrahúsi. Og það getur hver maður sagt sjer sjálfur, hvílík áhrif það hefir á mentun lækna. Jeg vil vekja athygli á því í sambandi við berklahælið, hvaða áhrif það hlýtur að hafa, ef háskólinn er ekki firtur þeim vandræðum. Það gæti sem sje leitt til þess, að læknar hættu að þekkja sjúkdóminn. En slík tækifæri, sem til þess þarf, fá læknanemar aldrei fyr en landsspítali er fenginn. Og meðan það er dregið, er stofnað til nýrrar hættu og líf manna og heilsa gert ótryggara en þarf að vera.

Jeg vil því taka það fram enn þá: Landsspítalinn er nauðsynlegastur. Ef nokkurt fje á að veita, þá á að veita til hans.

ATVGR. um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 195,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 195,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 195,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 195,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 195,5 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 195,6 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 195,7 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 195,8 samþ. með 20:2 atkv.

— 195,9 samþ. með 20:1 atkv.

— 195,10 samþ. með 15:5 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 235,1 feld með 20:1 atkv.

— 195,11 samþ. með 22 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 195,12 samþ. með 15:10 atkv.

— 204,1 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, ÁF, BJ, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, MJ, BSv.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, PO.

Einn þm. (ÁJ) fjarstaddur.

10. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 195,13 samþ. með 25 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 195,14 felld með 14:9 atkv.
— 195,15 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 235,II (aðaltill.) felld með 14:8 atkv.
— 235,II (varatill.) samþ. með 15:9 atkv.
— 235,III (aðaltill.) samþ. með 16:7 atkv.
— 204,2 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JAJ, JK, JÞ, MJ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BL, HK, BSv.
nei: JBald, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, BSt, HStef, IngB.
Brtt. 195,16 felld með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, KlJ, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, IngB.
nei: JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, MG, MJ, MT, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HStef, HK, BSv.
Brtt. 204,3 felld með 18:3 atkv.
— 195,17 samþ. með 18:3 atkv.
— 235,IV felld með 16:4 atkv.
— 195,18 samþ. með 21:2 atkv.
— 235,V samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MJ, SvÓ, BSv.
nei: TrÞ, ÞórJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ.
Brtt. 235,VI felld með 19:7 atkv.
— 235,VII felld með 18:4 atkv.
— 235,VIII tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 235,IX (aðaltill.) felld með 14:2 atkv.
— 235,IX (varatill.) felld með 14:9 atkv.
— 195,19 samþ. með 16:3 atkv.
— 235,X samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HStef, BSv.
nei: JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, MT, SigurjJ, ÞórJ, PO.
Brtt. 235,XI tekin aftur.
— 235,XII felld með 15:11 atkv.
— 195,20.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 195,20.b samþ. með 16:1 atkv.
— 204,4.a felld með 16:4 atkv.
— 204,4.b felld með 18:5 atkv.
— 204,4.c sjálffallin.
— 204,4.d felld með 16:6 atkv.
— 204,4.e felld með 14:6 atkv.
— 235,XIII tekin aftur.
— 235,XIV felld með 17:10 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 235,XV felld með 15:7 atkv.
— 235,XVI felld með 17:8 atkv.
— 204,5 felld með 17:3 atkv.
— 195,21 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HStef, IngB, JörB, KlJ, BSv.
nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MG, MJ, MT, PO.
Brtt. 195,22 samþ. með 15:7 atkv.
— 195,23 samþ. með 18:3 atkv.
— 195,24.a samþ. með 15:7 atkv.
— 195,24.b samþ. með 18:5 atkv.
— 235,XVII felld með 15:7 atkv.
— 235,XVIII felld með 14:6 atkv.
— 235,XIX tekin aftur.
— 235,XX samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 204,6 tekin aftur.
— 204,7.a—b tekin aftur.
— 235,XXI samþ. með 16:7 atkv.
— 195,25 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 195,26 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 195,27 tekin aftur.

13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. mars, var enn framhaldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefir ekki verið venja, og verður heldur ekki gert nú, að gefa yfirlit yfir fjárhag landsins við þessa umr. um síðari hluta fjárlaganna. Þó gætu sumir jafnvel haldið, að það væri sjerstaklega ástæða til þess nú, er flokkarnir í fjvn. hafa skift á milli sín framsögu fjárlaganna; en þó að þetta væri gert, kom það alls ekki af því, að það væri nokkurt reiptog milli flokkanna í nefndinni.

Háttv. frsm. fyrri hluta fjárl. (ÞórJ) gaf nokkurt yfirlit yfir fjárhaginn og flutti ýmsar slíkar almennar athugasemdir og lýsti stefnu fjárveitinganefndar viðvíkjandi starfi hennar. Við munum flestir nefndarmanna geta tekið undir það með honum, en af hálfu okkar Framsóknarmanna í nefndinni get jeg lýst yfir því, að við vorum ekki sammála einstökum ummælum háttv. frsm. (ÞórJ), og sjerstaklega vorum við ósamþykkir samanburði hans á núverandi og fyrverandi fjármálastjórn. En annars ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta og vil alls ekki vekja neinar deilur um þessi efni, og jeg tek það fram, að yfirleitt var gott samkomulag í nefndinni.

En áður en jeg vík að till. nefndarinnar ætla jeg að gefa stutt yfirlit yfir allar brtt., sem fyrir liggja, bæði frá nefndinni sjálfri (meiri hluta hennar) og minni hlutanum og frá einstökum þingmönnum.

Alls munu vera við fjárlögin rúmlega 150 brtt., að meðtöldum öllum varatillögum. Til samanburðar má geta þess, að fyrir rúmlega hálfum mánuði síðan lágu fyrir við 3. umr. fjárlaganna í danska þinginu 551 breytingartillaga.

Þá kem jeg að yfirliti því, sem jeg ætla að gefa yfir breytingartillögur við þennan kafla fjárlaganna:

Við 14. gr.:

Þar nema hækkunartill. nefndarinnar alls kr. 61500; frá minni hl.: kr. 33933,33; frá öðrum: **kr. 80500, eða allar brtt. samtals kr. 175933,33.**

Við 15. gr.:

Brtt. nefndarinnar	alls kr.	20900,00
— minni hl.	— —	26600,00
— frá öðrum	— —	9000,00
eða allar brtt. samtals	kr.	56500,00

Við 16. gr.:

Hjer eru hækkunartillögur nefndarinnar flestar og hæstar, og hærri en á hinum greinunum öllum við þennan kafla:

Brtt. frá nefndinni ..	alls kr.	103900,00
— — minni hluta	— —	48900,00
— — öðrum	— —	110300,00
eða allar brtt. samtals ..	kr.	263100,00

Við 17.—26. gr.:

Brtt. frá nefndinni ...	alls kr.	23566,66
— — minni hluta	— —	50000,00
— — öðrum	— —	14100,00
eða allar brtt. samtals	kr.	87666,66

Hækkanir nefndarinnar eru því alls:

Við 14. gr.	kr.	61500,00
— 15. —	—	20900,00
— 16. —	—	103900,00
— 17.—26. gr.	—	23566,66
eða alls	kr.	209866,66

Þar frá dragast lækkunartillögur nefndarinnar, sem eru 500 kr.

Aðrar hækkunartill. eru:

Við 14. gr.	kr.	114433,33
— 15 —	—	35600,00
— 16. —	—	159200,00
— 17.—26. gr.	—	64100,00
eða hækkunartillögur alls	kr.	583199,99

Þar við bætist dýrtíðaruppbót í 18. gr. alls kr. 13800,00.

Verða því hækkunartill. allar á þessum kafla samtals kr. 596999,99, eða um 600 þús. kr., og er þó þar ótalin eftirgjöf á láni til sýslumannsins í Borgarnesi.

Það verður þá af þessu augljóst, að hækkunartillögur nefndarinnar eru ekki nema þriðjungur af því, sem alls er lagt til, að hækkaðar verði áætlanir frv. Vafalaust má telja, að þær brtt., sem nefndin ber fram, sjeu hinar sjálfsögðustu og sem brýnust nauðsyn er að verða við. Hitt veit jeg, að flestar hinar brtt. eru líka rjettmætar og margar þeirra allnauðsynlegar. Þær hafa allar komið fyrir nefndina, ásamt skjölum og upplýsingum, sem þeim fylgdu, en nefndin hefir orðið að hafna þeim. Þetta yfirlit, sem jeg nú hefi gefið, er aðeins dálítil mynd af starfi nefndarinnar; en um aðrar till. en nefndarinnar mun jeg ekki ræða fyrst um sinn, fyr en háttv. flutningsmenn þeirra hafa talað fyrir þeim, en þó get jeg þegar tekið það fram, að langflestum þeirra leggur nefndin á móti.

Jeg skal ekki hafa þessi orð lengri, en snúa mjer að brtt. við þennan kafla, sem byrjar á 14. gr. Við þá grein er fyrst sú brtt. að lækka ritfje biskups úr 2000 kr. niður í 1500 kr. Sú till. er borin upp samræmis vegna, af því að lagt var til að lækka ritfje landlæknis á sama hátt. En þar sem sú till. er fallin, tekur nefndin þessa till. aftur.

Næsta brtt. er einnig við 14. gr., um húsabætur á prestssetrum. Segir í nál., til hverra staða þessi upphæð eigi að ganga og hve mikið á stað. Voru lögð fyrir fjvn. mjög skýr gögn um þá staði alla saman, og einnig rökstudd ummæli biskups. Nú álítum við þurfa að hækka þennan styrk vegna þriggja staða. Fyrst er að nefna Stað í Steingrímsfirði. Þar er fyrirsjáanlegt, að söfnuðurinn fær ekki prest nema húsakynni verði bætt að miklum mun á prestssetrinu. Lagðar voru fyrir nefndina mjög eindregnar áskoranir um, að lán fengist til að þetta yrði gert. — Þá er Mosfell í Grímsnesi. Þar er búið að reisa bæjarhús, og var það gert í samráði við kirkjustjórnina og húsameistara ríkisins. Biskup hefir mælt með hækkuðu láni, og nefndin sá sjer heldur ekki annað fært en leggja með því. — Þriðji staðurinn er Skútustaðir. Þar á að reisa hús, og hefir komið fram mjög eindregin áskorun frá sóknarmönnum um lán; einnig vilja þeir sjálfir leggja fje fram. Um þann stað er það að segja, að þangað sækja fleiri útlendingar en til nokkurs annars staðar á Norðurlandi, og væri sómi fyrir landið að hafa þar vel húsað. Um þennan lið stendur nefndin á einu máli, að samþykkja hann eins og hann er fram borinn.

Jeg þarf ekki að taka það fram, að í þessu efni er ekki um styrk að ræða, heldur lán, auðvitað með sjerstaklega góð-

um kjörum. En peningarnir renna á sínum tíma aftur í ríkissjóðinn. Jeg get bætt því við í þessu sambandi, að það lá beiðni fyrir fjvn. — sem var synjað — frá prestinum á Torfastöðum í Biskupstungum, þar sem hann fór fram á, að keypt yrðu hús á staðnum, sem eru hans eign. Var beiðninni vísað til biskups til umsagnar, en hann lagði til að vísa henni frá, vegna ófullnægjandi upplýsinga; er slíkum málum ráðið til lykta af kirkjustjórninni sjálfri, og má kannske fá fje til þessa úr kirkjujarðasjóði.

Þá er nýr liður: styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum fimm þúsund krónur. Hjer er ekki um lán að ræða, heldur beinan styrk. Á Skútustöðum stendur alveg sjerstaklega á. Sóknarmenn þar sækja það ákaflega fast að fá sinn gamla prest aftur, sem sótti frá þeim og er nú í Laufási. Þeir sækja þetta svo fast, að auk þess sem þeir vilja fá lán, vilja þeir leggja fram fje frá sjálfum sjer, gegn helmingi úr ríkissjóði, til þess að alt geti orðið sem myndarlegast. Jeg vil ekki leyna því, að það hefir og komið fram annað í þessu máli. Það kom símskeyti frá Laufásprestakalli, þar sem þessu er mótmælt. Þeir vilji hafa sinn prest áfram. Svo mikill er reipdráttur um þennan prest. Vitanlega dettur fjvn. ekki í hug að taka afstöðu í þessu ágreiningsefni, enda eru skiftar skoðanir innan hennar um það. En nefndin leit svo á, að ef fram komi hjá sóknarmönnum í einu prestakalli viðleitni til þess að gera prestssetrið sem myndarlegast með því að leggja fram fje úr eigin vasa, þá eigi ríkið að koma á móti slíkri framrjettri hönd. Því hvað sem þessu kappi um prestinn líður, þá vildi meiri hl. nefndarinnar aðhyllast þá stefnu, að ríkið mætti þeim á miðri leið, sem eitthvað vildu á sig leggja til að húsa vel prestssetrin.

Áður en jeg skilst við þessa liði um aukinn styrk til þess að reisa við þessa staði, langar mig til að taka framhjá nefndinni í það eina skifti í minni framsögu. Jeg ætla að leyfa mjer að segja nokkur orð frá eigin brjósti, og það tek jeg skýrt fram, að það, sem jeg nú segi, er ekki frá nefndarinnar hálfu. Meira að segja er mjer kunnugt um, að sumir nefndarmenn eru skoðun minni mjög andstæðir. Það, sem valdið hefir því, að jeg hefi talið sjálfsagt, að ríkið styddi að viðreisn prestssetra úti um landið, er það, að jeg tel ríkið hafa alveg ótvíræða skyldu að rækja gagnvart kirkjunni í þessu efni. Jeg hefi í mínum tómstundum mörg undanfarin ár lagt stund á að kynna mjer okkar fornu sögu, og þá sjerstaklega kirkjusögu. Jeg er kominn að þeirri niðurstöðu, að sú skoðun, að kirkjan hafi aflað sjer hinna miklu eigna, sem hún átti yfir að ráða í gamla daga, með yfirgangi og rangindum, er algerlega röng. Það má finna þúsund sannanir fyrir því. Það er enginn vafi á, að kirkjan hefir fengið sínar miklu eignir yfirleitt fullkomlega á löglegan hátt. Þetta hefir dr. Páll E. Ólason sýnt fram á og að íslenska þjóðin hafi verið sjerstaklega gjafmild við þessa stofnun. Þetta verður ómótmælanlega sannað, þegar verður til fulls unnið úr þeim skjölum, sem til eru viðvíkjandi þessu efni. Eitt af því, sem sjá má af þeim skjölum, það er sá mikli auður, sem fólkið gaf til kirkjunnar; hann er miklu meiri en menn gera sjer í hugarlund. Það er enginn vafi á, að gripaeignin ein nemur miljónum kr. og jarðeignir tugum miljóna. Kirkjan átti t. d. meira en aðrahvora jörð á Norðurlandi. Þessar eignir allar gaf íslenska þjóðin til kristnihalds í land-

inu. Þessar eignir hjer um bil allar tók svo ríkið undir sig. Við því er auðvitað ekkert að segja í sjálfu sjer, og jeg ætlaði vitanlega ekki að fara langt út í þetta, en segja það hiklaust frá mínum bæjardyrum, að þar sem ríkið hefir tekið þessa tugi miljóna króna af kirkjunni og farið með alla tíð síðan, þá skoða jeg kirkjuna eiga svo miklar kröfur á hendur ríkinu, að ekki verði staðið á móti að fullnægja þeim kröfum, sem kirkjan kann að bera fram. Vil jeg sjerstaka áherslu leggja á það, að þar sem um er að ræða að reisa við gömul prestssetur, sem hafa verið menningarsetur hjá þjóðinni í margar aldir, þá er það tvímælalaus skylda ríkisins að bregðast vel við.

Næsti liður við 14. gr. er um viðbótarstyrk til háskólans, þar sem nefndin leggur til, að tekinn sje upp sjerstakur húsaleigustyrkur til stúdenta. Hæstv. fjrh. (JÞ) benti nefndinni á þetta, og það er í samráði við hann, sem liðurinn er tekinn upp. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta, því að það er annað mál, sem blandast hjer inn í, og það er stúdentagarðsmálið, sem verður rætt seinna. Um aðra skóla hefir nefndin fáar till. Um kvennaskólana er það að segja, að það var ekki sjerstök ástæða fyrir nefndina að hreyfa við þeim, því að þeir eru til umræðu í hv. Ed. vegna sjerstaks frv. um þá. Annars lágu fyrir frá skólastjórnum við ríkisskólana ýmsar beiðnir, sem nefndinni sýndust þannig vaxnar, að ekki þyrfti að breyta neinu í fjárlögum, heldur gæti stjórnin sint þeim án frekari ákvæða. Ein beiðnin er frá Hólaskóla. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það frá skólastjóra og hv. 2. þm. Skagf. (JS), að það sje mjög nauðsynlegt að hækka liðinn til viðhalds húsum eins og farið er fram á, vegna þess að viðhald á gamla húsinu á Hólum hefir mjög verið vanrækt. Um vjelstjóraskólann og stýrimannaskólann þarf að taka það fram, að launaviðbót tveggja kennara þar, Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar, hefir verið greidd í fjáraukalögum undanfarið, en hæstv. fjrh. hefir lýst því yfir, að þetta verði ekki greitt framvegis nema samkv. fjárlögum. Til fjvn. hefir ekki komið neitt frá skólunum, svo að hún hefir ekki haft neina ástæðu til að taka tillit til þessa enn þá, og því ekki borið fram till.

Næst eru unglingaskólarnir. Nefndin leggur til að hækka styrkinn úr 30 þús. kr. í 38 þús. Hún gerir ekki till. um breytt skipulag skólanna, enda liggur fyrir hv. deild frumvarp um það efni. En þetta aukna tillag er afleiðing af því, að unglingaskólunum er að fjölga. Hefir einn bæst nýlega í hópinn, og mun hann vera einna stærstur, skóli Þingeyinga. Annars er um þetta að segja hið sama og tekið er fram í nál., að nefndin hafði fyrir sjer skýrslu frá fræðslumálastjóra um það, hvernig styrknum var úthlutað 1924; og eigi styrkurinn að verða eitthvað svipaður framvegis, þá verður að hækka þessa upphæð eins og nefndin leggur til. Sú stefna virðist eiga nú mikið fylgi hjer á Alþingi að leggja áherslu á að hlynna að unglingafræðslunni.

Þá hefir nefndin komið með nýjan lið, til að reisa unglingaskóla í sveitum, alt að ⅔ kostnaðar, 20 þús. kr. Hjer er að vissu leyti tekin upp ný stefna, enda eru tekin fram sjerstök skilyrði fyrir því, að slíkur styrkur fáist. Það lágu fyrir nefndinni 2—3 umsóknir, þar sem leidd voru rök að því, að skólar, sem þegar er búið að reisa, hefðu orðið hart úti með byggingarstyrk. Nefndin treystist samt ekki til að verða við óskum um það eftir á að

hækka styrkinn. Jeg kem ofurlítið að þessu síðar. Auk þessara umsókna lá líka fyrir umsókn frá Sunnlendingum til þess að reisa hjeraðsskóla á Suðurlandi. Sá fjórðungur er nú hjeraðsskólalaus, en mun þó ekki hafa minni þörf en aðrir. Þar er mikill áhugi vaknaður fyrir því að reisa skóla og mikil fjársöfnun hefir farið fram. En hinsvegar er málið þó ekki fullnægjandi undirbúið. Bæði vegna þessa og sömuleiðis fjárhagsins vegna hefir fjvn. ekki treyst sjer að leggja til, að sú upphæð verði veitt, sem skólanefndin fer fram á. Í stað þess telur nefndin rjett að dreifa styrknum á fleiri ár, og leggur til að taka upp sömu stefnu um þetta eins og á sjer stað um margt annað, að tilfæra ekki sjerstakar stofnanir, heldur veita meðan þess er þörf og með ákveðnum skilyrðum fje til að reisa hjeraðsskóla. Þessar 20 þús. kr. vill nefndin veita í þessu skyni; en það skal skýrt tekið fram, að hún ætlast ekki til þess, að neitt af þessum peningum verði notað til þess að bæta upp það, sem aðrir skólar, sem búnir eru að fá styrk, telja sig vera vanhaldna um. Tillagan er borin fram fyrst og fremst vegna Suðurlandsskólans. Viðvíkjandi honum má ennfremur geta þess, að það lágu ýms plögg fyrir nefndinni um rannsókn þess máls. Töluvert mikill ágreiningur er um staðinn, og lá fyrir skýrsla frá húsameistara ríkisins um rannsókn hans. Hann kveður hiklaust upp þann dóm sinn, að einn staður sje alveg sjálfkjörinn, sem sje Laugarvatn. Það er eitt af skilyrðunum, sem nefndin álítur, að eigi að fullnægja í þessu máli, að í samráði við húsameistara verði ríkisstjórnin að samþykkja, hvar skólinn skuli vera.

Svo er einn nýr liður, sem nefndin ber fram, sem stendur í nánu sambandi við þetta: styrkur til að gera sundlaug við alþýðuskóla Þingeyinga, 5 þús. kr. Frá þessum skóla kom umsókn um aukinn styrk til byggingarinnar af því að hún kostaði meira en gert var ráð fyrir. Nefndin treystist ekki til að fara inn á þessa braut og neitaði algerlega. Þess vegna meðfram var það, að meiri hl. nefndarinnar varð fús til þess að veita þá sjerstaklega styrk til þess að koma upp sundlaug. Líka vegna þess, að meiri hl. nefndarinnar — og ef til vill nefndin öll, — lítur svo á, að þetta verk, að reisa skólann, hafi farið mjög myndarlega úr hendi af hálfu Þingeyinga; er það mjög gott að nota hverahitann til að hita upp húsið. Um hitt er ekki heldur hægt að deila, að það að koma upp myndarlegri sundlaug fyrir skólann er alveg sjerstaklega ákjósanlegt í heilbrigðislegu tilliti. Út frá öllum þessum forsendum leggur nefndin með þessari styrkbeiðni. Sundlaugar munu hafa verið styrktar áður, þó að það hafi ef til vill ekki verið í svona ríkum mæli. Því má bæta við, að áætlun lá fyrir um gerð sundlaugarinnar.

Næst er fjárveiting til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði. Lá fyrir umsókn um töluvert hærri styrk. Hefir nefndin hækkað hann úr 1000 kr. upp í 2000 kr. Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) flytur tillögu um meiri hækkun, sem hann mun gera grein fyrir. Ætla jeg því ekki að tala um þennan lið nú, en bíða umsagnar hans. En niðurstaða nefndarinnar varð þessi, að hækka styrkinn ekki meira en þetta.

Næsta till. er um sundkenslu í Reykjavík. Jeg býst við, að allir hafi sjeð, að það er prentvilla í nál. þar sem stendur, að liðurinn hafi verið hækkaður í fyrra; en vitanlega á að standa, að hann var lækkaður. Nú barst hv. fjvn. erindi, þar sem farið var fram á töluvert meiri upphæð. Að vísu er það svo, að sundkensl-

an er nálega eingöngu fyrir Reykjavík. En hinsvegar er hjer ⅕ hluti íbúa landsins, og bæjarsjóður Reykjavíkur leggur fram styrk á móti í þessu skyni, og hjer er um að ræða duglega og áhugasama kennara. Vildi því nefndin sýna viðurkenningu og hækka þessa upphæð nokkuð í áttina við það, sem hún var áður.

Næst er nýr liður, til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl, 2000 kr. Í mörg ár hefir verið samskonar styrkur í fjárlögum, bundinn við nafn Stefáns Eiríkssonar. Þar sem hann er fallinn frá, er eðlilegt, að slíkur styrkur fjelli niður í stjórnarfrv. Hinsvegar er það upplýst fyrir nefndinni, að það er mjög nauðsynlegt að hafa slíkan skóla. Og um það verður ekki deilt, að Ríkarður Jónsson er allra manna best til þess fallinn að verða eftirmaður Stefáns í þessari grein. Þess vegna tiltekur nefndin sömu upphæð og áður var og bindur við nafn Ríkarðs. Hann hefir sýnt það með sínum verkum, að hann ann þjóðlegum stíl og að hann er fær um að stuðla að þjóðlegri ment á þessu sviði. Hefir hann haft slíkan skóla undanfarið, sem hefir verið mjög sóttur.

Áður en jeg skil við þessa skólagrein, vildi jeg beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM) af nefndarinnar hálfu. Í fyrra bar fjvn. Nd. fram þáltill., og var því beint til stjórnarinnar, hvort ekki væri ráðlegt að flytja daufdumbraskólann í sveit. Var hún samþykt hjer í hv. deild. Þess vegna tel jeg rjett, að hæstv. stjórn skýrði hjer opinberlega frá þeim ástæðum, sem valdið hafa, að þetta hefir ekki verið gert ennþá. Fjvn. hefir að vísu fengið nokkra skilagrein um þetta, en þar sem till. var samþykt hjer í hv. deild í fyrra, þá álít jeg rjett, að hæstv. stjórn noti tækifærið og skýri frá ástæðum sínum líka hjer.

Þá er 15. gr. 1. liður er við Landsbókasafnið. Því miður hefir fjárveiting til þess í fyrra verið skorin við nögl. Hæstv. stjórn hefir tekið upp hjá sjer að bæta að nokkru úr þörfinni, og fjvn. hefir þar að auki lagt til að hækka einn lið inn, sem sje til útgáfu handritaskrár, 3 þús. kr. Hv. þm. munu vita, hvað hjer er um að ræða, að það er merkilegt verk, sem dr. Páll E. Ólason vinnur að með sínum alkunna dugnaði og skörungsskap. En nú stendur upp á landið að gefa út. Er þarna að ræða um fólgna fjársjóði fyrir þá, sem vilja kynna sjer sögu landsins. Og það er handritaskráin, sem getur opnað þennan fjársjóð. En handritasafnið er annars eins og lokuð bók.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess frá nefndarinnar hálfu, að henni er kunnugt um það, að hæstv. stjórn ætlar nú í sumar að láta gera við safnahúsið, og munu allir ljúka upp einum munni um það, að þess er engin vanþörf. Það munu fleiri en jeg hafa fengið sting í hjartað, þegar íslensku kvikmyndirnar voru sýndar hjer fyrir nokkru, er þeir sáu, hvernig safnahúsið var á myndinni. Það er landi okkar til lítils sóma. Í sambandi við þetta vill nefndin skjóta því til hæstv. stjórnar, að forstöðumaður safnsins kom á fund hjá henni, og meðal annars fór hann fram á, að gert yrði við gólf safnsins, sem er mjög slitið. Orsakast af því mikið ryk, er sest á bækur og skemmir þær. Vill nefndin skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort ekki mætti ráða bót á þessu um leið og gert er við húsið að öðru leyti.

Næsta till. er um 600 kr. hækkun til Bókmentafjelagsins samkv. umsókn þess. Er hún gerð í því skyni frá nefndarinnar hálfu, að styrkur sá, sem fjelagið hefir

haft undanfarið til þess að gefa út íslenskt fornbrjefasafn, verði eins og hann áður var; en hann var lækkaður í fyrra. Jeg get sagt það frá mínu eigin brjósti, að þarna mun vera að ræða um einhverja merkustu bókaútgáfu hjá okkur um þessar mundir. Væri því mjög sorglegt, ef við yrðum að minka styrk til þeirrar útgáfu samhliða því að missa manninn, sem hefir mest að útgáfunni unnið. Annars tekur sá maður við, sem mun vera til þess færastur, að dr. Jóni Þorkelssyni látnum, dr. Páll E. Ólason.

Næsta till. er aðeins orðabreyting viðvíkjandi styrk til Sögufjelagsins, á þá lund, að styrkurinn sje ekki eingöngu bundinn við að gefa út alþingisbækur, því að fjelagið hefir fleiri góðum útgáfum að sinna. Er þetta samkv. ósk formanns Sögufjelagsins.

Þá er komið að þeim lið 15. gr., sem ekki er minst skrafað um bæði á þingi og annarsstaðar. Auk hinnar almennu upphæðar til skálda og listamanna hefir nefndin tiltekið upphæðir, sem bundnar eru við nöfn tveggja skálda, Guðmundar Friðjónssonar og Jakobs Thorarensens. Orsök til þessarar breytingar er sú, að nefndin tók það fram í fyrra í nál., að hún ætlaðist til, að Jak. Th. fengi góðan skerf af skáldastyrknum. En það hefir ekki orðið; og það mun hafa frekar ýtt undir nefndina að taka þessa tvo menn út úr sjerstaklega. Annars er rjett og skylt að segja frá því, að töluverður ágreiningur var um þetta innan fjvn.; en þessi breyting varð þó seinast að samkomulagi.

Mjer var falið að taka það fram út af 14. lið d., um 3000 kr. til þess að kaupa listaverk, að sá liður var áður í sambandi við þjóðmenjasafnið. Það var í ráði, að nefndin flytti þennan lið til þannig; en hún hefir ekki gert það að sinni till., en leyfir sjer að benda því til hæstv. stjórnarinnar, að hún gerir ráð fyrir, að fornmenjavörður verði hafður með í ráðum, þegar þessum lið verður ráðstafað.

Næsti liður er styrkur til Þórbergs Þórðarsonar. Er það till. nefndarinnar, að honum verði aftur veittur sá styrkur í fjárlögum, sem hann hefir hingað til haft til þess að safna orðum úr alþýðumáli. Jeg tek það þó fram, að það er aðeins meiri hl. nefndarinnar, sem að þessari brtt. stendur, því að nefndin hefir ekki öll getað orðið sammála um hana. Þeir, sem fylgja fjárveitingunni, álíta Þórberg jafnmaklegan þessa styrks nú sem áður. Hjer á fróður maður og einkennilegur rithöfundur hlut að máli. Þó má ekki setja fjárveitingu þessa í samband við þær pólitísku ritsmíðar, sem þessi rithöfundur hefir nýlega látið frá sjer fara. Vjer höfum ekki sjeð ástæðu til, að þær hefðu nein áhrif á styrk þennan til eða frá.

Í sambandi við 16. lið, 4500 kr. til Einars Arnórssonar til að semja vissan hluta Alþingissögunnar, vil jeg geta þess, að fjárhæð þessi veitist í eitt skifti fyrir öll. Um næsta lið, 500 kr. hækkun á fjárveitingu til Hannesar Þorsteinssonar, get jeg vísað til nál., og hefi þar engu við að bæta.

Þá er næsti liður, hækkun fjárveitingar til veðurathugunarstofunnar. Nokkur styr hefir staðið um þá stofnun, og hefir verið sagt úr ýmsum áttum, að gagn af henni samsvaraði ekki kostnaði. Fjvn. í fyrra lagði til að lækka styrkinn, og var það gert að miklum mun. En nú er aðstaðan orðin öll önnur. Veðurathugunarstöðvar hafa verið settar upp á Grænlandi og Jan Mayen. Stofnunin er þegar búin að fá allmikla reynslu eftir margra ára starf. Nú berast kröfur úr tveim áttum í senn um, að veðurathuganir verði vel

ræktar hjer. Í fyrsta lagi frá útlöndum, og í öðru lagi frá Fiskifjelagi Íslands. Fjvn. hefir því lagt til að hækka styrkinn um 10000 kr. Forstöðumaður þessarar stofnunar hefir látið í ljós, að við borð lægi, að veðurathugunarstofan myndi missa mann úr þjónustu sinni, er þar hefir starfað undanfarið. Væri því æskilegt að heimta heim mann, sem undanfarið hefir lagt stund á fræðigrein þessa í Noregi, og þingið hefir styrkt, Jón Eyþórsson. Verður að telja sjálfsagt að reyna að fá þennan mann hingað.

Næsta brtt. fer fram á að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands um 1000 kr. Um þennan lið þarf ekki að deila. Íþróttafjelögin vinna meira gagn en metið verði til fjár. Nú er hugsað til meiri framkvæmda en áður. Á þeim grundvelli er lagt til að hækka hinn árlega styrk, fremur en að veita hærri styrk, sem um var beðið vegna námsskeiðs.

Þá kem jeg að till. fjvn. um fjárveitingu til Einars Jónssonar myndhöggvara. Nefndinni hafa borist margar umsóknir frá listamönnum um fjárstyrki. Hún hefir þó orðið að neita þeim næstum öllum, og hefir þegar fengið orð í eyra fyrir það, og er þó ekki öll nótt úti enn. En allir nefndarmenn voru á einu máli um að hlúa að Einari Jónssyni myndhöggvara. Hann hefir líka að öllu leyti sjerstaka aðstöðu. Ríkið hefir — sjer til sóma — bygt sjerstakt hús yfir verk hans. Það á að eignast öll listaverk hans, og vafalítið lifa þau lengst af öllum verkum þessarar kynslóðar.

Tilmæli um styrk þennan eru ekki komin frá Einari Jónssyni sjálfum, heldur frá vinum hans, sem er fyllilega kunnugt um, að listamaðurinn njóti sín ekki við þau kjör, sem hann á við að búa. Nefndin hefir og lagt til að veita honum styrk til að afla sjer aðstoðar, til að losa hann við að vinna alla mekaniska vinnu sjálfur við listaverk sín, en það hefir mjög tekið upp tíma hans.

Þá eru tveir smástyrkir seinast í 15. gr. Annar er viðurkenningarstyrkur til dr. Jóns Stefánssonar. Umsókn hans um styrk til að rita sögu Íslands á ensku hefir legið frammi í lestrarsal, og munu hv. þm. því hafa kynt sjer hana.Tilefnið er, að enskur bóksali einn er að gefa út ríkjasögubálk mikinn. Hefir dr. J. St. þegar ritað þar sögu Noregs og Svíþjóðar. Teljum vjer bæði gagn og sóma, að saga Íslands sje skráð þar einnig, enda er maðurinn mjög vel til þess fallinn. Styrkurinn er veittur í viðurkenningarskyni, enda var eigi farið fram á sjerstaka fjárhæð.

Þá er styrkur til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins. Hann var feldur niður í fyrra, en nefndin kom sjer saman um að taka hann upp aftur. Hjer er um þarfa og vinsæla starfsemi að ræða, sem hefir gert mikið gagn.

Þá kem jeg að 16. gr. Þar verður fyrst fyrir allmikil hækkun á styrk til Búnaðarfjelags Íslands. Fjvn. leggur til að hækka hann úr 150000 kr. upp í 200000 kr. Fjárhagsnefnd búnaðarþings átti tal við fjvn., gerði glögga grein fyrir þörf fjelagsins fyrir aukinn styrk, lagði fram mjög vel rökstudda áætlun og óskaði eftir, að styrkurinn yrði hækkaður upp í 220—230 þús. kr. Fjvn. sá sjer þó ekki fært að fara fram úr 200 þús. kr. Var búnaðarþinginu tilkynt þessi till. fjvn., áður en því var slitið, og gekk það út frá þessari fjárhæð í fjárhagsáætlun sinni. Veldur það því mikilli truflun, ef tillaga

fjvn. nær ekki fram að ganga. Öll nefndin var á einu máli um nauðsyn þessarar hækkunar.

Jeg vil benda á í sambandi við þetta mál, að Alþingi hefir alveg óvenjulega mikla tryggingu fyrir því, að þessu fje verði vel varið. Sú breyting var gerð á fyrir skömmu, að tveir í stjórn Búnaðarfjelagsins eru kjörnir úr landbn. Alþingis. Þriðji maður var nýlega kosinn skrifstofustjóri 2. skrifstofu í stjórnarráðinu. Búnaðarþingið sækja fulltrúar af öllu landinu. Tryggingin er því eins góð og unt er, að fje þessu verði vel varið.

Jeg skal og geta þess, að fjárhagsnefnd búnaðarþings bar ennfremur fram ósk um uppbót á styrk síðasta árs, sem er að upphæð 140 þús. kr. Sýndi nefndin fram á, að ómögulegt væri að komast af með svo lítið fje, og afleiðingin yrði stórkostleg skerðing á starfsemi fjelagsins. Auk þess færu kröfur þings og þjóðar til fjelagsins sívaxandi.

Fjvn. sagði, sem satt var, að hún mundi engin fjáraukalög bera fram á þessu þingi, og gæti því ekki orðið við þessari beiðni. Hinsvegar átti fjvn. tal við hæstv. atvrh. (MG) og lagði til við hann, fyrir sitt leyti, að fje yrði veitt til viðbótar eftir brýnum þörfum. Hæstv. atvrh. tók vel í málið að sínu leyti. Enda er tryggingin fyrir því, að fjeð verði ekki misnotað, svo góð, að enginn þarf að óttast slíkt.

Næsta brtt. fer fram á 8000 kr. fjárveitingu til Skeiðaáveitufjelagsins, og vildi jeg fara nokkrum orðum um það atriði.

Hjer er um mjög alvarlegt mál að ræða. Hv. þm. munu allir hafa kynt sjer skýrslu þá, er frammi hefir legið um þetta mál. Till. búnaðarþings lágu einnig fyrir fjvn. Hjer má ekki láta alt fara í kaldakol, enda þótt ekki sje hægt að neita því, að alvarleg mistök hafi átt sjer stað. Það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir trú manna á landbúnaðinum, ef alt færi yfir um. Að vísu hefir Búnaðarfjelagið þegar gert mikið til hjálpar, en þó var ekki laust við, að farið væri að bera á vonleysi hjá bændum.

Fjvn. treystist ekki að verða við öllum kröfum, sem að Alþingi var beint um þetta mál. Og á eitt vildi hún leggja sjerstaka áherslu. Það var það, að áður en gengið væri lengra um fjárveitingar, sæist, að bændur hefðu fullan vilja á að standa við skuldbindingar sínar. Enn sem komið er hafa þeir ekkert lagt fram sjálfir. Nefndin treystist því ekki að ganga lengra en í till. segir. Þar er um sjálfsagt atriði að ræða og í samræmi við fjárveitingar til Flóaáveitunnar, einn fjórði af kostnaði við að hlaða flóðgarða. Hinu er ekki hægt að neita, að bændur hafa orðið allhart úti. Einkum varð mikill kostnaður, sem alls ekki var gert ráð fyrir, við sprengingu á hraunklöpp einni. Nefndin hefir þó ekki lagt til að veita fje í tilefni af því að þessu sinni. En jeg held, að mjer sje óhætt að segja fyrir hönd nefndarinnar, að þegar bændur hafa sýnt, að þeir ætli sjer að standa við allar sínar skuldbindingar, að þá sje sjálfsagt að ljetta undir með þeim, enda þótt nefndin gæti ekki gengið lengra nú, vegna óvissunnar um fjárreiður fyrirtækisins. Þá hlið málsins, er snýr að Landsbankanum, mun jeg ekki fara út í hjer.

Þá kem jeg að hækkuninni á styrk til Fiskifjelagsins úr 55 þús. kr. upp í 70 þús. kr. Nefndin vill eftir mætti styrkja þau fjelög, sem efla framleiðsluna í landinu, og vildi því hækka styrk þennan í hlutfalli við styrkinn til Búnaðarfjelagsins. Jeg er að vísu ekki eins kunnugur

Fiskifjelaginu, en nefndin var öll einhuga um hækkun þessa og átti rækilegt tal við forseta Fiskifjelagsins um málið.

Þá kemur styrkur til bryggjugerða. Margar umsóknir höfðu borist slíkar, en nefndin sá sjer ekki fært, sökum ókunnugleika, að gera till. um úthlutunina. Leggur hún því til, að styrkurinn verði veittur í einu lagi, en sjerfræðingur geri till. um, hvernig varið skuli, í samráði við landsstjórn. Ein á meðal umsókna var umsókn um 10 þús. kr. endurveiting til bryggju á Eyrarbakka. En þar sem nefndin treystist ekki til að skera úr þessu, tók hún þá leið að setja ákveðin skilyrði og leggja til, að stjórnin ræði skiftingu fjárins í samráði við vitamálastjóra og aðra sjerfróða menn.

Kem jeg þá að fjárveitingu til Jóhanns Kristjánssonar, til leiðbeiningar í húsagerð til sveita. Nefndin var einhuga um að búa nokkuð betur að Jóh. Kr. en gert hefir verið, þar sem kunnugt er, að maður þessi hefir gert mikið gagn, en hinsvegar orðið hart úti undanfarið. Má og búast við, að byggingar til sveita fari vaxandi á næstu árum. Erindi lá fyrir frá manni þessum, þar sem hann fer fram á að mega taka borgun fyrir teikningar og vinnu. Nefndin taldi þó rjettara að veita honum ferðakostnað og skrifstofufje, en að teikningarnar væru ókeypis, og eins færi um greiðslu fyrir vinnu hans sem áður.

Næst er styrkur til Vestmannaeyjabátsins Þórs. Nefndin hefir lagt til, að hann yrði hækkaður um 10 þús. kr. Háttv. þm. Vestm. (JJós) hefir farið fram á, að styrkurinn yrði hækkaður upp í 80 þús. kr., með tilliti til þess, hve lágur hann var árin 1920—1922. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að fara hærra en upp í 35 þús. kr.,en vill jafnframt, að skipið sje notað til strandvarna, er Vestmannaeyingar þurfa þess ekki með. Annars get jeg vísað til nál. um þetta atriði.

Þá er næst brtt. um að hækka styrkinn til Þórðar Flóventssonar um 200 kr. Hjer er um alkunnan mann að ræða, sem er að vísu enginn vísindamaður, en hefir vakið almennan áhuga á sínu starfssviði og er alstaðar kærkominn gestur. Þótt lærðir læknar sjeu góðir, gátu homopatarnir verið það líka.

Næst er fjárveiting til Lofts Guðmundssonar fyrir töku kvikmyndar, sem allir hv. þm. hafa víst sjeð og er oss til mikils sóma. Umsókn um 10 þús. kr. styrk barst frá þessum manni. Nefndin gat ekki rengt, að hann hefði skaðast á myndinni, en sá sjer þó ekki fært að verða við beiðni hans. Vildi því fara milliveg og veita 3000 kr., fremur í viðurkenningarskyni en sem styrk.

Þá er styrkur til Magnúsar Konráðssonar, til að ljúka verkfræðinámi. Nefndinni bárust allmargar umsóknir frá námsmönnum, en þessari einni var sint, enda stóð hjer sjerstaklega á. Maður þessi var í síðasta hópnum, sem náði í Garðstyrkinn, og hefir einskis styrks notið hjeðan. Nefndin fjekk fullnægjandi upplýsingar um það, að maðurinn væri styrksins mjög vel maklegur.

Þá koma tveir liðir í 17. gr. til sjúkrasjóða, er áður hafa fylgst að í fjárlögunum. Stjórnin feldi þá niður í þetta sinn, en nefndinni þótti rjett að taka þá upp í 17. gr. Lágu fyrir umsóknir frá hv. 1. þm. Skagf. (MG) og hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald). Nefndinni fanst rjett að taka till. upp aftur. Annars geta hlutaðeigendur gefið nánari upplýsingar, ef óskað er.

Kem jeg þá að 18. gr. Verður þar fyrst fyrir leiðrjetting á prentvillu, og þarf

jeg ekki að fjölyrða um það, nje heldur þá liði, er koma þar næst á eftir. Jeg skal þó þegar geta þess, að nefndin hefir lagt til að bæta frú Theodóru Thoroddsen í næsta lið, og er öll einhuga um það.

Þá eru aðeins tvær till. eftir, þar sem nefndin leggur til í nýrri grein í fjárlögunum, að stjórninni sje veitt heimild til að veita eftirgjöf á tveim lánum úr viðlagasjóði, öðru til Hvítárbakkaskólans og hinu til mötuneytis kennaraskólans. Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem í nál. segir um þetta. Borgfirðingar hafa, eins og kunnugt er, lagt mjög mikið á sig til þess að gera Hvítárbakkaskólann að hjeraðsskóla. Þeir tóku við skólanum á mjög erfiðum tíma, og auk þess eru hús skólans ekki svo vönduð sem þyrfti, og hafa þeir því orðið að leggja enn í kostnað til þess að bæta þau. Nú er ástandið þannig, að fyrirtækið mæðir mest á fáum bændum, sem bera skólann uppi. En í hjeraðinu er það metnaðarmál, að skólinn haldi áfram. Og það er ekki vafi á því, ef Alþingi vill sinna þessu máli, þá eru skilyrði fyrir hendi til þess að hjer verði rekinn ágætur skóli. Þessi skóli hefir ekki fengið hlutfallslegan styrk til byrjunar við aðra skóla, og leggur því nefndin til, að honum sje gefið eftir lánið, enda full ástæða til þess, þar sem skólinn er hjeraðsskóli. Jeg get bætt því við, að klofningur hefir orðið í hjeraðinu um skólann, og rekur nú einstakur maður þar skóla sjerstaklega. Sendi hann umsókn til nefndarinnar um styrk, en nefndin vildi ekki sinna því, heldur hlynna sem best að þeim skóla, sem sjálft hjeraðið stendur á bak við.

Um hina till., um mötuneyti kennaraskólans, þarf jeg litlu við að bæta. Menn þekkja þennan skóla, sem hjer á hlut að máli. Það er einn besti skóli landsins. Fólk það, sem sækir skólann, er flest utan af landi, fátækt fólk og á ekki að glæsilegum stöðum að hverfa að loknu námi, og er því sanngjarnt, að ríkið hlynni heldur að því. Þessi stofnun, mötuneytið, hefir gengið vel. Þar hefir fæði verið 15—20 kr. ódýrara á mánuði en jafngott fæði annarsstaðar. Þannig hefir þetta fólk, sem flest á við þröngan kost að búa, ljett af sjer dálitlum kostnaði. Nefndinni virtist rjett að styrkja þetta þarfa fyrirtæki lítilsháttar, í eitt skifti fyrir öll, og leggur því nefndin til, að því sjeu gefnar eftir eftirstöðvarnar af láni þess úr viðlagasjóði. Enda hefir eigandi hins skólans, sem hjer á hlut að máli, gefið því upp lán af sinni hálfu. Virðist nefndinni, að hjer sje alls ekki verið að brjóta neitt samræmi, því að við skóla þá, sem standa í sveit og ríkið styrkir, er víðast svo í haginn búið, að þeir geti haft mötuneyti fyrir sína nemendur. Þess má líka geta, að mötuneyti stúdenta hjer hefir notið styrks af opinberu fje.

Jeg hefi nú talað nokkuð lengi, enda hefi jeg minst á 27 brtt., en það er ekki í flýti gert. Jeg get nú lokið máli mínu. Jeg fylgi dæmi háttv. frsm. fyrri hlutans (ÞórJ) í því, að tala ekki um till. einstakra þm. fyr en þeir hafa lokið að tala fyrir þeim.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ekki ráð fyrir því, að jeg tali um margar till. hv. fjvn. Þar sem hv. nefnd hefir farið nokkru lengra en jeg treysti mjer til í till. mínum, að því er við kemur kenslumálum, listum og vísindum, þá get jeg auðvitað ekki verið að hafa á móti því. Jeg þorði ekki að fara lengra en frv. sýnir í till. mínum. En ef það er álit hv. fjvn., að fjárhagur landsins sje svo góður, að hann leyfi það, að bætt sje við

útgjöldum til þessara hluta, þá situr ekki á mjer að hafa á móti því.

Jeg vil svara því nokkru, sem hv. frsm. (TrÞ) sagði viðvíkjandi styrk til Jakobs Thorarensens. Sagði hv. frsm., að hann hefði átt að fá góðan skerf af fje því, sem veitt var til skálda og listamanna, samkvæmt till. fjvn. Nd. í fyrra, en af því hefði ekki orðið. Jeg skil þetta ekki almennilega. Árið 1924 voru veittar til skálda og listamanna 12 þús. kr., og þá fjekk þessi maður 700 kr. Nú fjekk hann ekki meira en 500 kr., en það er að minsta kosti jafnmikið hlutfallslega og árið áður, þar sem ekki voru veittar nema 8 þús. kr. í þessu augnamiði 1925. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. fjvn. skilji, að það er örðugra að skamta vel af 8 þús. kr. en 12 þús. eða, eins og áður var, yfir 20 þús. kr. Jeg ráðfærði mig við þá menn, er jeg treysti best til þess að hafa vit á, um úthlutun listamannastyrksins, og hefi farið eftir þeirra till. Í ár var þessu fje skift sem næst í þrjá staði jafna, til skálda, sönglistarmanna og málara (og myndasmiðs). Styrkurinn til sönglistarmanna og málara var aðallega veittur byrjendum og þeim, sem eru að undirbúa sig og læra. Aðeins einn maður fjekk styrk af fje þessu, sem efasamt er, hvort átt hefði að vera með, og enn tveir, er þingið hafði bundið stjórnina um. Jeg held nú, þegar fjvn. skamtar svona smátt og lætur auk þess fylgja, að vissum mönnum eigi að veita góðan skerf, þá fari að verða örðugt að skifta. Jeg hefi ekki á móti því, að menn sjeu teknir út úr, en þá væri best að skamta öllum.

Vilji hv. fjvn. veita Þórbergi Þórðarsyni styrk til orðasöfnunar, þá skal jeg ekki mæla því í móti. Jeg feldi styrkinn niður af því, að mjer hefir fundist orðabókarstarfið allajafna hvíla nokkuð í lausu lofti. Hvað snertir Þ. Þ., þá er hjer ekki um annað að ræða en styrk til aukastarfs, sem jeg veit ekki, að hverju gagni má koma vísindalegri orðabók. Alt öðru máli er að gegna um sjera Jóhannes L. L. Jóhannsson. Hann var tekinn úr allgóðu embætti og settur í orðabókarstarfið. Um það hefir annars verið svo oft rætt, að jeg ætla ekki að orðlengja þar um. Hann verður að hafa áfram full laun. Annars væri hann gabbaður á þann hátt, er ekki er viðsæmandi.

Hv. frsm. (TrÞ) talaði um styrk til verkfræðinema Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi. Jeg hefi ekkert á móti þessum manni. Mjer skilst, að hann hafi haft Garðstyrk í 4 ár áður. En jeg vil aðeins láta þess getið, að mjer finst það býsna athugavert að veita í fjárlögunum styrk til stúdenta til þess að ljúka námi.

Jeg hafði hugsað mjer, er jeg bar hjer fram frv. til laga um ákveðinn námsstyrk til stúdenta erlendis, að þá fylgdi þar með, að þeim þýddi ekki að sækja um frekari styrk. Því að ef auk fjögra ára námsstyrks er farið að veita einstökum mönnum styrk til að ljúka námi, þá munu verða margir til að sækja um slíkt. Mjer þykir ekkert gaman að vera að spilla fyrir þessum manni, en það er fordæmið, sem hv. fjvn. gefur með þessu, sem jeg er dálítið hræddur við.

Hv. frsm. (TrÞ) sagði, að hv. fjvn. væri því hlynt, að gert yrði við Safnahúsið. Það er ekki hægt að segja, hvað slík aðgerð muni kosta, en hún mun kosta allmikið, ekki síst ef ráðist verður í það að gera við gólfið svo sem þarf. Það er auðvitað gott að hafa meðmæli hv. nefndar, og vitanlega verður farið fram á

aukafjárveitingu til þessarar nauðsynlegu aðgerðar, sem dregist hefir því miður alt of lengi og ómögulegt er að fresta.

Þá var hv. frsm. (TrÞ) með fyrirspurn um daufdumbraskólann. Það er gott að fá tækifæri til þess að skýra frá því, hvað gert hafi verið samkvæmt þál. um það mál frá þinginu í fyrra. Jeg skal játa, að það er ekki mjög mikið annað en það, að leitað hefir verið álits bæði fræðslumálastjóra og forstöðukonu skólans. Forstöðukona skólans hefir í álitsgerð sinni lagt sjerstaka áherslu á það atriði, í hvorum staðnum betra væri fyrir börnin að skólinn standi, kaupstað eða sveit; í hvorum staðnum þau muni fá bráðari og meiri þroska og meiri von um atvinnu síðar, þegar þau hafa náð þroska. Hún tekur það fram, sem almenningur mun ekki gera sjer fyllilega ljóst, hve miklum erfiðleikum það er bundið fyrir þessi börn að fá þroska. Kensluaðferðin er alt önnur við þessi börn, eins og eðlilegt er. En það er alveg víst, að börnin sjá meira í kaupstað en í sveit. Það er einkennilegt, hvað heyrnar- og málleysingjar eru aðgætnir um það, sem fyrir augun ber, enda fá þeir svo að segja alla fræðslu með sjóninni. Það er að vísu ekki sjálfsagt að fara í þessu eftir venju annara þjóða, en þar munu daufdumbraskólar vera undantekningarlaust í kaupstöðum. Líklegt er þó, að einhver reynsla liggi bak við þessa tilhögun. En þó að svo sje utanlands, að daufdumbraskólarnir sjeu í kaupstöðum, þá er gjarnan farið með nemendurna til höfuðborgarinnar, til þess að þeir sjái sem flest. Og það er sagt, að á þeim tíma, sem börnin eru í höfuðstaðnum, þroskist þau margfalt meira á jöfnum tíma en annars. Forstöðukonan álítur líka, að það sje miklu hægra fyrir börnin, jafnvel áður en námi þeirra í skólanum er lokið, að ráða við sig, hvaða lífsstarf þau eigi að taka, ef þau eru hjer. Þeir, sem læra hjer, taka venjulega einhverja handiðn, svo sem smíðar eða brauðgerð, og hjer er hægra að komast að slíkum handiðnum. Slíks er varla kostur í sveit. Svo er eitt atriði, sem hefir mikla þýðingu fyrir daufdumba, en það er það, að ef þeir ílendast hjer í Reykjavík, sem tíðast er, þá geta þeir haft stað til að koma saman. Þeirra heimur er út af fyrir sig, og því eðlilegt, að þeir vilji hafa fjelagsskap hver með öðrum. Og þeir, sem verið hafa í daufdumbraskólanum og síðan hafa atvinnu hjer, koma gjarnan saman í skólanum og eiga hjer að heimili að hverfa, þar sem daufdumbir eru fyrir, og hafa ánægju af því að vera saman. Hjer er líka í bænum daufdumbur bakari, sem á daufdumba konu, og þar safnast þetta fólk líka saman. Þess vegna álítur kenslukonan, að það sje mjög mikilsvert fyrir börnin, að þeim sje kent hjer. En það er líka auðvitað sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir þau að vera í sveit, enda eru börnin undantekningarlaust send í sveit á sumrin. Þar á móti var það áður lítt tiltækilegt, meðan skólinn var í sveit, að senda börnin hingað til Reykjavíkur og hafa þau hjer yfir sumarmánuðina.

Fræðslumálastjóri gefur álit sitt um þetta mál, er fer að mörgu leyti í sömu átt. Tekur hann það líka fram, að það sje margra hluta vegna heppilegra að hafa skólann í kaupstað en í sveit. Hvað kostnaðinn snertir, þá fer hann líka nokkuð út í það atriði. Og án þess að það hafi verið rannsakað til hlítar, þá er vitanlegt, að ef skólinn yrði fluttur, þá verður að byggja. Húsrúmi skólans hjer

er að vísu ábótavant, en mikill munur er að bæta það nokkuð eða að byggja alveg af nýju.

Jeg fór svo ekki lengra út í þetta mál. Mjer virtist einsætt eftir þessu, að ekki mætti barnanna vegna flytja skólann í sveit. Framtíð barnanna er hjer betur borgið, því að hjer eiga þau frekar kost á ýmsum störfum við sitt hæfi. Forstöðukonan álítur, að sjóndeildarhringur daufdumbra sje svo þröngur, að varla sje við því að búast, að t. d. daufdumbur maður geti orðið bóndi í sveit, því að framkvæmdir bóndans þurfa að vera svo alhliða, að varla sje hægt að búast við því, að hann geti leyst slíkt af hendi. Auðvitað getur hann orðið vinnumaður í sveit. En þó að þessir menn sjeu ófullkomnir að mörgu leyti, þá er ólíklegt, að þeir geti unað við það að verða aðeins vinnumenn alla æfi, þótt sú staða sje reyndar í sjálfri sjer eins góð og heiðarleg eins og hver önnur. En þetta er nóg til þess, að jeg treysti mjer ekki til þess að leggja það til, að skólinn verði fluttur í sveit. En þó að skólinn haldi hjer áfram, þá er samt óhjákvæmilegt að bæta við húsnæði hans, sem nú er orðið alveg ónógt. Það hús, sem hingað til hefir verið baslað við, var upphaflega keypt heldur ódýrt. En eins og enn til hagar um fjárhag ríkisins, treysti jeg mjer ekki til þess að fara fram á 50—70 þús. kr. til þess að byggja yfir skólann. En eftir þeirri skoðun, sem mjer virðist ríkja í þessari hv. deild, og að sumu leyti líka í hv. fjvn., þá veit jeg ekki nema jeg hafi verið hjer of lítilþægur, að fara ekki fram á fjárveitingu til þessarar byggingar. Hún er ekki síður nauðsynleg og sjálfsögð en sumt annað, sem hjer á nú að veita fje til.

Jeg vil þá afhenda hv. fjvn. framkomnar umsagnir um mál þetta, og getur hún þá athugað frekar rök fræðslumálastjórans og forstöðukonunnar.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg býst við, að mjer sje óhætt að lofa hv. þm. því, að jeg skuli ekki tefja hinn dýrmæta tíma þingsins mikið. En mig langar þó til að fara nokkrum orðum um þær till., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram. Geri jeg raunar ráð fyrir, að hv. þm. muni fella þær flestar, því að það skal viðurkent, að þær eru ekki bygðar á þeirri skoðun, að borgun „lausra skulda“ sje okkur mest lífsnauðsyn, eins og hv. þm. virðast ætla. En jeg er frá gömlum tíma svo vel að mjer í vaxtareikningi, að jeg sje, hvað viss höfuðstóll verður orðinn eftir 20 ár, ef vextir og vaxtavextir eru teknir með. En aldrei var mjer kent að reikna aðeins aðra hlið dæmisins. Því er mjer tamt að reikna líka tapið af því að láta undir höfuð leggjast að byggja líknarstofnanirnar. Jeg vil að hv. þm. athugi, hvað það kostar, að menn deyi fyrir handvömm og sýki út frá sjer. Jeg fullyrði, að það er á borð við renturnar af upphæðinni, sem til byggginganna fer. Þá vil jeg og taka það fram, að mjer er ljúfara að byggja handa lifandi mönnum en dauðum, því að þeim er gröfin þægilegust. Annars er það merkilegt, að á hverju þingi verður til sjerstök setning, sem rúmar hverju sinni allan kjarnann úr fjármálaspeki þingsins, og sem hv. þm. ríða á alla tíma eins og krakkar á priki.

Það kom umsókn frá stúdentum um styrk til byggingar stúdentagarðs. Þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þessa máls, nje heldur þann dugnað, sem stúdentar hafa sýnt við fjársöfnunina og um það, hversu vel einstaklingarnir hafa brugðist við. Hins er skylt að geta, að í þessari

hv. fjárspekinefnd fjekst enginn til að veita þessu máli fulltingi sitt. Stúdentar höfðu beðið um 100 þús. kr., og var jeg því meðmæltur og lagði hitt og þetta til við nefndina til samkomulags. Kom jeg að síðustu með till. um, að ⅓ umbeðins fjár yrði veittur. En síðan átti jeg tal við forsvarsmann stúdenta, og taldi hann, að hv. fjvn. hefði gefið sjer loforð um að taka þessa till. upp við 3. umr. Tek jeg því þessa till. aftur. Veitist þá tækifæri til að reyna höfðingsskap hv. nefndar, og eins það, hversu hún metur loforð sín mikils. Vil jeg ekki taka frá henni þá sæmd, sem hún getur aflað sjer með því að bregðast nú drengilega við.

Þá kem jeg að styrknum til Ingibjargar Guðbrandsdóttur. Hafa henni lengi verið veittar 600 kr. til að halda uppi kenslu í leikfimi, en síðasta þing feldi niður þá fjárveitingu. Er mjer ástæðan til þess ókunn. Stúlkur úr sveit hafa átt kost á að nema fimleika hjá þessari konu, og er þeim það vafalaust meiri heillavegur en margt annað, sem þær aðhafast, er þær koma til bæjarins. En ef það er nauðsynlegt til bjargar hag allrar þjóðarinnar að fella niður þessa styrkveitingu, þá treysti jeg mjer ekki til að telja hv. þm. af því.

Næsti liðurinn, sem jeg kem að, er hækkun launa aðstoðarbókavarðar við Landsbókasafnið upp í 3000 krónur. Öll vinna þessa manns fer til þessa starfs hans við safnið, og hefir hann meira að segja oft orðið að vinna lengur miklu en honum ber skylda til, en situr við sveltilaun. Hann er maður með háskólaprófi í sagnfræði og hefir orðið að kosta miklu til náms síns, en það er vanalegt að taka tillit til þess, þegar kaup manna er ákveðið. Ætlast jeg til, að hann fái í kaup 3000 kr. að viðbættri verðstuðulsuppbót, eða alls kr. 4800. Vænti jeg, að hv. þm. sjái, hversu sanngjarnt þetta er. Ennfremur má vera, að þegar hv. þm. fara að athuga þetta, þá komi það upp úr kafinu, að 2. bókavörður sje líka illa launaður, en í það vil jeg ekki blanda mjer í þetta sinn.

Þá kem jeg að styrk til útgáfu gildandi laga íslenskra. Það hefði ef til vill farið betur á því, að jeg hefði fylgt hjer venju Alþingis og fjvn., þeirri, að deila hverri tölu með tveimur, svo það sæist þó, að jeg kann líka þá list. En þyki hv. þm. sem jeg hafi farið fullhátt, þá er hægur nærri að koma með brtt. við 3. umr. Það er auðskilið mál, að alþjóð er það mjög bagalegt að eiga tvö hálf lagasöfn, en ekkert heilt. Til þess að slík útgáfa komi að fullu gagni, þá þarf hún að ganga mjög fljótt, ekki síst hjer á landi, þar sem lagabreytingar eru mjög tíðar, vegna þess að hv. þm. er tamast að tala fyrra árið og hugsa það síðara.

Þá kem jeg með 3 till. um listamenn. Býst jeg við, að hv. nefnd hafi þóst gera vel, þar sem hún hefir hækkað liðinn til skálda og listamanna um 2000 kr. frá því, er hann var í síðustu fjárlögum. En það hefir samt orðið afturför í þessu efni frá því, er best var áður. Fyrir heimsstyrjöldina var liður þessi kominn upp í 12 þús. kr., og eftir því ætti hann að vera að minsta kosti 25 þús. nú, miðað við kaupgildi peninga þá og nú. Hefði því verið sjálfsagt að færa þetta í lag nú á þessu þingi og hækka styrkinn upp í 25 þús. kr., eða öllu heldur að þrefalda upphæðina. Hefði þá mátt annast ýmsar framkvæmdir á þessu sviði.

Jeg hefi farið fram á, að Birni Björnssyni gullsmið og dráttlistarmanni væri veittur nokkur styrkur. Hann er manna listfengastur, en brestur tækifæri og fje

til að nema svo list sína, að hann megi njóta sín til fulls. Þurfa menn ekki annað en líta á Vísnakver Fornólfs og Heilaga kirkju til að ganga úr skugga um, að hann hefir óvenjufagurt handbragð, og mætti okkur verða mikill sómi að verkum hans.

Jeg hefi áður látið þá skoðun mína í ljós, að listamenn beri að styrkja á þennan veg. Í fyrsta lagi til náms. Er það ekki annað en ríkið hefir gert fyrir nemendur sína áður, þó að nú sje tekin upp sú óheillastefna að heimta af mönnum gjald fyrir þá kenslu, sem þeir njóta í skólum ríkisins. Nú verða allir listamenn vorir að fara í erlenda skóla til náms, þar sem glöggskygni manna hefir ekki getað sjeð, að það borgi sig að sjá þeim fyrir kenslu hjer innanlands. Að þessu námi loknu á ríkið að veita þeim styrk til dvalar þar, sem kallast má háskóli listarinnar, og á jeg þar við Róm. Þar gefur að líta hina fögru frumlist Hellena, sem ennþá ber ægishjálm yfir aðrar listir og göfugust er þeirra allra. Með þetta fyrir augum hefi jeg farið fram á, að ungum og gáfuðum málara, Tryggva Magnússyni, verði veittur tvö þús. kr. styrkur til Rómaferðar.

Í þriðja lagi vil jeg veita efnilegum rithöfundum styrk til ritstarfa. Nú stendur svo á, að þinginu hefir borist umsókn um styrk nokkurn í þessu skyni frá Halldóri Guðjónssyni, sem auk þess nefnir sig Kiljan og Laxness. Öllum ber saman um, að þessi ungi maður hafi mikla rithöfundarhæfileika til að bera, og hefi jeg sjálfur lesið nokkrar smásögur hans, er hann reit á bernskuskeiði, og mátti strax sjá af handbragðinu, að þar var vænlegur rithöfundur að fæðast, og síðasta bók hans, er nefnist „Undir Helgahnjúk“, er talin hafa svo marga góða kosti, að vel megi skipa henni í röð þess, sem best hefir verið gert þeirrar tegundar á voru máli. Hinsvegar er maður þessi bláfátækur, en ilt til þess að vita, ef hann þarf að kæfa gáfu sína á unga aldri með því að vinna fyrir sjer með störfum, sem hann er máske síst hæfari öðrum til að vinna.

Þó að þessar till. mínar yrðu nú teknar til greina, þá yrði listamannastyrkurinn samt ekki meiri en 15 þús. kr., eða miklu minni en hann var orðinn fyrir stríð.

Á síðari árum er nokkur vottur þess, að heldur sje að rofa fyrir auknum skilningi manna á því, að styrkja beri afburðamenn þjóðarinnar í greinum, sem jafnóarðvænlegar eru og listir og bókmentir. Er það og að minsta kosti illmannlegt að hraksmána þá menn, sem halda uppi listarviðleitni í landinu og selja sig æfilöngum sulti til að gegna köllun sinni. Þeir kasta sjer í haf, þar sem hvergi sjest til stranda, eiga enga von um neina viðunanlega stöðu og enga von um, að þeir njóti nokkurra ávaxta af starfi sínu, annara en gleði listamannsins yfir verki sínu og gleði hetjunnar, sem fórnar sjer fyrir þjóð sína. Er það ómannlegt að telja því fje illa varið, sem fer til að styrkja slíka menn. Það væri það sama og að tíma ekki á ófriðartímum að láta menn hafa skó á fæturna, er þeir ganga út í hernað til að verja land sitt.

Þá kem jeg að till. um styrk til ritstarfa til handa Sigurði Jóhannessyni (Nordal). Mun það hafa verið af óaðgætni eða gleymsku, að ekki stóð í fjárlagafrv., að hann skyldi fá verðstuðulsuppbót af fje því, er honum er veitt í þessu skyni. Því er rjett, að þetta sje

leiðrjett nú. Sigurð mun verða að álíta alls góðs maklegan nú sem fyrri, og trúi jeg því ekki, að hv. þm. vilji nota sjer það, ef embætti það, er honum stóð til boða í Osló, er ekki laust lengur.

Þá legg jeg til, að Pálma Hannessyni náttúrufræðingi verði veittur 6000 kr. styrkur til rannsókna í óbygðum. Er það víst allra manna mál, að hann hafi fremur beðið um minna en meira en hann þurfti. Hann hefir ferðast allmikið um áður og sýnt mikinn dugnað. Er lítill hagur að því að fresta þessu og tefja með því æfistarf þessa efnilega manns. Minnist jeg væntanlega síðar á það, hve mikill hagur sje að því að ónýta æfistarf manna með eintómri sparsemi. Því svo má nú kalla þá tillhneigingu þm., þótt henni verði ef til vill valið síðar öllu harðara nafn.

Næst er styrkur, 6000 kr., til útgáfu minningarrits Eggerts Ólafssonar á tveggja alda afmæli hans. Jeg vona, að hv. þm. verði mjer samdóma um það, að ómögulegt sje að láta undir höfuð leggjast að minnast þessa ágætismanns að nokkru við það tækifæri. Fæ jeg ekki skilið, hvernig Alþingi ætti að komast hjá því með fullum heiðri að leggja eitthvað af mörkum til slíks. Munu menn svo vel kannast við þýðingu Eggerts Ólafssonar fyrir þessa þjóð, en þeir munu varla kveða flokk um hann, sem ekki þykir hann drápunnar verður. Er og minst á það í umsóknarskjalinu, að Alþingi muni varla láta sjer sæma að vera eftirbátur Fiskifjelagsins og annara, sem gefa í minningarsjóð Eggerts Ólafssonar til styrktar náttúruvísindum í landinu. Landið ætti að geta gefið á borð við eitt útgerðarfjelag. Er það og þarna að gefa sjálfu sjer, og ætti þeim mun síður að skera fjeð við nöglur sjer.

Næsta liðinn tel jeg varla þörf að útskýra. Er það styrkur til manns til að fara utan og læra að setja upp dýr. Er nú svo ástatt hjer, að þótt ekki þurfi nema að setja upp fuglshami, þá er enginn hjer, sem kann það, og getur það á stundum verið mjög bagalegt. Hins vegar er þess ekki að vænta, að menn vilji leggja í mikinn kostnað út af þessu, því að lítið mun atvinnan af því á eftir gefa í aðra hönd.

Ekki verður annað sagt en að Alþingi þjóni sjálfu sjer með því að styrkja Náttúrugripasafnið, og á því hvílir skylda um það, að halda því við. En þótt það hafi látið sjer lítið ant um það til þessa, mun þó einhverntíma vakna skyldutilfinning þess um þetta mál.

Þá er tillaga um það að kaupa listaverkið „Móðurást", er gert hefir myndhöggvarinn Nína Sæmundsson. Mynd þessi hefir fengið mikið lof erlendis, og er oss nauðsyn á því að ná kaupum á henni, svo að útlendingar hrifsi hana ekki frá oss; og það mega menn vita, að eftir svo sem 10 ár, og jafnvel skemri tíma, verður myndin miklu dýrari en nú, ef stúlkan framast svo framvegis sem að þessu. Þess vegna er það hagsýni ein að kaupa myndina nú. Þegar þessi kona er orðin nógu fræg, þá vilja menn veita margfalda þessa upphæð til þess að eignast þetta listaverk hennar, svo að sú skömm spyrjist ekki um Íslendinga, að þeir kunni ekki að meta listamenn sína.

Þá er hækkaður styrkur til búnaðarfjelaganna, og skal jeg ekki tala langt mál um það fyrir mönnum hjer, en geta vil jeg þess, að jeg hefi aldrei viljað skera við nöglur styrk til búskapar. Þó vil jeg hafa sönnun fyrir því, að fjenu sje vel varið, því að stundum hafa orðið misbrestir á því og fjeð komið meira niður í einum stað en öðrum. En þörfin er mest

um það að styrkja einstaklinga innan búnaðarfjelaganna og sjá, hvað hvert hjerað þarf helst með til þess að vinna heima hjá sjer það, sem helst kallar að. Fæ jeg ekki betur sjeð en að það sje háðulegt að bjóða öllum búnaðarfjelögunum einar 10 þús. krónur. Hvernig ætti að skifta því fje? En vegna þess, að svo margir bændur eru hjer í hv. deild, þarf jeg eigi að tala frekar fyrir þessari till., en fel þeim brtt. mína og vil sjá, hvort þessi fjárveiting nær ekki fram að ganga.

Kem jeg þá að launabót yfirfiskimatsmanna. Á þessum mönnum hvílir mikið og merkilegt starf og er fyrir oss meira en gulls ígildi. En svo má gera þessum mönnum erfitt fyrir, að þeir verði að sjá sjer farborða á annan hátt og að vjer fáum aðeins aðra ljelegri í þeirra stað. Veit jeg það, að hv. deild muni fallast á að veita viðbót þá, er hjer er farið fram á.

Þá er tillaga um styrk Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda í Dalasýslu. Sje jeg það, að hv. nefnd hefir ekki litist á þann styrk. Þó er svo fyrir mælt, að Þórdís skuli hafa kenslu í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, og að lögð sje áhersla á þær greinir handavinnu, er hjer hafa verið stundaðar fyr á öldum, svo sem knipling, flosvefnað, glitvefnað o. fl., sem nú er að miklu leyti gleymt allri alþýðu. Þórdís hefir áður haldið uppi skóla í hannyrðum og einnig kent stúlkum munnlega á heimili föður síns. Hjer er ekki farið fram á meira en 500 kr., til þess að standast þann kostnað, er heimilið hefir af þessari kenslu, og vona jeg, að hv. þdm. sjeu ekki að fella þá tillögu, þar sem og er sannanlegt, að hvergi í Dalasýslu er veitt neitt fje til skólahalds.

Þá er nýr liður um það, hvernig best verði tengd við sjávarafla fyrirtæki bygð á iðefnafræði. Íð er kvenkynsorð, og getur verið að menn skilji ekki íð fyrir iðn, og getur verið, að margir vilji heldur segja iðn. Þessu getur hver ráðið, sem vill. En ef tekið er tillit til þorskafla í fiskistöðvum landsins, auk þess sem botnvörpungar draga á land, þá getur það numið rúmum 200 þús. kr., sem Íslendingar geta grætt á því að taka meðalalýsisbræðslu í sínar hendur, í stað þess að láta þann gróða lenda hjá norskum, dönskum eða enskum lýsiskaupmönnum. Man jeg, að kaupmaður í Hamborg spurði mig að því, hvort nokkur lýsisbræðsla væri á Íslandi. Jeg hjelt nú, að svo væri. En hann kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það áður, að lýsi kæmi annarstaðar að en frá Grænlandi eða Danmörku. Jeg skýrði honum frá nöfnum og heimilisfangi allra þeirra lýsisframleiðenda, er jeg þekti hjer á landi, og þótti honum þetta ný uppgötvun og varð alveg hissa. Um meðalalýsisframleiðslu ætti það að vera sjálfsagt að reyna að bæta þann atvinnuveg sem mest, svo að aðrir taki ekki frá oss það, sem vjer getum aflað oss sjálfir.

Fjárveiting þessi getur haft afarmikla þýðingu, ef allri lýsisbræðslu landsins væri komið í kerfi, því að af lifur þeirri, er smábátar einir afla, mundu fást 210 þús. krónur í hreinan gróða, og að því yrði stórkostlegur hagnaður fyrir ríkissjóð. Og til þess að menn skilji þetta betur, hefi jeg sett athugasemd aftan við þennan lið í brtt., er svo er orðuð:

„Þó skal niðurstaðan aðeins notuð til þess að bæta atvinnuvegi landsmanna sjálfra“.

Með þessu vildi jeg koma í veg fyrir

það, þá er kept yrði um verðlaun í þessari grein, að Íslendingar ljetu visku sína fyrir verðlaun, — hvorki til Dana nje Norðmanna. En sú hefir verið aldan hjer, að vjer höfum hleypt inn annara þjóða mönnum og kent þeim, hvernig þeir eigi að keppa við oss. Og svo vitum vjer ekki fyr til en enskur fiskur er talinn íslenskur, og þá verður Ísland útundan vegna þess, að vjer höfum kent öðrum of mikið. Þetta er eins og með Bíldudalsfiskinn, sem um eitt skeið var nafntogaður og í hærra verði en annar fiskur. Öðrum var kent að verka fisk alveg eins, og nú eru því yfirburðir hans horfnir. Einu sinni ætlaði jeg að komast að því, hvernig Norðmenn verkuðu þann fisk, er þeir sendu til Suður-Ameríku. En þess var enginn kostur, og átti jeg þó norska menn af háum stigum mjer til aðstoðar í þessu. Þannig gæta þeir þess, að ekkert vitnist um fiskverkunaraðferðir þeirra, en hjer getur hver fengið þá fræðslu, sem hann vill, um aðferðir vorar. Vegna þessa hnýtti jeg þessari athugasemd aftan við brtt., að jeg vil, að engir fái að vita, hvernig vjer Íslendingar framleiðum vörur vorar.

Þá er brtt. um styrk handa Grindvíkingum, til þess að hlaða varnargarða fyrir stórflóðum. Þarna er þjett bygðarlag, s milli hraunkumbla og sjávar. Fyrir íbúana þar er ekki í annað hús að venda, ef sjórinn og náttúruöflin eyðileggja fyrir þeim landspildur þeirra. Ef svo fer, er sögu hjeraðsins lokið. En þegar svo stendur á, að náttúruöfl valda tjóni, þá hefir það jafnan verið siður að hlaupa undir bagga, eða endurbæta þær skemdir, er á urðu, á ríkiskostnað. Og þar sem þarna búa hinir mestu dugnaðarmenn, sem eiga við erfið æfikjör og erfiða sjósókn að búa, þykist jeg vita, að háttvirt Alþingi vilji hjálpa þeim. Það getur verið, að sumum finnist, að farið sje fram á of mikið, en þótt hv. þdm. vildu ekki veita nema helming þeirrar upphæðar, sem farið er fram á, þá er mjer þökk á því, og skil jeg ekki að neinn geti lagst á móti þessu nauðsynjamáli.

Við 22. gr. hefi jeg bætt 2 nýjum liðum. Reinhold Andersson er gamall kunningi hjer í þinginu. Fyrir 2 árum gekk þessi beiðni hans fram, en stjórnin hafði þá ekki fje til fyrirtækisins, enda hafði hann og ekki lokið undirbúningi þess. Nú er þessu hvorutveggja kipt í lag. Og þar sem hjer er nú þessi mikla sparnaðarþjóð, er helst vill búa að sínu, þá ætti hún ekki að víla fyrir sjer að hjálpa til þess, að upp rísi hjer innlendar iðngreinir. Verði það gert, munu bændur geta selt afurðir sínar hærra verði, en landið sparað sjer kaup á erlendum varningi, og væri það viturlega gert. Nú mun vera flutt inn fyrir 700 þús. til 1 milj. kr. árlega af karlmannafatnaði, og ef það sparaðist, yrði Íslendingum ekki lítill hagur að því, og gæti það þá ef til vill fremur en áður styrkt fáeina listamenn. Oft hefir verið talað um það að stofna hjer ullarverksmiðju, svo að vjer þyrftum ekki að kaupa fataefni dýrum dómum frá öðrum þjóðum. En hvers vegna hefir þetta ekki verið gert? Vegna þess að menn vilja það ekki. Þeir vilja heldur hundraðfalda vexti heldur en að búa að sínu og hjálpa þeim innlendum atvinnuvegum, er þess hafa þörf. Það er ekki nóg að tala fögur orð, ef ekkert er aðhafst af því, sem hægt er að framkvæma. Vil jeg skjóta þessu máli mínu til þeirra fræðimanna, er mest hugsa og skrifa um búskap og atvinnuvegi bænda. Hvernig mundi standa á því,

ef þeir væru á móti þessu? Jeg vona, að þeir hinir fróðu menn standi upp og sannfæri mig um það, að þessi skoðun mín sje röng, að bændur þarfnist þess ekki, að ull þeirra komist í hátt verð, að þeir vilji heldur gróða erlendra manna en innlendra o. s. frv. Segi þeir það, og sannfæri mig um það, þá skal jeg ekki halda þessari brtt. til streitu.

Samskonar brtt. er um það, að veita Friðjóni Kristjánssyni lán til þess að koma upp kembingavjelum hjer í Reykjavík, en jeg vil helst fresta því til 3. umr. að tala um þá brtt., því að mig vantar enn nokkrar upplýsingar.

Þá er það síðast, að „sjeu fjárveitingar eigi fyrirskipaðar í lögum, öðrum en fjárlögum, í tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, og fylgi þeim eigi fyrirheit um framhald, þá gilda þær aðeins fyrir fjárhagstímabilið". Mjer er ekki svo mjög ant um það mín vegna, að þessi till. nái fram að ganga, því að gagn hennar fyrir mig er nú um garð gengið. En jeg fæ ekki skilið, að menn sjeu á móti því, að Alþingi sje jafnbundið af sínum loforðum eins og konungsúrskurðum, og kann jeg illa við það, að önnur lög gildi fyrir Alþingi heldur en einstaklinga, og að það efni ekki gefin loforð. Eða máske vill einhver sannfæra mig og aðra heimska menn um það, hvers vegna Alþingi skyldi ekki ganga á undan í þeirri siðfræði, að halda gefin loforð. Annars vakti það eitt fyrir mjer að fá atkvgr. um þetta atriði.

Jeg skal svo ekki tefja fundinn lengur, en skal þó geta þess, að jeg hafði í hyggju að bera fram tillögu um að hækka eftirlaun einnar ekkju, en vegna þess, að jeg vildi, að sú tillaga yrði ekki feld, hefi jeg fengið aðra þingmenn til þess að flytja hana með mjer. Jeg skammast mín fyrir það, að þessa ekkju skyldi vanta, en get þess, að það hafi verið gert af sparnaðarhug Alþingis, en ekki af hinu, að hún eigi ekki miklu betra skilið. Fyrst og fremst hefir hún nú mist fyrirvinnu sína, 2 uppkomna syni, og þar að auki er hún með bestu rithöfundum landsins á sínu sjerstaka sviði. Býst jeg við, að það verði ekki mikil fyrirstaða hjá hv. fjvn. í þessu máli.

Að svo mæltu skal jeg láta hv. þdm. vera í friði fyrir mínu nuddi.

Sveinn Ólafsson: Það er ekkert sjerstaklega ánægjulegt að eiga brtt. við fjárlögin að þessu sinni, því að það virðist svo, sem álíka hátt sje gert undir höfði allra sanngjarnlegustu kröfum og þeim, sem lítið gildi hafa. Þetta er í raun og veru nokkuð eðlilegt, þegar litið er til þess, að öll þau sjálfsögðu útgjöld verður að skera við nögl. Með þetta fyrir augum hefi jeg líka farið svo skamt, sem jeg sá mjer fært, og yfirleitt neitað að bera fram brtt. þær flestar, sem jeg hefi verið beðinn um að flytja. Jeg á þó við þennan kafla fjárlaganna eina till., sem jeg tel mikils um vert. Að vísu er nafn mitt tengt við 2 aðrar till., en þær eru minni háttar. Þessa aðaltill. ber jeg fram ásamt hv. þm. N.-M. (ÁJ og HStef). Hún er 25. liður á þskj. 235. Við förum fram á 60 þús. kr. fjárveitingu til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum. Jeg veit, að þessi upphæð vex mörgum hv. þm. í augum. En jeg skal reyna að sýna fram á það, að hún er fyrst og fremst það allra lægsta, sem hún getur verið, og í öðru lagi, að Alþingi hefir bæði lagalega og siðferðilega skyldu til að sinna henni. Samkv. lögum nr. 36 frá 1917 var alþýðuskólinn á Eiðum stofnaður, jafnframt því sem Múlasýslur afhentu ríkissjóði til

eignar hina svo nefndu Eiðaeign, þ. e. a. s., skólann með öllu, sem honum hafði fylgt, en það var höfuðbólið Eiðar ásamt 4 öðrum jörðum, bústofn skólans, gripir allir, húsgögn, búsgögn, verkfæri og bókasafn gamla búnaðarskólans. Afhendingin, sem ekki fór fram fyr en í fardögum 1918, var því skilyrði bundin, að ríkissjóður um leið og hann tók á móti eigninni kostaði framvegis *vel útbúinn æðri alþýðuskóla* annaðhvort á Eiðum eða annarsstaðar í Múlaþingi. Eignin var metin, þegar hún var afhent, á tæpar 90 þús. kr., og hún var vissulega ekki hátt metin, því það voru yfir 80 jarðarhundruð, sem eigninni fylgdu. Bústofninn var eitthvað á 4 hundrað fjár og milli 10 og 20 nautgripir og hross. Auk þessa fylgdi auðvitað skólahúsið sjálft, sem nýlega var bygt, og þau önnur hús, sem jörðinni hafa fylgt. Voru þau öll sæmilega á sig komin og töluvert mikils virði. Það var nú auðvitað engin áhersla lögð á það, þegar eignin var afhent, að fá hana metna háu verði, vegna þess, að hún var þá fengin í hendur ríkissjóði til eignar og gengið að því vísu, að skilorðinu fyrir afhendingunni yrði fullnægt. Var líka þá þegar gerð tilraun af hálfu stjórnarinnar til að efna skuldbindingu þessa, stigið fyrsta fótmálið, bæði með því að koma kenslu þarna á og skipa þar dugandi kennara, og í öðru lagi með því að undirbúa byggingu á stóru og vönduðu húsi, því að þá þegar var sýnilegt, að gamla skólahúsið var of lítið, og það því fremur, sem skipa þurfti tvo kennara, sem eftir lögunum áttu rjett á bústað í skólanum.

Árið 1919 komu út lög um húsabyggingar ríkisins, og var þar ákveðið meðal annars að reisa þetta skólahús það allra fyrsta. Rjett á eftir var af húsameistara ríkisins gerð áætlun um kostnaðinn við að reisa skólann og aðrar opinberar byggingar. Eftir áætlun hans átti þessi bygging á Eiðum að kosta 180 þús. kr.

Það var þá þegar farið að afla efnis til byggingarinnar, ekið að sandi og möl og lagður vegur þar, sem þurfti að fara með flutninginn. Var verkið undirbúið á ýmsan hátt, svo að hægt væri að hefjast handa með sjálfa bygginguna 1921. Að vísu var lán það tekið, sem heimilað var 1919 til húsabygginga ríkisins, innanríkislánið svonefnda. Mun það hafa numið 2 milj. kr. og átti að ganga til allra þeirra bygginga, sem ríkið, eftir nefndum lögum, ætlaði að reisa. En ekkert af því hefir gengið til fullnustugerðar á þessu fyrirheiti um byggingu á Eiðum, nema að því leyti, sem goldinn var malaraksturinn 1921. Hinsvegar hefir láni þessu verið varið sumpart til annara bygginga, sem ríkið þurfti að annast, svo sem skólans á Hvanneyri og að nokkru leyti hælisins á Kleppi. En megin fjárins fór alt aðrar leiðir, einkum þó, að því er jeg hygg, í Flóaáveituna. Síðan hefir þess þráfaldlega verið leitað að fá fje til skólabyggingarinnar, en það hefir altaf strandað á sama skerinu, fjárþurð og erfiðleikum ríkissjóðs, eða — rjettara sagt — skólinn hefir verið látinn sitja á hakanum fyrir öðrum framkvæmdum og bíða. Verður ekki annað sagt en að Austfirðingar hafi beðið með þolinmæði eftir efndum byggingarloforðsins til þessa dags og lítt kvartað. Afleiðingin af því, að ekki tókst að byggja skólann 1921, er meðal annars sú, að um það helmingur umsækjenda hefir orðið að hröklast frá skólanum á hverju ári, og stundum hefir ekki helmingur komist að. Skólinn starfar í tveim deildum, og hefir aðeins með mestu naumindum verið hægt að koma að í báðum deildum röskum 40 nemend-

um. En húsþrengslin hafa verið svo átakanleg, að annar kennarinn hefir orðið að rýma skólann, og hefir hann haft bústað í gróðrarstöðvarhúsi kippkorn frá Eiðum. Þannig hefir þetta gengið um 6 ár og um það helmingur umsækjenda orðið frá að hverfa árlega, og þeir látnir sitja fyrir árið eftir, hafi þeir þá ekki verið komnir út í buskann og búnir að leita annara staða.

En önnur hlið er líka á þessu máli. Þar er í raun og veru ekki einungis um menningarmál að ræða fyrir Austfirðinga, heldur er þetta á sinn hátt líka heilbrigðismál og skólabyggingin óumflýanleg. Það hefir sem sje sýnt sig hvað eftir annað, í 3 vetur er mjer óhætt að fullyrða, að þarna hefir verið óvenjulega kvillasamt meðal nemenda, og jeg hygg, að húsþrengslin eigi ekki svo lítinn þátt í því. Fólkinu hefir verið þjappað þarna saman vegna þrengslanna, svo að tæpast getur talist forsvaranlegt.

Með þetta fyrir augum, sem jeg hefi nú að nokkru drepið á, verð jeg að vænta þess, að þingið muni nú vilja uppfylla það loforð, sem það gaf 1917 og endurnýjaði 1919.

Við flm. förum hjer fram á aðeins ½ af því, sem 1920 var ætlað til þessarar byggingar, og það er gert í samráði við skólastjóra og með mesta sparnað fyrir augum. Að farið er fram á svo lítið nú, kemur meðfram til af því, að hugmyndin er að breyta til frá því fyrirkomulagi, sem húsameistari hafði fyrir augum 1920, og reisa viðbót við eldra húsið, í stað þess að reisa sjerstakt hús. Hinsvegar eru nú ástæður breyttar orðnar. Á tímabilinu, sem liðið er síðan, hefir komið upp í Þingeyjarsýslu allstór og myndarlegur alþýðuskóli, sem gerir það að verkum, að ekki þarf að hugsa fyrir eins stórum skóla þarna austur frá. Þess vegna má láta sjer lynda minni byggingu og ætla, að aðsóknin verði ekki eins vítt og breitt að og verið hefir.

Húsameistari hefir eftir ósk minni gert áætlun um kostnað við 10 metra viðauka við skólahúsið gamla, sem er tvílyft, vandað steinhús, en lítið. Telur hann kostnað við hana um 70 þús. kr. alls. Ætla jeg samt, að 60000 kr. geti nægt, bæði vegna þess, að nú þegar er búið að afla nokkurs efnis á staðinn, og einnig vegna þess, að gera má ráð fyrir nokkru lægra verkkaupi þar eystra en húsameistari miðar við hjer í Reykjavík.

Mjer finst út af því, sem þegar hefir verið tekið fram, að það verði að ætlast til þeirrar sanngirni af háttv. þingdeildarmönnum, að þeir samþykki brtt. mína, þó að háttv. fjvn. hafi ekki fundið ástæðu til að taka hana upp. Jeg hefi skilið hv. fjvn. svo, að þótt meiri hl. nefndarinnar sje ekki með till., þá hafi þó nefndarmenn flestir óbundin atkvæði um hana. Nú er líka um lækkaða upphæð að ræða, 60 þús. kr. í stað 70 þús. kr., sem fyrir nefndinni lá.

Jeg hirði ekki að lýsa því nákvæmlega, hversu ill áhrif það hefir og mun hafa, ef lengur dregst að koma þessu skólahúsi upp, því að það munu allir sjá og skilja, sem á annað borð eru hlyntir þeirri stefnu að hafa skólana í sveitum fremur en í kauptúnunum. Að hafa skólana í sveitunum miðar að því að spekja unga fólkið í sveitinni, sem ella mundi flæmast á brott og leita til sjávarþorpanna, er það getur ekki notið þeirrar fræðslu heima fyrir, sem það þráir og hefir þörf fyrir.

Ýmsum háttv. þm. hefir virst 60 þús. kr. of há upphæð. Hún er það aðeins þegar hún er borin saman við eitthvað

minna, en ekki þegar miðað er við efndir á áður nefndu fyrirheiti og því, sem í móti hefir komið að gjöf. Heldur ekki verður hún talin há, þegar um er að ræða nauðsyn fjölmenns landshluta, sem auk þess er ein styrkasta stoð ríkissjóðsins. Jeg veit ekki betur en sýslurnar, sem þarna eiga hlut að máli, hafi á næstl. árum greitt um það $^1/_{12}$ af öllum ríkistekjum. Þess vegna má ekki líta á kröfu vora eins og neina frekju eða stafkarlshátt, og það því síður, sem hjer er um einu mentastofnunina að ræða í þessum landshluta, sem ríkið kostar, auk lögákveðinnar styrktar barnaskólum. Þar er enginn bænda- eða sjómannaskóli, enginn kvennaskóli eða iðnskóli; yfirleitt engin opinber mentastofnun önnur en þessi eina, sem þó er gjöf frá hjeruðunum.

Í þremur eða fjórum þingmálafundargerðum að austan, er hjer liggja frammi, er byggingar skólans mjög eindregið óskað. Auk þess hafa hjer verið lögð fram undirskriftarskjöl úr flestum hreppum í Múlaþingi með nöfnum nærfelt 500 kjósenda, og er í þeim öllum einarðlega krafist rjettar hjeraðsins um skólabygginguna. Vænti jeg, að háttv. þdm. taki máli þessu vel. Og með þessu fororði ætla jeg að afhenda háttv. deild þessa brtt. mína og læt svo ráðast hvernig um hana fer.

Jeg kem þá að 2 litlum brtt., sem jeg á hjer á þskj. 235 undir XXXIV. lið. Sú fyrri lýtur að breytingu á athugasemd fjvn. um skiftingu styrksins til stúdentafjelagsins, og fer jeg fram á, að 200 kr. af styrknum gangi til fyrirlestra í Austfirðingafjórðungi, en önnur skifting haldist óbreytt. Þessi fjárveiting til alþýðufræðslu hefir staðið um mörg ár í fjárlögum, en af öllum þeim fyrirlestrum, sem stúdentafjelagið hefir annast um, munu aðeins 3 eða 4 hafa verið fluttir á Austurlandi. Finst mjer því ekki til mikils mælst, þótt farið sje fram á ¼ fjárins einu sinni til fyrirlestra þar. Þessa hefir oft verið óskað eystra og á 2 eða 3 þingmálafundum þar næstl. haust var þessi ósk afgreidd þar í ályktunarformi, ef mig minnir rjett. Till. gerir ráð fyrir, að 300 kr. gangi til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, og virðist þá ekki ósanngjarnlegt að óska eftir 200 kr. til Austfirðinga.

Þá er síðari tillagan, undir sama tölulið á þskj. 235, um 2000 kr. handa Þórarni Jónssyni, sem nú dvelur við tónlistarnám í Berlín. Jeg get að vísu gert ráð fyrir því, að slík tillaga eigi ekki marga stuðningsmenn í þessari háttv. deild, og samskonar fjárbeiðnir hafa ekki fengið hjer mikinn byr á undanförnum þingum, en bæði er það, að standandi fjárveiting er í fjárlögum til tónlistarmanns og auk þess hafa slíkir styrkir stundum verið veittir áður. Þess vegna vildi jeg ekki neita umsækjanda um það, að leita lítils styrks fyrir hann. Hann biður að vísu í umsókn sinni um 6000 kr., og jeg veit, að þetta, sem hjer er farið fram á, er aðeins lítil úrlausn eða viðurkenning, og maðurinn á viðurkenningu skilið.

Þessi maður, sem frá næstl. hausti hefir dvalið á Þýskalandi, hefir sent hingað með umsókn sinni ágæt meðmæli þýskra tónlistarmanna, sem kenna honum; en auk þess fylgja meðmæli ýmsra merkra manna eystra, sem þekkja umsækjanda, svo sem meðmæli Jóns prófasts Guðmundssonar, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og fleiri dómhæfra manna, sem áherslu leggja á verðleika mannsins til styrktar.

Þessi maður hefir sýnt svo framúrskarandi áhuga og kapp í því að komast fram á þessari leið, sem hann er lagður út á, að jeg tel sjálfsagt að veita honum þessa viðurkenningu. Dugnaður þessa manns er alveg einstakur. Hann hefir þurft að stvðja bláfátæka móður og yngri systkini, sem nú eru svo á legg komin, að þau geta sjeð fyrir sjer sjálf. Þá leggur hann út á þessa hungurbraut listiðkunar, dvelur hjer tvo vetur í Reykjavík og nýtur tilsagnar hjá Þórarni Guðmundssyni, Páli Ísólfssyni og þýskum tónlistarmanni, en vinnur fyrir sjer jafnframt náminu. Hefir hann álitleg meðmæli þessara kennara. Næstliðið sumar er hann í kaupavinnu og leggur svo af stað næstl. haust í þessa einstöku Bjarmalandsför til Berlínar, fjelaus að kalla með lítinn styrk frá nokkrum góðvinum, sem treysta viljieinbeittleik hans og þrautsegju. Von hans um að geta lokið námi er því að mestu á því bygð, að einhver styrkur fáist frá Alþingi, og það er trúa mín, að jafnvel þessi litla upphæð, sem jeg bið um, verði honum svo mikil hvöt, að hann brjótist að markinu einhvernveginn Jafnvel mun hann keppa til hins ýtrasta, því að þolgæði hans og áhugi er með afbrigðum. Jeg veit að vísu, að þessar 2 þús. kr. eru tæplega meira en einn fjórði hluti þess, er hann þarf með til að ljúka náminu, en þær yrðu honum þó ómetanleg hvöt og uppörvun, ef veittar væru, og tel jeg það sæmdarauka og velgerning að rjetta honum hjálparhönd.

Þá eru örfá orð, sem jeg vildi víkja að öðrum brtt., sem jeg sje ástæðu til að vekja athygli á; t. d. brtt. háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), eða XXXV. liðurinn, um 35 þús. kr. til landmælinga. Sú till. á mikinn rjett á sjer, þótt til útgjalda horfi. Jeg held það sje víða um land ekki mikið áhugaefni almenningi, að haldið verði áfram þessum mælingum, sem svo lengi hafa tafist og sem hefði átt að vera lokið.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að þótt eitthvað meira eða minna verði samþykt af þeim þarfari og betri tillögum, sem fyrir liggja og til útgjalda horfa, þá tel jeg engar líkur til, að nálæg sje sú hætta, sem háttv. frsm. (ÞórJ) gat um í ræðu sinni og sagði, að framundan lægi, þ. e. alger fjárþurð ríkissjóðs. Jeg er sannfærður um, að slík hætta er hjer alls ekki til, og til þess að finna þessum orðum mínum frekari stað, vil jeg benda á ummæli og upplýsingar þær, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kom fram með og rökstuddi vel. Jeg er honum alveg sammála um það, að mikill tekjuafgangur verður á yfirstandandi ári, og það er einnig augljóst, að tekjuáætlunin fyrir 1926, sem háttv. fjvn. hefir þó hækkað nokkuð frá stjórnarfrv., þolir enn talsverða hækkun á ýmsum liðum. Mjer kæmi ekki á óvart, þótt tekjuafgangur yfirstandandi árs og þess komanda yrði um eða yfir hálfa miljón króna með þeirri varlegu tekjuáætlun, sem nú er, og útgerðarauka þeim, sem fyrirsjáanlegur er. Jeg tel það því enga hættu vera eða nokkurn skaða skeðan, þó að ýmislegar nauðsynlegar fjárveitingar verði samþyktar fram yfir till. háttv. fjvn. En auðvitað verða þessar aukafjárveitingar, sem samþyktar kunna að verða, að vera til sjálfsagðra og nauðsynlegra hluta eða fyrirtækja. Það verður ekki talið neitt böl eða vandræði, þótt veitt verði til nauðsynlegra fyrirtækja það fje, sem fyrirsjáanlega

verður afgangs útgjöldunum. Því má verja svo vel, að betur sje komið en í kistuhandraðanum hjá ríkissjóði.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get þakkað háttv. fjvn. fyrir 34. brtt. hennar á þskj. 195. Jeg veit ekki til, að neinstaðar á landinu sje komið eins langt undirbúningi hjeraðsskólabyggingar eins og í Árnessýslu. Undirbúningi þessa máls er það langt komið í Árnessýslu, að jeg vona, að ekki líði á löngu áður en við getum byrjað á skólabyggingunni, og jeg vænti því þess, að þessi styrkur falli til hjeraðsskóla Sunnlendinga. Og háttv. frsm. gat þess, að þessi fjárveiting væri ætluð hjeraðsskóla Sunnlendinga, að skilyrðunum uppfyltum, sem tiltekin eru af hálfu fjárveitinganefndar. Mjer hefði þó þótt vænna um, ef þessi liður hefði verið áætlaður eitthvað hærri, t. d. 10 þús. kr. meira, eða 30 þús. kr., því að þá yrði það ca. helmingur þess, sem með þarf til þessarar skólabyggingar samkvæmt áætlun húsameistara ríkisins. Eins og allir vita, er nú enginn skóli á Suðurlandi nema barnaskólar, og verða því unglingar úr þessum hjeruðum að fara til annara landshluta að leita sjer mentunar. Nokkrir hafa farið til Borgarfjarðar, en meiri hluti unga fólksins hefir lent í Reykjavík. Það þarf engum orðum að eyða að því, því að það mun öllum hv. þdm. ljóst, hversu holt slíkt er, eða hitt þó heldur, unglingum, sem uppaldir eru í sveit. Þó að þeir hafi farið að heiman með þeim einum ásetningi að afla sjer mentunar og gera sig hæfari í baráttunni fyrir lífinu, þá hefir oft orðið lítið úr þeirri ákvörðun þegar í kauptúnin er komið. Áhrifin, sem unglingunum mæta í kauptúnunum, eru oft á þá lund, að það, sem þeir hugsuðu sjer að starfa að áður en þeir fóru að heiman, gleymist og annað tekur við, sem má sín meira. Bæjalífið er ekki til þess fallið að menta eða þroska ungmennin. Þessi mentaleit ungmenna úr sveitunum í kauptúnin verður miklu oftar til þess að losa um þá í sveitinni, og sumir, því miður líklega ekki fáir, sem koma aftur skemdir á sál og líkama, og sumir koma aldrei í sveit aftur.

Þetta hafa og erlendar þjóðir fundið, og hafa þær því lagt alt kapp á að hafa sem flesta skóla í sveitunum sjálfum og hafa talið þá alþýðufræðslu besta og hollasta, sem þar er veitt æskulýðnum, og okkar eigin reynsla, þótt lítil sje enn, bendir einnig í sömu átt. Jeg tel það því mjög vel farið, að Alþingi sýni, að það vilji vinna að þessari stefnu, og því er betra, sem meira er að gert og fyr gert í þessa átt. Þó vil jeg ekki láta leggja fram fje fyr en þau fjárframlög eru trygð, sem með þarf og krefjast má af hjeraðanna hálfu. Jeg þykist þess fullviss, að fje verði trygt til þessa skóla okkar eystra, enda þótt það kunni ef til vill að dragast sem svarar einu ári ennþá, og þó að hv. fjvn. hafi ekki lagt til að veita hærri upphæð en þá, sem nefnd er í brtt. hennar, þykir mjer mjög vænt um, að tillagan kom, og vænti þess fastlega af háttv. deild, að hún samþykki hana. Jeg hefi svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta, en jeg vil aðeins benda á, að við Árnesingar erum svo heppnir að eiga innan hjeraðs ágætismann til að veita þessum væntanlega skóla forstöðu, mann, sem er svo vel til þess fallinn, að hvergi mun völ á öðrum betri. Jeg á við prófast sjera Kjartan Helgason í Hruna. Honum þarf ekki að lýsa frekar, svo vel er hann kunnur orðinn, að alkunnugt er, að rjett er það hermt, er jeg nú sagði. En þó er þar á einn ljóður, og hann er sá,

að maðurinn er við aldur, 60 ára, og ef þetta mál dregst miklu lengur, eru minni horfur á, að skólinn njóti hans við lengi. En þó að það væri ekki nema um stutta stund, teldi jeg það þó vel farið, að honum mætti auðnast að veita skólanum forstöðu nokkur fyrstu árin, því að það er skólanum fyrir miklu að fá góðan mannkostamann til að hafa stjórn hans á hendi fyrstu starfsár skólans. Því hefði jeg kosið, að þessi upphæð hefði verið um 10 þús. kr. hærri, til þess að skólinn hefði getað komist á fót nú þegar, því að með því móti hefðu verið meiri líkur til, að sjera Kjartan hefði getað markað skólanum stefnu, því að sá andi, sem ríkir innan skólans þegar í byrjun, varir lengst. En góð áhrif eru í raun og veru miklu nauðsynlegri en sá fróðleikur, er nemendurnir öðlast í skólunum. Holl áhrif eru æskulýðnum lífsnauðsyn, og því þykir mjer svo mikið undir því komið, að þessi ágæti maður komi sem fyrst að skólanum, því að hann er allra manna best fallinn til að marka skólanum stefnu. Að jeg kem ekki fram með brtt. til hækkunar á þessum lið, er af því, að jeg vil fyrst sjá afdrif þessa máls í háttv. deild, og af því að allflestir háttv. þdm. þekkja svo vel til í sveitum, og bera því gott skyn á þetta mál, vænti jeg, að þeir verði mjer sem flestir sammála um, að nauðsyn beri til að láta þessa brtt. ná fram að ganga. Það þekkja vitanlega allir aðdráttarafl það, er Reykjavík hefir á unga fólkið í sveitunum, þótt lengra sjeu frá Reykjavík en þessi hjeruð austan fjalls, og jeg þekki ekki annað betra ráð til að spekja fólkið heima í sveitunum og stöðva strauminn til Reykjavíkur og annara kauptúna við sjávarsíðuna en góða skóla í sveitunum sjálfum.

Þá hefir háttv. fjvn. lagt til, að Skeiðamönnum verði greiddur nokkur hluti kostnaðar við flóðgarðahleðslu, og get jeg goldið hv. fjvn. þakklæti fyrir þessa till., það sem hún nær.

En mjög hefði jeg kosið, að hv. nefnd hefði gert eitthvað frekar til þess að koma Skeiðaáveitumálinu í heild í betra horf en nú er.

Jeg held, að þessu máli væri yfirleitt fyrir bestu, að ekki yrði lengur dregið að beina því á rjetta braut, sem allir málsaðiljar gætu unað við.

Hv. frsm. (TrÞ) gat þess, að fjvn. sæi sjer ekki fært að sinna þessu máli frekar, fyr en Skeiðabændurnir sýndu einhvern lit á því að standa við skuldbindingar sínar, en enn hefðu þeir ekki greitt einn eyri af þeim skuldum öllum, sem þeir hefðu stofnað til vegna áveitufyrirtækisins.

Hinsvegar gat hv. frsm. (TrÞ) þess einnig, að þegar sjeð væri, að bændurnir ætluðu að standa við skuldbindingar sínar, þá væri nefndin þeirrar skoðunar, að ríkissjóður ætti að gera eitthvað meira fyrir þá en nú er gert.

Það er gott að eiga von á því, að hv. nefnd ætlar síðar meir að ljá bændum þessum frekara liðsinni, en til þess að vissa sje fyrir, að þetta fyrirheit verði efnt, þurfa hv. fjárveitingarnefndarmenn að eiga sæti hjer á þingi áfram og helst að vera áfram í fjvn. Við skulum nú vona, að svo verði, til þess að þeir fái tækifæri til að efna þetta fyrirheit á sínum tíma, en ekki er það þó öldungis víst, því að sitthvað getur nú komið fyrir, þótt á skömmum tíma sje.

En þetta mál er þess eðlis, að ekki er rjett að slá því á frest lengur en búið er, og enda er það alls ekki rjett hjá hv.

frsm. (TrÞ), að hlutaðeigandi bændur hafi engan lit sýnt á því að standa við skuldbindingar sínar, og var þessi ásökun hv. frsm. (TrÞ) það lakasta, sem jeg hefi heyrt um mál þetta.

Bændurnir hafa fyrir löngu síðan reynt að koma málinu í það horf, að þeim væri kleift að standa við skuldbindingar sínar, en tilraunir þeirra í þá átt hafa enn sem komið er mistekist, eins og jeg nú skal víkja að.

Árið 1923 fengu þeir loforð fyrir láni til þess að greiða með vexti og afborganir af skuldum sínum, og er ekki hægt annað að segja en að þeir hafi þá staðið í skilum, enda þótt þeir hafi orðið að taka nýtt lán til þess.

Í fyrra sóttu þeir enn um liðsinni þingsins til þess að koma málum sínum í viðunandi horf, og leit þingið þá með sanngirni á nauðsyn þeirra og samþykti fyrir sitt leyti, að þeir fengju eftirgjöf á vaxtagreiðslu og afborgana um tveggja ára skeið.

Þetta hefir þó ekki verið framkvæmt enn, en mjer finst ekki óeðlilegt, að bændurnir búist við því, að orð Alþingis sjeu virt og ákvarðanir þess að einhverju hafðar.

Hinsvegar er og á það að líta, að kostnaðurinn við áveituna er þegar orðinn svo mikill, að bændunum hrýs hugur við. Þeir sjá sjer bókstaflega engan veginn fært að greiða hann hjálparlaust að öllu leyti. Ennfremur hvíla á þeim ýmsar aðrar kvaðir, sem gera þeim erfiðara að standa í skilum.

Þess vegna hafa þeir leitað til þingsins með beiðni um, að það geri þeim fært að kljúfa kostnaðinn við fyrirtækið.

Jeg held, að öllum, sem hjer eiga hlut að máli, sje fyrir langbestu, að föstu skipulagi verði komið á þetta mál, ekki aðeins hlutaðeigandi bændum, heldur engu síður bæði Landsbankanum og ríkissjóði.

Jeg get þegar lýst yfir því, eins og jeg sagði einnig í fyrra, að jeg tel alls ekki ósanngjarnt, þó að Landsbankinn gefi að minsta kosti eitthvað eftir af þeim gróða, sem hann hafði af afföllum veðdeildarbrjefanna, sem hann ljet af hendi, þegar hann veitti lán sitt, úr því að svo tókst til með fyrirtækið.

Kostnaðurinn er bændunum óviðráðanlegur, eins og jeg hefi marglýst yfir, og það er ómögulegt að halda því fram, að það hefði átt að meina þeim að halda áfram verkinu, þegar það var komið svo langt áleiðis og mikið fje hafði verið lagt í kostnað.

Held jeg, að ekki sje vafamál, að bændurnir sjálfir hafi allra manna mest an áhuga fyrir því að fá máli þessu komið í rjett horf, þannig, að þeir viti með vissu, að hverju þeir eigi að ganga. Jeg veit, að þeir eru fúsir til að taka á sig þær byrðar, sem þeir sjá sjer frekast fært að ráða við. En þeim er vorkunnarmál, þó að þeir hafi enn ekki greitt að þessu sinni, eftir afgreiðslu málsins á undanförnum þingum.

Þá ber og að gæta þess, að þegar aðaláveituverkinu er lokið, þá eru búin þau eystra langtum of lítil til þess að bera kostnaðinn, sem áveitan hefir haft í för með sjer. Þess vegna þarf að stækka þau til muna, og var meiningin að nota gjaldfrestinn til þess.

Jeg þykist nú vita, að bent verði á, að bændurnir geti tekið ný lán til þess að stækka búin, en greitt jafnframt af áveitulánunum. En þetta er ekki mögulegt. Þar sem kostnaðurinn við áveituna er orðinn svo mikill, þá sjá bændur sjer alls ekki fært að hleypa sjer í nýjar skuldir til þess að auka bústofn sinn, og það finst

mjer heiðarlegt af þeim, að vilja ógjarnan binda sjer stærri skuldabagga en þeir sjá sjer fært að standa straum af. En það á enginn víst, að sú lánsstofnun, sem nú veitti bændum þessum ný lán, fengi þau endurgreidd með fullum skilum.

Jeg held, að sú stefna, sem Alþingi tók í máli þessu í fyrra, sje hin heppilegasta, að veita bændunum gjaldfrest á áveitulánunum, til þess að þeir fái svigrúm til að stækka bú sín, en skipa málinu síðan á skynsamlegan og sanngjarnlegan hátt, með því að fastákveða, hversu mikið bændurnir eigi að greiða af lánunum og hversu mikils liðsinnis þeir megi vænta hjá Landsbankanum og ríkissjóði.

Jeg hefi átt tal við hæstv. atvrh. (MG) um þetta mál, og veit jeg ekki betur en hann sje þeirrar skoðunar, að skipa beri máli þessu á viðunanlegan hátt, og vona jeg, að hægt verði að bera fram einhverjar frekari till. í þessu efni við 3. umr.

Mjer þætti leitt, ef Alþingi skildist svo við þetta mál, að hlutaðeigandi bændur gætu ekki látið sjer afgreiðslu þess lynda, og þá ætti illa við heitið, sem þessari samkomu hefir stundum verið valið: bændaþing, ef það sinnir engu liðsbón heils sveitarhjeraðs, sem svo nauðulega er statt. Þá á jeg bágt með að sjá, að þingið hafi mikla þekkingu á málefnum bænda, eða vilja til að rjetta þeim hjálparhönd. En jeg vil ekki efast um, að þingið vill hjálpa þessum bændum, og það sje af misskilningi einum, ef það verður ekki gert í þetta sinn.

Auðvitað þykist jeg vita, að enginn heimsbrestur yrði, þó að bændur þessa hjeraðs flosnuðu upp frá búum sínum, en ekki tel jeg það þinginu vansalaust, ef til þess kemur.

Jeg minnist eins atviks, þar sem landið lagði margar milj. kr. í hættu til þess að bjarga við einni atvinnugrein, sem stundum að minsta kosti hefir verið þessu þjóðfjelagi einna mest til meins allra þeirra atvinnugreina, sem hjer eru stundaðar. Og þá finst mjer illa viðeigandi að vísa á bug styrkbeiðnum þessa atvinnuvegar, landbúnaðarins, þegar hann er hjálpar þurfi, þar sem þjóðin hefir þó hingað til að mestu leyti lifað á honum og þar sem aldrei verður talið, að þjóðfjelaginu í heild stafi annað en gott af þessum atvinnuvegi.

Jeg hefði aldrei viljað láta mitt atkvæði falla landbúnaðinum til óhagræðis, jafnvel þótt jeg væri ekki fulltrúi bændakjördæmis. Jeg hefi áður sem þingmaður Reykvíkinga átt kost á því að ljá honum lið, eitt sinn þegar svo á horfðist, að heil sveit legðist í auðn fyrir ágang vatna.

En vitaskuld er jeg ekki síður fús til að ljá landbúnaðinum liðsinni mitt nú, þar sem jeg er fulltrúi bænda og hefi þar að auki ástæður til að þekkja betur til þar eystra en flestir aðrir háttv. þm.

Jeg vænti þess því, að hv. fjvn. og hv. deild ljái máli þessu lið, ef til þess kemur við 3. umr., að frekari till. verði fram bornar, og mjer þykir leitt að heyra ummæli hv. frsm. (TrÞ) og hv. nefndar í nál. sínu.

Það er engu líkara en hv. fjvn. vilji stimpla alla þá bændur, sem hjer eiga hlut að máli, sem svikara. Til þess er allsendis engin ástæða, og enda mun hv. nefnd þess ekki megnug að færa sönnur á þessar aðdróttanir.

Því að þótt bændurnir hafi ekki greitt fyrir síðastliðið ár, þá stendur það í beinu sambandi við ákvarðanir síðasta þings og þá von þeirra, að bankinn veiti þeim eitthvert liðsinni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði að sinni, en vonandi gefst mjer tækifæri til að víkja nánar að því síðar.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á till. hv. fjvn. um bryggjugerðir. Til þeirra leggur hv. fjvn. til, að varið verði 15000 kr., en gerir hinsvegar engar till. um, hvar bryggjur skuli gerðar. Jeg hefi í rauninni ekkert við það að athuga, þó að sá maður, sem þessi mál hefir með höndum, geri till. hjer að lútandi, en jeg er í vafa um, hversu langt þessi upphæð muni ná, hvort ekki sje svo brýn þörf að umbæta ýmsar bryggjur, að fjárveiting hv. nefndar hrökkvi skamt. Það var aðeins þessi athugasemd, sem jeg vildi gera um þennan lið.

Loks vil jeg minnast lítið eitt á nokkrar brtt., sem jeg á, sumpart einn og sumpart ásamt öðrum hv. þm., á þskj. 235.

Þá skal jeg fyrst nefna brtt. um að hækka styrk til Ungmennafjelags Íslands um 500 kr., en til vara um 300 kr.

Eins og kunnugt er, nær fjelagsskapur þessi um alt land og er mjög fjölmennur, enda vinnur hann að ákaflega þörfum og góðum málefnum. Jeg þekki þennan fjelagsskap frá fornu fari, nú í seinni tíð einkum í gegnum blað hans, og jeg held, að hann sje fullkomlega alls góðs maklegur.

Jeg veit þess mörg dæmi í sveitum, að ungmennafjelagar hafi hjálpað mönnum við heyskap, ef veikindi eða einhver önnur óhöpp hafa steðjað að, og lagt mönnum lið á ýmsan annan hátt, t. d. gefið fatnað o. s. frv. Auk þess láta ungmennafjelögin sjer einkarant um gróður landsins, sjerstaklega skógrækt. Nægir í því efni að benda á Þrastaskóg, auk margs annars. Þá hafa þau allskonar íþróttir á stefnuskrá sinni, og yfirleitt vinna þau að mörgum hlutum nytsamlegum, en þó einkum þjóðlegum. Í seinni tíð eru fjelögin farin að halda námsskeið fyrir fólk, t. d. ætlar samband ungmennafjelaga Suðurlands að halda hússtjórnarnámsskeið á næstunni og auk þess stunda skógrækt af meira kappi en áður.

Jeg held að þeim styrk sje vel varið, sem gengur til þessa fjelagsskapar, og vænti því, að hv. deild geti fallist á brtt. mína, a. m. k. varatill., þar sem hún fer ekki fram á hærra tillag en fjelögin fengu áður, meðan verðgildi peninga var langtum meira en nú.

Þá á jeg brtt. um að hækka styrkinn til Þórðar Flóventssonar úr 1200 upp í 1500 kr.

Þessi maður hefir nú um tveggja ára skeið unnið kappsamlega að því að glæða áhuga manna fyrir laxa- og silungaklaki og koma upp húsum í því skyni. Hann er nú 75 ára að aldri, en þó svo ern, að hann ferðast um landið sem tvítugur væri.

Hann hefir ferðast meira og minna um 12 sýslur, og árangurinn af starfi hans er undramikill. Þar sem hann hefir komið á fót klakhúsum, hafa þau gefist prýðisvel, eftir því, sem jeg best veit. Mjer er kunnugt um, að hann hefir staðið fyrir byggingu klakhúsa og kent mönnum að fara með klak austur í Ölfusi, Grafningi og víðar þar eystra. Og bóndinn í Alviðru í Ölfusi hefir sagt mjer, að í klakhúsi hans hafi lifað yfir ½ milj. síli eftir fyrsta veturinn.

Hv. frsm. (TrÞ) sagði, að hjer væri ekki um neina vísindamensku að ræða. Það er að vísu satt, að Þórður hefir ekki notið mentunar við neinn sjerskóla. En hann hefir það, sem öllu sjernámi reynist betra; hann hefir reynslu og hagkvæma

þekkingu á þessu starfi sínu, og reynslan vitnar um hinn besta árangur, sem kosinn verður.

Í Árnessýslu er undantekning, ef nokkur hrogn hafa eyðilagst, þar sem Þórður hefir sjeð um byggingu klakhúsa. Þekking hans á þessu sviði er því jafnraungóð sem hún væri hávísindaleg, þar sem reynslan sýnir svo góðan árangur af starfsemi hans.

Hann hefir brennandi áhuga á þessu starfi og mun halda því áfram meðan líf og heilsa endast.

Þar sem hann hefir, enn sem komið er, notið lítils styrks af opinberu fje, þá þætti mjer vel farið, að hv. deild sýndi honum samúð sína með því að veita honum ekki óverulegri styrk en jeg hefi nú farið fram á.

Þá á jeg eina brtt. ásamt hæstv. forseta þessarar hv. deildar (BSv) undir XL. lið á þskj. 235, um að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið 1000 kr., en 500 kr. til vara, upp í tap, sem hann hefir beðið við umbúðasmíði tvö undanfarin ár.

Við umr. um fyrri kafla frv. drap jeg á nokkrar ástæður fyrir þessari styrkveitingu, til viðbótar því, sem hv. frsm. þess kafla (ÞórJ) hafði sagt um þetta mál. En sú till., sem þá lá fyrir, fann ekki náð fyrir augum hv. þdm.

Jeg gat þess þá, að maður þessi hefði beðið um 6000 kr. tjón við atvinnurekstur sinn tvö undanfarin ár og fór þá fram á, að þingið veitti honum styrk, sem svaraði húsaleigu þeirri, sem hann verður að greiða. Þetta gat hv. deild ekki fallist á, en jeg vona, að hún geti nú fallist á aðaltill., um að veita honum 1000 kr. styrk vegna þessa halla, sem hann hefir beðið.

Þó að þetta sjeu ekki miklir fjármunir, þá mun það samt gera honum hægara um vik að greiða úr fjárkröggum sínum.

Það hefir oft þótt ljóður á ráði þingmanna að mæla með slíkum fjárveitingum, sem þá eru kallaðar bitlingar í óvirðingarskyni, en þó mun jeg ekki hika við að fylgja þessari till. fram, þar sem jeg er sannfærður um, að hún er rjettlát og sanngjörn.

Þessar umbúðasmíðar bæta mjög úr brýnni þörf á þessu sviði. Og jeg er viss um, að hv. þm. fyndu betur nauðsyn þessa máls, ef þeir yrðu fyrir því óláni, að þeir þyrftu að nota umbúðir frá Halldóri. En það er hart, ef menn geta ekki litið á sanngirnismál án þess að persónulegar ástæður knýi þá til þess. En þeim einstaklingum, sem verða fyrir því óhappi að þurfa að láta lækna sig með þessu móti, er nógu dýrt heilsutjónið, þó að þeir þurfi ekki að leita til útlanda til þess að fá nauðsynlegar umbúðir. Og eftir þeim vitnisburði, sem ýmsir mætustu læknar bæjarins gefa umbúðum Halldórs, finst mjer meira en lítil óbilgirni að vilja enga uppbót veita honum, ekki síst þar sem hann er afbragðsmaður í alla staði og á vísa ágæta atvinnu, ef hann verður að hverfa frá þessu starfi.

Jeg ætla ekki að lengja umr. með því að fjölyrða um nauðsyn þessa máls frekar. Jeg leyfi mjer að fullyrða um starf þessa manns, að það er eins nauðsynlegt eins og starf margs læknis. Háttv. deild gefst nú kostur á að sýna, hvers hún metur það.

Þá á jeg eftir eina litla brtt., sem jeg flyt ásamt öðrum. Hún hefir komið fram áður, og jeg bið engrar afsökunar á því, að hún kemur fram enn. Það er 600 kr. styrkur til Þórdísar Símonardóttur ljósmóður.

Þetta er gömul kona, komin á áttræðisaldur, og er einstæðingur, sem engan á að nema góða menn. Hún hefir verið yfirsetukona yfir 50 ár og leyst það starf prýðilega af hendi. Mjer fyndist það því vel fallið, að Alþingi sýndi henni einhvern sóma.

Og þó til kynnu að vera á landinu 1—2 ljósmæður, sem jafna rjettlætiskröfu ættu til einhvers styrks, þá rýrir það ekki verðleika hennar. Jeg get því ekki sjeð, að lagt væri út á neitt hættulega braut, þótt þetta yrði veitt. Og því má bæta við, að þegar um svona gamla manneskju er að ræða, þá þarf ekki að óttast, að árin verði svo ýkjamörg, sem hún nýtur þessara fjármuna.

Mjer finst, þegar fólk hefir unnið svona dyggilega til viðurkenningar, að þá beri Alþingi að veita því einhverja umsjá í lifanda lífi. Það er betra en þó að hlaðið sje lofi á manninn látinn. Slíks þekkjast dæmi með okkar þjóð.

Jeg vona því, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. þessa brtt. Upphæðin er svo smá, að það skiftir engu fyrir ríkissjóð. En hún skiftir miklu fyrir einstaklinginn — og mestu fyrir skilning Alþingis á því, sem vel er gert og launa vert.

Jeg er ekki svo orðsjúkur, að jeg stenst það vel, þó að sagt verði um mig, að jeg sje með ýmsum bitlingum. Einmitt þegar svona upphæðir lenda á rjettum stað, er þeim best varið alls, sem veitt er úr ríkissjóði.

Þá er ein brtt., sem jeg gleymdi að minnast á. Það er um Hvítárbakkaskólann. Af því jeg þekki vel til og veit, hvað mikið þeir, sem standa að skólanum, hafa á sig lagt, þá þætti mjer vel fallið, að þeir fengju uppgjöf á þessu láni. Þeir hafa ekki fengið nema lítinn styrk til rekstrar skólans. Þessi skóli er nærliggjandi sveitum hið mesta gagn, og það er alveg sjálfsagt, að Alþingi sýni sanngirni í þessu máli.

Jón Baldvinsson: Það, sem jeg hefi hjer að flytja, eru tveir gamlir kunningjar frá síðasta þingi.

Hinn fyrri er brtt. 26 á þskj. 235, um styrk til kvöldskóla verkamanna. Í fyrra voru skólanum veittar 350 kr. Það var að vísu farið fram á 500, en þetta þurkaðist af í meðferðinni. Jeg vil geta þess, að bæjarsjóður Reykjavíkur styrkti skólann með 500 kr. 1924, og sami styrkur er honum veittur í ár.

Það hefir ekki legið fyrir fjvn. nein beiðni um styrk frá skólanum. Hún kom til mín fyrir fáum dögum, ásamt skýrslu um starfsemi hans. Skólinn er stofnaður 1. nóv. f. á., og tók þá þegar til starfa.

Í efri deild var það sagt í fyrra undir fjárlagaumræðunum, að hann hefði verið stofnaður fyr, en það er ekki rjett.

Skólinn stóð í rúma 3 mánuði, og voru nemendur eitthvað um 35. Hann fór fram í húsi, sem bærinn hefir umráð yfir og ljeði endurgjaldslaust. Jeg held vegna þess, sem um hann hefir verið sagt í blöðum, og þess, að hann hefir vakið töluvert umtal, að þá væri rjettast að gera nokkra grein fyrir námsgreinum í skólanum.

Þar var kend saga, bók Wells lögð til grundvallar, enska eftir kenslubók G. T. Zoëga, íslenska, lesnar þjóðsögur og æfintýri, danska eftir kenslubók Jóns Ófeigssonar, landafræði og náttúrufræði, einkum í fyrirlestrum, bókfærsla og reikningur, og loks þjóðfjelagsfræði. Það er rjett, af því að það mun einkum hafa verið sú námsgrein, sem amast hefir ver-

ið við, að taka það fram, að kennari í henni var Stefán Jóhann Stefánsson lögfræðingur.

Nemendur voru einkum yngri menn úr verkamannafjelögunum, sem stunda daglega vinnu og geta lítið skólagjald borgað. Aðsóknin var svo mikil, að varla hefði verið unt að taka fleiri, og fyrirtækið var vinsælt og komu oft menn úr verkalýðsfjelögunum og hlýddu á fyrirlestra auk hinna föstu nemenda.

Það bagaði skólann, að húsnæðið var ekki gott. Úr því verður bætt næsta vetur. Fulltrúaráð verkamannafjelaganna hefir nú von um betra húsnæði, og verður það væntanlega tekið, þótt hitt hafi þann kost að vera ókeypis.

Nú er Alþingi beðið lítils styrks handa þessum skóla, og hygg jeg, að margri fjárhæð sje ver varið en til þess að veita verkamönnum kost á fræðslu. Margir, er þennan skóla sækja, hafa lítillar barnafræðslu notið, eru nýkomnir til bæjarins þaðan, sem hún er ónóg.

Jeg þykist vita, þó að reynt hafi verið að hafa móti skólanum, þá muni hv. þm. ekki láta blaðadeilur hafa áhrif á atkv. sín. Þeir geta fengið að sjá skýrslu skólans, sem liggur frammi í lestrarsal, og spurst fyrir um áhuga verkamanna fyrir þessu.

Jeg held ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta; vona, að hv. þm. láti þetta ná fram að ganga.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 235, XLII, sem er brtt. við 17. gr. fjárl., sem fjallar um almenna styrktarstarfsemi. Er hjer farið fram á styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Sjóðurinn er þannig tilkominn, að verkamannafjelögin hjer í bæ fengu til umráða nokkuð af fje því, sem fjekst þegar botnvörpuskipin voru seld 1917, eins og sárabætur fyrir atvinnutjón það, er verkamenn biðu þá. Af þessu fje var síðan stofnaður styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík, og er hann nú kringum 100 þús. kr. Úr sjóðnum eru árlega veittar 6—7 þús. kr. Eins og menn sjá, er það meira en sem nemur vöxtum af sjóðnum. En verkamannafjelögin hafa lagt fram tillag. Aðrir hafa ekki í hann lagt. Í fyrra var sótt til Alþingis um styrk fyrir sjóðsins hönd, en fjekst ekki. En nú þykist jeg viss um, að háttv. þm. greiði atkv. með þessari litlu fjárveitingu. Þessi sjóður hefir nú starfað í 4 ár, og eru styrkþegar hátt á annað hundrað nú orðið.

Upphæðir veittar einstökum mönnum hafa verið frá 70 krónum upp í 400 kr. Hafa þær verið veittar mönnum, sem slasast hafa eða þjást af langvarandi veikindum, eða konum, sem lengi hafa verið veikar. Fólk utan af landi hefir einnig notið styrks úr sjóðnum. Þannig er ástatt um marga, að þeir eru eina vertíð á togara, ganga í eitthvert verkamannafjelagið og halda rjetti sínum, þótt þeir fari úr bænum, og njóta styrksins.

Jeg er ekki í neinum vafa um það, að styrkur úr sjóðnum hefir forðað mörgum manni frá að þiggja af sveit. Aðsóknin hefir verið afarmikil, því að þetta er sú eina styrktarstarfsemi, sem almenningur á aðgang að. Og þó að sjóðurinn sje miðaður við verkamenn í Reykjavík, þá er það ekki svo lítill hluti af verkamannastjett landsins, talsvert yfir 2000 manns.

Þess vegna hefir nú stjórn sjóðsins sent Alþingi beiðni um 5000 kr. styrk. Jeg hefi þó ekki þorað annað en að hafa till. til vara 4500 kr., ef einhverjum þætti

of hátt farið. Annars skal jeg ekki tefja umr. Jeg vænti þess, að sparnaðarmenn láti mig njóta þess við atkvgr., ef jeg spara nú tímann.

Bernharð Stefánsson: Í þessum kafla á jeg eina brtt. Það er 24. brtt. á þskj. 235, og fer fram á 5000 kr. styrk til Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, til þess að reisa barnaskólahús.

Í fyrri fjárlögum var jafnan veitt ákveðin fjárhæð til þess að reisa skólahús, gegn tvöföldu tillagi hlutaðeigandi skólahjeraða. Þetta var felt af fjárlögunum í fyrra, og virðist sem við eigi að sitja enn, því að hæstv. stjórn gleymir þessu í frv. sínu og fjvn. tekur heldur ekki upp slíka fjárveitingu.

Jeg neyðist því til að bera fram þessa brtt., vegna þess að á þessum stað — Ólafsfirði — er ekkert undanfæri, að reisa verður skólahús. Ef það er ekki gert, verður kenslan í þessum hreppi að falla niður, og er öllum ljóst, hvaða vandræði það eru, þar sem þetta er sjávarþorp.

Það væri kannske fremur viðlit, ef um sveit væri að ræða, þar sem börn verða þó heldur fyrir einhverjum menningaráhrifum á heimilunum heldur en hægt er að koma við í sjávarþorpi.

Jeg geri ráð fyrir, að Ólafsfirðingar sjái sjer ekki annað fært, vegna barna sinna, en að byggja skólahús á þessu ári, hvort sem styrkur fæst til þess eða ekki. En spurningin verður þá þessi: Á þessi hreppur að njóta jafnrjettis við önnur skólahjeruð og fá styrk til skólabygginga, eins og öll önnur hjeruð hafa fengið, sem reist hafa skóla, eða á hann það ekki? Kjósendur mínir hafa ekki falið mjer að flytja þetta mál, heldur hafa Ólafsfirðingar, eins og sjálfsagt var, snúið sjer til fræðslumálastjóra, og mjer er kunnugt um, að hann skrifaði fjvn. og lagði með þessu. Málið er vel undirbúið. Brjefi fræðslumálastjóra til fjvn. fylgdi uppdráttur af væntanlegu skólahúsi og brjef frá hlutaðeigandi hjeraðslækni, um það, að hús það, er notað hefir verið, sje algerlega ónothæft.

Enda er þetta hús, sem nú er notað til að kenna börnum í, alls ekki skólahús, heldur bygt til alls annars, og hefir þar verið útbúin ein stofa til þess að nota fyrir kenslustofu. Hefi jeg einu sinni komið í þá stofu og veit, að það er neyðarúrræði að þurfa að kenna þar börnum. Það er líka komið svo nú, að hreppurinn hefir ekki lengur nein umráð yfir húsinu, og því er þarna algerlega húsnæðislaust til skólahalds. Þar sem hv. fjvn. hafði þessi gögn í höndum og henni var send málaleitunin frá fræðslumálastjóranum, þá hafði jeg vænst þess, að hún tæki till. um þetta upp og að jeg þyrfti ekki að verða til þess. Vænti jeg þess, að þegar hv. frsm. (TrÞ) tekur aftur til máls, þá geri hann grein fyrir, hvaða ástæður hafi valdið þessu. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en aðeins taka það fram, sem jeg hefi áður bent á, að úr því fræðslulögin leggja skólahjeruðum þá skyldu á herðar að halda uppi kenslu, þá er í þorpi eins og þarna í Ólafsfjarðarhorni ekki hægt að inna þá skyldu af hendi nema menn hafi sjerstakt skólahús. Til þess að framfylgja lögunum þarna verður því að byggja hús. Um annað er ekki að gera. Áður hefi jeg tekið það fram, að þar sem skólahús hafa verið bygð undanfarið í öðrum þorpum, þá hafa menn notið til þess styrks úr ríkissjóði, eða því sem nemur ⅓ kostnaðar. Á nú Ólafsfjarðarhreppur, ef hann neyðist til þess að byggja skólahús, ekki að njóta jafnrjettis við önnur skólahjer-

uð? Jeg skil ekki í öðru. Jeg sje enga ástæðu til að setja þá sveit eina hjá. Jeg hefi raunar fleira að segja um málið, en jeg vil ekki tefja tímann með því að fara lengra út í það að sinni, nje heldur vil jeg að þessu sinni taka fleiri atriði fjárlagafrv. til athugunar.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. mars, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 203, 195, 204, 235).

Klemens Jónsson: Jeg á 2 brtt á þskj. 235, sem jeg þarf að gera grein fyrir. Fyrri brtt. fer fram á að auka styrk til Sögufjelagsins úr 2000 kr. upp í 3000 kr. Á síðasta þingi var klipið af þessum styrk, eins og flestu öðru til bókmenta og atvinnufyrirtækja, en hæstv. stjórn hefir nú hækkað hann úr 1000 kr. upp í 2000 kr. í þessu fjárlagafrumvarpi. Það er auðvitað þakkarvert, en nokkuð lítið, og vil jeg því mælast til, að hann verði hækkaður enn um 1000 kr. Eftir stjfrv. á að verja þessum 2000 kr. til þess að gefa út landsyfirrjettardóma og alþingisbækur. Styrkurinn hefir verið því skilyrði bundinn, að gefin væru út þessi tvö rit. En fjvn. hefir gert breytingu á þe með því að bæta við „o. fl.“

Hv. frsm. (TrÞ) sagði, að þetta væri aðeins orðabreyting, en svo er ekki. Nefndin ætlast til, að fjelagið gefi út fleiri rit en áskilið var, en lætur þó styrkinn standa óbreyttan. Samfara auknum skyldum hefði styrkurinn átt að fara hækkandi. En þetta gerir ekki svo mikið til. Fjelagið hlýtur að gefa út fleira, svo sem t. d. Blöndu. En sem sagt, fjvn. fer nokkuð lengra en stjórnin, leggur meiri kvaðir á styrkinn en hún. Hún hefði því átt að vera því fylgjandi, að styrkurinn væri hækkaður. Væntanlega tekur háttv. fjvn. þetta til greina.

Þetta fjelag hefir nú starfað í full 20 ár og gefið út mörg merk rit um sögu landsins. Það hefir notið lítils styrks. Lengi fjekk það 800 kr., þá 1000 kr., en síðan 1920 2000 kr. Jeg skal geta þess, að fjelagið er þegar byrjað að gefa út þjóðsögur Jóns Árnasonar og fylgir gömlu útgáfunni, þannig að lína svarar til línu og síða til síðu, og eru þegar komnar 4 arkir á þessu ári. Jeg hygg, að þetta muni vera kærkomin gjöf til íslensku þjóðarinnar. Þjóðsögurnar hafa verið lesnar upp til agna, ef svo mætti að orði kveða, og varla til lengur nema í söfnum og fást ekki lánaðar út. Annarsstaðar eru aðeins til rifrildi af þeim. Fyrir utan þetta á Sögufjelagið eftir að gefa út rit, sem það er þegar byrjað á og verður að halda áfram, en það mun ekki sjá sjer fært að gera það, nema því aðeins, að það fái hærri styrk. Það er því vonandi, að enginn, sem ann sögu landsins og bókmentum, verði á móti þessu. Svo er að vísu, að í mörg horn er að líta, en þegar þess er gætt, hvað hæstv. stjórn og hv. fjvn. vilja að öðru leyti gera til þess að efla bókmentalíf í landinu, skil jeg ekki í öðru en að þessu verði sint.

Þá er önnur brtt., á sama þskj., þar sem farið er fram á, að veittar verði 35 þús. kr. til landmælinga. Þessar landmælingar hafa staðið í full 20 ár. Þær hófust um aldamótin og hjeldu áfram sleitulaust til 1914, er stríðið byrjaði. Þá var hætt við þær vegna stríðsins; annars væri nú búið að mæla mestan hluta landsins. Þá voru mælingamennirnir staddir á Hólum í Hjaltadal og voru að mæla Skagafjörð.

Jeg hefi hjerna hjá mjer kort yfir það, sem síðast hefir verið mælt, ef einhver hv. þm. vildi sjá það. Jeg þarf ekki að lýsa, hversu mikla þýðingu slík landmæling hefir; það hefir verið gert svo vel áður. Jeg læt nægja að vísa til greinargerðar fyrir þál. 1923 frá hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Þar er því lýst skilmerkilega, hversu þýðingarmikil hún sje og alveg eins nauðsynleg eins og skýrslur um atvinnuvegi og slíkt. Jeg vil því vísa til þeirra ummæla og þess, að okkur ætti að vera það metnaður að koma þessu fram. Í þál. var tekið fram, að þetta væri merkasta fyrirtækið, sem stofnað hefði verið til hjer á þessari öld; og get jeg verið því samþykkur.

Áður voru þessar landmælingar framkvæmdar eftir stórum mælikvarða, sem sje 1:50000. Þær voru því afarnákvæmar, og eiginlega of nákvæmar fyrir menn, sem ekki þurftu að styðjast við þær nema til ferðalaga, en máske ekki fyrir verkfræðinga. Þó að aðeins sje farið yfir stutt svæði, þarf mörg blöð, og það er erfitt úti á víðavangi. Eftir að byrjað var að mæla Húnavatnssýslu, var mælikvarðinn minkaður um helming og er nú 1:100000, og er það nægilegt fyrir almenning. Jeg sagði áðan, að mælingarnar hefðu lagst niður 1914, en eftir stríðslok kom fram till. (1923) frá 4. þm. Reykv. (MJ), þess eðlis, að skorað var á stjórnina að halda landmælingum áfram. Hún var samþykt í báðum deildum og endanlega á þá leið, að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að leita samninga við dönsku stjórnina. Stjórnin gerði það, sem tillagan fór fram á, en þegar til kom að veita fje 1925, var sparnaðarstefnan orðin ríkjandi, og þá varð þetta útundan eins og margt annað. Að öðru leyti býst jeg við, að hæstv. stjórn geti gefið upplýsingar um, hvað þeirri málaleitan líður. Jeg veit, að danski „Generalstaben" er fús á að halda áfram mælingunum, enda væri það best, þar sem hann hefir annast þær frá byrjun. Ástæðan til þess, að þetta var ekki tekið upp í fjárlagafrv. í fyrra, var auðvitað fjárkreppan. Fyrir utan upphæðina sjálfa, sem var allhá, mátti gera ráð fyrir ¼ að auki í gengismun, þar sem mikill hluti fjárins átti að greiðast í dönskum krónum. Nú eru fjárhagsvandræðin, sem betur fer, ekki eins mikil, og gengismunurinn horfinn að mestu.

Áður voru mælingar þessar að mestu leyti kostaðar af dönsku fje, þannig að mönnum hefir talist svo til, að þær hafi kostað 380 þús. kr., en af því hafi aðeins 80 þús. verið greiddar af Íslendingum. Nú kemur kostnaðurinn eingöngu á okkur, en þó fáum við, ef „Generalstaben" annast mælingarnar, ýmsar ívilnanir, svo sem áhöld og útbúnað, sem danska hermálastjórnin lánar fyrir ekkert, eða að minsta kosti fyrir mjög lítið gjald. Það er búið að mæla frá Austur-Skaftafellssýslu og vestur fyrir land til Skagafjarðar, og enda mælingarnar í fjöllunum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Eftir eru Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur. Vænti jeg stuðnings frá hv. þm. þessara kjördæma, því að ekki er sanngjarnt að láta ekki þessar sýslur njóta sömu rjettinda og hinar, enda væri þetta til mikils gagns fyrir almenning, þar sem mælingarnar eru svo nákvæmar.

Hv. þm. Dala. (BJ) segir oft um þær fjárveitingar, sem hann leggur til, að þessi og þessi fjárveiting sje svo sjálfsögð, að enginn geti verið á móti henni. Jeg tek mjer þau orð í munn og segi, að þessi fjárveiting er svo sjálfsögð, að allir hljóta að greiða henni atkv. sitt.

Jeg ætla að minnast ofurlítið á brtt.,

sem komið hafa hjer fram, og þá fyrst frá hv. meiri hl. fjvn.

Jeg gat þess, að hv. fjvn. væri fús á að styðja að aukinni andlegri mentun hjer á landi. Á liðunum 29—35 er farið fram á 58 þús. kr. fjárveitingu eingöngu í þessu efni. Jeg er ekki beint að hafa á móti þessu, en það er auðsjeð, að henni hefir fundist ástæða til að snúa sjer að því andlega, engu síður en að verklegum framkvæmdum. Jeg get þó ekki neitað því, að það, sem farið er fram á til skóla, finst mjer fullríflegt, og meðan ekki er hægt að framkvæma meira en gert er, mætti margt af þessu bíða. Mjer finst hv. fjvn. hefði alveg eins getað tekið Sögufjelagið með og bætt við 1000 kr. Jeg vonast til, að fjvn., þó að hún haldi við sínar tillögur, líti líka í náð til annara tillagna, sem á rökum eru bygðar.

Þá eru stafliðirnir a. og b. undir 56. brtt. á sama þskj. Um a-liðinn, styrkinn til Lofts Guðmundssonar, er það að segja, að jeg tel vel farið, að hv. fjvn. hefir tekið hann upp. Þessi kvikmyndataka hefir orðið honum ærið kostnaðarsöm, en getur hins vegar unnið landinu mikið gagn. Svo að þótt hann fái þennan styrk, verður hann ekki skaðlaus, en er dálítill vottur um, að þingið viðurkenni þessa starfsemi hans. En hann er alls ekki fær um að bera kostnaðinn af henni sjálfur.

Hvað b-liðinn snertir, eða styrkinn til stúdentsins til að ljúka námi í verkfræði, þá er jeg samþykkur því, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði um það efni, að það sje ekki rjett að veita slíka lokastyrki. Það er líka skamt síðan það var upp tekið að veita styrk til verkfræðilokanáms, og þá gert vegna þess, að verkfræðingar voru svo fáir í landi hjer, en nú höfum við nógu marga verkfræðinga, svo að ástæðulaust er, að þingið fari að bæta við þá. Jeg vil, að tekin sje upp í fjárlögin í einu lagi upphæð til styrktar stúdentum, er nám stunda við erlenda skóla. Hitt er hættuleg braut að ganga inn á, að taka einstaka stúdenta inn í fjárlög og veita þeim styrk, án þess nokkur gögn liggi fyrir, að þeir sjeu styrksins maklegir. Þess vegna greiði jeg atkv. móti þessum lið.

Hvað Sigfús Sigfússon frá Eyvindará snertir, þá kann jeg illa við þann sess, er hv. fjvn. hefir valið honum. Hann er fræðimaður og á því heima í hópi þeirra, en óviðkunnanlegt að sjá hann hjer innan um vitaverði og aðra uppgjafasýslunarmenn þjóðarinnar.

Hvað Vigfús Sigurðsson vitavörð snertir, þá hygg jeg, að það sje sami maðurinn, sem nefndur hefir verið Vigfús Grænlandsfari, eftir að hann fór með Koch höfuðsmanni yfir þvert Grænland, og vil jeg mæla sem best með því, að hann fái þennan styrk. Mjer er kunnugt um, að þessi maður varð til þess að bjarga þeim fjelögum frá bráðum bana við endalok ferðarinnar, er þeir fjelagar voru alveg að þrotum komnir með vistir, með dugnaði sínum og áræði. Þá sögu sagði Koch höfuðsmaður Hannesi Hafstein í veislu í Kaupmannahöfn, um það leyti, er hann kom úr Grænlandsförinni, og ljet mikið yfir dugnaði Vigfúsar og hvílík bjargvættur hann hefði reynst þeim fjelögum, þegar mest svarf að högum þeirra í Grænlandsóbygðum. Sögu þessa sagði mjer Hannes Hafstein þegar eftir heimkomu sína, svo jeg veit, að hún er sönn. Að vísu getur Koch ekki um þessa sögu í ferðabók sinni, en ber hins vegar Vigfúsi söguna ávalt vel og telur hann hafa verið öruggan og góðan fylgdarmann og rækt starf sitt ágæta vel, en það var, eins og kunnugt er, fólgið í því aðallega

að hirða um íslensku hestana, er þeir höfðu í ferðinni. Af þessum ástæðum tel jeg því Vigfús maklegan þessa styrks, og jafnvel þó hærri hefði verið.

Jeg get ekki lofað neinu góðu um að fylgja öllum brtt. hv. minni hl. fjvn. (BJ), en þó er þar ein brtt., sem jeg mun hiklaust fylgja enda gleður það mig, að hún skuli vera fram borin. Það er 15. brtt. á þskj. 204, um 6 þús. kr. styrk til þess að gefa út minningarrit um Eggert Ólafsson á tveggja alda afmæli hans. Mjer finst sjálfsagt, að Alþingi leggi lítinn skerf af mörkum til þess að heiðra minningu þessa merka manns, og vænti því, að hv. þdm. geti orðið sammála um það.

Um brtt. einstakra hv. þm. á þskj. 235 get jeg verið fáorður, enda mun jeg sýna það í atkvæðagreiðslunni, hverjum jeg fylgi og hverjum ekki. Þó er þar ein brtt., sú XXXI. í röðinni, frá hæstv. forseta (BSv), um 2500 kr. styrk til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem jeg vil mæla með. Mjer er kunnugt um, að margir bíða með óþreyju eftir því, að Jarðabókin komi út, en Fræðafjelagið ekki svo efnum búið, að það geti hraðað útgáfunni. Væri því vel, ef Alþingi sæi sjer fært að verða við þessari málaleitun fjelagsins, svo að þetta merka rit gæti komið út sem fyrst. Vona jeg því, að þessi brtt. nái fram að ganga.

Þá vil jeg vekja eftirtekt hv. fjvn. á því, að í 18. gr. eru taldar tvær ekkjur, sem dánar eru, og finst mjer það óviðkunnanlegt að sjá þær standa þar, því að ekki á víst að skilja það svo, að halda eigi áfram að greiða þeim eftirlaun eftir að þær eru dánar. En svo er t. d. um ekkjuna, sem stendur undir h. 1., að hún er dáin.

Annars vildi jeg í þessu sambandi beina athygli hv. fjvn. og hæstv. stjórnar að kjörum prestsekknanna. Það verður ekki annað sagt en að þau sjeu harla bágborin. Þær eru flestar með þetta 100 kr. eftirlaun og fáeinar með örlítið hærri upphæð. Að vísu hafa allmargar fengið nokkra uppbót og sumar framfærslustyrk með börnum sínum í ómegð. En oftast eru það ekkjur eftir þjóðkunna presta, sem verið hafa þingmenn eða skarað fram úr að einhverju leyti. Þó er þess ekki að dyljast, að einnig má sjá þær prestsekkjur, sem áttu tæplega meðalmenn, en hafa þó komist inn í fjárlög með allálitlega upphæð, vegna þess, að þær áttu þá menn að, er töluðu máli þeirra bæði við þing og stjórn. En svo eru aftur fjöldamargar og fjörgamlar prestsekkjur, sem aðeins hafa sínar 100 kr. á ári, eða liðlega það. Mjer finst rjett að vekja athygli á þessu. *(TrÞ:* Prestsekknasjóðurinn bætir þeim upp). Jú, en það verður altaf af handahófi, sem þeim styrk er úthlutað. Það stendur óhaggað, að flestar þessar gömlu og þreyttu ekkjur fá aðeins þessar 100 kr., og mjer finst ekki rjett að láta þær gjalda þess, að þær eiga engan að til að tala máli þeirra á hærri stöðum. Þess vegna leyfi jeg mjer að beina því til hv. fjvn., hvort hún sjái sjer ekki fært að bæta úr þessu og koma á betra samræmi um eftirlaun prestsekknanna, eða kannske hæstv. stjórn vilji taka það upp hjá sjálfri sjer. Hvort sem heldur verður, þá er jeg reiðubúinn að ljá því atkvæði mitt.

Að svo mæltu læt jeg máli mínu lokið og geri ekki ráð fyrir, að jeg þurfi að taka aftur til máls.

Sigurjón Jónsson: Það eru aðeins tvær brtt. á þskj. 235, sem jeg hefi leyft mjer

að bera fram að þessu sinni og verð að minnast á nokkrum orðum.

Fyrri brtt. er sú XXVII. í röðinni og er brtt. við brtt. hv. fjvn. á þskj. 195, og fer jeg fram á, að kvenfjelagið Ósk á Ísafirði fái til húsmæðraskóla síns 3 þús. kr.

Í stjfrv. var styrkur þessi upphaflega settur 1000 kr., en hv. fjvn. hefir orðið ásátt um að hækka hann upp í 2000 kr. Vitanlega er jeg þakklátur nefndinni fyrir þessa till. hennar, þótt jeg hins vegar játi, að það sje dálítið mót von minni, að hv. fjvn. hefir ekki sjeð sjer fært að fara jafnhátt og jeg hafði mælst til, eða upp í 3 þús. kr., eins og brtt. mín hljóðar um, en það er það minsta, sem hægt er að nefna, svo að fjelagið geti haldið uppi þessari húsmæðrakenslu sinni.

Fyrir hv. fjvn. lá umsókn fjelagsins um 5 þús. kr. styrk til þess að halda uppi húsmæðraskóla, og álítur fjelagið sig hafa fylstu þörf á svo háum styrk til þess að geta haldið uppi skólanum. Þess vegna voru tilmæli mín um 3 þús. kr. styrk miðuð við það allra minsta, sem hægt yrði að komast af með.

Kvenfjelagið Ósk hefir haldið þessum skóla uppi um nokkurra ára skeið og notið til þess dálítils styrks úr ríkissjóði. Þó varð skólinn að leggjast niður á verstu stríðsárunum, vegna fjárhagsörðugleika. Fjelagið hefir lagt á sig mikil fjegjöld og mikla fyrirhöfn, til þess að halda skólanum uppi, og sýnir í því mikinn áhuga og góðan skilning á þessu mikilsverða máli.

Hjer er um að ræða eina þá notadrýgstu fræðslu, sem ríkið styrkir: að gera ungar konur færari um að verða góðar húsmæður. Hjer er því ekki um neinn hjegóma að ræða eða tildurmentun; þessi skóli kostar kapps um að kenna nemendum sínum matartilbúning, hreinlæti, reglusemi og önnur þau fyrstu og aðalskilyrði þess, að þær geti orðið góðar húsmæður og geri heimili sitt að góðu heimili, bæði fyrir sjálfa húsráðendurna, vinnufólkið, en þó ekki síður fyrir þann æskulýð, sem þar á að alast upp.

Góð húsmóðir vinnur ekki eingöngu fyrir heimilið og sína nánustu, og hún vinnur ekki einungis fyrir sína samtíð. Framtíðin uppsker einnig ávextina af starfi góðrar húsmóður. Bæði sjálfrátt og ósjálfrátt mótast hver einstaklingur á margan hátt af heimilinu, sem hann er alinn upp á, en húsmóðirin setur á margan hátt mestan svipinn á heimilið.

Um þetta er óþarfi að fjölyrða. Hv. þdm. munu mjer sammála um það, hve mikils virði það er fyrir þjóðina að eiga sem flestar góðar húsmæðurnar, sem færar eru um að leysa sitt vandaverk vel af hendi. Þess vegna er svo langt frá, að því fje, sem gengur til slíks skóla, sje á glæ kastað. Jeg þykist ekki gera lítið úr ýmsri annari mentun æskulýðsins, þótt jeg segi, að betur sje því fje varið, sem gengur til góðs húsmæðraskóla, en til annarar mentunar æskulýðsins. Þá álít jeg og sjerstaka ástæðu fyrir okkur að gefa þessari húsmæðrafræðslu meiri gaum en alment hefir verið. En hún er sú, að svo mikið los er víða á heimilunum, að lítil tækifæri eru þar til þess að þroskast í ýmsu því, sem hverri einustu ungri húsmóður er nauðsynlegt að kunna. Ber ef til vill meira á þessu við sjávarsíðuna en til sveita, en fólksfæð á sveitaheimilunum mun einnig í þessu efni hafa sín áhrif.

Í þetta skifti hefir kvenfjelagið Ósk leigt sjer gott húsnæði og vandað í alla staði fyrir skóla sinn, og með heimavistum fyrir námsmeyjarnar. Forstöðukonan

hefir alment álit fyrir að vera mjög hæf til starfa síns, og vandað er til allrar kenslu þar. En til þess að skóli þessi geti orðið öllum almenningi að sem mestum notum, verða skólagjöldin að vera lág, og til þess er ríkissjóðsstyrkurinn nauðsynlegur. Og þó að brtt. mín fari fram á að hækka styrkinn um 1000 kr. frá því, sem hv. fjvn. leggur til, þá þarf enginn að efast um, að þeim peningum verði vel varið. Fel jeg svo rjettsýni hv. þdm. þessa litlu brtt. mína.

Þá kem jeg að hinni brtt., sem er sú XVI. í röðinni á sama þskj. Hún er nú gamall kunningi hjer í hv. deild — var hjer á ferðinni í fyrra — og hljóðar um 60 þús. kr. styrk til Ísafjarðarkaupstaðar, og er upphæð þessi miðuð við ¼ þess verðs, sem hafskipabryggja bæjarins hefir kostað.

Bryggja þessi var bygð á síðasta ári og fullgerð núna fyrir áramótin. Er hún vönduð í alla staði og bygð samkvæmt hafnarlögunum. Stjórnin hefir samþykt kaup bæjarins á Tangseignunum svo köllnðum, og eins og jeg skýrði frá í fyrra varð því ekki frestað að byrja á bryggjusmíðinni, því að ella varð bærinn að greiða 1000 kr. í sekt á mánuði, ef bryggjan var ekki fullgerð þann 1. jan. þ. á. Krabbe verkfræðingur hafði yfirumsjón með verkinu, svo að það ætti að vera nokkur trygging fyrir því, að það sje vel af hendi leyst.

Annars lít jeg svo á, að ekki sje nema tímaspursmál, hvenær Ísafjarðarkaupstaður fái þennan styrk, því að samkvæmt lögunum frá 1922 hlýtur hann að fá styrkinn fyr eða síðar. Jeg drep á þetta vegna þess, að bærinn verður að greiða ríkissjóði hallærislán frá stríðsárunum, er meira nemur en þetta. Þegar þessa er sjerstaklega gætt, þá ætti á sama að standa fyrir ríkissjóð, hvort hann greiddi styrkinn nú eða síðar, en skemtilegra fyrir Ísafjarðarkaupstað að fá hann sem fyrst, svo að hann geti grynt á skuldum sínum. Annars væri einfaldast, ef styrkur þessi yrði samþyktur, að setja inn tekjumegin samsvarandi upphæð, sem þá dregst frá skuld bæjarins við ríkissjóð.

En um þetta þykist jeg ekki þurfa að orðlengja frekar, og læt því máli mínu lokið í bráð.

Pjetur Þórðarson: Jeg á tvær brtt. við þennan kafla fjárlaganna, sem jeg leyfi mjer að fylgja úr hlaði með nokkrum orðum. Báðar eru brtt. þessar á þskj. 235, sú fyrri undir rómverskum XXXIX, um 1500 kr. styrk til þess að gera tvo fossa í Norðurá í Mýrasýslu laxgenga, og er upphæðin miðuð við helming kostnaðar. Jeg skal geta þess strax, að mjer barst fyrir nokkru brjef frá mönnum þar efra um styrk frá Alþingi í þessu skyni, en þá var störfum hv. fjvn. svo langt komið fyrir þessa umr., að þar varð engu um þokað, svo þess vegna ber jeg þetta sjálfur fram. Það er vaknaður áhugi mikill meðal hreppsbúa um að gera fossa þessa laxgenga, og heita þeir nú á liðsinni þingsins um aðstoð við tilraun þessa. Það mun talið áreiðanlegt, að lax gangi ekki upp fyrir Glanna, en eitthvað slæðist upp neðra fossinn, þótt í smáum stíl sje. Hreppsfjelagið vill þó talsvert á sig leggja um tilraun þessa, en byggir styrkbeiðni sína á því fordæmi, er gerðist hjer á þingi 1923, þegar Borgfirðingar fengu styrk til þess að gera fossa í Laxá laxgenga.

Jeg býst við, að hjer sje um merkilega tilraun að ræða og að með þessu verði

löxunum kent að finna nýja og ábyggilega trygga hrygningarstaði, sem nóg kvað vera af víðsvegar í Norðurá, þegar upp fyrir fossana kemur. Hins vegar er hjer um svo litla upphæð að ræða fyrir ríkissjóð, og getur hún þó komið í góðar þarfir.

Eftir að jeg hafði samið þessa brtt. komst jeg að því, að styrkurinn til Borgfirðinga um að gera Laxá laxgenga var miðaður við ⅔ kostnaðar, en hjer er farið fram á helming upphæðar. Ætla jeg því samræmis vegna að taka till. þessa aftur til 3. umr., svo að jeg geti breytt henni.

Þá er hin brtt., og hún er sú næstsíðasta í röðinni (XLVII). Guðmundur Björnsson sýslumaður hefir beðið um hagstæðari skilyrði eða kjör á láni því, er hann tók í viðlagasjóði, þegar hann reisti sýslumannshúsið í Borgarnesi árið 1921. Það er alkunnugt, að vaxtakjörin hafa verið erfið á þessum árum og reynst honum afskaplega þung, svo að hann treystir sjer ekki að rísa undir þeim næstu ár, auk þess sem þau hafa haft óheillavænleg áhrif á fjárreiður hans að öðru leyti. Þessi maður hefir síðan hann tók við sýslunni verið pólitískur andstæðingur minn, svo það er ekki af neinum stjórnmálavinaböndum, að jeg ber þessa brtt. fram, enda fyrirgef jeg honum það, en það er vegna hinna mörgu mannvænlegu barna hans, sem jeg vil reyna að rjetta honum hjálparhönd. Börn hans eru mjög efnileg og komin á þann aldur, að þau þurfa að fara að heiman til að mentast, en eins og fjárhag sýslumanns er komið, tel jeg vafasamt, að hann geti klofið þann kostnað. Hjer gefst Alþingi því tækifæri til að liðka svo um fyrir efnalitlum föður, að hann sjái efnilegum börnum sínum fyrir góðri mentun, er síðar í framtíðinni geta orðið landi og þjóð að miklu gagni.

Jeg vænti þess því, þar sem þetta hvorttveggja fer saman, að till. mín kemur lítið við fjárhag ríkissjóðs í nánustu framtíð, en er hins vegar mikils verð fyrir efnalega afkomu þessa manns og framtíð barna hans, að hv. deild taki vel í þetta mál.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir að vísu borið fram till., er gengur í sömu átt og mín, en setur þó nokkuð önnur skilyrði og ekki eins hagstæð. Jeg vona, að það verði ekki minni till. að fótakefli, þótt önnur slík till. sje fram komin.

Annars mun jeg ekki fjölyrða meira um þetta mál. Það er ekki vandi minn að tefja tíma þingsins með málalengingum. Þótt jeg hafi mínar ákveðnu skoðanir á ýmsu, er hjer er um rætt, og sumt sje svo vaxið, að ástæða sje til að tala um það, mun jeg þó ekki tefja fyrir því, að þessum umræðum verði lokið í dag.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þó að nú sje tæplega fundarfært, mun jeg víkja nokkuð að ýmsum brtt. hv. fjvn. og lýsa skoðun minni á þeim.

Um styrkhækkunina til Búnaðarfjelags Íslands þarf jeg ekki að ræða, því að jeg hefi áður sagt álit mitt um hana í hv. fjvn.

Kem jeg þá að Skeiðaáveitunni. Jeg get fullkomlega fallist á þá till. fjvn. að veita til áveitunnar ¼ kostnaðar við flóðgarðahleðslu, og veit jeg, að þetta er með öllu nauðsynlegt. Eins get jeg fallist á það skilyrði nefndarinnar, að lagi verði komið á fjárreiður fyrirtækisins. En ef til þess er ætlast, að bændur geri það

sjálfir styrklaust, þá er víst, að þeim er það með öllu ofvaxið.

Þetta mál var til umræðu hjer í fyrra og var þá Landsbankanum veitt heimild til að gefa eftir tveggja ára vexti og afborganir af lánum áveitunnar. Bankinn hefir þó ekki viljað nota sjer þessa heimild, og má það þó furðulegt heita, þar sem hann hefir notað sjer aðrar slíkar heimildir, t. d. um eftirlaun. Það er ekki nokkur meining í því að láta vexti hlaðast á þessi lán ár eftir ár. Dráttarvextir á veðdeildarlánum eru 1% á mánuði, svo það verða alls 12% á ári, sem bætist á vextina og afborganirnar. Nú er því einu sinni svo varið, að landið á bankann, en ekki stjórn hans. Úr því að bankinn hefir ekki viljað nota sjer þessa heimild, þá vil jeg blátt áfram láta skylda hann til þess.

Jeg skil satt að segja ekki í því, hvernig bankinn getur verið þektur fyrir annað en að hlaupa hjer undir bagga. Lán þetta var óvanalega óhagstætt vegna affalla á bankavaxtabrjefunum. Þetta er í fyrsta skifti, sem mjer er kunnugt um, að stórt landbúnaðarfyrirtæki hefir þurft hjálpar við, og þá lætur bankinn sjer sæma að neita að framkvæma heimild til þess, sem Alþingi hefir veitt honum. Það eru til fleiri dæmi um það, að bankinn er ófús á að styðja landbúnaðinn, en það er eins og enginn þori að segja það.

Það er hverju orði sannara, að koma þarf skipulagi á fjárreiður áveitunnar. En bændur geta það ekki sjálfir. Ef ekki getur tekist samvinna milli þeirra og bankans um það, er alt unnið fyrir gýg. Mjer er ekki kunnugt um, hvað gert hefir verið í þessu efni í haust þar eystra, en heyrt hefi jeg, að engu hafi verið jafnað þar niður í þessu skyni. Vitanlega er það ekki rjett aðferð, en þó finst mjer, að bændum sje nokkur vorkunn, er þeir reka sig á framkomu bankans í þessu máli. Jeg ætlast alls ekki til, að hið opinbera geri hjer alt til að bjarga fyrirtækinu, en það þarf að koma því á rjettan kjöl og láta bændurna síðan borga sinn hluta. Heppileg hjálp væri sennilega að veita áveitubændum lán úr bjargráðasjóði til þess að auka bú sín, því að þess mun þeim mest þörf til þess að geta notfært sjer áveituna að fullu. Jeg tel og rjett, að ríkissjóður taki að sjer að greiða nokkurn hluta af lánunum, en þá með árlegum framlögum einhvers hluta af afborgunum og vöxtum. En Landsbankanum vil jeg þó alls ekki sleppa við að nota heimildina til eftirgjafar, sem samþykt var hjer í fyrra. Það var aðeins kurteisi þingsins gagnvart bankanum að hafa heimildarformið, en fyrst bankinn metur einskis þá kurteisi, verður hann nú að fá skipun.

Um styrkinn til Fiskifjelags Íslands skal jeg lítið segja, nema jeg tel sjálfsagt, að nefndin hefir hækkað hann hlutfallslega við styrkinn til Búnaðarfjelagsins.

Næst koma 15 þús. kr. til bryggjugerðar. Umsóknir námu 30 þús. kr. Nefndin hefir með öllu leitt hjá sjer að gera tillögur um, hvaða beiðnir skulu verða teknar til greina. Skilst mjer, að hún leggi það á vald stjórnarinnar. Vitanlega er erfitt að úthluta þessari fjárhæð, og getur jafnan orkað tvímælis, hvernig tekist hafi, og því hefði jeg kosið, að nefndin hefði hjer gefið einhverjar bendinga.

Þá kem jeg að styrknum til Þórðar Flóventssonar. Hv. frsm. (TrÞ) sagði, að hann væri ekki vísindamaður. Þetta held jeg að sje tæplega rjett. Ef hann getur komið laxa- og silungaseiðum til að lifna, þá er hann vissulega vísindamaður í þeirri grein. Annar maður, sem notið hefir

hærri styrks en hann og starfað að hinu sama, hefir síst meiru komið áleiðis, þótt lærður sje í þessum hlutum. Þessi gamli maður, Þórður Flóventsson, hefir vakið dæmalausan áhuga fyrir klakinu um land alt, og einmitt nú eru miljónir laxa og silungahrogna að lifna í klakhúsum hingað og þangað um land, sem hann hefir leiðbeint um, en hjá hinum manninum er miklu minni árangur. Jeg styð því þennan styrk fastlega, og það þótt hann hefði numið 2000 kr.

Jeg vildi þá segja nokkur orð um till. nefndarinnar við 17. gr., þar sem hún leggur til, að sjera Hauki Gíslasyni verði veittur styrkur til guðsþjónustu á íslensku af fje því, sem í 5. lið 17. gr. er veitt til bágstaddra Íslendinga erlendis. Jeg get ekki sjeð, hvaða samband er milli þessa og annara fjárveitinga í þessari gr. Þetta fjelag, sem sjera Haukur er prestur hjá, mun vera kristilegt fjelag, einkum til að halda uppi guðsþjónustum. (*TrÞ*: Það gerir fleira). Þessi upphæð, 1000 kr., sem ætluð er til nauðstaddra landa, er líka svo lítil, að hún er ekki til tvískiftanna. Hún hefir venjulega verið veitt veikum sjómönnum, 50—100 kr. hverjum, oftast til að komast hingað heim, en til þess mun þetta fjelag ekki hjálpa. Auk þess tel jeg vafasamt, að þessi prestur prjediki á íslensku máli.

Pjetur Ottesen: Jeg á hjer við þennan kafla fjárlaganna ásamt hv. þm. Str. (TrÞ) eina brtt. á þskj. 235, 43. lið, við 17. gr. 8, um að styrkurinn til Goodtemplararreglunnar verði hækkaður um 2000 krónur.

Fyrir þinginu liggur rökstudd umsókn frá Stórstúku Íslands, þar sem farið er fram á nokkru hærri styrk en gert er hjer í þessari brtt. Við flm. höfum farið hjer milliveg.

Bindindisstarfsemin er, eins og kunnugt er, rekin hjer af miklum áhuga og dugnaði, og er alt það starf unnið af sjerstakri ósjerplægni og innilegri umhyggju fyrir velferð almennings.

Eftir því, sem frá er skýrt í erindi stórstúkunnar, hafa á árinu sem leið verið stofnuð 8 bindindisfjelög og 4 barnastúkur, og á því sama ári sendi stórstúkan Indriða Einarsson á bindindismannaþing í Osló, og um líkt leyti mætti Einar H. Kvaran á alþjóðafundi, er alheimsfjelagið gegn áfengisbölinu hjelt í Kaupmannahöfn.

Starfsemi fjelagsins innanlands og þátttaka þess í slíkum alþjóðafundum kostar vitanlega mikið fje, og það svo mikið, að þrátt fyrir stóraukin fjárframlög frá bindindisfjelögunum og styrk þann, er fjelagið hefir fengið úr ríkissjóði, hrekkur það hvergi nærri til.

Við flm. treystum því, að hv. deild sýni þessu góða málefni þann velvildarhug að samþykkja þessa hækkun á styrknum. Mun jeg því láta þetta nægja.

Eins og nál. fjárveitinganefndar ber með sjer og hv. frsm. (TrÞ) hefir árjettað, hafa Borgfirðingar farið þess á leit að fá greidda tvo fimtu af stofnkostnaði við Hvítárbakkaskólann, í samræmi við stefnu þá, sem tekin var upp á síðasta þingi í styrkveitingu til alþýðuskólans í Þingeyjarsýslu, og gat jeg þess þá í umræðunum um það mál, að sú stefna, sem væri mörkuð með því, hlyti að hafa það í för með sjer, að þeir skólar, sem þegar væru komnir á laggirnar, krefðust hins sama. Það er heldur ekki nema sanngjarnt, að þau hjeruð, sem hafa brotið ísinn í þessu efni án þess að fá nokkurn bygg-

ingarstyrk og haldið skólunum uppi þessi erfiðu ár með miklum kostnaði, njóti hjer fullkomins jafnrjettis.

Að vísu hefir Alþingi veitt skólanum nokkurn rekstrarstyrk undanfarið, eins og öðrum alþýðuskólum, en þrátt fyrir það hafa þeir, sem að skólanum standa, orðið að láta mikið af mörkum, því að leggja mismuninn á nemendurna í hækkuðum skólagjöldum hefði auðvitað verið sama og að loka skólanum.

Á þessu byggist það, að Borgfirðingar fara fram á að fá þennan hlutfallslega styrk við nýju skólana, sem myndi nema 36 þús. kr. En ef Alþingi sjer sjer ekki fært að verða við þessari kröfu þeirra nú að þessu sinni, fara þeir fram á til vara, að þeim sje gefið eftir viðlagasjóðslán, að upphæð 18666 kr. Um þetta segja þeir svo í umsókn sinni:

„Ef Alþingi, gegn von vorri, sæi sjer ekki fært að veita stofnstyrk þennan í fjárlögunum fyrir 1926, viljum vjer sem varaumsókn fara þess á leit, að það gefi skólanum á Hvítárbakka eftir þær kr. 18666,66, er hann skuldar viðlagasjóði. Því með þeim skuldum, er á honum hvíla, — ca. 60 þús. kr. fyrir utan hlutafje — og litlum tekjum, er honum á engan hátt unt að standa í skilum með allar afborganir og vexti. Kæmi þessi eftirgjöf á láninu upp í væntanlegan stofnstyrk, sem Alþingi veitti skólanum á sínum tíma".

Meiri hluti fjárveitinganefndar gat ekki fallist á að verða við aðaltillögu þeirra um 36 þús. kr. stofnstyrk, en hinsvegar leggur nefndin eindregið til, að skólanum skuli veitt eftirgjöf á láni þessu. Er honum mikill styrkur að því, og ætti þá að vera trygt, að hann geti haldið áfram að starfa, enda munu hjeraðsbúar halda áfram að leggja alla rækt við skólann og sýna sömu ósjerplægni og áhuga fyrir honum og að undanförnu, og starfsemi skólans þar með trygð, svo framarlega sem ekki verður dregið úr þeim styrk, sem ríkið leggur til hjeraðsskólanna. Þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta. Jeg vildi aðeins láta í ljós þá skoðun mína, sem jeg hefi áður gert grein fyrir í sambandi við Þingeyjarsýsluskólann, að þeir skólar, sem þegar hafa verið settir á stofn, eigi fylstu sanngirniskröfu á hlutfallslega jafnmiklum styrk, og geng jeg út frá því sem sjálfsögðum hlut, að Hvítárbakkaskólinn fái síðar fulla rjetting mála sinna og verði ekki settur skör lægra hvað þetta snertir en Þingeyjarsýsluskólinn og þeir alþýðuskólar, er reistir kunna að verða hjer eftir.

Það eru ennþá eitt eða tvö atriði, sem jeg hefði gjarnan viljað minnast á, en þar sem jeg veit, að aðrir muni gera það, þá sleppi jeg því að þessu sinni.

Jón Kjartansson: Jeg á eina brtt. á þskj. 235, um heimild til viðlagasjóðsláns handa Síðuhjeraði, alt að 6000 kr. Eins og hv. þdm. eflaust muna, þá hefi jeg tvisvar sinnum sótt um viðbótarstyrk fyrir þetta hjerað, sem hefir komið sjer upp sjúkraskýli, en í hvorugt skiftið fengið því framgengt. Ástæðan fyrir þessum umsóknum var sú, að byggingarkostnaðurinn fór langt fram úr áætlun. Reyndist kostnaðurinn að verða yfir 39 þús. kr., en hjeraðið fjekk einungis 10 þús. kr. styrk úr ríkissjóði. Af þessum ástæðum hvíla nú á hjeraðinu dýr og óhagstæð lán, sem hjeraðinu væri mikils virði að geta komið öðruvísi fyrir. En nú hefir Alþingi ekki getað fallist á að veita umbeðinn viðbótarstyrk, ekki síst sökum þess, að því er hv. frsm. fjvn. (ÞórJ)

sagði, að með því móti væri gefið ilt fordæmi, sem mörg önnur hjeruð mundu fylgja eftir.

Jeg hefi raunar áður bent á, að þessu sje alls ekki svo varið, hjer skapist ekkert ilt fordæmi, því að hjer standi svo sjerstaklega á. En til þess nú alveg að sneiða framhjá þessu illa fordæmi, hefi jeg hjer farið fram á lán úr viðlagasjóði, ef heimild til þess fengist. Gæti það hjálpað hjeraðinu til að losna við óhagkvæmar og erfiðar víxilskuldir. Hins vegar veit jeg, að hjeraðsbúar myndu kosta kapps um að greiða lánið aftur og ekki fara fram á neina eftirgjöf á því, sem nú virðist vera farið að tíðkast. Vona jeg, að hv. deild muni ljúft að greiða götu þessa hjeraðs með þessu móti.

Hákon Kristófersson: Jeg á eina brtt. á þskj. 235, 23. lið, um styrk til að koma upp heimavist við barnaskólann í Króksfjarðarnesi, sem svari einum þriðja kostnaðar, eða alt að 3000 kr. Hefi jeg flutt þessa brtt. samkvæmt till. og tilmælum fræðslumálastjóra, sem hlutaðeigendur höfðu beðið um að taka málið að sjer gagnvart hæstv. stjórn og fjvn. En nú hefir hv. fjvn. ekki sjeð sjer fært að sinna málinu, og því er það nú komið í mínar hendur.

Samkv. kostnaðaráætlun, sem fræðslumálastjóri hefir látið gera, kostar væntanleg bygging ca. 9000 kr. Er það því í samræmi við aðrar viðlíka styrkveitingar hins háa Alþingis að undanförnu, að hjer er farið fram á einn þriðja kostnaðar, eða alt að 3000 kr. Verði því kostnaðurinn minni en áætlað er, — en það má gera ráð fyrir að svo verði, þar sem áætlunin er miðuð við verðlag í Reykjavík, — þá minkar ríkissjóðsstyrkurinn auðvitað hlutfallslega. Skólahús er þarna á staðnum, en kenslu hefir orðið að fella niður sökum skorts á heimavist, að því er fræðslumálastjóri skrifar í brjefi dagsettu 6. þ. m. Verður óhjákvæmilegt, að heimavist verði bygð þarna, því að ef börnin eiga að ganga að heiman frá sjer í skólann, þá er það þriggja tíma vegur frá sumum bæjunum, og geta allir sjeð, að ekki verður ætlast til, að börnin fari þá leið daglega. Hinsvegar er erfiðleikum bundið að koma þeim fyrir á nærliggjandi bæjum. Segir fræðslumálastjóri líka svo í þessu brjefi, sem jeg hefi við hendina, að ekki sje fyrirsjáanlegt, að kensla verði tekin upp þarna aftur nema heimavist komist upp.

Annars finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar; er enda efni till. þannig vaxið, að hv. þm. geta auðveldlega glöggvað sig á því sjálfir, og eins mun þeim ljúft að sjá, hve hjer er í hóf stilt um kröfurnar. — Þess skal getið, að hjerað þetta hefir áður fengið 600 kr. styrk úr ríkissjóði til skólahalds.

Jeg vil ekki verða til að tefja fyrir því, að þessari umr. fjárlagafrv. geti orðið lokið á þessum degi, og fer jeg því ekki neitt út í aðrar brtt. En mjer þykir ilt, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) skuli ekki vera hjer staddur. Jeg skildi ummæli hans við umr. um fyrri kafla fjárlagafrv. svo, að mjer væri best að koma ekki fram með brtt. Hafði jeg haldið, að það væri ekki siður að setja þm. takmörk um það. Jeg myndi ekki ámæla hv. þm. (ÁÁ), þó að hann greiddi atkv. móti minni brtt. Verður það að velta á sannfæringu hvers eins, hvernig þeir bregðast við í hverju máli. Og yfirleitt er það engin sönnun fyrir ágæti eða ómöguleik mála, hvort þau ná að ganga fram eða ekki.

Hvað snertir útreikning hv. þm. (ÁÁ) á því, hvað ræður mínar kostuðu ríkið,

þá vil jeg ekki fara neitt út í það. Mun líkt farið þar um okkur báða, að hvor hefir sína skoðun á hinum í því efni.

Halldór Stefánsson: Jeg ætlaði að mæla fá orð til skýringar brtt. XXII á þskj. 235, um styrk til húsabóta á prestssetrum. Þetta mál er kunnugt frá í fyrra, því að á þinginu þá komum við með samskonar till., sem við raunar tókum aftur, ekki vegna þess, að við værum ekki sannfærðir um rjettmæti hennar, heldur sökum þeirra sparnaðarþanka, sem þá áttu sjer svo djúpar rætur í hugum hv. þm., en við vildum ekki eiga á hættu, að jafnrjettmæt till. yrði feld.

Í stjfrv. er gert ráð fyrir, að veittar verði til húsabóta á prestssetrum alls 10 þús. kr. Hv. fjvn. hefir fært upphæðina upp í 20 þús. kr., og að lokum viljum við, að upphæðin sje áætluð 29 þús. kr., svo að hægt verði að fullnægja þeirri sanngirniskröfu, sem presturinn á Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu fer fram á. Hefir ítarleg greinargerð legið fyrir þinginu um þetta mál, og hafa hv. þm. átt kost á að kynna sjer hana. Er hjer líkt á komið og um prestinn á Mosfelli, og þar sem hv. fjvn. hefir tekið beiðni hans til greina, þá er sjálfsagt, að það sje líka gert hjer. Biskup hefir einnig látið uppi álit sitt um málið; hefir hann alveg fallist á ástæðurnar, sem fyrir till. liggja, og leggur hann til, að helmingur fjárins komi til útborgunar í fjárl. þessum og helmingurinn síðar.

Úr því að jeg á annað borð stóð upp, þá langar mig til þess að fara fáum orðum um nokkrar aðrar brtt. — Kem jeg fyrst að þeirri, sem jeg flyt ásamt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. samþm. mínum (ÁJ) á þskj. 235, undir lið XXV. Förum við fram á, að veitt verði til viðbótarbyggingar Eiðaskólans 60 þús. kr. Get jeg vísað til þess, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um þessa till. og vil aðeins undirstrika þau orð hans, að það sje bæði lagaleg og siðferðileg skylda fyrir ríkið að veita þetta fje. Skal jeg því til sönnunar vísa til laganna frá 1917 um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignarinnar. Sjálft heiti laganna ber það með sjer, að hjer er um samning að ræða. Og texti þeirra sýnir það ennþá ljósar. Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp nokkur orð úr 1. og 7. gr. laganna. Í 1. gr. síðustu málsgr. segir svo, eftir að búið er að ákveða, að Múlasýslur leggi niður búnaðarskólann og afhendi landinu hann:

„Skilyrði fyrir afhendingunni er, að landssjóður starfræki framvegis á Eiðum .... vel útbúinn æðri alþýðuskóla, er samsvari kröfum tímans".

Og í 7. gr. segir: „Þó skal landsstjórninni heimilt, meðan heimsstyrjöldin stendur, að reka skólann á þann hátt, sem hentast þykir .."

Afhendingin hefir farið fram, en frestur inn til að fullnægja skilyrðinu fyrir henni, að ríkið reisi þar skóla, sem fullnægi kröfum tímans, er liðinn. Og af skjölum, sem fyrir liggja, er auðvelt að sjá, að skólinn hefir, ennþá sem komið er, ekki skilyrði til að vera rekinn eins og lögin mæla fyrir og ætlast var til. Fresturinn var veittur vegna hins örðuga og óvissa ástands stríðsáranna, en nú eru forsendurnar fyrir honum fallnar burt og aðstandendur skólans hafa sagt frestinum upp, svo sem sjá má af fjölmennum áskorunum úr viðkomandi hjeruðum til þingsins. Það hafa margir talað um þörfina á því að borga upp lausar skuldir ríkissjóðs, en hjer er um samningsbundna skuld að ræða, *sem fallin er í gjalddaga*, og mun

enginn telja nema sjálfsagt, að greiðslur á slíkum skuldum verði látnar ganga fyrir.

Þá vil jeg víkja að einu atriði í álitsskjali hv. fjvn., þar sem hún talar um styrk handa Ríkarði Jónssyni til að *„endurreisa* og útbreiða þjóðlegan stíl í öllum listiðnaði.“ Jeg þykist vita, að þessi listamaður sje vel til starfsins fallinn, en vil, út af þessum ummælum, aðeins spyrja, hvort þau eigi að skiljast sem dómur á starfi Stefáns heitins Eiríkssonar, sem lengst hefir haldið uppi kenslu í þessari iðn hjer, hvort nefndin með þessum ummælum vill gefa í skyn, að starf Stefáns hafi ekki hnigið í þessa átt eða náð tilgangi sínum. Nefndin getur ekki um það, að fyrir lá beiðni frá dóttur Stefáns um styrk í þessu sama skyni. En það er kunnugt, að hún hjelt uppi skóla föður síns síðustu árin, sem hann lifði, vegna vanheilsu hans, og hefi jeg ekki heyrt annað en vel væri af því látið. — Mjer finst því, að úr því hv. fjvn. taldi sjer ekki fært að láta hana halda styrknum, þá hafi kenslan eins vel mátt falla niður um hríð. — Lærisveinar Stefáns heitins eru víðsvegar um landið og breiða út frá sjer áhuga og þekkingu á þessari list, og munu þeir allir starfa í sama anda og í skólanum rjeði. Þörfin getur því ekki talist svo brýn, að ekki hefði mátt verða hlje á kenslunni um sinn, svo sem ástæður eru nú til.

Þá kem jeg að styrknum til Hannesar Þorsteinssonar yfirskjalavarðar. Í nál. eru engar upplýsingar um ástæðuna fyrir því, að styrkurinn er hækkaður, og vísaði hv. frsm. (TrÞ) þó til nál., er hann mintist á þetta. Styrkur þessi var í fyrra lækkaður nokkuð, sökum þess að viðkomandi maður tók þá að sjer umfangsmikla stöðu, sem hlýtur að taka upp starfstíma hans meira en áður var. Var búist við, að það myndi taka svo mikið af starfstíma hans, að styrkurinn nægði fyrir þann starfstíma, sem hann hefði afgangs. Í stjfrv. er gert ráð fyrir að hækka styrkinn í 1500 kr., en fjvn. leggur til að hækka hann upp í 2 þús. Mjer er ekki fullljóst, hverjar ástæður eru fyrir þessari miklu hækkun, síst fyrir till. nefndarinnar, að hækka styrkinn úr því, sem stjórnin lagði til, og þá sennilega eftir einhverju samkomulagi við viðkomanda sjálfan. Annars virðist það svo, að þeir menn, sem eitthvað þykjast hafa til brunns að bera, þeim sje það helst í hug að hafa sem mest fje upp úr því, sem þeir gætu lagt fram til þjóðnytja. Þeir vinna ekki af áhuga fyrir þjóðheill eða fyrir sína áhugafræðigrein, heldur vinna þeir sem einskonar aktaskrifarar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á hjer tvær brtt. á þskj. 235. Fyrri till. er um það, að ríkissjóður leggi fram ⅕ kostnaðar við að byggja sundlaug í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Hv. þdm. er máske ekki kunnugt um allar ástæður fyrir þessari málaleitun, og skal jeg því skýra frá þeim í nokkrum orðum.

Um 1890 tóku sig saman nokkrir dugnaðarmenn við Djúpið og hófust handa að byggja sundlaug og halda uppi sundkenslu. Sýslunefnd lagði fram 100 kr. á ári hverju, og var kenslunni haldið áfram 9—11 ár. Síðan fjell kenslan niður. Nú fyrir 10 árum var aftur byrjað á sundkenslu, einkum fyrir forgöngu ungmennafjelags þar vestra. Sýslan og einnig bæjarsjóður Ísafjarðar hafa altaf styrkt þessa nytsömu kenslu, því það er álit manna, að hennar sje sjerstök þörf þarna í Ísafjarðarsýslu, að því sleptu, að það er stórkostlegt heilbrigðisatriði, að ungir menn læri sund. Ástæðan til þessa er

sú, að við Ísafjarðardjúp lifir mikill fjöldi manna af smábátaútgerð. Og það hefir oft komið fyrir, og það mun koma fyrir, að menn geta firt sig líftjóni við það að vera syndir.

Nú hefir þessi sundlaug eyðilagst talsvert mikið og er að verða ónothæf. En það er ekki álitið fært að byggja sundlaug á sama stað, heldur á öðrum stað á Reykjanesinu. Þar er nóg af heitu laugarvatni og aðstaða hin besta að öllu leyti. Plássið er mjög þrifalegt og út af fyrir sig, svo að sundnemendur geta haft mikið frjálsræði og það er vel fallið til útileika.

Fyrir forgöngu þessa sama fjelags í Nauteyrarhreppi var byrjað fyrir 3 árum að safna nokkru fje í því skyni að byggja nýja sundlaug. Og á nýafstöðnum sameinuðum fundi bæjarstjórnar og sýslunefnda var ákveðið, að sýslusjóður og bæjarsjóður legðu fram 1500 kr. hvor, alls 3000 kr. Ennfremur hefir Fiskifjelagið lofað 1200 kr. styrk. En áætlað er, að sundlaugin kosti alt að 10 þús. kr. Þar að auki þarf auðvitað að byggja hús; það hús, sem til er, er bæði lítið og gamalt; þó er ráðgert að færa það til og nota meðfram, en eitt út af fyrir sig verður það algerlega ófullnægjandi. Náttúrlega verður það einfalt og þarf ekki að vera í það borið og ekki sjerstaklega hlýtt, því að sundið er kent eingöngu að sumarlagi. Þeir búast við að ná fje til þessa með almennum samskotum. Fyrirtækið mun kosta alls yfir, að húsinu meðtöldu, um 14 þús. kr.; en það er ekki ætlast til, að ríkissjóður styrki að neinu leyti húsbygginguna, aðeins sundlaugarbygginguna, ásamt sundskála.

Jeg vænti þess, að jeg þurfi ekki að mæla sjerstaklega með þessari fjárveitingu, því að jeg hygg, að hv. þdm. sjeu á einu máli um það, að það er bráðnauðsynlegt að halda uppi sundnámi, og þá ekki síst á slíkum stöðum eins og við Ísafjarðardjúp. Að áhugi er að eflast fyrir þessu nauðsynjamáli, það sýnir frv., sem hjer er á ferð og mun líklega fá góðar undirtektir hjer í hv. deild, um það að skylda unglinga til sundnáms þar, sem sundkenslu er haldið uppi af hálfu þess opinbera.

Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj. Brimbrjótsmálið er sannkallað vandræðamál, sjerstaklega fyrir Hólshrepp, en líka ríkissjóðinn. Tugum þúsunda hefir verið varið til brimbrjóts í Bolungarvík. Gagnsemi þessa verks hefir orðið miður en skyldi, en það er enginn efi á því, að það er ekki hreppsbúum að kenna, heldur er það að kenna þeim, sem höfðu umsjón og framkvæmd verksins á hendi fyrir landsstjórnar og ríkissjóðs hönd.

Árið 1921 var veitt fje til að lengja brimbrjótinn um 15 metra. Hreppsnefndin og þeir menn, sem vanir voru vinnu við brimbrjóta, áætluðu kostnaðinn 30 þús. kr. Hreppsnefndin fór fram á, að hreppurinn fengi ⅓ kostnaðar greiddan úr ríkissjóði, eða 10 þús. kr., en að hún að öðru leyti rjeði framkvæmd verksins. Það var auðvitað, að Alþingi gat ekki látið peninga til þessa, nema því aðeins, að það vissi fyrir víst, að verkið yrði tryggilega unnið að öllu leyti. En stjórninni fanst ekki, fyrir hönd þingsins, nægileg trygging vera fyrir því að svo yrði, ef hreppsnefnd hefði alla umsjón, eða látandi væri landsfje í hendur þessara manna, heldur þyrfti að hafa sjerstakan mann til þess að hafa umsjón með þessum hafnarbótum, eins og á sjer stað um fyrirtæki, sem hið opinbera kostar að ein-

hverju leyti. Þetta var gert. Áætlun verkfræðings varð 38 þús. kr. Nú hafði hreppsnefndin búist við að komast af með að leggja fram 20 þús. kr. En hún ljet þó ekki þar við stranda, þó að verkið yrði þetta dýrara; enda hafði hreppurinn trygt sjer lán, um 28 þús. kr. En þegar verkinu er lokið, þá kostar það ekki 38 þús. kr., heldur kostar það 58 þús. Framlag hreppsins varð því ca. 40 þús. kr., eða 15 þús. kr. meira en áætlað var af hinum fagfróða umsjónarmanni stjórnarinnar. Það hefði ekki verið neitt um þetta að segja, jafnvel þótt hreppurinn borgaði 15 þús. kr. meira en hann bjóst við, ef verkið hefði verið tryggilega unnið. En því fór fjarri. Verkið var þannig unnið, að tveimur dögum eftir að það var afhent hreppsnefndinni urðu stórskemdir á brimbrjótnum, og það í litlu brimi, í ágústmánuði. Og síðan hafa oft orðið meiri og minni skemdir, ef stórbrim hafa komið. Var reynt að gera við brimbrjótinn 1922, eftir því sem hægt var; en það var ómögulegt að gera við hann svo ábyggilegt væri, vegna hins illa frágangs í upphafi. Það var steyptur kassi fyrir framan brimbrjótinn; en í staðinn fyrir að hafa hann með halla, eftir því sem botnlagið var, þá var hann steyptur lárjettur og borin möl undir, til þess að taka hallann af botninum. En mölin grófst undan, og þá seig kassinn og haggaðist, svo að nú er bilið milli hans og aðalgarðsins um 9—10 þumlungar. Á síðastliðnu hausti og í vetur, seinast í síðastliðnum mánuði, hafa skemdirnar orðið enn meiri, því að við það, að sjórinn hefir komist í þessa sprungu, sem hefir orðið á veggnum, hefir hann náð betri tökum og tekið alla steypuna ofan af garðinum á ca. 15 m. svæði. Á einum stað er komið stórt skarð.

Jeg ætla ekki að segja þessa raunasögu hreppsins lengri, því að hún er mönnum að mestu kunn frá fyrri þingum. En ástæðurnar eru þær, að hreppurinn er búinn að leggja fram, með því, sem lendingarsjóður og einstakir menn hafa lagt til fyrirtækisins, um 100 þús. kr. og skuldar nú nær 60 þús. kr., auk annara skulda, sem hann lenti í eins og sum önnur sjóþorp á stríðstímanum, við að afla eldsneytis o. fl. Hólshreppur var í fjelagi við Ísafjarðarkaupstað um það að vinna surtarbrand, sem varð ákaflega kostnaðarsamt. Höfðu þessi hreppsfjelög fulla von um að fá hallann bættan úr ríkissjóði, en það brást. Hreppnum er nú algerlega um megn að gera við skemdirnar á brimbrjótnum, nema því aðeins, að ljett sje af honum einhverju af skuldum. Síðustu ár hafa verið aflaleysisár. Má þó undanskilja eina vorvertíð. Og í vetur er aflalaust á Vestfjörðum. Hreppsnefndin hefir farið fram á, að eftirgjöf fengist af viðlagasjóðsláninu frá 1914, sem er að upphæð um 16 þús. kr. Og gegn því, að hreppurinn losni við þessa skuld, þá hefir hann trygt sjer lán til þess að gera við skemdirnar á brimbrjótnum á næsta sumri. Verði það ekki gert, þá er það sýnt, að allur garðurinn molast á næstkomandi hausti eða vetri, en við það er lendingin eyðilögð og sjósókn þessarar landsfrægu verstöðvar „en Saga blot".

Jeg hefi sent hv. fjvn. þessa málaleitun hreppsins, og því er svo varið, að það mun ekki ennþá hafa verið tekin ákvörðun í málinu innan nefndarinnar. En af því að jeg bjóst kannske við, að nefndin mundi leggjast á móti eftirgjöfinni, hefi

jeg komið með þessa brtt. Í öðru lagi hefir hreppsnefnd falið mjer að sækja um 10—12 þús. kr. styrk til þess að gera við brimbrjótinn. Þeim, sem ekki eru kunnugir málavöxtum, gæti virst þessi beiðni ósanngjörn. En það er hún ekki. Ástæðan er sú, að hreppsnefndin hefir sýnt það skjallega, að það var ekki henni að kenna, hvernig verkið var framkvæmt 1[illegible]. Hún hefir ennfremur sýnt fram á, að sá útlendi maður, sem hafði umsjón verksins í sinni hendi, hann ber sökina á því, að verkið var ekki betur unnið og kom ekki að notum. Og þess vegna er það, að það er ekki nema sjálfsögð sanngirni, að þegar hreppsfjelagið er búið að láta 15 þús. kr. meira en það bjóst við til þessa fyrirtækis, og verkið er þannig af hendi leyst eins og jeg gat um og skýrsla hreppsnefndar sannar, að ríkissjóður kosti alla viðgerðina; af því að umboðsmaður ríkisstjórnarinnar og sá yfirumsjónarmaður, er hann valdi, hafa — það er máske of mikið að segja svikist um skyldu sína, — en þeir hafa gætt hennar miður en skyldi við framkvæmd verksins.

Jeg hefi borið mig saman við formann fjvn., og þar sem nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til þessa máls, en mun gera það til 3. umr., þá tek jeg þessa brtt. mína aftur til 3. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg ber hjer fram eina brtt. á þskj. 235, 31.

Till. er borin fram eftir ósk dr. Páls Eggerts Ólasonar prófessors, því að Fræðafjelagið í Kaupmannahöfn hefir snúið sjer til hans og óskað, að hann fengi einhvern til þess að tala máli sínu í hv. deild fyrir þessari málaleitan.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir Fræðafjelagið fengið nokkurn styrk undanfarin ár til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns lögmanns, 1 þús. kr. á ári. En í fjárlögunum, sem nú gilda, er styrkurinn feldur niður. Nú hefir stjórn Fræðafjelagsins skrifað ríkisstjórninni erindi, þar sem hún fer fram á, að styrkurinn verði tekinn upp aftur, 1 þús. kr. á ári, og veittur framvegis. Stjórn fjelagsins gerði það eitt af sínum verkum að gefa út þetta rit, og hófst útgáfan 1912. 3. bindið kom út árið sem leið. Bókin á að verða 12 bindi, og mundi það því með sama hraða taka 50 ár að koma henni út. Norðlendingum þykir miða seint útgáfunni, ekki síst þeim, sem gerðust kaupendur í fyrstu; hafa komið óskir frá þeim um það, hvort ekki væri hægt að hraða verkinu meira. Stjórn Fræðafjelagsins er áhugamál að verða við þessum óskum, en sjer sjer það ekki fært nema með nokkuð ríflegum styrk í bráðina, og leggur því til til vara, að þingið veiti nú um nokkur ár 2500 kr., í stað 1 þús. kr., á ári, með því skilyrði, að fjelagið taki þá jafnframt til að gefa út Jarðabókina yfir Norðurland, og gerir það ráð fyrir að byrja á Húnavatnssýslu, sem er stærsta sýslan norðanlands, og ljúka þeirri útgáfu á 2 árum. En jafnframt ætlar fjelagið að fá fje á annan hátt til þess að halda áfram útgáfunni eftir Vesturlandi. Hefir það von um nægan styrk úr Sáttmálasjóði, þótt þingið leggi ekkert til þeirrar útgáfu.

Hjer er í raun og veru ekki um annað að ræða en nokkra tilfærslu á fje, sem hvort sem er verður veitt til þessarar útgáfu. Það er öllum auðskilið, að það er æskilegast, að slík bók gæti komið út sem fyrst. Það er leitt fyrir fræðimenn norðanlands — en þar hefir bókin flesta kaupendur að tiltölu — að þurfa að bíða svo lengi eftir þeim bindum, sem þeim leikur mestur hugur á að fá, kannske 50

ár. Þessi tilhögun um útgáfuna hefir valdið mestu um það, hve bókin hefir fengið tiltölulega fáa áskrifendur meðal landsmanna. Jeg sje því ekki annað en að það sje mikið unnið við það að taka varaósk fjelagsins til greina. Það er fremur til þess að spara það, sem ríkissjóður leggur til verksins. Á hinn bóginn hraðar það mjög útgáfunni, sjálfsagt um meira en helming, eftir því sem gert er ráð fyrir í brjefinu. Það er heldur ekki hjer um neina hreppapólitík að ræða, eða hlut neins hjeraðs, því að það er ekki ætlast til, að neinir landsh r — t. d. Vestfirðir — þurfi að bíða lengur þessa vegna; bókin í heild kemur engu seinna, þótt þessi breyting verði gerð.

Jeg býst við, að menn geti glöggvað sig á þessu svo auð eldlega, að jeg þurfi ekki að tala frekar. En ef það væri einhver hv. þm., sem ekki er kunnugt um þessa bók, þá skal jeg taka það fram, að hún er eitthvert hið merkilegasta rit, sem til er um sögu Íslands á liðnum öldum. Bókin er samin af tveimur hinum lærðustu o vitrustu mönnum, sem hjer voru uppi í byrjun 18. aldar. Það er vandað svo mjög til bókarinnar, að það er ekki unt að fá slíka fræðslu, sem hún veitir, annarstaðar. Þó má geta þess, að því miður hafa týnst 3 bindi, Múla- og Skaftafellssýslur. Jarðabókin lýsir ítarlega hverri einustu jörð, greinir jarðardýrleika og leigumála á öllum jörðum, nafngreinir hvern ábúanda og skýrir frá allri áhöfn á hverri jörð. Ennfremur eru taldar allar kvaðir, sem á jörðum hvíla, ítök öll, kostir jarða og ókostir, hlunnindi og hvað eina. Er þetta t. d. mjög fróðlegt að því er snertir Gullbringu- og Kjósarsýslu og sýnir glöggleg veldi Bessastaðamanna á þeim tímum. Bókin telur einnig allar eyðijarðir og fjölda af örnefnum, sem hvergi er annarsstaðar að finna. Er það hin mesta náma fyrir þá, sem munu á sínum tíma safna örnefnum hjer á landi og skýra þau, og einnig fyrir aðra fræðimenn.

Bókin lýsir greinilega, hvernig háttað var við sjávarsíðuna, hversu mörg skip gangi frá hverri verstöð, högum útræðismanna og þar fram eftir götum. Þetta vildi jeg taka fram, ef einhver væri, sem það hefir farið fram hjá að athuga þessa bók. Vona jeg, að af þeirri kynningu, sem hv. þm. hafa af Jarðabókinni, sjái þeir ekki eftir þessum styrk, þótt hækkaður verði í bili til þess að ljúka útgáfunni á skemmri tíma. Það má geta þess, að útgáfan er í alla staði mjög vönduð að ytra frágangi, pappírinn ágætur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði orð á því við fyrri hluta þessarar umræðu, að mjer þætti hv. fjvn. ganga fulllangt í útgjaldatill. Jeg ræddi ekki svo mjög um þetta þá, af því mjer þótti það koma minna fram í fyrri hluta útgjaldabálksins, sem þá var til umræðu, heldur en þeim síðari. Nú liggja fyrir hækkunartill. frá nefndinni í síðari kaflanum, sem nema kringum 200 þús. kr. Verð jeg að segja það afdráttarlaust, að þar sem þetta er svo að segja fyrsta sporið í meðferð fjárlaganna á þessu þingi, þá þykir mjer nefndin hafa verið alt of stórtæk í hækkun útgjalda. Jeg ætla ekki að ræða mikið um einstakar till. hennar. En mjer sýnist svo um margar þeirra, að þær hefðu eins vel getað beðið, eða farið skemra, þar sem það er svo margt annað nauðsynlegt, sem við verðum nú að sætta okkur við að láta bíða meðan verið er að rjetta nokkuð við fjárhaginn.

Það hafa nú 2 hv. þm. vikið að því, að útlitið væri svo gott framundan, að óhætt væri að fara lengra í hækkun útgjaldanna fyrir árið 1926 en hv. fjvn. hefir gert.

Fyrst var það samþm. minn, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem lýsti þessu góða útliti sem sínu áliti, og verð jeg að játa, að mjer kom það raunar ekki á óvart, því að hann er kunnur að því, þessi hv. þm., að vera nokkuð bjartsýnn, en ekki að sama skapi glöggskygn, þegar um framtíðarfjárhagshorfur þjóðarinnar er að ræða. En hitt kom mjer undarlega fyrir sjónir og óvænt, þegar öldungur þessarar hv. deildar, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), knjesetti þessi ummæli hv. samþm. míns, og taldi óhætt að hækka gjöldin um hálfa miljón króna.

Jeg get að vísu viðurkent, að það má gera sjer vonir um einhvern tekjuafgang á þessu ári, en hann fer þá til þess að greiða lausu skuldirnar, enda mun þess full þörf, ef ríkið á að geta hrist af sjer þennan skuldaklafa á 3 árum, eins og talað hefir verið um, en lausu skuldirnar eru 4 miljónir króna, og er ætlast til að þær dreifist á þessi þrjú ár. Mjer þykir ekki ósennilegt, að gera megi sjer vonir um, að árið 1925 geti lagt til 1½ miljón króna upp í þessar skuldir, ef alt gengur jafnákjósanlega og horft hefir um stund.

Það er engin ástæða til að halda, að það komi betri eða hagstæðari ár en 1924. Dýrtíðaruppbót embættismanna er nú miklu hærri, en jeg veit ekki til, að gera megi ráð fyrir meiri tekjum en 1924. (*JakM*: Tekjuskatturinn verður hærri). Já, það má gera sjer vonir um, að hann verði eitthvað dálítið hærri, en sumar tekjur lækka líka og útgjöldin aukast á ýmsum sviðum.

En þó að horfi bjart fyrir þetta ár þá er alt annað og öðru máli að gegna um 1926. Um það ár mega menn ekki vera alt of bjartsýnir. Við höfum einn og aðrir notið góðæris í fjármálunum. Allmenn verðhækkun á afurðum okkar kemur okkur til góða vegna þess, að við seljum meira en við notum. En þegar það endar, verða snögg umskifti. Og nú er sjá anlegt, að verðhækkuninni er lokið, og því ekki von um, að þessi alda beri upp fjárhagslegt góðæri nema þetta ár.

Atvinnuvegunum er svo komið, að tilkostnaður þeirra hefir aukist stórkostlega, og meira heldur en menn ef til vill grunar.

Jeg skal nefna eitt dæmi, kaupgjald einnar tegundar verkafólks — kvenfólks við fiskvinnu —; kaup þessa flokks vinnuþiggjenda verður 40% hærra í ár en í fyrra, þ. e. a. s., að við sama söluverði móti gulli þarf að láta 40% meira í vörum en í fyrra til greiðslu þessa kaups. Og sama sagan endurtekur sig á öðrum sviðum, — kaupgjald hefir alstaðar hækkað, og því sjáanlegt, að ekki líður á löngu, að framleiðslan hjer á landi komist í öngþveiti. Og þessar atvinnugreinar eru það veikburða, að þær finna kreppuna þegar á þessu ári, þótt ekki hafi það beinlínis áhrif á tekjur ríkissjóðs. En á næsta ári skýrist þetta alt betur; þá sjást vandkvæðin, framleiðslan minkar og tekjur ríkissjóðs rýrna til stórra muna.

Þess vegna vara jeg alla hv. þdm. við að byggja fjárhagsvonir ríkissjóðs 1926 og áfram við þá reynslu, sem árið 1924 hafði að færa.

Jeg gæti fært fram meiri líkur fyrir þessu áliti mínu, að ekki sje langt að bíða, að atvinnuvegir landsins komist í þessa kreppu, en hirði þó ekki um það að svo stöddu.

Af einstökum brtt. er það ein frá hv. fjvn., sem gefur mjer tilefni til að segja nokkur orð. Það er um húsaleigustyrk háskólastúdentum til handa, sem mun fram borin eftir bendingu frá mjer. Og ábending þessi miðaðist við það, að ríkissjóður legði ekki að þessu sinni fje til byggingar stúdentagarðsins, og heldur ekki á næsta ári. Enda tel jeg æskilegra, að byggingin bíði, uns úr raknar um fjárhag ríkisins, og að stúdentum sje bætt upp með húsaleigustyrk á meðan svo stendur.

Um launaviðbætur til kennara við stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann sagði hv. frsm. (TrÞ), að ekkert hefði legið fyrir nefndinni. Þetta kannast jeg ekki við. Hv. fjvn. hafði þetta atriði til meðferðar í fjáraukalögum, og það fylgdi með frá mjer, að uppbót til þessara kennara yrði ekki greidd framvegis, nema hún yrði tekin upp í fjárlög. Þessi till. er í öndverðu sprottin hjer upp í þinginu og hefir komið fram í fjáraukalögum hvað eftir annað, en verður ekki tekin til greina, eða uppbót þessi greidd, ef jeg á að fara með þessi mál á næstunni, nema hún verði nú sett í fjárlögin.

Þá vildi jeg víkja að þeirri brtt. hv. fjvn. að bæta inn nýrri grein í fjárlögin, 25. gr. Mjer þykir það óþarfi og till. leiðinleg, ekki þó svo mjög vegna þess, sem hún fer fram á, heldur hins, að með henni er verið að rugla þeim reglum um niðurskipun útgjaldanna, er jeg var að lagfæra, svo að hver liður fengi að standa þar í fjárlögum, er hann ætti heima. Enda er ekki annað að sjá en til þessa sje seilst til að villa heimildir á fjárveitingum til tveggja skóla, er vitanlega eiga að standa í 14. gr. B. og hvergi annarsstaðar. Jeg vildi heldur láta styrk þennan koma fram sem beina fjárveitingu í fjárlögum heldur en að veita fyrst lán úr viðlagasjóði, gefa það svo upp og láta upphæðina hvergi koma fram í landsreikningnum. Mjer finst ekki, að mikinn kjark hefði þurft til að bera brtt. þessa fram við 14. gr. B., þar sem hún á heima. Vilji hv. fjvn. láta viðlagasjóð bera þessar byrðar, þá er hægurinn hjá að taka upp tekjulið á móti um greiðslu úr viðlagasjóði. Þá sjást gjöldin bæði í landsreikningnum og fjárlögum, og það er rjetta leiðin.

Annars sje jeg ekki nein skynsamleg rök fyrir því að veita Hvítárbakkaskólanum uppgjöf á skuld, er ljettúðarlega og fyrirhyggjulítið var stofnað til á þeim árum, er fastir gerðu sjer grein fyrir, hvaða gildi peningarnir höfðu.

Og svo er um fleiri brtt. hv. fjvn. að segja, að betur hefði á því farið, að skemra væri gengið. Og jeg endurtek það aftur, að jeg vil ekki prjóna nýrri grein inn í fjárlögin, til þess að leyna undir henni fjárveitingum, sem eiga að standa annarsstaðar.

Þetta síðasta á líka við athugasemd hv. fjvn. um 17. gr., að stjórnin verji nokkru fje til handa Íslendingum erlendis til að rækja kristilega starfsemi í Kaupmannahöfn. Nál. sýnist skilja það á þennan veg, þó að í 17. gr. sje það orðað „til að bjarga nauðstöddum Íslendingum erlendis“. Sje það vilji hv. fjvn., að ríkissjóður greiði fje til þess að rækja kristilega starfsemi á meðal Íslendinga í Höfn, þá átti styrkur þessi að standa í 14. gr. A. Að minsta kosti á hann ekki heima í 17. gr.

Þá ætla jeg ekki stöðu minnar vegna að segja fleira um þessar brtt., en nota þingmannsrjett minn til þess að minnast á eina brtt. hv. fjvn. Það er 43. brtt. í röðinni á þskj. 195, um styrk handa Þórbergi Þórðarsyni til þess að safna orðum úr alþýðumáli. Jeg átti minn þátt í því,

að ekki var tekinn upp í stjfrv. styrkur til þessa manns. Það var þó ekki af sparnaðarástæðum gert, heldur vegna þeirrar þekkingar, er jeg hefi öðlast um starfsemi þessa manns. Af þeirri litlu þekkingu álít jeg hreint og beint orðasöfnun Þórbergs Þórðarsonar skaðlega, og hann alls ekki slíku starfi vaxinn. Jeg hefi sjeð sýnishorn af þessari orðasöfnun, er kom út á prenti í einu vikublaðinu, en er nú hætt að birtast, sem betur fer. Og jeg hneykslaðist á því, hvernig þessi maður gat farið með það, sem mjer þykir vænst um og helgast er í tilfinningum mínum, en það er móðurmálið okkar. Upp í þessi sýnishorn voru tekin latmæli og bögumæli, sem eru á vörum lítt mentaðra manna, eða eiga rót sína að rekja til talfæragalla einstakra manna, og þeim raðað við hliðina á sígildum íslenskum orðum, sem of fátt var þó af. Smekkleysið og sparðatínsla safnandans var svo langsamlega yfirgnæfandi.

Jeg játa það, að jeg er svo mikill íhaldsmaður á okkar fornu tungu, að jeg þoli ekki að horfa upp á það, að henni sje misboðið á slíkan hátt. Þess vegna er jeg því mótfallinn, og það mjög mótfallinn, að ríkið styrki þann mann til orðasöfnunar, sem ekki skilur starf sitt betur en þessi maður hefir gert.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætla fyrir hönd sjútvn. að minnast fáum orðum á brtt. á þskj. 204, þá 19. í röðinni, frá hv. minni hl. fjvn. (BJ). Hún er um launabót til yfirfiskimatsmanna.

Jeg geri ráð fyrir, að sumum muni finnast þetta mikil hækkun, en þess ber þá að gæta, að störf þessara manna hafa stórum aukist síðan 1922, en þá var starf þeirra tvöfaldað eða jafnvel þrefaldað. Og með lögunum 1923 var enn bætt á störf þeirra, er þeim var gert að skyldu að safna skýrslum hagstofunni til handa. Þetta er líka ábyrgðarmikið starf, er þeir gegna, og heimtar allmikla sjerþekkingu, sjálfstæði og siðferðisþrek að standa við úrskurði sína, þótt þeir komi í bága við hag útflytjenda. Enda eru dómar yfirfiskimatsmannanna sá grundvöllur, er fiskverkun okkar byggist á.

Allir viðurkenna, að þessir menn hafi staðið ágætlega í stöðu sinni, og engar kvartanir hafa komið erlendis frá um þann fisk, er þeir hafa metið. Það er ekki auðvelt að reikna, hve landið hefir grætt á fiskmatinu, en talið er, að það nemi 15% á verðinu, sem meira fæst fyrir metinn fisk en ómetinn.

Svo er fyrirskipað í lögum og reglum um starf þetta, að yfirfiskimatsmennirnir megi engin aukastörf hafa og engin aukalaun þiggja. En hitt er líka alkunnugt, að þeim standa opin störf hjá fiskkaupmönnum og mjög eftir þeim sótt vegna dugnaðar þeirra og sjerþekkingar á þessu sviði, og eins er líka trúlegt, að þeir sæti þeim boðum og fari úr þjónustu ríkisins, ef þeir fá ekki þessa launauppbót. Þeir hafa líka gert sjer vonir um, að ríkið viðurkendi hin auknu störf, sem á þá hafa hlaðist síðustu árin, með því að hækka launin, enda virðist það fullkomlega á rökum bygt.

Þá vil jeg að lokum minna á brtt. sjútvn. um að athugasemdin falli niður. Nefndin telur það ekki rjettan grundvöll að skifta uppbótinni eftir því, sem í aths. segir. Hitt finst henni rjettara, að miðað sje við árafjölda þann, er hver maður hefir gegnt starfinu. En þyki það of flókið og verði þetta samþykt, þá mun sjútvn. rita stjórninni þar um og leita samþykkis hv. fjvn. um að breyta þessu á þann hátt, er hún telur rjettara.

Jón Sigurðsson: Jeg hefi ekki þreytt menn með löngum ræðum um fjárlagafrv. að þessu sinni, enda er jeg einn þeirra fáu gæfusömu þdm., er eiga enga brtt. við frv. Þess vegna tók jeg ekki til máls við umr. um fyrri kaflann, og ætlaði ekki heldur að kveðja mjer hljóðs nú, en afstaða mín í fjvn. knýr mig til að segja nokkur orð um fáeina liði frv.

Hv. þdm. hafa sjálfsagt tekið eftir því, að hv. frsm. síðari hl. frv. (TrÞ) gat þess í framsögu sinni, að nefndin hafi ekki verið sammála um nokkur atriði. Og það er einmitt um þau atriði, sem jeg vildi skýra ofurlítið afstöðu mína, og þá um leið þeirra hv. nefndarmanna, sem mjer eru sammála um þessi atriði.

Þá er fyrst að drepa lítið eitt á styrk til húsagerðar á prestssetrinu Skútustöðum, sem hv. meiri hl. fjvn. vill veita, sbr. 30. brtt. á þskj. 195.

Sóknarbörn Skútustaðaprestakalls hafa boðist til að leggja fram 5000 kr. til byggingar prestssetursins á Skútustöðum, gegn jafnháu framlagi úr ríkissjóði.

Þetta er óneitanlega höfðinglega boðið, og vafasamur hagnaður að neita slíku boði. En annað tilboð sama eðlis lá einnig fyrir nefndinni, þar sem Kjalnesingar hafa boðist til að leggja fram helming kostnaðar við vegagerð um Kjalarnes.

Nefndin tók það mál fyrst til íhugunar og sá ekki fært að verða við þeim tilmælum Kjalnesinganna.

Aftur á móti hefir ekki orðið samkomulag um prestssetrið á Skútustöðum.

En þó að jeg sje ókunnugur öllum staðháttum á báðum stöðunum, þá verð jeg samt að líta svo á, að jafnmikil sanngirni mæli með hvorritveggja fjárbeiðninni. Jeg get ekki gert upp á milli þeirra, og jeg tel enga ástæðu til að hrinda hendi annars en rjetta hinum hendina, þegar báðir eru sömu meðferðar maklegir.

Hv. deild hefir nú felt dóm sinn um Kjalarnesveginn. Jeg held, að rjettast sje að láta eitt yfir báðar fjárbeiðnirnar ganga.

Þá er annað atriði, sem jeg þarf að minnast á, en það er 35. brtt. á sama þskj., um fjárveitingu til að gera sundlaug við alþýðuskóla Þingeyinga, 5000 kr.

Á þinginu 1923 var veittur mjög ríflegur styrkur, 35 þús. kr., til byggingar þess alþýðuskóla. Var þá áætlað, að þetta yrðu 2/5 kostnaðar. Nú hefir bygging skólahússins reynst allmiklu dýrari en áætlað var, og hefir þess vegna verið farið fram á viðbótarstyrk til sjálfrar byggingarinnar.

Fleiri beiðnir um slíka viðbótarstyrki hafa borist þinginu, þar á meðal frá 3 eða 4 sjúkraskýlum. Fjvn. hefir tekið þá ákvörðun, að sinna engum slíkum beiðnum yfirleitt, og heldur ekki þessari.

En í sama mund hefir skólinn sent beiðni um styrk til að byggja yfirbyggða sundlaug, en sá styrkur yrði í eðli sínu ekkert annað en viðbótarstyrkur til skólabyggingarinnar sjálfrar. Hjer er aðeins breytt um form, til þess að fremur verði hægt að smeygja sjer undan að verða við samskonar kröfum, sem þegar eru komnar og hljóta að koma frá öðrum byggingum, sem ríkið hefir styrkt, ef þessi upphæð væri tekin upp sem hreinn viðbótarstyrkur.

Þess vegna hefir hv. meiri hl. orðað till. á þennan hátt. Hjer við er enn að athuga, að áætlað er, að sundlaugin muni kosta 5000 kr., eða þá upphæð, sem hv. meiri hl. leggur til, að veitt verði; m. ö. o. er hjer til þess ætlast, að ríkið leggi fram allan kostnað við byggingu sundlaugarinnar.

Þar sem skoða verður slíka sundlaug alveg hliðstæða leikfimishúsi, þá verður varla hjá því komist að verða við kröfum, sem alþýðuskólar kunna að gera um að fá reist leikfimishús, sem kosta ef til vill 10—20 þús. kr., að öllu leyti á kostnað ríkissjóðs.

Sama sanngirni mælir með öllum slíkum væntanlegum kröfum sem þessari, og vitanlega verður sama regla að gilda um svipaðar kröfur, og ef hjer verður skapað fordæmi, þá verður að fylgja því framvegis.

Jeg held því, að hv. meiri hl. vilji hjer leggja út á aðra braut en upphaflega var til ætlast, og sú braut er að mínu viti allviðsjárverð.

Þá er enn einn liður, sem nefndin hefir ekki orðið sammála um, en það er að taka upp styrk handa Þórbergi Þórðarsyni til orðasöfnunar. Jeg ætlaði ekki að gera þennan lið að umtalsefni nú, en þar sem skilja mátti hv. frsm. (TrÞ) svo, að minni hl. nefndarinnar væri andvígur þessari styrkveitingu vegna síðustu ritsmíðar Þórbergs, þá vil jeg ekki láta því ómótmælt. Þó skal jeg játa, að vegur hans hefir ekki vaxið í mínum augum við að lesa níð hans um íslenska bændur og menningu þeirra. En hins vegar hefir þetta engan veginn ráðið atkv. minni hl. í nefndinni.

Í mínum augum er þessi orðasöfnun ein hinna tilbúnu ástæðna fyrir styrkveitingum, sem hægt er að sjá til og frá í fjárlögunum.

Yfirvarpsástæðum er tildrað upp, til þess að vissir menn geti hangið á ríkissjóði árum og áratugum saman.

Slíkt má ef til vill afsaka, þegar gamlir og merkir menn eiga í hlut, sem að öðru leyti eiga erfiða aðstöðu í lífinu. Það er afsakanlegra að rjetta slíkum mönnum hjálparhönd. En hjer er ekki um það að ræða. Hjer á í hlut maður, sem enn er á ljettasta skeiði æfinnar og ætla má, að allir vegir sjeu færir.

Annars hefi jeg heldur enga trú á því, að þessi orðasöfnun, sem tildrað er upp sem ástæðu fyrir styrkveitingunni, komi að nokkru verulegu liði, þegar farið verður að semja íslensku orðabókina fyrir alvöru.

Enn er að minnast á hina verulegu hækkun hv. meiri hl. til veðurathugunarstofunnar. Á síðasta þingi var þessi liður lækkaður niður í 25 þús. kr., en nú hefir hv. meiri hl. lagt til að hækka hann aftur upp í 40 þús. kr. Þetta er óneitanlega allstórt stökk, og til þess að hægt sje að forsvara slíkar hækkanir, verða ríkar ástæður að vera fyrir hendi. Því er nú borið við, að þar sem veðurathugunarstofan hafi komist í samband við Grænland, þá sje full ástæða til að hækka tillagið til hennar svo mjög.

Sambandið við Grænland mun fengið nú þegar, og eftir því sem mjer hefir skilist á forstjóra veðurathugunarstofunnar, hefir alt gengið nokkurn veginn með því tillagi, sem hún fær nú.

En á bak við þessa hækkunartill. mun einkum liggja að auka allverulega mannahald stofnunarinnar.

Meiningin mun vera sú, að bæta við einni stúlku til allskonar skrifta, og svo jafnvel að fá hingað lærðan veðurfræðing frá Noregi. Er það Íslendingur, Jón Eyþórsson að nafni, og hefir hann notið styrks hjá Alþingi til náms síns. Hann mun nú hafa 12000 kr. árslaun í Noregi, og ef hugsað er til að fá hann hingað, þá býst jeg við, að þessi hækkun hv. meiri hl. hrökkvi ekki til, jafnvel þó að hann fengi lægra kaup en hann hefir nú hjá Norðmönnum.

Því er ennfremur borið við, að núverandi aðstoðarmaður muni vera á förum,

og þess vegna þurfi að tryggja mann í hans stað.

Það er víðar svo, að ekki er að vita nema menn hverfi þá og þegar frá starfi sínu, og er engin ástæða til að hafa tvöfaldan vinnukraft hjer fremur en annarsstaðar þess vegna.

Jeg býst við, að rjettmætt muni vera að hækka þennan lið eitthvað frá því, sem í stjfrv. segir, en svo mikla hækkun verð jeg að telja ástæðulausa, og því fremur varhugaverða, þar sem ganga má að því vísu, að hún muni haldast framvegis.

Enn er eitt og annað smávægilegt, sem nefndarmönnum ber á milli, en út í það skal jeg ekki fara nú, heldur mun jeg við atkvgr. sýna afstöðu mína til þeirra atriða.

Úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, get jeg ekki stilt mig um að minnast lítið eitt á tvær brtt. hv. þm. Dala. (BJ). Fyrri till. er 11. brtt. á þskj. 204, um 3000 kr. fjárveitingu til þess að halda áfram útgáfunni af „Lögum Íslands". Jeg hefði kosið, að þessi liður yrði ekki ákveðinn hærri en 1500 kr., vegna þess að jeg hefi átt tal við þann mann, sem hjer á hlut að máli, og hefir hann tjáð mjer, að hann myndi hafa einhverja útvegi með að fá fje til útgáfu þess bindis, sem út á að koma í ár, og sjer muni nægja 1500 kr., sem greiðist á næsta ári og varið verði til útgáfu þess bindis, sem þá kemur út. Og eins og hv. samnefndarmönnum mínum er kunnugt, studdi jeg að því í nefndinni, að 1500 kr. fjárveiting yrði upp tekin í þessu skyni, því að jeg er sannfærður um, að útgáfa lagasafnsins sje fullkomið nauðsynjaverk.

Þegar mál þetta var til umr. í fjvn. fyrir 2 eða 3 árum, var jeg því frekar mótfallinn að veita fje til þessarar útgáfu, vegna þess aðallega, að jeg óskaði fremur, að haldið yrði áfram útgáfu gamla lagasafnsins, þar sem henni var lengra á veg komið. En úr því sem komið er, eftir að eitt bindi hefir enn komið út af þessu safni, þá er mjer áhugamál, að útgáfunni verði haldið áfram.

Löggjöf okkar hefir tekið svo mörgum og mikilvægum breytingum á síðari árum, að alþýðu manna veitist erfitt að átta sig á því, hvað hjer eru gildandi lög og hvað ekki. Þess vegna ber fulla nauðsyn til að hreinsa dálítið til í þessu efni og gefa út í einu lagi þau lagaákvæði, sem nú eru í gildi. Mjer er persónulega kunnugt, að víðsvegar um landið bíða menn þess með óþreyju að fá slíka hentuga handbók í lögum.

En þar sem jeg er vonlítill um, að þessi brtt. nái samþykki háttvirtrar deildar, þá vildi jeg beina því til hv. þm. Dala. (BJ), hvort hann vilji ekki taka hana aftur í þetta sinn, en við verðum síðan samferða með aðra brtt. lægri til 3. umr.

Hin önnur brtt. hv. þm. (BJ), sem jeg vildi gera að umtalsefni, er 18. brtt. á sama þskj., um að hækka styrk til búnaðarfjelaga úr 10 þús. upp í 25 þús. kr.

Jeg þykist vita, að ýmsir álíti, að síst sæti á mjer að hafa á móti slíkri till. En jeg verð að segja, að hóf er best í hverjum hlut. Mjer dettur ekki í hug að neita því, að búnaðarfjelögin úti um sveitir landsins hafa unnið og eiga fyrir hendi að vinna mikil og góð störf.

En landbúnaðurinn er þegar styrktur allríflega af ríkisfje og á eftir að bera fram enn meiri kröfur um styrk, og mjer er þannig skapi farið, að jeg óska þess ekki að vera kröfuharðari fyrir hönd landbúnaðarins en jeg tel fullkomlega sanngjarnt.

Þó fulltrúar bænda kunni að hafa afl

atkvæða til að fá allar kröfur landbúnaðarins samþyktar, þá óska jeg ekki, að þess afls sje neitt frekar en full sanngirni leyfir, og jeg tel okkur skaðlítið, þó að þessi styrkur verði ekki hækkaður, ef aðrar óskir okkar ná samþykki þingsins, sem jeg hefi góða von um.

Björn Líndal: Það eru þrjár brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., sem jeg er viðriðinn, og vildi jeg fara um þær nokkrum orðum, einkum eina þeirra, sem fer fram á 3000 kr. aukastyrk til amtsbókasafnsins á Akureyri. Þessi till. er flutt samkvæmt tilmælum stjórnar safnsins.

Jeg skal strax taka það fram, að mjer finst framlag til bókasafna tilfinnanlega skorið við neglur hjer á Alþingi, því að nytsemi þeirra er svo mikil, að þau eru meiri styrks makleg en þau hafa fengið hingað til.

Mjer er persónulega kunnugt, að bókasafn Þingeyinga á Húsavík hefir haft mjög mentandi áhrif á íbúa nærliggjandi hjeraða, enda hefir þar tekist óvenjuvel bæði val bóka og forstaða safnsins að öðru leyti.

Því miður er ekki hægt að segja hið sama um amtsbókasafnið á Akureyri.

Forstaða þess hefir oft verið fengin hinum og þessum hlaupamönnum, og þeim ekki altaf sem hæfustum til starfans, og bókaval hefir ekki altaf tekist eins vel og skyldi, sakir þess að bókavörðurinn hefir ekki borið nægilegt skyn á slíka hluti.

Nú er farið fram á að auka styrkinn til þessa bókasafns, til þess að fastara skipulagi og betri reglu verði komið á það.

En jafnframt liggur á bak við að hjálpa ungu og efnilegu skáldi, sem þegar nýtur mikilla vinsælda með þjóðinni.

Hann hefir óskað eftir því að fá stöðu sem forstöðumaður safnsins, og er hann að því er jeg best veit, mjög vel til þess fallinn.

Jeg álít að vel fari á því að slá hjer tvær flugur í einu höggi: styrkja ungan og efnilegan listamann og forða jafnframt safninu frá frekari vanrækslu en orðin er.

Jeg held, að þetta sje einmitt hin rjetta leið til að styrkja listamenn okkar, að hjálpa þeim til að hjálpa sjer sjálfum með því að fá þeim í hendur einhver störf, sem þeim sje hent að gegna, en sem þó krefjast ekki meiri tíma eð krafta en svo, að þeir geti jafnframt gefið sig að listiðkunum sínum.

En bókasafnið er svo fátækt, að stjórn þess treystir sjer ekki til að leggja meira en 800 kr. á ári til launa handa bóka verði, og hefir því oft orðið að grípa þann fyrsta, sem boðist hefir. Er og skiljanlegt, að menn geti ekki lagt á sig mikla vinnu fyrir svo lága þóknun, enda hefir safnið ekki verið opið nema skamma stund 3 daga vikunnar undanfarið. Nú er meiningin að breyta þessu þannig, að það verði opið 6 daga í viku og um lengri tíma daglega en verið hefir.

Auk þess hafa menn í hyggju að stækka og bæta húsakynni safnsins, og hefir bæjarstjórn Akureyrar þegar samþykt þá ráðagerð.

Nú er það svo, að bókasafnsnefndin telur sjer ekki fært að hækka laun bókavarðar nema upp í 1000 kr., þó að styrkur fengist frá bæ og sýslu, því að þörfin er einnig mikil fyrir peninga til annarar umbóta safnsins.

Fyrir því er nú farið fram á þetta og jeg bið hv. þm. að athuga það vel hvort ekki muni vera miklu hyggilegra að styrkja ung og efnileg skáld á þennan hátt heldur en að veita þeim skáldalaun

— kaupa þá til þess að gera ekkert annað en yrkja.

Þá kemur brtt. 32, þar sem farið er fram á styrk til Stefáns frá Hvítadal. Það er ekki ætlun mín að fara í neinn mannjöfnuð, en jeg tel naumast sanngjarnt að styrkja Davíð Stefánsson svo, að Stefáni sje algerlega gleymt. Stefán liggur nú í Vífilsstaðahæli, þungt haldinn og á við þröngan hag að búa.

Um 44. brtt. er það að segja, að þar á svo mæt kona og merkileg hlut að máli, að um þennan litla styrk ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum.

Árni Jónsson: Jeg ætla aðeins að segja fáein orð. Það verður ekki um fjárlögin alment, heldur aðeins fáar brtt.

Fyrst er till. um styrk til bættra húsakynna á Skútustöðum. Jeg vísa þar að miklu leyti til þess, sem hv. frsm. (TrÞ) hefir sagt. Það er alkunnugt, að presturinn varð fyrir sök þess, hve ljeleg eru húsakynni, að flýja staðinn. Þetta er einn hinn efnilegasti af yngri prestum og mjög ástsæll af sóknarmönnum.

En staðurinn er í þeirri niðurníðslu, að honum var ekki viðvært þar. En hann er fátækur og megnar ekki af eigin ramleik að byggja staðinn upp af nýju. En það er þó ekki þessi ástæða, sem jeg legg aðaláhersluna á, og er það þó vitanlegt, að Mývetningar verða prestslausir þangað til þetta er gert.

Um þessa sveit er hinn mesti ferðamannastraumur. Og allir menn, innlendir og útlendir, sem um fara, koma að Skútustöðum.

Þetta er því menningarmál, þar sem um er að ræða einn fegursta og fjölsóttasta stað landsins. Það er á engan hátt sæmandi, að bærinn sje í þessari niðurníðslu, og sveitarmenn vilja leggja mikið á sig, ef úr þessu yrði bætt. Um þennan stað, Skútustaði, orti Einar Benediktsson:

Þessi bær er bygðarprýði,
bygðin þessi fjórðungsprýði,
fjórðungurinn Fróns er prýði,
Frónið allrar jarðar prýði.

Ekki sæmir, að slíkur staður sje í megnustu niðurníðslu.

Þá kem jeg að 22. brtt. á þskj. 235. Það er styrkur til þess að endurbæta hús á Skeggjastöðum. Þetta mál lá fyrir á síðasta þingi. Nú liggur fyrir ítarlegt erindi um það frá syni prestsins, Helga Ingvarssyni lækni. Það er vitanlegt, að þetta er hin vandaðasta bygging og hefir kostað ærna fje. Það mælir því öll sanngirni með því, að eitthvað yrði ljett undir um þann kostnað.

Þá er það um Eiðaskólann að segja, að eins og kunnugt er, er til lánsheimild til þess að reisa viðbótarbyggingu þar, og sje jeg ekki, hvernig undan því verði komist.

Þá vildi jeg að lokum árjetta það, sem hv. þm. Ak. (BL) sagði um styrk til bókasafnsins á Akureyri, til þess að fá Davíð Stefánsson að safninu. Hann sýndi fram á, hvílíkur hagur það mætti verða safninu, ef það fengi mentaðan mann til forstöðu. Þetta er önnur hlið málsins. En jeg legg einnig áherslu á hina, þá, sem að manninum snýr sjálfum.

Jeg er ekki mikið fyrir það, að óvöldum listamönnum sjeu veittar viðurkenningar. En á hitt er að líta, að það er aðeins ein list, sem vjer stöndum svo framarlega í, að þar erum vjer jafnfætis þeim fremstu. Það er orðsins list. Í henni stöndum vjer engum að baki. Hún hefir þroskast með oss gegnum aldir og átt

fleiri iðkendur en allar aðrar listir til samans.

Það er því fullvíst, að þeir, sem skarað hafa fram úr í henni, eru betri listamenn en aðrir listamenn vorir. En þessi maður er að allra dómi einna snjallastur hinna yngri skálda. Hann sýndi sig þegar í byrjun sem afarsnjallan rímara. Hann ljek sjer að ríminu og samfeldi það efninu miklu betur en venja er um byrjendur. Engum gat blandast hugur um, að „lyriker" var á ferðinni. Hitt munu ýmsir hafa fundið að hinum fyrri kvæðum hans, að nokkuð skorti á þrótt og karlmensku. En Davíð hefir eflst. Í síðustu bókunum eru karlmannleg kvæði, kröftugar lýsingar, snjallar ádeilur, og í seinustu bókinni töluvert af ljettri kýmni. Af yngri skáldum vorum er hann tvímælalaust fremstur.

Jeg vona því, að öllu athuguðu, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessa brtt.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg er nú búinn að hlusta á 21 ræðu síðan jeg hjelt framsöguræðu mína. Hv. þm. hafa gert athugasemdir sínar og mælt með till. sínum. Það er von, að alt þetta taki tíma, enda skal jeg nú vera eins stuttorður og jeg get.

Jeg ætla að hafa þau vinnubrögð að víkja fyrst að aths. hv. þm. við tillögur nefndarinnar og síðan lýsa afstöðu nefndarinnar til brtt. einstakra þm. Jeg gleymdi að taka það fram áðan, að fjvn. lagði til, að Fiskifjelagi Íslands yrði veittur 5000 kr. styrkur, til þess að gefa út sjómannaalmanakið o. fl. Þetta átti að vera nokkurskonar hliðstæða við styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands.

Annars skal jeg taka hv. þm. í sömu röð og þeir hafa talað.

Jeg hefi lítið við ræðu hæstv. forsrh. (JM) að athuga. Hann var að vísu að afsaka styrkveitinguna til Jakobs Thorarensens. Jeg hafði ekki þung orð um þetta.

Þá taldi hann varhugavert að veita Magnúsi Konráðssyni styrk til lokanáms, utan þess, sem veittur er í fjárlögum til stúdenta. Þetta má deila um. Það hefir þó oft verið gert, og einkum ef um verkfræðinema var að ræða. Og samkvæmt þeim upplýsingum, sem lágu fyrir fjvn., var ekki annað sýnt en maðurinn væri fyllilega þessa styrks verður.

Þá mintist hæstv. forsrh. (JM) á daufdumbraskólann, og skal jeg a. m. k. ekki á þessu stigi málsins víkja að því frekar.

Þá talaði hv. 2. þm. Árn. (JörB) um Skeiðaáveituna. Ljet hann í ljós óánægju sína og hafði óskað meiri aðgerða af hálfu nefndarinnar. Jeg skal ekki tala margt um þetta; kem að því síðar í sambandi við ræðu hæstv. atvrh. (MG). Hv. þm. þótti of ríkt að orði kveðið, að þessir menn hefðu ekkert borgað; þeir hefðu fengið ný lán 1923 til þess að borga vexti og afborganir. Það má kalla það á pappírnum að borga, en þeir hafa ekki borgað öðruvísi en með nýjum lánum. Og það er ekki ástæða til að kvarta undan því, þótt fjvn. geri þá kröfu, að þessir menn sýni alvöru í því að vilja standa við skuldbindingar sínar. Nefndin vill hjálpa, en hún setur það skilyrði fyrir hjálp sinni, að þessir menn vilji líka hjálpa sjer sjálfir. Og hún fer ekki dult með, að hún vilji hjálpa, er þeir hafa sýnt lit. Og þess er að gæta, að þessir menn hafa notið alveg sjerstakra ráðstafana, bæði ríkisins og Búnaðarfjelags Íslands. Búnaðarfjelagið sendi mjög hæfan mann í sumar á þessar stöðvar, og það er óhætt að fullyrða, að starf hans þar var til

mjög mikils gagns. Hann hefir vakið von og kjark og trú hjá þessum mönnum. Þá óskaði nefndin föstu skipulagi komið á fjárreiður þessa fyrirtækis. Það er öllum aðiljum fyrir bestu, að þeim sje komið í rjett horf. Landsbankinn neitaði í fyrra að verða við tilmælum Alþingis um eftirgjöf á vöxtum og afborgunum. Eftir atvikum verður að vísa aðgerðum í því máli til landsstjórnarinnar.

Þá ætla jeg að víkja fáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hann telur nefndina verið hafa fullríflega við skóla og þess háttar. Hefði eins vel mátt hækka styrk til Sögufjelagsins. Hann kunni ekki við, að styrkur til Sigfúsar frá Eyvindará sje í 18. gr. fjárlaganna. Jeg vil taka það fram, að um það hefir engin umkvörtun komið frá þeim, er sóttu um styrkinn.

Þá mintist hann á, að ekkjur, einkum presta, fái misjöfn eftirlaun. Það var góð bending, en úr þessu jafnar prestsekknasjóður nokkuð. Að öðru leyti á þetta fremur heima hjá landsstjórn en fjvn., sem naumast hefir tíma til að rannsaka svona atriði ítarlega.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. atvrh. (MG) þá gladdi það mig, að hann vill leggja það til, að gengið sje hart að Landsbankanum vegna Skeiðaáveitunnar. En eins og málið bar að fjvn., þá tók hún ekki afstöðu til þess á þeim grundvelli. Hún tók þá hliðina, sem sneri að Alþingi.

Mjer var það mikið gleðiefni, að hann tók svo í það mál og vildi stuðla til þess, að till. í átt við það, sem hann leggur til, komi til umr. í fjvn. fyrir 3. umr. Þá talaði hæstv. atvrh. (MG) um það, hvernig ganga ætti frá fjárreiðum þessa fyrirtækis. Þess verður að geta, að Búnaðarfjelagið hefir þegar tekið málið mjög myndarlega í sínar hendur. Stjórn þess hefir fullkominn vilja á því að koma þessu máli á hreinan grundvöll. Og jeg vænti til þess fulls stuðnings af hæstv. atvrh. (MG).

Þá mintist hæstv. atvrh. á till. fjvn. um styrk til bryggjugerða. Það er satt, að nefndin treystist ekki til að skera úr um það, hverjir ættu að ganga þar fyrir. Var það ætlun nefndarinnar, að hæstv. stjórn gerði út um það með aðstoð vitamálastjóra.

Hæstv. atvrh. fór hörðum orðum um annan mann í sambandi við lofsyrði sín um Þórð Flóventsson. Nefndin gaf enga ástæðu til þess, og er hana ekki um neitt að saka í þessu sambandi.

Fjvn. tók upp beiðni um styrk til starfs meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Jeg vjek ekkert að því í framsöguræðu minni; fanst nóg sagt í nál.

Hæstv. atvrh. virtist hjer vera aðallega um styrk til guðsþjónustuhalds að ræða. Um þetta hafði fjvn. mörg skjöl, og fyrir henni var það alls ekki eini tilgangurinn að styrkja guðsþjónustuhald þessa safnaðar, heldur þá styrktarstarfsemi, sem hann hefir með höndum.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vjek að því viðvíkjandi umsókn Ríkarðs Jónssonar, að kastað væri hnútum að Stefáni heitnum Eiríkssyni í gröf sinni. Það var langt frá mjer að gera slíkt. Orðin í nál. eru tekin orðrjett úr brjefi Ríkarðs Jónssonar og lýstu því, hvað fyrir honum vakti, en í þeim fólst enginn dómur um Stefán Eiríksson.

Hv. 1. þm. N.-M. talaði um styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar. Jeg skal aðeins minnast á það. Í rauninni er því svo varið, að hjer er um samning að ræða milli ríkisins og Hannesar Þorsteinssonar. Og jeg fyrir mitt leyti legg mjög mikla áherslu á þetta, sakir hins mikla og stór-

merkilega safns Hannesar Þorsteinssonar. Sú er ætlun mín, að aldrei hafi sá maður hjer uppi verið, sem eins vel hefir verið að sjer á sínu sviði og Hannes Þorsteinsson er í sinni fræðigrein. Safn hans er miklu meira en nokkurs annars. Nú eru skilyrðin fyrir styrknum frá ríkisins hálfu þau, að ríkið eignist þetta stórmerkilega og mikla safn eftir daga Hannesar. Og ef ríkið kipti nú að sjer hendinni og vildi ekki veita styrkinn, þá væri það til ógagns eins, því að þá misti það eignarrjettinn til þessa mikla ritsafns.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek nokkrum orðum að nefndinni. Jeg ætla að geyma mjer að tala um þær almennu athugasemdir, sem flutu frá hans vörum, og aðeins víkja nú að því, sem hann sagði, er hann gerði einstakar till. nefndarinnar að umtalsefni. Fyrst mintist hann á ummæli mín um kennarana við vjelstjóraskólann og stýrimannaskólann. Jeg get látið nægja að segja, að síðan jeg talaði fyrst hafa borist erindi frá forstjórum þessara skóla, og verður því málið tekið til nánari athugunar til 3. umr.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek að tveim atriðum, þar sem honum fanst nefndin hefði borið fram till. við skakka gr. í fjárlögunum. Það eru till. um eftirgjafir á lánum. Það kom ekki til umr. í nefndinni að hafa aðra meðferð á þessu, og vitanlega hefir nefndinni ekki enn orðið unt að taka neina afstöðu til uppástungu hæstv. fjrh. (JÞ) um annað skipulag á þessu. En hingað til hefir sú aðferð tíðkast að safna slíku í eina gr., og þá oftast síðast í fjárlögunum, slíkum heimildum til þess að gefa eftir lán, svo að þetta er ekkert nýtt, sem hæstv. fjrh. (JÞ) er nú að finna að. Hæstv. fjrh. (JÞ) fanst það ljettúðlega gert að gefa eftir lánið til Hvítárbakkaskólans. Jeg skal ekki fara um það mörgum orðum. Jeg hefi áður sagt frá ástæðum nefndarinnar fyrir þessari till., og eins hefir hv. þm. Borgf. (PO) lýst þeim greinilega og sýnt fram á rjettmæti þessa. Jafnvel líka hv. 2. þm. Árn. (JörB). Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að húsið var keypt á óheppilegum tíma og að menn þar upp frá hafa lagt á sig þungar byrðar. Hjer er ekki um meiri styrk að ræða en til annara slíkra skóla, og fylsta sanngirni virðist það vera, að ríkið rjetti nú hjeraði þessu hjálparhönd. Jeg er kunnugur á þessum slóðum og veit, að mikill áhugi er fyrir því að halda áfram skólanum, og virðist mjer þessi eftirgjöf rjettileg viðurkenning frá ríkisins hálfu.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek að styrknum til starfseminnar í Kaupmannahöfn og kvað hann eiga heima í 14. gr. Þetta er rjett, ef hjer væri um guðsþjónustustyrk að ræða, en nefndin lítur svo á, að hjer sje aðallega verið að styrkja líknarstarfsemi meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, og hefir því flutt till. við 17. gr. Enda byggjast meðmæli Sveins Björnssonar aðallega á þessum lið starfseminnar.

Þá vjek hæstv. fjrh. (JÞ) að styrknum til Þórbergs Þórðarsonar. Jeg nenni ekki að rökræða mikið um þann póst. Jeg lýsti því yfir þegar í minni fyrri ræðu, að það væri eingöngu meiri hl. nefndarinnar, eða 4:3, sem að þessari till. stæði, og mjer finst ekkert undarlegt, þótt skiftar skoðanir kunni um þetta að vera, jafnt utan nefndarinnar sem innan. Frá hinu sjerstaka sjónarmiði hæstv. fjrh. (JÞ) á þessu er skiljanlegt, að hann sje á móti till. Hann sagði, að það væri skaðlegt fyrir íslenska tungu, að þessu starfi væri haldið áfram. Og frá þessum bæjardyrum sjeð er sjálfsagt að vera á móti því. En við í meiri hl. lítum svo á frá okkar bæjar-

dyrum, að þetta starf sje einkar gagnlegt fyrir íslenska tungu, og því erum við með styrknum. Jeg er manninum persónulega kunnugur, og flestir munu hafa lesið hina nýútkomnu bók hans. Hvað sem kenningunum við kemur — og jeg er fyllilega samdóma hv. 2. þm. Skagf. (JS) um, að dómurinn um bændastjettina er alrangur —, þá þori jeg að fullyrða, að hvað málið og stílinn snertir, þá er bókin að mörgu leyti snildarverk. Maðurinn er mjög málhagur og mikill íslenskumaður, og ætla jeg, að hann hafi unnið íslenskri tungu gagn með þessari orðasöfnun sinni, því að jeg veit, að hann með því móti hefir bjargað fjölda ágætra orða frá gleymsku. Hefir hann og unnið að þessu með mikilli kostgæfni; meðal annars gefið út leiðarvísi um, hvernig safna eigi orðum, og eins hefir hann aflað sjer samverkamanna úti um alt land. Hefir hann þannig komið á heilu kerfi til þess að bjarga orðum, sem eru að týnast úr málinu og verða úrelt. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði síðast, að hann væri svo mikill íhaldsmaður á íslenska tungu, að hann vildi ekki láta Þórberg Þórðarson spilla henni. Er því sjálfsagt af honum að vera á móti styrknum. En jeg get sagt aftur á móti, að jeg er svo mikill framsóknarmaður á íslenska tungu, að jeg vil láta Þórberg Þórðarson starfa áfram eins og hann hefir gert.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) gerði nokkrar athugasemdir út af till. nefndarinnar. Kom mjer það ekki á óvart, því að hann hafði jafnvel haft við orð að skrifa undir nál. með fyrirvara, þótt ekki yrði úr. En það er alveg rjett, að í þessum atriðum, sem hann nefndi, og jafnvel fleirum, var hann ekki sammála meiri hl. Annars get jeg getið þess, að auðvitað er ekki um neinn fastan meiri hl. að ræða, 4—5—6 menn, sem allir standi að baki till., heldur er nál. og till. útkoman af samstarfi nefndarinnar, og jeg hefi t. d. talað hjer af nefndarinnar hálfu með till., sem jeg greiddi atkv. a móti í nefndinni.

Jeg skal ekki fara mikið út í ræðu hv. 2. þm. Skagf. (JS). Hann vjek að Skútustöðum, sundlauginni í Þingeyjarsýslu, Þórbergi Þórðarsyni og veðurathugunarstöðinni. Vil jeg vísa til þess, sem jeg hefi í fyrri ræðu minni sagt um þessi atriði. Mjer fanst á hv. þm. (JS) — og kann mjer þó að hafa misheyrst — sem hann taka það svo, sem jeg hefði sagt eða slegið föstu, að Jón Eyþórsson ætti að koma heim. Hafi jeg sagt þetta, hefir það verið óviljandi gert. Jeg vildi þess eins geta, að forstöðumaður veðurathugunarstofunnar hefði nefnt, að þetta gæti komið til mála, en vitanlega tekur nefndin enga afstöðu til þess. En út af veðurathugunarstöðinni vil jeg segja það sjerstaklega, að jeg man ekki betur en að hæstv. atvrh. (MG), sem bar fram till. um 30 þús. kr. styrk til hennar, hafi tjáð sig sammála þessari hækkunartill. nefndarinnar. Annars er þessi till. nefndarinnar algerlega í samræmi við þá stefnu nefndarinnar yfirleitt, að láta greiðslurnar ekki fara fram úr því, sem áætlað er í fjárlögunum. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin fjekk, fanst henni, að ekki myndi unt að komast hjá því, að þessi upphæð gengi til stofnunarinnar, og hefir því borið þessa till. fram til þess að ekki þurfi umframgreiðslu.

Jeg þarf svo ekki að tala meira um það, sem einstakir hv. þm. hafa sagt um till. nefndarinnar, og get snúið mjer að hinu, hvert álit og hvaða afstöðu nefndin hafi til þeirra till., sem háttv. þm. hafa fram borið.

Þá eru fyrstar till. hv. minni hl. (BJ).

Um þær get jeg verið stuttorður, því að eins og að líkindum ræður, hafa þær hjer um bil allar verið til umr. í nefndinni, og að hv. minni hl. nefndarinnar (BJ) sýnir glögglega, að meiri hl. er á móti þeim.

Um fyrstu till., styrkinn til stúdentagarðsins, þarf ekki að tala, því að hv. þm. (BJ) hefir ákveðið að taka hana aftur til 3. umr.

Næsta till. er um styrk til Ingibjargar Guðbrandsdóttur. Þessi styrkur var samkvæmt till. nefndarinnar feldur niður í fyrra, og nefndin hefir sömu skoðun nú á málinu. Og hún er alls ekki sammála hv. þm. Dala. (BJ) um, að hjer sje um nokkurt loforð að ræða.

Til næstu till., um aðstoðarmann við Landsbókasafnið, hefir nefndin ekki tekið afstöðu í heild, heldur hafa nefndarmenn óbundin atkvæði um hana.

Næst er styrkur til að gefa út Lög Íslands. Einn úr nefndinni annar en flm. (BJ) hefir lýst því yfir, að hann yrði með annari till. um þetta, þeirri, að fjárhæðin yrði helmingi minni, eða 1500 kr. í stað 3000 kr., og mjer skildist, að brtt. í þá átt væri á leiðinni. En nefndin greiddi atkv. um að veita 1500 kr. í þessu skyni, og var meiri hl. á móti því. Jeg get bætt því við, að öllum er kunnugt um, að töluverð óreiða hefir verið á þessari útgáfu. Og þó að útgáfan sje nauðsynleg, þá lítur nefndin svo á, að þótt styrkur til hennar verði veittur þeirri bókaverslun, sem haft hefir þetta með höndum, þá fáist ekki nægileg trygging fyrir, að nægilegur myndarskapur verði á, þótt hún haldi útgáfunni eitthvað áfram. Svo eru þrír listamenn og rithöfundar, þeir Björn Björnsson, Tryggvi Magnússon og Halldór Guðjónsson. Þessar umsóknir lágu fyrir nefndinni, og hv. flm. (BJ) hefir nú talað mjög fyrir þeim öllum, en jeg hef það að segja fyrir nefndarinnar hönd, að meiri hl. var á móti þessum liðum, en þó eru óbundin atkvæði um þá alla, og ekki eru allir aðrir í nefndinni en háttv. þm. Dala. (BJ) á móti þessum styrkjum. En sem sagt, meiri hl. er á móti þeim. Sjálfur hefi jeg tilhneiging til að segja nokkuð um þetta frá eigin brjósti, en af því að jeg er frsm. vil jeg ekki gera það.

Næst er styrkur til próf. Sigurðar Nordals. Hv. flm. (BJ) telur hjer um loforð að ræða. Um það eru menn ekki sammála. Jeg og meiri hl. yfirleitt lítur svo á, að eitt þing geti ekki skuldbundið annað í þessum efnum. Hins vegar er meiri hl. sammála hv. minni hl. um þessa till., og hafa nefndarmenn óbundin atkv. um hana.

Þá eru tvær till. hv. minni hl. (BJ), sem báðar standa í sambandi við minning Eggerts Ólafssonar. Fyrst það, að veita Pálma Hannessyni styrk til þess að rannsaka óbygðir vestan Vatnajökuls; í öðru lagi að veita styrk til þess að gefa út minningarrit um Eggert Ólafsson, og eru báðir liðirnir upp á 6 þús. kr. Vitanlega er öll fjvn. á þeirri skoðun, að ánægjulegt og æskilegt væri að geta gert hvorttveggja. Það er öllum Íslendingum kært að halda uppi minning góðra og nytsamra manna. En þetta eru einar af þeim mörgu fjárveitingum, sem nefndin treysti sjer ekki til þess að fylgja nú, þótt hún vildi óska, að fjárhagurinn leyfði sjer að gera það. Jeg get minst á það, að ekki er nema stutt síðan það var 200 ára minning Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal. Þá var látið nægja, að rituð var um hann ágæt og merkileg ritgerð í Skírni. Nú er tveggja alda minning Eggert Ólafssonar; eftir 50 ár er 250 ára minning hans. Kannske er hægt að gera það þá, sem

nú verður því miður að fresta. Líku máli gegnir um næstu till., styrk til Gísla Jónassonar kennara til þess að læra að setja upp dýr. Það væri gagnlegt og ánægjulegt að geta orðið við þessu. Jeg þekki manninn persónulega, veit að hann er samviskusamur og styrksins vel maklegur, en nefndin telur samt, að þetta sje eitt af því, sem nú verði að fresta að veita. Sama er að segja um næstu till., þá, að kaupa myndina „Móðurást" eftir Jónínu Sæmundsdóttur. Hv. flm. (BJ) segir, að hún muni kosta 10 sinnum meira eftir nokkur ár. Það má vel vera, og er þá að vísu hagsýnt af landinu að kaupa hana nú, en þá er líka óhagsýnt af listakonunni að selja hana. En sem sagt, nefndin telur, að þessu megi fresta að sinni.

Næst er till. um að hækka styrkinn til búnaðarfjelaganna upp í 25 þús. kr. Jeg hefði haft mikla tilhneiging til að vera með þessari hækkun. En það var samkomulag í nefndinni að leggja á móti þessari hækkun, eins og hv. 2. þm. Skagf. (JS) vjek að. Jeg á að vísu afarerfitt með að mæla á móti þessu, en jeg verð þó að gera það og telja, að enn betra sje að styrkja Búnaðarfjelag Íslands myndarlega, eins og nefndin leggur til. Eins að hækka styrkinn vegna jarðræktarlaga, og ekki síst að greiða fyrir útflutningi bænda á kjötinu, með því að styrkja þá myndarlega til þess að koma upp íshúsum, og eins að afla þeim kæliskips, svo að þeir geti flutt kjötið út kælt og fryst. Nefndin vill láta þetta sitja fyrir þeim parti starfseminnar, sem hjer ræðir um.

Svo eru tvær sambundnar till. Brtt. frá hv. minni hl. (BJ) um launabót fiskiyfirmatsmanna og brtt. við hana frá hv. sjútvn. Jeg bjóst við, að hv. flm. (BJ) myndi taka þessa till. sína aftur til 3. umr., því að fjvn. hefir óskað eftir að athuga hana nánar, því að hún barst svo seint, að nefndin hafði ekki færi til að taka fulla afstöðu til hennar. Að vísu get jeg ekki lofað háttv. flm. (BJ), að nefndin muni taka till. upp, en hún vill gjarnan athuga hana nánar, og ætti hv. flm. (BJ) því að taka hana aftur til 3. umr.

Næsti liður er um styrk til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda. Nefndin hefir óbundin atkvæði um hana, og þarf jeg ekki fleira um það að segja.

Næst er styrkur til rannsóknar á því, hvern veg best verði tengd við sjávarafla fyrirtæki bygð á iðefnafræði. Þetta erindi, sem er frá verkfræðingafjelaginu, lá fyrir nefndinni. Dylst nefndinni ekki, að hjer er um mikilsvert mál að ræða, en hún telur, að það sje eitt af því, sem geti beðið betri tíma.

Næst er að veita 18 þús. kr., eða fyrsta þriðjung styrks til lendingarbóta og varnargarða í Grindavík. Þetta erindi, sem hv. minni hl. (BJ) vitnaði í, lá líka fyrir fjvn., en ekki aðeins það, heldur og annað af svipuðu tægi. Því að skemdir urðu ekki aðeins í Grindavík í ofviðrinu mikla, heldur og á Eyrarbakka. Eftir að nefndin hafði rannsakað báðar umsóknirnar frá Grindavík og Eyrarbakka, þá — þó leiðinlegt sje frá að segja — treysti hún sjer ekki til að vera með þeim á þessum grundvelli og eftir þeim gögnum, sem fyrir henni lágu, þó að vitanlega væri æskilegt að geta hjálpað þessum mönnum. Háttv. flm. (BJ) gleymdi að geta þess, að miklu hærri er sú fjárhæð en hjer er nefnd, sem Grindvíkingarnir fara fram á. Er talið, að

þeir komist ekki af með minna en 105 þús. kr.

Næsta till. er gamall kunningi hjer á þingi, það er um Reinhold Andersson klæðskera. IIv. flm. (BJ) talaði langt og fagurt mál um það, að menn ættu að búa að sínu og efla innlendan iðnað. Allir erum við sammála um það, og ríkið hefir og styrkt að nokkru þá viðleitni, en eins og sakir standa nú, getur fjvn. ekki verið með þessari till.

Næstu till. hv. minni hluta hefir hann frestað til 3. umr.

Seinasta til hv. minni hl. er ekki um nýja fjárveiting, heldur um, að sjeu fjárveitingar eigi fyrirskipaðar í lögum o. s. frv. Það verður að skiljast svo, að hv. flm. (BJ) eigi með þessu við það, að Alþingi hafi þann sið að efna ekki loforð sín. Ef hv. flm. (BJ) á nú við loforð eins og þau, þegar Alþingi hjet að kaupa grasasafn Stefáns skólameistara og borga með 3—4 ára afborgunum, eða það að kaupa handritasafn Jóns Aðils o. s. frv., þá hefir Alþingi aldrei svikið slík heit, og því ekki ástæða til þess að setja slíka grein inn í fjárlögin. En eins og jeg gat um áður, lítur nefndin ekki svo á, að þó að einstakir styrkir komist inn í fjárlögin, þá sje þar um áframhaldandi bindandi loforð að ræða. Því er meiri hl. á móti því, að þessi brtt. verði samþykt.

Þá eru brtt. annara hv. þm., og skal jeg fara þar svo fljótt yfir sem unt er.

Fyrsta er sú, að báðir hv. þm. N.-M. fara fram á styrk til húsabóta á Skeggjastöðum. Hafa báðir mælt mjög með þessari till. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að þetta væri alveg sambærilegt við það, sem gert hefði verið t. d. gagnvart Mosfelli í Grímsnesi. Það er að einu leyti sambærilegt, því að búið er að reisa húsið á báðum stöðunum. En mismunurinn er sá, að með þeim þrem umsóknum til húsabóta á prestssetrum, sem nefndin hefir tekið upp, hefir biskup eindregið mælt, en með þessari umsókn hefir hann ekki treyst sjer til að mæla, því að hann skorti fullnægjandi upplýsingar. Biskup skýrði og frá því í áliti sínu, að hann ætlaði nú í sumar að vísitera þarna, og myndi eftir það geta gefið fullkomnar upplýsingar um málið. Leggur því nefndin til, að þessu sje frestað þangað til þær eru fengnar.

Þá eru tvær till. frá hv. þm. Barð. (HK) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) um styrk til barnaskóla. Þm. mæltu báðir vel fyrir þessum till., og einnig lágu fyrir nefndinni ummæli fræðslumálastjóra. Nefndin neitar ekki, að þörf sje þessa styrks og æskilegt að geta veitt hann, en meiri hluti hennar leggur þó til, að því sje frestað í þetta sinn, eins og mörgu öðru, sem hún sjer ekki fært að sinna.

Þá flytja 3 hv. þingmenn úr Múlasýslum tillögu um styrk til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum. Jeg neita því ekki, að rjett sje það, sem sagt hefir verið, að Austfirðingafjórðungur eigi lagalegan og siðferðilegan rjett á, að þetta sje gert, en hann getur ekki heimtað, að það sje gert núna. Þinginu er heimilt að fresta þessu, og meiri hluti nefndarinnar leggur til, að því sje frestað nú, vegna fjárhagsörðugleika ríkisins. Auðvitað væri æskilegt að geta sint þessu strax, og það er rjett, sem tekið hefir verið fram, að þetta er eina mentastofnunin austanlands, en í því sambandi má minna á, að Sunnlendingafjórðungur á enga slíka mentastofnun. Jeg get tekið fram, að nefndin var ekki öll á móti þessari fjárveitingu, og er jeg einn af þeim, sem hafa óbundið atkv.

Þá er till. frá hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) um styrk til kvöldskólahalds. Engin plögg lágu fyrir nefndinni um þetta mál,

en nú er komin fram skýrsla og gögn, sem nefndin hefir ekki haft tækifæri til að athuga, og veit jeg því ekki, hvaða áhrif þessar upplýsingar hafa.

Næst er till. frá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um hækkun á styrk til húsmæðrafræðslu á Ísafirði úr 2000 kr. upp í 3000 kr. Nefndin viðurkennir rjettlátt að styrkja þessa starfsemi, en treystir sjer ekki til að mæla með hærri upphæð en 2000 kr.

Þá er tillaga hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Jeg tók svo eftir, að hann vildi láta hana bíða til 3. umr. Nefndin fjekk skjölin svo seint, að ekki var tækifæri til að athuga málið.

Þá er næst till. frá nokkrum þingm. um aukastyrk til amtsbókasafnsins á Akureyri, sem meðfram á að vera til þess að hlynna að einu af okkar ungu og góðu skáldum. Nefndin getur sjálfsagt öll tekið undir með hv. þm. Ak. (BL), að gott væri að geta styrkt hvorttveggja, bókasafnið og skáldið, en meiri hluti hennar hefir þó lagt til, að þessu yrði frestað af sömu ástæðum og svo mörgu öðru.

Þá er till. frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ) um styrk til Sögufjelagsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur á móti þessu, en atkv. eru óbundin. Mjer skildist á hv. flm. till. (KlJ), að hann hefði eitthvað að athuga við orðabreytingu nefndarinnar, en hún var gerð samkv. ósk forseta Sögufjelagsins.

Þá er till. frá hæstv. forseta þessarar deildar um styrk til Fræðafjelagsins. Jeg mun sjálfur hafa talað á síðasta þingi fyrir þessari fjárveitingu og ný gögn hæstv. forseta (BSv) hafa styrkt mig í þeirri skoðun. Frá nefndarinnar hálfu eru atkv. óbundin.

Sama er að segja um næstu till., styrk til Stefáns frá Hvítadal. Meiri hluti nefndarinnar er á móti, en atkv. óbundin.

Þá er till. um 1500 kr. styrk til Alþýðufræðslu stúdentafjelagsins, og fellst nefndin á hana. Út af till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um að nokkur hluti styrksins gangi til Austurlands má geta þess, að á Akureyri er stúdentafjelag, sem getur látið nota styrkinn þar, en enginn slíkur aðili er fyrir austan. Þó hefir styrkur verið látinn austur, og mun stúdentafjelagið hjer fúst á, að svo verði áfram, ef um það kemur beiðni.

Sami hv. þm. (SvÓ) á till. um styrk til Þórarins Jónssonar. Jeg efa ekki, að hv. þm. hefir skýrt rjett frá um þennan mann, en meiri hluti nefndarinnar leggur þó á móti till.

Næst er till. hv. 2. þm. Rang. (KlJ) um styrk til landmælinga. Gögn lágu ekki fyrir nefndinni, en hv. flm. hefir lýst málinu. Allir eru víst sammála um það, að ánægjulegt væri að geta haldið mælingunum áfram, en meiri hl. nefndarinnar leggur þó til, að þessu sje frestað vegna fjárhagsörðugleikanna.

Till. um brimbrjót í Bolungarvík hefir flm. ákveðið að fresta til 3. umr.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) flytur till. um styrk til U. M. F. Í. Nefndin leggur til, að varatillagan, 1800 kr., sje samþykt.

Næsta till., frá hv. þm. Mýra. (PÞ), er tekin aftur til 3. umr.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) mælti rösklega með styrk til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs. Nefndin lagði til árlegan styrk, en atkv. hennar um þetta eru óbundin.

Þá er till. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um styrk til bryggju á Ísafirði. Hefir nefndin þar óbundnar hendur. Er rjett, sem hv. flm. sagði, að hjer er um að ræða

skyldu ríkissjóðs, sem ekki verður komist hjá að rækja, og eins og hv. flm. tók fram, þýðingarlaust að fresta því, og leiðin góð, að láta styrkinn ganga upp í lán, sem ríkissjóður hefir veitt kaupstaðnum.

Þá kemur næst till. frá háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) um styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Hv. flm. gaf góða skýrslu um málið og plögg lágu fyrir nefndinni. Kom fram, að sjóðurinn hefir veitt tölu- nefndarinnar. vert fje til styrktar mönnum, sem orðið hafa fyrir slysum. Nú liggur fyrir þinginu frv. um slysatryggingar, sem ljettir mjög á þessum sjóði, ef það verður samþykt. Liggur því beint við að fresta þessu, þar til sjeð er fyrir endann á því frv.

Þá liggur næst fyrir að mæla af meiri hl. nefndarinnar hálfu móti till. um hækkun á styrk til Goodtemplarafjelagsins, sem jeg hefi sjálfur borið fram ásamt hv. þm. Borgf. (PO). Fengum við þá till. ekki samþykta í nefndinni og berum hana því fram í þessu formi. Atkv. nefndarinnar eru óbundin.

Þá er till. frá mörgum þm. um styrk til Theodóru Thoroddsen, og er nefndin einróma með henni.

Af líku tægi er næsta till. Þar hefir nefndin óbundin atkv.

Næst er till. frá hv. þm. V.-Sk. (JK) um 6000 kr. lán til Síðuhjeraðs, vegna byggingarkostnaðar, sem farið hefir fram úr áætlun. Það er ákveðin stefna nefndarinnar að veita engar uppbætur af þessu tægi. Meiri hluti nefndarinnar er því á móti þessu, þó flutt sje í þessari mynd. Nefndinni er ljóst, að ef hliðin eru opnuð inn á þessa braut, þá muni margt á eftir koma. Telur hún því rjett að láta jafnt yfir alla ganga.

Þá koma till. frá hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Mýra. (PÞ) um breytingu á vaxtakjörum sýslumanns Borgfirðinga. Um þessar till. hefir nefndin óbundin atkv.

Jeg skal svo ekki ræða meira um einstakar tillögur, en aðeins víkja nokkrum orðum til hæstv. fjrh. (JÞ), út af ummælum, sem hann ljet falla til nefndar-

Hæstv. fjrh. þykir nefndin hafa tekið of stórt fyrsta sporið og látið undan of mörgum fjárbeiðnum. Jeg skal ekki deila um það. Jeg sagði frá, hvað mikið hefði borist af fjárbeiðnum og ekki verið tekið undir nema ⅓. En það má altaf deila um það, hvar draga skal markalínuna, hvað fært er að gera og hvað ekki.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess í sambandi við ummæli, er fjellu hjá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að ógætilegt væri að segja, að búast mætti við tekjuafgangi og því óhætt að slaka á klónni. Jeg verð að segja frá minni hálfu, að mjer þótti hæstv. fjrh. tala ógætilega, þegar hann var að gefa ávísun á varasjóð landsverslunar. Það er eftir að berjast um þetta mál hjer á þingi. En jeg verð að segja, að mjer þykir þetta allóhyggilegt búskaparlag. Mætti líkja því við þá búhyggni bónda að slátra einni bestu kúnni úr fjósinu og jeta.

Jeg get skrifað undir margt af því, sem hæstv. fjrh. sagði um erfiðleika atvinnuveganna hjer, og það er ekki ólíklegt, eins og hann tók fram, að erfiðleikarnir geti orðið meiri. En jeg hygg, að stærsta atriðið sje ekki það, sem hæstv. fjrh. vjek að, hvort gjaldamegin er þúsundinu meira eða minna. Það, sem mest á ríður, er að taka skynsamlegri stefnu

um að festa gengið og lækka vextina. Þannig mun best takast að firra atvinnuvegina kreppu.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg verð að gera aths. út af því, að jeg get ekki lofað að vera fáorður. Það, sem jeg sagði í gær, var af þeirri ástæðu, að mjer var ekki svo í skapi, að jeg treysti mjer til að halda langa ræðu.

Jeg vil geta þess, að mjer þykir óviðkunnanlegt, þegar verið er að reikna það, utan þings og innan, hvað það kosti, að þm. láti skoðun sína í ljós hjer á þingi. Það gæti leitt til undarlegra hluta, svo sem að málleysingjar yrðu sendir á þing, eða annars þaðan af verra.

Þá ætla jeg að beina máli mínu til hv. frsm. meiri hl. (TrÞ). Það eru ekki beint deiluatriði, heldur ýmislegt, sem hann hefir misskilið, sem jeg ætla að tala um. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að styrknum til Ingibjargar Guðbrandsdóttur hefði verið lofað. Það sagði jeg ekki, heldur hitt, að hann hefði verið veittur ár eftir ár.

Þá mintist hann á, að hv. fjvn. vildi ekki verða sammála um að veita þær tvennar 6000 kr., sem jeg fer fram á. Það er aðeins að nokkru leyti rjett, að rannsóknarför Pálma Hannessonar sje gerð í minningu Eggerts Ólafssonar, þó að minst væri á það í umsókninni, að hún bæri upp á sama ár og 200 ára afmæli Eggerts. En mjer þykir óþarfi að geyma unga og áhugasama vísindamenn, þótt ekki sje nema eitt ár. Það á að lofa þeim að taka til starfa strax, því að hvert árið, sem tapast af mannsæfinni, er miklu meira virði en slík smáupphæð. Mannsæfin er takmörkuð hjá vísindamönnum, engu síður en öðrum. Það getur munað því, að ef þeir fá ekki að byrja þetta árið, endist þeim ekki aldur til að fullgera starf sitt. Jeg þekki mörg dæmi þess, og það veit jeg, að hv. þm. þekkja líka, og vona, að þeir sýni við atkvgr.

Hvað viðvíkur hinum liðnum, þakka jeg hv. 2. þm. Rang. (KlJ) fyrir að hafa mælt með minningarriti um Eggert Ólafsson. Sá styrkur er svo sjálfsagður, að það mundi spyrjast víða, ef Alþingi neitaði.

Hv. frsm. meiri hl. (TrÞ) mintist á, að Birni Halldórssyni væri ekki meiri virðing sýnd en að rita ritgerð í tímarit til minningar um hann. En þetta er þannig fyrirhugað, að hver riti sína ritgerð um þá fræðigrein, sem hann var frömuður að hjer á landi. Og styrkurinn er reiknaður eftir arkafjölda, einungis til að greiða útgáfukostnaðinn. Ritlaunin gefa þeir, sem rita. Jeg vænti þess, að mönnum sje kunnugt, að sú er venja um heim allan, að heiðra mikla vísindamenn á þann hátt, að margir höfundar taka sig saman og rita um þá fræðigrein, sem vísindamennirnir hafa lagt stund á. Þetta vildi jeg taka fram, til þess að það ylli engum misskilningi. Jeg man, að jeg tók það ekki nógu ljóslega fram í fyrri umr. Hv. frsm. gat þess, að Íslendingar væru ávalt fúsir til að heiðra sín mikilmenni. Það væri gott, ef svo væri. En þar sem hv. frsm. meiri hl. er sögumaður mikill, ætti hann ekki að segja þetta, því að engin þjóð mun tregari til að heiðra mikilmenni sín, að minsta kosti ekki í lifanda lífi, en einmitt við Íslendingar. Það kann þá að vera 100—200 árum eftir daudða þeirra, og því væri undarlegt, ef hv. þm. vildu ekki nú sinna þessu. Hjer ætti ekki að komast að nein hræðsla um, að einum væri hossað meir en holt væri fyrir hina, en þess kennir mjög hjer á landi, og algengara er að halda öðrum niðri en að

skara fram úr. Jeg er ekki meiri maður en það, að jeg er ætíð feginn, ef jeg fæ ástæðu til að virða eitthvað, sem aðrir hafa gert vel. Jeg trúi ekki, að menn hafi staðið mig að því að vera ófús á það, enda hefi jeg jafnt mælt með vinum sem óvinum, ef jeg hefi álitið, að þeir væru styrks maklegir eða þurfandi fyrir hann. Jeg hirði ekki um að nefna dæmi, þar sem jeg býst ekki við, að neinn vjefengi orð mín.

Þá gat hv. frsm. meiri hl. um „Móðurást" Jónínu Sæmundsdóttur og sagði, að ef það væri hagsýni fyrir þjóðina að kaupa hana strax, væri engu minni hagsýni fyrir eigandann að selja hana ekki, fyr en hún hefði stigið í verði. En nú er það kunnugt, að magi manna þolir ekki að vera matarlaus í 365 daga, og jeg get hugsað mjer, að nokkrir 365 dagar líði, þangað til hún hefir stigið í verði. En á meðan er listamaðurinn svangur og klæðlítill. Það er sagt, að sá, sem hjálpi fljótt, hjálpi vel, og væri því óskandi að mynd þessi yrði keypt strax. Hins vegar er jeg ekki að mæla á móti því, að Alþingi greiði listamanninum meira en farið er fram á. Jeg er ekki að aftra því, og ef hv. þm. þykir hag hennar illa borgið, má hækka upphæðina.

Þá fór hv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum um búnaðarfjelögin og lagði á móti styrk til þeirra. *(TrÞ*: Það er ekki rjett). Þá hefir hv. frsm. talað í nafni nefndarinnar. Hann hafði oft þau orðtæki, að þetta væri nú gott og þarft, ef maður gæti það. Jeg veit ekki, hvað hv. frsm. talar frá eigin brjósti og hvað í nafni meiri hl. nefndarinnar. Það má vera, að hann sje mjer sammála meir en ráða má af orðum hans.

Jeg get ekki játað, að þessar smátillögur sjeu yfirleitt ofvaxnar ríkissjóði nú. Hitt þykir mjer líklegra, að þó að allar tillögurnar verði samþyktar og þó að lausaskuldirnar verði borgaðar á 3 árum, sje nóg fje til þessa alls. Þess vegna finst mjer kraftlaus ástæðan, að ekki sje hægt að veita 25000 kr. til búnaðarfjelaganna, en hinsvegar mun vera erfitt að skifta 10000 kr. í svo marga staði. Það er hætt við, að hver skerfur yrði svo óhöfðinglegur, að menn hættu að líta upp til þeirra, sem veittu hann.

Hv. frsm. mintist því næst á fiskimatsmenn og kaup þeirra. Hann sagði, að nefndin hefði ekki viljað taka þetta upp, og hefði ekki haft tíma til að komast að neinni niðurstöðu. En þar sem jeg er heimskastur manna í nefnd, og hefi þó haft nægan tíma, er ekki óeðlilegt, að mjer finnist sú ástæða ekki sannfærandi. Jeg gæti tekið aftur till., ef jeg fengi fyrirheit frá nefndinni um að taka málið upp, annars ekki. Jeg vil þá heldur, að gengið sje til atkvæða um það.

Þá sagði hv. frsm., að jeg hefði borið fram tillögu um, að veitt yrði fje til lendingarbóta og varnargarða í Grindavík, en ekki tekið tillit til umsóknar frá Eyrarbakka. Tvent bar til þess, í fyrsta lagi, að í Grindavík urðu meiri skemdir en á hinum staðnum, og í öðru lagi vildi jeg ekki taka tækifærið frá háttv. þm. þess kjördæmis til að bera fram till. Jeg hjelt þeir mundu gera það sjálfir, og ætlaði jeg þá að greiða atkvæði með því, því að jeg tel, að landinu sje skylt að hlaupa undir bagga og hjálpa, þegar svo stendur á. Sjávarþorp, sem liggur fyrir opnu hafi og á erfitt útræði, þarf að hafa góða lendingu. Þess vegna er það stór hnekkir, ef lending er ótæk og varnargarðar skolast burtu, og sjórinn er ekki svo brjóstgóður, að hann kippi að sjer hendinni, sem hann hefir reitt til höggs. Al-

þingi hefir sýnt það með sjóvarnargarði á Siglufirði og í Bolungarvík og ýmsu öðru, að það telur sjer skylt að hjálpa, er svo stendur á. Því vænti jeg þess, að tillaga mín verði samþykt.

Þá mintist hv. frsm. á lánið til Reinhold Anderssons klæðskera, og sagði, að jeg hefði farið mörgum fögrum orðum um, að gott væri að búa að sínu. Jeg hafði þau orð, að hv. þm. vissu þetta betur en jeg, en vildi þó láta þá heyra þá skraddaraþanka, sem lágu á bak við till. Mjer virðist það ekkert stórt spor fyrir ríkissjóð, þó að hann láni nokkur þúsund kr. til að styðja að því, að menn geti klæðst í góð, íslensk ullarföt.

Þá væri það ekki svo afarmikill sparnaður við það, en það, sem af því leiðir, er það, að bændur fengju tryggari markað fyrir vöru sína, og að borga vinnu dúkanna og saum allan innlendu fólki. Alt þetta væri svo mikils virði, að ríkið gæti lagt í þá miklu hættu að lána 20000 kr., gegn þeirri tryggingu, sem það tekur gilda, til þess að stíga gott spor í þessa átt. En jeg skal ekki þreyta þetta frekar; jeg bað menn í fyrri ræðu minni að koma með ástæður mjer til handa, svo að jeg gæti öðlast betri þekkingu, ef jeg færi með eitthvert skaðræðismál, en það hafa engir gerst til þess, svo að jeg viti, að bera fram rök á móti þessari skoðun.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. (TrÞ) um loforð þingsins og mín orð þar að lútandi, og síðast brtt. mínar, og þar er það helst, að okkur ber á milli, því að mjer skilst, að okkur hafi ekki borið svo mikið á milli, að minsta kosti ekki sem þingmönnum, heldur af því að hann sje fyrirsvarsmaður nefndarinnar og verði að halda öðru fram en jeg. Hv. þm. (TrÞ) sýndist ekki hafa tekið eftir því, hvað jeg tel fyrirheit þings og loforð, og nefndi nokkur dæmi þess, að þingið hefði ekki brigðað loforð sín. Hv. þm. (TrÞ) nefndi t. d. það, að þingið hefði ekki skorast undan að greiða andvirði hluta, sem það hefði keypt fyrir umsamið verð. Mikið rjett. Það gerir þau loforð og fyrirheit, sem það er skylt til að efna. En það eru líka önnur loforð, sem eru enguómerkari, en sem þingið hefir brigðað. Jeg skal til dæmis minna á það, að eitt árið tók þingið það til bragðs að semja við smið einn hjer í bæ, sem heitir Einar Erlendsson, um að hann skyldi vera ráðinn aðstoðarmaður hjá húsameistara ríkisins fyrir ákveðið kaup, 7000 kr. á ári. Það var veitt í fjárlögum til þessa starfa og maðurinn tók hann að sjer, en þurfti að afsala sjer öðru starfi launuðu.. Nú munu allir hafa álitið, að þingið vildi halda þessum manni í stöðunni, enda mun hann sjálfur hafa gert sjer vonir um það, því að enginn segir af sjer launaðri stöðu, til þess að fá ekkert í staðinn. En næsta þing veitir ekkert til starfans, og þá er of seint fyrir manninn að ganga í sitt fyrra starf, því að þar er þá annar kominn. Það er sama að segja um dr. Alexander Jóhannesson, og sama um Jóhannes L. Jóhannsson, sem átti að fá uppbót á launum sínum, án þess að farið væri að rífast um það, hvort hann hefði þúsund krónunum meira eða minna. Þetta er að brigða loforð sín, og þetta myndi jeg ekki telja mjer samandi að gera. Þess vegna vildi jeg, að því væri bætt inn í þessa grein, að fyrirheit þingsins skuldbindi til frekari fjárveitinga, því að það er óviðeigandi og ósæmilegt um fjárveitingu sem þá, er jeg nefndi áðan, að hún gildi aðeins fyrir eitt ár, heldur á það að vera svo, að loforð konungs og fyrirheit Alþingis eiga að tryggja, að þetta komi aftur á næsta fjárhagstímabili. Jeg skil það ekki, að hv,

þm. geti haft neitt á móti því að samþykkja þessa brtt., því að þinginu ætti ekki að þykja minna um vert sitt eigið loforð heldur en um konungsúrskurð, sem þó er ekki annað en stjórnarráðstöfun. Jeg geng því að því vísu, að hv. þm. muni samþykkja þetta, en ef einhverjum þykir þessi breyting ekki koma rjett við fyrri hluta gr., þá er hægast að taka brtt. aftur til 3. umr. og breyta um orðalagið, en jeg held, að hún muni gefa jafnglögga meiningu sem greinin í sjálfu frv.

Annars vil jeg þakka hv. þm. (TrÞ) og nefndinni, sem vildi vel gera til mín og minna tillagna, með því að fallast á sumar en gera úrlausn á sumum. Jeg vil fara nokkrum orðum um eina þeirra; það er 21. liðurinn, til rannsóknar á því, hvern veg best verði tengd við sjávarafla fyrirtæki bygð á iðefnafræði. Það er með þetta alveg eins og aðrar framkvæmdir til atvinnubóta í landinu, að menn segja, að það megi bíða, það sje ekkert tjón að því; en þetta er alls ekki rjett, því að með því að bíða missist sá hagnaður, sem annars mundi unninn, ef breytt hefði verið, og því fyr sem breytt er, því fyr fá menn gróðann, og því er það ekki annað en blátt áfram gróðafyrirtæki að leggja í þetta.

Jeg vildi ekki nefna menn, sem líklegir væru til þessa starfa, en jeg skal nú minnast á, að það eru tveir menn í bænum, sem hvor um sig eru líklegir til að verða að gagni við þetta; annar þeirra er Trausti Ólafsson, sem nú er embættismaður í þjónustu ríkisins, og því líklega bundinn, en hinn er Ásgeir Þorsteinsson, efnafræðiverkfræðingur. Ímynda jeg mjer, að þessu máli væri vel komið, hvor þeirra sem væri settur til þess að rannsaka þetta, og efast jeg ekki um, að þeir mundu gera miklar umbætur á þessari framleiðslu, lýsisframleiðslunni, til stórgróða fyrir landið, og jafnvel fyrir ríkissjóð. Það er með þetta sem annað slíkt, hvort sem það er til landbúnaðar eða sjávarútvegs, að jeg tel mjer skylt að fylgja fram þeim málum, sem jeg sje að muni bera ávöxt þegar á næstu árum og eru þannig, að ekki þýðir neitt að fresta þeim. Ber jeg það traust til hv. þm., að þeir sjái, að slík fyrirtæki mega ekki liggja, ekki geyma þau frá ári til árs. Það er miklu meiri hagur að því að byrja á sjálfsögðu gróðafyrirtæki og vinna bót á atvinnuvegum landsins heldur en að horfa í það, þó að þurfi að borga nokkuð af vöxtum í nokkur ár. Það er ósköp algengt dæmi, að á meðan ærin kostaði 12 krónur, var hún leigð án endurnýjunarskyldu fyrir 2 kr., og menn tóku ærnar á leigu og það margborgaði sig, af því að þær gáfu ekki af sjer 15—16%, heldur jafnvel 30—50%. Eins er það með öll fyrirtæki, stofnuð til atvinnubóta, þau gefa margfaldan gróða við það, sem vextirnir af ánni verða við þá upphæð, sem varið er til hennar. Þetta er algengt reikningsdæmi, sem jeg veit, að hver einasti þingmaður kann að reikna betur en jeg, svo að jeg býst ekki við, að þeir þurfi mikið að læra af mjer í þessu efni, sem ekki er annað en ljelegur málfræðingur, en samt mundi nú þetta reynast rjett, ef hv. þm. vildu athuga það og hefðu ekki gert það áður.

Jeg skal svo hverfa frá atvinnuvegunum og minnast lítillega á eina till. fjvn., sem hv. frsm. (TrÞ) gat um, 20000 kr. til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum. Þar hvarf öll nefndin að einu ráði, að setja þetta fje, ekki beinlínis til þess að menn gætu hafist handa eða reist marga skóla, heldur til þess að byrja á

þessari fjárveitingu og til að setja fastar reglur um, hvernig verja skuli þessu fje. Þetta er sjálfsagt fyrsti liður í fjárlögum með þessum skilyrðum, því að liðurinn í fjárlögunum 1920 ætla jeg að hafi verið til þess að reisa hjeraðsskóla að ⅔ hlutum kostnaðar. En þetta er gert til þess að styrkja það, að menn geti fengið góða gagnfræðamentun þar í sveit, sem skólinn er.

Þá vil jeg minna á annað atriði, sem heyrir að nokkru leyti undir atvinnuvegi. Það er Skeiðaáveitan; jeg veit ekki betur en að slík atvinnufyrirtæki eigi að vera svo, að þau borgi sig, því að það er ekki hyggilegt að ausa út, hvorki landsins fje eða einstakra manna, í það sem ekki ber sig. En til þess að slíkt beri sig, þurfa mennirnir að geta aukið bú sitt jafnóðum og grasið vex, og það verður ætíð jafnhliða að hugsa fyrir því, að eitthvað sje til af ferfættum skepnum til þess að jeta það, en bændur eru ekki svo vel staddir nú, að þeir geti af eigin ramleik aukið bú sín, svo að nokkru nemi. En til þessa hafði Landsbankinn hugsað sjer að styrkja þá, með því að sjá þeim fyrir lánsfje með ekki háum vöxtum, til þess að auka með bústofninn. Þetta er eina færa leiðin, og þá hefði ekki þurft að bíða lengi eftir því, að þetta fyrirtæki bæri sig; en án þess að framleiðslan aukist og það, sem menn fá upp úr jörðinni, er það ekki hægt. Það er svo oft, að menn leita langt yfir skamt og eru með bollaleggingar um fyrirmyndarbú og annað þess háttar, en gá ekki að því, að það mun seint að bíða eftir þeim lærdómi, sem fæst með tilraunabúum, ef þau þá ekki fara á hausinn, þó að bændurnir standi sig vel.

Þá er orðabókarstyrkurinn. Þegar þessi styrkur varð fyrst til, þá var það grímuklæddur lífsuppeldisstyrkur til ákveðins manns, en þegar hans misti við, fór jeg fram á, að honum yrði varið til þess að semja vísindalega orðabók. Þetta fyrirtæki, sem er alveg nauðsynlegt, mun verða þeim mönnum, sem því hafa fram komið, til mikils sóma hjá öldnum og óbornum, og það mundi halda uppi nöfnum þeirra manna, hversu langsýnir þeir hafi verið, því að vísindaleg orðabók er sá lífsbrunnur, sem tungan á að ausa úr á *ókomnum* öldum. Gekk vel á meðan Björn frá Viðfirði og annar maður til unnu að þessu, en eftir að hans misti við, var einn maður látinn sitja að þessu starfi. En það vita allir, að slíka orðabók semja ekki færri en 4—5 menn á 25 árum í besta lagi, svo að þetta er ekkert nema kák, og svo, í stað þess að bæta við fjórum mönnum eða fimm, hefir Alþingi altaf verið að naga af þessum eina manni laun hans. En það er þó von um, að orðasöfnun komist nokkuð á leið, ef tveir menn vinna að henni, og þó að jeg telji Jóhannes Lynge vinna mjög mikið og vera starfsaman og manna best fallinn til þessa, getur þó ekki spilt til, að annar maður, sem orðinn er allvanur og veit hvernig á að gera þetta, fái líka styrk. Jeg heyri, að hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að það sje til þess að tína spörð. Já, það mætti nú minna á gömlu vísuna:

Grammatíkus greitt um völl
gekk með tínukerin;
hirti spörðin, eg held öll,
en eftir skildi berin.

En þetta er sagt til óvirðingar málfræðinni, en hitt er víst, að það er ekki ætíð hægt að sjá það í fyrstu, hvort það er ber eða sparð, sem fundið er; en þrátt fyrir það mundi það ekki kölluð sam-

viskusamleg orðasöfnun, ef gengið væri framhjá því, sem kallað er spörð, eða slettum eða óorðum, því að það getur vel verið, að það sje rót af gömlu orði. Hvað sega menn t. d. um þetta: Það kvu vera gott veður í dag. Nú er vanalega skrifað: „Það kvað vera gott veður í dag", en það er ekki rjett. Hjer er rótin kveður, en það dregst eftir rjettum reglum saman í kvu. Jeg er nú ekki að segja þetta af minni visku, heldur varð mjer þetta fyrst fyrir, af því að þetta var einmitt eitt af þeim dæmum, sem Jón Þorkelsson, skólastjóri, sagði okkur frá, sem þá vorum ungir. Jeg tek þetta sem dæmi um það, að það getur oft sýnst mönnum, sem ekki eru fróðir um þessi mál, að það sje alls ekki rjett að tína slík spörð. En það er rjett að hirða alt, því við nákvæmari athugun má láta það liggja eftir, þegar farið er að gefa út, en ekki rjett að missa af góðum orðmyndum, þó að þær kunni að sýnast spörð. Og ekki síst af því, að það þarf líka að safna til bókarinnar, ekki aðeins úr bókum, heldur líka um öll hjeruð lands, á að hafa minst tvo menn við bókina, en þingið þykist kannske ekki mega við því að hafa tvo menn fasta við orðabókina.

Það var víst hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem var að tala um listir, að Íslendingar væru einkennilega leiknir í orðsins list. Þetta er rjett. Íslendingum hefir best látið orðsins list að fornu, þó að nú sjeu þeir, sem betur vita, bæði skáld og aðrir, farnir að taka upp að raða orðum og setningum svo sem útlendingar eru vanir að gera, en ekki sem forfeður þeirra. Er þetta þó ekki til bóta fyrir þá, því að í harpljóðagerð mundu Íslendingar að mínu viti fult eins framarlega og aðrar þjóðir, og jeg þori vel að bera saman Jónas Hallgrímsson og sjálfan Goethe eða Schiller, sem annars eru taldir með heimsins bestu ljóðskáldum. Og um listgáfu þeirra á öðrum sviðum, bæði fyr og síðar, vil jeg benda á, að það er gefin út teiknibók af norskum fræðimanni; þar eru allskonar stafir, drættir og teikningar frá miðöldunum, listavel gert, en síðan þessi morgunroði myndlistarinnar á Íslandi rann upp með Einari Jónssyni, verður ekki annað sagt en að niðurstaðan sje í alla staði ágæt og langt fram yfir það, sem nokkur maður þá hefði getað vonast eftir, hversu bjartsýnn sem hann væri.

Nú skal jeg játa það, að Alþingi hefir farist heiðarlega við Einar Jónsson myndhöggvara, en það er ætíð gleymt þessari knýjandi nauðsyn, sem er ástæðan til þess, að Íslendingar verða að styrkja slíka menn meira en aðrar þjóðir; það er af því, að við erum svo fámennir, að enginn listamaður, hversu fullkominn sem hann er, getur haft atvinnu af sinni list, og eigi hann ekki að slökkva þann guðdómsloga, sem í honum brennur, verður að hlaupa undir bagga með honum; það eru mennirnir, sem sjálfir ákveða sig til fórnardauða fyrir sína þjóð, því að það er reglulegur fórnardauði að lifa með sultinn fyrir rekkjunaut og dauðann fyrir dyrum. Menn skulu því ekki láta sjer koma það neitt á óvart, þó að jeg hafi bætt nokkrum till. við það, sem nefndin kom með. Jeg hefi haldið því fram, að þessar upphæðir ætti að veita allar í einu lagi og það ætti helst að vera sjerstök nefnd, sem útbýtti þeim styrk, sem veittur er.

Nú hefir háttv. meiri hl. fjvn. tekið út úr sjerstaklega tvo menn, sem hann vill láta gera vel við fremur öðrum, og er því hægur eftirleikurinn fyrir mig að telja einnig upp nokkur nöfn, og jeg get frætt háttv. þingdeild á því, að þó að jeg

hafi hjer komið fram með nokkur nöfn manna í þessu sama skyni, að þá hefi jeg ekki nándar nærri tekið upp alla þá menn, sem sjerstök ástæða væri til að nefna. Jeg hefi t. d. tekið Björn Björnsson. Jeg hefi áður lýst því, hvers vegna þessir menn ættu að eiga heimting á styrk til náms síns og annars. Björn Björnsson er ungur sem listamaður, en þó ekki óreyndur. Hann er marghliða og er efnilegur á mörgum sviðum listarinnar. Hann hafði hjer sýningu í haust, og verk þau, er hann sýndi þar eftir sjálfan sig, sönnuðu þetta fullkomlega. Þar var svo að sjá, sem honum ljeti alt jafnljett: að sýna sorgina, gleðina, fyndni og gaman og háðið; alt ljet honum jafnvel.

Jeg þekki ekki þennan mann persónulega, og er það ekki af neinum ástæðum því líkum, er jeg nú legg það til, að þessum manni verði gert kleift að halda áfram háskólaveg listamanna, — að hann megi ná að ferðast suður til Rómar og sjá þar það, sem göfgast er fornrar listar, — listar, sem engir fyr nje síðar hafa komist jafnfætis, því síður fram úr.

Jeg hefi tekið upp nafn Halldórs Guðjónssonar, sem kallar sig Kiljan Laxness, og jeg ber þennan mann fram vegna þess, að jeg álít, að hann eigi að eiga kost á að gefa sig eingöngu við skáldskaparlistinni. Hann sýnist vera fæddur til listarinnar og vera einn af þeim mönnum, er sjerstæðir eru og verða að fá að njóta sín á sínu sviði, eða hvergi ella, og er því auðsætt, að Alþingi ber skylda til að hjálpa þessum manni til að ná fullum þroska.

Þá hafa nokkrir aðrir háttv. þm. komið fram með Stefán frá Hvítadal. Jeg er enginn spámaður eða svo fjölvís að bókviti, að jeg geti jafnað mjer við háttv. fjvn., og jeg skal heldur ekki telja úr, þótt hún hafi tekið þar út úr tvö skáld. Þann styrk, sem þau eiga samkv. því að fá, tel jeg ekki eftir, en jeg þykist þó bera eins mikið skyn á þessa hluti og hver óvalinn maður annar, og sje því og veit, hvað gott er af því, sem fram hefir komið á þessu sviði listarinnar, og án þess að vilja draga neitt úr lofi annara, held jeg því þó hiklaust fram, að Stefán frá Hvítadal ber stórum af öðrum skáldum, sem nú eru uppi á Íslandi. Hann er þróttmestur allra núlifandi skálda og fer manna best með efni þau, er hann yrkir um, og málfæri hans er víða afburða gott. Enda mun það sannast, að svo mun framtíðin dæma hann. Jeg greiði því með ánægju þessari brtt. atkvæði mitt.

Jeg læt svo nægja þessi fáu orð mín um þessi atriði og læt mjer ekki koma annað til hugar en að háttv. þingdeild samþykki þessar brtt. mínar allar. En á einu vil jeg þó að síðustu vekja athygli hv. þm., hversu þessi styrkur til skálda og listamanna hefir gengið úr sjer hin síðustu árin; hann var kominn upp í 12 þús. kr. fyrir stríð, og ætti ekki að hafa minkað eins og raun er á orðin, því að eftir kaupgildi peninganna ætti hann að minsta kosti að vera 24 þús. kr. á þessum tímum. En jeg get ekki sjeð, að hægt sje að lifa á tölum einum og núllum, og því er ekki rjett að kippa að sjer hendinni með styrkveitingar til þeirra hluta, sem dýrmætastir hafa reynst þessari þjóð. Hvaða dýrmæti ættum vjer nú, ef ekki hefðum vjer átt Snorra, Eddurnar o. s. frv.? Af hverju hefðum vjer þá að stæra oss? Eða hverjir ætli vjer værum þá, nema einhverskonar Grænlendingar, sem engir vildu sjá eða heyra, nema ef til vill jeta, ef bitastætt væri? Fyrir hvað erum

vjer nú sjálfstæð þjóð, ef vjer kunnum með að fara, nema fyrir snilli skáldanna okkar frá fornu og alt til vorra tíma? Og hví ættum vjer ekki að reyna að feta í fótspor þeirra, ef vjer viljum frjálsir vera áfram? En það gerum vjer með því að veita athygli og styrkja þá ungu menn, er jeg ræddi um áðan, og jeg vænti, að hv. þm. sýni þetta með atkvæði sínu í kvöld.

Jón Kjartansson: Jeg bjóst ekki við að þurfa að taka hjer til máls í þetta sinn, en það voru ummæli hv. þm. Str. (TrÞ), sem gáfu mjer tilefni til að standa upp. Háttv. þm., sem er frsm. meiri hl. fjvn. þessa kafla fjárlagafrv., sagði, að það hefði verið ákveðin stefna hv. fjvn. að veita engar uppbætur til sjúkraskýla eða skóla, því að ef fara ætti inn á þá braut, þá mundi hliðið opnað og erfitt að stöðva rás þess fjölda af slíkum og þvílíkum brtt., sem á eftir mundu fara; en þær mundu áreiðanlega margar verða.

Við þessu hefi jeg því að svara, að hjer er ekki farið fram á að opna neitt hlið eða veita neina innrás. Það, sem háttv. frsm. fyrri kafla fjárlagafrv. (ÞórJ) sagði um þetta, er jeg bar fram brtt. mína um viðbótarstyrk handa þessu læknishjeraði, mátti e. t. v. segja, að verið væri að skapa fordæmi, og get jeg að vísu ekki neitað, að hann hafi þar haft nokkuð til síns máls, þótt jeg hins vegar hafi lýst því þá, að það stendur alveg sjerstaklega á með Síðuhjerað. Eins gæti jeg viðurkent, að hjer gæti verið að ræða um að skapa fordæmi, ef þegar á næsta þingi eftir að hafa fengið viðlagasjóðslán væri farið fram á eftirgjöf á því láni. En sú leið virðist nú vera að tíðkast hjer á Alþingi, fyrst að fara fram á viðlagasjóðslán og síðan að fá lánið gefið eftir. Slík aðferð er ekkert annað en grímuklæddur styrkur. En þetta er alls ekki tilgangurinn hjer. Við biðjum aðeins um hagkvæmara lán, til þess að hægt verði að losna við hvumleið víxillán, sem bændur þar eystra standa fyrir og ábyrgjast. Þessi brtt. mín er að sumu leyti skyld till., er hv. þm. Dala. (BJ) bar fram við umr. um fyrri kafla fjárlagafrv., um styrk til Breiðafjarðarbátsins Svans, þar sem farið var fram á styrk úr ríkissjóði til þess að losa einstaklinga undan þungri ábyrgð, sem þeir urðu að taka á sig vegna Breiðafjarðarbátsins. Þó er hjer á sá munur á minni till. og till. hv. þm. Dala., að hv. þm. Dala. bað þingið að hlaupa undir bagga með og styrkja með beinu fjárframlagi, en jeg fer aðeins fram á lánveitingu úr viðlagasjóði. Brtt. hv. þm. Dala. fjekk góðar undirtektir, þótt ekki yrði hún samþykt þá, heldur látin bíða til 3. umr., en þá má telja víst, að einhver miðlunartillaga verði samþykt.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) sagði það ekki vera tilgang meiri hl. fjvn. að láta Vestur-Skaftfellinga verða hart úti, og er jeg honum þakklátur fyrir það; en ef hann nú leggur til að neita um samþykt þessarar brtt. minnar, en vill samþykkja ýmsar aðrar ekki ósvipaðar brtt., er þá varla hægt að verjast því að álíta þá verða hart úti, er fyrir neituninni verða.

Jeg vænti svo, að hv. þm. sjái, að hjer er um sanngirnismál að ræða, að losa menn af óhagstæðum víxlum, er þeir hafa orðið að ábyrgjast fyrir hjeraðið, en láta þá fá hagfeldari lán í staðinn. Þetta er engin styrkbeiðni, og eftirgjöf á láninu verður aldrei farið fram á. Lánið mun verða greitt, alveg eins og þessir menn verða að greiða víxlana nú, ef þeir verða ekki leystir af þeim með viðlagasjóðsláni.

Árni Jónsson: Jeg stend upp aðeins til að lýsa yfir því, að við þm. N.-M. tökum aftur til 3. umr. brtt. okkar undir róm. XXII á þskj. 235, um styrk til byggingar á Skeggjastöðum. Það kom fram í ræðu hv. frsm. (TrÞ), að biskup Íslands er ekki búinn að taka fulla afstöðu til þessa máls, er hann vantar enn ýmsar upplýsingar því viðvíkjandi, þar á meðal umsögn prófasts Norður-Múlaprófastsdæmis. En þar eð herra biskupinn gerir ráð fyrir að „visitera" á næstunni austur þar, viljum við ekki halda fram þessari brtt. í þeirri mynd, sem hún nú er, en munum breyta henni í þá átt, að við 3. umr. munum við fara fram á, að veittur verði helmingur þeirrar fjárupphæðar, er við óskum, að til þessa verði veitt alls, en hinn helmingurinn verði veittur síðar, er biskup hefir látið uppi álit sitt um þetta mál.

Sveinn Ólafsson: Það er aðeins stutt aths. út af orðum hv. frsm. (TrÞ) um brtt. undir rómv. XXV á þskj. 235, orðum, sem hann vjek að okkur flm. þessarar brtt.

Háttv. frsm. (TrÞ) kannaðist við, að við ættum lagalegan og siðferðilegan rjett til þess að fá þessa viðbótarbyggingu við Eiðaskólann. Þessi viðurkenning er rjett og góðra gjalda verð, en hann bætti því við, að við ættum ekki rjett á að fá fjeð veitt í þetta sinn. Jeg skal því reyna að sýna fram á, að við eigum ekki aðeins rjett á að fá fjárveitinguna nú, heldur áttum við heimtingu á þessu fyrir mörgum árum. Þetta hefir tvisvar verið lögfest, bæði 1917 og 1919, auk þess sem stjórnin 1920 og '21 ljet gera áætlun um kostnað, sem þá var metinn 180000 kr., og undirbúa verkið með aðflutningi byggingarefnis. Ekki þarf heldur að líta á þetta eins og neina náðargjöf, því að ríkissjóðnum var afhent verðmæti í jörðum, munum og gangandi fje að gjöf frá hjeruðunum, sem í hlut eiga, þegar 1918, og var hún miklu meira virði en það, sem nú er beðið um til byggingarinnar.

Mjer virðist því hallað rjetti Austfirðinga, ef þeim er neitað um fjeð í nauðsyn, sem þeir hafa áður lagt fram, en á sama tíma boðið fram fje, ef svo mætti segja, til þeirra, sem enga slíka heimtingu eiga á því. Jeg tel, að það sje gert með t. d. 20000 kr. fjárveitingu til hjeraðaskóla, 5000 kr. fjárveitingu til sundlaugarbyggingar í S.-Þingeyjarsýslu, 2000 kr. veitingu til húsmæðrafræðslu á Ísafirði o. s. frv. Allar þessar till. styður hv. fjvn., en treystist ekki að mæla með fjárveitingu til byggingar á Eiðum. Ekkert þessara þriggja fyrirtækja getur átt jafnríkan rjett til fjárins, þótt þarfleg sjeu, sem þeir, er fjeð eiga inni hjá ríkissjóði.

Þá vík jeg að brtt. minni um styrkinn til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins. Hv. frsm. (TrÞ) hafði á móti henni, af því að ekkert stúdentafjelag væri til á Austfjörðum. En jeg fæ ekki sjeð, að það komi þessu máli mikið við, hvort slíkt fjelag er þar til eða ekki. Um mörg ár hefir fje þetta verið veitt og notað til fyrirlestra á ýmsum stöðum, einkanlega hjer í Reykjavík og nágrenninu og að nokkru á Akureyri. Jeg man ekki til þess, að slíkir fyrirlestrar hafi verið fluttir á Austurlandi, nema tvisvar, og munu hafa verið tveir hvort sinn. Auðvitað þarf ekkert stúdentafjelag að vera þar, til þess hægt sje að verja þar fje til fyrirlestra, og ekki getur mjer virst ósanngjarnlegt, þótt ánafnaður væri 1/6 af þessum 1200 kr. alþýðufræðslustyrk til fyrirlestra austur frá. Hugmyndin hlýtur þó að vera sú, að alþýða alls landsins njóti góðs af þessu

fje, ef hægt er, en ekki aðeins Reykjavík og Norðlendingafjórðungur. Jeg legg að öðru leyti ekki mikla áherslu á þetta atriði; aðalástæða mín til þess að standa upp í þetta sinn var að andmæla því, sem háttv. frsm. (TrÞ) hafði ofmælt, er hann sagði, að við Austfirðingar ættum ekki heimtingu á að fá þessa viðbót við Eiðaskólann á næstu árum. Jeg held því hiklaust fram, að fjárveitingin til byggingar skólans eigi meiri rjett á sjer en flestar aðrar fjárveitingar, sem nú er beðið um. Meðan skólinn er ekki bygður er æskulýður hjeraðanna í grendinni flæmdur á brott til mikils tjóns fyrir sveitirnar. Þeir, sem ekki fá þarna inngöngu, leita tíðum í aðrar áttir í mentunarleit, og hverfa þá oft að fullu frá átthögunum.

Skólinn á Eiðum er sá eini af fullkomnari alþýðuskólum landsins, sem eftir er í sveit, síðan Möðruvallaskólinn, illu heilli, var fluttur til Akureyrar. Hann stendur svo langt frá sjó og áhrifum kauptúnanna, að hann getur mótað nemendur og laðað þá að sveitinni. Þeirra áhrifa þykist jeg líka hafa orðið var, jafnvel á þá, sem úr kauptúnum hafa sótt skólann; og þetta er ef til vill þýðingarmesta atriðið. Í sveitinni ílengjast þeir fremur, sem þar hafa dvalið námsárin, og með því er sveitunum unnið mest gagn og heildinni allri. En meðan skóli þessi verður að vísa frá vegna húsþrengsla helmingi umsækjenda, getur hann heldur ekki nema að hálfu leyti unnið sitt þarfa hlutverk.

Bernharð Stefánsson: Það var út af orðum háttv. frsm. (TrÞ) um brtt. mína um barnaskólann í Ólafsfirði, að jeg þarf að gera örlitla aths. Háttv. frsm. játaði, að æskilegt væri, að skóli yrði reistur í Ólafsfirði, en hann sagði þó, að þessu *yrði* að fresta.

Jeg þóttist í fyrri ræðu minni um þetta atriði hafa fært fram fullgildar ástæður fyrir því, að *ekki er hægt* að fresta þessu. Skóli verður að koma þarna, og það á þessu ári; ella verður barnafræðslan að falla niður í þessu skólahjeraði af húsnæðisleysi. Verði þessu frestað, get jeg ekki skilið það öðruvísi en svo, að ríkið telji sig ekki hafa ráð til að leggja fram þennan sjálfsagða styrk, en því á jeg ekki hægt með að trúa. Þetta getur ekki verið svo mikilsvert atriði fyrir fjárhag ríkisins yfir höfuð. En hitt er hægt — að fresta þessu máli til 3. umr., og til þess er jeg fús, og tek því aftur þessa brtt. þangað til, svo að hv. fjvn. gefist kostur á að athuga málið betur og þau gögn, sem jeg hefi lagt fram því viðvíkjandi. Í þeirri von tek jeg þessa brtt. aftur nú, en mun bera hana aftur fram við 3. umr., en ef til vill eitthvað breytta þá.

Jeg hefi að öðru leyti ekki tafið tíma þessarar háttv. deildar og lítið gert til að lengja þessar umr., og mun ekki heldur gera það í þetta sinn, en það eru þó tvö atriði, sem hjer liggja fyrir, sem jeg vildi víkja að nokkrum orðum. Það er um styrkinn til Stórstúku Íslands og til ungmennafjelaganna. Bæði þessi fjelög vinna án efa mikið gagn í þjóðfjelaginu og eru því góðs makleg. Bæði eru þau útbreidd víðsvegar um landið og starf þeirra er að mörgu svipað, þar sem bæði vinna að bindindismálinu, þótt ungmennafjelagið hafi reyndar margt fleira á stefnuskrá sinni. Mjer finst því, að ekki ætti að gera eins mikinn mun á þessum fjelögum eins og gert er í frv., þar sem stórstúkunni eru ætlaðar 6000 kr., og

2 hv. deildarmenn flytja jafnvel till. um að hækka hann um 2000 kr., en ungmennafjelagasambandinu aðeins ætlaðar 1500 kr. Þetta þykir mjer of mikill munur, og mun því greiða atkvæði með till. hv. 2. þm. Árn. (JörB). Jeg vil ekki á neinn hátt spilla fyrir fjárframlagi til stórstúkunnar; jeg veit að hún gerir mikið gagn, en jeg held því fram, að það geri ungmennafjelagið engu síður. Nú er mjög kvartað um, að fólkið tolli ekki í sveitum landsins, heldur flykkist til kaupstaðanna, og er talað um ýms ráð til að bæta úr þessu. En jeg segi, og byggi það á töluverðri reynslu: Eitt besta ráðið til að fá unga fólkið til að tolla í sveitunum er, að þar sje góður ungmennafjelagsskapur. En það er með þessi fjelög eins og önnur, að án fjárframlaga einhversstaðar frá fá þau naumast staðið lengi, og er mörgu fje þess opinbera miður varið en til þeirra.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins nokkur orð viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni til Hvítárbakkaskólans.

Það, sem hæstv. ráðherra sagði um formhliðina á þessu máli, hvar þessu væri rjettast skipað niður í fjárlögum, sýnist mjer ekki skifta miklu máli. En vel má vera, að það væri reikningslega rjettara að fara svo að, sem hann benti á.

En að því leyti, sem orð hæstv. ráðherra lutu að því að mæla heldur á móti þessu liðsinni við Hvítárbakkaskólann, sem hann virtist líta svo á, að stofnað hefði verið til með ljettúð og lítilli fyrirhyggju, þá vil jeg benda hæstv. ráðherra á, að það, sem þeir fara fram á við Alþingi, er ekkert annað eða meira en að þeir njóti sömu fjárhagsaðstöðu hjá ríkinu, hvað stofnkostnað skólans snertir, eins og alþýðuskóli sá, sem nýlega hefir verið reistur, og sá skóli, sem fara á að reisa og tillögur liggja fyrir um að veita fje til. En með þeirri lánsupphæð, sem hjer er farið fram á að gefa skólanum eftir, nýtur skólinn engan veginn jafnrjettis hvað þetta snertir við yngri skólana. Það má vel vera, að það hafi verið nokkuð djarft teflt hjá Borgfirðingum, er þeir rjeðust í að kaupa Hvítárbakkaskólann, einmitt á þeim tíma, sem alt var í sem hæstu verði. Því neitar enginn, að þeir færðust mikið í fang með þessu. En hefðu þeir ekki gert þetta, var engin trygging fyrir, að skólanum hefði verið haldið áfram. Hitt miklu líklegra, og enda víst, að skólinn hefði þá ekki verið rekinn, ef ekki hefði verið í þetta ráðist. Borgfirðingum var sárt um skólann. Þeir höfðu fengið þá reynslu af honum, að nemendur fengju þar ekki síður holla og góða fræðslu en þó að þeir leituðu til kaupstaðanna. Þeir vildu því mikið til vinna, og það því fremur, sem með þessu var betur en ella stemt við þeim mikla straum, sem altaf er af ungu og upprennandi fólki til kaupstaðanna, sem mörgum stendur stuggur af.

Það má vitanlega segja um margt af því, sem framkvæmt var á stríðsárunum, að til þess hafi verið stofnað með ljettúð og lítilli fyrirhyggju. Það er ofurauðvelt að benda á það eftir á og færa rök fyrir því.

En það er nú svo, að flestum veitist erfitt að sjá fyrir rás viðburðanna, og því er nú svo komið sem komið er með margt, bæði hjer og annarsstaðar. En því verður ekki neitað, að það var ekki að nauðsynjalausu, að Borgfirðingar reyndu að tryggja rekstur skólans í framtíðinni, þó að þeir yrðu að leggja mikið á sig til þess.

Þótt Borgfirðingar hafi nú ef til vill teflt nokkuð djarft í þessu efni, þá hygg jeg, að það sje ekki mikið í samanburði við þá ofdirfsku — mjer liggur við að segja fífldirfsku — þeirra manna, sem t. d. stjórnuðu Eimskipafjelaginu á stríðsárunum, og landið verður nú að súpa seyðið af, og hver veit hvað lengi.

Í núgildandi fjárlögum og fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, er Eimskipafjelaginu ætlaður 105 þús. kr. styrkur hvort árið. Auk þess þótti á síðasta þingi óhjákvæmilegt að undanþiggja fjelagið tekju- og eignarskatti, og að miklu leyti bæjar- og hreppsgjöldum um nokkurt árabil. Þeir menn, sem að þeim stórræðum hafa staðið og eru þess valdandi, að svona er komið fyrir fjelaginu, ættu að gæta bjálkans í sínu eigin auga, áður en þeir fara að fjargviðrast um flísina í auga bróður síns.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal segja háttv. þm. Borgf. (PO) það, að þó að hann hafi ætlast til, að jeg tæki eitthvað til mín af ummælum hans um ógætilega stjórn á Eimskipafjelagi Íslands á stríðsárunum, þá hvorki þarf jeg eða get tekið neitt af þeim til mín. Hann getur því beint þeim í aðrar áttir.

Annars veit jeg ekki hvað það á að þýða að draga þetta inn í þessar umræður, nema þá, að af því eigi að draga þá ályktun, að ríkissjóði beri skylda til að bæta alt það fjárhagstjón, sem menn biðu á þessum árum.

Sömuleiðis finst mjer ekki viðkunnanlegt að fara að telja það eftir, þó að Eimskipafjelagi Íslands sjeu veittar hinar sömu ívilnanir og öll útlend gufuskipafjelög hafa, sem hingað sigla í samkepni við það.

Að öðru leyti vinnur fjelagið líka fyrir þessum ívilnunum, eins og háttv. þm. Borgf. er vel kunnugt um.

Annars þóttist jeg ekki með mínum hógværu ummælum hafa gefið tilefni til þessarar hviðu háttv. þm.

Ef fara á í samanburð á skólunum, þá verður að bera þennan skóla saman við þá skóla, sem ekki eru ríkisstofnanir, og hefir mjer verið sagt, að það væru milli 10 og 20 unglingaskólar, sem nytu styrks af ríkissjóði. Ef því ætti að fara að taka einn út úr og veita honum sjerstök fríðindi, myndu fleiri koma á eftir, sem eðlilegt væri. Gæti þá svo farið, að fleiri kæmu til greina en Borgarfjarðarskólinn. Annars var jeg alls ekki að leggja á móti þessari fjárveitingu, þótt jeg teldi rjettara, að hún væri í annari grein fjárlaganna.

Mjer þótti háttv. frsm. (TrÞ) fara of mikið út fyrir efnið þegar hann fór að tala um kreppu atvinnuveganna. Hann fór að gera grein fyrir, af hverju hún stafaði, en nefndi, eins og oft vill verða, aðeins einn eða tvo liði í því orsakakerfi, sem kreppunni var valdandi. Skildist mjer helst, að ekki þyrfti annað en kippa þeim burt. Það held jeg samt, að yrði bæði háttv. þm. Str. (TrÞ) og mjer ofvaxið, því að það er fyrir utan okkar umráðasvið.

Þá taldi háttv. frsm. (TrÞ) það skifta litlu máli, hvort tekjur fjárlaganna væru áætlaðar nokkur hundruð þúsund meiri eða minni. Hjer er vitanlega ekkert hægt að segja um, hvort tekjurnar 1926 verða meiri en þær eru áætlaðar. Verði þær meiri, er gott að taka því. En því verð jeg að mótmæla, að það skifti ekki ríkissjóð allmiklu, hvort tekjurnar eru áætlaðar hátt eða lágt. Há áætlun teknanna freistar þingmanna til aukinna útgjalda.

En jeg er sannfærður um, að hv. frsm. (TrÞ) hlýtur að vera mjer sammála um, að ekki sje rjett að hleypa gjöldunum of hátt vegna ljettúðarfullra vona um góða afkomu ríkissjóðs árið 1926.

Þá þóttu hv. frsm. ummæli mín um varasjóð landsverslunarinnar ógætileg. Þetta er ekki rjett. Jeg benti aðeins á, að ef gera ætti meiri kröfur til útgjalda en tekjuhlið fjárlaganna þyldi, þá væri ekki nema um tvent að velja, annaðhvort að taka lán, eða eyða af því, sem til væri. Og þarna væri eign fyrir hendi. Get jeg ekki sjeð, að neitt ógætilegt hafi verið við þetta.

Þá get jeg ekki kannast við, að sú samlíking hv. frsm. (TrÞ) sje rjett, að skerðing þessa varasjóðs væri hið sama fyrir ríkissjóð og fyrir bóndann að skera mjólkandi kú. Varasjóður landsverslunarinnar stendur í steinolíueinkasölunni, og hún er ekki rekin ríkissjóði til tekjuauka, því að ríkissjóður hefir ekki aðrar tekjur af henni en sem svarar vörutollinum af steinolíunni. Vexti fær hann einu sinni ekki af varasjóðnum. Hefði því samlíkingin frá sjónarmiði ríkissjóðs verið miklu rjettari, ef hv. frsm. hefði líkt honum við geldneyti heldur en mjólkandi kú.

Út af ummælum háttv. þm. Dala. (BJ) um þingloforð, bæði nú og endranær, vil jeg taka það fram, að jeg tel þau því aðeins bindandi, að þau liggi skjallega fyrir í Alþingistíðindunum. Um þetta hefir oft orðið ágreiningur, og nú síðast út af ritstyrk til Sigurðar prof. Nordals. Út af þeim ágreiningi skal jeg lýsa því yfir fyrir mína hönd, að við samning fjárlagafrumvarpsins taldi jeg samþykt þingsins í fyrra um ritstyrk þennan ekkert loforð um framhaldsstyrk, og einmitt fyrir þá sök tók stjórnin ekki tillöguna, sem samþykt var í fyrra, óbreytta upp í frumvarpið.

Í sambandi við þetta ber hv. þm. Dala. (BJ) fram brtt. á þskj. 204 við 25. gr. fjárlaganna. En mjer finst hún óþörf, því að hann vill auka því við, sem stendur í greininni. Því eins og háttv. þdm. er kunnugt, stendur þar, að þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið. Þetta stendur sömuleiðis í till. háttv. þm., að viðbættu: „og fylgi þeim eigi fyrirheit um framhald".

Hvað háttv. þm. Dala. (BJ) á við með orðunum „fyrirheit um framhald" er mjer ekki fyllilega ljóst. Ef það er gefið á þann hátt, að það falli undir bindandi ákvörðun, þá telst það til skuldbindingar, sem ríkið tekur á sig með samningum. Mjer finst því, að viðbót háttv. þm. ekki gera annað en gera hugtakið óákveðnara. Jeg held því, að rjettara sje að samþykkja ekki tillögu háttv. þm. við 25. gr., en láta ákvæðið standa eins og það hefir staðið um langt skeið í fjárlögunum.

Jeg gladdist yfir að heyra það, sem þessi háttv. þm. sagði um Skeiðaáveituna. Hann var nýbúinn að segja um sjálfan sig, að hann væri aðeins lítilfjörlegur málfræðingur. En eftir því, sem hann talaði um Skeiðaáveituna, sje jeg, að hann hefir vel vit á fleiru en málfræði einni. Ber álit hans að öllu leyti saman við álit hins unga og efnilega búfræðings, sem athugaði áveituna síðastliðið sumar. Stingur það allmjög í stúf við skýjaborgir Búnaðarfjelags Íslands um að leggja 100 þús. kr. í tilraunabú á Ólafsvöllum og kaupa beljur til þess að jeta heyið. (*TrÞ*: Till. er ekki frá Búnaðarfjelaginu). Jeg les

Búnaðarritið, og þar stendur tillagan, en tel fjelaginu það heiður að meiri, ef hún er ekki frá því. (*TrÞ*: Tillagan er frá Landsbankanum). Þá skal jeg upplýsa það, að jeg heyrði búnaðarmálastjórann lesa hana upp á fundi eins og hún stendur í Búnaðarritinu, og taldi hann þá, að hún væri frá Búnaðarfjelaginu. Og eru fleiri en jeg til frásagnar um það.

Þá vildi jeg segja nokkur orð um till. mína viðvíkjandi láni Guðmundar Björnssonar sýslumanns í Borgarnesi. Hús hans brann 1920. En 1921 var honum veitt 60 þús. kr. viðlagasjóðslán til þess að byggja hús af nýju, og kostaði það um 80 þús. krónur. Það þýðir ekki að segja sögunna öðruvísi en hún er, að þessi maður er ekki svo efnum búinn, að hann geti greitt 6% á ári af láni þessu, auk afborgana, enda eru það hærri vextir en gerist af viðlagasjóðslánum alment. Þótt ríkissjóður sje að vísu í engri hættu staddur, þar sem hann auk hússins sjálfs hefir og að veði jarðeignir, sem aðrir menn hafa lánað sýslumanni til veðsetningar, þá tel jeg rjettara að sýna þessum manni þá tillhliðrunarsemi, sem í tillögunni felst, heldur en að þurfa ef til vill að ganga að jörðum, sem honum hafa verið lánaðar. Mjer þótti að vísu fulllangt gengið í þessari lánveitingu með tilliti til upphæðarinnar, og því fremur er ástæða til, að lánveitandi sýni nokkra ívilnun. Þess má líka geta, að hjer á í hlut maður, sem er mjög góður gætir ríkisfjár að því er til hans kemur, og er því alls góðs maklegur.

Mjer skildist svo, að hv. fjvn. væri málinu fylgjandi, en nú hefir háttv. frsm. (TrÞ) lýst yfir því, að nefndin hafi óbundin atkvæði um till. Jeg vona samt, að bæði hv. nefnd og deild reynist vel í þessu máli, er til kemur.

Háttv. þm. Mýra. (PÞ) ber fram til um að lækka vextina niður í 4%. Jeg gæt fyrir mitt leyti vel fallist á þetta, og þa því fremur, er jeg hygg, að meiri hlut viðlagasjóðslána hafi ekki verið lánaðu með hærri vaxtakjörum.

Jeg vil að lokum segja það um til minni hluta fjvn. og einstakra þm., a þar sem mjer finst háttv. meiri hlut fjvn. hafa gengið fulllangt í till. sínum þá ræður að líkindum, að jeg muni ver mótfallinn langflestum hinum tillögunum Annars fundust mjer ummæli hv. frsm (TrÞ) um hinar ýmsu tillögur einstakr þm. ekki svo ákveðin sem æskilegt hefð verið eða venja hefir verið. Undanfari hefir það venjulegast verið undantekn ing, að menn hefðu óbundin atkvæði inn an fjvn. Þótt segja megi, að svo sje og þetta sinn, var það þó fulloft, sem hátt frsm. (TrÞ) ljet slíkt í ljós, og jeg hefð kosið, að meiri hluti fjvn. hefði yfirleit tekið ákveðnari afstöðu gagnvart tillög um einstakra þingmanna, jafnvel þót meiningamunur hefði átt sjer stað inna hans, eins og háttv. frsm. (TrÞ) gat um (*BJ*: Þar sem yfirlýst er, að óbundi atkvæði sjeu, er ekkert um að tala). Þa er rjett, en mjer fanst á ummælum hátt frsm. (TrÞ), að nefndin hefði ekki veri nægilega ákveðin um fleiri mál en þa sem lýst var yfir því.

Jakob Möller: Jeg á hjer 2 brtt. á þsk 262, og þótt. hv. 2. þm. Skagf. (JS) sj ekki meðflutningsmaður nema að annar má þó segja, að þær sjeu báðar fra komnar fyrir hans atbeina. Önnur till. e sú, að veita 1500 kr. til að gefa út Lö Íslands, í stað 3000 kr., sem við hugðun að hv. deild myndi þykja of mikil fjá upphæð í því skyni. Eins og hv. 2. þn Skagf. (JS) sagði, er þetta bráðnauðsyn

legt verk. Hann talaði þó jafnframt um, að nokkur óreiða hefði verið á útgáfunni undanfarið. Má vera, að svo hafi verið, en það mun einkum hafa stafað af því, að skrykkjótt hefir gengið með styrk til útgáfunnar hingað til. Ef styrkur fæst, hygg jeg, að ekki sje ástæða til að óttast slíkt framar.

Um hina brtt. er það að segja, að háttv. 2. þm. Skagf. (JS) var henni að vísu andvígur, en gat þess þó, að fje það, sem hv. fjvn. hefir ætlað til veðurstofunnar, myndi ekki reynast nægilegt til þess að auka starfskrafta hennar eftir þörfum. Mín brtt. fer fram á, að nægilegt fje verði veitt til þessarar stofnunar.

Öllum munu vera í fersku minni mannskaðar þeir, sem hjer hafa orðið á sjó í vetur. Aðalviðfangsefni veðurstofunnar er það, að koma í veg fyrir slík slys. Því er jafnframt nauðsyn á, að hæfir menn starfi við þessa stofnun. Því vil jeg, að gerð sje gangskör að því að fá Jón Eyþórsson heim hingað og fá hann til að taka við stöðu við veðurstofuna, eins og hv. fjvn. hefir einnig gert að till. sinni.

Það gladdi mig að sjá, að hv. fjvn. lagði til, að fjárveiting til þessarar stofnunar yrði hækkuð um 10 þús. kr. Einkum er þetta virðingarvert vegna þess, að í fyrra var lagt til að lækka þessa fjárveitingu. Hygg jeg, að manntjónið í vetur hafi átt aðalþáttinn í þessum straumhvörfum. Starfræksla veðurstofunnar er einmitt eitt af þrennu, sem helst getur dregið úr sjóslysunum. Annað er vitabyggingar og hið þriðja víðboðið, sem kemur fyrir á þessu þingi og mikils má vænta af í þessu efni.

Jeg vona því, að hv. deild taki þessari litlu brtt. minni vel. Vafalaust er óhætt að gera ráð fyrir, að ekki verði eytt meiru fje en þörf er á í þessu skyni. Mjer skildist líka svo, og vil undirstrika það, að um áætlunarupphæð væri að ræða í till. hv. fjvn.

Jeg á hjer ekki fleiri brtt. En jeg vildi þó fara nokkrum orðum um brtt. minni hl. fjvn. á þskj. 204, um styrk til Pálma Hannessonar til jarðfræðirannsókna. Jeg vil mæla hið besta með þeirri brtt. Hjer er að ræða um áframhald af starfsemi Þorvalds Thoroddsens, og þingið hefir viðurkent nauðsyn slíkra rannsókna með styrk sínum til hans um langt árabil. Þessi maður, sem nú sækir um styrk í þessu skyni, er að allra sögn duglegur afburðamaður og nýtur ágæts álits sem vísindamannsefni, og þarf því ekki að efast um, að hann vinni fyrir þessu fje. Annars hefir háttv. frsm. minni hl. (BJ) talað svo vel fyrir brtt. þessari, að jeg hefi þar ekki meiru við að bæta.

Þá vildi jeg minnast á aðra brtt. á sama þskj., um styrk til Gísla Jónassonar kennara. Þessi maður er alls góðs maklegur og er talinn einhver besti kennarinn við barnaskólann og nýtur almenns trausts. Jeg vil því eindregið mæla með því, að honum verði veittur utanfararstyrkur þessi.

Jeg sje ekki ástæðu til að minnast á fleiri brtt. En út af þeim orðum, sem hæstv. fjrh. (JÞ) beindi til mín í næstsíðustu ræðu sinni, ætla jeg að lengja mál mitt lítið eitt.

Hann gaf mjer þann vitnisburð, að jeg hefði jafnan verið bjartsýnn á fjárhag ríkisins, en ekki að sama skapi glöggskygn. Öðru svaraði hann ræðu minni ekki. Ef jeg vildi nú beita samskonar röksemdafærslu, gæti jeg sagt, að hæstv. fjármálaráðherra hefði jafnan gert sig sem svartsýnastan í þessum efnum og reynst að sama skapi glámskygn. Þetta

ætla jeg nú samt ekki að gera, enda þótt þetta sjeu mjög svo handhægar röksemdir. Jeg vildi aðeins minna á það, að hjer hefir áður verið deilt um ýms fjármál, og þar á meðal t. d. um gengismálið, og höfum við hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) löngum verið þar á öndverðum meiði. En það, sem hann á þessu þingi hefir sagt um sjónhverfingar lággengisins, kemur einmitt mætavel heim við mína fyrri skoðun á því máli og sýnir, að hæstv. ráðh. (JÞ) er hjer að nálgast álit mitt í þessu efni. Hafi jeg verið óglöggskygn í því máli, þá er það leitt fyrir hæstv. ráðh., að sá kvilli skuli nú taka að ásækja hann líka.

Jeg hefi aldrei andmælt því, að ástæða væri til að fara varlega í fjárveitingum. En hitt hefi jeg sagt, og segi enn, að ekki sje rjett að mála ástandið svartara en það er í raun og veru. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir talað hjer mjög um kreppu, sem muni koma á næstunni, hljóti að koma, og jafnvel skuli koma. Um þetta getur hann auðvitað ekkert sagt. Eina skýringin væri þá, að hann ætlaði sjer sjálfur að leiða þessa kreppu yfir. Að vísu er alls ekki fyrir synjandi, að svo geti farið, en hæstv. fjrh. getur ekkert vitað um þetta, nema skýringin sje þessi.

Hæstv. fjrh. taldi, að tekjur ríkissjóðs árin 1925—1926 yrðu lægri en árið áður, og færu þær eftir afkomu atvinnuveganna. Hjer mun aðallega átt við útflutningsgjaldið. En sannleikurinn er sá, að útflutningsgjaldið skiftir tiltölulega litlu máli. Hann gat og um aukinn kostnað við atvinnurekstur, til dæmis að kaup verkakvenna hefði hækkað um 40%. Þegar þess er þó gætt, að talið er, að hver togari hafi haft að jafnaði 250 þús. kr. ágóða síðastliðið ár, þá virðist, að slíkur atvinnuvegur megi við nokkrum meir kostnaði en verið hefir. Auk þess er kaup verkakvenna aðeins lítill þáttur útgerðarkostnaðarins.

Eins og jeg þegar hefi sagt, verður jafnan að hafa það á bak við eyrað, að kreppa geti komið yfir, en nú sem stendur er hagur ríkissjóðs áreiðanlega svo góður að fyllilega forsvaranlegt er að bera fram þær brtt., sem hjer hafa verið bornar fram eins og t. d. till. um fjárveitingu til landsspítalans, sem að vísu hefir þegar verið feld, en mun rísa upp aftur við 3. umr., enda þótt það kunni að verða í breyttri mynd. Þegar viðurkent er, að tekjuafgangur síðasta árs hafi verið 1½ milj. kr. og 1½ milj. kr. þetta ár, auk þess sem borgað hefir verið af skuldum, ætti að vera óhætt að hækka gjaldaliðinn um 200—300 þús. kr. Það er auðsjeð á öllu, að hæstv. fjrh. telur skyldu sína að mála ástandið sem svartast, en slíkt má ekki taka alt of alvarlega.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg er einn þeirra þingmanna, sem munu greiða atkvæði móti ýmsum fjárveitingum gegn vilja sínum, vegna þess, að þarfir eru meiri en geta. Þó hefir nú sú breyting orðið til batnaðar á fjárhag landsins, að hægt er að styrkja ýmislegt, sem ekki var hægt að sinna í fyrra, og jeg er viss um, að þeir hv. þm. verða margir, sem ekki neita sjer um þá ánægju.

Jeg vil þá fyrst minnast á eina brtt., sem fer fram á 6000 kr. fjárveitingu til að rannsaka á hvern hátt iðnefnafræði megi að gagni koma í sambandi við sjávarafla. Jeg er satt að segja hissa á, að sjútvn. skyldi ekki koma fram með þessa till. Jeg þarf ekki að rekja hjer, hvílíkur hagnaður ríkissjóði, hvað þá einstaklingum, mætti

verða að því að afla sjer iðnefna í landinu sjálfu, og þá fyrst og fremst úr sjávarafurðum. Hjer er mörgu fleygt í sjóinn aftur, sem að öðrum kosti mætti hagnýta sjer til gagns og gróða, og margt flutt út hrátt, sem gera mætti að dýrmætri vöru innanlands. Þótt þessi tillaga sje borin fram vegna sjávarútvegsins, vona jeg, að allir geti orðið sammála um hana, hvern atvinnuveg sem þeir stunda.

Þá vildi jeg minnast nokkuð á till. um styrk til þriggja skálda. Sný jeg mjer fyrst að Stefáni frá Hvítadal. Hann á í fyrsta lagi þennan styrk mjög vel skilinn, að mínu áliti, og í öðru lagi þarf hann hans með. Hann er maður kvæntur og á fjögur börn, en hins vegar næstum efnalaus, og liggur nú mjög þjáður á Vífilsstöðum. Menn mega þó ekki skilja orð mín svo, að jeg vilji láta veita honum styrk þennan af meðaumkun einni. En hver veit, nema þetta sje síðasta tækifærið, sem oss býðst, til að þakka honum sjálf um og sýna honum viðurkenningu. Má vera, að sá tími nálgist, að slíkt verði um seinan.

Þá kem jeg að Halldóri Kiljan Laxness. Mjer hefir skilist, að það hafi dregið allmjög úr fylgi við styrk til hans, að hann er kaþólskur. Mun það vera af þeirri ástæðu, að menn telja kaþólska kirkju meira stórveldi og því öflugri til hjálpar en ríkissjóð Íslands. En sannleikurinn er sá, að þeir Halldór og Stefán hafa ekki meira upp úr því að vera kaþólskir en vjer hinir að vera lúterskir. Þó mundi Halldóri standa gott lífsuppeldi til boða innan hinnar kaþólsku kirkju, ef hann gerðist prestur eða munkur, sem er ef til vill ekki allfjarri honum. En jeg vildi óska, að til þess kæmi ekki, að hann hneppi skáldgyðju sína í klaustur, eða gefi hana saman við Thomas frá Aquino og slíka karla. Jeg held að slík sambúð yrði tæplega frjósöm. Það er mikill atburður í þjóðfjelaginu, þegar ágætir rithöfundar koma fram, og má ekki minna vera en að fjárveitingarvaldið sýni, að það gefi gaum að slíku. Jeg vil nú vona, að bæði Davíð og Stefán verði látnir njóta kvæða sinna, og Halldór Kiljan rithöfundargáfu sinnar, en allir njóti þeir góðæris síðasta árs.

Jeg játa það, að þessi mál eru erfið viðfangs fyrir marga hv. þm., og það er óskandi, að einhver sú skipun komist á í framtíðinni, að ekki þurfi það að koma til þingsins kasta að gera upp á milli rithöfunda. Það hefir verið reynt að losa þingið við þetta, en mistekist. Jeg vil nú leyfa mjer í þessu sambandi að skjóta hjer fram uppástungu, sem vel mætti verða til gagns. En hún er þannig, að stofnað verði hjer á landi íslenskt academi, að dæmi annara þjóða. Það munu vera Frakkar, sem fyrstir tóku slíkt upp, en síðan hafa margar þjóðir farið að þeirra dæmi. Slíkt academi mætti stofna hjer á þann hátt, að stjórnin leitaði til þriggja manna, sem mest sköruðu fram úr í bókmentum, listum og vísindum, og óskaði þess, að þeir veldu sex menn í viðbót. En síðan endurnýjaði þetta níu manna academi sig sjálft. Þetta academi, sem skipað væri ágætustu mönnum landsins í bókmentum, vísindum og listum, fengi síðan til ráðstöfunar það fje, sem Alþingi veitti árlega til eflingar listum og bókmentum. Jeg nefni þetta hjer af því, að mikil nauðsyn ber til þess, að hjer verði sett nýtt fast skipulag. Þingið hefir oft sýnt góðan vilja í því að ráða sem best fram úr þessu sjálft, þrátt fyrir

allar skammir, sem það hefir löngum fengið. En það fyrirkomulag, sem ráðið hefir hingað til, er samt öldungis óviðunandi.

Jón Baldvinsson: Það er rjett hjá hv. frsm. (TrÞ), að umsókn um styrk til kvöldskóla verkalýðsfjelaganna kom ekki til hv. fjvn. Hún barst mjer svo seint, eins og jeg skýrði frá á fundi í gær, að hún gat ekki orðið borin undir hv. fjvn. sjerstaklega. En mál þetta er svo einfalt, að jeg hygg, að hv. þdm. veiti ljett að átta sig á því og greiða atkvæði um það, einkanlega þar sem það lá líka fyrir síðasta þingi og var mikið rætt þá.

Hv. frsm. setti till. um styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík í samband við frv. um slysatryggingar, sem nú liggur fyrir þinginu. Jeg lít svo á, að ekki þurfi að bendla málið við þetta frv. Sjóðurinn starfar alveg sjálfstætt. Að vísu er það rjett, að það ljettir af honum gjöldum vegna slysa, ef frv. um almennar slysatryggingar nær fram að ganga. En verkefni hans er nóg samt. Hann heitir, eins og sjest af till., styrktarsjóður, og hann getur haldið áfram að veita styrk í veikindum, eins og hann hefir hingað til gert. Og það er aðalatriðið, að eitthvert fje sje veitt í þessu augnamiði. Eins og menn vita, eru engar sjúkratryggingar til hjer á landi. Frv. um það efni var nýlega á þessu þingi vísað til stjórnarinnar, og getur enginn sagt, hve langt líður þangað til slíkar tryggingar komast í framkvæmd. Hjer er því ærið verksvið fyrir þennan sjóð, þótt slysatryggingarnar nái fram að ganga. Það er því óþarfi að bíða með samþykt till. þangað til frv. er til lykta leitt. En falli till. mín nú, þá get jeg auðvitað beðið með að koma með aðra þangað til útsjeð er um, hversu fer um slysatrygg ingarfrv.

Þá er lokið að tala um þær brtt., sem jeg ber **hjer fram.**

Jeg nenni ekki að fara út í frv. yfirleitt. Jeg vildi þó minnast á tvö atriði sem fram komu í ræðu hv. frsm. (TrÞ) Hann fór að tala alment um fjárhag ríkisins og atvinnurekstur landsmanna. Það er annað skifti sem hv. þm. Str. (TrÞ) kemur að því í þessum umr. að skora á hæstv. stjórn að sjá til þess, að íslensk króna hækki ekki meira en orðið er. Ef þetta á að skiljast sem bending frá Alþingi fyrir munn hv. fjvn., að stjórninni beri að halda íslensku krónunni niðri, þá tel jeg slíkt ekki rjetta pólitík. Jeg álít, að íslensk króna eigi að halda áfram að hækka. Enginn neitar því, að á síðasta ári tvöfaldaðist útflutningur frá landinu, og eftir því hefði íslenska krónan átt að rjettu lagi að hækka miklu meira en hún hefir nú gert. Það er því langtum meiri ástæða til þess að finna að því, hve seint íslensk króna hefir hækkað, og miklu seinna en rjett var, enda hefir hæstv. stjórn játað það, að hún hafi gert ráðstafanir til þess að halda henni niðri. Ef hv. þm. Str. (TrÞ) heldur, að það sje hagur fyrir bændur, að krónan hækki ekki frá því, sem nú er, þá held jeg nú, að það sje ekki verulegt hagsmunaatriði fyrir þá, því að flestir bændur afla ekki meira en þeir eyða og þurfa að kaupa. Og ef það stenst nokkurnveginn á, sú innlenda vara, sem þeir framleiða, og sú útlenda vara, sem þeir kaupa, þá er þeim enginn gróði að því, að lággengi krónunnar haldist. Það eru þá aðeins örfáir stórbændur, sem hafa hag af því. Í þessu sambandi vil jeg minna á það, að í Danmörku hafa forsprakkar bænda haft þá

skoðun, að krónan ætti ekki að hækka, því að á því töpuðu bændur. En einkum var þetta talið hagkvæmt fyrir stórbændur. Og nú hefir sá maður, sem mest er fyrir bændum, gengið inn á það samkomulag, sem orðið er milli ríkisstjórnarinnar dönsku og þjóðbankans, þar sem svo er um samið, að krónan megi ekki fara niður fyrir ákveðið mark. Jeg held, að lággengið sje lítill ávinningur fyrir bændur. En hins vegar er það vitanlegt, að allur annar vinnulýður landsins tapar stórfje á því, hve íslenska krónan hækkar seint í verði.

Þá var annað atriði í ræðu hv. frsm. (TrÞ), þar sem hann vjek að styrknum til Búnaðarfjelags Íslands. Skildist mjer á orðum hans, að fjvn. hefði afgreitt brjef til stjórnarinnar um það að hækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands álíka fyrir árið 1925 og nú er lagt til að hann sje hækkaður; og jeg held styrkinn til Fiskifjelags Íslands líka. Jeg er ekki að leggja neinn dóm á það hvort þessi hækkun sje í sjálfu sjer rjettmæt eða ekki. En það er hitt, ef viss hluti þingsins fer að veita fje úr ríkissjóði fyrir utan lög og rjett, virðist mjer slíkt mjög varhugavert. Það hefir tíðkast síðustu ár að semja ekki nein fjáraukalög, og hefir mjer skilist, að ástæðan til þess væri einkum sú, að háttv. þingmenn treystust ekki til þess að hafa hemil á sjer, ef þeim byðist þannig tækifæri til þess að eyða fje ríkisins. En ef hjer á að fara að koma annað fyrirkomulag, þannig að vissir menn leyfi stjórninni svo og svo miklar fjáreyðslur og styrkveitingar, þá er það vissulega öfug leið að draga þannig fjárveitingarvaldið úr höndum þingsins og leggja það í hendur einstöku þingmönnum að gera tillögur um fjárveitingar til stjórnarinnar. Það finst mjer óhæfileg aðferð, ekki síst ef það þykir ekki einu sinni hæfilegt að koma með fjáraukalög. En jeg get bent á það, að ef menn vilja ekki fjáraukalög, þá má koma með tillögu til þingsályktunar, sem heimili stjórninni nauðsynlegar fjárveitingar. Þá vita þingmenn, um hvaða fjárhæðir er að ræða. En annars er alt óljóst. Á undanförnum þingum hefir stjórnin getað borið fyrir sig brjef frá nefndum eða ummæli einstakra þingmanna eða nefnda í sambandi við aukafjárveitingar. Þetta á að hverfa, því að með því er fjárveitingarvaldið dregið úr höndum þingsins. Ef fjvn. vill veita nú fje á árinu 1925, sem ekki stendur í núgildandi fjárlögum, þá er það greið leið fyrir hana að koma með þáltill. um að skora á stjórnina að greiða þetta fje. Með því móti gefst öllum hv. þm. kostur á því að láta uppi álit sitt um fjárveitinguna.

Ágúst Flygenring: Í hinu háa sjávarflóði, sem gerði hjer 21. janúar síðastl., urðu víða skemdir hjer við suðurströndina, en einkum þó í Grindavík. Þessu fylgi og afleiðingum þess hefir verið lýst allgreinilega í erindi til fjvn. og hjer í dagblöðum. Ennfremur hefir stjórnin sent þangað suður verkfræðing til þess að gera skýrslu, bygða á rannsókn á staðnum sjálfum. Skýrslu sinni hefir svo verkfræðingurinn látið fylgja uppdrátt um skemdirnar og það, sem gera þarf til lagfæringar, og sýnir uppdrátturinn glögglega, á hvern hátt þarf að bæta úr skemdunum. Skýrsla verkfræðingsins ber ljóslega það með sjer, að yfir þessu þorpi vofir, að það leggist í eyði, ef ekkert er að gert. Kemur þetta alveg heim við grein, sem Bjarni Sæmundsson adjunkt skrifaði í blað hjer í bænum um atburð þennan.

Hjer liggur nú fyrir á þskj. 204 till. frá hv. þm. Dala. (BJ) um, að þingið veiti styrk til viðreisnar og varnar frekara tjóni á þessum stað. Er jeg háttv. þm. mjög þakklátur fyrir tillögu hans. Jeg finn það eitt að henni, að hún er fullág til þess að gera örugga vörn fyrir sjávarágangi framvegis, því að þessi upphæð nemur ekki meiru en einum sjötta af því, sem það kostar að gera varnargarð fyrir sjónum, svo að ekki hljótist af meiri skemdir, ef annað eins stórflóð kemur aftur, sem alveg eins má búast við. En vitanlega er þorpið eyðilagt, ef ekki tekst að hefta frekari sjávarágang. Eins og kunnugt er, liggur ströndin þarna mjög við brimum, svo að nálega öll tún fara undir sjó, ef brýtur yfir garða og sker, sem nú hlífa ströndinni. Mjer virðist, eins og hv. þm. Dala. (BJ), að fjárveitingarvaldinu beri skylda til þess að varna því, að heil sveit leggist í eyði, enda hygg jeg, að ekki sje dæmi þess, er svipað hefir borið við í öðrum löndum, að ekki væri reynt að koma í veg fyrir, að fólkið verði að flýja hjerað sitt eða sveit. Það er óhjákvæmilegt, virðist mjer, að fjárveitingarvaldið leggi hjer nokkuð af mörkum, þótt ekki væri nema að gera við lendinguna, svo að bátar geti sótt sjó, því að það er þó aðalatvinna fólksins þarna að veiða fisk.

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja, en jeg vona, að hv. þdm. gefi þessari styrkveitingu atkvæði sín. Það minsta, sem við getum gert, er að veita ⅙ af kostnaði við að byggja þarna nauðsynlegan sjóvarnargarð, ef annars nokkur styrkur á að vera veittur í því skyni, enda er jeg þess viss, að verði því ekki sint nú, þá verður það gert síðar, því að það verður aldrei látið viðgangast, að fólkið verði knúð til að flýja eignir sínar og atvinnubrögð vegna þess aðeins að það geti ekki af eigin ramleik komi upp varanlegri vernd fyrir háu sjávarflóði, sem ómögulegt er að segja um hvenær kann að koma aftur.

ATKVGR. um 14.—25. gr.

Brtt. 195,28 tekin aftur.
— 235,XXII.a.—b. teknar aftur.
— 195,29 samþ. með 15:8 atkv.
— 195,30 samþ. með 15:11 atkv.
— 195,31 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 204,8 tekin aftur.
— 195,32 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 235,XXIII feld með 17:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HK, JAJ, JBald, KlJ, MJ, MT, SvÓ, ÁF, BSv.

nei: ÁJ, BJ, BL, HStef, IngB, JakM, JK, JS, JÞ, JörB, MG, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ.

Brtt. 235,XXIV tekin aftur.
— 195,33 samþ. með 16:8 atkv.
— 195,34 samþ. með 15:6 atkv.
— 235,XXV feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HStef, JakM, JörB, KlJ, MT, BSv.

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, HK, IngB, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, PÞ.

Brtt. 235,XXVI feld með 14:12 atkv.
— 195,35 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF.

Brtt. 235,XXVII feld með 16:11 atkv.
— 195,36 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 195,37 samþ. með 15:6 atkv.

Brtt. 204,9 feld með 14:8 atkv.
— 235,XXVIII tekin aftur.
— 195,38 samþ. með 16:7 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 204,10 samþ. með 17:4 atkv.
— 195,39 samþ. með 20:1 atkv.
— 235,XXIX samþ. með 17:3 atkv.
— 195,40 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 195,41 samþ. án atkvgr.
— 235,XXX samþ. með 16:8 atkv.
— 235,XXXI samþ. með 18 shlj. atkv.
— 204,11 feld með 19:6 atkv.
— 262,I samþ. með 17:3 atkv.
— 195,42.a samþ. með 15:7 atkv.
— 195,42.b samþ. með 16:3 atkv.
— 195,42.c samþ. með 15:4 atkv.
— 235,XXXII (aðaltill.) samþ. með 18:3 atkv.
— 204,12.1 feld með 16:6 atkv.
— 204,12.2 feld með 18:8 atkv.
— 204,12.3 samþ. með 16:6 atkv.
— 195,43 samþ. með 15:10 atkv.
— 195,44 samþ. með 15:5 atkv.
— 204,13 samþ. með 15:13 atkv.
— 204,14 feld með 20:5 atkv.
— 204,15 feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JBald, JK, KlJ, MJ, MT, SvÓ, ÁÁ, BSt, BJ, BSv.
nei: HStef, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, JörB, MG, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL.
Brtt. 204,16 feld með 18:7 atkv.
— 262,II feld með 18:8 atkv.
— 195,45 samþ. með 17:2 atkv.
— 195,46 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 195,47.a samþ. með 26 shlj. atkv.
— 195,47.b samþ. með 21:2 atkv.
— 204,17 feld með 15:12 atkv.
— 195,48.a samþ. með 15:5 atkv.
— 235,XXXIII samþ. með 16:2 atkv.
Brtt. 235,XXXIV.1 feld með 15:12 atkv.
— 195,48.b, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 235,XXXIV.2 feld með 14:9 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 195,49 samþ. með 19:3 atkv.
— 204,18 feld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BJ, HStef, HK, JK, KlJ, MJ, BSv.
nei: ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, IngB, JakM, JAJ, JBald, JS, JÞ, JörB, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.
Brtt. 195,50 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 235,XXXV feld með 14:9 atkv.
— 195,51 samþ. með 20:2 atkv.
— 235,XXXVI.1 samþ. með 16:3 atkv.
— 204,19 feld með 15:12 atkv.
— 235,XXXVI.2 tekin aftur.
— 195,52 samþ. með 15:3 atkv.
— 235,XXXVII teknar aftur.
— 204,20 samþ. með 15:9 atkv.
— 235,XXXVIII.1 (aðaltill.) feld með 14:10 atkv.
— 235,XXXVIII.1 (varatill.) samþ. með 18:1 atkv.
— 195,53.a—b samþ. með 16:4 atkv.
— 195,54 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 235,XXXVIII.2 feld með 14:11 atkv.
— 195,55 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 235,XXXIX tekin aftur.
— 204,21 feld með 17:9 atkv.
— 195,56.a samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, BJ, HK, IngB, JakM, JAJ, JBald, JÞ, JörB, KlJ, MJ, PO.
nei: SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, JK, JS, MG, MT, BSv.

Brtt. 195,56.b samþ. með 15:8 atkv.
— 204,22 feld með 16:9 atkv.
— 235,XL (aðaltill.) feld með 15:12 atkv.
— 235,XL (varatill.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 235,XLI feld með 15:12 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 195,57.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 195,57.b samþ. með 25 shlj. atkv.
— 235,XLII (aðaltill.) feld með 16:4 atkv.
— 235,XLII (varatill.) feld með 14:9 atkv.
— 235,XLIII feld með 14:6 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 195,58 samþ. án atkvgr.
— 263 samþ. með 15:8 atkv.
— 235,XLIV þar með ákveðin.
— 195,59 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 195,60 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 195,61 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 235,XLV samþ. með 16:3 atkv.
— 195,62.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 195,62.b samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 24 shlj .atkv.
21. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 204,23.a feld með 17:9 atkv.
— 204,23.b tekin aftur.
— 235,XLVI samþ. með 15:8 atkv.
— 235,XLVII feld með 14:7 atkv.
— 235,XLVIII samþ. með 19 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 195,63.I samþ. með 15:11 atkv.
— 195,63.II samþ. með 16:6 atkv.
Ný gr., er verður 25. gr., þar með ákveðin.
Brtt. 204,24 tekin aftur.
25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 264, 290, 299, 303).

Frsm. fyrri kafla (Þórarinn Jónsson): Það var hvorttveggja, að jeg vildi ekki þurfa að hafa langa framsögu, enda þarf þess ekki, er svo vel vill til, að í mínum hluta fjárlagafrv. er ekki um margar nje verulegar breytingar að ræða í þetta sinn.

Jeg ætla þá að víkja í fám orðum að því, hvernig fjárlagafrv. fór hjeðan úr deildinni, hver áhrif brtt. nefndarinnar hafa á það og hvernig það yrði, ef samþyktar yrðu allar brtt. einstakra þingmanna.

Eins og hv. þm. mun kunnugt, kom þetta frv. fyrir þingið úr höndum stjórnarinnar þannig úr garði gert, að áætlaður var tekjuafgangur um 16000 kr. En við uppprentun frv. eftir 2. umr. kom í ljós prentvilla, er nam 1420 kr., svo að raunverulegur tekjuafgangur var ekki nema 14700 kr. Samkv. brtt. fjvn. til 2. umr. var ráð fyrir gert, að tekjuafgangurinn yrði ekki meiri en 4020 kr. vegna hækkana fjvn. á ýmsum útgjaldaliðum fram yfir hækkanir nefndarinnar á tekjuhlið frumvarpsins. En við 2. umr. fóru svo leikar, að frv. fór úr deildinni til 3. umr. með 91259 kr. tekjuhalla, og nokkrum aurum meir. Samkv. brtt. meiri hl. fjvn. hækkar frv.

nú alls um 69880 kr., og yrðu þær samþyktar, færi tekjuhallinn upp í 161109 kr. Í þessum kafla fjárlagafrv. nema hækkunartillögur meiri hl. nefndarinnar 28750 kr., en brtt. einstakra þingmanna samtals 158800 kr. En allar hækkunartill. á útgjaldahlið frv. nema kringum 400000 kr. Aftur nema tillögurnar um tekjuhækkun 225 þús. kr., og yrði því mismunurinn eða tekjuhallinn 175000 kr., ef allar fyrirliggjandi till. yrðu samþyktar, og færi þá frv. hjeðan úr deildinni með ca. 270 þús. kr. halla. Þá má geta þess, að þótt einhverjar frekari brtt. til hækkunar tekjuhliðinni hafi komið fram, þá megi samt vænta tekjuhalla eigi undir 200 þús. kr. Jeg ætla ekki að fara frekar út í þetta að sinni, en mjer virðist þó varkárni hv. þm. ýmissa vera á nokkuð öðru stigi nú en á síðasta þingi. Þó geri jeg ekki ráð fyrir, að allar brtt., sem nú liggja fyrir til hækkunar, verði samþyktar, heldur aðeins þær, sem þýðingarmestar og nauðsynlegastar verða taldar, og ræð jeg þetta af því, sem áður hefir verið gert í þessu efni. En um stefnu fjvn. hefi jeg þegar talað við 2. umræðu fjárlagafrv., og ætla jeg því ekki að lengja þessa umr. með því að endurtaka það. Skoðun hennar er í öllu óbreytt enn á þessum málum, og mun því nefndin greiða atkv. á móti allflestum þeim brtt., sem nú eru hjer frá einstökum þm.

Þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um brtt. fjvn. á þskj. 290, sem tilheyra mínum kafla. Þar er þá fyrst brtt. II, að fyrir „límonade“ komi gosdrykkir. Það er um þessa og aðrar svipaðar brtt. í þessa átt, að hjer er verið að laga orðalagið og færa það til betra og íslenskara máls. Sama gegnir og um IV. brtt. á sama þskj. Það er aðeins orðabreyting til hins betra og rjettara, og þá er einnig hið sama að segja um VI. brtt. 1, og ræði jeg þetta því ekki frekar.

Þá er brtt. VI, 2, við 12. gr. 7, b, að orðin „til sama“ falli burt. Þetta á við fjárveitingu til augnlæknisferða kringum land, og þar sem hingað til aðeins hefir verið um einn mann að ræða, hefir þessi styrkur verið bundinn við hann. En nú, þegar hjer eru komnir tveir augnlæknar, vill fjvn. láta þetta laust og óbundið, til þess að þeir geti, ef þeir vilja, skift ferðunum á milli sín. Hefði jafnvel verið rjettara að ákveða þetta fast með brtt., en jeg hafði ekki athugað það fyr en um seinan. Það er svo með þessar ferðir kringum land, að læknirinn fer með strandferðaskipunum og dvelur mest viku til hálfan mánuð eða þar um bil á helstu viðkomustöðunum, en hefir ekki getað komið á aðra staði en þá, sem skipin hafa að viðkomustöðum að staðaldri, en minni háttar hafnir hafa orðið útundan. Jeg vil því skjóta því til hæstv. stjórnar að taka það til athugunar, hvort ekki sje hægt að koma því svo fyrir, að læknirinn komi á fleiri staði en áður, jafnvel þótt hann dveldi ekki þar lengur en 1—2 daga; gæti þetta sparað fjölda manna langar ferðir á læknisfund. Um mörg undanfarin ár hefir læknirinn, eins og jeg tók fram, aðeins staðið við til lengdar á stærstu höfnunum, og verður þá ekki talið órjettlátt, að minni viðkomustaðir verði einnig látnir hafa meiri not þessara ferða en áður, þar sem ætla mætti, að læknisins væri nú eigi eins mikil þörf þar, sem hann er búinn að koma oft áður og dvelja lengi.

Þá hefir fjvn. gert brtt. um að bæta 2 nýjum liðum við 12. gr. (brtt. VI,4 á sama þskj.). Fyrri liðurinn er um styrk

til Skúla læknis Guðjónssonar, til bætiefnarannsókna (vitamin). Þessi læknir hefir nú í tvö ár undanfarið dvalið erlendis við framhaldsnám í heilsufræði og notið til þess styrks úr ríkissjóði. Hefir hann dvalið bæði í Þýskalandi og í Danmörku, og þar er hann nú. Hann hefir stundað þessi fræði bæði á Jótlandi og nú síðast við heilsufræðisstofnunina í Kaupmannahöfn. Hefir hann þar á hendi ýmsar rannsóknir, sem formaður stofnunarinnar, prófessor L. S. Fredericia, hefir falið honum. Er aðalverkefnið vitamina í húðfitu. Þessar rannsóknir snerta ýmislegt, sem viðkemur daglegum lifnaðarháttum og heilsu almennings. Árangur þessara rannsókna hefir þegar orðið allgóður og hafa þær leitt ýmislegt það í ljós, sem mönnum var áður ókunnugt, en þó mikilsvirði að vita. Læknirinn hefir í huga að beina rannsóknum sínum að ýmsu, sem að gagni mætti verða fyrir framleiðslu íslenskra fæðutegunda, og ætla jeg því viðvíkjandi, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer nokkur atriði úr brjefi frá honum til fjvn. Alþingis:

„Vil jeg rannsaka vitamin í ísl. fæðutegundum og hversu þau þola þá geymslu og meðferð, sem við notum á Íslandi, svo sem söltun, súrsun, þurkun o. s. frv.

Maður hefir ástæðu til að halda, að íslenskt kindakjöt t. d. sje vitamin-auðugra en algengt er um kindakjöt og annað kjöt; geti maður sannað þetta með rannsóknum, *eykur það mjög verðmæti kjötsins*. Þetta væri þýðingarmikið og allmikið fjárhagsmál. Það er kunnugt, að Íslendingar lifa mikinn hluta árs af súrsuðum og söltuðum mat; menn vita ekkert um það, hvort vitamin þola þá meðferð. Þetta þarf að rannsaka; *það er nauðsynlegt heilsumál*.

Þá vil jeg minnast á skyrið. Það er að mestu alveg órannsakað, en er merkilegra en frá megi segja, bæði frá vísindalegu og „praktisku" sjónarmiði. Það er líklegt, að mjög mikið af vitamin sje í skyrinu og að það megi nota ekki einungis sem framúrskarandi góða og holla fæðu, heldur einnig sem læknislyf. Sannaðist þetta með vísindalegum rannsóknum, mætti gera úr því dýrmæta verslunarvöru. Þetta er bæði fjárhags- og heilsumál."

Þá hefir hann og rannsakað fjöruskjögur, sem talið er að orsakist af vitaminskorti. Þessi sjúkdómur hefir gert vart við sig víða um land, og gætu því rannsóknir þessar haft mikla þýðingu. Hann hefir hugsað sjer að skrifa stutta bók við alþýðuhæfi um rannsóknir sínar. Hann hefir mjög eindregin meðmæli læknadeildar háskólans, og að öllu athuguðu taldi nefndin rjett að veita honum styrk þennan, enda þótt hún treysti sjer ekki til að veita alla upphæð þá, er hann fór fram á. — Nefndin leggur og til að veita öðrum lækni, Valtý Albertssyni, 1500 kr. til náms í lífeðlisfræði. Hann hefir nú undanfarið dvalið 5 mánuði í Óslo og sækir nú um styrk til framhaldsnáms þar eða í Lundi í Svíþjóð. Hann segir svo í umsókn sinni, að hann sje sá eini, er nú leggi stund á þessa fræðigrein, og hafi gert það fyrir áeggjun Guðm. sál. Magnússonar prof., sem einnig hefir mælt eindregið með honum. Meiri hl. nefndarinnar er því samþykkur, að þessi styrkur sje veittur.

Þá er brtt. XII á þskj. 290, fjárveiting til Vaðlaheiðarvegar. Það mál lá einnig fyrir við 2. umr., og var þá farið fram á nokkru hærri upphæð. Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þann lið, en nefndin er þó ekki öll sammála um hann.

Þá er brtt. XV, við 13. gr. C. 2., um hækkun á styrk til bátaferða. Þessi liður var hækkaður úr 70000 kr. upp í 83000 við 2.

umr. Nú er lagt til, að hann verði hækkaður upp í 87 þús., með tilliti til Hornafjarðarbátsins. Nefndin hafði ekki kynt sjer málið nægilega við 2. umr., en meiri hl. hefir nú fallist á þessa hækkun. Annars hafa styrkir til bátaferða til þessa ekki komið fjvn. við, heldur hafa öll erindi um slíkt borist til samgmn. Mun tilætlunin þó hafa verið sú, að öll fjárhagsatriði sjeu fyrst og fremst borin undir fjvn., en í seinni tíð hefir algerlega verið brugðið út af þeirri reglu. Er það þó síst heppilegt, þar sem nefndin kynnir sjer þá ekki þessi mál eins rækilega og skyldi.

Þá er síðasta brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., fjárveiting til að kaupa hús og lóð við Garðskagavitann. Þessi brtt. var tekin aftur við 2. umr.; var upphæðin, sem nefndin þá lagði til að veita, alt of lág. Nú hefir nefndin kynt sjer málið og rannsakað mat og önnur plögg, er að því lúta. Er mat á eign þessari langt fyrir ofan söluverð það, sem nú er boðið að selja fyrir. Þykir nefndinni verðið gott og leggur því til, að kaupin gangi fram.

Jeg fer ekki að sinni út í brtt. einstakra þm., en mun fylgja þeirri reglu, sem jeg hefi áður fylgt, að láta þm. fyrst tala fyrir þeim.

Jeg þykist nú hafa verið fremur stuttorður og vona, að aðrir verði það líka. Jeg tel sjálfsagt, að þessari umr. verði lokið í kvöld.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Jeg mun eftir mætti reyna að vera stuttorður, enda get jeg sparað mjer allar almennar aths. um frv., þar sem hv. frsm. fyrri hl. (ÞórJ) hefir tekið fram það, sem segja þurfti í því efni af nefndarinnar hálfu.

Jeg vil þá þegar og í eitt skifti fyrir öll víkja að þeim brtt. fjvn., er ganga í þá átt að fylgja fornum og þjóðlegum sið og kenna hvern mann til föður síns, en fella hins vegar niður ættarnöfn. Nefndin lítur öll svo á, að sjálfsagt sje að efla þá þjóðræknisöldu, sem þegar er risin til útrýmingar ættarnöfnum. Jeg vona, að hv. deild taki þessum brtt. vel, enda hefir hjer áður verið samþykt ættarnafnafrv., sem gekk lengra en þessar brtt. gera. Annars mun jeg ekki fjölyrða meira um þetta, nema andmælum verði hreyft. Jeg vona þó, að menn dragi ekki umræðurnar á langinn út af þessu, en láti atkv. skera úr, því að síðar á þinginu mun gefast tækifæri til að ræða það mál.

Sný jeg mjer þá að hinum öðrum brtt. nefndarinnar.

Verður þá fyrst fyrir brtt. XIX, um hækkun á styrk til húsabóta á prestssetrum. Hv. þm. N.-M. báru þetta fram við 2. umr., en umsögn biskups var þá svo nýkomin, að nefndin hafði ekki getað kynt sjer málið til hlítar. En af þessari umsögn virðist ljóst, að presturinn á Skeggjastöðum eigi sanngirniskröfu til þessa styrks, enda þótt nefndin treysti sjer ekki til að ákveða, hve há fjárveitingin yrði. En næsta sumar mun biskup visitera norður þar, og ættu þá að fást fullnægjandi upplýsingar.

Þá eru brtt. XXI, 1 og 3, um launabætur til kennara við stýrimanna- og vjelstjóraskólann. Þetta mál hefir áður verið rætt hjer, m. a. við. 2. umr. Virðist sjálfsagt að taka hækkun þessa upp í fjárlögin. Er það og alment viðurkent, að sanngjarnt sje að veita uppbót þessa.

Þá kem jeg að brtt. XXIX. Hv. þm. N.-Ísf. hafði sótt um styrk til að gera sundlaug á Reykjanesi vestra, og ennfremur var sótt um slíkan styrk úr Svarf-

aðardal. Báðar þessar beiðnir voru allháar, og sá nefndin sjer ekki fært að verða við þeim. Tók hún því þann kost að ákveða upphæðina í einu lagi og að veita fjeð með vissum skilyrðum og undir eftirliti stjórnarinnar.

Næst er brtt. XXXI,3, styrkur til Eggerts Eirikssonar Briems frá Viðey, til að gefa út ritgerð um Alþingi hið forna. Má með sanni segja, að engin brtt. fjvn. hafi verið svo harðbökuð sem þessi. Nefndin átti tal við mann þennan í einn hálftíma á síðasta fundi sínum. Öll nefndin var sammála um að veita styrk þennan. Skýrsla lá fyrir frá stjórn sjóðs Jóns Sigurðssonar, og voru þessum manni veitt verðlaun úr sjóðnum í vetur fyrir þessa ritgerð. Get jeg vísað til hinna lofsamlegu ummæla sjóðsstjórnarinnar. Nefndin sannfærðist um, að hjer væri um frumlegar, merkilegar og ef til vill rjettar kenningar að ræða, og áleit nauðsyn á, að ritgerð þessi kæmi út áður en lokið yrði við Alþingissöguna, svo að hafa mætti þær skoðanir, er þar koma fram, til hliðsjónar.

Þá er XXXVIII. brtt. 1. liður, til Skeiðaáveitunnar. Það hefir verið rjettilega tekið fram, að orðin „alt að" í 1. málsgr. megi ekki falla niður. Þetta mál var rætt allmjög við 2. umr., og munu því þessar brtt. ekki koma mönnum á óvart. Fyrri liður till. fer fram á, að skipaður verði eftirlitsmaður með fjárreiðum fyrirtækisins. Er það í samræmi við fyrri yfirlýsingu fjvn.

Seinni liður brtt. er borinn fram eftir bendingu hæstv. atvrh. (MG). Eins og flestum mun kunnugt, var Landsbankanum veitt heimild í fyrra til að gefa eftir vexti og afborganir af veðdeildarláni þar eystra. Þessu hefir ekki verið framfylgt, og því er þessi till. fram borin.

Þá kemur 3. tölul. undir sama rómv. lið, launauppbót til fiskiyfirmatsmanna. Hv. minni hl. fjvn. (BJ) fór fram á allmiklu hærri upphæð í þessu skyni við 2. umr., en þessi brtt. er fram borin í samráði við sjútvn. Tilætlunin er sú, að fiskimatsmenn geti komist hjá að hafa aukastörf á hendi, og jafnframt eru gerðar þær kröfur til þeirra, að þeir reki ekki fiskverslun eða nokkra þá atvinnu, er varpað geti skugga á það traust, sem þeir að sjálfsögðu þurfa að njóta. Vil jeg beina þessum bendingum til hæstv. stjórnar um leið og jeg ber till. þessa fram.

Kem jeg þá að XLII. brtt., um 10 þús. kr. styrk til hafnarbóta í Ólafsvík. Jeg er sjálfur ókunnugur þar vestra, en fullkomin gögn lágu fyrir um nauðsyn fjárveitingarinnar og hæstv. forseti Ed. (H. Steins) skýrði málið fyrir nefndinni. Eins og menn vita, er hjer stórt fiskiver, en án þeirra umbóta, sem þessi styrkur á að veitast til, er ekki hægt að reka mótorbátaútgerð þar. Áætlun um framkvæmd verksins lá fyrir nefndinni, og virtist hún vel úr garði gerð. Annars er þessi fjárveiting veitt með sömu skilyrðum og slíkir styrkir annarsstaðar, gegn ⅔ annarsstaðar frá.

Næst er brtt. XLVIII,a, styrkur til Lúðvíks Jónssonar, og mun jeg geyma mjer að tala um þá till. uns hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) hefir talað fyrir sinni till., sem fer fram á hærri styrk. Þessi maður, sem hjer um ræðir, var ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Austurlands. Áhugi mun vera vaknaður eystra fyrir notkun þessara jarðyrkjutækja hans, og er talinn að þeim mikill vinnusparnaður. Hefir þó þótt á skorta, að þau væru nógu sterk til þessa, og úr því á styrkur þessi að bæta. Annars mun jeg geyma það, sem fleira mætti segja um þessa brtt.

Kemur þá að XLVIII,b. Nefndin leggur þar til, að fyrverandi eigendum Breiðafjarðarbátsins Svans verði greiddar 6000 kr. upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Dala- og Snæfellsnessýslna. Hv. þm. Dala (BJ) fór fram á 13000 kr. í þessu skyni við 2. umr., en þá till. gat nefndin ekki sætt sig við. Jeg býst við, að hv. þm. sje kunnugt, að áður hefir verið veitt slík fjárveiting með sömu skilyrðum. Jeg mun ekki fara út í þá sálma hjer, hvers vegna bátur þessi bar sig svo illa, en í raun og veru var á honum opinber rekstur og hjeruðin gátu ekki án hans verið, og úr því að komið er sem er, virðist vera ranglátt að láta hallann lenda á forgöngumönnunum. Nefndin hefir þó ekki treyst sjer til að fara hærra en þetta, og það fylgir með frá henni, að hún ætlast til, að þetta sje hið seinasta, er greitt verður í þessu skyni. Að öðru leyti getur hv. þm. Dala. (BJ) upplýst mál þetta frekar.

Undir rómv. LII er aðeins einn liður, sem jeg þarf að víkja að. Hinir eru allir nafnbreytingar. Þessi eini liður er 7. liðurinn, um styrk til Sigríðar Finnbogadóttur, að hann verði hækkaður upp í 800 kr., gegn því að ríkið eignist afskriftasafn manns hennar, dr. Jóns sál. Þorkelssonar. Beiðni frá henni um að ríkið keypti þetta afskriftasafn hafði legið fyrir þinginu. Þeir dr. Páll E. Ólason og Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður hafa rannsakað safn þetta, og er það án efa mjög merkilegt. En hinsvegar þótti vafasamt, hvers eign hver einstök afskrift safnsins væri, þar sem sumar afskriftirnar höfðu verið unnar með sjerstökum styrk af ríkisfje. Varð það því að samkomulagi, að styrkur til ekkjunnar yrði hækkaður, gegn því að ríkið eignaðist safnið, og býst jeg við, að allir uni vel við þau málalok.

Þá er næst brtt. um heimild handa stjórninni til þess að greiða Grímsneshreppi 2400 kr. gegn jafnhárri upphæð frá sýslunni. Mál þetta er ekki nýtt. Það er sprottið af síldarkaupum þessa hrepps vorið 1920, þegar harðindin miklu voru á Suðurlandi. Þá braust Pjetur heitinn Jónsson frá Gautlöndum, þá atvinnumálaráðherra, með miklum dugnaði í því að útvega síld til skepnufóðurs, og kom það að mjög miklu gagni. Þá var mikil síld útveguð handa Árnessýslu, og stóð sýslumaðurinn fyrir úthlutuninni. Pantaði þá Grímsneshreppur, sem skorti þá mjög fóðurbirgðir, allmikið af síld og borgaði þegar alla pöntunina. En þegar til átti að taka, fjekk Grímsneshreppur aldrei alla þá síld, sem honum bar. Ódrýgðist hún mikið þar sem hún lá á Eyrarbakka, hverjar orsakir sem til þess kunna að hafa legið, og er talið, að það, sem ekki kom fram af henni, og sem hreppurinn þannig hefir ofborgað, muni nema um 5000 kr. Eftir því, sem jeg veit sannast, mun nú mál þetta standa svo, að lítill vafi sje á því, að hreppurinn gæti fengið sjer þessa upphæð endurgreidda af ríkinu með dómi, ef til máls færi, þar sem lögfullar sannanir eru fyrir því, að síldin hefir ekki öll komið fram. Nefndin hefir ráðgast við hæstv. atvrh. um þetta, og er það í samráði við hann, að þessi tillaga er fram borin. Teljum við sanngjarnt, að sýslan, sem auðvitað ber að sínum hluta ábyrgð á þessu, og ríkissjóður greiði hvort helming upphæðarinnar.

Þá er mjer sjerstakt gleðiefni að mæla fyrir næstu till. fyrir hönd mína og fjvn., um kælískip. Efast jeg ekki um, að hjer sje um eitthvert mesta hagsmunamál

bænda að ræða, og er mjer gleði að lýsa yfir því, að nefndin var óklofin um málið. Þessi tillaga fer í aðalatriðum í sömu átt og till. minni hl. kæliskipsnefndarinnar. Vænti jeg þess, að eins og samkomulag varð um þetta í fjárveitinganefnd, þá verði samkomulag um það í hv. deild. Skal jeg víkja að undirstaflið 2, viðvíkjandi íshúsunum. Nefndin hefir athugað og komist að raun um, að nægilegt fje muni vera í viðlagasjóði til að veita svo há lán, sem hjer eru nefnd, til byggingar íshúsa á kjötútflutningshöfnum, þótt því sje ekki að treysta, að það verði nema rjett nægilegt. Því leggur fjvn. einróma til, að þessar fjárveitingar verði látnar ganga fyrir öllum öðrum. Till. undir staflið 3 er sprottin af því, að nefndinni fanst nauðsyn bera til þess að gera í haust rækilegar tilraunir með útflutning á frosnu kjöti, því að þótt íshús vanti tilfinnanlega víða á landinu, þá eru hjer í Reykjavík og á Akureyri ágæt íshús, svo að það ætti ekki að standa í vegi fyrir tilraununum. Nefndin vill láta leigja skip og láta S. Í. S. annast tilraunina, en það er sá eini aðili, sem hefir gert tilraunir á þessu sviði, og hefir auk þess vanan og duglegan fulltrúa í Englandi, sem annast söluna.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að svo stöddu að fara frekar út í þetta, enda vænti jeg, að jafneinróma verði fylgi við þessar till. í hv. deild sem varð í nefndinni, og auk þess eru allar till. skýrt og greinilega orðaðar og auðskildar öllum, en vel má vera, að hv. deild megi enn eiga von á einni tillögu til frá fjvn. viðvíkjandi þessu máli.

Þá vík jeg að brtt. LIII,4, um að gefa Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu upp viðlagasjóðslán, að upphæð 16000 kr., enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík. Þetta er gamall gestur hjer í hv. deild. Vjek hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) að þessu við 2. umr., og fyrir nefndinni lá erindi frá hreppnum. Var þar í fyrsta lagi farið fram á 10000 kr. til viðgerðar brimbrjótnum, og til vara, að hreppnum yrði gefið upp þetta lán. Þótti nefndinni rjettara að hníga að því síðara, enda mun hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gera sig eftir atvikum ánægðan með þau málalok. Læt jeg hjá líða að fjölyrða um þennan lið, því að hv. þm. N.-Ísf. er því kunnugastur og mun skýra það nánar.

Jeg hefi þá ekki fleira að segja nú. Geymi að tala um brtt. hv. þm. þangað til hv. flm. þeirra hafa minst á þær og talað fyrir þeim.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi þann heiður að vera frsm. að nokkrum brtt.

Er fyrsta brtt. við 10. gr. frv. III,1, að fyrir „skrifstofuhald“ komi: sendiráðsskrifstofu. Jeg skal strax hugga hv. þingmenn með því, að hjer er um enga undirferli nje sviksemi að ræða. Háttv. sparnaðarmenn þurfa ekki að óttast neinar afleiðingar þessa í auraformi, en mjer þótti viðkunnanlegra, að orðum væri svo háttað í frv., að menn sæju, hvaða skrifstofa úti í Kaupmannahöfn það væri, sem ríkið væri að leggja fje til. Það sjá menn, ef stendur „sendiráðsskrifstofa“. En vilji menn endilega fela það, þá geta hv. þm. auðvitað felt þessa till.

Þá er jeg hjer með aðra smátillögu vestan úr Dölum, um tvær símalínur, aðra frá Harrastöðum í Miðdölum að Breiðabólsstað í Sökkólfsdal, en hina frá Stórholti að Skarði á Skarðsströnd. Jeg flutti þessar tillögur við 2. umr. fjárlagafrv., en tók þær þá aftur, því að mjer

þótti ekki árennilegt að láta þær komast að þá, því að hv. þingmenn voru þá blóðugir upp til axla og ljetu ófriðlega, svo hætt var við, að þeir hefðu ekki veitt því eftirtekt, hversu sanngjarnar þessar till. eru. Línan sú hin fyrri er kafli úr samtengingarlínu frá Búðardal að Borgarnesi. Vita það allir, að leggja á síma 3. flokks út með Barðaströndinni, en hann er ekki lengra kominn en að Króksfjarðarnesi. Vænti jeg, að þessi lína verði lögð fyrir afgang af tekjum 3. fl. síma og hitt af öðru fje. En þó þetta fje sje tekið upp í fjárlög, þá er það raunar ónauðsynlegt, þar sem ákvæði eru um þetta annarsstaðar. En Alþingi hefir margbrotið sín eigin lög, og gerir það svo lengi sem 3. flokks símar eru ólagðir. Afgangur af símánum hefir orðið mikill í ár, og verður ekki annað betra gert við hann en að leggja fyrir hann nýja síma, enda nægir hann til þess. Brattabrekka er hættusamur og erfiður fjallvegur, þótt stuttur sje, og liggur sími að öðrumegin, og mætti það oft koma sjer vel, ef vita þyrfti um afdrif manna, að hafa síma að efsta bænum hinumegin brekkunnar. Fullkomin hjálp yrði þetta auðvitað fyrst, er sími er kominn alla leið yfir brekkuna. Ennfremur gerir þessi tengilína mönnum auðveldara fyrir að ná í Vesturland. Myndi það gera símtöl við Norður- og Austurland miklu tíðari.

Hinn síminn er gamall gestur hjer í hv. deild. Var fyrst lofað að leggja hann 1914 og þá ljet landssímastjóri mjer í tje kostnaðaráætlun og landabrjef yfir staðinn, sem síminn skyldi liggja yfir. Þegar svo símanum vestur var haldið áfram eftir 6 ár, þá var hann lagður að Staðarfelli. Á það skal nú reynt, hvort hv. þm. vilja margfalda brigðmælgi sína við mig og Dalamenn.

Svipað er um Skarðssímann að segja. Hefir sími verið lagður yfir fjörðinn að Stórholti, en verslun kaupfjelagsins er í Tjaldanesi. En þar eru ósar og vondur vegur á milli og löng leið til síma. Yrði það mikil og góð endurbót, ef lagður yrði sími þennan spöl, ekki síst með tilliti til læknisvitjana, því að oft er mjög örðug sókn til Búðardals; ekki síst er það erfitt, þegar enginn veit fyrirfram, hvort læknirinn er viðstaddur eða ekki. En vitja má læknis á Hólmavík, ef menn vissu í síma, hvort læknirinn þar er heima. Vona jeg, að háttv. þm. leggist ekki á móti því, að sími verði lagður þarna hið fyrsta, þar sem það bæði getur riðið á mörgum mannslífum og auk þess er hjer um gamalt loforð að ræða. Hafa Dalamenn verið sviknir á þessu í 6 ár.

Þá hefi jeg komið með till. um þriðjung styrks til stúdentagarðs í Reykjavík. Er mál þetta kunnugt hv. deild. Tók jeg þessa till. aftur við 2. umr. fyrir bænarstað stúdentanna, sem hjeldu, að fjvn. hefði gefið sjer loforð í einhverju formi um að taka styrkinn upp við 3. umr., ef frestur yrði gefinn. En það hefir sýnt sig, að þetta var misskilningur, svo að jeg hefi orðið að taka till. upp af nýju. Er þessi stúdentagarður til þess ætlaður að gera stúdentum dvölina hjer við háskólann ódýrari. Þetta er því styrkur til kjósenda sjálfra, þeirra, er eiga sonu, sem þeir senda og ætla að senda til að læra. Er ekki aðeins, að slíkur bústaður er miklu ódýrari en þeir nú eiga við að búa, en auk þess er margt fleira, sem ávinst við þetta. Sambúð og samstarf náms-

mannanna verður miklu innilegra, og má það verða þeim til miklu meiri þroska en nokkur kensla eða kennarar geta veitt. Þarna fá þeir lesstofu og söngstofu og geta fengið að þjóna ótruflaðir löngun sinni í hofi mentagyðjunnar. Þó að Alþingi þyrfti árlega að kosta þessu til fyrir þetta, þá myndi það margborga sig, svo mjög sem mentalíf myndi glæðast við þetta. Er mjer ráðgáta, þegar menn hika við að greiða svona fjárveitingum atkvæði sitt. En jeg verð nú samt ef til vill að láta mjer lynda, að þetta verði felt í ár, en það verður þá tekið upp á næsta þingi. Er jeg hættur að kippa mjer upp við slíkt, þótt um auðsæ nauðsynjamál sje að ræða. **En jeg veit, að**

eftir lifir mannorð mætt,
þótt maðurinn deyi.

Jeg verð líka að sjá fyrir minum eftirmælum.

Þá hefi jeg lagt til, að Guðbrandi Jónssyni verði veittar 2000 kr. til að safna til og semja íslenska menningarsögu í kaþólskum sið. Þessi maður sendi umsókn til fjvn., en hún var á báðum áttum og brast að lokum hugrekki til að leggja til, að honum yrði veittur styrkurinn, þótt margir væru því fylgjandi. Vænti jeg nú, að jeg hafi hjálpað þeim, svo að þeir geti frelsað sína sál. Mun og enginn efast um, að maðurinn sje vel til starfans fallinn, enda hefir hann og meðmæli próf. Páls E. Ólasonar, Matthíasar fornmenjavarðar Þórðarsonar og fleiri ágætra manna. En hann er maður fátækur og atvinnulaus, og er því sjálfsagt, að ríkið hjálpi honum, til þess að það geti notið hæfileika hans á þessu sviði. Hefir hann áður fengið styrk frá Alþingi til að skrifa um íslenskar kirkjur í kaþólskum sið, og lauk hann því verki á næsta ári og hlaut hið besta lof fyrir. Enn má geta þess, að hann hefir á undanförnum tíma unnið landinu stórkostlegt gagn og ekki hlotið önnur laun fyrir en að vera tafinn frá starfi. Jeg býst nú ekki við, að jeg þurfi frekar að tala um þetta fyrir hv. þm. eða sætum þeirra, því að væntanlega eru þeir svo vel mentir, að ekki þurfi þeir að læra af mjer.

Þá hefi jeg enn viljað gefa Alþingi kost á að styrkja útgáfu íslensks vísindarits á tveggja alda afmæli Eggerts Ólafssonar. Fór jeg fram á, að veittar yrðu 6000 kr. í þessu skyni, sem reiknað var eftir áætluðum arkafjölda. Nú er einn þeirra manna fallinn frá, sem lagt myndu hafa skerf til þessa rits, og hefi jeg því lækkað styrkinn, sem því nemur, er hans rúm í ritinu myndi hafa kostað. Það tel jeg víst, að höfundi Búnaðarbálks myndi þykja einkennilegt, ef fulltrúar þjóðar hans sæju eftir þessum aurum, 4500 kr., til að heiðra minningu hans.

Þá hefi jeg borið fram brtt. um styrk til búnaðarfjelaga, að fyrir 10 þús. komi 20 þús. Jeg mun á sínum tíma biðja um nafnakall um þessa till., því að jeg vildi gjarnan, að það sæist, hverjir eru svo óvinveittir búnaðarfjelögum, að þeir vilji ekki unna þeim þessarar litlu viðbótar.

Þá á jeg enn eina litla brtt., og er hún í samræmi við ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) hjer á dögunum viðvíkjandi annari brtt., er jeg flutti þá. Hann vildi halda því fram, að í orðunum „gildandi ákvarðanir" væri innifalin þágildandi ákvæði og fyrirheit þingsins um framhaldandi fjárveitingu. En það geta verið til fyrirheit frá Alþingi, sem ekki geta heyrt — eftir vanalegri málvenju — undir gildandi ákvæði, og þess vegna vildi jeg til varúðar setja þetta sem skýringu — og samhljóða skýringu hæstv. ráðherra — „þar

á meðal fyrirheitum Alþingis", meðal þessara gildandi ákvæða. Þetta er alveg eins og hæstv. fjrh. vildi skýra það, aðeins tekið fram með berari orðum, að þessi fyrirheit eigi að felast í gildandi ákvæðum. Jeg býst við, að menn fari ekki að hika við að samþykkja þessa litlu brtt., því að hún kostar ekki nokkurn skapaðan hlut, og enginn þarf að óttast afleiðingar hennar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla að þessu sinni ekki að tala um till. hv. fjvn., og ekki heldur till. einstakra þingmanna, heldur geyma mjer það, og einungis gera grein fyrir 3 litlum brtt., sem jeg á á þskj. 290. Þær eru allar sama eðlis og fara einungis fram á að taka upp í fjárlagafrv. útgjöld, sem eru lögskipuð, og þess vegna verður ekki komist hjá að greiða, og hafa verið greidd að undanförnu, en talin þá í 24. gr. fjárlaga sem útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum. Og þetta er rjett fyrsta árið, sem þessi gjöld falla á, að telja þau þannig, en síðar ber að taka þau upp í fjárlög, hvert á sínum stað.

Það er þá fyrst 10. brtt., við 12. gr., að þar verði tekin upp gjöld samkvæmt lögum frá 1923 um varnir gegn kynsjúkdómum. Upphæðin er sett 4500 kr., sem er næstum því sama og greitt var 1924, en það var fyrsta heila árið, sem þetta lagaákvæði var til framkvæmda.

2. brtt. mín er við 14. gr. A. Það er lítill útgjaldaliður samkvæmt lögum frá 1907, hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta. Þó að þetta sje lítil upphæð, þá á hún heima þarna, en hvergi annarsstaðar, og hefir verið greidd á hverju ári eins og lög standa til, en ekki enn tekin upp í fjárlög.

Loks er 3. till., við 18. gr. I, að þar verði bætt við nýjum lið, sem er lífeyrir fyrv. skrifstofustjóra Einars Þorkelssonar, 2500 kr. Á þessa upphæð kemur svo dýrtíðaruppbót. Þetta er ekki heldur neitt annað en að taka upp lögmælt útgjöld. Þessi liður er þannig ákveðinn í lögum frá 1923, að jeg ætla. En það virtist ekki rjett að stinga honum inn í neinn af öðrum liðum greinarinnar, af því að hann er sjerstaks eðlis, og taldi jeg því best að taka upphæðina sem sjerstakan staflið við 18. gr.

Enginn af þessum till. fer fram á neina breytingu aðra en þá, að láta útgjöld þessi koma í fjárlögunum.

Það væri ekki úr vegi að víkja örfáum orðum að síðustu brtt. hv. minni hl. fjvn. við 26. gr. Jeg tel brtt. þessa óþarfa, og ef hún er ekki óþörf, þá mun hún einungis leiða til ágreinings og sundurþykkju. Það getur verið stundum vafamál, hvað eru fyrirheit Alþingis, en ef þannig er frá því fyrirheiti gengið, að það sjeu „gildandi ákvarðanir", þá felst það í greininni eins og hún nú er, en ef það er ekki gildandi ákvarðanir, þá á það heldur ekki að vera í þessari fjárlagagrein. Því það er bein mótsögn í því að segja, að fjárveiting, sem ekki er ákveðin í gildandi ákvörðunum, eigi samt að gilda lengur en fyrir fjárhagstímabilið. Það verður einlægur misskilningur og ágreiningur út úr þessu orðalagi, svo framarlega sem litið er svo á, að það hafi einhverja þýðingu að bæta við greinina, því þá verður viðbótin að merkja eitthvað annað en það, sem á undan er komið í greininni. Og besta leiðin til þess að komast hjá slíku er, að þegar þingið hefir gefið eitthvert fyrirheit, þá sjái það svo um, að það sje gert með samningum milli ríkisstjórnar

og hlutaðeiganda. Þá kemst aldrei ágreiningur að.

Að öðru leyti skal jeg láta bíða að ræða einstakar tillögur.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 299 undir I. lið, ásamt tveimur öðrum hv. þm., þar sem við leggjum til, að hækkað sje á 2. gr. 22, það er ágóði af tóbakseinkasölunni, úr 275 þús. upp í 325 þús. kr. Jeg hygg, þótt sjálfsagt sje að fylgja þeirri reglu að áætla sem varlegast tekjumegin í fjárlögunum, að með þessari áætlun sje ekki hægt að telja neitt óvarlega farið. Samkv. reynslu síðasta árs hefir tóbakseinkasalan gefið ríkissjóði í hreinum og beinum tekjum 350 þús. kr. En auk þeirra hefir verið lagt í varasjóð verslunarinnar eitthvað um 35 þús. kr. Upphæðin, sem við förum fram á, að sett verði tekjumegin í fjárlögin, verður um 60 þús. kr. minni en arður verslunarinnar síðastl. ár. Að vísu kemur ekki öll sú upphæð til innborgunar í ríkissjóð, þar sem 35 þús. eru lagðar í varasjóð verslunarinnar; en þessi upphæð okkar er þó 25 þús. kr. lægri en borgað var í ríkissjóð síðastl. ár. Samkv. rekstri verslunarinnar á því ári, og eftir því sem gengi íslensku krónunnar var háttað, hygg jeg, að áætlun okkar sje mjög gætileg og að undir engum kringumstæðum verði ekki mun meiri arður af rekstri verslunarinnar heldur en við gerum ráð fyrir með þessari till. Fyrir mitt leyti hefði jeg heldur ekki viljað flytja þessa till., ef ekki væri fyrirfram víst, að arðurinn færi fram úr áætlun, og það að mun; því jeg hefi áður látið það í ljós, og er þeirrar skoðunar enn, að það er ekki lítil trygging í því fólgin að áætla ætíð sem varlegast tekjuliði fjárlaga.

Skýrslur þær, sem landsverslun hefir gefið um innflutning tóbaks á síðastl. ári, sýna það, að innflutningurinn hefir alls ekki verið mikill, og þar að auki voru óhagstæð innkaup á tóbaki, sökum verðfalls íslensku krónunnar. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður var vinningurinn af versluninni þetta mikill. Þess vegna tel jeg það fyrirfram vitað, að verslunarágóðinn muni fara allmikið fram úr áætlun okkar, enda vildi jeg þess gjarnan óska. Jeg get bætt því við, að þó að Alþingi nú kunni að gera einhverja breytingu á skipun verslunarinnar, þá þykir mjer ekki sennilegt, að það verði gert á annan hátt en þann, að sjeð sje fyrir því, að ríkissjóður bíði engan tekjumissi af þeirri ráðstöfun.

Jeg tel mig svo ekki þurfa að gera frekari grein fyrir þessari till.

Aðra brtt. á jeg á þskj. 290, um styrk til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási. Var hún hjer flutt við 2. umr., en þá tók jeg hana aftur og flyt hana nú 1 þús. kr. lægri. Hefi jeg gert það í samráði við hv. fjvn.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, var þessi læknisbústaður reistur ásamt sjúkraskýli. Landlæknir hefir kynt sjer bygginguna og telur hana í alla staði góða. Sá styrkur, sem sjúkraskýlið hefir fengið áður, er ekki $^1/_{10}$ af því, sem byggingin kostaði, sem voru liðug 30 þús. Þó læknishjeraðið fái nú þennan styrk, þá vantar mikið á, að það fái ⅓ kostnaðar, eins og sumstaðar hefir verið veitt áður. En til þess að fá hv. fjvn. í liðsinni við þetta málefni, flyt jeg upphæðina minni.

Þá á jeg till. undir XLI. lið, er jeg flyt ásamt hv. samþm. mínum (MT). Þar er farið fram á að hækka styrk til bryggjugerðar og lendingarbóta um 5 þús. kr. Hv. þdm. er það kunnugt, að í fjárlögum fyrir 1923 voru veittar 10 þús. kr. til bryggjugerðar á Eyrarbakka. Auk

þess var í fjárlögum áður veitt allmikil upphæð til lendingarbóta á Stokkseyri. Var það fje þó ekki notað nema að litlu leyti. En umbætur á innsiglingunni á Stokkseyri eru bráðnauðsynlegar. Væri strax nokkur bót að því, þótt ekki væri varið til þess meira en 2—3 þús. kr. Á Eyrarbakka er ákaflega mikil þörf fyrir bryggju; sú, sem til er, nær svo skamt fram, en uppskipun þar er mjög erfið. Þeir, sem þekkja staðinn, vita, að jeg fer hjer með rjett mál. Jeg get þegar bætt því við, að það er búið að undirbúa allmikið bryggjugerð á Eyrarbakka t. d. með því að viða að efni með ærnum kostnaði. Er það ákaflega nauðsynlegt fyrir hjeraðsbúa, að þeir fái komið verkinu í framkvæmd sem allra fyrst. Jeg held mjer sje óhætt að segja, að hv. fjvn. sje þessari till. fylgjandi, og jeg leyfi mjer að vona, að háttv. deild ljái henni samþykki sitt.

Svo á jeg brtt. á sama þskj., LV. lið, um að stjórninni sje heimilt að kaupa hús af prestinum á Torfastöðum í Biskupstungum. Það hefir komið til orða, að presturinn sækti burtu þaðan; og hann á að heita má öll hús á jörðinni. Hann hefir verið mjög framkvæmdasamur, gert ákaflega mikið af jarðabótum og byggingum. Það er ekki á annara færi en stórefnamanna að taka jörðina. En það verður ekki vitað fyrirfram, hvort sá prestur, er sækir næst um brauðið, sje svo efnum búinn, að honum verði það kleift. Þessi kaup þurfa ekki að koma til framkvæmda nema því aðeins, að stjórnin telji nauðsynlegt. Þetta er í fylsta samræmi við það, sem gert er á öðrum prestssetrum, þegar svona stendur á. Skil jeg því ekki, að neinar rjettmætar ástæður verði færðar þessu til fyrirstöðu.

Eina tillögu á jeg eftir á þskj. 299, við 16. gr. 5, um Skeiðaáveituna. IIv. frsm. mintist á þær till., sem fjvn. hefir fallist á viðvíkjandi þessu máli. Það er sem sje undir XXXVIII. lið b. á þskj. 290, að stjórninni er falið að skipa mann á áveitusvæðinu, eða í nánd við það, til þess að hafa á hendi fjárreiður áveitunnar. Einnig er ríkisstjórninni falið að sjá um, að stjórn Landsbankans gefi áveitubændum eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925. Þessar tillögur mun hæstv. atvrh. hafa fyrst borið fram við hv. fjvn. Till., sem jeg flyt til viðbótar á þskj. 299, um að ríkið greiði vexti og afborganir af veðdeildarláni áveitunnar í 5 ár með 6 þús. kr. á ári, hana mun hæstv. atvrh. líka hafa borið fram við nefndina, en hún ekki viljað fallast á hana.

Um fyrri hluta till., sem fjvn. hefir fallist á, að skipaður verði maður til að hafa á hendi eftirlit með fjárreiðum áveitunnar, hefi jeg ekkert að segja; jeg er ekkert á móti því. Jafnvel hygg jeg, að það sje mjög æskilegt, að einhver hafi umsjón með áveitunni. Ekki af því, að jeg treysti ekki mönnunum á þessu svæði fullvel til að standa í skilum eftir bestu getu, heldur er það af hinu, að þá er síður hætta á, að sá grunur rísi, að hlutaðeigendur dragi að greiða eftir getu áveitukostnaðinn. Þetta segi jeg ekki að ástæðulausu. Það komu fram við 2. umr. fjárlagafrv. ummæli, sem ekki er hægt að skilja á annan veg en að bændur þessir mundu lítið hirða um sínar skuldbindingar við Landsbankann. Því var mótmælt þá, og jeg mótmæli því enn, að þeir hafi sýnt neitt tómlæti í þessu efni. En það er einmitt gott að fá eftirlit, til þess að fyrirbyggja tortrygni gagnvart bændunum.

Um síðari lið þessarar till. hv. fjvn.

hefi jeg heldur ekki nema gott eitt að segja. Jeg hygg alls ekki gengið nærri ákvörðunarrjetti bankans, þó að þingið geri slíka fyrirskipun. Hann hefir sannarlega verið frjáls að ráða sínum fjárreiðum og þarf alls ekki að kvarta yfir því, að lagðar hafi verið hömlur á starfsemi hans, enda ekki nema sjálfsagt að sneiða hjá slíku. En þvert á móti hefir þingið oft og mörgum sinnum sýnt honum fylsta liðsinni í ýmsum málum, er snerta hag hans. Jeg get ekki sjeð, að umráðarjettur bankastjórnarinnar yfir bankanum sje skertur hið minsta með nefndri fyrirskipun.

Þvert á móti er það mín meining, að bankastjórninni ætti að vera það kært, að þingið lýsti yfir vilja sínum í þessu efni. Við vitum allir, hversu fyrirtæki þetta hefir orðið dýrt, og að það fór langt fram úr upphaflegri áætlun, af ástæðum óviðráðanlegum þeim mönnum, sem hlut áttu að máli. Er þess vegna ekki nema sanngjarnt, að bankinn sýni þessa liðveislu.

Það má benda á í þessu sambandi, að þó að bankinn greiði þessa upphæð, þá er það ekki nærri sú upphæð, er bankinn græddi á verðfalli veðdeildarbrjefanna og kostnaði, er varð við lántökuna; hún hefir orðið svo dýr. Má það þó ekki minna vera, úr því fyrirtækið hefir orðið svo kostnaðarsamt, en að bændur borgi ekki líka á þessum lið stórfje. Mjer hefði verið það ákaflega kært, hefði hv. fjvn. getað fallist líka á það, að ríkið legði fram að sínum hluta þessar 6 þús. kr. á ári næstu 5 ár. Mjer skilst það hefði verið langæskilegast, að sú ákvörðun hefði verið tekin einmitt nú, að hve miklu leyti ríkið vildi hlaupa undir bagga með þessum bændum. Mjer skilst það væri nokkur stuðningur fyrir hæstv. stjórn til þess að koma þessu máli fyllilega fram á hreinum grundvelli, að þingið tæki nú slíka ákvörðun um þetta efni. Jeg verð að segja, að jeg er hálfundrandi yfir því, að hv. fjvn. skyldi ekki sjá það mikla nauðsyn þessa máls, að hún vildi taka till. upp. En jeg get í þessu efni verið mjög þakklátur hæstv. stjórn fyrir skilning hennar á þessu máli, og þá sjerstaklega hæstv. atvrh. (MG), sem hefir bæði í fyrra og nú látið sjer mjög ant um að koma málinu í rjett horf. Og mjer þykir ilt til þess að vita, að ýmsir hv. þdm. leiða það hjá sjer að líta á þá brýnu nauðsyn, sem er til þess að veita þessum mönnum lið. Ef menn vildu athuga það, hversu miklar skuldir þessir menn hafa á herðum sjer, þá mundu þeir ekki komast hjá því að skilja, að það er öldungis ofvaxið svo fáum búendum að standa í skilum, nema þeir fengju eitthvert liðsinni. Jeg tel, að það verði ekki til annars en að tefja það óhæfilega, að málið komist á svo hreinan grundvöll sem æskilegt væri, að slá þessari ákvörðun á frest. Nú er mjer kunnugt um það, að margir í fjvn. — ef til vill allir — telja nauðsynlegt, að ríkið hlaupi þarna undir bagga, en vildu samt slá á frest að taka fullnaðarákvörðun um það. En jeg get ekki almennilega skilið þeirra ástæður.

Jeg vil því vona, að enda þótt hv. fjvn. hafi ekki sjeð sjer fært að taka þessa till. upp, þá vilji hún ekki leggja stein í götu þessa máls.

Það væri líka illa til fallið, ef þeir hv. þm., sem þar eiga sæti, yrðu fyrstir til að hindra framgang svo sanngjarnrar kröfu.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti þess, að hv. deild taki á því með fullri samúð og sanngirni.

Sveinn Ólafsson: Nafn mitt er tengt við 4 brtt. á þskj. 290, og skal jeg því lítillega minnast á þær. Þrjár þeirra lágu reyndar einnig fyrir við 2. umr., svo jeg þarf ekki að fjölyrða mikið um þær að þessu sinni.

Fyrsta brtt. er undir VII. lið atkvæðaskrár og fer fram á 2000 kr. styrkveitingu til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans. Við 2. umr. skýrði jeg allnákvæmlega, hvernig ástæður þessa manns væru og hvernig ástatt væri um þennan lamaða son hans, og hafa legið hjer frammi í lestrarsal vottorð læknis og oddvita um drenginn og allar heimilisástæður umsækjandans. Þarf jeg því ekki að fara mörgum orðum um þetta atriði nú; aðeins skal jeg leiða athygli hv. þm. að því, að svipaðar fjárveitingar til farlama manna hafa verið samþyktar því nær á hverju þingi undanfarið, og vil jeg því vona, að þessari beiðni verði ekki synjað.

Næsta brtt., undir XXII. lið, er einnig gamall kunningi frá 2. umr. Er þar farið fram á að leggja fje til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum, 56 þús. kr., í stað 60 þús., sem till. hljóðaði um við 2. umr. Sú tillaga fjell þá með jöfnum atkv., og lít jeg svo á, að það hafi stafað af því, að í hita dagsins og kapphlaupi hv. þdm. um hinar ýmsu brtt. hafi ekki nema sumir hv. þm. gert sjer ljóst, hvernig á þessari ósk stendur. Hjer er ekki um neinn styrk eða ölmusu að ræða. Þetta er engin venjuleg fjárbeiðni, heldur háverskleg tilmæli um að efna loforð, sem gefið hefir verið. Tilmæli um, að ríkissjóður inni af hendi fjárgreiðslu, sem öllum er kunnugt, að hann á að inna af hendi, og sem áformað hefir verið að greiða um mörg **ár**.

Hjer er nefnilega um að ræða skuld, sem ríkissjóður stendur í, því þessa umbeðnu upphæð, og miklu meiri, afhenti hjeraðið ríkissjóði að gjöf fyrir nokkrum árum.

Nauðsyn þessarar byggingar hefir áður verið rækilega lýst og þá tekið fram, hversu mikill hnekkir hjeraðinu er að því að geta ekki notið skólans öðruvísi en nú, þar sem alt að helmingur þeirra, sem um inntöku sækja, verður frá að hverfa árlega sökum rúmleysis, og þá annaðhvort leita aðrar leiðir eða fara á mis við þá fræðslu, sem þeir óska eftir og þarfnast.

Þá er þriðja brtt., sem jeg er við riðinn. Hana er að finna undir XXXVI. lið, og var hennar einnig getið við 2. umr. Þá skildist mjer, að hún, eða öllu heldur svipuð tillaga um sama efni, fjelli fyrir þá skuld, að formið þótti ekki allskostar rjett, en úr því er vonandi bætt nú. Hjer er sem sagt aðeins farið fram á, að ath. við liðinn um alþýðufræðslu Stúdentafjelags Reykjavíkur verði breytt þannig, að fjárveitingin skiftist milli landshlutanna. Flytjum vjer þrír tillöguna, háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og jeg, og leggjum til, að af þeim 1500 kr., sem samþykt var við 2. umr. að veita til fyrirlestrahalds alþýðufræðslunnar, gangi 400 kr. til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. í hvorn stað. Jeg býst varla við, að nokkur muni álíta þessa kröfu ósanngjarnlega, þar sem mikill meiri hluti fjárveitingarinnar er eftir sem áður ætlaður hinum fjórðungum landsins, enda eru þeir fjölmennari.

Þá skal jeg minnast stuttlega á síðustu brtt., sem nafn mitt er tengt við. Hún er ný, enda barst mjer erindi um hana ekki fyr en meðan á 2. umr. stóð hjer á dögunum. Þessi brtt. er undir LIV

lið og fer fram á að heimila landsstjórninni að ábyrgjast alt að 120 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp, vegna rafmagnsveitu, sem þar er í ráði að byggja. Þessi ábyrgðarheimild hefir áður verið veitt, bæði árin 1920—1921, en þá fórst framkvæmd verksins fyrir, vegna dýrtíðarerfiðleika. Árið 1923 var ábyrgðarheimildin aftur endurnýjuð, því að þá var svo langt komið, að samningar voru hafnir við rafvirkjafjelag eitt um framkvæmd verksins, en þeir fórust fyrir á síðustu stundu, svo að ekkert varð úr því, að til heimildarinnar þyrfti að grípa.

Nú hefir hreppurinn fengið tilboð frá norsku fjelagi um að reisa rafmagnsstöðina í nánd við kauptúnið fyrir 128 þús. kr., og hefir oddviti hreppsnefndarinnar sent mjer símskeyti og óskað eftir því, að lánsábyrgðarheimildin yrði enn af nýju tekin upp í fjárlögin, þar sem nú má við því búast, að verkið verði framkvæmt á þessu og næsta ári og fyrirheit fengið um lánsfjeð, ef örugg trygging fáist.

Að sjálfsögðu er það undir hæstv. landsstjórn komið, hverra trygginga hún krefst af hreppnum fyrir ábyrgðinni, en hinsvegar er þess að gæta, að hjer er ekki um neina fjárveitingu að ræða. Hjer á í hlut tiltölulega vel stæður hreppur, svo ábyrgð þessi er engan veginn varhugaverðari en svo fjölmargar aðrar, sem ríkissjóður hefir gengið í fyrir sveitar- og bæjarfjelög.

Bernharð Stefánsson: Jeg á tvær litlar brtt. á þskj. 290. Önnur er undir XXV. lið, og flyt jeg hana með hv. þm. Barð. (HK). Þar förum við fram á, að veittar verði 10 þús. kr. til byggingar barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar.

Þessi tillaga er þannig til orðin, að eins og menn muna flutti jeg við 2. umr. brtt. um, að ríkissjóður legði fram 5000 kr. til þess að reisa skólahús í Ólafsfirði, og hv. þm. Barð. (HK) aðra um að veita 3000 kr. í sama skyni handa hreppi í hans kjördæmi.

Enda þótt jeg hafi þá sýnt ljóslega fram á nauðsyn skólabyggingarinnar í Ólafsfirði, þá voru undirtektir hv. fjvn. og hv. deildar á þann veg, að jeg sá þann kost vænstan að taka till. aftur til 3. umr., en tillaga hv. þm. Barð. var feld.

Nú höfum við tekið það ráð að fara fram á, að ákveðin upphæð verði veitt til þess að reisa skólahús utan kaupstaða, án þess að tiltaka nánar, hvar þau skuli reist. Væntum við þess, að till. finni meiri náð fyrir augum hv. deildar í þessu formi en meðan við fórum beinlínis fram á ákveðnar fjárveitingar fyrir okkar eigin kjördæmi.

Því þar sem stjórn fræðslumálanna á að veita styrk af þessari upphæð þangað, sem þörfin er mest, þá er enginn kominn til þess að segja fyrirfram, hvert hann verður veittur.

Jeg skal að vísu við það kannast, að jeg hygg, að fjárveitingar til þessara skóla, sem við hv. þm. Barð. fluttum till. um við 2. umr. og sem báðar hafa meðmæli fræðslumálastjóra, muni vera einna mest aðkallandi og þeir, sem þar eiga hlut að máli, muni njóta þessa styrks, ef til kemur. En þó er það svo, að hv. frsm. (TrÞ) gat þess, að víðar væri þörf á að reisa barnaskóla, og ef svo skyldi reynast, að þörfin væri brýnni annarsstaðar, þá gengur fjárveitingin þangað, og er ekkert við því að segja.

En háttv. þingdm. verða að játa, að í till. er nú engin hreppapólitík, heldur miðar hún að því að styðja sjálfsagt og

gott málefni og að ríkissjóður standi að nokkru við þær skuldbindingar, sem hann í raun og veru hefir tekið á sínar herðar fyrir löngu síðan.

Í frv. eru nú allháar fjárveitingar til bygginga á prestssetrum. Jeg er ekki að hafa á móti þeim í sjálfu sjer, en þó verð jeg að segja, að jeg fæ ekki sjeð, að þær eigi að vera stórum mun rjetthærri en styrkir til að reisa barnaskóla, þar sem óhjákvæmilegt er að reisa þá. Og jeg þóttist sýna fram á það við 2. umr., að óhjákvæmilegt er að reisa barnaskóla í Ólafsfirði, og hv. þm. Barð. hefir einnig sýnt fram á, að ekki verður hjá því komist að gera viðbót við skóla þann, sem hann vill fá styrk til.

Hin brtt., sem jeg á, er um að hækka úr 800 upp í 1200 kr. styrkinn til Frímanns B. Arngrímssonar.

Jeg skal ekki fjölyrða um þessa styrkveitingu.

Þessi maður er nú kominn á áttræðisaldur og fremur heilsulítill upp á síðkastið. Hann er mjög merkur maður fyrir margra hluta sakir, en einkum þó vegna hinnar alveg einstöku óeigingirni og brennandi áhuga fyrir almenningsheill, sem hann hefir sýnt frá fyrstu tíð.

Undanfarið hefir hann unnið að rannsóknum á áburðarefnum og ýmsu fleira, sem hann álítur, að þjóðinni megi koma að notum. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á þessar rannsóknir, enda er jeg enginn sjerfræðingur í slíkum efnum, en þó þori jeg að fullyrða, að ýmsar góðar bendingar hefir Frímann gefið, sem vel eru þess verðar, að þeim sje gaumur gefinn — og ennfremur er mjer kunnugt um, að hann ver ákaflega miklum tíma til þessara rannsókna sinna. Hann lítur nefnilega svo á, að fyrir þann styrk, sem hann fær af almannafje, eigi að koma full vinna, og get jeg fullvissað menn um, að hann leggur fram meiri vinnu en svo, að 800 kr. geti talist sæmileg þóknun, hvað þá heldur kaup.

Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um, hvort rannsóknir hans sjeu styrks verðar, vegna þess að Alþingi hefir í því efni sagt til um álit sitt, þar sem honum hafa verið veittar 800 kr. árlega um nokkurra ára skeið.

En nú stendur svo á, að sökum elli er þess varla að vænta, að hann geti fengið sjer verulega aukaatvinnu, enda vinnur hann altaf svo mikið að rannsóknum sínum, að hann hefir engan tíma til annara starfa.

Jeg skal og geta þess, að jeg álít, að Frímann muni vera sparsamasti maðurinn á öllu Íslandi, en þó svo sje, þá er samt augljóst, að 800 kr. hrökkva skamt, ekki síst þar sem hann ver töluverðum hlúta styrksins í beinan kostnað við rannsóknir sínar.

Jeg hefi lítillega kynst lífskjörum þessa manns, og það get jeg sagt, að jeg hefi aldrei hitt fyrir nokkurn mann, sem hefir neitað sjer um jafnmörg lífsþægindi.

Jeg þykist vita, að þó jeg færi að lýsa lifnaðarháttum hans og sjálfsafneitun, þá myndi það láta í eyrum sem skáldskapur. Hv. þm. þyrftu sjálfir að heimsækja hann, til þess að sannfærast um, að jeg hefi ekkert ofmælt.

Jeg ætla ekki að ræða mikið um aðrar brtt., en þó vil jeg í sambandi við brtt. hv. fjvn. um styrk til þess að gera steinsteyptar sundlaugar mega minna hæstv. stjórn á umsókn um slíkan styrk, sem komið hefir úr mínu kjördæmi. Jeg vil mega vona, að hæstv. stjórn minnist þeirrar umsóknar, þegar hún úthlutar væntan-

legum styrk í þessu skyni, án þess þó að jeg vilji fara fram á, að þessi umsókn verði látin sitja fyrir öðrum, heldur verði hún aðeins látin njóta jafnrjettis við samskonar beiðnir annarsstaðar frá.

Ennfremur vil jeg í sambandi við brtt. hv. þm. Árn. (MT og JörB) um 20000 kr. fjárveitingu til bryggjugerðar og lendingabóta á sama hátt mega minna hæstv. stjórn á, að einnig hefir komið umsókn úr mínu kjördæmi um styrk til þessara hluta, og vænti jeg þess, að á þá umsókn verði litið með sanngirni, þegar þessi fjárveiting kemur til úthlutunar.

Klemens Jónsson: Einhver verður að tala við tómu stólana, og er þá best að jeg verði til þess í þetta sinn, enda þótt því fari fjarri, að jeg hafi veigaminni eða ómerkilegri brtt. að tala um en aðrir hv. þm.

Það eru einkum tvær brtt., sem jeg ætla að gera að umtalsefni að þessu sinni.

Hin fyrri er frá meiri hl. fjárhagsnefndar um 8 þús. kr. fjárveitingu til mjólkurniðursuðufjelagsins Mjallar. Nefndinni barst erindi frá fjelagi þessu um, að því yrði veittur einhver styrkur af hálfu hins opinbera, annaðhvort beinn fjárstyrkur úr ríkissjóði eða einhverskonar tollvernd.

Þetta fyrirtæki er alveg nýtekið til starfa. Það hóf göngu sína í nóvember síðastl., og þá þegar brá svo undarlega við, að útlend mjólk lækkaði stórum í verði og hefir farið sílækkandi síðan. Í byrjun desembermánaðar síðastl. var mjólkurverð Mjallar hjer í Reykjavík 36 kr. kassinn (48 dósir), en um sama leyti kostaði útlend mjólk kr. 37,50—38,00 kassinn. En í janúar var verð útlendu mjólkurinnar komið niður í kr. 34,00—34,50 og í febrúar jafnvel niður í 32 kr. kassinn.

Þótt svo kunni að vera, að þessi lækkun stafi að einhverju leyti af hækkun íslenskrar krónu, þá er svo tæpast að öllu leyti, því hún er ekki vön að gera svo fljótt vart við sig, heldur mun söluverð þessa fjelags hafa haft aðaláhrif í þessa átt, og er sýnilegt, að þessi innlenda mjólkurgerð á framtíð fyrir höndum. Nú greiðir fjelagið þeim bændum, sem afhenda því mjólk sína, 30 aura fyrir líterinn, og segir fjelagsstjórnin, að ómögulegt sje fyrir þá að láta mjólkina fyrir minna verð. Og þar sem nú kostnaðurinn við fyrirtækið getur í engu verulegu lækkað fyrst um sinn, fór fjelagið fram á það við fjhn., að Alþingi vildi styrkja það á þann hátt að leggja toll á innflutta niðursoðna mjólk. Gat fjelagið þess, að minni tollhækkun í þessu efni frá því, sem nú er, en 10 aur. á kg. mjólkur myndi naumast koma að tilætluðum notum. Formaður fjelagsins kom sjálfur suður og átti tal um þetta við fjhn. Sýndi hann henni fram á, að full nauðsyn er á að sinna þessu máli. Raunar varð nefndin sammála um það, að hún gæti ekki aðhylst að leggja hærri toll á innflutta mjólk, og skal jeg ekki fara langt út í það atriði, en get þess eingöngu, að nefndin er yfirhöfuð mótfallin verndartollum. Þess vegna kaus fjhn. að fara hina leiðina, þá, að leggja til, að fjelaginu væri nú veittur nokkur styrkur, meðan þetta er í byrjun og alt sem erfiðast. En nefndin gat ekki orðið sammála um það, hvernig þeim styrk skyldi hagað, eins og sjá má af till. meiri hl. og till. hv. minni hl., þótt raunar báðum komi saman um að veita fjelaginu einhvern styrk. Viljum við, að fjelaginu sje í verðlaunaskyni veittar 2 kr. fyrir hvern mjólkurkassa, en í honum eru 48 dósir af sömu stærð og útlendar mjólkurdósir. Má þessi styrkur nema alt að 8 þús. kr. Fjhn. álítur, að hjer sje um

mikilsverða framkvæmd að því er snertir landbúnaðinn að ræða. Þess vegna vil jeg f. h. fjárhagsnefndar mæla sem best með því, að þessi till. meiri hl. verði samþykt. Og jeg vænti þess sjerstaklega fastlega, að hv. fjvn., sem er skipuð mætum mönnum, er vilja styrkja landbúnaðinn sem mest, verði fús til að samþykkja þessa tillögu.

Þá er hjer önnur brtt., eða brtt. III á þskj. 299. Hún er frá sjálfum mjer, um 10 þús. kr. til þess að byggja nokkurskonar gróðrarstöð á Stóruvöllum á Landi. Þegar stjórnin var að undirbúa fjárlagafrumvarpið fyrir 1926, fylgdi hún þeirri venju, sem áður hefir tíðkast, að skrifa embættismönnum og stofnunum og biðja þær um kostnaðaráætlanir fyrir það ár. Samkv. þessu fjekk Búnaðarfjelagið líka áskorun um að koma fram með till. sínar. Meðal þeirra till., sem það kom fram með, var ein sú, að veittar yrðu 25000 kr. í fjárlögum 1926 til að byggja hús á Stóruvöllum vegna sandgræðslunnar. Búnaðarfjelagið rökstuddi þetta með ítarlegu erindi, sem síðar var prentað í Búnaðarritinu. Get jeg látið mjer nægja að vísa til þess að mestu. Þó vil jeg sakir þeirra, sem ekki hafa lesið ritgerðina, taka fram nokkur atriði, sem þar eru nefnd. Búnaðarfjelagið segir, að þeirri reglu hafi verið fylgt, þegar um sandgræðslu er að ræða, að láta þau svæði sitja í fyrirrúmi, þar sem mest hætta stafar af, að sandfokið breiðist út og valdi skemdum á grónu landi. Þá sje og tekið tillit til þess, hvað mikið viðkomandi sveitir geti lagt fram á móti landssjóðstillaginu. Af þeim svæðum, sem mest nauðsyn beri til, að tekin sjeu til sandgræðslu, eru 6 svæði í Rangárvallasýslu, og er gert ráð fyrir, að sú græðsla kosti 50 þús. kr. Fjelagið segir, að þessi svæði hafi sjerstaklega verið athuguð, en að auk þeirra sjeu fjöldamörg svæði víðsvegar um land, sem full nauðsyn væri einnig að græða upp. En á Rangárvöllum einum er talið, að 70 býli sjeu lögð í auðn af sandfoki. En þar var áður mjög frjósamt. Nú segir Búnaðarfjelagið, að regluleg sandgræðsla hafi aðeins átt sjer stað á einum stað, þ. e. á Reykjum á Skeiðum, en telur bráðnauðsynlegt að byggja nú sandgræðslustöð á Rangárvöllum, þar sem sandfokið er mest. Og væri ákjósanlegast, að sandgræðslustjórinn byggi í miðri sveit, svo að hann gæti gert sem bestar tilraunir og leiðbeint mönnum sem mest. Búnaðarmálastjórinn segir, að Stóruvellir á Landi sjeu ágætlega vel fallnir til slíkrar sandgræðslustöðvar. Þar var áður höfuðból, eins og kunnugt er, en er nú í auðn, nema hvað búið er að inngirða þar dálítið svæði, eða um 120 ha. Reyndist það svo vel, að 2 árum eftir að það var girt gaf það af sjer 600 hesta.

Fyrir ofan Stóruvallaland liggja afarstórar flatir, eða hinar svonefndu Klofaflatir. Nú eru þær sandauðn ein, en voru áður grösugt og fagurt land. Segir búnaðarmálastjórinn, að þetta megi alt græða og að yfir höfuð að tala sje þarna á Rangárvöllunum eins og skapað svæði til þess að byrja sandgræðsluna með miklum krafti. Segir hann, að í Landmannahreppi eigi að vera miðstöð sandgræðslunnar hjer á landi. Þess vegna fór hann líka fram á 25 þús. kr. til byggingar í þessu skyni. Jeg sá mjer nú ekki fært, með tilliti til fjárhags landsins, að fara fram á svo mikið nú, enda álít jeg, að hægt væri að byggja húsið fyrir talsvert minni upphæð. Átti jeg tal um þetta við búnaðarmálastjórann, og kom okkur saman um, að notast mætti fyrst í stað við 10 þús. kr. Vænti jeg nú

þess, að hv. þdm., og þó einkum háttv. landbn., sjái, hvílíkt stórmál og nauðsynjamál þetta er, og að hv. þd. verði einhuga um að samþykkja þessa till. mína. Menn mega og vel gæta þess, að hjer er um upphæð að ræða, sem búast má við, að fljótt beri mikinn og margvíslegan ávöxt.

Jeg á ekki fleiri brtt., en jeg vil minnast á fáeinar aðrar, sem bornar hafa verið fram, sjerstaklega brtt. XV. á þskj 290, frá hv. fjvn., um það að hækka styrkinn til bátaferða um 4 þús. kr. Samgöngumálanefnd, sem hafði þetta mál með höndum, hefir gefið ítarlega skýrslu um þessar bátaferðir, og kom henni saman um þá upphæð, sem minst væri hægt að fara fram á. Hún hefir ekki haft tækifæri til að ræða þessa hækkunartill., svo jeg get ekki talað fyrir hennar hönd, en jeg þykist þess fullviss, að meiri hl. muni að minsta kosti vera henni samþykkur. Jeg er henni fyrir mitt leyti eindregið fylgjandi, því jeg álít, að ekki verði hægt að komast af með minni upphæð. Jeg býst og við, að hæstv. atvrh. (MG) hagi úthlutuninni í samræmi við vilja samgöngumálanefndar Nd., sem honum er vel kunnugt um. Jeg leyfi mjer því að mæla fastlega með því, að þessi brtt. verði samþykt.

Þá vil jeg drepa á brtt. XVII á sama þskj., um að kaupa hús og lóð við Garðskagavita. Þegar jeg var ráðherra, var farið fram á, að þetta væri keypt, en þá var það metið nokkru hærra en nú. Það er vissulega þörf á því bæði fyrir vitann og vitavörðinn, að þetta sje keypt. Og þar sem hæstv. stjórn hefir farið fram á þetta og hv. fjvn. lagt því liðsinni sitt, þá vænti jeg þess, að það gangi greiðlega. Og jeg get lýst því yfir, að eins og jeg leit á þetta áður sem nauðsynjamál, þá geri jeg það enn og greiði till. fúslega atkv. mitt.

Þá vil jeg enn minnast á brtt. XII, um Vaðlaheiðarveginn. Jeg held, að það hafi aðeins verið 2 till. hv. fjvn. við 2. umr., sem feldar voru, en hinar allar voru samþyktar. Önnur sú, sem feld var, var fjárveiting til þessa vegar. Jeg verð að segja, að mig stórfurðaði á þessu, því að jeg ætla, að hvergi hjer á landi sje jafnmikil þörf fyrir, að betri vegur sje lagður, en einmitt þarna á Vaðlaheiði. Þetta er sjálfsagt langfjölfarnasti vegur á landinu, að veginum austur yfir Hellisheiði undanskildum; en jeg veit ekki til, að neitt verulega hafi verið gert við Vaðlaheiðarveginn, síðan jeg þekti þar til fyrst, eða um 34 síðustu árin. Hann er líka algerlega ófær á köflum oft og tíðum, og jeg vil nú óska, að hv. fjvn. fái því meira fylgi með þessari till. nú en áður við 2. umr.

Það gæti verið freistandi að tala um fleiri till., en mjer finst hv. framsögumenn og hæstv. fjrh. (JÞ) hafa verið svo stuttorðir, að við hinir ættum að fylgja því loflega dæmi. Skyldi því hver og einn aðeins tala um sínar eigin brtt.

Að lokum verð jeg þó aðeins að drepa á þær brtt. hv. fjvn., sem snerta nöfn manna. Jeg get ómögulega felt mig við það að fara hjer að skíra menn upp og láta þá heita nöfnum, sem vitanlegt er, að þeir bera aldrei nema í fjárlögunum. Hvenær verður t. d. tannlæknirinn V. Bernhöft nefndur Vilh. Vilhelmsson í daglegu tali? Slíkar nafnabreytingar og þessar tel jeg varla forsvaranlegar af hinu háa Alþingi. Þó er jeg ekkert á móti því að breyta nöfnum þeirra, sem tekið hafa sjer eitthvert nafnskrípi. Jeg álít, að t. d. Einar Hjörleifsson sje miklu þjóðkunnari undir því

nafni en Kvaran, og mætti það því vel missa sig. En að fara að breyta nöfnum manna, sem bera nöfn, sem feður þeirra hafa borið í 100 ár eða meira, nær ekki nokkurri átt og er löggjafarþinginu varla sæmandi. Jeg vona því, að þessar brtt. hv. fjvn. verði ekki samþyktar.

Halldór Stefánsson: Jeg mun láta mjer nægja að minnast aðeins á brtt. XLV. á þskj. 290, frá minni hl. fjárhagsnefndar, um að veita mjólkurniðursuðufjelaginu Mjöll í Borgarfirði alt að 8 þús. kr. styrk, þó með því skilyrði, að styrkurinn verði ekki greiddur nema því aðeins, að fjelagið njóti ekki meiri tollverndunar en nú er í lögum.

Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar hefir gert grein fyrir ástæðunum fyrir þörfinni á þessum styrk. Hefi jeg ekkert við það að athuga og engu við það að bæta, sem hann sagði. En nefndin er ekki á einu máli um það, á hvern hátt eigi að bæta úr þörfum fjelagsins. Hv. meiri hl. vill gera það með framlagi úr ríkissjóði, en minni hl. með því móti að færa niðursoðna mjólk undir ákvæði verndartollalaga, þannig að fjelagið njóti álíka stuðnings af þeim og það fengi með þessu fje úr ríkissjóði. En til þess að spilla á engan hátt fyrir því, að fjelagið fái styrk, þá höfum við orðað brtt. okkar þannig, að þótt menn fallist ekki á að setja innflutningstoll á innflutta mjólk, þá fær fjelagið styrk engu að síður, ef tillaga okkar verður samþykt. Hvað snertir þessar tvær till. fjhn. frá sjónarmiði ríkissjóðs, þá fer önnur fram á bein útgjöld, en hin fer ekki fram á nein útgjöld, heldur gæti hún orðið ríkissjóði til tekjuauka jafnframt því, sem fjelaginu veitist stuðningur. Menn hafa haft það á móti því að tolla mjólk, að það kæmi illa niður á neytendunum. En sama máli gegnir um alla innflutningstolla, svo þetta er ekki veigamikil ástæða. Tökum t. d. smjörlíki, sem er enn almennari þurftarvara en mjólk. Eða tökum sápu. Hún er tolluð, að undanskilinni grænsápu, og er þó sápa vissulega ennþá miklu almennari þurftarvara en niðursoðin mjólk. Og enn má nefna fleiri nauðsynjavörur, sem vörutollur hvílir á, svo sem trjesmíðavörur og vefnaðarvörur. Og tollurinn á þessum vörum er einmitt rjettlættur með því, að hann sje meðfram verndartollur fyrir innlenda framleiðslu á þessum varningi. Gagnvart neytendunum skiftir tollurinn á þessum vörum, er jeg nú hefi nefnt, sama máli og tollur á innflutta mjólk. Og um leið og mjólkurtollurinn gæfi tekjur í ríkissjóð, væri með honum stutt iðnaðarfyrirtæki, sem erfitt á í byrjun, en virðist geta átt góða framtíð í vændum. Og jafnframt væri stuðlað að bændaframleiðslunni í landinu. Ávinningurinn af till. okkar, sem erum í minni hl., er því þrefaldur.

Mjer er sagt, að innlenda niðursoðna mjólkin sje bæði betri neysluvara og ódýrari en sú útlenda; en því ríkari ástæða er til þess að leggja verndartoll á innflutta mjólk, til að auka mjólkurframleiðsluna innanlands. Við í minni hl. fjhn. munum því bera fram till. um það í sambandi við frv. um verðtollinn, að lagður sje 10% verðtollur á innflutta mjólk. Af þessum ástæðum tel jeg sjálfsagt, að hv. þdm. fylgi till. minni hl., sem bætir jafnvel úr þörf fjelagsins og till. hv. meiri hl., en heldur þó um leið opinni leið til þess að gera það án útgjalda fyrir ríkissjóð.

Jakob Möller: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 290 við tekjuhlið frv. Það kann að þykja slettirekuskapur af einstökum þm.

að koma með slíkar tillögur, þar sem það vitanlega er hlutverk hv. fjhn., en jeg hefi gert það vegna þeirra umræðna, sem fóru hjer fram við 2. umr. fjárlagafrv., til þess að sýna, að hægt er að hækka marga liðina. Jeg skal víkja að einstökum till. og sýna fram á, að óhætt er að hækka liðina um það, sem þessu nemur, og sjálfsagt eru fleiri tekjuliðir, sem óhætt er að hækka. Fyrsta tillagan gengur í þá átt að hækka áætlun tekjuskattsins um 50 þús. kr. Tekjuskatturinn nam 1922 1359 þús. kr., 1923 782 þús. kr., 1924 800 þús. kr. Að meðaltali verður þetta 980 þús. kr. Jeg veit ekki betur en að það sje föst venja, þegar tekjur eru áætlaðar, að taka meðaltal af útkomu umliðinna ára, og því er forsvaranlegt að gera það nú. Nú hefi jeg ekki farið hærra en 850 þús. Sú er ástæða til þess, að á þessum tíma hefir orðið breyting á tekjuskattslögunum, þannig að skatturinn er lægri af lágum tekjum seinni árin en það fyrsta. En jeg veit fyrir víst, að tekjuskatturinn 1925 af tekjum 1924 verður meiri en hæsta upphæðin þarna. Jeg þori að fullyrða, að hann verður ekki undir 1½ miljón, og jeg hygg, að tekjuskatturinn 1926 af tekjum 1925 verði ekki langt þar fyrir neðan. Þarna er því vafalaust mikið svigrúm eftir, þótt hækkað sje um 50 þús. kr. Hinsvegar lít jeg svo á, að þennan lið beri altaf að áætla varlega, og getur komið sjer vel, að þessi liður fari fram úr áætlun og verði þannig sem einskonar varasjóður frá góðu ári til lakara árs.

Þá eru aukatekjurnar, sem jeg legg til, að verði hækkaðar um 25 þús. kr. 1922 voru þær 336 þús. kr., 1923 300 þús. kr. og 1924 400 þús. kr. Þetta verður að meðaltali 345 þús. kr. En nú ber þess að gæta, að í þessum tekjum kemur gengisviðaukinn til greina, sem sagt á gjöld samkv. 54. gr. aukatekjulaganna, og af þessu stafar það að nokkru leyti, hversu aukatekjurnar voru háar árið 1924. Þó að ekki muni miklu þarna á 345 þús. og 325 þús., er svigrúmið meira, þegar tekið er tillit til gengisviðaukans, því að hann náði ekki heldur til alls ársins 1924.

Þá legg jeg það til, að áfengistollurinn verði hækkaður um 50 þús. kr., úr 500 þús. kr. upp í 550 þús. kr. Hvað hann snertir er ekki hægt að miða við nema 2 ár, 1923 og 1924, en 1923 var tollurinn 499500 kr., og með gengisviðaukanum hefði hann numið 622 þús. kr., en síðara árið var hann 605 þús., en þá ber þess að gæta, að gengisviðauki er aðeins þrjá fjórðu hluta ársins. Þarna er því um 70 þús. kr. svigrúm að ræða frá því, sem jeg legg til. Ekki þarf að gera ráð fyrir, að innflutningur á þessari vörutegund minki, enda var hann svipaður þessi tvö ár.

Þá kemur tóbakstollurinn. Hann hefi jeg lagt til, að yrði hækkaður úr 450 þús. kr. upp í 475 þús. kr. Enda þótt jeg efist ekki um, að sú áætlun stæðist 1926, með tilliti til þess, að 1924 var tollurinn 525 þús. kr., þá ætla jeg að taka þessa tillögu aftur.

Næst kem jeg að kaffi- og sykurtollinum. Hann var 1922 886 þús. kr., en 1923 825 þús. kr. Meðaltal 856 þús. kr. Að viðbættum gengisviðauka verður þetta 1070 þús. kr. Hjer er því 100 þús. kr. svigrúm. 1924 var tollurinn 1050 þús. kr., en þá var gengisviðauki aðeins 3 ársfjórðunga. Jeg tel því óhætt að áætla 975 þús. kr. nú.

Loks kemur vörutollurinn. Hann var 1922 1316 þús. kr., en þar var innifalinn sjerstakur kola- og salttollur, sem nær til þess árs að nokkru leyti. Mætti því segja,

að sú upphæð geti ekki talist sambærileg við núverandi ástand. 1923 var tollurinn 1051 þús. kr. Meðaltalið verður 1183 þús. kr., sem að viðbættum gengisviðauka verður 1480 þús. kr. Vegna þess hvað botnvörpuskipastóllinn hefir aukist, hefir vaxið afskaplega innflutningur á kolum og salti, en það vegur fullkomlega upp á móti því, sem kola- og salttollur inn var 1922, enda varð vörutollurinn 1924 1560 þús. kr., svo að áætlunin nú, 1400 þús. kr., virðist fullkomlega varleg, og það er augljóst, að forsvaranlegt væri að hækka þennan lið enn meira. Þessar tillögur samtals, að frádregnum tóbakstollinum, hækka tekjuhliðina um 200 þús. kr. Mjer er ekkert kappsmál, að þessar tillögur verði samþyktar, því að jeg er í engum vafa um, að þó að þær verði ekki samþyktar nú, munu líkar tillögur verða bornar fram síðar og þá samþyktar. Og enginn vafi er á því, að þær standast.

Þá á jeg nokkrar brtt. við gjaldahliðina. Sú fyrsta er undir tölulið VIII á þskj. 290. Það er samskonar tillaga og jeg bar fram við 2. umr. fjárlagafrv., um að veita fje til byggingar landsspítala í Reykjavík, en aðeins 100 þús. kr., í stað 150 þús. kr., sem þá var felt. Þá lýsti jeg ástæðum fyrir þessari tillögu, og er óþarft að hafa það upp aftur nú, enda veit jeg, að hv. þdm. er ljós nauðsyn þessa máls. En það var samþykt ýmislegt það við 2. umr. fjárlagafrv., sem ekki er forsvaranlegt að láta ganga fyrir þessu, og því hika jeg ekki við að koma með tillöguna aftur, en hefi lækkað upphæðina. Þeirri lækkun er þannig varið, að með þessu fje má í raun og veru gera hið sama, sem til var ætlast með hinu. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir, að fje verði látið úr landsspítalasjóði til byggingarinnar, og að sjóðurinn allur gangi smám saman til hennar. Nú er það orðið þannig í aths., að sjóðurinn skuli leggja svo mikið fje fram, að hægt sje nú þegar á þessu ári að byrja á byggingunni og halda henni áfram með fullum krafti. Það má einu gilda, ef fjeð á annað borð á að ganga til byggingarinnar, hvort það er tekið strax eða smám saman. Þegar búið er að byggja fyrir sjóðsfjeð og 100 þús. kr. úr ríkissjóði, er sjálfsagt að halda áfram, þar til byggingin er fullger.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að þessu sinni, ekki fyr en jeg heyri undirtektir hv. nefndar og hæstv. stjórnar um málið og hvaða mótbárur kunna að koma fram gegn því.

Þá á jeg till. á sama þskj., undir tölulið XXIII og XXIV, um að hækka styrk til iðnskólans og verslunarskóla. Eins og kunnugt er, voru styrkir þessir lækkaðir í fyrra, meira vegna þess, hvað ástandið þótti óskyggilegt, en af því, að ekki væri þörf á hærri styrk. Að því er snertir iðnskólann, hefir forstöðumaður skólans gert grein fyrir því, að skólinn gæti ekki komist af með minna en 6600 kr. Þó að skólinn sje hjer í Reykjavík, er hann samt fyrir alt landið, þar sem hann eiga að sækja allir iðnnemar, sem stunda nám hjer, en mikill fjöldi þeirra er utan af landi, úr ýmsum hjeruðum. Þetta er því nauðsynjamál alls landsins, að hafa skólann sem fullkomnastan. Geti hann ekki haldið áfram að starfa, er ekki sjáanlegt, hvernig á að fullnægja þeim lögum, sem sett eru um þá fræðslu, sem hann veitir. Með þeirri lagasetningu hefir ríkið í raun og veru skyldað sig til að halda skólanum uppi. Um verslunarskólana er það sama að segja. Þeir eru ekki sjerstaklega fyrir Reykjavíkurbæ, heldur fyrir alt landið. Jeg þekki það sjerstaklega um verslunarskólann, að ekki er hægt að

segja, að þetta sje mikill styrkur, þegar tekið er tillit til þess starfs, sem hann hefir unnið.

Þá er loks brtt. á sama þskj., undir tölulið XLVII, um að veita Þorvaldi Egilson 1500 kr. styrk til þess að kynna sjer hænsnarækt til fullnustu. Hann hefir í 2 ár kynt sjer hænsnarækt í Danmörku á eigin spýtur og hefir unnið þar kauplaust sem lærlingur. En nú vill hann ferðast um og kynna sjer hænsnarækt víðar en í Danmörku, til þess að fá sem fullkomnasta þekkingu á starfinu. Hann hefir bestu meðmæli þeirra manna, sem hann hefir unnið hjá, og mikinn áhuga fyrir þessu starfi. Það er enginn vafi á því, að ef hænsnarækt er rekin skynsamlega og eins og vera ber, er það allmikill tekjuliður fyrir þjóðina. Danir flytja t. d. út egg fyrir miljónir króna. Eins og kunnugt er, hafa verið gerðar tilraunir til að byrja hjer hænsnarækt í stórum stíl, en þær hafa farið út um þúfur, af því að menn hafa ekki haft næga þekkingu á þessu sviði. Hinsvegar sýnir reynsla einstakra manna, sem rekið hafa hænsnarækt í smáum stíl, að hjer má vel, með góðum hagnaði, reka hana í stórum stíl.

Þá á jeg ekki fleiri brtt. sjálfur, en vil minnast á örfáar aðrar.

Fyrst er þá tillaga hv. fjvn. á þskj. 290, VI,4.a—b, um að veita læknunum Skúla Guðjónssyni og Valtý Albertssyni styrk til að halda áfram námi. Jeg þekki þessa menn báða nokkuð og hefi kynst starfi þess fyrnefnda og lít svo á, að það sje mjög þýðingarmikið fyrir landið, og ekki síst háskólann, að hann geti haldið áfram þessu námi.

Það er beinlínis þýðingarmikið atriði fyrir læknisvísindin og læknamentun í landinu, að þessar greinir læknisfræðinnar verði kendar hjer við háskólann af sjerfræðingum, en til þess að það geti orðið, er nauðsynlegt að styrkja þessa menn til framhaldsnáms, er hjer ræðir um. Jeg veit um þann fyrnefnda (Skúla Guðjónsson), að hann að afloknu námi í Kaupmannahöfn á þar kost á sæmilegri stöðu við þessi störf. Það má að vísu segja, að vegna þess styrks, sem hann hefir notið hingað til til þessa náms, sje hann skuldbundinn landinu og eigi þess vegna að hverfa hingað heim aftur, en þá verður á það að líta, að námið komi honum að fullu gagni, en það verður ekki, ef hann fær ekki þann styrk, sem hann þarf með til að geta lært þetta til hlítar; en mjer er kunnugt, að hann gengur að þessu námi með alúð og er fjarri skapi að láta úr því verða kák eitt, og hefir mikinn áhuga á því að geta orðið nýtur maður þjóð sinni á þessu sviði. Um Valtý Albertsson er það að segja, að hann fór utan á sjálfs sín kostnað til að fullkomna sig í læknisfræðinni, og gerði hann það af áhuga þeim, sem hann hefir á þeim fræðum. Það er yfir höfuð gleðilegt, er ungir menn sýna þann áhuga að leggja út í efnalega tvísýnu til að framkvæma áhugamál sín, en styrkur sá, sem hjer er farið fram á, að honum verði veittur, er svo lítill, að honum nægir hann alls ekki, og verður hann því að greiða sjálfur mestan hluta kostnaðarins við nám sitt. Háskóli okkar þarfnast við og við nýrra manna, er hinir eldri falla frá, en það er allseint að fara þá fyrst að hugsa um að útvega nýja menn, er þeir gömlu eru allir dauðir; en ef það verður efst á teningunum að hugsa ekkert um þetta fyr en allir eldri mennirnir eru fallnir frá, þá hlýtur það að fara svo, að háskólann vanti hreint og beint hæfa starfskrafta, sem

yrði til stórhnekkis þessari einu mentastofnun okkar, sem talist getur vísindastofnun, og það vænti jeg þó, að ekki sje tilgangurinn.

Þá var það brtt. XX á þskj. 290, frá minni hl. fjvn. Jeg greiði þeirri brtt. atkvæði með mikilli ánægju, því þar er um að ræða fyrirtæki, sem öllum landsmönnum er í hag að hlynna að. Því fje, sem fer til þess að hlynna að hinum ungu mönnum, sem stunda nám við háskólann okkar, er vel varið. Og ef við komum hjer upp stúdentagarði, sparast aðstandendum stúdentanna, sem kosta þá til náms, mikið fje, og er því þessari fjárveitingu vel varið, verði hún samþykt. Hjer er ekki verið að ræða um að styrkja neina einstaka menn, heldur kemur þetta allri þjóðinni að jöfnum notum. Það er í þágu alls almennings að hlúa sem best að þessum ungu mentamönnum.

Þá eru það ekki fleiri einstakar brtt., sem jeg ætla að gera að umtalsefni að þessu sinni; aðeins vil jeg sjerstaklega minnast nokkrum orðum á þær brtt. hv. fjvn., sem miða að nafnabreytingum á mönnum og sem jeg felli mig afarilla við. Jeg furða mig hreint og beint á því, að háttv. fjvn. skuli hafa komið fram með slíkar till., því hjer er blátt áfram ekki farið fram á annað en að brjóta gildandi lög í landinu. Ef fjárveitingar eru veittar á nöfn manna og ef þessi óvenja yrði samþykt, sje jeg ekki, hvernig menn eigi að geta gefið löglegar kvittanir fyrir þessum greiðslum. Jeg veit nefnilega ekki betur en að það sje skylda að lögum að rita ávalt nafn sitt eins í öllum viðskiftum manna á meðal, og þá einnig þegar um er að ræða greiðslur í eða úr ríkissjóði. Menn verða tvímælalaust ávalt að rita nöfn sín á sama hátt í öllum viðskiftum, og þá verður vafasamt, hvort þeir menn, sem nú er veitt fje í fjárlögunum, geta fengið það greitt. Áður en þetta yrði sett í fjárlög, hefði þurft að láta mennina skifta um nöfn, og er hjer því byrjað á alveg öfugum enda, er menn eru uppnefndir í fjárlögunum.

Um aðrar hliðar þessa máls sje jeg ekki, að ástæða sje til að ræða í þetta sinn, enda verður það ef til vill gert síðar; en mjer finst, að háttv. fjvn. hefði átt að fresta því að bera fram þessar nafnabrtt. sínar til síðari umr. um fjárlagafrv., ef þá væri sjeð fyrir um afdrif nafnafrv. þess, er nú liggur fyrir þessu þingi. Hefði það frumvarp verið orðið að lögum, þá hefði verið hægt að rjettlæta þessar brtt. fjvn. að einhverju leyti. (*MG*: Þetta fer talsvert miklu lengra en nafnafrumvarpið). Það er satt, nafnafrv. mundi ekki hrökkva til til þess að heimila þetta, en þó mætti segja, að þessar breytingar væru þá samkvæmt anda gildandi laga, þó að enginn beinn lagabókstafur sje að heldur fyrir þessum breytingum.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessi atriði, og jeg held, að rjettast væri að gera skjótan endi og á einn veg á öllum þessum nafnabrtt. fjvn., — það er að sálga þeim.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 290 um að hækka styrkinn til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs úr 1500 kr. upp í 1800 kr. Þegar þetta mál var hjer fyrst til umræðu, brast mig kunnugleika til að dæma um það, og fór jeg því nokkru síðar á fund Halldórs, til þess að sjá áhöld þau, sem hann notar, og umbúðir þær, sem hann býr til, og jeg verð að segja, eftir að hafa sjeð það, sem hann hefir á boðstólum, að jeg álít það

fullkomlega þess vert, að Alþingi styrki slíkan iðnað. Þessi maður vinnur að því að bæta upp ágalla þeirra, sem fatlaðir eru, og styðja þá, sem veikir eru. Ef jeg t. d. yrði fyrir því að missa fót, veit jeg þó nú, hvar hægt er að fá við því gert, að svo miklu leyti, sem það er hægt að bæta slík óhöpp upp. Þessi brtt. fer fram á að hækka styrkinn til þessa manns aðeins lítið eitt; en þótt þetta sje ekki stór upphæð, er það þó dálítil viðurkenning á starfi þessa manns, og gæti það þá einnig orðið til þess, að hann stæði sig fremur við að selja umbúðirnar vægara verði, og segir það sig sjálft, að það gæti komið mörgu fátæku fólki vel og gert því hægara fyrir að kaupa þessa hluti. En annars býst jeg við, að ekki þurfi að fara fleiri orðum um þetta mál, því að háttv. þm. munu sjá, að þessi styrkveiting fer í rjetta átt, að styrkja þennan smið til þess, að hann geti orðið þeim að liði, sem eru svo óhamingjusamir að þurfa að nota smíðar hans. Þrátt fyrir það, þótt hjer sje farið fram á örlitla útgjaldahækkun, vænti jeg, að undantekning verði gerð í þessu tilfelli og brtt. mín samþykt.

Jeg mun svo ekki tala meira fyrir þessu, en treysti því aðeins, að þessi brtt. hafi samúð hv. þm. og að þeir verði svo góðir að samþykkja hana.

Þá er önnur brtt. á þskj. 290,XXV, sem jeg á ásamt hv. 2. þm. Eyf. (BSt), og hefir hann mælt svo skörulega fyrir henni, að jeg þarf þar engu við að bæta Þarf jeg því ekki að ræða þetta mál nánar, er háttv. 2. þm. Eyf. hefir þegar tekið fram það, sem þarf, um tilgang þessarar brtt., og þarf jeg heldur ekki að skýra það, en læt mjer nægja að taka fram, að jeg undirstrika hvert orð, sem hann þá sagði. Jeg vil ennfremur taka það fram, að fari svo, að hið háa Alþingi vilji ekki samþykkja þessa brtt., skil jeg aðstöðu háttv. þm. á þann veg, að þeir vilji losa viðkomandi hjeruð frá þeim skyldum, sem á þeim hvíla samkvæmt núgildandi fræðslulögum, og jeg tel þá sjálfsagt, að ef til dæmis skólahús vantar í einhverri sveit, eða þó það sje til, er í svo slæmu ástandi, að við það verði ekki notast, og verði því að standa autt, að þá hverfi barnafræðslan aftur í gamla horfið, eða með öðrum orðum, að við henni taki umgangskennarar. Ef hið háa Alþingi hverfur aftur að því ráði, þótt annað hafi hingað til verið ofar á baugi í lögum, þá hefi jeg ekki á móti því fyrirkomulagi. Eins og jeg hefi nú tekið fram, verð jeg að skilja það svo, ef háttv. deild leggur á móti þessari sjálfsögðu brtt., sem jeg tæplega vil trúa, að verði feld við atkvæðagreiðslu þá, sem fram fer að lokinni þessari umræðu, að þá sje það af því, að deildin vill ekki lengur búa við núgildandi fræðslulög, eins og jeg benti á áðan.

Að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), er hann talaði um XV. brtt. á þskj. 290, um *bátaferðir*, tek jeg það fram, að jeg hefi ekki neitt sjerlegt að athuga við það, sem hann sagði, en mjer skildist það á framsöguræðu háttv. frsm. fyrri hluta frv. (ÞórJ), að það sýndist vera efasamt, hvort vel færi á því, að hv. samgöngumálanefnd hefði ótakmörkuð umráð yfir úthlutun þess fjár til einstakra hjeraða, sem veitt væri til samgöngubóta. Jeg viðurkenni það alls ekki, að það sje rjett skoðun, að háttv. fjárveitinganefnd sje á nokkurn hátt færari til að ákveða fjárframlög til samgöngumála, hvort heldur er á sjó eða landi, en samgöngumálanefnd, er þau mál hefir sjerstaklega til athugunar. Jeg lít svo á, að þessi hækkun, sem hv. fjvn. ber fram

í brtt. XV á þskj. 290, sje borin fram í þeim skilningi, að hæstv. atvrh. hafi þessa upphæð til umráða, og geti því nokkru um það ráðið, hverjum verði veitt af þessu fje, og fjárhæðin sje alls ekki ætluð til hins svo nefnda Hornafjarðarbáts frekar en annara staða. Jeg verð að taka undir það, sem háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), form. samgmn., sagði og jeg ekki hefi neitt við að athuga, að það sje varhugavert að skerða svo þessar fjárveitingar, að ekki sje af þeim eftir neitt fje, sem atvrh. hafi til umráða, ef á þyrfti að halda.

Jeg tel ekki þörf að ræða um aðrar brtt., sem hjer liggja fyrir, en atkvæði mitt mun sýna, hvernig jeg lít á þær, er til atkvæðagreiðslu kemur.

Út af brtt. um að veita fje til að gefa út vísindarit í minningu um Eggert Ólafsson tek jeg það fram, að það er ekki laust við, að kvartað hafi verið yfir andstöðu okkar bændaþm. gegn því máli og okkur brugðið um að vilja ekki heiðra minningu þessa mæta manns. Slík orð til okkar bænda töluð verð jeg að telja algerlega ósönn og ómakleg ummæli í garð okkar bænda, að við viljum ekki halda minningu hans á lofti; en hitt segi jeg, að minning og heiður þessa stórmerka manns mun síst falla í gleymskunnar djúp, þó að sú brtt., sem hjer liggur fyrir, verði feld, og jeg álít þessar áður umgetnu aðdróttanir bæði óverðskuldaðar og ómaklegar.

Sigurjón Jónsson: Jeg á á þskj. 290 litla brtt., XXVII. lið, sem fer fram á, að styrkurinn til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til húsmæðrafræðslu verði hækkaður úr 2000 í 2500 kr. Fjelagið hafði sótt um 5000 kr. styrk, sem hv. fjvn. tók til greina að því leyti að leggja til að veita því 2000 kr., sem og var samþykt við 2. umr.; en tillaga frá mjer um að hækka styrkinn upp í 3000 kr. fjell þá með litlum atkvæðamun. Vegna þess hve litlu munaði, er sú till. mín fjell, sýndist mjer rjett að bera fram þessa litlu brtt., að færa styrkinn upp í 2500 kr., eða helming þess, sem fjelagið bað um.

Jeg sje ekki, að ástæða sje til að fjölyrða mikið um þetta, en jeg geri ráð fyrir, að háttv. deild sje mjer samþykk í því, að fáar tegundir fræðslu sjeu nauðsynlegri og þjóðinni í allan stað gagnlegri en sú fræðsla, sem veitt verður ungum stúlkum til þess að gera þær færari um að verða nýtar og góðar húsmæður. Þessarar fræðslu mun víða vera þörf, en þó mun hennar mest þörf vera í sjávarþorpum, þar sem mikið los er komið á fólkið og alla háttu þess. Jeg er ekki að biðja háttv. deild að samþykkja þetta, en hitt bið jeg um, að það verði athugað, til hverra hluta þessum styrk verði varið, og þá er jeg ekki í neinum vafa um, að því fje verði talið vel varið, sem fer til þeirrar fræðslu, sem best verður talin og hagnýtust, sem er að gera húsmæðraefnin sem best að sjer á þeirra verksviði.

Jeg vil svo aðeins víkja nokkrum orðum að brtt. frá háttv. fjvn. á þskj. 290, XXXVIII, þar sem nefndin leggur til, að fiskiyfirmatsmennirnir fái í launauppbætur alls 8200 kr. Þessi upphæð er tekin upp samkvæmt till. sjútvn. og er sú lægsta upphæð, sem sjútvn. gat sætt sig við að fá veitta. Hv. þm. Dala. (BJ) bar fram við 2. umr. brtt. um miklu hærri upphæð, sem fjell með litlum atkvæðamun, en því leiðinlegra væri þá einnig, ef þessi brtt. yrði heldur ekki samþykt. Eins og hv. frsm. fyrri hluta fjárlagafrv. (ÞórJ) sagði í ræðu sinni, er þessum öðrum aðal-

atvinnuvegi vorum bráðnauðsynlegt, að þessir menn fái þau laun, að hægt verði að halda þeim við þessi störf, og í öðru lagi er nauðsynlegt, að fyrir því sje sjeð, að þessir menn þurfi ekki að leita sjer að aukastörfum til að lifa af, og jeg mæli því sem best með þessari brtt. háttv. fjvn. fyrir mína hönd og sjútvn.

Árni Jónsson: Jeg á litla brtt. á þskj. 299 við brtt. á þskj. 290,XLVIII, um styrk til Lúðvíks Jónssonar, að hann verði hækkaður úr 3000 kr. upp í 5000 kr. Það er um þennan mann að segja, að hann mun vera betur mentaður í búnaðarfræðum en nokkur annar búfræðingur á landinu. Hann tók fyrst búfræðipróf frá Eiðaskóla, en hefir síðan framast erlendis, og hefir hann tekið próf bæði við búnaðarháskólann í Kaupmannahöfn og í Edinborg. Eftir að hann kom heim, að afloknu námi erlendis, var hann fyrst í þjónustu Búnaðarfjelags Íslands um nokkur ár, en nú síðustu árin hefir hann starfað fyrir Búnaðarfjelag Austurlands. Það, sem hann sjerstaklega hefir lagt stund á hin síðari árin, hafa verið endurbætur á íslenskum jarðyrkjuverkfærum. Hefir hann ritað um þessi efni í blöðin og látið uppi skoðun sína á þeim verkfærum, sem við höfum notað. Hann hefir síðan fengist við að finna upp ný og betri verkfæri við okkar hæfi og hefir tekist það og hlotið fyrir lof margra manna, sem skyn bera á þá hluti. Hann hefir eytt miklu af starfskröftum sínum til þessa og telur hann sig hafa tapað talsverðu fje við það að geta ekki lagt stund á annað á meðan. Í blaðinu Verði hafa birst greinar eftir hann um þessi efni, og vísa jeg til þeirra. Eitt af þeim nýju verkfærum, sem hann hefir fundið upp, er einskonar herfi, sem bæði herfar jörðina og plægir í senn. Verkfæri þetta hefir reynst vel; aðeins hefir honum ekki tekist að gera það nógu sterkt. Hann sækir um styrkinn í því skyni að fara til útlanda og fá verkfæri þetta svo endurbætt, að að fullum notum komi.

Mjer finst því ekki nema sanngjarnt að veita manni þessum 5000 kr. styrk. Má búast við, að hann þurfi að dvelja lengi erlendis, og auk þess hefir hann þegar kostað miklu til uppgötvana sinna. Mjer finst, að við höfum ekki ráð á að slá höndinni á móti slíkum verklegum endurbótum. Staðhættir hjer eru svo ólíkir því, sem erlendis er, að sömu tæki verða vart notuð óbreytt. Jeg veit, að austanlands er þegar mikill áhugi vaknaður fyrir þeim endurbótum, er þessi maður hefir gert, og að öllu athuguðu treysti jeg því, að hv. deild taki vel í styrkveitingu þessa.

Björn Líndal: Það er nú síður að tala fyrir brtt. sínum, og vil jeg ekki verða til þess að víkja frá honum. Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 290. Hún fer fram á, að ríkissjóður ábyrgist fyrir Akureyrarkaupstað alt að 150 þús. kr. til hafnarbóta.

Nú er svo komið, að skipalægi kaupstaðarins er orðið alt of lítið, sökum aukningar flotans upp á síðkastið, einkum á veturna. Því er í ráði að stækka það, og er áætlað, að sú stækkun kosti 150 þús. kr.

Hagur Akureyrar er nú í miklum blóma og hafnarsjóðurinn stendur svo föstum fótum, að tekjur hans síðasta ár námu 160 þús. kr., en útgjöld voru aðeins 60 þús. kr.

Akureyri mun nú sennilega vera ein-

hver efnaðasti bær landsins. En þó er hjer farið fram á ríkissjóðsábyrgð, og er það sökum þess, að á þann hátt fæst lánið með hagkvæmari kjörum en ella. Með því móti mun það fást með 6½% ársvöxtum. Þetta er ástæðan til þess, að farið er fram á að fá þessa ábyrgð, og vona jeg, að hv. deild taki vel í málið, þar sem svo lítið er í húfi.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á hjer tvær litlar brtt., og vildi jeg segja nokkur orð til skýringar þeim, enda þótt jeg tæki flest fram við 2. umr., er með þurfti þeim til skýringar.

Jeg sje, að hv. fjvn. hefir ekki getað fallist á till. um að veita 2000 kr. til sundlaugarbyggingar á Reykjanesi, en vill hinsvegar veita 1000 kr. í einu lagi í þeim tilgangi, og greiðist af þeirri upphæð 1/5 kostnaðar við byggingu slíkra lauga.

Með þessu álít jeg, að hv. fjvn. hafi enga úrlausn gert minni umsókn. Eftir síðustu símskeytum frá bæjarfógetanum á Ísafirði er áætlaður kostnaður við laugarbygginguna 9—10 þús. kr. Þetta er eina laugarbyggingin, sem nokkuð hefir verið undirbúin, og var því fullkomin ástæða til að láta þessa fjárveitingu ganga fyrir öðrum. Mjer skildist á hv. frsm. síðari kaflans (TrÞ), að þessi styrkur væri ætlaður sundlaugum annarstaðar en á Reykjanesi. Hvað sem því líður, trúi jeg því varlega, að hægt sje að byggja steinsteyptar sundlaugar með sundskála fyrir 5000 kr., og er þessi fjárveiting því gersamlega ófullnægjandi og gerð aðeins til að sýnast.

Nú er einmitt borið fram frv. í Ed., sem fer í þá átt að heimila hjeraðsstjórnum að skylda unglinga til sundnáms. Jeg vona því, að háttv. deild taki betur í mál mitt heldur en hv. fjvn. hefir gert. Jeg sje lítið samræmi í því að veita 5000 kr. til sundlaugarbyggingar á einum stað, þar sem málið er með öllu óundirbúið, en neita hinsvegar um þessa upphæð á öðrum stað, þar sem nauðsynin er meiri og alt vel undirbúið. Nú hefi jeg fært till. mína niður í 1850 kr. og vona, að sú upphæð finni náð hjá hv. þdm.

Þá á jeg aðra brtt., er fer fram á styrk til gistingar á Arngerðareyri. Hv. frsm. (TrÞ) sagði, að minni ástæða væri til að veita styrk þennan þar heldur en undir heiði. Jeg býst við, að þeir, sem kunnugir eru á báðum stöðum, sjeu ekki á sama máli og hv. frsm. Maður, sem oft hefir ferðast kringum land og yfir land í verslunarerindum (endurskoðun), hefir látið svo um mælt, að hvergi væri meiri þörf á styrk til hýsingar en á Arngerðareyri. Jeg vona því, að háttv. deild sjái fram á nauðsyn þessarar fjárveitingar, sem jeg hefi nú fært niður um þriðjung.

Jeg get verið þakklátur hv. fjvn. fyrir að hafa orðið við óskum íbúa Hólshrepps um að leggja til, að þeim verði gefið eftir viðlagasjóðslán frá 1914, að upphæð 16 þús. kr. Að vísu voru þau gögn lögð fram í málinu, að vart var hægt að skorast undan eftirgjöfinni; get jeg því sparað tíma hv. þdm. og slept frekari umræðum um málið.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á fáeinar brtt. Vík jeg þá að brtt. á þskj. 290, frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um að hækka áætlun tekju- og eignarskatts upp í 850 þús. kr. Ef engin breyting er gerð á núgildandi tekjuskattslögum, er þessi upphæð of hátt áætlun eins og hún er, þótt ekki sje hún hækkuð. Eins og kunnugt er, eru það útgerðarmenn og þeir, sem taka föst laun, sem borga mestan hluta skatts þessa. Tekjuskattur stærri útgerðarinnar

verður mjög hár fyrir árið 1924 og útsvörin eru líka há. Þessar upphæðir koma til frádráttar skattskyldum tekjum yfirstandandi árs, og er því full ástæða til að ætla, að lítill eða enginn skattur fáist hjá þessum gjaldendum á árinu 1926. Auk þess eru horfur sjávarútvegsins hvergi nærri glæsilegar nú sem stendur. Fiskverð fer lækkandi, en útgerðarkostnaður eykst. Kaupgjald hefir hækkað um 10—15% frá í fyrra, og ýmislegt, er til útgerðar þarf, svo sem stálvír og hampur o. fl., hefir hækkað um 30%. Jeg tel því alveg óverjandi að áætla þessar tekjur hærri en gert var eftir 2. umr.

Þá er það ein af nafnbreytingatillögum fjvn. að breyta nafni Ísafjarðar og nefna Skutilsfjarðareyri. Fram til 1860 hefir kaupstaðurinn ef til vill verið nefndur Eyri við Skutilsfjörð, en aldrei hinu nafninu. Jeg hygg ennfremur, að það tíðkist hvergi að breyta nöfnum bygðarlaga án þess að leita samþykkis íbúanna. (*TrÞ*: Hvað var gert í Kristjaníu? — *Fjrh. JÞ*: Nafnbreytingin var þar samþykt af bæjarstjórn). Ef slíkar nafnbreytingar eiga fram að ganga, verður að ákveða þær með sjerstökum lögum. En sem íbúi Ísafjarðarkaupstaðar vil jeg mótmæla, að þetta sje gert með einfaldri breytingu í fjárlögum.

Þá vil jeg víkja að þeirri brtt. fjvn., þar sem farið er fram á, að ríkisstjórnin sjái um, að stjórn Landsbankans gefi eftir ákveðna veðdeildarlánsgreiðslu. Upphæðin er að vísu ekki há, en mjer finst óviðkunnanlegt og óviðeigandi að skipa Landsbankastjórninni á þennan hátt að gefa eftir veðdeildargreiðslur, án þess að eftirgjöf komi þá einnig annarsstaðar frá.

Það sjest ekki, hvort Landsbankinn eða veðdeildin eigi að verða af með þetta fje. Jeg tel vafasamt, að hægt sje að skipa fyrir um eftirgjöf á kröfum veðdeildarinnar; held því óhikað fram sem minni skoðun, að það sje gagnstætt lögum. Því að þeir, sem hafa keypt veðdeildarbrjef, hafa að sjálfsögðu bygt á því, að veðdeildin hjeldi öllum þeim rjettindum, sem áskilin eru í lögum fyrir hina ýmsu flokka.

Pjetur Þórðarson: Það er aðeins ein lítil brtt., sem jeg á hjer að þessu sinni, undir liðnum XLVI, um styrk til að gera laxgenga tvo fossa í Norðurá í Mýrasýslu, Laxfoss og Glanna. Hagar svo til um síðari fossinn, að hann er hár og brattur og nálægt hreppamótum, en fyrir ofan hann rennur áin eftir jafnlendi, sem nær alt fram til heiða. Til beggja handa eru tjarnir og smáuppsprettur, sem eru mjög vel fallnar til laxaklaks. Og það er sjerstaklega með tilliti til laxaklaks, að farið er fram á, að foss þessi verði gerður laxgengur.

Jeg hefi þegar við 2. umr. gert nokkra grein þessa og veit fyrir víst, að það hefir enga þýðingu fyrir málið að endurtaka það nje ítreka frekar. Hinsvegar vænti jeg, að hv. þdm. ljái máli þessu athygli og finnist sanngjarnt að veita því fylgi sitt. Jeg held, að hægt sje að líta svo á, að hjer sje farið fram á hverfandi litla fjárupphæð í samanburði við gagnið, sem af því mætti leiða, enda væri ekki rjett að koma með brtt. við fjárlögin nú, sem ekki svöruðu til árangursins, sem af þeim mætti vænta.

Jeg ætla þá ekki að fara frekar út í þetta, en minnast heldur með fáum orðum á brtt. á þskj. 290 undir lið XXXVII, frá hv. minni hluta fjvn. Er þar farið fram á að hækka styrkinn til búnaðarfjelaganna upp í 20 þús. kr. Mjer skild-

ist, að hv. flm. (BJ) gæfi það í skyn, að tillaga þessi ætti að vera prófsteinn á okkur bændur, sem hjer sitjum, og sem haft gæti sína þýðingu í framtíðinni. En jeg skal þá strax taka það fram, að mjer meir en kom til hugar að bera fram till. um að fella niður þær 10000 kr., sem standa í þessum lið í frv., og má á því sjá, hversu það er fjarri mjer að greiða atkv. með þessari brtt. Því að þótt upphæðin, sem þar er nefnd, sje nokkru nær því að geta komið að gagni, þá er svo langt frá því, að sú fjárveiting geti orðið til verulega góðs árangurs, svo lág sem hún er, að jeg fæ ekki af mjer að leggja till. lið.

Hv. flm. till. (BJ) fór nokkrum orðum um það, hversu algengt það væri, að till. fjellu, sem við góð rök ættu að styðjast og til mestra hagsbóta mættu leiða, og beindi hann því til ýmsra hv. þingbænda, eða máske allra þingmanna í heild, að þeim sæist oft yfir af athugaleysi eða hugsunarleysi, hvernig þeir ættu að haga atkvæðum sínum, og ekki síst er um tillögur frá honum væri að ræða. Þetta um athugaleysi eða hugsunarleysi held jeg, að geti ekki verið rjett, þó að stundum geti það efalaust valdið miklu um úrslit mála hjer á þingi, hver flytur þau. Getur það og stundum haft áhrif, hvernig fyrir till. er mælt. Nú efast enginn um málsnild og rökfimi háttv. þm. Dala., en þó fer það oft svo, frá hans sjónarmiði sjeð, að mörgum tillögum hans er hafnað. Þessi niðurstaða er rjett, en byggist á alt öðru en athugaleysi þeirra, sem á hlýða. En um leið og jeg get þessa, þá vil jeg taka það fram, að jeg hefi líka veitt því eftirtekt, hvernig þessi hv. þm. (BJ) heldur á sinn sjerstaka hátt uppi sóma þingsins og virðingu með sínum snjöllu og alkunnu ræðum og skörpu athugunum og skýringum á orðum og athöfnum annara þingmanna, og loks með framkomu sinni innan þingsins í orðum og æði. Er það maklegt, að einhver votti honum skyldar þakkir fyrir slíka hluti.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi af nýju flutt þær 2 tillögur, sem jeg bar fram við 2. umr. og sem þá fengu ekki þann byr, sem þær áttu skilið og æskilegt hefði verið. Á jeg við till. um styrk til kvöldskóla verklýðsfjelaganna í Reykjavík og styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Fjellu þær báðar með þeim minsta mun atkvæða, sem orðið gat till. að falli. Flyt jeg þær því aftur, en hefi lækkað fjárhæðirnar að nokkru, þótt mjer þyki leitt að hafa þurft þess og viðurkenni ekki, að jeg hafi farið fram á of háar fjárveitingar. 500 kr. geta til dæmis ekki talist mikið fje á móts við það, sem annars er veitt til skólahalds. Má líta á það, að talin hefir verið þörf að veita fje til að halda uppi fyrirlestrum fyrir almenning, — en hví þá ekki eins að leggja eitthvað af mörkum til kvöldskóla verkamanna, sem allir munu viðurkenna, að geti haft mikið fræðsluverkefni að vinna? Jeg hefi samt orðið að beygja mig, þótt mjer hafi verið það móti skapi, og færi nú upphæðina niður í 400 kr. Leyfi jeg mjer til árjettingar að vísa til skýrslunnar, sem barst raunar of seint í hendur hv. fjvn. um daginn, en sem hún mun hafa nú í hönd um ásamt fleiri plöggum viðvíkjandi þessu máli.

Hin till. er, eins og jeg nefndi, um styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Háttv. frsm. fyrri kafla (TrÞ) mælti víst móti þessu um daginn á þeim grundvelli, að þessi sjóður myndi óþarfur, þar sem í

vændum væru lög um almennar slysatryggingar. En þetta er misskilningur og þörfin mikil að ljetta undir með mönnum, sem verða frá vinnu vegna slysa eða veikinda, þótt slysatrygging verði samþykt. Auk þessa einskorðar styrktarsjóðurinn sig ekki við slys, heldur veitir hann mönnum einnig styrk, er veikindi ber að höndum. Hinu háa Alþingi hefir oft verið ljúft að styðja slíka starfsemi og bjarga mönnum með því frá að leita sveitar, og ljetta þá jafnframt undir með sveitarsjóðunum. En eins og allir vita, verður það oft dýrara að láta menn lenda á sveit en að veita þeim styrk til að halda sjer uppi þegar óhöpp bera að höndum. Hefi jeg í samræmi við hina till. lækkað þessa úr 4500 kr. niður í 3500 kr. Finst mjer, að hv. þm. hljóti að vera ljúft að samþykkja svo hógværa tillögu. Þess má ennfremur geta, að verkamenn hafa lagt talsvert á sig fyrir þennan sjóð; þannig greiða öll stærri verkamanna- og sjómannafjelögin til sjóðsins 1 krónu á ári af hverjum fjelaga sinna. Sýnir það sig þó árlega, að aðeins litla hjálp er hægt að veita, á móts við hina brýnu þörf. Hinsvegar mundi slík fjárhæð, sem hjer er farið fram á, veruleg viðbót við styrktarfje sjóðsins, og gæti hjálpað sjóðnum mikið í starfsemi hans.

Fleira segi jeg ekki um þetta að sinni. Jeg vona, að háttv. þdm. sjái, hve till. þessar eru sanngjarnar, og jeg þykist nú, er jeg hefi fært upphæðirnar niður, ekki eiga aðeins vísan stuðning þeirra, sem með þessu voru um daginn, heldur og margra annara hv. þm.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla aðeins að vekja athygli hv. þm. á lítilli brtt. á þskj. 290, um fjárframlag handa Grindvíkingum til að bæta lendingu sína. Hefi jeg við 2. umr. gert grein fyrir þörfinni á þessu og lýst því, hve mikil hætta sje á, að útvegur í Grindavík muni hætta, ef ekki er að gert. Fyrir háttv. deild hefir legið allítarleg skýrsla frá verkfræðingi um skemdirnar, sem orðið hafa, og um möguleikann fyrir því að sporna við, að slíkar skemdir eigi sjer stað aftur. En hjer verður að bregða fljótt við, ef sveitin á ekki að líða undir lok. Er því lýst í skýrslunni, hvernig sjórinn gengur meira og minna á, og hafa tún mjög eyðilagst, en eins og kunnugt er, lifa hreppsbúar líka allmikið á landbúnaði, hafa nokkra sauðfjárrækt og eitthvað af kúm. Verja þeir nú öllum sínum tíma og orku til að byggja upp garða og hreinsa tún sín, og þess vegna læt jeg styrkinn til lendingarbótanna vera óháðan nokkru skilyrði um gagnkvæmt framlag frá hreppnum. Það þýðir ekki að bjóða þeim ⅓ fjárins eða því um líkt, því hreppurinn á þess engan kost að taka lán í sambandi við sýslufjelagið til að bæta tjón það, sem tún, garðar og hús hafa beðið, og ef til vill verða sjerstakar kvaðir lagðar á jarðirnar í kring til að standa straum af þessu. Hreppurinn er fjelaus og sýslan og hreppurinn til samans hafa ekkert lánstraust. Hitt tel jeg sjálfsagt, að styrkur þessi verði veittur með það fyrir augum, að hann verði notaður undir umsjón sjerfróðs og kunnugs manns, svo að ekki endurtaki sig hjer sama sagan og í Bolungarvík og Stykkishólmi og víðar. Hinsvegar ætti hann, þótt ekki sje meiri en þetta, ef hagsýni væri viðhöfð, að nægja til að gera lendinguna öruggari, en sem stendur verður vart komist á sjó þarna, nema með vissri sjávarhæð og miklum erfiðleikum.

Jeg vil nú skjóta því til hv. þingmanna, sem sýnt hafa á þessu þingi mikið örlæti við landbúnaðinn, að þeir skelli ekki skolleyrunum við þessari fjárveitingu. Það er náttúruviðburður, er valdið hefir feikna eignatjóni, sem engum var auðið að afstýra, sem hent hefir þessa sveit og komið þungt niður á henni í atvinnu- og eignatjóni. En það fyrsta, sem verður að gera til þess að bæta tjónið, er að tryggja hreppsbúum, að þeir verði ekki útilokaðir frá sjósókn til lengdar. Vona jeg því, að allir hv. þm. sjái sjer fært að greiða atkv. með þessari till.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 264, 290, 299, 303).

Magnús Torfason: Jeg á hjer á þskj. 299 brtt. við brtt. hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) á þskj. 290,XLIII, sem fer fram á styrk til lendingarbóta í Grindavík. Brtt. mín fer fram á að auka nokkuð útgjöld þessa liðs, til þess að verja til varnargarða og lendingarbóta í Árnessýslu. Eins og við vitum allir, urðu miklir skaðar nýlega þarna fyrir austan af sjávarflóðum. Hefir tjónið í Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi og Selvogshreppi verið metið á 55 þús. kr. En margt er enn ómetið, sem sjálfsagt skiftir tugum þúsunda. Þetta er vitanlega óviðráðanlegur skaði fyrir hjeraðið og alveg óvenjulegur. Það er víst, að annar eins sjógangur hefir ekki komið þar í síðustu 130 ár.

Nú hefir það verið venja hjer á landi, þegar hjeruð verða fyrir miklum skakkaföllum af völdum náttúrunnar, að hið opinbera hefir sýnt einhvern lit á að taka þátt í skaðanum. Fram á þetta er farið hjer, og jeg skal þegar taka það fram, að jeg kom með þessa brtt. sökum þess, að jeg leit svo á, að Árnessýsla ætti eins mikinn rjett til að fá þátttöku ríkisins eins og Grindavík. Og því fremur er ástæða til þess að bæta eitthvað sjávarskaða í Árnessýslu, þar sem fyrir skaðanum hafa orðið opinber fyrirtæki. Það hefir fyrir löngu verið stofnað til sandgræðslu á svæðinu frá Eyrarbakka til Óseyrarness, sem hreppurinn á að nokkru og kaupfjelagið Hekla að nokkru. Sandgræðslan hefir gengið mjög vel; var svæði þetta vel gróið orðið, og sumstaðar eru menn jafnvel farnir að taka bletti til ræktunar við kauptúnið. Hefir kaupfjelagið látið landið með mjög góðum kjörum, fyrir ekki neitt fyrstu 10 árin, en síðan með 10 kr. árgjaldi fyrir hverja dagsláttu eða svo. Eins og menn sjá, ætlar kaupfjelagið ekki að gera þetta að fjárspursmáli fyrir sig, heldur vill það hjálpa mönnum til að græða landið og leigja það fyrir sama og ekkert.

Verði ekki reynt að bæta úr skemdum þessum, er það vitanlegt, að sandgræðslan hlýtur að leggjast niður, því hún hefir einmitt verið gerð í skjóli sjógarðanna, er þarna voru.

Þá þarf ekki nema frá því að segja, að hið opinbera á nokkra sök á, hvernig þarna er komið. Sjógarður, sem þorpsbúar gerðu sjálfir, hefir staðist vel þessi sjóflóð og mjög lítið skemst. En þegar garðurinn var gerður fyrir sandgræðsluna, var ákveðið að hafa hann veigaminni og grjótið miklu smærra. Og það hefir komið fram, sem Guðmundur Ísleifsson á Háeyri hafði bent á, að garðurinn væri of veigalítill. Þess vegna á hið opinbera sök á þessu og því er skylt að skerast í

leikinn. Ennfremur er þess að geta, að leiðin frá Eyrarbakka austur á Stokkseyri er sýsluvegur, sem hefir orðið fyrir þeim áföllum, að sýslubúar urðu að borga þegar í vetur 500 kr. til þess aðeins að gera hann færan. En það sýnist þýðingarlítið að reyna að halda þeim vegi færum, nema því aðeins, að garðurinn á því svæði sje settur í samt lag aftur. Þarna liggur mjög sterk ástæða fyrir því, að þingið eigi að taka þátt í þessum sköðum.

Þá hefi jeg verið meðflutningsmaður að annari brtt., um að hækka styrk til bryggjugerðar úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Þingið hefir ætíð tekið vel í það að bæta hafnir og lendingar, og jeg verð að segja, að mjer finst það ekki mega minna vera en 2 tugir þúsunda, sem varið er alls og alls til slíks á ári. Geta má þess, að þessi 5 þús. kr. hækkun er aðeins hluti úr eldri fjárveitingu. 1923 voru 10 þús. kr. veittar til bryggju á Eyrarbakka og 8 þús. kr. til lendingarbóta á Stokkseyri. Hvað bryggjuna snertir, þá er þegar búið að draga að alt grjót, sem þarf til hennar, svo menn eru viðbúnir að byrja á því verki þegar á næsta sumri. Það er vert að taka það með í reikninginn, að bryggja þessi er ekki eingöngu nauðsynleg lendingarbót, en hefir einnig þá þýðing að bæta vörugæði saltfisksins, sem vill annars verða sandborinn. En eins og við vitum, þá eru lög sett um það að vanda þessa vöru; svo að með því að veita styrk til þessa er ekki annað gert en að fullnægja þeim lagafyrirmælum, sem til eru um það efni. Það er því nær sjálfsögð skylda fyrir þingið að gera þetta.

Hvað snertir lendingarbót á Stokkseyri, þá hefir til hennar verið varið alls 55 þús. kr. frá því um aldamótin. Upp í þetta hafa þeir fengið aðeins 13 þús. kr. úr ríkissjóði; ekki ¼, hvað þá ⅓, eins og venjulegt er að veita. Síðast 1923 gerðu þeir við þessa lendingarbót fyrir 7 þús. kr. og fengu rúmlega 2 þús. kr. styrk. Nú vilja þeir halda áfram þessu verki og hafa þegar 1924 gert talsverða lendingarbót og engan styrk fengið til. Það er því sýnt, að þeir vilja hjálpa sjer sjálfir í þessu efni og að þeir eru fullkomlega styrks verðir. Annars álít jeg rjett að taka það fram, að þessi lendingarbót er gerð meðfram til þess að bjarga mannslífum. Eins og stendur er ekki hægt að komast inn á leguna á Stokkseyri nema þegar er hálffallinn sjór. Kom eitt sinn fyrir, að bátur með 6 mönnum fórst af þessum ástæðum; og eftir það tóku menn það ráð að reyna að dýpka álinn með því að sprengja sker við lendinguna.

Hv. samþm. minn (JörB) hefir flutt till. um það, að ríkið kaupi nokkuð af húsum á prestssetrinu Torfastöðum í Biskupstungum. Jeg skal aðeins leyfa mjer að undirstrika þessa hans till. Það er þá frá því að segja, að húsakynni þarna hafa verið afarvond og óholl í alla staði. Það er enginn vafi á, að presturinn hefir fyrir þessa sök mist fósturson sinn; sonur hans er nú dauðvona og kona hans og dóttir eru skemdar á heilsu vegna húsakynna. Það var því óumflýjanlegt fyrir prestinn að ráðast í að byggja í dýrtíðinni, þótt hann hefði alls engin efni á því. Svo mætti kannske virðast eftir till., að kaupa skyldi öll hús af presti, en það er ekki meining okkar flm., heldur það, sem hæfilegt þætti fyrir jörðina. Og jeg vænti þess, að það verði litið svo á, að það minna felist þarna í því meira.

Hvað snertir húsakynni á prestssetrum að öðru leyti, verð jeg að líta svo á, að það sje miklu rjettara að láta fjárfúlgu fylgja prestssetrunum, en ekki láta ríkið

eiga einstök hús. Húsakynni eru sem óðast að breytast, og þeg hygg það ekki holt, að ríkið eigi hús í vissu formi, heldur vissa fjárfúlgu.

Jeg vil ekki láta það liggja í láginni, að þessi prestur hefir bætt staðinn feikimikið, bygt allmikið af öðrum húsum en íbúðarhúsum, stórkostlega bætt túnið og girt það; einnig girt nokkuð af engjum. Hefi jeg ekki sjeð öllu meiri stakkaskifti á prestssetri á 20 árum en þarna urðu milli þess er jeg kom þangað. Áður var túnið nær alt þýft, þar sem nú er alt aðaltúnið sljett. Presturinn hefir því lagt mikið fje í að endurbæta jörðina, sem svo aðrir njóta síðar.

Annars vil jeg að síðustu benda á það, að hjer er ekki um bein fjárútlát eða neina fjáreyðslu að ræða, þar sem húsin auðvitað verða eign ríkisins.

Magnús Jónsson: Það bregður svo undarlega við, að jeg á hjer eina brtt. á þskj. 303. Jeg hefi annars setið algerlega hjá öllum þeim sæg brtt. — eitthvað á 3. hundrað —, sem hafa komið fram við fjárlagafrv., og ekkert lagt til í þær mörg hundruð blaðsíður í væntanlegum þingtíðindum þessa þings, setið algerlega hjá því mikla og dýrmæta fræðslustarfi í fjármálaspeki, sem hv. þm. hafa unnið fyrir þjóðina.

Sú till., sem jeg ber fram, fer ekki heldur fram á aukin útgjöld ríkissjóðs að neinu leyti. Jeg hefi vanalega ekki verið talinn með þeim, sem taldir eru mestir sparnaðarmenn hjer á þingi, — heldur í hina áttina, — en jeg held, að jeg hafi við meðferð fjárlaganna í þetta skifti verið mesti sparnaðarmaðurinn. Það er nokkuð mikill misskilningur að miða sparnað eða ekkisparnað við það, hvað menn eru með mörgum till. um útgjöld. Það yrði áreiðanlega besti sparnaðurinn að því, að hv. þm. gengju í dálítið bindindi hvað snertir að bera fram till. Þegar hv. þm. bera fram legió af brtt., er það auðvitað, og ekki nema eðlilegt, að svo og svo mikið af þeim kemst fram, hversu miklir sparnaðarmenn, sem eiga í hlut. Jeg hefi ekki að þessu leyti átt þátt í þeim hækkunum, sem á þennan hátt komast inn á fjárlögin nú í ár. Jeg ætlaði sem sagt alveg að leiða hjá mjer að leggja nokkuð til þessara umr., en nokkrar brtt. hv. fjvn. hafa komið mjer af stað, sjerstaklega þær, sem lúta að hinu mikla málhreinsunarstarfi, sem hv. nefnd hefir tekið sjer fyrir hendur. Á jeg hjer við allar nafnabreytingarnar og svigana, eða öllu heldur svigurmælin, sem hv. nefnd vill koma inn í fjárlögin. Jeg hafði jafnvel hugsað mjer að halda dómadagsræðu yfir hv. nefnd út af þessu tiltæki hennar, en skal hætta við það að sinni og hafa það heldur eins og Njáll, að láta segja mjer það þrem sinnum áður en jeg trúi því, að hv. nefnd standi öll og óskift að þessum ófögnuði. Að vísu er engin ástæða til að rengja hv. frsm. síðari kaflans (TrÞ) í þessu efni, en fordæmið er gott: að láta segja sjer þrisvar, áður en maður leggur trúnað á svo ólíklega hluti.

Frá fyrstu tíð hefir þessi nefnd verið álitin virðulegasta nefnd þingsins. Hefir altaf þótt vegsauki mikill að því að eiga sæti í þessari nefnd, sem áður hjet fjárlaganefnd, og sjerstök meðmæli með hverjum þm., sem það hnoss hefir hlotið. Þessu er enn svo varið og í nefndina valdir alvörugefnir menn, sem finna til hinnar þungu ábyrgðar að halda fjárreiðum landsins í horfinu. Enda er ekki annað sjáanlegt en að hv. nefnd treysti sjálfri

sjer fullvel í þessum sökum, þar sem hún er stöðugt að færa út kvíarnar og draga fleiri og fleiri mál undir starfsvið sitt. Hún hefir náð tekjubálki fjárlaganna í sínar hendur frá annari nefnd, sem áður hafði hann til meðferðar, og er í sjálfu sjer ekkert við því að segja. Ennfremur hjó jeg eftir því í ræðu hv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ), að hann mæltist til þess, að fjvn. fengi til meðferðar málefni, sem hingað til hafa heyrt undir samgmn., og er jeg fyrir mitt leyti samþykkur þeirri breytingu. En þar sem hv. nefnd hefir svo vandasömum störfum að sinna, sem stöðugt fara vaxandi, þá er það þeim mun furðanlegra, ef satt væri, að hún skuli einhuga geta fengið sig til að uppnefna ýmsa merkismenn þjóðarinnar. Því venjulega eru þeir menn ekki með öllu ómerkir, sem þingið sýnir þann sóma að veita styrk í fjárlögum. Það er því leiðinlegt í meira lagi, að hv. nefnd skuli hafa flanað út í þetta nafnabreytingafargan að þessu sinni. Jafnþjóðkunnur maður og vígslubiskupinn á Stóra-Núpi má ekki heita Valdimar Briem lengur, ef hv. nefnd fengi að ráða, og jeg er viss um, að margir munu reka upp stór augu, þegar þeir heyra sagnfræðinginn Boga Jónsson nefndan, ekki óþektari maður en Bogi Th. Melsteð þó er.

En ekki er nóg með það, að nöfnum lifandi manna á að umvenda eftir geðþótta hv. þm., heldur er jafnvel lagst á náinn líka. Jón heitinn Aðils fær ekki lengur frið í gröf sinni; hann á að fæðast aftur í endurnýjungu lífdaganna og heita nú Jón Jónsson.

Þetta minnir mig á sögu af manni, sem fyrir nokkru síðan ferðaðist um og sýndi skuggamyndir, m. a. af merkum útlendingum, eins og t. d. Goethe, Schiller, Bismarck og fleirum. Þegar hann skýrði myndirnar fyrir áhorfendum, þá kallaði hann þessa menn Jóhann, Ottó, Friðrik o. s. frv., en forðaðist að nefna nöfn þeirra eins og þau eru í raun og veru.

Um þetta var gerður bragur, sem jeg man því miður ekki nema tvær vísur úr, en þær hljóða svo:

Mynd af Göethe meðal annars maðurinn sýndi,
þarfa skýring þar til bjó hann:
Þessi maður heitir Jóhann.

Friðrik, þýskur (það eru fleiri þundar stála),
þessi Ottó, þýskur líka.
Þjóðin undrast visku slíka.

Já, þjóðin mun áreiðanlega undrast visku slíka, þegar hún frjettir um ættfræðiþekkingu háttv. fjvn. og þá ræktarsemi, sem hv. nefnd hefir sýnt íslensku máli, með því að verja tíma og fyrirhöfn til svo hjegómlegra hluta, vægast sagt.

En á þessu máli er einnig önnur hlið, og hún er lakari, ljettúð hv. fjvn. Það, sem hv. nefnd leggur hjer til, eru ekkert annað en hrein lögbrot.

Árið 1913 voru sett lög um mannanöfn, þar sem mönnum m. a. var gert að skyldu að skrifa nöfn sín altaf eins, og menn væru þá um leið væntanlega verndaðir gegn því, að hinir og þessir gætu komið og párað nöfn þeirra og rangfært eftir eigin geðþótta. Jafnframt var mönnum með lögum þessum heimilað að taka sjer upp ættarnöfn, ekki í sviga aftan við föðurnafnið, heldur skyldu menn þá einungis rita skírnarnöfn sín og ættarnöfn þar á eftir athugasemdarlaust.

Jeg skal ekkert fara út í það, hvort lög þessi sjeu í sjálfu sjer rjett. Um það geta verið skiftar skoðanir, enda hefir hv. deild nú til meðferðar frv. um mannanöfn, þar sem m. a. bannað er að taka

ættarnöfn. Jeg segi nú ekkert um, hvort jeg muni fylgja því frv., þegar til kemur, en þó að jeg væri því eindregið fylgjandi, þá mundi jeg vera jafneindregið á móti þessum nafnabreytingum hv. fjvn., sem að mínu viti fara í bága við gildandi lög.

Hv. þm. Dala. (BJ) hefir talað mjög fyrir þessum brtt. hv. nefndar, enda munu þær undan hans rifjum runnar. Menn þekkja skoðun hans á þessu máli. Hann hefir altaf verið eldheitur andstæðingur ættarnafnanna og talið að þeim málspillingu, sem væri þjóðarskömm. Og í baráttu sinni við ættarnöfnin hefir hv. þm. sagt svo marga hluti skemtilega, að menn hafa tekið vægar á honum en hann í raun og veru ætti skilið, þegar hann hefir verið að flytja till. um, að ættarnöfn manna væru sett í sviga aftan við föðurnafnið.

En málið horfir nokkuð öðruvísi við, þegar öll hv. fjvn. plokkar út úr fjárlögunum alla þá, sem bera fullkomlega lögleg ættarnöfn, og ætlar sjer að breyta nöfnum þeirra með fjárlagaákvæði, algerlega að þeim fornspurðum.

Þó að þingið hafi áður samþykt svipaða till. frá hv. þm. Dala. (BJ), þá hefir í raun og veru aldrei verið samþykt neitt um þessar nafnbreytingar, heldur eingöngu fjárveitingar til hlutaðeigandi manna, eins og t. d. þegar samþyktar voru við 2. umr. fjárveitingar til Sigurðar Jóhannessonar (Nordals) og Halldórs Guðjónssonar (Kiljan Laxness).

En úr því að hv. fjvn. hóf þessa málhreinsunarstarfsemi sína á annað borð, þá furðar mig á, að hún skyldi ekki fara enn lengra. Hvers vegna brá hún sjer ekki út fyrir pollinn líka? Það er þó sannarlega óskemtilegt að sjá útlend mannanöfn í íslenskum fjárlögum. Hvaða vit er t. d. í því að veita Bjarna Jónssyni frá Vogi styrk til þess að þýða Göethes Faust? Þetta er hrein óhæfa, í stað þess að veita Bjarna Jónssyni frá Vogi styrk til að þýða Hinrik Hansson eftir Jóhann Jóhannsson!

Get jeg ómögulega sjeð, að íslensku máli sje fullkomlega borgið, þó að till. hv. fjvn. verði samþyktar, meðan slíkt er látið standa óhaggað í íslenskum lögum.

En nú skulum við snúa blaðinu við og hugsa okkur, að í fjvn. sætu eingöngu tryltir ættarnafnamenn, sem tækju rögg á sig og gæfu hverjum manni, sem í fjárlögum er nefndur, ættarnafn. Þá kæmi Bjarni Vogan, ótal „sen" o. s. frv. Og það er alveg jafnheimilt að taka föðurnafn af manni eins og ættarnafn, eða m. ö. o., hvorttveggja er jafnóheimilt.

Jeg skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þessar brtt., en vil vona, að hv. deild felli þær miskunnarlaust, ef hv. fjvn. sjer ekki sóma sinn í að taka þær aftur. Enda mun höggva nærri, að ekki sje einu sinni leyfilegt að bera þær undir atkvæði, þar sem þær fara í bága við gildandi lagaákvæði, en þeim verður ekki breytt með fjárlagaákvæðum, eins og kunnugt er.

Þó að jeg hafi borið fram brtt. á þskj. 303, þá er það ekki beinlínis gert vegna þessara brtt. hv. fjvn., en mjer sýnist samt rjettast, úr því að mál þetta er orðið svo „actuelt", að þeir liðir, sem jeg vil breyta, verði einnig lagfærðir, ef brtt. hv. fjvn. verða feldar. Mjer virðist engin ástæða til annars en þeir Sigurður Nordal og Halldór Kiljan Laxness fái að halda nöfnum sínum rjettum og óbreyttum, eins og aðrir menn, sem getið er í fjárlögunum. *(BJ:* Vill ekki hv. þm. taka upphæðina af þeim líka?). Ef hv. þm. Dala. vill ekki veita þessum mönnum styrk úr ríkissjóði, nema þeir leggi niður sín rjettu

nöfn, þá ræður hann því auðvitað og greiðir atkv. þar eftir. En jeg þykist vita, að margir hv. þm. geti unnað þeim einhvers styrks án þess að skipa þeim að afbaka nöfn sín um leið og þeir kvitta fyrir móttöku fjárins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi leyfa mjer að segja nokkur orð um brtt. við 13. og 16. gr. frv., en skal þó ekki tala um þær allar, heldur aðeins þær, sem mestu máli skifta.

Hv. fjvn. leggur nú til að hækka styrkinn til bátaferða um 4000 kr., sbr. XV brtt. á þskj. 290. Mjer skildist á háttv. frsm. fyrri kafla (ÞórJ), að hv. nefnd legði þetta til með sjerstöku tilliti til ákveðins báts, en mjer er ekki kunnugt um, að hv. nefnd hafi rannsakað þessi mál betur en hv. samgmn., sem hefir gert ákveðnar till. um styrk til bátaferða yfirleitt.

Jeg mun því ekki telja mig bundinn við orð hv. frsm. (ÞórJ), en mun þó að sjálfsögðu taka eins mikið tillit til þeirra og sanngirni segir til.

Jeg leyfi mjer að þakka hv. fjvn. fyrir að hafa bætt við liðinn um kaup á húsum og lóð við Garðskagavita. Jeg tel víst, að þessar eignir muni fást keyptar fyrir 2250 kr., en þær hefðu ekki fengist fyrir 1500 kr., eins og lagt var til að veita í þessu skyni við 2. umr.

Um símana í Dalasýslu skal jeg vísa til þess, sem jeg sagði við 2. umr.

Að því er snertir XXVII. brtt., frá hv. þm. Dala. (BJ), um aukinn styrk til búnaðarfjelaga, skal jeg geta þess, að jeg sje naumast ástæðu til að hækka hann svo mjög, vegna þess fyrst og fremst, að nú er veittur styrkur til jarðabóta á öðr um stað í fjárlögunum, og þó sá styrkur gangi ekki beint til búnaðarfjelaganna, þá fá hann nær eingöngu menn, sem eru í einhverju slíku fjelagi, og kemur það því í sama stað niður.

Þá er að minnast á Skeiðaáveituna. Eins og að hefir verið vikið, fór jeg með þrjár till. um þetta mál til hv. fjvn., en hún vildi ekki taka eina þeirra upp, sem sje þá, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) flytur nú á þskj. 299, um að ríkissjóður greiði 6 þús. kr. árlega næstu 5 árin upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar. Þessi till. er flutt með sjerstöku tilliti til klapparinnar, sem varð í vegi aðalskurðsins og enginn vissi áður um, og er fjárhæðin miðuð við helming þess sjerstaka kostnaðar, sem varð við að sprengja klöppina.

Fyrir mjer vakir, að fjárreiðum áveitunnar verði skipað til fullnustu á viðunandi hátt, og vil jeg því mælast til, að brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB) verði samþykt, svo að þingið hafi hjer eftir frið fyrir þessu máli og þurfi ekki að verja miklum tíma árlega til þess að ræða það.

Full sanngirni mælir með því, að ríkissjóður taki einhvern þátt í þessum kostnaði, og jeg held, að nauðsyn beri til að styrkja hlutaðeigandi bændur, til þess að þeir geti stækkað bú sín. Fái þeir frest til þess, munu þeir geta annað skuldbindingum sínum, svo sem samningar segja til.

Einnig verður aðstaða stjórnarinnar gagnvart Landsbankanum, til þess að fá hann til að gefa eftir eitthvað af veðdeildarláni áveitunnar, ljettari, ef svo er tilskilið, að ríkissjóður leggi eitthvað af mörkum á móti. Það má ganga að því vísu, úr því að Landsbankinn hefir ekki viljað fara eftir yfirlýstum vilja Alþingis í fyrra, að hann verði ekki fúsari til þess

nú, nema ríkissjóður veiti áveitufjelaginu einnig einhvern styrk. Þá verður erfiðara fyrir bankann að neita alveg.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) var á móti brtt. hv. fjvn. á þskj. 290, XXX,1.b, vegna þess að ekki kæmi skýrt fram, hvort veðdeildin eða Landsbankinn ætti að gefa greiðslurnar eftir. Í till. stendur „stjórn Landsbankans", og þá er það auðvitað bankinn sjálfur, sem á að inna eftirgjöfina af hendi, enda væri ekki hægt að leggja veðdeildinni slíka skyldu á herðar. Áveitulánin voru upphaflega útborguð í veðdeildarbrjefum, sem bankinn keypti síðan með afföllum. Nú þarf bankinn hvort eð er altaf að hafa fyrirliggjandi talsvert mikið af veðdeildarbrjefum, og þó að vextir þeirra sjeu ekki háir, þá er aðgætandi, að þau verða að lokum innleyst með nafnverði, svo að ekki er hægt að segja, að bankinn tapi á þessum kaupum.

Ef jeg væri bankastjóri, mundi jeg vera feginn því að fá slíka yfirlýsingu Alþingis, sem í till. felst, því ekki getur komið til mála, að gengið verði að bændunum, sem hjer eiga hlut að máli, enda yrði áreiðanlega tekið í taumana, ef til þess kæmi.

M. a. þess vegna þykir mjer miður, að hv. nefnd skyldi ekki geta fallist á till. hv. 2. þm. Árn. (JörB), sem í mínum augum er fult eins mikils virði eins og till. um, að bankinn gefi eftir hluta af láninu.

Það mun vera tilætlun hv. nefndar að gera ekkert við þá hlið þessa máls, sem að ríkissjóði snýr, fyr en á næsta þingi, nema að veita bændunum dálítinn styrk til flóðgarðahleðslu. En sá styrkur nemur ekki nema fjórðungi kostnaðar, og hefir það verk þegar verið unnið að mestu leyti, svo að ekki verður sú fjárveiting notuð til vaxtagreiðslu og afborgana á næsta ári.

Og jeg verð að segja, að ef till. um framlag úr ríkissjóði nær ekki samþykki, þá er til lítils að skipa mann til eftirlits með fjárreiðum áveitunnar, því að jeg efa stórlega, að hægt verði að safna saman því fje, sem nú þarf til greiðslu vaxta og afborgana.

Jeg vil því óska, að hv. deild gangi svo frá máli þessu nú, að ekki þurfi að taka það til meðferðar þegar á næsta þingi.

Þá hefir hv. sjútvn. samkv. tilmælum mínum flutt brtt. um að hækka fjárveitingu til eftirlits með bátum og skipum og öryggi þeirra um helming, og er jeg þakklátur hv. nefnd fyrir það. Jeg skal aðeins geta þess, að ekki verður komist af með minni fjárveitingu í þessu skyni en 6000 kr. Þetta er lögmælt greiðsla, sem ríkissjóður getur ekki skotið sjer undan, enda er hjer um mikið og nauðsynlegt starf að ræða, að hafa eftirlit með öllum skipum og bátum í landinu.

Háttv. þingmenn Árn. (MT og JörB) fara fram á, að 16. liður 16. gr. verði hækkaður um 5000 kr., og skilst mjer, að aukning þessi eigi að ganga til lendingabóta, en ekki hefi jeg heyrt, hvar þær lendingabætur eigi að gera, enda heyrði jeg ekki ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT). *(MT:* Við höfum hugsað okkur, að 2000 kr. gangi til að dýpka innsiglingarleiðina til Stokkseyrar). Þá verða ekki eftir nema 3000 kr. af þessari hækkun, sem koma til skifta til bryggjugerða, ef 2000 kr. eiga að ganga til þessarar ákveðnu lendingarbótar.

Þá eru fluttar brtt. um styrk til Lúðvíks Jónssonar, til að endurbæta jarðyrkjuverkfæri, sem hann hefir látið smíða. Jeg mun verða fylgjandi fjárveitingu í

þessu skyni, a. m. k. till. hv. fjvn., en vel getur verið, að jeg greiði hærri fjárveitingunni atkvæði, því að maður þessi hefir sýnt stórmikinn áhuga á þessu starfi sínu, og er ekki annað hægt að sjá en að hann sje á rjettri leið, eftir því sem nákunnugir menn, sem hafa notað verkfæri hans, hafa tjáð mjer.

Enn er að minnast á þriðju brtt. á þskj. 299, um fjárveitingu til bygginga á Stóruvöllum vegna sandgræðslunnar. Það er að vísu rjett, að töluvert stórfeld sandgræðsla hefir verið gerð á þessum slóðum, en þó lít jeg svo á, að enn sje of snemt að byggja þarna. Jeg get því ekki fylgt þessari brtt. nú, þar sem jeg vil leggja enn meiri áherslu á græðsluna fyrst um sinn, enda má nota hið græddа land á annan hátt til að byrja með, t. d. til slægna, eins og nú er gert. Þarna er geysimikið landflæmi, sem má og á að græða áður en hugsað er til bygginga.

Þá ætla jeg að nefna till. um að kaupa hús prestsins á Torfastöðum. Það vill svo til, að jeg er kunnugur þarna og get því undirskrifað, að það er rjett, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði um jarða- og húsabætur þessa prests. Og mjer finst, að það sje ekki nema eðlilegt, að þegar svo mikið er unnið að jörðinni, en staðurinn á ekki hús, að þá sjeu staðarhúsin gerð að sem mestu leyti eign jarðarinnar og fylgi henni. Það segir sig sjálft, að þegar fátækir prestar koma að jörðum, sem engin hús fylgja, þá geta þeir ekki keypt húsin. Það má nú vera, að svo megi líta á, að stjórnin hafi heimild til þess að gera þetta án þess að samþykki þingsins komi til, og þætti mjer æskilegt að heyra, hvaða álit hv. fjvn. hefir á því. Því að sje svo, að þingið líti svo á, að stjórnin hafi heimild til að gera þetta, þá er náttúrlega ekki bein ástæða til þess að samþykkja þessa till. Og um leið væri sagt, að þótt liðurinn yrði feldur, þá væri ekki bannað eða hindrað, að þetta megi ekki og eigi ekki að gera.

Og það er auðvitað alveg rjett, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að í því meira liggur hið minna. Ef stjórnin hefur heimild til að kaupa öll húsin, þá er henni að sjálfsögðu heimilt, ef henni sýnist svo, að kaupa aðeins eitthvað af þeim.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg þarf aðeins að ávarpa örlítið þrjá hv. þm. Vil jeg þá fyrst taka þann, sem næst mjer situr, hæstv. fjrh. (JÞ). Hann virtist ekki vilja fallast á þá litlu brtt. mína, að á meðal gildandi ákvarðana skyldu talin fyrirheit þingsins. Er þó þessi viðbætir nákvæmlega eftir skýringum hæstv. ráðherra (JÞ) sjálfs á greininni. Hann vildi nú halda fram, að fyrirheit þingsins væru altaf löglegar ákvarðanir. En svo er alls ekki altaf. Fyrirheit Alþingis koma fram á ýmsan hátt.

Jeg skal nefna eitt dæmi: Þegar Bjarni Sæmundsson hættir kenslustörfum og tekur að sjer annað starf með fullum launum, þá verð jeg að líta svo á, að um leið og þingið gengur inn á þetta, hafi það gefið það fyrirheit, að við svo búið skyldi standa, meðan Bjarni væri fær um að halda þeirri stöðu, er hann tók að sjer. En eftir hinni skoðuninni er álitið, að hæstirjettur geti dæmt af manninum launin, eða stjórnin hætt að setja þessa upphæð hvenær sem er í fjárlögin, sökum þess, að menn segja, að fjárveitingar í fjárlögum sjeu ekki skuldbindandi fyrir þingið nema eitt ár. Margt fleira mætti nefna þessu líkt, t. d. að þegar maður er tekinn úr fastri

stöðu og fenginn til þess að gegna öðru starfi fyrir landið, þá er, þótt ekki sje skrifað eða jafnvel orðað, gefið fyrirheit af þingsins hálfu um það, að maðurinn haldi starfinu áfram. Því svo fávís er enginn lifandi maður, að hann sleppi stöðu til þess að taka aðra aðeins eitt ár, svo að hann fengi það eitt fram, að annar væri kominn í stöðu hans, er hann ætli að hverfa í hana aftur. Jeg sje, að hæstv. fjrh. (JÞ) hlær. En honum er ekki til neins að hlæja, því að það er tóm vitleysa, sem hann ætlar að segja við þessu.

Nei. Hjer er um bein loforð að ræða, því að mennirnir hafa fulla ástæðu til að halda, að Alþingi ætli ekki að gabba þá úr launuðum stöðum til þess að hafa annað starf aðeins eitt ár. Þó hefir Alþingi leyft sjer slíkt. Það má benda á Einar Erlendsson, sem eitt ár var í fjárlögum. Hann var áður byggingarfulltrúi hjer í bænum og fjekk sæmileg laun, en misti þau fyrir bragðið. Fleiri dæmi gæti jeg nefnt, en kæri mig ekki um það.

Menn, sem hafa skifti við ríkið, hafa fulla ástæðu til þess að halda, að áframhald verði á. Því enn bera menn, sem betur fer, það traust til þings og stjórnar, að það standi við gerðir sínar án þess að tekin sjeu af því skrifleg og vottfest loforð. En ef sá siður á að halda áfram, sem Alþingi tók upp í fyrra, að brigða orð sín, þá mun hjeðan af ekki finnast sá aulabárður í landinu, að hann treysti nokkuð fyrirheitum Alþingis, nema hann hafi fengið það skriflegt og vottfest, svo að enginn dómstóll geti þar neinu um haggað. Það getur nú vel verið, að hv. þm. haldi, að allir tortryggi svo Alþingi, að engin undur væru, þótt menn vildu, að það gerði við sig skriflega samninga, ef nokkur skifti ættu að takast. En jeg hefði talið heiður þingsins meiri, ef menn ljetu sjer nægja að treysta orðum þess einum. Hefi jeg aldrei farið fram á við neina stjórn eða þing, að þau gæfu mjer neitt vottfast loforð eða annað, sem jeg gæti hengt hatt minn á, er jeg hefi við þau skift, því að mjer hefir aldrei til hugar komið, að Alþingi vildi brigða orð sín. Og þetta vildi jeg taka fram. Þegar loforð er án votta og loforðsþiggjandi á alt undir loforðsveitanda, hvort hann efnir heit sitt eða ekki, þá tel jeg þann meiri drengskaparmann, sem aldrei gengur á slík heit, en hinn, sem lætur sjer nægja að uppfylla vottfest loforð. Því að maður, sem hefir vottfest loforð í höndum, getur farið til dómstólanna og rekið rjettar síns; en hinn, sem aðeins styðst við munnlegt heit, á alt undir drengskap þess, er hjet. Slíkum efndum hafa menn búist við af þingi og stjórn, og er því ilt til þess að vita, að þau hafa hvað eftir annað brotið slíka samninga á mönnum.

Þetta vildi jeg sagt hafa út af ummælum hæstv. fjrh. (JÞ) um till. mína.

Þá reis mikill spámaður upp á meðal vor, hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hefir hann verið að safna í sig veðrinu allan þingtímann, þar til nú að hunangssæt orð flutu af vörum hans. Hann byrjaði á því að raupa af því, að hann væri mesti sparnaðarmaður þingsins. Fann jeg ekki, að hann færði fyrir þessari staðhæfing önnur rök en þau, að hann hefði enga brtt. borið fram við fjárlögin. En jeg ætla nú, að þetta lýsi síður sparsemi hv. þm. (MJ) en hirðuleysi, því jeg tel sjálfsagt, að það hefði verið margt, sem hann

hefði viljað styðja og hefði átt að bera fram, ef hann hefði haft dug til. Annars skal jeg geta þess honum til hugnunar, að jeg er mesti sparnaðarmaður þingsins, og að mitt á milli okkar hv. þm. (MJ) hossast hæstv. fjrh. (JÞ), sem þó að líkindum hrekkur af baki áður en lýkur. Jeg er mesti sparnaðarmaður þingsins, af því jeg horfi aldrei í eyrinn, þegar um langtum meira verðmæti er að ræða á móti. Jeg er mesti sparnaðarmaðurinn, af því að jeg kann best að eyða fjenu. Jeg eyði peningum til þess að vernda líf manna og bjarga því. Jeg eyði peningum til að vernda og stuðla að andlegu lífi í landinu. Og jeg eyði fje til þess að halda við lífinu í nokkrum gáfumönnum, sem vinna þjóðinni margfalt gagn. Jeg fylgi yfir höfuð þeirri reglu að nota fjeð vel og að líta á dýrmæti þau, sem á að spara — eyða fremur eyrinum en sóa því, sem er verðmætast. Þess vegna er jeg mesti sparnaðarmaður þingsins.

Hv. þm. (MJ), sem svo fagurlega talaði um sparnað sinn, sýndi hann nú lítt í verki, er hann fór að vekja hjer umr. um nafnatill. fjvn. Honum fanst það fjarskalega undarlegt, að hann skyldi finna föðurnafn fáeinna manna, þótt danskurinn hafi kent þeim að japla á þeim eftir sínum venjum, en ekki eftir fornum landsvenjum og eðli málsins. Hann kvað það þyrfti að segja sjer það þrisvar áður en hann tryði því, að öll fjvn. vildi kenna menn við föður þeirra. Það er nú búið að segja honum það einu sinni, og jeg segi honum það hjer með aftur. Vonandi fær hann svo að heyra það í þriðja sinn, en enginn Njáll verður hann við þetta samt. Hann talaði mikið um, hvað fjvn. væri virðuleg og sjer hefði altaf þótt, að það væri virðulegt að vera kosinn í þá nefnd. Jeg vil ekki mótmæla þessum virðulegheitum. Það er vant að velja heldur góða menn í fjvn., þótt þeir auðvitað gefist misjafnt eins og aðrir. En honum fanst það virðulegast við nefndarmenn, að þeir ættu að halda í landsfje. Þetta þótti mjer sitja heldur illa á honum, því að jeg ætla, að ef hann talaði eins og honum býr í brjósti og segði satt frá, þá myndi hann líta líkt á fje og jeg. Síðan kom hann með hið mjúka guðspjall sitt hið nýja um uppnefnin. Mjer kemur það einkanlega kynlega fyrir, að maður, sem hefir verið prestur, skuli kalla það uppnefni að kenna menn við föður þeirra. En jeg verð líklega að trúa, að hann hafi ekki gerst svo hótfyndinn í prestskapnum að spyrja konur um feður barna sinna, svo að hann yrði ekki að uppnefna blessuð börnin. Hann bygði ræðu sína á fremur veikum grundvelli. Hann kom með vísur, sem áttu að sanna mál hans. Hafði ort þær sjálfur eða einhver annar. *(MJ:* Halldór Gunnlaugsson orti þær). Jeg kann líka vísu eftir mann, sem er enn frægari og ágætari. Gröndal kvað:

Íslendingurinn ætla jeg sje
illa fær til að dríva handel,
þótt sumir heiti Hermann Per og Wandel.

Nefndin hefir, eins og jeg sagði, ekki gert annað en tilnefna föðurnöfn fólks. Hv. þm. (MJ) kvað það lögbrot, en í þeim lögum, sem hann vitnaði í, stendur ekki stafur um, að menn megi ekki kenna menn við föður þeirra. Og enginn lifandi maður getur meinað mjer að rita föðurnafn einhvers, fremur en eitthvert orðskrípi, sem hann hefir skreytt sig með. Alþingi vill, að fólk sje ættfært rjett; því setur það Eggert Eiríksson Briem í fjárlögin, svo að enginn skuli ætla, að átt sje t. d. við Eggert Gunnlaugsson Briem. Ef hjer er um lagabrot að ræða, þá er

það fólgið í svigunum, sem settir eru um ættarnöfnin. En jeg man ekki til, að það sje bannað í neinum lögum að nota slíka sviga.

Hv. þm. (MJ) hjelt endilega, að það myndi baka mönnum ógurlega skapraun, þegar þeir ættu að fara að kvitta fyrir fjárhæðirnar, að þurfa að skrifa nafnið sitt öðruvísi en vanalega. En þetta er tóm vitleysa og kemur sjálfsagt af því, að hv. þm. (MJ) veit ekki, hvernig afhending þessa fjár er varið. Hver og einn verður aðeins að sanna, að hann sje sá, er upphæðin er ætluð, og síðan má hann skrifa nafnið sitt á kvittunina alveg eins og hann er vanur að rita það. Jeg man það, að jeg fylgdi fast fram styrk til Jóns sagnfræðings Jónssonar frá Ráðagerði, og styrkur sá hljóðaði upp á nafn Jóns sagnfræðings Jónssonar. Víst er það, að hann fjekk hann, hvernig sem hann ritaði nafn sitt á kvittunina, en jeg geri ráð fyrir, að hann hafi aðilsað sig þar.

Hv. þm. (MJ) talaði um, að lengra þyrfti að fara og koma öllum útlendum nöfnum á íslensku. Við í fjvn. höfum ekki viljað gera það, en ef málhreinsunarandi knýr hann til þess, þá er sjálfsagt, að hann taki það að sjer. Annars er nú Íslendingum ekki tamt að nefna útlenda staði með íslenskum nöfnum. Því ef manni varð t. d. á að nefna Osló, þá var undir eins hrópað: Veistu ekki, að hún heitir Kristianía. Og ef nefnd er Björgvin, leiðrjetta menn og segja Bergen. Og ekki má kalla Niðarós annað en Trondhjem. En þar sem menn fást ekki til að nefna forna staði útlenda fornum íslenskum nöfnum, ætla jeg að erfiðlega gangi fyrir hv. þm. (MJ) að skíra upp alla útlendinga og útlenda staði. Fjvn. hefir aldrei farið fram á slíkt og mun aldrei gera, því að hún veit, að þetta er ekki sambærilegt. Útlendingar mega heita sínum nöfnum; við eigum að bera okkar kinnroðalaust.

Hv. þm. (MJ) hjelt, að ef ættarnafnamenn kæmust í fjvn., þá myndu þeir setja ættarnafn á hvern mann. Hann hefir sjálfsagt lesið það í náttúrufræði þeirri, er hann lærði, að ættarnöfn væru mönnum eins eðlileg og það að eiga einhvern föður.

Jeg hygg, að hann muni nú sjálfur sjá, hvílík fjarstæða ræða hans var.

Jeg vil því snúa mjer að miklum mælskumanni, sem mintist mín í gær, og er jeg honum þakklátur fyrir. Það var hinn mikli mælskumaður hv. þm. Mýra. (PÞ), sem eins og allir vita sigraði með mælskunni við síðustu kosningar. Hann kvartaði um, að jeg hefði ekki mælt nógu vel með till. um styrkinn til búnaðarfjelaganna. Það er rjett, að mjer er ekki mælskan eins lagin og honum, en jeg reyndi að gera fulla grein fyrir þessari till. við 2. umr. og var því stuttorður um hana í gær. Við 2. umr. benti jeg á, að jeg tryði búnaðarfjelögunum best til þess að fara með þá peninga, sem ætlaðir væru til framkvæmda í búnaði. Og jeg taldi rjett að byrja við uppsprettuna og láta þá menn hafa fjeð, sem næst standa verkinu, vita hvað þarf að gera og geta keypt sjer í sameiningu, með nokkrum styrk, nauðsynleg verkfæri til framkvæmdanna. Mjer er það fullljóst, að partur af 10 þús. til hvers fjelags er alt of lítið. Jafnvel þó að um part úr 20 þús. væri að ræða, væri það of lítið. Það hefði þurft 30 þús. kr. til þessa, eins og jeg og fleiri fögðum áherslu á, að veittar væru þessum fjelögum fyrir nokkrum árum og fengum þá framgengt.

Hæstv. atvrh. (MG) talaði um, að miklar

styrkveitingar væru veittar eftir jarðræktarlögunum og að þær fengju sumir þeirra manna, sem eru í búnaðarfjelögunum. En þetta kemur ekki málinu við, því að jeg býst við, að þessir menn vilji eiga sína peninga sjálfir og leggi þá ekki í sameiginlegar framkvæmdir.

Jeg veit nú, að háttv. þm. Mýra. (PÞ) hefði getað mælt miklu betur fyrir till. en jeg hefi gert, og jeg furða mig á, að hann skyldi ekki gera það, úr því hann stóð upp og bar á mig ljelegan málaflutning í þessu máli. Úr því að honum er svo ant um þessar framkvæmdir, hefði hann ekki átt að setja ljós sitt undir mæliker, heldur láta það skína, svo að allir greiddu þessari till. atkv.

Hv. þm. (PÞ) var að tala um virðingu og sóma þingsins. Lagðist hann þá svo djúpt, að vart mátti skilja meininguna. Hafi hann ætlað að lofa þingið, kann jeg honum þakkir, en hafi hann ætlað að hnjóða í hv. þm., þá vil jeg og fyrir mitt leyti þakka honum tilsögnina. Það er ekki nýtt, að hann ræðst í að endurbæta menn og flokka. Er mönnum vel kunnugt, að seinast skifti hann um skoðun til þess að endurbæta Tímaflokkinn. Jeg vona, að sú tilraun hans gangi vel, og eins mun jeg fúslega taka allri tilsögn, er hann vill láta mjer í tje. Hann sagði, að mjer væri gjarnt að tala um, hvað öðrum hv. þm. gengi til, er þeir greiddu atkvæði. Vitanlega dreg jeg mínar ályktanir. En jeg verð að játa, að jeg ályktaði skakt síðast, er jeg ætlaði, að hann greiddi atkvæði á móti styrknum til búnaðarfjelaganna af því, að hann ynni þeim ekki fjárins. Nú sje jeg, að hann gerði það af því jeg mælti svo illa fyrir tillögunni. Er jeg hróðugur yfir, að orð mín mega sín svo mikils hjá hv. þm. (PÞ), og þar sem jeg nú hefi endurbætt og aukið ummæli mín um þennan lið, þá ætla jeg, að hv. þm. (PÞ) geti nú verið ánægður og láti búnaðarfjelögin njóta þess með því að greiða atkv. með till.

Jeg ætla nú að ljúka máli mínu, en vil biðja hv. þdm. að láta mig njóta tilsagnar sinnar framvegis, engu síður Framsóknarmenn en aðra.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf að minnast hjer á tvær tillögur vegna sjútvn.

Fyrir síðustu umræðu þessa máls ritaði hún fjvn. um laun fiskiyfirmatsmanna, en hv. fjvn. treystist ekki til að bera það erindi fram. Þó kom fram tillaga um að hækka laun þessara manna, en hún fjell. Nú hefir það orðið að samkomulagi milli nefndanna að hækka launauppbót þeirra upp í 8200 kr. Að vísu er þetta heldur lítið, en þá ætti þó fremur að vera von um, að brtt. yrði samþykt hjer í þessari hv. deild.

Önnur brtt. er um það að hækka um helming fje það, sem ætlað er til eftirlits með skipum. Jeg býst nú við, að sumum kunni að þykja hækkunin nokkuð mikil, en þegar þess er gætt, að fje þetta er ætlað til þess að greiða umsjón með skipaskoðun um land alt, og einnig skrifstofufje og ferðakostnað umsjónarmanni, þá er auðsætt, að það er síst of mikið. Og þegar tekið er tillit til þess, að þessari hækkun fylgja meðmæli hæstv. stjórnar, vona jeg, að brtt. nái samþykki háttv. deildar.

Auk þessa eru þrjár brtt., sem jeg vil minnast á. Er jeg ýmist aðalflutningsmaður þeirra eða þá meðflutningsmaður. Er það þá fyrst XXX. brtt. á þskj. 290, um að veita Fornleifafjelaginu 800 kr. styrk. Styrkur þessi var feldur á síðasta þingi, þegar alt annað var skorið niður. Hjer er aðeins um litla fjárhæð að ræða, og

býst jeg við, að það sje fremur af gleymsku, að aðrir hv. þm. hafa ekki orðið á undan mjer til þess að bera till. fram. Landið stendur í þakklætisskuld við fjelag þetta fyrir útgáfu þess á Árbók þess. Mun þetta fjelag og hafa gefið landinu Fornmenjasafnið. Á fjelagið því þennan litla styrk skilinn, og þótt meira væri, og vona jeg, að hv. deild verði mjer samþykk um það.

Þá skal jeg geta tveggja brtt., er snerta atvinnulíf þjóðarinnar. Er það þá fyrst brtt. á þskj. 290, liður XXXIX, um 2600 kr. viðbót handa efnarannsóknarstofunni. Það mun flestum ljóst, hvert gildi efnarannsókn hefir fyrir vöruvöndun og verðhækkun útflutningsvara. Þeir framleiðendur, sem kunna að nota slíkar stofnanir, geta selt vörur sínar miklu hærra verði en ella. Annað höfuðatriði er og það, að þegar skýrsla um efnagreining fylgir útflutningsvöru, má selja hana í landinu sjálfu, og þarf ekki að bíða þess, að hún komi til kaupenda. Jeg skal í þessu sambandi minna á lýsið. Það er dýr vara og er að vísu metin, en það mat, sem á henni er nú, er ekki nægilegt, því að ýmislegt fleira kemur til greina en núverandi matrannsókn. Lýsi er svo mismunandi, að ekki er hægt að flokka það rjettilega nema með efnarannsókn.

Vegna þess að efnarannsókn hefir vantað hjer á ýmsum vörum, hafa þær ekki komist í fult verð. Af þeirri ástæðu hefi jeg flutt þessa brtt. Verði þessi styrkur veittur, fær efnarannsóknarstofan betri áhöld en áður og getur haft meiri starfskröftum á að skipa. Og það mun eggja menn á að nota efnarannsóknarstofuna meira en áður til þess að leiðbeina um vöruvöndun. Fyrir landbúnaðinn eru slíkar rannsóknir mjög nauðsynlegar, og erlendis hafa mestu framfarir í búnaði og iðnaði einmitt orðið á grundvelli efnafræðinnar. Brtt. þessi, sem hjer er um að ræða, miðar til þess að efla bæði landbúnað og sjávarútveg. Ef þingið vill fylgja tillögunni, er jeg viss um það, að forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar er svo framtakssamur og áhugasamur, að hann mun taka vel á móti þeirri útrjettu hönd.

Þá er brtt. LVI á þskj. 290, um 30 þús. kr. ríkisábyrgð fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Fjelag þetta ætlar að reyna að koma upp kembivjelum og lyppivjelum fyrir Vestfirðinga. Jeg hefi leitast fyrir um þetta mál hjá hv. fjvn., og býst jeg við, að hún sje því meðmælt. Ennfremur býst jeg við, að hefði nefndin ekki komið fram með tillögur sínar um frystihús, þá hefði hún tekið þetta mál að sjer og fylgt þá láni til fyrirtækisins, þar sem hjer er aðeins farið fram á ábyrgð. Fjelagið er ekki þannig statt, að það geti ráðist í framkvæmdir, nema því aðeins, að það fái stuðning ríkisins. En það er hið mesta nauðsynjamál, að slíkar tóvinnuvjelar komist upp á hverju landshorni. Þær eru undirstaða spunavjela, en þær vjelar eru aftur undirstaða prjónavjela og vefstóla. Hjer er því um að ræða endurnýjun hins íslenska heimilisiðnaðar, og vona jeg, að tillagan hljóti fylgi hv. þdm.

Þorleifur Jónsson: Mjer þykir leitt, að hæstv. atvrh. (MG) er nú svo langt í burtu, að hann getur ekki heyrt mál mitt út af athugasemdum hans við brtt. XV á þskj. 290, um aukinn styrk til bátaferða. Háttv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ) talaði að vísu svo vel fyrir þessari brtt., að óþarfi er að bæta þar miklu við, en mig langaði til þess að víkja nokkrum orðum að hæstv. atvrh.

Við 2. umr. fjárlagafrv. bar jeg fram brtt. um 10 þús. kr. styrk til Hornafjarðarbáts. Hv. frsm. samgmn. (SvÓ) óskaði, að jeg tæki hana aftur þangað til sjeð væri, hvernig færi um hækkun þá til báta-ferða, er hv. samgmn. fór fram á. Háttv. samgmn. gerði ráð fyrir, að Hornafjarðarbáturinn fengi 4000 kr. styrk, en háttv. frsm. og ýmsir aðrir litu samt svo á, að þetta væri hið minsta, er um gæti verið að ræða, og þyrfti því að hækka styrkinn.

Þessi brtt., sem hjer er um að ræða, er miðuð við það, að styrkur til þessa báts verði hækkaður upp í 7—8 þús. kr. Og eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, þá er ekki hægt að bæta úr samgönguvandræðunum þar eystra með 4000 kr. Þetta, sem hjer er farið fram á, er hið allra minsta, sem komist verður af með, og þykir mjer vænt um, að tveir hv. þm. úr samgmn. hafa talað vel fyrir brtt.

Í sambandi við þetta — og til þess að sýna hv. þdm., að hjer er ekki ofmælt um það, hve háan styrk þarf, — skal jeg geta þess, að hjer í bænum er nú staddur maður frá Austfjörðum, og á hann mótorbát, sem er vel hæfur til flutninga. Jeg hefi átt tal við þennan mann og spurt hann að því, hvort hann mundi vilja taka að sjer ferðirnar milli Hornafjarðar og Austfjarða frá því fyrst í maí og fram í júlí, og svo frá miðjum september til októberloka. Kvaðst hann viljugur til þess að gera það fyrir 7—8 þús. kr. styrk. Af þessu sjer maður, að það er ekki hægt að komast af með litla fjárupphæð, ef nokkur bót á að verða á samgöngunum. Helst þyrfti styrk til þess að halda þarna uppi stöðugum ferðum frá því í mars og til októberloka, ef vel ætti að vera. En þó tel jeg enga frágangssök að semja um báta-ferðir þannig, að þær sjeu strjálli um hásumarið, enda mun erfitt að fá bát um síldveiðitímann. En á vorin og seinni hluta sumars er bráðnauðsynlegt að hafa stöðugar samgöngur milli hafnanna þarna eystra.

Undanfarin ár hefir sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu ráðstafað styrk þeim, sem veittur hefir verið til báta-ferða þarna, en það gæti líka vel komið til mála, að sýslunefndir Múlasýslna hefðu þar hönd í bagga með, ef um verulegan styrk er að ræða. En jeg vil láta þess getið, að verði þessi brtt. um hækkun á styrk til báta-ferða samþykt, þá lít jeg svo á, að hæstv. stjórn sjeu gefnar frjálsar hendur og að vilyrði sje gefið fyrir því, að varið skuli líkum styrk til Hornafjarðarbátsins í ár eins og þeirri upphæð nemur, sem veitt er til ferðanna 1926.

Jeg hefi viljað fara hóglega í þetta mál, til þess að fá samkomulag um það. Vona jeg, að allir sjái, að hjer er ekki fram á mikið farið, þegar tillit er tekið til þarfa og nauðsynja þeirra hjerað, sem eiga að njóta góðs af bátaferðum þessum. Á þingmálafundum í A.-Skaftafellssýslu var farið fram á miklu hærri upphæð en hjer er gert, en hjeruðin mundu þó þykjast góðu bætt, ef þau fengju þennan styrk, heldur en ekkert.

Það getur verið, að ýmsir háttv. þdm. sjeu þeirrar skoðunar, að þörfin sje ekki eins brýn og jeg hefi haldið fram. En það stafar þá af því, að þeir eru ókunnugir öllum staðháttum á Austurlandi. Jeg skal hjer geta um eitt dæmi um samgöngurnar þar eystra. Í ágústmánuði í fyrra voru sendir frá Hornafirði til Akureyrar 10—20 „ballar“ af ull, sem tóvinnuverksmiðjan Gefjun átti að kemba í lopa. Verksmiðjan sendi ullina aftur suður til Fáskrúðsfjarðar með seinustu ferð Esju í október í haust, og þar situr hún enn, því að þá var lokið öllum ferðum milli Horna-

fjarðar og Austfjarða. Í vetur hefir því kvenfólk í þessum sveitum ekkert haft að tæta og orðið að sitja auðum höndum, og sjá allir, hve heppilegt þetta er.

Til þessa tíma hafa engar ferðir fallið milli Austfjarða og Hornafjarðar, nema hvað Þórhallur Daníelsson kaupmaður hefir haft bát í förum fyrir sjálfan sig. En það er ekki að búast við því, að einstakur maður geti haldið uppi þeim ferðum styrklaust ár eftir ár. Vona jeg því, að hv. þdm. fylgi þessari brtt. og sjái, að það er bráðnauðsynlegt fyrir hjeraðið að fá þessa samgöngubót.

Þá voru það nokkur orð, sem jeg vildi segja við hæstv. atvrh. Mjer heyrðist hann segja, að óvíst væri, hvað Hornafjarðarbáturinn fengi, þótt brtt. mín yrði samþykt. Ljet hann þess getið, að samgmn. hefði ekki ætlað þessum bát meira en 4000 kr., og hún myndi þó hafa haft betri tök á að rannsaka alt slíkt heldur en fjvn. En það er nú svo, að betur sjá þó augu en auga, og svo er hitt, að jeg er kunnugastur þeim samgönguvandræðum, sem Hornfirðingar hafa við að búa, og var því ekki svo mikil furða, þótt hv. fjvn. tæki nokkurt tillit til tillagna minna um þetta mál. Og er jeg auðvitað þakklátur hv. nefnd fyrir það.

Hæstv. atvrh. sagðist ekki vera bundinn við ákveðnar upphæðir, þótt þessi brtt. yrði samþykt. Jeg skal játa það, að það er ekki auðvelt fyrir þingmenn að binda hendur hæstv. stjórnar í þessu máli, því að ef hún ljeti sig engu skifta hag þeirra hjeraða, sem verst eru stödd í þessu tilliti, þá væri ekki hægt að gera neitt við því. En jeg er svo bjartsýnn, að jeg vona, að hún sýni okkur rjettlæti eins og öðrum. Þessi hækkun til bátaferða hefir verið svo skýrð af frsm. fjvn., að hún eigi að ganga til Hornafjarðarbátsins, og vænti jeg þess því, að hæstv. stjórn taki það til greina og láti okkur njóta þess.

Í fjárlögum þessa yfirstandandi árs kom jeg fram fjárhækkun til bátaferða þar eystra, og væri ekki ósanngjarnt að ætlast til þess, að hæstv. stjórn ljeti bátinn nú njóta þess styrks, sem þá var ákveðinn. Að öðru leyti tel jeg ekki nauðsynlegt að fara fleiri orðum um þetta mál, því að jeg treysti hv. deild til að samþykkja þetta, og verð að treysta hæstv. stjórn til þess að skifta styrknum þannig, að miðað verði við tillögur þær, sem jeg hefi komið með.

Frsm. fyrri kafla (Þórarinn Jónsson): Það hefir ekki verið hallað neitt á fjvn. fyrir till. hennar við fyrri hluta fjárlagafrv., en vegna þess, að jeg hefi ekki gert grein fyrir afstöðu nefndarinnar til ýmsra brtt., skal jeg leyfa mjer að segja nokkur orð.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir borið fram nokkrar brtt. um hækkun á tekjuliðum. Nefndin áleit, að það væri ekki rjett að hækka hjer meira. Vill hún fara varlega í slíkar hækkanir, því að þótt hún telji, að vel geti verið, að sumir liðir geti orðið hærri en áætlað er, vill hún ekki samsinna þessu og er því á móti þessum brtt. Skal jeg hjer geta þess, að eins og till. eru nú, ættu tekjurnar að vera komnar upp fyrir meðaltal áranna 1922—'24. Vil jeg þar benda á það, að áfengistollurinn varð að meðaltali 480 þús. kr. þessi árin, en hv. 3. þm. Reykv. gerir ráð fyrir, að hann verði 550 þús. kr. Kaffi- og sykurtoll vill hann líka áætla hærri, 975 þús. kr., í stað 920 þús. kr., sem hann hefir verið að meðaltali. Sömuleiðis hefir vörutollurinn ekki orðið nema 1308 þús. kr., en er eftir till. áætlaður 1400 þús kr.

Það sýnist því varlegra eftir þeirri venju, er þingið hefir ávalt viljað fylgja, að láta við þá hækkun sitja, sem nefndin gerði við 2. umr. En ef tekjuhliðin þætti alveg sjerstaklega varlega áætluð, mætti taka það til athugunar við eina umr. fjárlaganna hjer í hv. deild og hækka þá tekjurnar, ef ástæða þætti til. Nú eru eftir 3 umr. í hv. Ed. og ekki sjeð fyrir, hvaða meðferð frv. fær þar.

Þá er hjer smábrtt., sú V. í röðinni á þskj. 290; er hún orðabreyting, eða miðar að því að færa til betra máls, og býst jeg við, að allir geti greitt henni atkvæði sitt.

Svo er hjer ein brtt. á minni landareign, við fyrri hl. fjárlaganna, um að Ísafjörður skuli nefnast aftur sínu forna heiti: Skutilsfjarðareyri. Þó að jeg segi um hana fáein orð, þá þarf ekki að skilja það svo, að nefndin sje óskift um hana, enda hefi jeg fylgt þeirri reglu sem frsm., að mæla fyrir þeim brtt., sem meiri hl. nefndarinnar hefir orðið ásáttur um að fylgja, og aldrei látið koma annað í ljós en að meiri hl. stæði mjer að baki.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) feldi sig ekki við Skutilsfjarðareyri, heldur vildi hann hafa það Eyri við Skutilsfjörð. En þetta er ekkert aðalatriði og ekki heldur það, að þess mun ekki kostur að breyta lögum með fjárlagaákvæði. Aðalatriðið er, að hjer er verið að færa til forns og fegra máls nafn, sem afbakað hefir verið öldum saman. Slík nafnabreyting sem þessi er heldur ekkert einsdæmi. Þarf þar ekki annað en minna á Norðmenn, sem hafa nú í vetur breytt nafninu á höfuðstað sín um, og uppi er nú, að þar verði ekki staðar numið, heldur muni fleiri bæjarnöfnum verða breytt. Það þarf því engan að undra, þótt við Íslendingar fylgdum dæmi Norðmanna í þessu efni og tækjum aftur upp fornhelg nöfn, er Danir hafa afbakað í fyrstu. Þeir, sem ekkert nafn vilja nema Ísafjörður, þeir mundu kannske vilja vinna að því að fá Akureyri breytt í Eyjafjörð, til þess að ná þar meira samræmi. En jeg verð að telja, að það sje landshamingja, að nafnið Eyjafjörður (Öfjord) hefir ekki fest þar. En það er vitanlegt, að Akureyri og Skutilsfjarðareyri er ekki voðfelt í danskri tungu, og því er það, að Ísafjörður hefir orðið ofan á. Yrði till. þessi samþykt, mætti skoða hana sem undirbúning þess, að horfið yrði að því að færa til eldra og betra máls nöfn, sem afbökuð hafa verið eða lögð niður.

Næsta brtt. er frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um styrk til farlama manns. Hann hefir nú talað fyrir brtt. og lýst ástæðum þessa manns, og þykir mjer sennilegt, að þessa væri full þörf, ef ríkissjóður gæti litið til allra slíkra þarfa. Annars hefir nefndin óbundið atkv. um brtt., og læt jeg því úttalað um hana.

Þá kem jeg að stærstu brtt., um 100 þús. kr. til landsspítalans, og skal jeg þá lýsa því strax yfir, að nefndin hefir þar óbundið atkvæði. En út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að gera megi fyrir þessar 100 þús. kr. jafnmikið og fyrir 150 þús. eftir till. hans við 2. umr., þá býst jeg við, að hann ætlist til, að fje það, sem safnað hefir verið í sjerstakan sjóð til landsspítalans, verði þá látið ganga alt til byggingar hans, en um það hefir farið tvennum sögum, hvort fje það ætti að ganga til byggingarinnar. Mjer er nú ekki ljóst, hvað mikið hefir safnast með samskotum, en gera má ráð fyrir, að bygging þessi standi yfir nokkur ár og að 1927 verði búið að byggja fyrir 400 þús. kr. og þá alt fje landsspítalasjóðs komið þar í. Þá er þó eftir samkvæmt áætl-

unarkostnaðinum að byggja fyrir 600 þús. kr., er yrði að leggja fram á næstu árunum úr ríkissjóði, svo þetta verður þá rúm ½ miljón króna, sem ríkissjóður verður að leggja til eftir 1927, sje miðað við orðalag brtt.

Er nú ýmislegt að athuga í þessu efni. Fyrst og fremst er hjer tept fje ríkissjóðs í stórum stíl á því tímabili, sem ætlunin var að hafa það sem mest laust í ákveðnu augnamiði. Og einnig er líklegt, að þessi 600 þús. kr. útgjöld, sem þá er eftir að leggja í bygginguna, geti orðið ríkinu of þungur baggi. Þess vegna væri rjettara að bíða enn um stund og halda áfram með sama dugnaðinum og áhuganum að afla fjár í sjóðinn. Það eru líka skiftar skoðanir um þessa síðustu teikningu, eða síðari. Þannig hefi jeg heyrt, að prof. Guðmundur Hannesson telji ekki álitlegt að byggja við eftir þessari minni teikningu, ef stækka ætti síðar, og sje því með stærri byggingunni. Og meðan menn koma sjer ekki saman um þetta, virðist ekki úr vegi að fresta byggingunni um óákveðinn tíma og ofhlaða ekki ríkissjóð. Auk þess verður nefndin að líta svo á, að það sjeu aðrar byggingar, sem ganga eigi fyrir þessum, eins og t. d. stækkun Klepps. Að vísu skal jeg játa, sem mitt álit, að landsspítali hefði átt að ganga fyrir heilsuhæli á Norðurlandi. En jeg hefi áður gert það að umtalsefni, og skal því ekki dvelja við það nú, enda orðið að því kappsmáli, að geta ríkissjóðs er þar að engu metin.

Næsta brtt. er frá háttv. 2. þm. Árn. (JörB), um styrk til læknisbústaðarins í Laugarási. Þetta læknishjerað er nú orðið svo þekt hjer í þinginu og um þetta mál hefir staðið sá styr á undanförnum þingum — en mest þó vegna þess, hversu klaufalega það var upp borið í fyrstu — að vonandi er, að því geti nú verið lokið. Nú hefir nefndin fallist á, eftir upplýsingum landlæknis og víðar frá, að fullmikið muni hafa verið haldið í við þetta læknishjerað með styrk til byggingarinnar, samanborið við önnur hjeruð, og vill því láta hjeraðið fá þennan styrk. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) bar fram brtt. um nokkuð hærri styrk við 2. umr., eða 7000 kr., en tók hana þá aftur. Nefndin telur þessa upphæð sanngjarna og leggur til, að hún verði samþykt, en fellir af 2000 kr., með hliðsjón af því, er hún leggur til, að feldar verði viðbótarkröfur frá Síðuhjeraði o. fl.

Um 10. brtt., frá hæstv. fjrh. (JÞ), er fátt að segja. Hún er aðeins um að bæta í fjárlög upphæð, sem ekki verður komist hjá að greiða, og er nefndin því að sjálfsögðu með þessu.

Um 11. brtt., frá hv. þm. Barð. (HK), um 300 kr. hækkun á styrk til umbúðasmiðs, hefir nefndin óbundin atkvæði.

13. brtt., frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), er sú sama og hann flutti við 2. umr. Um hana er ekkert að segja annað en vísa til atkv. nefndarinnar um hana við 2. umræðu, enda hefir nefndin eins og þá óbundin atkvæði um hana.

Sama er að segja um 14. brtt., frá hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg get vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt. Nefndin getur ekki fallist á, að ríkissjóði beri nein skylda til þess að styrkja húsbyggingu á þessum stað, þó að töluverð gestnauð sje þar með köflum.

15. brtt. hefir samnefndarmaður minn, hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), gert að umtalsefni og tekið fram, að frá hálfu fjvn. ætti þessi hækkun að miðast við Hornafjörð. Það kom líka fram í nefndinni frá háttv. þm. Borgf. (PO), að hann óskaði eftir, að Hvalfirði yrði ekki gleymt, en nefndin

fjellst samt á, að Hornafjarðarbáturinn væri maklegri nokkurrar hækkunar, þó hún vilji ekki með því spilla fyrir Hvalfjarðarbátnum.

Þá kem jeg að 16. brtt., frá hv. minni hl. fjvn. (BJ), og er það sama brtt., er hann tók aftur við 2. umr. af því að hann taldi hv. deildarmenn þá orðna blóðuga til axla af drápi brtt. hans. Hann hefði ekki átt að æsa blóðþorsta deildarinnar á ný í þessu efni, því að vita má hann hug meiri hl. nefndarinnar, að hann er hinn sami og áður. Eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, eru það ýmsar aðrar símalínur, sem þegar eru teknar inn í símalög og hljóta að ganga fyrir. Og á meðan þær símalínur verða ekki bygðar vegna fjárskorts ríkissjóðs, virðist óþarfi að taka upp sjerstakar línur í fjárlög, sem eiga þar engan rjett á sjer.

Þá held jeg, að fleiri brtt. einstakra þingmanna sjeu ekki í þessum kafla, er sjerstök ástæða væri að minnast á. Get jeg því látið máli mínu lokið hjer með og vona, að jeg hafi ekki hagað orðum mínum svo, að nokkur hv. þm. gefi mjer tilefni til að standa upp aftur.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla að reyna að fylgja dæmi hv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ) og vera stuttorður. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að mjer takist ekki að ljúka máli mínu á jafnskömmum tíma og hann, enda brtt. fleiri í þessum síðari kafla.

Um brtt. nefndarinnar hefir mjög lítið verið rætt af einstökum þm. Má því skoða ast sem svo, að þögn sú, er um þær hefir verið, sje sama og samþykki, svo að jeg þarf ekki að eyða löngu máli um þær.

Það eru aðallega málhreinsunartillögur nefndarinnar, er sætt hafa nokkrum andmælum. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) mælti á móti þessum nafnabreytingum, en kvaðst þó að ýmsu leyti vera nefndinni sammála. Hann vildi ekki leyfa að láta taka upp fáránleg nöfn, eins og t. d. að kalla Einar skáld Hjörleifsson Einar Kvaran. Hv. 2. þm. Rang. er líka mikill ættfræðingur og skilur, hvað hjer er í húfi, ef mönnum á að haldast uppi að villa á sjer heimildir ættfræðilega. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) var einna þungorðastur um þessar brtt. nefndarinnar, og var það ekki nema það, sem búast mátti við, eftir framkomu hans áður, er mannanafnafrv. var hjer á ferðinni; en honum sleppi jeg samt í bili og kem að honum síðar.

Þá var það hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem gerði Skutilsfjarðareyri að umtalsefni. Það mun líklega rjett hjá honum, að tíðara sje að nefna Eyri við Skutilsfjörð en Skutilsfjarðareyri, og líklega eldra og rjettara. En það var annað, sem jeg hjó eftir hjá honum í sambandi við þetta mál. Hann sagði, að aldrei væri skift um nöfn nema með samþykki þeirra manna, er hlut ættu að máli, og vildi því láta Ísfirðinga skera úr um þetta mál. En það er einmitt það, sem ekki hefir verið gert í upphafi. Það eru Danir, sem hafa tekið það upp hjá sjálfum sjer að kalla Eyri við Skutilsfjörð Ísafjörð eða Isafjord, og án þess að leita samþykkis þeirra manna, er hlut áttu að máli. Hjer er því ekki um annað að ræða en að færa til íslensks máls fornt og rjett nafn, sem Danir hafa afbakað. Annars skildist mjer, að hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) væri þessu ekki mótfallinn, og svo munu fleiri verða vestur þar.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) ætlaði að halda dómadagsræðu, að mjer skildist, bæði smellna og fyndna, en enginn varð var við púðrið og ræðan öll sauðmeinlaus. Hv. þm. Dala. (BJ) hefir tekið af mjer ómakið og svarað því, sem svara þurfti.

Annars var hv. 4. þm. Reykv. að miklast yfir því, að þetta hefði verið eina ræðan, sem hann hefði flutt í fjárlögunum. Átti það víst að sanna sparnað hans á landsfje, þótt undarlega væri þar að orði komist. En brosleg var sú staðhæfing hans, að Alþingi hefði ekki leyfi til að veita þeim andans mönnum styrk, sem kendir væru í brtt. til feðra sinna, eða jafnvel, að styrkurinn yrði ekki sóttur af þeim, vegna þess að nafni þeirra væri breytt. Ef Alþingi hefir ekki leyfi til þess að veita Theódóru Guðmundsdóttur eða Einari Hjörleifssyni styrk, eða hverjum öðrum þeim manni, sem er rjett feðraður, og afleiðingin yrði sú, að styrkurinn yrði ekki hafinn, þá væri aðeins um sparnað fyrir ríkissjóð að ræða, og hann ekki svo lítinn. Ekki hræðist jeg þær afleiðingar.

En nú geri jeg ekki ráð fyrir, að svo verði. En sje það sama og að vera settur á svarta listann, að taka upp ættarnöfn, þá skal jeg að minsta kosti ekki lasta það.

Jeg mun þá ekki lengur dvelja við till. nefndarinnar, en snúa mjer að brtt. einstakra þm. Mun jeg taka þær í þeirri röð, sem þær eru í á þskj. 290.

Verður þá fyrst fyrir mjer brtt. frá hæstv. fjrh. (JÞ), um hluta ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta. Nefndin hafði ekki athugað málið, en nú hefir hæstv. fjrh. gefið upplýsingar um það, sem jeg tel víst, að verði taldar fullnægjandi.

Þá kemur till. frá hv. þm. Dala. (BJ), um ⅓ styrks til stúdentagarðs í Reykjavík. Mun sú till. eiga litlu gengi að fagna, enda er allur meiri hl. fjvn. henni andvígur, eins og sakir standa. Jeg mun síðar víkja að till. um ríkisábyrgð fyrir stúdentagarðinn. Skal jeg geta þess, að meiri hl. nefndarinnar er líka andvígur þeirri till., enda þótt um hana sjeu óbundin atkvæði.

Kemur þá till. frá hv. þm. Múlasýslna um styrk til Eiðaskólans. Hefi jeg ekkert um hana að segja, nema að nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um hana.

Þá er till. frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um að hækka styrk til iðnskólans. Meiri hl. nefndarinnar er andvígur till. þessari, en gögn öll lágu þó fyrir nefndinni.

Næsta brtt. er frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), og fer hún fram á að hækka styrk til samvinnu- og verslunarskólanna. Nefndin er klofin um till. þessa og atkv. óbundin.

Þá er brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og hv. þm. Barð. (HK) um fjárveitingu til að reisa barnaskóla utan kaupstaða. Höfðu þessir þm. áður flutt brtt. hvor í sínu lagi, en hafa nú sameinast. Nefndin leggur öll á móti brtt. þessari.

Þá er næsta brtt. einnig afturganga, um styrk til kvöldskóla verkamanna, frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Meiri hl. nefndarinnar er á móti, en annars eru óbundin atkvæði.

Næst er till. frá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um að hækka styrk til húsmæðraskóla um 500 kr. Fjvn. lagði til að veita í þessu skyni 2000 kr., en er andstæð hækkun, eins og við 2. umr.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) flytur brtt. um 2000 kr. styrk til sundlaugarbyggingar og varatill. um 1850 kr. Fjvn. vill veita fastan styrk í þessu skyni í fjárlögunum, og getur því ekki fylgt brtt. þessum. Hv. flm. brtt. (JAJ) hefir mælt röksamlega fyrir henni, og persónulega er jeg henni hlyntur, en nefndin hefir þó lagt á móti henni.

Kemur þá till. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og fleirum um styrk til Fornleifafjelags-

ins. Jeg man ekki eftir, að umsókn lægi fyrir nefndinni um styrk þennan, en í nefndinni eru óbundin atkvæði um hann.

Sama er að segja um brtt. frá hv. þm. Dala. (BJ), sem fer fram á styrk til Guðbrands Jónssonar, að um hana eru óbundin atkv., en meiri hl. leggur á móti.

Hv. sami þm. (BJ) flytur og brtt. um 4500 kr. styrk til að gefa út vísindarit á tveggja alda afmæli Eggerts Ólafssonar Enda þótt æskilegt hefði verið að verða við þessu, leggur þó allur meiri hl. nefndarinnar á móti.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) flytur þá till. um að hækka styrk til Frímanns Arngrímssonar um 400 kr. Nefndin leggur á móti þessu, af því að hún telur víst, að fleiri slíkar hækkanir muni á eftir fara. Nefndin lætur afskiftalausar till. þriggja þm. Austfjarða og Vestfjarða um skiftingu styrksins til alþýðufræðslunnar.

Þá kemur brtt. frá minni hl. fjvn. (BJ) um tvöföldun á styrk til búnaðarfjelaga Reynir hv. þm. Dala. (BJ) að slá sig þar til riddara með sínu eigin priki og þykist standa vel að vígi. Vildum við víst allir nefndarmenn gjarnan fylgja þessari tillögu, en það varð að samkomulagi að láta aðrar tillögur um fjárframlög til landbúnaðarins sitja fyrir.

Þá flytur hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) till. um fjárveitingu til áhaldakaupa og aukningar starfrækslu efnarannsóknarstofunnar. Nefndinni var ókunnugt um þetta mál, uns brtt. kom fram. Nefndin álítur, að slíka till. sem þessa um fjárveitingu til opinberra stofnana eigi stjórnin sjálf að bera fram, og æskir þess, að hún geri það, ef um þörf er að ræða.

Þá kemur brtt. frá sjútvn. um að hækka fjárveitingu til eftirlits með skipum. Býst jeg við, að nefndin fallist á þá till.

Hv. þm. Árn. (MT og JörB) flytja till. um hækkun á styrk til bryggjugerðar. Hafa þeir talað við fjvn., og hefi jeg leyfi til að lýsa yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún sje málinu hlynt.

Þá kemur brtt. frá hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) um fjárveitingu til lendingarbóta í Grindavík. Var önnur till., er gekk í sömu átt, flutt við 2. umr. af hv. þm. Dala. Hv. 1. þm. G.-K. hefir sýnt fram á, að menn þar syðra hafi beðið mjög tilfinnanlegt tjón. En fjvn. vill leggja áherslu á, að þegar um slíkar fjárveitingar sem þessa er að ræða, þá verður jafnan nokkur hluti fjárins að koma frá hlutaðeigandi hjeraði. Fjvn. lítur svo á, að ekki sje fremur ástæða til að veita styrk þennan í Grindavík en á Eyrarbakka, og auk þess vanti málið þann undirbúning, sem nauðsynlegur sje.

Þá eru till. frá meiri og minni hl. fjhn. um styrk til mjólkurverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði. Báðar fara till. fram á 8000 kr. styrk, en minni hl. gerir að skilyrði, að verksmiðjan njóti ekki sjerstakrar tollverndar. Finst mjer, að þeir, sem vilja styrkja verksmiðjuna, geti sætt sig við að greiða till. meiri hl. atkv., með því að ákvæðið um tollinn verður útkljáð á öðrum vettvangi.

Þá flytur hv. þm. Mýra. (PÞ) brtt. um fjárveitingu til að gera tvo fossa í Norðurá laxgenga. Hafði hann áður farið fram á að fá helming kostnaðar, en nú þriðjung. Er það í samræmi við það, sem veitt var í fyrra til að gera annan foss í Borgarfirði laxgengan. Mun nefndin geta fallist á þessa till.

Þá flytur hv. 3. þm. Reykv. (JakM) till. um að veita Þorvaldi Egilson 1500 kr. til að nema hænsnarækt til fullnustu. Nefndin hafði skjöl um þetta til yfirlits

og fanst allar fyrirætlanir þessa manns vera allmjög í lausu lofti, og getur því ekki mælt með styrkveitingunni.

Þá ber hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fram á ný till. um styrkveitingu til styrktarsjóðs verkamannafjelaganna. Nefndin telur enn sem áður rjett að bíða með þetta, því að ef frv. það um slysatryggingar, sem nú liggur fyrir, verður samþykt, þá ljettir það mikið undir með styrktarsjóði þessum.

Hæstv. fjrh. flytur till. um að taka lífeyri fyrv. skrifstofustjóra Einars Þorkelssonar upp í fjárlög. Hjer er um lögmælt útgjöld að ræða, og er því sjálfsagt, að þessi liður komi inn í fjárlögin.

Þá flytur hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) till. um, að ríkið ábyrgist 120 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp. Þetta hefir nefndinni ekki gefist tækifæri til að athuga, og get jeg ekki lýst afstöðu hennar.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) flytur till. um, að stjórninni sje heimilað að kaupa húsin á Torfastöðum í Biskupstungum, sem eru eign prestsins þar. Hefir hæstv. atvrh. (MG) stutt þessa till. Jeg hefi áður minst á, að biskup hefir lagt til, að þetta mál yrði ekki lagt fyrir þingið, þar sem vani væri að afgreiða slík mál administrativt. Væri til þess fje í kirkjujarðasjóði. Vildi jeg því leggja til, að till. væri tekin aftur.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) flytur till. um ríkissjóðsábyrgð á 30 þús. kr. láni fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga. Um þessa till. eru óbundin atkv. í nefndinni.

Þá fer og hv. þm. Ak. (BL) fram á ríkisábyrgð á 150 þús. kr. láni fyrir Akureyri til hafnarbóta. Nefndin hefir ekki getað fengið nægilegar upplýsingar um þetta mál, og get jeg því ekki lýst afstöðu hennar.

Síðustu brtt. á þskj. 290 á hv. þm. Dala. (BJ). Hefir hann átt í orðakasti við hæstv. fjrh. út af henni, og held jeg, að mjer sje óhætt að segja, að meiri hl. fjvn. hallist að skoðun hæstv. fjrh.

Kem jeg þá að þskj. 299. Verður þar fyrst fyrir till. hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Frá Búnaðarfjelaginu lágu fyrir mjög ákveðnar till. um þetta mál. Meiri hl. treystir sjer þó ekki til að vera því fylgjandi. Annars eru óbundin atkvæði um málið, og fyrir mitt leyti hefi jeg tilhneigingu til að vera því fylgjandi, enda á jeg sæti í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, er bar þetta mál upp.

Hv. 2. þm. Árn. á næst till. um hækkaðan styrk til Skeiðaáveitunnar. Nefndin stóð á þeim grundvelli í máli þessu, að skipulagi yrði að koma á fjárreiður fyrirtækisins og að bændur sýndu fullan vilja á að standa við skuldbindingar sínar, áður en farið er að veita frekari hjálp.

Lengra vill fjvn. ekki ganga. Hún leggur á móti því, að veittar verði þegar á næsta ári 6 þús. kr. til þessa. En hinsvegar vill nefndin, ef staðið er við þau skilyrði, sem hún vill setja, að komið verði fullkomnu skipulagi á fjárreiður fyrirtækisins, þá verði byrjað árið 1927 að greiða þetta tillag, jafnhátt. Milli fjvn. annarsvegar og tillögumanns og hæstv. atvrh. hinsvegar ber ekki annað en það, að fjvn. vill ekki, að byrjað sje á þessari greiðslu fyr en árið 1927. Hún gerir þær kröfur til aðilja þessa fyrirtækis, að þeir komi því fjárhagslega á heilbrigðan grundvöll, og þá verði veittar til þess 6 þús. kr. á ári í 5 ár.

Næst er till. hæstv. forseta (BSv) um fjárveitingu til lendingarbóta á Skálum á Langanesi. Nefndin hefir engin skjöl sjeð þessu viðvíkjandi, og hæstv. forseti (BSv) er veikur, svo að hv. deild hefir ekki gefist, og gefst sennilega ekki nú við þessa umræðu, kostur á því að

heyra röksemdir hans fyrir þessari fjárveitingu. Nefndin hefir því ekki tekið neina afstöðu til þessarar tillögu.

Þá ber jeg hjer fram till. um að veita ungum pilti styrk til þess að ljúka námi í vegagerð. Fjvn. leggur á móti þessari till., bæði af því að hún vill halda spart á fje, og líka vegna þess, að vegamálastjóri lýsti því yfir, að þessi piltur hefði ekki verið neitt í samvinnu við sig um námið, og taldi því ekki næga tryggingu fyrir því, að hann hefði gengið í þá skóla, sem vera ætti. Hinsvegar leyfi jeg mjer sem þm. að mæla með þessum pilti. Mjer er kunnugt um það, að hann er duglegur námsmaður og þori að segja, að hann muni nota þennan styrk vel. Jeg lít svo á, að ekki sje síður þörf á að fá mentaða menn í þessu efni en ýmsum öðrum.

Þá er till. frá hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) um að hækka styrkinn til Lúðvíks Jónssonar vegna umbóta á verkfærum úr 3 þús. í 5 þús. kr. Nefndin vill veita þessum manni 3 þús. kr., en jeg held, að hún sje öll á móti því að veita 5 þús. kr. Hinsvegar veit jeg, að alt, sem hv. þm. (ÁJ) sagði um þennan mann, er rjett. Hann hefir fengið prýðilega meðmæli á þessu sviði. En jeg skal segja það fyrir mitt leyti, að jeg er principielt á móti því að fara inn á þessa braut. Það er kunnugt, að til er prestur vestur á Barðaströnd, sem fundið hefir upp umbót á sláttuvjelum, og víðsvegar um land eru menn, sem fundið hafa ýmsar slíkar umbætur á verkfærum. En það er regla t. d. Búnaðarfjelagsins að verðlauna ekkert slíkt fyr en fullreynt er, að það komi að gagni. Við, sem viljum gera miklar kröfur um styrki til landbúnaðarins, verðum jafnframt að gera kröfur um tryggingu fyrir því, að þessu fje sje vel varið. Og það á að vera eitt af verkefnum Búnaðarfjelags Íslands að leggja úrskurð á um slíkt og styrkja slíkt, ef til kemur. Þetta segi jeg frá mínu eigin brjósti. En meiri hluti fjvn. vill veita þessum manni 3 þús. kr. styrk.

Þá hefi jeg ekki fleira að segja sem frsm. fjvn. En að lokum vildi jeg beina fyrirspurn til hæstv. fjrh. (JÞ) vegna till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um fjárveitingu til landsspítala, sem jeg hefi enn ekki tekið fulla afstöðu til. Það, sem jeg vil spyrja hæstv. fjrh. um, er þetta: Er það fullráðið að drepa landsverslunina, til þess meðal annars að til falli á árinu 1926 1½ miljón kr. eða meira af varasjóði þessarar stofnunar? Og ætlar þá hæstv. stjórn, eins og mjer fanst mega ráða af ræðu hæstv. fjrh., að nota sjer þá heimild, sem hún hefir í lögum um ýmsar framkvæmdir, til þess að leggja fram meira eða minna fje til þess að reisa landsspítala?

Jeg hefi þessa fyrirspurn ekki lengri. En jeg skal bæta því við, að ef sá grunur minn er rjettur, að þetta eigi að gera, þá vil jeg fyrir mitt leyti heldur fylgja þeirri reglu, sem hæstv. fjrh. hefir líka tjáð sig alment fylgjandi, að fá þessa fjárveitingu heldur inn í fjárlögin.

Hæstv. fjrh. ræður náttúrlega, hverju hann vill svara þessu. En jeg endurtek það: ef þessi grunur minn er rjettur, þá eigi fjárveitingin að koma inn í fjárlög.

Björn Líndal: Hv. frsm. (ÞórJ) hefir misskilið mig. Jeg sagði, að stundum yrði að nota sóttvarnarhúsið á Akureyri, sem bæði fennir og rignir inn í, til þess að koma þar fyrir sjúklingum, sakir þrengsla í sjúkrahúsinu. Um læknana þarf jeg

ekki að tala frekar. Jeg þóttist tala þar svo varlega, að jeg sje ekki ástæðu til að taka neitt af því aftur. Mjer er persónulega kunnugt um, að margir læknarnir eru ágætismenn, en jeg álít þá ekki svo hátt yfir aðra menn hafna, að þeir kunni ekki að geta látið freistast af þeim þessa heims gæðum, sem meistari Jón kallar hinn þjetta leir.

Mjer virðist ekki blása byrlega fyrir brtt. minni, þar sem jeg fer þess á leit, að ríkið ábyrgist alt að 150000 kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað. Jeg leyfi mjer að fullyrða, að það sje algerlega áhættulaust fyrir þingið að samþykkja þetta, þar sem Akureyrarkaupstaður er svo fjárhagslega vel stæður, að aldrei getur verið að tala um neina byrði fyrir ríkissjóð af þessari ábyrgð. Kaupstaðurinn á nú kost á hagkvæmu láni og mjög hóflegum vaxtakjörum, ef ríkissjóðsábyrgðin fæst. En ef hún fæst ekki, er ver farið en heima setið, því að slík neitun getur gert lánveitendurna tortrygga að ástæðulausu og öll lánskjörin erfiðari. Akureyrarkaupstað er brýn þörf á þessu láni, til þess að stækka og bæta skipakví, þar sem skip geta legið tryggilega yfir veturinn. Þeim fjölgar stöðugt þar fyrir norðan, og ekki er unt að setja nema fá þeirra á land, og þau minni. Jeg á bágt með að trúa því, að þessu verði neitað, þar sem það er svo gersamlega áhættulaust að samþykkja það.

Hvað búnaðarfjelögin snertir, get jeg tekið undir það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að þessi styrkur hefði altaf gert mikið gagn og hvatt bændur til verklegra framkvæmda. Þessi fjárupphæð er ekki stór, og henni væri áreiðanlega betur varið til frekari styrktar búnaðarfjelögunum heldur en til hækkunar á styrknum til Búnaðarfjelags Íslands. Fje til þess hefir mjer fundist oft koma að litlu gagni, eða að minsta kosti ekki að eins miklu gagni og æskilegt er og við hefði mátt búast. Fer þar miklu meira en góðu hófi gegnir í stjórnarkostnað og ýmiskonar skriffinsku.

Klemens Jónsson: Jeg ætla að gera nokkuð nánari grein fyrir brtt. minni á þskj. 299 um fje til byggingar á Stóruvöllum. Jeg verð að segja, að mjer brá í brún, þegar jeg heyrði, að bæði hæstv. atvrh. (MG) leggur á móti þessu og einnig að hv. fjvn. var á móti því.

Hæstv. atvrh. lýsti því yfir, að fyrst þyrfti að græða upp landið, áður en farið væri að byggja húsin yfir sandgræðslumennina. Getur verið, en þó verður að athuga, hvað sjerfræðingarnir segja um þetta. Þessi mál hafa verið lögð fyrir Búnaðarfjelag Íslands, og jeg verð að álíta, að taka verði meira tillit til þess, sem sjerfræðingar segja um þetta, en aðrir. Jeg tók fram í gær, eftir ummælum búnaðarmálastjóra sjálfs, hvaða rök væri hægt fram að færa í þessu máli, en jeg hefi víst ekki gert það nægilega skýrt, og ætla jeg því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp eigin orð búnaðarmálastjóra:

„Til bygginga á Stóruvöllum er ætlað alt að kr. 25000,00. Sandgræðslan hefir nú starfað í nær 20 ár. Á þessum árum hefir unnist töluverð reynsla með eitt og annað, sem hefir sannað það, að möguleikar eru til að stöðva sandfok og græða upp sanda. En á hinn bóginn hafa ekki verið ástæður til að gera neinar ítarlegar og ábyggilegar tilraunir. Sandgræðslustaðirnir eru dreifðir, sandgræðsluvörðurinn verður að ferðast á milli þeirra og dvelja um tíma á hverjum stað, meðan verið er að framkvæma

aðalstörfin. Flestar tilraunir þurfa stöðugt eftirlit og athugun, ef ábyggilegar eiga að vera. Þetta er því aðeins framkvæmanlegt, að til sje ein aðalstöð, þar sem sandgræðsluvörðurinn sje búsettur og geti haft, eða látið hafa, eftirlit allt árið.

Á Stóruvöllum í Landmannahreppi er ágætlega vel fallið að stofna slíka stöð".

Jeg álít, að taka verði meira tillit til þess, sem svona maður segir, en aðrir, sem ekki bera fult skyn á málið. Jeg ímynda mjer, að hæstv. atvrh. hafi ekki talið fært að taka þetta upp í fjárlagafrv. vegna fjárhagsvandræða, af því að upphæðin var þetta há, 25 þús. kr. Nú hefi jeg borið fram 10 þús. kr. Jeg hefi borið mig saman við búnaðarmálastjóra, og hann álítur, að þessa upphæð megi nota. Það, sem hæstv. atvrh. segir um, að stöðin eigi ekki að koma fyr en búið sje að græða upp landið, er því þvert ofan í álit búnaðarmálastjóra. Jeg játa, að jeg hefi enga sjerþekkingu á þessu máli, og það hafa sjálfsagt fæstir hjer, en þessa sjerþekkingu hefir búnaðarmálastjóri, og ætti það að nægja. Jeg spurði hæstv. atvrh., hvort hann vildi lofa að taka þessa upphæð upp í næsta fjárlagafrv. Það gæti jeg vel sætt mig við. En hæstv. atvrh. vildi ekki gefa neitt ákveðið loforð, en hinsvegar tók hann því ekki ólíklega. Jeg vil þó ekki taka tillögu mína aftur, en tel rjettast að láta það ráðast, hvernig fer um þetta núna, og gefst hv. þdm. þá tækifæri til þess að sýna með atkvgr., hversu ant þeim er um ræktun landsins. Hjer er um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að því verður að gefa nánari gætur en áður hefir verið gert.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Afstöðu mína gagnvart hinum brtt. mun jeg sýna með atkvgr.

Sveinn Ólafsson: Mjer hefir gefist sjerstakt tilefni til að kveðja mjer hljóðs aftur. Hæstv. fjrh. (JÞ) átaldi ógætileg orð hjá mjer við 2. umr. fjárlaganna um fjárhagsástæður ríkissjóðs og upphvatningu hjá mjer til þess að auka útgjöld og samþykkja útgjaldatill., sem þá lágu fyrir.

Jeg heyrði að vísu ekki ræðu hans, en jeg hygg, að mjer hafi verið skýrt rjett frá efni hennar. Að minsta kosti ljet hann á sjer skilja, að kent hefði ljettúðar hjá mjer um þessa hluti. Jeg hef orðið var við, að svipuð ummæli út af sama tilefni hafa gengið aftur tvisvar í hv. Ed. Mjer þykir samt ekki ástæða til að endurtaka nú þau orð, sem jeg við 2. umr. hafði um þessi efni og gáfu hæstv. fjrh. tilefni til áfellisdómsins. Jeg tók fram við 2. umr., að sjáanlegt væri, að tekjuafgangur yrði mikill á yfirstandandi ári að öllu óbreyttu, og að eftir till., sem þá lágu fyrir um tekjuáætlun komandi árs, yrði þá líka tekjuafgangur. Loks tók jeg það fram, með þetta fyrir augum, að jeg óttaðist ekki, þótt nokkrar brtt. til útgjalda yrðu samþyktar, jafnvel þótt um 300—400 þús. kr. væri að ræða, af því að jeg taldi og tel tekjuáætlun beggja ára svo varlega, að treysta megi þessum tekjuafgangi, og auk heldur meiri. Þetta eru þá þau ummæli, sem gáfu hæstv. fjrh. tilefni til að átelja mig.

Jeg tek nú ekkert aftur af því, sem jeg sagði við 2. umr. um þessi efni, og vil ekkert úr því draga. Hins er að minnast, að eins og hv. deildarmenn vita, voru bornar fram við fyrri hl. þessarar umr. brtt. við tekjuhlið fjárlaganna, um hækkanir á tekjuliðum frumvarpsins, sem námu samtals kr. 275 þús., og virðast allar þessar brtt. til hækkunar vera á góðum rökum bygðar. Till. eru flestar á þskj. 290,

og hefir flm. þeirra, háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), mælt vel og skörulega fyrir þeim. Jeg er ekki í neinum vafa um, að þessar brtt. háttv. þm. eru á ágætri undirstöðu bygðar. Ein þeirra, sem reyndar skiftir litlu, kann að vera eitthvað hæpnari en hinar, þ. e. brtt. um hækkun aukateknanna, en allar hinar munu vafalaust reynast varlegar eftir reynslu undanfarinna ára. Að því er tóbakstollinn snertir, er háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir lagt til, að hækkaður verði úr 450 þús. í 475 þús. kr., má geta þess, að síðastliðið ár varð hann yfir 550 þús. kr., og þarf ekki þar að tala um óvarlega áætlun. Jeg tók eftir því, að háttv. frsm. fyrri kafla (ÞórJ) dró í efa, að þessar brtt. til hækkunar á tekjuliðum frv. væru á rökum bygðar, og vildi hann sanna þetta álit sitt með því að vitna í meðaltal tekna undanfarinna ára, sem hann taldi lægra en áætlanir hv. 3. þm. Reykv. (JakM).

Þessi samanburðaraðferð háttv. frsm. (ÞórJ) var allsendis fráleit að því er kemur til tolls og söluhagnaðar af tóbaki, og mjög athugaverð um tekjuskatt o. fl. Innflutningur tóbaks 1922 og '23 var langt undir venjulegu meðaltali, bæði vegna mikilla tóbaksbirgða í landinu, er landsverslun hófst, og vegna tóbakssparnaðar almenns á krepputímanum. Þess vegna er alls ekki rjett að miða við meðaltal frá þeim árum, og sjálfsagt að miða við 1924, sem er fyrsta reglulegt viðskiftaár tóbakssölu landsverslunar. Líkt má um innflutning á kaffi segja. Um tekjuskattinn þarf ekki að tala, eftir góðærið og verðhækkanirnar 1924. Það er fyrirsjáanlegt, að hann nær áætlun, fer líklega talsvert þar yfir, samkvæmt reynslu síðustu ára, auk heldur þótt lögleidd verði meðaltalsreglan um tekjuskatt hlutafjelaga. Jeg verð því fyrir mitt leyti að mæla með öllum þessum brtt. hv. 3. þm. Reykv. og óska þess, að þær verði samþyktar, þar eð jeg er sannfærður um, að þær eru allar vel ábyggilegar. Sama er að segja um brtt. okkar háttv. þm. N.-M. (HStef) á þskj. 299,1, um hækkun á tekjum af tóbakseinkasölunni úr 275 þús. kr. í 325 þús. kr. Þær tekjur urðu á síðasta ári hátt á 4. hundr. þús., og virðast ætla að verða meiri á þessu ári.

Vitanlega verður þó ekki á þessum tekjum bygt, ef landsverslun verður lögð niður á næsta sumri, en þar ætti að vera hægur nærri fyrir Alþingi að varna því og láta hana halda starfinu áfram, enda þá auðvelt, ef þörf þætti, að auka tekjur hennar með meiri álagningu á tóbak, sem ennþá er langt undir hámarksálagningu. Segi jeg það ekki vegna þess, að jeg álíti, að þess verði þörf, heldur til að benda á það hagræði, sem að landsverslun er, að með henni má fyrirvaralítið auka tekjur ríkissjóðs, ef þörf krefur, og án þess að þjóðin finni mikið til þess.

Hjer er líka um fleiri leiðir að velja til tekjuauka, ef óttast þyrfti óvarlega áætlun tekna fyrir næsta ár. Þar til má telja samþykt á till. fjhn. um breytingar og framlengingu á verðtollslögunum, sem í sambandi við afnám innflutningshafta hljóta að hleypa fram þeim tekjulið. Ennfremur liggur fyrir þinginu enn frv. okkar hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um sameiningu víneinkasölu og landsverslunar og tollun lyfjaáfengis, frv. sem hlýtur að gefa miklar tekjur, ef samþykt verður.

Það er þess vegna ástæðulaust að fárast um, að svo þröngt sje í búi hjá ríkissjóði, ef rjett er á haldið, að þörf sje til þess að vísa á bug nauðsynlegustu og þörfustu fjárveitingum þess vegna. Hitt

er sjálfsagður hlutur, að gera verður glöggan mun þarfra og óþarfra fjárveitinga, og mun jeg með atkvæði mínu sýna, að jeg vil ekki láta hvern ósóma, sem til útgjalda horfir, fljóta inn með sjálfsögðum og nauðsynlegum fjárveitingum.

Þetta var það, sem jeg, að gefnu tilefni, vildi sagt hafa.

En jeg ætla um leið að nota tækifærið til að minnast lítillega á brtt. á þskj. 290,XV, frá hv. fjvn., sem að vísu er búið að mæla fyrir áður. Í nál. samgmn. var á það drepið, að fjárveiting sú, sem ætluð væri til samgangna milli Hornafjarðar og Austfjarða, væri of lág. Jeg hafði áður haldið því fram, að þarna þyrfti að veita til meira fje, og gef jeg því þessari brtt. fjvn. mín meðmæli, með það fyrir augum, að ef þessi fjárveiting fæst, þá bæti hún dálítið úr samgangnaskortinum á Austfjörðum, þar sem strandferðir eru minstar. Á ferðaáætlun Esju standa 4—5 hafnir þar eystra, sem aðeins fá 5—6 skipsviðkomur á árinu. Jeg held, að allir verði að kannast við, að það er ægistirt póstsamband og ófullnægjandi viðskifti, sem með því fást, og þetta er tilfinnanlegra víða á þessum slóðum, vegna þess, að á landi getur ekki heldur verið um neinar samgöngur að ræða. Þær hafnir á Austfjörðum, sem verst eru farnar í þessu efni, og því ættu að njóta góðs af þessari fjárveitingu, eru syðstu hafnirnar í Suður-Múlasýslu, svo sem Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður, og nyrstu hafnirnar í Norður-Múlasýslu, svo sem Loðmundarfjörður, Bakkafjörður og Skálar á Langanesi. Ef þetta fæst samþykt, bætir það að nokkru leyti út einangrun fólksins á þessum stöðum, auk þess sem það mundi veita Hornfirðingum það samband við Austfirði, sem þeim er nauðsynlegt.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að brtt. á sama þskj., XLV. lið, frá minni hl. fjhn., sem einnig hefir verið talað fyrir af öðrum. Er þar um að ræða styrk til mjólkurfjelagsins Mjallar, ef ekki verður fjelaginu veitt önnur eða meiri tollvernd á mjólk en nú er. Í þessu sambandi verð jeg að minna á brtt. frá minni hl. nefndarinnar við verðtollsfrv., þar sem farið er fram á 10% verðtoll á innfluttri niðursoðinni mjólk, en fjárveitingin til Mjallar fellur niður, ef sú till. verður samþykt. Mjer skilst eftir innflutningi fyrri ára og af magni þeirrar innlendu framleiðslu, að hin innlenda framleiðsla (Mjöll) fullnægi einum þriðja af neysluþörf landsmanna. Það, sem er fram yfir innlendu framleiðsluna, mun þá vera nálægt 12 þús. kassar árlega, og ætti verðtollurinn af því að nema um 36 þús. kr. tekjuauka, ef tillagan verður samþykt, en sparar um leið þær 8000 kr., sem annars er ráðgert að veita Mjöll, ef fyrnefnd till. XLV verður samþ. Jeg áleit, að þetta þyrfti að koma fram í sambandi við fjárlagaumr. þessa, þótt verðtollsmálið liggi hjer ekki fyrir.

Öðrum brtt., sem fyrir liggja, og sem jeg hafði ætlað mjer að minnast á, verð jeg að sleppa, með því að nú er svo langt á kvöldið liðið og margir eiga eftir að taka til máls.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv. (TrÞ), sem jeg þarf að segja. Háttv. frsm. segir, að fjvn. hafi slegið því föstu, að Skeiðaáveitufjelagið skuli fá 6 þús. kr. styrk frá og með árinu 1927, en ekki 1926, vegna þess að nefndin leggi sterka áherslu á að koma lagi á fjárreiður fjelagsins. Út af þessu vil jeg þá benda á, að samkvæmt tillögum fjvn. á stjórnin að sjá um, að áveitubændum verði gefið eftir vextir og afborganir af

lánum þeirra úr Landsbankanum árin 1924 og 1925. Ef nú þetta verður samþykt, en ekki brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB), þá fer svo, að 1926 fá áveitubændurnir enga hjálp, því að flóðgarðastyrkinn geta þeir ekki notað til greiðslu í bankann. Hann þurfa þeir að nota til flóðgarðahleðslu, og hann er ekki nema ¼ þess kostnaðar. Nú sjá það allir, að það er ákaflega óhentugt fyrir áveitubændurna að láta þá vera styrklausa 1926, en styrkja þá bæði fyrir og eftir, en ríkissjóði er sama, hvort hann byrjar að styrkja 1926 eða 1927. Orð hv. frsm. (TrÞ) hljóta því að vera á misskilningi bygð. Hann heimtar lag á fjárreiður áveitubænda, en gætir þess ekki, að það getur ekki komið fram fyr en 1926, hvort þeir geta staðið í skilum. Úr því að viðurkent er, að bændur þessir eigi að fá styrk í 5 ár, þá er best að byrja strax að styrkja þá, en vera ekki að seigpína þá fyrst og hjálpa þeim svo, þegar þeir eru komnir yfir örðugasta hjallann.

Jeg skora því á hv. deild að samþykkja till. hv. 2. þm. Árn. (JörB).

Pjetur Ottesen: Jeg á engar brtt. við þennan kafla fjárlaganna framar því, sem jeg á hlutdeild í tillögum fjárveitinganefndar, en það eru þó tvær brtt. á þskj. 290, XLIV. og XLV., sem jeg vil fara nokkrum orðum um. Þessar till. báðar fjalla um að veita mjólkurniðursuðufjelaginu Mjöll í Borgarfirði nokkurn fjárhagslegan stuðning. Eins og menn vita, hefir á undanförnum árum flust inn niðursoðin mjólk fyrir mörg hundruð þús. kr. á ári; samkvæmt verslunarskýrslum frá 1922 var það þá nær ½ miljón kr., en sum árin hefir þessi innflutningur komist upp undir 1 milj. Þetta hefir vitanlega orðið til þess að vekja athygli framtakssamra manna á því, að þetta er ekki gott eða eins og það ætti að vera, heldur væri nauðsynlegt að gera eitthvað til að draga úr, ef ekki stöðva alveg innflutning niðursoðinnar mjólkur, þar sem vitanlegt er, að næg og góð mjólk er til í landinu, þótt sökum erfiðra samgangna hafi ekki verið hægt að fullnægja mjólkurþörfinni á hverjum stað. Þess vegna var það, að nokkrir framtakssamir menn í Borgarfirði stofnuðu fjelag með það mark fyrir augum að brjóta ísinn á þessu sviði, og rjeðust þeir í það að koma á fót mjólkurniðursuðuverksmiðju þar í hjeraðinu. Því var það, að stjórn þessa fyrirtækis leitaði til síðasta þings um að fá ábyrgð fyrir 40 þús. kr. láni í þessu skyni, og varð þingið við þeirri beiðni, og laust eftir áramótin veitti núverandi ríkisstjórn fjelaginu þessa umbeðnu ábyrgð. Þá var og verksmiðjan byrjuð að starfa, hafði byrjað nokkru fyrir síðastl. jól. Verksmiðjan kostaði alls um 130 þúsund krónur, þar af er 60 þús. kr. útborgað hlutafje. Kostnaðurinn við að koma þessari verksmiðju á laggirnar varð að mun meiri en ráð hafði verið fyrir gert upphaflega, og ollu því að sumu leyti óvæntir örðugleikar, sem þó hefir tekist að sigrast á. Það er gömul reynsla, þegar um ný fyrirtæki er að ræða, og þá sjerstaklega þar sem farið er inn á nýjar brautir eins og hjer, að það er erfiðast að koma þeim af stað, en hjer var þess þó gætt að hafa allan undirbúning sem gaumgæfilegastan og hægt var, og var ekkert til þess sparað, að alt yrði sem best undirbúið. Fór þó stofnkostnaðurinn allmikið fram úr upphaflegri áætlun. Það er því eðlilegt, að erfiðleikarnir á rekstri verksmiðjunnar verði mestir fyrstu árin. Svo kemur og fleira til

greina, er veldur því að þröngt er fyrir dyrum hjá þessu fyrirtæki eins og stendur. Síðan þetta fyrirtæki tók til starfa, hefir orðið mikil breyting á verðgildi peninganna í landinu. Síðan fyrsti grundvöllur þessa fyrirtækis var lagður, hefir íslenska krónan hækkað í verði um ⅕ hluta, en hinsvegar hefir framleiðslukostnaðurinn ekkert lækkað, heldur þvert á móti hækkað nokkuð. Fyrir gengisbreytinguna hefir erlend niðursoðin mjólk fallið í verði. Þetta hefir ennfremur orðið þess valdandi, að verksmiðjan á eins og stendur allerfitt uppdráttar í samkeppninni við erlendu mjólkina. Það hefir verið athugað, að verðlækkunin á erlendu mjólkinni síðan á áramótum, þegar íslenska mjólkin kom á markaðinn, er mun meiri en sem nemur gengisbreytingunni, og þar sem kunnugt er um, að mjólkin hefir ekki lækkað á erlendum markaði á þessu tímabili, þá verður ekki annað sjeð en verðlækkunin sje að nokkru leyti sett til höfuðs hinni íslensku mjólkurframleiðslu.

Þetta hvorttveggja: að stofnkostnaðurinn hefir orðið mun meiri en búist var við, og svo hitt, hversu samkepnin er örðug við erlendu mjólkina af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú lýst, veldur því, að eins og sakir standa á þetta fyrirtæki í vök að verjast.

Af því var það, að stjórn fjelagsins sneri sjer til fjárhagsnefndar neðri deildar og fór fram á það við nefndina, að hún í sambandi við verðtollslögin bæri fram tillögu um að láta ákvæði verðtollslaganna ná til innfluttrar mjólkur. Um þetta fjekst ekki samkomulag í nefndinni; meiri hlutinn var því mótfallinn að setja verndartoll á mjólkina, en minni hlutinn, tveir nefndarmanna, fjellust á og töldu heppilegast að fara þá leið. En hinsvegar var öll nefndin á einu máli um það, að veita bæri fjelaginu fjárhagslegan stuðning meðan það væri að komast yfir mestu byrjunarörðugleikana. Varð það því að ráði, eins og tekið hefir verið fram af frsm. fjhn., að leggja til að veita fjelaginu 8000 kr. styrk á árinu 1926. En nefndin hefir ekki getað komið sjer saman um að bera fram tillöguna í einu lagi, því minni hl. hefir hnýtt athugasemd aftan í sína tillögu, þess efnis, að ef settur verði verðtollur á innflutta mjólk, falli styrkurinn niður, og hefir þegar komið fram frá þeim brtt. við verðtollslögin um að setja verðtoll á innflutta mjólk.

Þegar svo fjvn. fór að athuga þessar till., þá var það samhuga álit nefndarinnar, að styrkja bæri þetta þarfa fyrirtæki. Það, að nefndin hallaðist að till. minni hl., var af því, að þótt hún vildi styrkja fjelagið, sá hún ekki ástæðu til þess að samþykkja sjerstaka fjárveitingu, ef tillagan um að setja verðtoll á mjólkina yrði samþykt, enda hefði fjelagið þá fengið fullnægingu óska sinna.

Jeg vona, þó þannig sjeu fram komnar tvær tillögur um þetta efni, að það valdi ekki neinum misskilningi, þannig að þó tillaga meiri hl. verði feld, að þeir meirihlutamenn og aðrir deildarmenn greiði þá atkvæði með tillögu minni hl. Með því er ekki tekin nein afstaða til tollverndarinnar hvort sem er.

Jeg vænti þess því, og skýt því til hv. deildar að láta ekki þá örðugleika, sem orðið hafa nú í byrjun á vegi þessa fjelags, verða valdandi þess, að gott og nytsamt fyrirtæki verði að draga saman seglin og máske leggja árar í bát. Mjer er kunnugt um það, að stjórn fjelagsins mun gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að draga úr kostnaðinum við

rekstur verksmiðjunnar; enda standa þeir menn þar að, sem fullkomlega má treysta til allrar hagsýni og varfærni um þessa hluti. Þess er einnig að vænta, að íbúar kaupstaðanna, sem mikið nota niðursoðna mjólk, styrki þetta innlenda iðnfyrirtæki og láti það njóta viðskifta, og það því fremur, sem þeir hafa þá tryggingu fyrir því að fá góða, holla og næringarmikla mjólk.

Jeg leyfi mjer því að vænta þess fastlega, að fjelaginu verði veitt þessi upphæð, af því að jeg geri naumast ráð fyrir því, samkvæmt áður fenginni reynslu hjer á þingi, að tollverndin nái fram að ganga.

Jeg get ekki varist að drepa á þau um mæli hv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv (TrÞ), að hreppabúnaðarfjelögin sjeu langveigaminsti þátturinn í búnaðarstarf seminni hjer á landi. Þessi ummæli eru samkvæmt þeirri þekkingu, sem jeg hefi af starfsemi hreppabúnaðarfjelaganna fyr og nú, gersamlega röng og ómakleg í garð þessa fjelagsskapar.

Með hreppabúnaðarfjelögunum er fyrsti grundvöllurinn lagður að verulegri framkvæmd í jarðrækt hjer á landi. Stofnun þessa fjelagsskapar leiddi til fyllri skilnings á nauðsyn og þýðingu jarðræktarinnar. Fjelagsskapurinn hefir glætt áhuga manna í þessum efnum, komið á stað kappi milli manna um framkvæmdir innan fjelaganna og svo milli þeirra. Fjelögin hafa komið upp sjóðum, sem orðið hafa að miklu liði við endurbætur og framfarir í jarðræktinni. Eftir því sem fjelögunum óx fiskur um hrygg, var starfið fært út, meiru varið til verkfærakaupa, og eru hreppabúnaðarfjelögin hornsteinn og grundvöllurinn undir starfsemi búnaðarsambandanna, sem hafa leitt til þess, að meiru hefir orðið áorkað.

Sum hreppabúnaðarfjelögin halda úti vinnuflokkum haust og vor. Það má, að jeg hygg, með fullum sanni segja, að hreppabúnaðarfjelagsskapurinn hafi verið og sje einhver verulegasti þátturinn í jarðræktinni hjer á landi, og það einmitt þeim jarðræktarframkvæmdum, sem að mestu gagni hafa komið. Það er alls ekki fyrir þær sakir, að jeg, ásamt meiri hl. fjvn., hefi ekki fallist á að hækka styrkinn til hreppabúnaðarfjelaganna, að jeg líti smáum augum á þessa starfsemi, heldur af hinu, að með jarðræktarlögunum er stórum aukinn styrkur til jarðabóta, og það ýmsra þeirra umbóta, sem búnaðarfjelagastyrkurinn gekk til, og svo líka því, að mín stefna er að halda til sparnaðar í hvívetna um útgjöld ríkissjóðs.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil byrja á því að svara fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ), sem hann bar fram út af till. um styrkveitingu til landsspítala. Hann spurði, hvort ákveðið væri að drepa landsverslunina til þess að losa varasjóð hennar.

Um þetta efni hefir engin ákvörðun verið tekin, eins og gefur að skilja. En jeg er samþykkur því, sem hann sagði, að ef þetta ætti að gera, þá ætti það að koma fram í fjárlagafrv. Annars þykist jeg ekki þurfa að endurtaka það, sem jeg hefi sagt um þetta mál í heild sinni, að ef menn vilja taka í fjárlög meiri útgjöld en tekjurnar leyfa, þá er þessi möguleiki til.

Þá ætla jeg mjer að snúa mjer lítillega að till., sem fram er komin frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um að hækka tekjuáætlunina. Jeg vil byrja á að svara fáum orðum ummælum hans frá 2. umr. Hann kvaðst ekki vita, hvaðan mjer kæmi vitneskja um kreppu á næstu árum, og gat þess til, að jeg hefði einhver ráð undir rifjum að knýja hana fram.

Það er gamalt orðtæki, að ekki veldur

sá, er varir. Það er víst upprunalega komið fram sem andmæli gegn svona löguðum ósanngjörnum ummælum. En ef háttv. þm. (JakM) vill vita, hvaðan mjer kemur vissa um kreppu, þá er því að svara, að hún er sama eðlis og sú vissa hans, að nótt kemur á eftir degi. Það veit hann, að ekki bregst, og jeg veit heldur ekki til, að það bregðist, að kreppa kemur á eftir uppgangstíma. Hv. þm. getur rakið, að svo hefir það gengið ávalt í öllum löndum, og á þessu byggi jeg þá vissu mína, að kreppan kemur. Hvort það verður 1926 eða síðar, er ekki unt að segja, en eins og horfir er ekki líklegt, að það dragist lengi.

Hitt er líka rjett, að eins og næturnar eru misdimmar, svo eru kreppurnar misharðar. Það er í mannanna valdi að afstýra verstu afleiðingunum með því að vera undirbúnir. Og það, sem jeg fer fram á, er, að þessi hv. deild taki tillit til þess, að kreppan hlýtur að koma. En að jeg hafi ráð til þess að framkalla hana og muni beita því, nær engri átt, ekki fremur en ef sagt væri, að nóttin kæmi af því að hv. þm. (JakM) hefði hnýtt spotta upp í sólina og teymt hana burtu.

Þá kem jeg að till. háttv. þm. Eftir þær hækkanir, sem samþyktar voru við 2. umr. að till. fjvn., þá er áætlunin orðin jafnhá og tekjur urðu 1923, að viðbættum þeim tekjuauka, sem síðan hefir orðið samkvæmt breyttri löggjöf. Og það er ekki hægt að neita, að það er mjög ógætilega áætlað, að tekjur verði hærri 1926 en þær urðu 1923, vegna þess að engin vissa er fyrir því, að næsta ár verði betra tekjuár en 1923. En öll vor reynsla heimtar, að tekjur fari 15% fram úr áætlun. Það þarf gott tekjuár 1926 til þess að svo verði.

Jeg skal láta þetta nægja og þreyta ekki með tölum.

En viðvíkjandi hækkunartill. á þskj. 299,I, um tekjur af tóbakseinkasölu, þá er tekjuáætlunin komin svo langt fram úr því, sem reynslan gefur tilefni til, að hún er 125 þús. kr. hærri en 1923 og 100 þús. kr. hærri en meðaltal síðustu þriggja ára. Þetta er ekki sú varfærni, sem ríkja á, ef vel á að fara.

Þá vil jeg minnast á till., sem kend er við hv. fjvn. á þskj. 290,VI, um aðstoðarlækni á Skutilsfjarðareyri. Sá læknir er ekki til. En aðstoðarlæknir á Ísafirði er skipaður með lögum. Ef þetta á að vera sami maðurinn, þá er hjer farið fram á að breyta gildandi lögum með fjárlagaákvæði. Á síðasta þingi vísaði hæstv. forseti (BSv) tillögu hjer frá af þessari ástæðu, og orkar því mjög tvímælis, hvort þessi till. á að koma til atkv. Að öðru leyti skal jeg ekki út í þessi nafnaskifti fara.

Þá skal jeg minnast á örfáar till., sem fara fram á að auka útgjöldin um stórar upphæðir. Þar koma landsspítali, stúdentagarður, Eiðaskólinn og barnaskólar. Jeg er því samþykkur, að þetta sjeu framkvæmdir, sem eigi að bíða, og skal nú færa nokkrar ástæður fyrir því. Það er kunnugt bæði innanþings og utan, að ýmsir menn hafa orðið fyrir ámæli fyrir það að ráðast árið 1920 í framkvæmdir, sem þá urðu nokkru dýrari en síðar varð. Og ámælið byggist auðvitað fyrst og fremst á því, að sú breyting hefir orðið síðan, að ef framkvæmdirnar hefðu beðið þessa tíma, þá hefðu þær orðið nokkru, já, það er óhætt að segja nálega ¼ ódýrari en þegar þær voru gerðar 1920. Það hefir oft verið kastað ómaklegum hnútum að þeim mönnum, sem rjeðu því, að ráð-

ist var í þessar framkvæmdir 1920. Þær voru sem sje flestar afráðnar fyr, eða í stríðslokin 1919. Og ef segja á sannleikann, þá var í rauninni ófyrirsjáanlegt þá, að verðlagið myndi halda áfram að hækka. Allir bjuggust sem sje við, að verðlagið hefði náð hámarki sínu við stríðslokin haustið 1918 og myndi svo lækka og fara sílækkandi úr því. Sú von brást. Nú horfir svo við, að svo framarlega sem það er vitanlegt og sjáanlegt, að gengi peninganna á að halda áfram að hækka, þá lækkar verðlagið, og að það lækkar nokkurnveginn jafnört og peningarnir hækka. Enn er ekki unt að synja fyrir það, að við þykjumst tilneyddir til þess að láta peningagildið hækka alt upp í gullverð, og það á ekki mjög löngum tíma, en þetta þýðir það, að alt verðlag lækkar um 50% frá því, sem nú er. Og ef það er ámælisvert, að ráðist var í framkvæmdir 1919, þegar alment var ekki annað sjáanlegt en að verðlækkun væri fyrir hendi, ætli þá að svo geti ekki farið, að einhverjir hljóti ámæli, ef þeir eru of örir til að ráðast í framkvæmdir 1925, þegar allmikil líkindi eru til, að mikil verðlækkun sje framundan, og hún mjög nálæg, vegna hækkandi gengis. Jeg held, að meðan engin ákvörðun er tekin viðvíkjandi peningamálum okkar yfir höfuð, þá sje ekki hyggilegt fyrir einn eða neinn að ráðast hvatvíslega í framkvæmdir, sem unt er að fresta. En alveg af sömu ástæðu gera kringumstæðurnar, meðan svo stendur á, það nauðsynlegt fyrir hvern og einn að losa sig úr skuldunum eftir allri getu sinni. Því alveg eins og framkvæmdirnar verða því auðveldari sem peningarnir hækka meira, alveg eins verða skuldirnar því þungbærari, sem þeir hækka meira. Það er þess vegna í mínum augum alment tekið ekki annað en sjálfsögð varfærni, eins og nú stendur á, að fresta framkvæmdum eftir því, sem forsvaranlegt er, og að borga skuldirnar eftir því, sem getan leyfir. Þar með hefi jeg ekki tekið neina afstöðu til þess, inn á hvaða leið jeg vil fara í peningamálum okkar, eða að því er snertir gildi peninganna.

Um þessar einstöku till. skal jeg ekki fara mörgum orðum.

Um landsspítalann vildi jeg segja það, að nú eru byrjaðir samningar milli landsstjórnarinnar og forráðamanna landsspítalasjóðsins um framkvæmd á þessu máli. Jeg get ekki sagt, hvernig þeim lyktar, en skal aðeins geta þess, að sá möguleiki virðist ekki útilokaður, að það mál geti komið til framkvæmda eftir allra óskum 1926, án framlags úr ríkissjóði. Meðan svo er, sje jeg ekki að ástæða sje til að samþykkja till. hv. fjvn. um fjárveiting til þessa fyrirtækis á árinu 1926. Mun nógur tími til þess við síðari umr. fjárlaganna, ef þess sýnist þörf.

Um till. XXII á þskj. 290, til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum 56 þús. kr., vil jeg segja það, að við 2. umr. var hjer borin fram og feld till. um að veita 60 þús. kr. til að byggja hús á þessum sama stað á tiltekinn hátt, sem þá var lýst. Nú er ekki leyfilegt að bera tvisvar upp samskonar till., og verð jeg því að gera ráð fyrir, að þessi till. sje miðuð við aðra byggingu en ákveðin var og teiknuð hefir verið. Því að vitaskuld er það sama till., þó að upphæðin sje lækkuð, ef átt er við sömu bygginguna, því að þá verður ríkissjóður að greiða allan kostnaðinn, sem verkið hefir í för með sjer. Jeg verð þess vegna að líta svo á, úr því hin till. var feld við 2. umr., að þá sje stjórninni heimilt, þó að þessi till. verði samþykt, að nota ekki þessa fjárveitingarheimild,

ef sjáanlegt er, að fyrir hana er ekki hægt að koma upp forsvaranlegri byggingu.

Um fjárveitingu til stúdentagarðsins get jeg ekkert sagt fyrir stjórnarinnar hönd; hún hefir enga afstöðu tekið til hans. En mitt álit einvörðungu er það, að því málefni sje mestur greiði ger með því að halda áfram fjársöfnuninni nokkurn tíma enn. Hún var hafin, eins og kunnugt er, þegar nokkur fjárþröng ríkti í landinu. Nú í bili hefir breyst til batnaðar, og jeg vona því, að fjársöfnunin muni nú bera tiltölulega betri árangur en þegar hún var hafin. En af sömu ástæðu er og hentugast fyrir fyrirtækið að gera sem mest úr fjársöfnuninni með því að velja frekar þann tíma til framkvæmda, þegar verðlagið er lægra. Og svo vil jeg bæta því við, algerlega frá eigin brjósti, að jeg get ekki horft á það með sjerlegri ánægju, að til annars eins fyrirtækis og þessa sje stofnað með skuld á baki. Jeg álít, að það beri að stefna að því, að þessari byggingu verði komið upp algerlega skuldlausri, og þess vegna get jeg að sjálfsögðu ekki fylgt þeirri till. að veita henni ábyrgð ríkissjóðs fyrir 100 þús. kr. láni. Aftur á móti get jeg sagt fyrir mína hönd, en ekki stjórnarinnar, að ekki skal standa á mjer, þegar tími er til kominn, að styðja að því, að þessari byggingu verði komið upp skuldlausri með ríflegu fjárframlagi úr ríkissjóði.

Um fjárveitingar til barnaskólabygginga hefi jeg ekki annað að segja en það, að mjer finst þær geti eins vel beðið eins og margar aðrar framkvæmdir, sem nú verður að fresta.

Um till. hv. minni hl. fjvn. (BJ) um að hækka styrkinn til búnaðarfjelaganna verð jeg að segja, að jeg er sammála öllu og einu, sem hann hefir sagt um þetta mál, og jeg vil taka undir það, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði um gagnsemi þessa fjelagsskapar. Og þegar háttv. þm. Str. (TrÞ) segir, að búnaðarfjelögin hafi verið veigaminsti þátturinn í búnaðarframkvæmdum hjer á landi, þá neytir hann ekki sögu þekkingar sinnar eins vel og honum er títt. Því að það vita allir, sem kunnugir eru til sveita, að framfarir í jarðrækt hjer á landi alt frá því um 1880 til 1914, er styrjaldarvandræðin stöðvuðu þær, voru svo að segja allar eingöngu búnaðarfjelögunum að þakka. Og það er ekki lítill þáttur, sem þau hafa átt í því að halda landbúnaðinum uppi á þeim krepputímum, sem nú hafa gengið yfir. Mjer hefir oft fundist hjer á Alþingi í seinni tíð, að starfsemi búnaðarfjelaganna hafi ekki verið fyllilega viðurkend, og jeg ætla, að fjárveitingum til landbúnaðarins væri betur varið á þann hátt að lækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands, en hækka hann að sama skapi til búnaðarfjelaganna. Ef gera ætti búnaðarfjelögin að engu, en láta Búnaðarfjelag Íslands hafa alt með höndum, sem að landbúnaðinum lýtur, þá væri það líkt og að skipa kirkjumálum á þann hátt, að hafa hjer dómkirkju með kórdjáknum og nokkrum hóp af klerkum, en sleppa guðsþjónustuhaldi úti um land alt. Eða að skipa heilbrigðismálum svo, að láta sjer nægja, að hjer væri landsspítali og landlæknir, en hirða ekki um svipaðar framkvæmdir úti um land. Og jeg held, að slík samsöfnun á eina hönd á einum stað á landinu, eins og nú er verið að stuðla að í þessu efni, jeg held, að hún leiði ekki til góðs árangurs.

Þá kem jeg að brtt. minni á þskj. 317 við brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB) um framlag til Skeiðaáveitunnar. Eins og háttv. þdm. sjá, fer brtt. mín ekki fram á annað en að hnýtt sje aftan við brtt. hv. 2.

þm. Árn. sem skilmálum þeim atriðum, sem hv. fjvn. hefir tekið upp í till. sína á þskj. 290, brtt. XXXVIII, viðvíkjandi Skeiðaáveitunni. Jeg þarf ekki að tala fyrir till. Hæstv. atvrh. (MG) benti á, að svo framarlega sem það á að koma skipulagi á fjárreiður áveitunnar á þeim grundvelli, að ríkissjóður greiði í 5 ár 6 þús. kr. upp í veðdeildargreiðslurnar, þá er ekki hægt að gera það með öðru móti en því, að greiðslan úr ríkissjóði byrji þegar á árinu 1926. Það mælir líka engin sanngirni með því að heimta, að fjelagið greiði á fyrsta ári 6 þús. kr. meira en hin árin. Hitt er miklu eðlilegra, að stuðningur ríkissjóðs byrji strax og leiði til að koma skipulagi á fjárreiður fjelagsins. Jeg tel nú viðkunnanlegra form að gera eftirgjöf Landsbankans að skilyrði fyrir framlaginu úr ríkissjóði, og það, að komið sje skipulagi á fjárreiður fyrirtækisins, eins og hv. fjvn. vill. Jeg fyrir mitt leyti tel það rjett og sanngjarnt, að áveitufjelaginu sje veittur þessi styrkur, ekki eingöngu vegna klapparinnar, sem varð fyrir mönnum við skurðgröftinn, því að þó að hún hafi kostað fje, hefir framkvæmd verksins ekki orðið dýrari en ætlað var, ef reiknað er með rjettu verðlagi hvers árs. En framkvæmdin varð svo dýr af því, að verðlagið fór síhækkandi frá því hún var byrjuð, og þess vegna verður hún miklu þungbærari en ráð var fyrir gert. Jeg álít nú, að það sje fyrsta og sjálfsagðasta verkefnið, sem liggur fyrir hinni fjárhagslegu endurreisn nú, að bætt sje úr og bundinn endi á þau skakkaföll, sem orðið hafa á hverju sviði undanfarið. Um þessa framkvæmd er það að segja, að afstaða ríkisins til hennar er þannig, að ekki er hægt að skjóta sjer undan því að rjetta hjer hjálparhönd. Þess vegna mæli jeg með þessari till. og vona, að með samþykt hennar sje málinu lokið.

Þá vil jeg aðeins minnast á till. háttv. fjhn. um styrk til mjólkurfjelagsins Mjallar. Jeg vil ekki mæla á móti henni, þótt jeg sje sannfærður um, að óheppilegt er að miða framlag ríkissjóðs við tiltekna krónutölu fyrir hvern mjólkurkassa, sem framleiddur er. Það gætu komið þær kringumstæður, að best væri fyrir alla málsaðilja, að fjelagið stöðvaði starfsemi sína nokkra hríð, og er þá með þessari till. hv. fjhn. fyrirbygt, að fjelagið njóti þá styrksins. Jeg skal útskýra þetta betur. Það er nú varla ársfjórðungur síðan forgöngumenn fyrirtækisins komu til mín til þess að biðja um ábyrgð ríkisins fyrir 40 þús. kr. láni. En það hafði stjórninni verið heimilað að veita. Þá var fyrirtækið komið alveg í kring og jafnvel byrjað á dálítilli starfrækslu til reynslu. Var búið að leggja fram 60 þús. kr. í hlutafje og sýslufjelög Mýra- og Borgarfjarðarsýslu höfðu tekið á sig ábyrgð fyrir 40 þús. kr. Var þá ekki unt að neita um bakábyrgð ríkissjóðs. En jeg benti forgöngumönnunum á þá örðugleika, sem fyrirtækið myndi eiga framundan fyrst í stað, því að peningarnir fóru hækkandi og verð innfluttrar mjólkur hlaut að lækka. En áætlun þeirra sýndi, að ekki mátti við því, að innflutta mjólkin lækkaði í verði, nema þá að mjólk sú, er úr er unnið, lækkaði líka.

Jeg verð nú að segja, að mjer finst nokkuð snemt fyrir svona fyrirtæki að leita hjálpar ríkissjóðs, svo skömmu eftir að það er stofnað. Jeg veit heldur ekki til, að neinn hafi fullyrt, að verðfall útlendrar mjólkur haldi ekki áfram. Hjer er farið fram á framlag á árinu 1926. En hvar stendur fjelagið, ef frá þessum

tíma og til 1926 verður eins mikið verðfall á útlendri mjólk og orðið hefir frá því fyrirtækið byrjaði og þar til nú? Þá sýnist mjer, að þessar 2 kr. á kassann verði hefndargjöf. Jeg mæli nú samt ekki á móti því, að fjelaginu sje veittur nokkur styrkur úr því sem komið er. En jeg tel rjett að benda á þetta, þeim til viðvörunar, sem ráðast í fyrirtæki, sem eiga að gefa seintekinn arð, á tímum eins og nú er.

Þá ætla jeg að minnast á till. hv. fjvn. um nýjan lið við 25. gr. II, um að gefa Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu upp viðlagasjóðslán að upphæð 16 þús. kr., enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík. Við 2. umr. fjárlagafrv. kom fram till. frá hv. þm. kjördæmisins (JAJ) um 10—12 þús. kr. fjárveiting til viðgerða á þessum brimbrjót. Jeg get ekki annað sagt en að mjer finst, að skynsamlegra væri að veita 10 þús. kr. í þessu skyni með sæmilegri tryggingu fyrir því, að verkið verði framkvæmt, heldur en að veita 16 þús. kr. og eiga það alveg undir getu lántakenda, hvort viðgerðin kemst í framkvæmd eða ekki. Nema meiningin sje sú, að láta sig framvegis engu skifta, hvort mannvirki þessu er haldið við eða sjórinn fær að brjóta það. En eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi um gagnsemi brimbrjótsins, tel jeg ekki rjett að láta hann verða að engu. Og ef svo er, skil jeg ekki í því, að farið er fram á að veita hærri upphæð með minni tryggingu fyrir því, að það verði gert, sem gera þarf í þessu efni.

Jeg skal svo að lokum minnast á þær till., sem fara fram á að veita ríkisstjórninni heimild til að ábyrgjast lán, er fyrir liggja. Jeg vil segja um þær tillögur alment, að háttv. þingmenn mega ekki gera sjer neinar vonir um, að jeg láti í tje slíkar ábyrgðir, ef til kemur, meðan horfur breytast lítið eða ekkert frá því, sem nú er. Ríkissjóður borgar nú sem stendur upp undir 100 þús. kr. á ári vegna ábyrgða, og mjer þykir sem stendur ekki bætandi á þá áhættu. Jeg get þessa til varhygðar, svo að ef einhver slík ábyrgð þykir nauðsynleg, þá sje gerð bein ákvörðun um það efni, en ekki aðeins veitt heimild.

Þá þarf jeg að segja örlítið við háttv. þm. Dala. (BJ) út af ummælum hans, sjerstaklega út af brtt. hans við 26. gr. Jeg var raunar búinn að segja við 2. umr., að ef fyrirheit Alþingis væru ekki gildandi eftir þeim lögum, sem nú eru í landi, þá þyrfti ekki heldur að auka þessu þarna við, og get jeg því að mestu slept að minnast á, hvað hv. þm. sagði um það, hvernig ætti að líta á slík loforð. En þegar loforð eru hvergi skrifuð, er ekki einungis hætt við heldur víst, að einhver ágreiningur verður um það síðar, hvort loforð hafi verið gefið eða ekki. Það væri holt að temja sjer þá reglu á Alþingi, sem álitin er nauðsynleg í viðskiftaheiminum, að staðfesta loforð með brjefi. Þá er um leið kominn samningur. Jeg benti á það við 2. umr., að svona ætti að ganga frá bindandi loforðum, svo gilt væri. Loforð án votta getur verið gott og gilt meðan sami maður er samningsaðili, en það getur verið erfitt fyrir þann, sem við tekur, að binda sig við munnleg loforð fyrirrennara óstaðfest, og því rjettara að hafa alt vottfast.

Jeg veit ekki, hvað jeg á að leggja upp úr því, sem hv. þm. (BJ) sagði, að jeg mundi bráðum detta af prikinu. Jeg get sagt honum, að það er ekki vant að saka lítinn dreng, þó að hann detti af priki. Og jeg býst ekki við, að það mundi saka mig heldur, þó að jeg dytti af þessu priki, sem hv. þm. stakk milli fóta mjer á dög-

unum, þegar hann af almætti sínu gerði mig að litlum dreng. Jeg vona að minsta kosti, að það verði ekki þeim til falls, sem þykjast ríða góðhestum, sitja fastir í söðli og standa vel í ístöðunum.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal reyna að vera fáorður. Jeg get verið þakklátur hv. fjvn. fyrir þær viðtökur, sem þær tillögur hafa fengið, sem jeg er flm. að. Viðvíkjandi þeirri till., sem er á þskj. 290 undir tölulið LV, get jeg verið hv. fjvn. þakklátur fyrir undirtektir hennar. Hv. frsm. síðari kaflans (TrÞ) lýsti því yfir, að nefndin hefði átt tal við biskup og hefði hann sagt, að stjórnin í samráði við sig gæti keypt byggingarnar á Torfastöðum án þess að samþykki Alþingis kæmi til, og væri hann því hlyntur. Og hv. frsm. ljet í ljós sem skoðun nefndarinnar, að hún væri þessu hlynt. Mjer nægir algerlega þessi yfirlýsing hv. frsm., og tek því till. hjer með aftur.

Þá er brtt. mín á þskj. 299, undir tölulið IV, um Skeiðaáveituna, sem hv. frsm. gerði að umtalsefni. Hæstv. atvrh. (MG) hefir þegar gert svo glögga grein fyrir þessari tillögu, að jeg þarf þar litlu við að bæta. Hæstv. fjrh. (JÞ) tók í sama strenginn, og flytur hann brtt. við þessa till., og get jeg lýst því yfir, að jeg get vel fallist á þá brtt. Jeg get búist við, að stjórn Landsbankans þyki þetta viðfeldnari leið og eigi hægra með að sætta sig við þá tilslökun, sem bankinn þarf að gera, ef þetta verður samþykt svona. Annars legg jeg þann skilning í þessa tillögu, að ekki sje með henni lögð minni áhersla á að koma málinu í rjett horf heldur en með þeirri till., sem hv. fjvn. flytur á þskj. 290 undir tölulið XXXVIII. Jeg er báðum hæstv. ráðherrum þakklátur fyrir stuðning þeirra í þessu máli og tel mjög hyggilegt að koma því á þann rekspöl nú, að það þurfi ekki altaf að vera að tala um þetta mál. Jeg vona, ef tekst að koma fjárhagnum í gott horf, að bændur geti sjálfir annast þetta og þurfi ekki oftar að leita á náðir þingsins.

Þá voru nokkur ummæli hv. frsm. síðari kaflans (TrÞ), sem jeg get ekki látið alveg ómótmælt. Hann drap sem sje á það, að þegar búið væri að koma fullu lagi á fjárreiður fjelagsins, væri nefndin fús á að veita frekari stuðning, og þegar bændur hefðu sýnt fullan vilja á að standa í skilum, mundi hún vilja styðja áveitufjelagið. Þetta er nú gott og blessað, en jeg hefi það við það að athuga, að það er ekki rjett, að bændur hafi ekki sýnt fullan vilja á að hafa fjárreiðurnar í sem bestu lagi. Þeir hafa þvert á móti viljað standa við allar sínar skuldbindingar, en fyrirtækið varð svo kostnaðarsamt, að þeir hafa ekki getað staðið í skilum með alt fjeð, og hafa því í tæka tíð leitað til þingsins. Þingið hefir sint þessum málaleitunum. Það er því ekki að ræða um neitt tómlæti eða hirðuleysi af hálfu bænda í þessu efni. Nú mætti ef til vill segja, að fjelagið hefði verið einrátt um, hvort það legði út í þetta fyrirtæki; en þeir vissu ekki, að þetta mundi verða eins kostnaðarsamt og raun hefir á orðið, og eftir að verkið var byrjað og komið á góðan rekspöl, var ekkert vit í að hætta við alt saman. Þeir voru þá heldur ekki einráðir orðnir um það. Jeg er viss um, að ef búendur á þessu svæði hefðu haft hugboð um, hversu dýrt þetta yrði, þá hefðu þeir ekki lagt út í það, þó að þeir hefðu verið vissir um að fá þann stuðning, sem hjer er farið fram á. Mjer þykir leitt, að hv. fjvn. skyldi ekki

fallast á þá tillögu, sem hæstv. atvrh. (M-G) kom fram með. Eins og hv. þm. vita, er bústofn bænda ekki nógu mikill til þess að geta borið uppi svona mikinn kostnað; en þeir eru að hugsa um að stækka bú sín. En einmitt meðan verið er að koma þessu í kring, er mest nauðsynin á að fá fjárhagslegan stuðning. Þess vegna er hyggilegast að veita hann strax, enda eru þeir þá færari um að geta borið meira síðar. Hv. þdm. verða, um leið og þeir greiða atkvæði, að hafa það hugfast, að bændum er ekki sjálfrátt, á hvaða grundvelli þeir standa nú. Ef þeir hefðu vitað og fyrirsjeð þetta alt saman, væri eðlilegt, að þingið væri á móti. En þeir ákváðu að leggja út í þetta, þegar ekki var unt að sjá fyrir þá dýrtíð og fjárhagslega erfiðleika, sem síðan hafa orðið. Jeg vona, að háttv. þdm. gangi svo frá þessu máli, að ekki þurfi á næsta þingi að bera fram þessar sömu óskir.

Jeg skal geta þess viðvíkjandi brtt., sem jeg flyt á þskj. 299, undir tölulið IV, að jeg get tekið fyrri lið hennar aftur, þar sem hann stendur í fjárlögunum frá 2. umr., og það breytir engu, þó að tillaga hæstv. fjrh. (JÞ) verði samþykt sem viðauki við b-lið minnar tillögu.

Þá ætla jeg að víkja örfáum orðum að því, sem hæstv. fjrh. sagði um tillögu mína og tveggja annara þm., á þskj. 299, undir tölulið I, um að hækka tekjur af tóbakseinkasölunni úr 275000 kr. upp í 325000 kr. Hæstv. ráðherra sagði, að þessi till. gengi of langt og ætti ekki rjett á sjer að verða samþykt. Hann lagði til grundvallar, að ef tekið væri meðaltal af tekjum 2—3 síðastliðinna ára, færi þetta fram úr því. Þetta er rjett, og við vissum það ofurvel, en þess ber að gæta, að 2 árin er ekki hægt að taka til samanburðar, sökum þess, að þegar landsverslunin byrjaði tóbakseinkasöluna árið 1922, var innflutningur lítill af tóbaki og tóbak dýrt, og 1923 var rekstur verslunarinnar tæpast kominn í rjetta rás. Ef nokkuð er til að miða við, þá er það árið 1924. Hagnaðurinn var þá 350 þús. kr., auk varasjóðs, sem nam 35 þús. kr. Þessi upphæð er 60 þús. kr. minni en arðurinn af verslununni, og áætlunin er fullum 15% lægri en tekjur síðastliðins árs. Því get jeg ekki sjeð að þetta sje óvarlega áætlað. Jeg vil bæta því við, að með því að áætla þetta svona hátt er gefin bending til forstjóra um að leggja það mikið á tóbakið, að verslunin gefi þennan arð. Þó mörgum kunni að þykja það slæmt, finst mjer minna til um, þótt lagt sje mikið á tóbak en ýmsar aðrar vörutegundir, sem skattaðar eru hátt. Þó að tóbak sje fyrir marga eins og nauðsynjavara, er jeg í engum vafa um, að menn mundu heldur neita sjer um að kaupa það en mat til heimilisins. Annars er mjer þessi tillaga ekkert kappsmál, en jeg legg meiri áherslu á, að þessar tekjur standist áætlun en af öðrum nauðsynlegri vörum, sem ekki er hægt að komast af án.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg vildi aðeins gefa nokkrar upplýsingar viðvíkjandi brtt. fjvn. á þskj. 290 um fjárveitingu til Vaðlaheiðarvegar, í viðbót við það, sem hv. frsm. (ÞórJ) þegar hefir tekið fram. Jeg ætla þó ekki að fara að tala um nauðsyn vegarins; það er þegar búið að upplýsa það, og jeg hygg, að ekki þýði að bæta miklu þar við. En þau ummæli munu hafa komið fram við 2. umræðu fjárlaganna, að vegamálastjóri hafi álitið upphæð þá, sem fjvn. fór þá fram á, sem var 20 þús. kr., alt of lága. Er mjer ekki

grunlaust um, að sá skilningur hafi komist inn hjá sumum hv. þdm., að vegamálastjóri væri þar af leiðandi á móti tillögunni, og að sá skilningur hafi máske ráðið þeim úrslitum, að tillagan var feld hjer í deildinni við 2. umr. fjárlagafrv.

Jeg vildi þess vegna skýra frá því nú um þessa till., sem fjvn. ber fram að nýju um tillag til þessa vegar, sem er 18000 kr., að till. er borin fram í samráði við vegamálastjóra. Hann hefir að vísu í áliti sínu til stjórnarinnar um vegagerð 1926 látið skýrt uppi, að mikla nauðsyn bæri til, að lagning Vaðlaheiðarvegar yrði hraðað sem mest, og mætti alls eigi fresta lengur en til 1927, og lagningin fullgerast — *mig minnir að hann nefndi á 3—4 árum*. Hefir mjer skilist, að hæstv. atvrh. hafi fallist á þá till. vegamálastjóra. Er þessi skoðun vegamálastjóra vitanlega óbreytt, en þó álítur hann, að till., sem hjer liggur fyrir um 18000 kr. fjárveitingu til þess að byrja á veginum árið 1926, sje mjög æskileg, og hann býst við að haga þeirri fjárveitingu á þann veg, að unnið verði að þessum vegi vorið og haustið 1926, og hann telur, að þessi byrjun mundi verða á neðsta kafla vegarins, þar sem hann liggur með bæjum, og þess vegna hægt að framkvæma vinnuna að vorinu og haustinu. Telur hann, að þessi byrjun myndi greiða mjög fyrir framhaldi vegargerðarinnar, sem talið er að muni öll kosta um 190 þús. kr., eftir hans áætlun. Jeg ætla ekki að tefja tíma hv. deildar með því að ræða mikið um þetta mál vildi aðeins gefa þessar upplýsingar um till., að hún er alveg í samræmi við álit vegamálastjóra og borin fram í samráði við hann.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. frsm. meiri hl. fjhn. (KlJ) hefir skýrt frá þeim ástæðum, sem vöktu fyrir minni hl. nefndarinnar um að bera fram styrk til mjólkurfjelagsins Mjallar, og hv. frsm. (KlJ) hefir lýst því, að minni hl. vilji sjerstaklega hlynna að þessu fyrirtæki með því að samþykkja 10% verðtoll á innfluttri mjólk, en það viljum við, meiri hl. nefndarinnar, með engu móti samþykkja, vegna þess að í sjóþorpum landsins er oft ekki með nokkru móti hægt að ná í innlenda mjólk, og þó að það sje kannske hægt, þá er hún svo dýr, að ekki er hægt fyrir fátækt fólk að nota hana. Auk þess er varla hægt að geyma innlenda mjólk nema svo sem eitt dægur; en eins og allir vita, er hægt að geyma útlendu mjólkina í fleiri daga, ef dósin er látin standa í köldu vatni. Þess vegna er það, að meiri hl. nefndarinnar vill veita verðlaun fyrir niðursuðu mjólkur hjer á landi, en alls ekki stuðla að því, að fátækum þurrabúðarmönnum sje gert enn erfiðara fyrir með að afla sjer þessarar nauðsynlegu fæðutegundar.

Jeg var andvígur þessu fyrirtæki, þegar til þess var stofnað og sótt um styrk til ríkissjóðs handa því. Jeg þóttist sjá það fyrir, að erfitt yrði að sjóða niður mjólk og keppa við hina erlendu, vegna þess að þeir, sem sjóða niður í útlöndum, fá hráefnin miklu ódýrara, og svo er ýms kostnaður miklu minni en hjer. En þar sem fjárveitingavaldið hefir að nokkru leyti hvatt þessa menn til þess að stofna þetta fyrirtæki, þá finst mjer ekki nema sjálfsagt, að fjárveitingavaldið styrki það í byrjun, því að það er ábyggilegt, að þeir geta ekki soðið niður mjólk þar í Borgarfirði, nema með því að selja hana nokkru dýrara en útlenda. Það eina, sem gæti hjálpað þeim, er, að þeir fengju verðlaun fyrir framleiðslu sína, en þó er hvorugur kosturinn góður, að leggja fram fje úr ríkis-

sjóði, nje heldur að hækka verðið um 10 aura á dósinni fyrir þeim, sem þurfa að nota útlenda mjólk hjer. Jeg hygg því, að meiri hl. fjhn. verði andvígur þessari till. og haldi fast við till. sína á þskj. 290, að minsta kosti veit jeg það um flesta hv. þm. í meiri hl. nefndarinnar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að svo gæti farið, að verðfallið yrði það mikið á erlendri niðursoðinni mjólk, að þetta fyrirtæki gæti ekki unnið á árinu 1926; en verði það, þá verða heldur ekki greidd nein verðlaun fyrir framleiðsluna. Það er aðeins með því skilyrði, að þeir vilji og geti haldið áfram, að þeir fá þessi verðlaun, sem hjer er um að ræða.

Þá mintist hæstv. fjrh. á till. fjvn. um eftirgjöf á láni til brimbrjótsins í Bolungarvík, og virtist mjer sem hann teldi, að þessi till. ætti ekki að ná samþykki hv. deildar. Mjer þótti það því undarlegra, sem hann í öðru máli, Skeiðaáveitumálinu, talaði svo sem hann áliti best að taka sem fyrst eitthvað af þeim sköðum, sem orðið hefðu á fyrirtækjum einstakra hjeraða sem stofnað hefði verið til á stríðsárunum, og vil jeg taka undir það með hæstv. fjrh., því að þeir, sem búa í Hólshreppi og á Skeiðaáveitusvæðinu, líða mikið við þessar ráðstafanir, sem án þeirra tilverknaðar urðu stórum dýrari en áætlaðar voru í upphafi, og álít jeg því rjett, að þingið taki nokkurn þátt í þeim erfiðleikum, sem þessi hjeruð eiga við að búa, og mig furðar á því, að hæstv. fjrh. virtist líta svo á, að brimbrjóturinn væri ekki hliðstæður við Skeiðaáveituna. Hæstv. fjrh. sagði, að það væri komið undir fjármagni hreppsins, hvort hann gæti gert við brimbrjótinn. Jeg hygg, að hæstv. fjrh. myndi neita um eftirgjöfina, þangað til hann væri viss um að endurbótin væri gerð, og það tel jeg líka rjett og sjálfsagt, að þá fyrst komi eftirgjöfin, þegar búið er að endurbæta brimbrjótinn.

Í sambandi við þetta mál vil jeg geta þess, að jeg get fylgt vatill. hæstv. fjrh. á þskj. 317, um að binda styrkveitinguna til Skeiðaáveitufjelagsins því skilyrði, að veðdeildarlánsgreiðslur fyrir árin 1924 og 1925 verði eftirgefnar af Landsbankanum. Þetta er einmitt sú leið, sem jeg benti á við 1. umr. þessa máls, og tel jeg, að Landsbankinn geti tæplega skorast undan því að veita þessa eftirgjöf, þar sem ríkissjóður jafnframt gefur fyrirheit um styrk eða aukið fjárframlag.

Viðvíkjandi brtt. minni á þskj. 290 um styrk til ábúandans á Arngerðareyri, til að halda uppi gistingu, vildi jeg aðeins bæta því við, að það eru komin meðmæli og eindregnar áskoranir frá sýslunefndarmönnum í Norður-Ísafjarðarsýslu um að veita þennan styrk. Mjer þykir það dálítið undarlegt, ef veittir eru styrkir í sama augnamiði þar, sem jeg get sýnt, að þörfin er minni, en látið sitja á hakanum þar, sem hún er meiri. Trúi jeg því ekki fyr en jeg sje atkvgr., að hv. þdm. sýni slíkt misrjetti í styrkveitingum.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla að víkja ofurlítið að þeim till., sem jeg á við þessa umr. fjárlagafrv. Út af því, sem fram hefir komið viðvíkjandi styrk til kvöldskóla verkamanna, hefir hv. frsm. fjvn. (TrÞ) sagt, að einhver hluti fjvn. væri á móti honum. En jeg býst ekki við, að við þurfum að ræða það frekar; atkvgr. mun skera úr um það, hvernig fer með þessa litlu fjárveitingu.

Viðvíkjandi styrknum til styrktarsjóðs verkamanna verð jeg að segja, að mjer þykir það undarlegt, að hv. frsm. fjvn. (TrÞ) skuli ekki vilja láta þennan styrk ná fram að ganga, vegna þess að ef slysa-

tryggingar komist á, þá sje þessi sjóður óþarfur. Jeg vona nú, að þær komist á og að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á þeim í Ed., því að ef frv. nær fram að ganga eins og það er nú, þá verður það til þess, að nær helmingur þeirra manna, sem vinna við uppskipun hjer í Reykjavík, getur ekki fengið styrk. *(TrÞ:* Veit hv. þm. (JBald), hvernig lögin verða afgreidd?). Nei, við erum báðir, hv. frsm. (TrÞ) og jeg, að tala um það, sem nú er. *(TrÞ:* Er þá ekki gott að bíða og sjá, hvernig fer?). Mjer þætti miklu vissara að fá fjárhæð þessa, sem brtt. mín fer fram á, inn í fjárlögin nú, heldur en bíða þar til frv. um slysatryggingar hefir gengið í gegnum hreinsunareldinn í hv. Ed., þó að jeg auðvitað taki fegins hendi á móti stuðningi hv. fjvn. í þessari hv. deild við eina umr. fjárlaganna.

Þá till., sem jeg er hjer við riðinn um landsspítalann, þarf jeg ekki að segja neitt um; aðeins vil jeg, út af því sem hv. frsm. fyrri hluta fjárlagafrv. (ÞórJ) sagði, að það skifti ekki miklu, þó að það biði 1—2 ár enn, geta þess, að jeg held, að menn sjeu nú orðnir sammála um það yfirleitt, að þetta mál þoli ekki lengri bið. Á tveimur undanförnum árum hefir verið sagt á þinginu: það er svo erfiður fjárhagur enn, að þetta verður að bíða. En við getum ekki haldið áfram að skjóta þessu fram af okkur þing eftir þing, og þar sem ástæðurnar hjá ríkissjóði eru sæmilegar nú, finst mjer, að við ættum að leggja út í þetta, einkum þar sem telja má víst, að það verði gott samkomulag við landsspítalanefndina um þann sjóð, sem safnað hefir verið; tel jeg því varasamt að skjóta því lengur á frest.

Þá ætla jeg lítillega að nefna till., sem útbýtt hefir verið hjer í deildinni nú undir umr. og jeg hefi leyft mjer að bera fram. Þar er ætlað fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1916—1925 2500 kr. Jeg þykist vita það, að flestir hv. þm. hafi orðið varir við það, hve erfitt er að leita í mörgum árgöngum Stjórnartíðindanna, sem ekki er til efnisyfirlit yfir, — en það, sem til er, nær fram að árinu 1915; þegar þarf að leita að einhverjum yngri lögum, verða menn að leita í gegnum þessa tíu árganga, sem ekki er til efnisyfirlit yfir, því að menn hafa ekki leitað af sjer allan grun, fyr en alt er blaðað í gegnum. Annars sýnist það hafa átt að vera venjan að gefa út efnisyfirlitið á 10 ára fresti, en síðan 1916 hefir það ekki verið gert. Í landsreikningunum 1916 sjest, að greiddar hafa verið 500 kr. í þessu skyni, en síðar hafa verið greiddar 300 kr. umfram, og hefir þannig fyrir 15 arkir af þessu yfirliti verið greitt alls 800 kr., og hefi jeg miðað þessa till. mína á þskj. 318 við þetta og þær breytingar á verðlagi, sem síðan hafa orðið. Jeg geri ráð fyrir, að efnisyfirlit fyrir síðustu 10 árin verði nokkru meira að vöxtum en fyrir næstu 10 árin á undan, nálægt 20 örkum, og hefi jeg reiknað út, að hæfilegt mundi að greiða 125 kr. fyrir að semja hverja prentaða örk í þessu efnisyfirliti, og myndi það verða um 2500 kr. Jeg ímynda mjer, að ekki þurfi að mæla neitt með þessari till.; hv. þm. finna það sjálfir, að nauðsynlegt er að koma slíku í verk. Mjer hefir ekki dottið neinn sjerstakur maður í hug, sem ætti að gera þetta, enda er best til fallið, að hæstv. stjórn ákveði það, en það þarf sjálfsagt að vera mjög vandlega gert og væri mjög gott, ef hægt væri að njóta aðstoðar skrifstofustjóra Alþingis, enda datt mjer fyrst í hug að fela honum þetta, en hvarf frá því aftur og legg það nú í vald hv. stjórnar. Jeg skal taka það fram, að hjer er ein-

göngu átt við kostnaðinn við að semja þetta yfirlit, en svo bætist við kostnaðurinn við útgáfu þess, sem sjálfsagt verður nálægt 3000 kr., og mundi þá allur kostnaðurinn verða nær 5000 kr., en þetta er óhjákvæmilegt verk, sem ekki má dragast lengur að gera.

Árni Jónsson: Það var viðvíkjandi þeirri till., sem jeg á hjer á þskj. 299, sem jeg ætlaði að segja nokkur orð, í sambandi við það, sem hv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv. (TrÞ) sagði í dag.

Eins og menn rekur minni til, gat jeg um undirbúningsmentun þessa manns, Lúðvíks Jónssonar, og sýndi fram á, að hann mundi vera betur mentaður í sinni grein en nokkur annar maður hjer á landi. Eftir að hann kom hingað var hann fyrst í þjónustu Búnaðarfjelags Íslands, og síðast sem ráðunautur í sauðfjárrækt. Veit jeg ekki betur en að hann hafi leyst starf sitt mjög vel af hendi, og kom mönnum því mjög á óvart, þegar honum var sagt upp starfi sínu hjá Búnaðarfjelaginu. Annars ætla jeg ekki að tala um það, heldur hvernig þessu málefni Lúðvíks Jónssonar er fyrir komið. Þessi maður skrifaði ritgerð um búnaðarmál, þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir skoðun sinni á jarðyrkjuverkfærum, sem við ættu hjer á landi, en þau hefir hann kynt sjer í Danmörku og Englandi, en þar var hann á stríðsárunum. Hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að vinnuvjelar, sem hestum væri beitt fyrir, mundu eiga best við hjer, því að það er aðeins á stærstu búum, að vinnuvjelar dregnar af aflvjelum geta átt við. Aflvjelarnar eru auk þess mjög dýrar og erfitt að koma þeim hjer um, og þar á ofan oft mjög erfitt að ná til verkstæða, sem geta gert við stykki úr þeim, ef eitthvað bilar, en það hefir mikið að segja hjer á landi, þar sem alt er yfirleitt í svo smáum stíl, að rekstur slíkra vjela getur ekki borið sig, og jarðvegurinn allur annar en í þeim löndum, sem hann hefir kynst. Nú hafa menn ekki kynst nema útlendum verkfærum hjer á landi, og af því að þau útlendu verkfæri, sem menn hafa kynst hjer, hafa ekki reynst vel, hafa margir komist á þá skoðun, að hjer myndi það borga sig best að nota verkfæri, sem knúin væri af aflvjelum, en það segir hann, að geti alls ekki borgað sig hjer.

Nú er einnig bent á í þessari ritgerð og færð góð rök fyrir því, að hestaflið verður okkur Íslendingum langódýrast, en þá þurfi líka að gera vjelarnar svo úr garði, að þær verði við hæfi okkar smáu hesta. Hefir hugur þessa manns því hnígið að því að finna upp hentugar vjelar eða breyta öðrum til mikilla bóta, og er nú komið svo langt, að hann hefir látið smíða vjel, sem hann telur, að geti komið jarðyrkjunni að miklu gagni.

Háttv. frsm. síðari kafla (TrÞ) sagði það reglu Búnaðarfjelags Íslands að styrkja aðeins menn í þessu efni, ef vjelar þær, er þeir hefðu uppfundið eða breytt, reyndust vel.

Þess vegna vil jeg leyfa mjer að skýra lítilsháttar frá viðskiftum þessa manns og Búnaðarfjelags Íslands. Hann sótti um 2000 kr. styrk fyrir 2 árum til fjelagsins, en fjekk það svar, að Búnaðarfjelagið mundi telja sjer skylt að veita honum 1000 kr. viðurkenningu, ef verkfæri þetta reyndist vel. Búnaðarsambandið á Austurlandi ljet reyna verkfæri þetta og komst að raun um, eftir því sem vottorð herma, er jeg hefi hjer fyrir framan mig, að það mundi gefast

vel og svara ágætlega til staðhátta allra á landi hjer. Aðeins var tekið fram, að þetta verkfæri, sem reynt var, væri of veikt, og þess vegna er það, að maður þessi sækir um þennan styrk, að hann vill fullkomna vjel þessa og gera hana svo úr garði, að hún reynist nógu sterk.

Annars skal jeg ekki eyða fleiri orðum að þessu. Vænti jeg, að hv. þdm. sjái nauðsyn þá að bæta vjelar og jarðyrkjuverkfæri, svo að landinu verði að sem mestu gagni, og geti því fallist á að greiða þessum styrk atkv. sín.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla að byrja að lýsa því yfir, að jeg ætla að vera með styrk þeim til sandgræðslu, sem nefndur er á þskj. 299. Mjer blæðir ávalt í augum, er fjárveitingavaldið veitir meira fje til að stjórna einhverju verki en til sjálfra framkvæmdanna. En svo er um sandgræðsluna, að þar fer meira fje til að stjórna framkvæmdunum en þær kosta. Nú er vitanlegt, að mikið nauðsynjaverk er að græða upp sandana austur þar, og því á Alþingi ekki að skera svo mjög við neglur sjer fje það, er fara á til framkvæmdanna.

Jeg ætla líka að fylgja brtt. þess hv. þm. (ÁJ), er nú var að ljúka máli sínu. Jeg man eftir því, að Cicero segir á einhverjum stað, að betra sje að 10 sekir sleppi en að einn saklaus sje dæmdur. Sama er álit mitt í þessu efni; jeg vil hjálpa þeim mönnum, er bæta vilja verkfæri eða finna önnur hentug upp, er verða megi bændum að sem mestu gagni í ræktun landsins. Jeg vil styrkja 10 menn til slíkra starfa, þó jeg viti, að 9 verði ónýtir, svo vissa sje fyrir því, að sá eini hæfi geti notið sín.

Þá ætla jeg að snúa mjer að hv. frsm. síðari kaflans (TrÞ) og ummælum þeim, er hann hefir haft um brtt. mínar. Um stúdentagarðinn talaði hann harkalega, lagði á móti mínum brtt., en talaði þó ekki mikið fyrir sinni brtt. Geymi jeg því að svara honum þangað til jeg kem að hæstv. fjrh. (JÞ) og ummælum hans í þessu sambandi.

Jeg get þá eins minst á Skeiðaáveituna, ekki þó til þess að andmæla brtt., því með henni er jeg, heldur er það eitt atriði í því máli, sem mjer er farið mjög að leiðast og hv. frsm. síðari hlutans (TrÞ) kom enníá að. Það er þetta eilífa tal um „klöppina óbilgjörnu". Mjer finst undarlegt, þó að menn hafi rekið sig á þessa klöpp, að vera altaf að tala um hana, eða að ríkissjóður beri sjerstaka ábyrgð á verkfræðingunum, sem ekki ráku sig á hana í öndverðu. Jeg hefi altaf verið þessari áveitu fylgjandi. Og nú vita allir, að hún hefir kostað margfalt meira en ætlast var til í upphafi og að bændunum, sem eiga að njóta hennar, er ofvaxið að standast kostnaðinn. Jeg vil styrkja bændurna, svo þeir geti aukið bú sín og margfaldað arðinn af þeim og áveitunni. Þá er einhver von um, að þeir geti, er stundir líða fram, greitt kostnaðinn og klöppina. En eins og málið horfir nú við, þá leiðist mjer þetta „klappartal". Jeg vil bjarga bændunum til þess að auka arð sinn, svo að þeir lendi ekki á vonarvöl.

Þá mintist hann á styrkinn til búnaðarfjelaganna, og kom þá með prikið, af því að jeg hafði sagt í gamni um þá fjármálastefnu þingsins að greiða upp lausu skuldirnar á næstu árum, að það væri eins og þegar krakkar ætluðu að ríða á priki. Jeg hefi játað, að jeg hafi

jafnan viljað styrkja Búnaðarfjelag Íslands, þó jeg hinsvegar væri ekki viss um, að styrk þeim væri altaf sem best varið eða hann notaður sem skyldi. En hitt veit jeg, að búnaðarfjelögin hafa ætíð varið þeim litla styrk vel, er til þeirra hefir hrotið frá Alþingi, og svo mun enn verða, eins og bæði hv. þm. Ak. (BL) og fleiri hv. þm. hafa tekið fram, að þeir telja, að styrkur þessi hafi orðið til mikilla búnaðarbóta og örvað marga bændur til þess að bæta jarðir sínar á ýmsa lund.

Hann sagði, hv. frsm. síðari hl. (TrÞ), að sumstaðar ætu búnaðarfjelögin styrkinn upp; en þó að hann þekki einhver slík dæmi, sem jeg efast þó um, þá eru hin fjelögin miklu fleiri, sem styrkurinn hefir orðið að miklu gagni. Hann sagðist vera þessu kunnugri en jeg og vita betur, en því svara jeg, að hvorugur okkar mun vita, hvað mikið hinn veit í þessu efni.

Annars hefir hv. þm. Borgf. (PO) andmælt þessari skoðun hv. frsm. (TrÞ), eins og hans var von og vísa, svo jeg þarf ekki miklu þar við að bæta.

Slíkur styrkur, sem hjer er nefndur, mun reynast fjelögunum hollur og bændum til bjargar, því þá þurfa þeir ekki að taka lán, eins og vaxtakjörin eru erfið nú um stundir. Þess vegna ætti hv. frsm. (TrÞ), ef hann er slíkur stuðningsmaður landbúnaðarins eins og hann vill vera láta, að greiða þessari brtt. minni atkvæði. Enda er mjer óskiljanlegt, hvernig hv. þdm., þeir sem landbúnaði unna, vilja skuldbinda sig til þess að vera móti þessari styrkhækkun. Jeg er ekki að koma neinum í vanda með þessu; það er hægurinn hjá að samþykkja brtt. Jeg hefi borið fram þessa fjárveitingu vegna þess, að það hefir gefist vel að trúa búnaðarfjelögunum fyrir fje til jarðabóta. Hitt er ekki víst, að Búnaðarfjelag Íslands, sem forstöðu hefir allra stærri ræktunarmála í landinu, hafi að jafnaði augun opin fyrir því, hvað arðberandi sje eða hvað gera þurfi til þess að jafnhliða og ræktun eykst í stórum stíl, þá þurfi bústofninn að aukast, svo arður fáist af því mikla starfi, sem búið er að vinna.

Það er ekki einhlítt að gera stórar og víðáttumiklar áveitur, ef pening vantar á eftir á jarðirnar til þess að jeta grasið.

Það má vera, að búmenn þessarar hv. deildar hlæi að þessum kenningum mínum, og læt jeg mjer það á sama standa, en jeg treysti mjer að finna marga góða bændur og búmenn þessa lands, sem hlusta mundu á þetta án þess þeim kæmi hlátur í hug.

Það var margt í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), er jeg sje ástæðu til að svara, og ætla jeg þá að byrja á kreppunni, sem honum virðist mesta alvörumálið. Mjer skildist eftir kenningu hans, að kreppunni væri líkt háttað og snúningi jarðarinnar, eða, að eins víst væri og að jörðin snerist, að kreppa kæmi á eftir góðæri. Jeg þori ekki að vjefengja slík vísindi og þetta, en bæti þó við, að ef snúningur jarðarinnar er sambærilegur í þessu efni, þá verður kreppan að vera jafnfljót, og ætti þá eftir því að vera kreppa á hverju ári. Nú er liðið ár síðan kreppunni lauk, og varla að búast við, að hún hefjist aftur á næsta ári. Það skiftir engu máli, hvort sú kreppa, sem stóð fyrir nokkrum árum, stafaði af klaufaskap eða óáran. Stjórn og bankar sáu ekki fyrir hana í það sinn, og það gat enginn sjeð; þess vegna er óþarfi að

tala um klaufaskap. En hvað sem því líður, þá er ástæðulaust að gera ráð fyrir, að kreppan þurfi að koma strax, hvað þá að telja það óyggjandi, að svo muni verða.

Þá þótti mjer undarlegt það, sem hæstv. fjrh. sagði um Skutilsfjarðareyri. Hann sagði, að það væri lagabrot, sem farið væri fram á með brtt. Jeg get ekki sjeð, að það sje lagabreyting, að staður þessi fái aftur sitt forna nafn, er Danir hafa afbakað á seinni öldum; en hann hjet áður og frá öndverðu Eyri við Skutilsfjörð. Hjer er því ekki um neina lagabreytingu að ræða, þó nafnið sje fært til rjetts máls í fjárlögunum. Nema hæstv. fjrh. álíti, að lögin eigi við þann Ísafjörð, sem Laugaból stendur við, þá er það breyting á lögum. En sá Ísafjörður er einn af þeim mörgu fjörðum, er skerast suður í landið úr Ísafjarðardjúpi, og heita þeir þetta: Álftafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, Skötufjörður, Mjóifjörður og Ísafjörður.

Hjer er því alls ekki um neitt lagabrot að ræða. Þessi staður er Eyri við Skutilsfjörð, sem áður var jafntítt að nefna Skutilsfjarðareyri, en Ísafjörður eða Isafjord er seinni alda uppnefni.

Þá var ekki síður brosleg sagan, sem hann var að segja um strák, sem hafði í frammi nafnagiftir og var sóttur að lögum fyrir tiltækið. Gerðist þetta víst í hjeraði hans á Vatnsnesi eða í Vesturhópinu, og er ekki annað að sjá en að mjög hafi þeir menn verið strangir í siðum, er þessu gamni vildu hegna. En dæmi þetta sannar ekkert um, að fjvn. hafi ekki á rjettu að standa. Í brtt. hennar er ekki um neinar nafnagiftir að ræða, þó að maður sje kendur við föður sinn. Sjerhver maður heitir skírnarnafni, en er sonur föður síns. Jeg hefi sjeð svo marga skírnarseðla og veit, að þetta er rjett. Jeg heiti Bjarni og er Jónsson, og hæstv. fjrh. heitir Jón og er Þorláksson. Hann um það, hvort hann vill láta framfylgja því, að höfðað verði sakamál gegn fjvn. fyrir að tilgreina feður þeirra manna, er styrks eiga að njóta í fjárlögum. Jeg er að minsta kosti óhræddur við þá sakamálsrannsókn og býst ekki heldur við, að stjórnin sýni þá rögg af sjer.

Þá talaði hæstv. fjrh. um stúdentagarðinn og mælti á móti brtt. minni. Mjer kom þetta dálítið á óvart, vegna þess að hann þekkir, engu síður en jeg, hve nauðsynlegt það er ungum námssveinum að vera saman í heimavist. Við höfum báðir alist upp í heimavistarskóla og munum, hvað það laðaði sveinana saman að sofa undir sama þaki og tala um áhugamál sín hvenær sem færi gafst við sjer snjallari og þroskaðri. Þetta var talin góð mentun og um þetta höfum við verið sammála. Síðan við fengum háskólann hafa stúdentarnir lítið kynst nema í tímunum, en þar er ekki tækifæri til að ræða um áhugamál sín nje fræðast af þeim skólabræðrum, sem betur vita. Þess vegna er það, að áhugasamir menn hafa barist fyrir því að koma upp stúdentagarðinum. Nú þykist jeg vita, að hæstv. fjrh. viðurkenni nauðsyn þessarar byggingar, en það hlýtur þá að vera af umhyggju hans fyrir landssjóðnum, að ekkert megi úr honum taka, að hann er á móti því, að hafist verði nú þegar handa og stúdentagarðurinn látinn rísa af grunni.

Nú hafa menn verið ámintir um að borga sem mest af skuldum sínum og ráðast ekki í nein fyrirtæki, af því að samhliða gengishækkuninni komi verðlækkun. Hvort gengishækkunin byggist á krepp-

unni, veit jeg ekki. En sennilega yrði frestun á öllum framkvæmdum nú til þess eins, að þær lentu í kreppunni.

Jeg skil því ekki annað en hæstv. fjrh. verði með till. minni, þegar hann fer að athuga þetta betur. Þá sagði hæstv. fjrh., að sjálfsagt væri að halda áfram fjársöfnuninni, því að hún myndi ganga betur hjer eftir en hingað til. Þetta skil jeg ekki hjá hæstv. ráðherra, þegar hann segir líka, að von sje á fjárkreppu. Annars finst mjer, að þessar kenningar um fjárkreppuna og frestinn stangist hvor á móti annari. En jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að samskotin gangi því aðeins greiðlega, að Alþingi gangi á undan með góðu eftirdæmi og sýni röggsemi og skilning í málinu, ekki minni en sumir einstaklingar hafa sýnt, því að eins og allir vita hefir einn atvinnurekandi gefið 10 þús. kr. Og maður skyldi því ætla, að landið hefði 10 sinnum meiri efni og 10 sinnum meiri skyldu en þessi einstaklingur, og legði því fram 100 þús. kr. til styrktar fyrirtækinu. En þrátt fyrir þetta hefi jeg þó ekki farið fram á nema $^1/_3$ af þessari upphæð, af hræðslu við það, að sú upphæð næði ekki fram að ganga. Býst jeg því við, að allir verði með þessari till. minni og lofi jafnframt hinum $^2/_3$ hlutum, til þess að fjársöfnunin geti gengið svo greiðlega, að stúdentagarðurinn geti komist upp skuldlaus innan skamms, því að það er stórskaði, ef bygging hans dregst lengi úr þessu. Er því mikil nauðsyn, að Alþingi gangi hjer á undan, því að þá koma hinir á eftir. En aftur er vafasamt, hvort menn telji sig skylduga til þess að halda áfram að styðja þessa fjársöfnun, ef Alþingi sýnir engan áhuga eða skilning í málinu.

Jeg vil nú vona, að bæði þeir ræðumenn, sem jeg hefi nú talað við um stund, og sömuleiðis allir hinir, samþykki þessa till. og lofi stúdentunum að koma þessu hæli upp nú þegar. Því að jeg hefi enga trú á því, að ódýrara verði að reisa hús á næstu árum en það er nú. Því að reynslan hefir sýnt, að verð lækkar lítið sem ekkert, þó að gengið hækki. Vel má samt vera, að það lækki eftir 8—9 mánuði, en eftir þeim spádómum, sem jeg hefi nú heyrt, á þá ný kreppa að byrja, og því ekkert ósennilegt, að gengið falli þá aftur.

Mjer líkar vel svar hæstv. ráðherra um fyrirheit þingsins að því leyti, að þar var hann ekki myrkur í máli, þar sem hann vildi ekkert tillit taka til fyrirheita eða loforða þingsins, nema þau lægju skriflega fyrir. Þetta var skýrt sagt hjá honum og gott til eftirbreytni fyrir eftirkomandi stjórnir. En jeg fyrir mitt leyti verð að telja það ósóma, ef stjórn eða þing vekur vonir hjá mönnum, sem það vill ekki standa við á eftir. Upp á þetta þekki jeg eitt sláandi dæmi, einmitt dæmi, sem hæstv. fjrh. rakti hjer svo rækilega um daginn. Það var meðferðin á aukalæknisembættinu á Skutilsfjarðareyri. *(Fjrh. JP:* Aðstoðarlækninum á Ísafirði). Hæstv. fjrh. sagði, að maður þessi hefði haft beint fyrirheit um 2500 kr. laun, hækkandi upp í 3500 kr. með dýrtíðaruppbót. En nú hafa laun hans verið skrúfuð niður í 1700 eða 1800 kr. uppbótarlaust. Með því að brigða þessi loforð þingsins hafa nv. þm. þóst vera að bjarga fjárhag landsins. Þetta sýnir því, hvernig ekki á að fara með sóma þingsins.

Mjer þykir leitt, að hæstv. forseti (BSv) er ekki viðstaddur hjer í dag, því að hann hefir flutt hjer brtt. á þskj. 290, um 10 þús. kr. styrk til lendingarbóta að Skálum á Langanesi. Hann hefir öll gögn

viðvíkjandi þessu máli hjá sjer, og er því ekki gott fyrir mig að gefa nákvæmar upplýsingar.

Þarna að Skálum er mjög brimasamt. Ströndin liggur fyrir opnu hafi, og er þar því mjög brimasamt í landnyrðingi og erfitt að lenda. Er því mikil nauðsyn að gera brimbrjót þarna. En sá vandi er á, að þarna búa mjög fáir menn, og því ekki hægt að ætlast til, að þeir leggi mikið af mörkum móts við landssjóðsstyrkinn. Væri því sú leið hugsanleg, að leggja lendingarskatt á báta þá, er þaðan stunda fiskiveiðar á sumrum.

Annars get jeg ekki talað um þetta mál eins og sá, sem vald hefir. *(Forseti PorlJ*: Tillaga þessi verður tekin aftur núna). Þá sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta nú.

Halldór Stefánsson: Jeg vildi mega leyfa mjer að minnast örfáum orðum á einstaka brtt., sem hjer liggja fyrir, og sömuleiðis á nokkur ummæli einstakra þingmanna. Vil jeg þá fyrst minnast á ummæli háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um tillögu okkar minni hluta fjhn. um stuðning til mjólkurfjelagsins Mjallar í Borgarfirði.

Þessi háttv. þm. gat ekki fallist á tillögu okkar fyrir þá sök, að hann taldi það ekki sanngjarnt, að niðursoðin mjólk fjelli undir verðtoll, eins og þó ýmsar aðrar sambærilegar vörutegundir, og færði það til meðal annars, að mjólkin yrði of dýr, þar sem hið fátækara fólk notaði hana mestmegnis. Þessa sömu ástæðu má færa um allar almennar þurftarvörur.

Jeg get tæplega búist við, að því verði neitað, að það sje engu síður sanngjarnt að láta þessa vörutegund komast undir verðtollinn en t. d. smjörlíki, sem háttv. þm. hefir þó ekki talað um að skjóta undan honum. Hvorttveggja eru almennar þurftarvörur.

Það verður engan veginn svo, að þessi vörutegund verði ófáanleg, þó að hún hækki um það, sem verðtollinum nemur.

Jeg lít svo á, að sú verðhækkun myndi verða til þess, að menn færu frekar að afla sjer náttúrlegrar mjólkur, sem að allra dómi er miklu hollari en niðursoðin mjólk; því að niðursoðin mjólk er talin tapa miklu af bætiefnum, og er því ekki eins holl fyrir ungbörn eins og náttúrleg mjólk.

Þá vjek þessi hv. þm. að því sama og hæstv. fjrh. (JÞ), að þessi stuðningur væri ófullnægjandi fyrir fjelagið, af því að hann kæmi ekki að notum á yfirstandandi ári. Út af þessum ummælum vil jeg benda á það, að tillaga okkar minnihlutamanna bætir þó mun betur úr fyrir fjelagið en tillaga meiri hlutans. Því að eftir þeim tillögum, sem fyrir liggja um verðtollinn, fellur hann á niðursoðnu mjólkina 1. júlí þessa árs. Nær því tollverndin yfir allan síðari hluta ársins. En till. meiri hlutans er miðuð við næsta ár, og veitir fjelaginu því engan stuðning alt yfirstandandi ár.

Þá vil jeg örlítið minnast á ummæli hv. frsm. síðari hluta fjárlagafrv. (TrÞ), sjerstaklega að því er snertir ummæli hans um styrkinn til búnaðarfjelaganna. Háttv. frsm. taldi hann koma að litlu gagni, því að búnaðarfjelögin gerðu ekkert annað með hann en skifta honum milli fjelagsmanna. Þetta þóttu mjer röng og ómakleg ummæli, því jeg er í vafa um, að aðrar fjárveitingar til landbúnaðarins sjeu betur notaðar. Þar sem jeg þekki til, er þessu fje varið til þess að efla fjelagsskapinn og styðja að framkvæmdum í búnaði, fyrst og fremst með því að kaupa

verkfæri, til þess að menn geti komið meiru í verk en annars.

Fjárveiting sú, sem er í fjárlagafrv. í þessu skyni, er 10 þús. kr. Mjer fyrir mitt leyti finst hún svo hlægilega lítil, að nær því megi á sama standa, hvort hún stendur þar eða ekkert. Og úr því að komin er fram tillaga um hækkun á þessari fjárveitingu, mun jeg að sjálfsögðu fylgja henni, og gæti fremur fallist á, að dregið yrði aftur að sama skapi úr fjárveitingunni til Búnaðarfjelags Íslands.

Jeg vil þá víkja nokkrum orðum að hæstv. fjrh. (JÞ). Hann taldi vafasamt, hvort það væri formlega rjett að bera nú fram tillögu um 56 þús. kr. til viðbótarbyggingar við Eiðaskólann, þar sem 60 þús. kr. till. var feld við 2. umr. fjárlagafrv. Jeg get alls ekki sjeð, á hverju þetta er bygt, því hjer er aðeins um áætlunarupphæð að ræða, og því ekki hægt að segja, hvort 56 þús. sjeu nær hinu rjetta en 60 þús.

Þá kom fram sú nýstárlega skoðun hjá hæstv. ráðh., að hann teldi stjórnina ekki skylda að borga þetta fje út, þó að fjárveitingin yrði samþykt, ef fje væri ekki fyrir hendi. Jeg fæ nú ekki skilið, hvernig hægt er að segja þetta um eina fjárveitingu frekar en aðra. Því jeg lít svo á, að hið sama hljóti að gilda um allar fjárveitingar, sem ekki eru sjerstaklega lögbundnar annarsstaðar en í fjárlögum. En um þessa fjárveitingu stendur þó það sjerstaklega á, að stjórnin hefir heimild til þess að taka lán til að inna hana af hendi, ef fje er ekki til. Er því síst ástæða til þess að hafa þessi ummæli um þessa fjárveitingu.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að till. um styrk til Lúðvíks Jónssonar, til þess að fullkomna jarðyrkjuverkfæri þau, er hann hefir í smíðum. Þegar maður þessi kom frá útlöndum eftir framhaldsnám þar í búfræði, kom hann fljótlega auga á það, sem ýmsir aðrir höfðu bent á áður, að hin útlendu jarðyrkjuverkfæri ættu ekki við okkar staðhætti. Fór hann því að hugsa um, hvaða umbætur hann gæti gert á verkfærunum, svo að þau ættu við okkar staðhætti. Og til þessara athugana hefir hann varið miklu fje og miklum tíma. En nú stendur svo á, að hann er búinn að smíða verkfæri, sem gerir hvorttveggja í einu, það sem plógur og herfi gerðu áður, og þarf auk þess minni kraft. Búnaðarþingið hafði heitið verðlaunum fyrir uppgötvun þessa, ef hún reyndist vel, og ljet því dómnefnd reyna tæki þetta. Var það álit nefndarinnar, að árangurinn væri góður og verðlaunaverður. En auk þess er það einróma álit allra þeirra manna á Austurlandi, er reynt hafa jarðyrkjutæki þetta, að það gefist ágætlega. Eini gallinn hefir verið sá, að smíðin hefir ekki verið nægilega örugg, og það, sem nú er um að gera, er því að fá betra efni og gera auk þess nokkrar smáumbætur, og í því skyni er farið fram á fjárveitingu þessa. Verkfæri þetta er einskonar íslenskur þúfnabani, sem plægir og herfar í einu og lætur grassvörðinn verða ofan á eftir plæginguna. Þennan þúfnabana er hægt að nota með hestafli á hverjum bæ, og getur því komið að almennum notum. Jeg get bætt því við, að danskur jarðyrkjumaður, sem vann með plógherfi þessu í sumar þar eystra, gaf því mjög svo lofsamlegan vitnisburð.

Jeg held því, að þegar á alt er litið, verði það enginn sparnaður landinu, ef ekki er brugðist vel við styrkbeiðni þessari og manni þeim, sem í hlut á, ekki gert fært að fullkomna þetta verkfæri sitt. Fjárveiting þessi mun áreiðanlega borga sig síðarmeir.

Jakob Möller: Það svarar nú ef til ekki kostnaði að tala hjer langt mál. Mun jeg þó víkja að ýmsu, er fram hefir komið á víð og dreif í umræðunum.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem því miður er nú ekki viðstaddur hjer, vjek að þeirri brtt. minni, er fór fram á að hækka tekju- og eignarskatt. Taldi hann slíka hækkun með öllu óverjandi, og taldi jafnvel, að fjvn. hefði sett markið þar of hátt. Þetta er þó næsta furðuleg staðhæfing, því að verstu árin hafa tekjurnar verið um 800 þús. kr. Háttv. þm. (JAJ) bygði þessar hrakspár sínar á því, að sá hái tekju- og eignarskattur, sem útgerðarfjelögin gyldu með þessum hætti, yrði dreginn frá næsta ár. Það er að vísu satt, að fjelög þessi greiða háan skatt, en það eru heldur engin smáræðisáhrif, sem honum er ætlað að hafa, þar sem hann á ekki aðeins að koma til frádráttar hjá útgerðarmönnum, heldur einnig að lækka skatt á öðrum. Það eru líka fleiri en útgerðarfjelögin, sem skatt greiða. Undanfarin ár hafa útgerðarfjelögin sama sem engan skatt greitt, og hefir tekjuskatturinn þó numið um 800 þús. kr., og það þrátt fyrir frádrátt tekjuskatts frá skattskyldum tekjum.

Hv. þm. sagði, að útgerðarmenn ættu að stríða við aukinn kostnað sökum hækkandi kaupgjalds. Ekki ætti það að koma eingöngu að sök, því að afleiðingin er þá sú, að verkamenn þeirra hafa á þann hátt hærri tekjur en áður, og greiða þeir þá nokkru hærri skatt.

Yfirleitt var speki þessa hv. þm. (JAJ) ærið torskilin. Því hefir ekki verið mótmælt enn, sem jeg sagði í gær, að sú myndi verða raunin á, að tekjurnar yrðu hærri en þetta, enda mun það sannast áður en lýkur.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek líka að þessari till. minni og talaði eins og við 2. umr. um kreppu þá, er myndi koma yfir land og lýð árið 1926. Reyndar var hann ekki alveg jafnviss um það nú eins og áður, að þessi kreppa kæmi, en þó var hann við það heygarðshornið. En það var og næsta eftirtektarvert, að þótt hann talaði jafnan annað veifið um þessa óskaplegu kreppu, þá var altaf viðkvæðið, að tap væri að ráðast í nokkrar framkvæmdir nú sem stæði, vegna þess, að gengið myndi hækka á næstu árum. En þessar röksemdir stangast, og það er sannarlega ekki gott að fást við slíka rökfærslu. Ef gengi hækkar, hlýtur það að stafa af góðæri, en ekki af kreppu. Jeg veit ekki, hvoru hæstv. fjrh. trúir. En það voru helstu mótbárur hans gegn fjárveitingunni til landsspítalans, að ráðlegra væri að bíða eftir verðfalli heldur en að ráðast þegar í framkvæmdir. En skyldi kreppan ekki geta dunið yfir, ef það verður dregið lengur? Ef ekki má ráðast í slíkt, þegar vel gengur, verður það aldrei hægt. En ef kreppan er hinsvegar á næstu grösum, þá ætti einmitt nú að ráðast í spítalabygginguna, samkv. orðum hæstv. ráðherra sjálfs um það, að í slíkar framkvæmdir eigi að ráðast á „mögru“ árunum.

Háttv. frsm. fyrri kafla fjárlagafrv. (ÞórJ) taldi rjett að bíða í 1—2 ár enn þá með byggingu landsspítalans. Eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, er búið að segja þetta svo oft áður, að hægt er að segja það í 10—20 ár enn.

Jeg hefi ekki fleira að segja um þessar brtt. mínar, brtt. um að hækka tekju- og eignarskatt og um fjárframlag til landsspítala, því að jeg hefi svarað þeim helstu mótbárum, sem fram hafa komið gegn þeim. Hvað hækkunartill. mínar við tekjuhliðina snertir yfirleitt, læt jeg mjer

í ljettu rúmi liggja, hvort samþyktar verða. En hitt veit jeg, að þær ganga síst of langt.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hafði að athuga við till. mína um að hækka aukatekjurnar um 25 þús. kr., upp í 325 þús. kr., er það að segja, að tekjur þessar hafa tvö undanfarin ár numið 330 þús. kr. og 400 þús. kr. Hjer er því varlega farið í sakirnar, enda eru aukatekjurnar samkv. till. minni ofan við meðaltal, enda þótt gengishækkunin sje ekki öll lögð við.

Um aðrar brtt. minar var lítið annað sagt en það, að fjvn. treysti sjer ekki til að mæla með þeim. Það spáir að vísu ekki góðu um afdrif þeirra, en jeg vænti þess, að hv. deild athugi, hvað á bak við liggur. Jeg vildi hjer sjerstaklega minnast á eina brtt. mína, um styrk til iðnskólans. Jeg býst við, að hv. þm. hafi sjeð af skýrslu þeirri, er hjer hefir verið útbýtt, að tekjuhalli hefir orðið á rekstri skólans undanfarið ár, sem svarar þeirri upphæð, sem fram á er farið í till. minni. Fræðsla sú, sem þessi skóli veitir, er lögskipuð, og má því ekki niður falla. En hinsvegar er auðsætt, að skólinn getur ekki haldið áfram að starfa með tekjuhalla ár eftir ár, og skólagjöld eru það há, að ekki er á bætandi.

Þá vildi jeg víkja nokkuð að brtt. hv. fjhn. viðvíkjandi mjólkurverksmiðjunni Mjöll í Borgarfirði. Ágreiningur er um það í nefndinni, hvort verksmiðjan skuli njóta tollverndar eða styrks. Munurinn er sá, að með verndartolli eru þeir menn skattlagðir, sem síst mega við því, og er það hart aðgöngu, þegar er um að ræða iðnfyrirtæki í landinu sjálfu, í stað þess að láta kostnaðinn af slíkum styrk koma eftir efnum og ástæðum á bak allra landsmanna. Slíkir verndartollar eru ekki vel sjeðir við sjávarsíðuna, og það er mjög vafasamt, hvort verksmiðjan græddi nokkuð á þeirri tollvernd. Vitanlega skiftir það ekki miklu máli í sjálfu sjer, hvort fjárveitingartill. meiri eða minni hl. fjhn. verður samþykt. Það er till. minni hl. í sambandi við verðtollsfrv., sem hjer er um deilt. En rjett er að vekja athygli hv. þdm. á því, að máli þessu er stofnað í hættu með þessum reipdrætti.

Fjármálaráðherra (JÞ): Vegna þess að tveir hv. þm., hv. þm. Dala. (BJ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), hafa talað um, að þær röksemdir mínar reki sig hvor á aðra, að kreppa sje fyrir dyrum og að ráðlegra sje að bíða eftir verðfalli með framkvæmdir, vildi jeg gefa nokkra skýringu.

Verðlækkun kemur af gengishækkun. Gengishækkun hefir nú staðið yfir eitt ár og gerir enn, en verðlækkun gerir enn lítið vart við sig. Hún fylgir líka sjaldan á eftir gengishækkuninni fyr en jafnvel ári seinna. Ef vjer hugsum, að gengishækkunin haldist til ársloka 1925, er óvíst, hvort búast má við samsvarandi verðlækkun fyr en í árslok 1926. Þeirri kreppu, sem á eftir kemur, fylgir verðlækkun, án tillits til pappírspeninga, sem breyta verðlagi. Kreppa byrjar jafnan þegar verðlag er hátt, og henni samfara er ávalt verðlækkun. Þetta hefir jafnan gengið svo til. Það er því alls ekkert ósamræmi að gera ráð fyrir hvorutveggja í senn: verðlækkun og nokkurri kreppu fyrir atvinnuvegina.

Pjetur Þórðarson: Mjer fanst það ekki mega minna vera en að jeg ljeti í ljós þakklæti mitt við hv. fjvn. fyrir það, hve vel hún hefir tekið hinni einu brtt., sem jeg átti hjer. Þykir mjer það bera vott

um, að nefndin sje sjálfri sjer samkvæm og gæti þess hvorstveggja í senn, að hver fjárveiting sje sanngjörn og að tilsvarandi hagsmuna sje af henni að vænta.

Jeg býst við, að það sje mín sök, er jeg talaði fáein orð í dag, sem hafa gefið hv. þm. Dala. (BJ) tilefni til þess að misskilja þau þannig, að jeg hafi sagt, að hv. þm. hafi ekki talað nægilega skörulega fyrir sínum till., og þó einkum einni, þ. e. styrknum til búnaðarfjelaganna. Hafi verið hægt að skilja orð mín svo, þá hefir það orðið þvert á móti því, sem jeg ætlaðist til. Jeg vildi einmitt halda því fram, að þessi hv. þm. (BJ) talaði allra manna snjallast fyrir till. sínum, enda er hann kunnur að ræðusnilld og rökfimi. Ekki vantar það, enda datt mjer ekki í hug að kvarta undan neinu. En hins mun jeg hafa getið, sem hann hefði getað kallað kvörtun, að jeg skildi ekki vel í, hve mikið ósamræmi væri í úrslitum mála og breytinga þeirra, er hann flytti, og hinum skörulega flutningi hans. En það er líklega af því, að mig skorti greind til að skilja það.

Jeg vil þó gera grein fyrir nokkrum atriðum þessu máli viðvíkjandi. Hjer hefir verið rætt um það, hvort styrkurinn til búnaðarfjelaga hafi komið að notum. Jeg viðurkenni, að hv. þm. (BJ) hefir rjett fyrir sjer, er hann sagði, að til þess að hann gæti komið að sömu notum og áður, þyrfti hann að vera þrefalt hærri en till. hans fer fram á. Jeg er kunnugur reynslunni í þessu efni og veit, að þessi styrkur kom áður að mjög miklum notum. En á síðari árum, þegar farið var að skera hann við neglur sjer, hefir hann komið að mjög litlum notum. Það er stundum hálfhlægilegt, þegar 20—25 bændur í einni sveit fá til samans 3—6 lambsverð sem styrk fyrir fjelag sitt. Það mundi sannarlega ekki raska búnaðarframkvæmdum þeirra, þótt styrkur þessi fjelli niður. Jeg áiít, að þetta sje hvorki heilt nje hálft, jafnvel þótt upphæðin væri hækkuð upp í 30 þús. kr., og væri betra að fella styrkinn niður ár og ár í bili heldur en að búta hann svona niður á hverju ári.

Annað atriði, sem jeg vildi benda á, er það, að mjer virtist ekki koma að notum þessi rökstudda skoðun hv. þm. Dala. (BJ) um 32. lið á þskj. 290, 2. tölulið. Það er styrkur til að gefa út vísindarit til minningar um Eggert Ólafsson á 200 ára afmæli hans. Jeg er alveg viss um það, að svo má heita, að hverju barni, sem komið er yfir 12 ára aldur, og hverjum manni, sem hefir getað lært venjulegar námsgreinar undir fermingu, er mjög vel kunnug og kær minning þessa ágætismanns, svo að hún er í engri hættu stödd, þótt ekki sje nú farið að gefa út vísindarit til þess að heiðra hana. Jeg er sannfærður um það, að þessi minning er mótuð svo að segja í hvers manns hjarta og á ekki fyrir sjer að þróast betur, þótt þetta vísindarit verði gefið út á ákveðnum degi.

Þá vildi jeg aftur minnast ögn á þennan mismun á rökfimi og málsnild háttv. þm. Dala. (BJ) annarsvegar og úrslitanna á ýmsum till. hans um fjárveitingar hinsvegar. Jeg játa, að jeg finn ekki samræmi þar á milli, og jeg held, að það eigi rót sína að rekja til þess, að þessar till. sjeu ekki á eins miklum og staðgóðum rökum reistar eins og hv. þm. tekst að sýna að ytra útliti með orðum sínum.

Jeg ætla ekki að fara út í ýmislegt, sem hv. þm. beindi til mín í ræðu sinni. En þó vil jeg drepa á eitt að lokum. Hann

var að tala um siðbótarstarfsemi hjá mjer í sambandi við það, sem jeg talaði áður um siðbótastarf hans hjer í þinginu. Jeg get sagt honum það, að hvað snertir starfsemi mína innan Framsóknarflokksins, þá skoða jeg það ekki skyldu mína að gefa honum neina skýrslu. En þess má geta, að þessi hv. þm. hefir ekki sparað að nota ýms vel valin orð, sem jeg gæti tekið mjer til fyrirmyndar til þess að brýna flokkinn til siðbótar, svo sem það að bera honum á brýn, að hann „ráðist á saklausa menn", „rjúfi gerða samninga", „sviki gefin loforð", „skeri niður menn" o. s. frv. Jeg get þessa hv. þm. til fróunar, ef honum fyndist það dragast fyrir mjer að gefa skýrslu um mína siðbótarstarfsemi innan flokksins.

Loks ætlaði jeg að drepa lítilsháttar á till. á þskj. 290, XLIV. lið, um styrk til mjólkurniðursuðufjelagsins Mjallar. Jeg vil ekki reyna um of á þolinmæði háttv. þm. með því að fara langt út í það mál, en jeg álít, að till. frá minni hl. fjhn. í XLV. lið mundi koma fjelaginu betur, ef till. um aukinn toll kynni að ganga fram hjer í þinginu, því að þótt svo færi, að fyrri till. yrði samþykt, en tollurinn ekki, þá er mikið spursmál, hvort það kæmi að nokkrum notum fyrir fjelagið, þó samþyktur yrði slíkur styrkur því til handa, sem ekki kæmi í gagn fyr en á árinu 1926. Jeg hygg, að svo sje ástatt fyrir fjelaginu, að því aðeins komi því slík hjálp að notum, að hún komi nú þegar. Jeg hygg, að það sje alveg rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að það sje bara til að sýnast að samþykkja þennan styrk, ef hann kemur ekki að notum þegar á þessu ári. Ef þingið vill styrkja fjelagið í vandræðum þess, þá verður hjálpin að koma sem fyrst, og einmitt, að mínu áliti, sem till. minni hl. fjhn. bendir til: með verndartolli.

Jakob Möller: Hæstv. fjrh. (JÞ) tókst ekki að komast úr þeirri röksemdakreppu, sem hann er nú kominn í. Síðustu orð hans voru á þá leið, að áður en byrjað yrði á framkvæmdum, yrðu menn fyrst að hafa notið um hríð væntanlegrar verðlækkunar, sem kæmi af hækkandi gengi. En bersýnilegt er, að ef nú á að bíða, þá er slept góðu tækifæri, og sje beðið meðan gengið er að hækka, svo og svo lengi, þá gæti svo farið, að kreppan kæmi einmitt á framkvæmdirnar og það lækkandi gengi, sem gera mætti ráð fyrir, að henni fylgdi, og yrði þá að minsta kosti enginn vinningur að biðinni, en ef til vill skaði.

Frsm. fyrri kafla (Þórarinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja, enda er fátt af hv. þm. í salnum, og hv. þm. Ak. (BL) sje jeg ekki. En við hann vildi jeg segja það, vegna þeirra orða hv. þm., er hann sagði við 2. umr. þessa máls og jeg vildi þá ekki lengja umr. með að svara, að læknar hjeldu sjúklingum í hagsmunaskyni í sjúkrahúsum lengur en þörf væri. Vil jeg bera slíkt ámæli bæði af Jónasi lækni Kristjánssyni, sem þessum ummælum virtist einkum stefnt til, og öðrum læknum, er jeg þekki.

Hjer var minst á tekjuhlið fjárlagafrv. af hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem vildi halda því fram, að meðaltal mitt væri ekki rjett, af því að gengisviðaukinn væri ekki lagður við á fyrri árin og væri ekki nema á ¾ ársins 1924. En hjer ber þess að gæta, að í fyrsta lagi hækkaði jeg upp alt árið 1924 fyrir gengisviðaukanum, og svo er hitt, að þó að þetta atriði sje tek-

ið til greina, þá verður ekki bygð á því einhlít áætlun, því að komi kreppa, þá dregur úr innflutningnum, og verði innflutningurinn minni en við er búist, þá minka tekjurnar. Annars er ekki til neins að þrátta um tekjurnar, því að þær verða þær sömu, hvort sem áætlunin er hækkuð eða ekki. Vísa jeg annars í þessu efni til þeirra umr., sem áður hafa orðið um það atriði, og læt svo úttalað um það.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) mintist mín í sambandi við landsspítalann og kvað mig vilja draga úr því, að nokkuð yrði framkvæmt í því efni. Háttv. þm. sagði, að nú væru góðar ástæður í landinu og mundi svo verða næsta ár. Það, sem jeg sagði um þetta, var, að betra væri að bíða nú 1—2 ár heldur en að eiga það á hættu, að framkvæmdir í þessu efni teptust á miðri leið. Jeg skal benda á það, að eftir 1—2 ár er ætlast til þess, að ríkið leggi fram um 600 þús. kr., og verði þá komin kreppa, mætti svo fara, að það gæti ekki reitt af höndum svo mikið fje. Mætti þá vel fara um landsspítalann eins og t. d. viðbótina við geðveikrahælið á Kleppi, sem byrjað var á, en nú hefir legið niðri fleiri ár, og er því sama sem ógerð. Og enn má nefna Eyrarbakkaspítalann. Jeg held þess vegna, að það sje ekki ófyrirsynju að bíða með þetta 1—2 ár. En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá er jeg hlyntur málinu og tel, að það eigi að ganga á undan t. d. heilsuhæli á Norðurlandi.

Þá er ein brtt. á þskj. 318, sem fjvn. hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um. Það er till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um, að veittar verði 2500 kr. til þess að gera fullkomið efnisyfirlit og registur yfir Stjórnartíðindin. Jeg játa, að þetta sje nauðsynlegt, þar sem það hefir ekki verið gert síðan 1915. En vegna þess, eins og jeg tók fram áðan, að nefndin hefir ekki getað borið sig saman um till., þá vil jeg leggja það til við hv. flm., að hann taki hana aftur til einnar umr., svo að nefndin geti athugað málið í samráði við stjórnina; meðal annars, hvort ekki sje hægt að komast af með minna fje. En verði hv. flm. (JBald) ekki við þeim tilmælum, þá hefir nefndin óbundin atkv. um till.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins fáar athugasemdir, sem jeg þarf að gera.

Það fór sannarlega að losna um tunguhaftið á a. m. k. 4 hv. þm. út af því, sem jeg sagði hjer áðan um styrkinn til búnaðarfjelaganna. Þeir hv. þm. Ak. (BL), hv. þm. Borgf. (PO), hv. þm. Dala. (BJ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hafa allir veitt mjer föðurlegar áminningar, auk hæstv. fjrh. (JÞ), sem jeg kem brátt að. Jeg þarf síst að svara hv. þm. Borgf. (PO), enda áttum við tal um málið í nefndinni og komumst báðir að sömu niðurstöðu út frá sömu forsendum. Jeg talaði ekki um fortíðina í minni ræðu, og þegar hæstv. fjrh. vjek að starfsemi fjelaganna fram að 1914, þá mintist hann rjettilega á þær framkvæmdir, sem þau hefðu hrundið af stað. En ef hann hefir með því ætlað að ósanna mitt mál, þá verður hann reyk, því að jeg er honum alveg sammála um það, að búnaðarfjelögin hafi á þessum tíma gert mikið gagn. En nú er aðstaðan breytt. Það getur verið, að það hafi ekki komið nógu skýrt fram í orðum mínum, sem jeg vildi sagt hafa. En það var þetta, og það mæli jeg fyrir hönd allrar fjvn. nema hv. þm. Dala., að þegar við töldum upp alt, sem

þingið hefir nú á prjónunum til styrktar landbúnaðinum, ræktunarsjóðinn, kæliskip, styrk til Búnaðarfjelags Íslands og fjárveiting vegna jarðræktarlaganna, þá var það álit okkar, að hjer væri styrkurinn til búnaðarfjelaganna veigaminsti liðurinn. Þetta var samhuga álit í nefndinni, að þetta, sem jeg nú taldi, bæri okkur að leggja alla áherslu á, án þess þó að við vildum neitt rýra álit búnaðarfjelaganna. Við viljum því síður leggja áherslu á það að hækka styrkinn til búnaðarfjelaganna að svo komnu. En jeg skal játa það, að jeg mun eiga erfitt með að greiða atkv. á móti till.

Loks vil jeg beina nokkrum orðum til hv. þm. Dala. (BJ) út af þessari till. Jeg efa fullkomlega, að hann þekki til fullnustu, hvernig hjer er varið málum. Áður var þessi liður í fjárlögunum verðlaun fyrir unnar jarðabætur. Er því svo varið nú? Nei. Aðstaðan er breytt. Nú stendur nýr liður í fjárlögunum til verðlauna nýjum jarðabótum, 50 þús. kr. Þessi liður er 2½ sinnum stærri en sá, sem hv. þm. Dala. vill setja inn, og 5 sinnum hærri en hinn, sem hv. þm. vill breyta.

Þá kem jeg að seinni liðnum, sem jeg vildi einkum tala um. Það er Skeiðaáveitan. Um hana hafa talað þeir hæstv. fjrh. (JÞ), hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. Árn. (JörB). Jeg fullyrði, að meiri hluti fjvn. stendur fast við það að gera þá kröfu að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir till. sinni, að skipulagi verði komið á fjárreiður áveitufjelagsins áður en byrjað verði að greiða í peningum sjerstakan styrk til þess. Jeg efa það ekki, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) tók fram, að bændurnir á Skeiðunum vilji standa við skuldbindingar sínar. Og ef svo er, þá á þeim að vera ljúft að sýna það í verki. Þá á þeim að vera metnaðarmál að láta það koma fram, áður en byrjað er á því seinasta, sem á að gera fyrir þá í þessu máli.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði rjettilega, að það væri ekki það sama að gefa eftir vextina af áveitulániinu fyrir árin 1924 og 1925 og að koma skipulagi á fjárreiður fjelagsins. En í beinu samræmi við það vill fjvn., að ekki sje byrjað á greiðslu til þeirra fyr en 1926, einmitt af því að þetta umrædda skipulag er enn ekki komið á.

Jeg vil þá víkja fáeinum orðum að ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Hann leitaðist við að svara fyrirspurn minni viðvíkjandi landsspítala, en svar hans var næsta óljóst, og varð ekki á því sjeð, að hann hefði neina ákvörðun tekið í þessu stórmáli. Hann talaði um, að mjer væri tamt að vísa til fornsagnanna í ræðum mínum, og er það satt. En þá dettur mjer í hug í þessu sambandi, það sem Þórður Andrjesson sagði um Gissur jarl, að menn mættu hafa það til marks um, að hann væri feigur, ef hann treysti Gissuri. Jeg get sagt það sama, að þá væri jeg feigur, ef jeg tryði hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir landsspítalanum.

Þá skoraði hæstv. fjrh. (JÞ) á hæstv. forseta að skera úr því, hvort tillaga mín væri lögleg. Jeg býð rólegur þessa úrskurðar, en minna mætti á það, að hæstv. ráðherra (JÞ) hefir einusinni áður mátt hlíta úrskurði hæstv. forseta (BSv). Það var í fyrra, og þá var það ekki hæstv. fjrh. (JÞ), sem brosti. Má vera, að á líka lund fari enn!

Að lokum vil jeg víkja fám orðum að ræðu háttv. þm. Dala. (BJ). Hann ljet sjer þau orð um munn fara, að meira fje gengi til yfirstjórnar sandgræðslunnar en hennar sjálfrar. En jeg vil aðeins geta þess, að sú upphæð, sem veitt er

til sandgræðslunnar, stendur jafnan í fjárlögunum, og fer ekkert af því til atvrh., sem hefir á hendi yfirstjórn sandgræðslunnar.

Þá sagði hann ennfremur setningu, sem mig furðaði á. Hann kvaðst síst vera viss um, að því fje væri vel varið, sem færi til Búnaðarfjelags Íslands, en vill þó hækka styrkinn til þess um 50 þús. kr. Mjer finst dálítil mótsögn í þessu tvennu. En um gagnsemi Búnaðarfjelagsins vil jeg auðvitað ekki rökræða við hann. — Annars skemti jeg mjer mætavel undir ræðu háttv. þm. (BJ), og sjerstaklega var gaman að heyra það, sem hann sagði í garð hæstv. stjórnar út af sakamálsrannsókninni. Hjó þar sá, sem hlífa skyldi, en honum hefir farið þar líkt og Þorgeiri Hávarðssyni, sem hjó mann vegna þess, hve vel hann stóð við högginu.

Jón Baldvinsson: Háttv. frsm. fyrri hl. fjárlagafrv. (ÞórJ) hefir tjáð sig móti till. um framlag til landsspítalans og gat þess, að þó að nú væru veittar 100 þús. kr. til byggingarinnar og 300 þús. kæmu frá landsspítalasjóðnum, þá væri samt eftir að veita 600 þús. kr. frá ríkinu og verkið gæti því stöðvast fyrir þessu. En jeg vil þá aðeins minna hv. þm. (ÞórJ) á það, að ef ekki verða veittar þessar 100 þús. kr. nú, þá eru 700 þús. kr. eftir, og er síst skynsamlegt að draga að leggja fram alla þá upphæð. Þessi röksemdaleiðsla hans er að mínu áliti svo barnaleg, að óhugsanlegt sje, að hún standi í vegi fyrir þessu máli.

Þá vil jeg aðeins geta þess, að jeg tek aftur till. mína á þskj. 318. Er það ekki vegna þess, að jeg telji hana ekki hafa fullan rjett á sjer, heldur af hinu, að hv. fjvn. mun taka það, sem hún fer fram á, til athugunar.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg þarf ekki að svara mörgu, enda hefi jeg takmarkaðan tíma.

Hv. þm. Str. (TrÞ) fór út í ummæli mín um sakamálsrannsóknina. Jeg hefi ekki kastað neinum spaugsyrðum að hæstv. stjórn vegna afskifta hennar af þessu máli, en eins og jeg hefi oftlega tekið fram, þá er mjer lítið um það gefið að elta menn.

Hvað viðvíkur styrknum til Búnaðarfjelags Íslands, sem jeg hafði áður talað um á þann hátt, að hneykslaði háttv. þm. Str. (TrÞ), þá svara jeg því einu, að þó grunur leiki á um það, að fje því, sem til þess hefir verið veitt, hafi ekki verið sem best varið, þá verður maður jafnan að trúa því um hverja stjórn og stofnun, að hún geti tekið framförum. Eða kannske hv. þm. (TrÞ) vilji mótmæla því að því er snertir þessa stofnun?

ATKVGR.

Útbýtt var á fundinum brtt. 317 og 318. — Afbrigði um þær leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 290,I.1 feld með 15:9 atkv.
— 290,I.2 feld með 18:5 atkv.
— 290,I.3 feld með 16:11 atkv.
— 290,II samþ. án atkvgr.
— 290,III.1 tekin aftur. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tók till. upp, og var hún feld með 16:5 atkv.
— 290,III.2 feld með 15:9 atkv.
— 290,III.3 feld með 16:9 atkv.
— 290,IV samþ. án atkvgr.
— 299,I feld með 14:12 atkv.
— 318 tekin aftur.
— 290.V samþ. með 21 shlj. atkv.
— 290,VI.1 feld með 14:8 atkv.

Brtt. 290,VI.2 samþ. með 17:1 atkv.
— 290,VI.3 feld með 14:10 atkv.
— 290,VI.4.a feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, MJ, MT, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BJ, HStef, JakM, JBald, JK, JS, ÞorlJ.
nei: JörB, KlJ, MG, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÁF, ÁÁ, BSt, BL, HK, IngB, JAJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,VI.4.b tekin aftur.
— 290,VII samþ. með 14:13 atkv.
— 290,VIII samþ. með 15:11 atkv.
— 290,IX samþ. með 14:2 atkv.
— 290,X samþ. með 20 shlj. atkv.
— 290,XI samþ. með 17:1 atkv.
— 290,XII samþ. með 15:8 atkv.
— 290,XIII (aðaltill.) feld með 16:6 atkv.
— 290,XIII (varatill.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, JAJ, JBald, ÞorlJ.
nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÁJ, BSt, BJ, BL, HStef, HK, IngB, JakM.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XIV feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, IngB, JBald, JörB, KlJ, MT, ÞorlJ.
nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XV samþ. með 14:3 atkv.
— 290,XVI.a feld með 17:4 atkv.
— 290,XVI.b feld með 16:3 atkv.
— 290,XVII samþ. með 24 shlj. atkv.
— 290,XVIII samþ. með 22 shlj. atkv.
— 290,XIX samþ. með 14:4 atkv.
Brtt. 290,XX feld með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, JakM, JBald, MJ, MT, SigurjJ.
nei: ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt. BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XXI,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 290,XXI.2 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, BJ, HK, IngB, JBald, JS, ÞorlJ.
nei: KlJ, MG, MJ, SigurjJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, JakM, JAJ, JK, JÞ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XXI.3 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 290,XXII samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JakM, JBald, ÞorlJ.
nei: JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, BL, HK, JAJ, JK.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XXIII samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JBald, JÞ, JörB, MJ, MT, SigurjJ, SvÓ, ÁF, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, HK.
nei: JAJ, JK, JS, KlJ, MG, PO, PÞ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, BL, IngB, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XXIV samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KlJ, MJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JakM, JBald, ÞorlJ.
nei: JS, JÞ, MG, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,XXV feld með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HK, JBald, MT, SvÓ, ÁF.
nei: BJ, BL, HStef, IngB, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÞorlJ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 290,XXVI samþ. með 15:9 atkv.
— 290,XXVII feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, MT, SigurjJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JAJ, JBald, JÞ, JörB.
nei: KlJ, MG, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, BSt, BJ, HK, IngB, JK, JS, ÞorlJ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 290,XXVIII (aðaltill.) feld með 18:5 atkv.
— 290,XXVIII (varatill.) feld með 15:8 atkv.
— 290,XXIX samþ. með 17:1 atkv.
— 290,XXX samþ. með 14:6 atkv.
— 290,XXXI,1 tekin aftur.
— 303,1—2 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MG, MJ, SigurjJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef.
nei: IngB, JBald, JS, JörB, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, BJ, HK, ÞorlJ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 290,XXXI.2 tekin aftur.
— 290,XXXI.3 samþ. með 20:1 atkv.
— 290,XXXII.1 feld með 14:9 atkv.
— 290,XXXII,2 feld með 17:8 atkv.
— 290,XXXIII,1—2 teknar aftur.
— 299,II tekin aftur.
— 290,XXXIV feld með 14:12 atkv.
— 290,XXXV.1—2 teknar aftur.
— 290,XXXVI samþ. með 14:7 atkv.
— 299,III feld með 15:9 atkv.
— 290,XXXVII feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KlJ, MT, ÁJ, BSt, BJ, BL, HStef, HK, JakM, JBald, JK.
nei: MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, IngB, JAJ, JS, JÞ, JörB, ÞorlJ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 299,IV.a tekin aftur.
— 299,IV.b samþ. með 16:5 atkv.
— 317 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 290,XXXVIII.1.a samþ. án atkvgr.
— 290,XXXVIII,1.b úr sögunni.
— 290,XXXVIII.2 tekin aftur.
— 290,XXXVIII.3 samþ. með 20:1 atkv.
— 290,XXXIX feld með 14:4 atkv.
— 290,XL samþ. með 19 shlj. atkv.
— 290,XLI samþ. með 14:12 atkv.
— 290,XLII samþ. með 16 shlj. atkv.
— 299,V (aðaltill.) feld með 16:3 atkv.
— 299,V (varatill.) feld með 14:9 atkv.
— 290,XLIII samþ. með 15:5 atkv.
— 299,VI tekin aftur.
— 290,XLIV feld með 14:10 atkv.
— 290,XLV feld með 14:10 atkv.
— 290,XLVI samþ. með 16:10 atkv.
— 299,VII feld með 14:12 atkv.
— 299,VIII feld með 14:5 atkv.
— 290,XLVII feld með 19:5 atkv.
— 299,IX samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, MG, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BJ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, ÞorlJ.
nei: KlJ, MJ, MT, PÞ, TrÞ, ÁF, ÁÁ, BSt, IngB, JK, JS, JÞ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 290,XLVIII.a þar með ákveðin.
— 290,XLVIII.b samþ. með 16:8 atkv.
— 290,XLIX feld með 14:9 atkv.
— 290,L tekin aftur.
— 290,LI samþ. með 20 shlj. atkv.
— 290,LII,1—6 teknar aftur.
— 290,LII.7 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 290,LII.8—12 teknar aftur.
— 290,LII.13 samþ. án atkvgr.

Brtt. 290,LII.14 tekin aftur.
— 290,LIII.1 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÁÁ, BSt, BJ, IngB, JakM, JAJ, JBald, JS, JÞ, JörB, MG, MT, ÞorlJ.
nei: PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HStef, HK, JK, KlJ, MJ, PO.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,LIII.2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 290,LIII.3 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 290,LIII.4 samþ. með 20:2 atkv.
— 290,LIV feld með 14:9 atkv.
— 290,LV tekin aftur.
— 290,LVI samþ. með 15:11 atkv.
— 290,LVII samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BJ, BL, HStef, IngB, JakM, JBald, JS, JörB, KlJ, MJ, SigurjJ. ÁÁ, ÞorlJ.
nei: HK, JAJ, JK, JÞ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 290,LVIII tekin aftur.
— 290,LIX feld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, BSt, BJ, JakM, JBald.
nei: JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, ÞorlJ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Nd. (A. 323).

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv.
— Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (JÞ): Stjórnarfrumvarpið til fjárlaga fyrir árið 1926 var svo úr garði gert, að tekjur og gjöld stóðust þar næstum á, og voru 8¾ milj. hvort fyrir sig. Aðaleinkenni þess fjárlagafrv. var það, að tekjuhliðin var mjög varlega áætluð, og gerði stjórnin það í því skyni, að nokkur tekjuafgangur mætti verða til að borga lausaskuldir ríkissjóðs. Þegar frv. var samið, varð ekki vitað um fjárhagsafkomu ársins 1924, og var því stuðst við reynslu ársins 1923 og næstu ára á undan.

Gjaldahliðin nam næstum sömu upphæð og tekjuhliðin. Það, sem einkum einkendi hana, var það, að mun minna var áætlað til verklegra framkvæmda heldur en áður, en þó meira en árið 1925. Nú hefir frv. þetta tekið nokkrum breytingum í Nd. Ýmsir tekjuliðir í 2. gr. hafa verið hækkaðir um 930 þús. kr. Um þessa hækkun er það að segja, að jeg tel hana að vísu forsvaranlega, en þó gengið svo langt, að ekki má lengra fara.

Tekjur eftir 2. gr. nema 9172000 kr. Árið 1923 voru þessar tekjur 1 milj. 600 þús. kr. lægri. En síðan hafa verið gerðar þær breytingar á löggjöfinni, að aðflutningsgjöld hafa verið hækkuð um 25% og verðtollur lagður á. Afkoman 1924 var að vísu betri en þetta, en með samskonar afkomu og 1923 ætti þessi upphæð rjett aðeins að geta staðist. Hinsvegar mun hjer farið á fremsta hlunn, því að það er almenn reynsla, að tekjuhliðin þarf að fara 15% fram úr áætlun til þess að tekjur og gjöld standist á í landsreikningi, ef annars hafa verið afgreidd tekjuhallalaus fjárlög. Fyrir óvissum gjöldum er því ekki upp á annað að

hlaupa heldur en þá von, að árið 1926 verði tekjudrýgra en árið 1923. Þess skal og getið, að hv. Nd. ætlaðist þó ekki til, að öll hækkunin yrði að eyðslufje; 600 þús. kr. voru áætlaðar til afborgana lausaskulda ríkissjóðs, og gekk hv. Nd. þar með inn á þá hugsun stjórnarinnar, að grynna sem fyrst og sem mest á skuldum þessum. Þótt upphæð þessi hækki gjaldahliðina allmikið, er þetta þó ekki raunveruleg útgjaldahækkun.

Þá hafa og verið gerðar um 80 breytingar á gjaldahliðinni í Nd. og miða þær allar til hækkunar, að undanskilinni einni smávægilegri lækkun. Þessi hækkun nemur alls 700 þús. kr. Sex hæstu upphæðirnar, sem allar eru yfir 50 þús. kr., nema alls 400 þús. kr. Eru þar af 100 þús. kr. áætlaðar til landsspítala, 75 þús. kr. til heilsuhælis á Norðurlandi, 50 þús. kr. til vita, 56 þús. kr. til Eiðaskólans, 65 þús. kr. til landhelgisvarna og 50 þús. kr. hækkun til Búnaðarfjelags Íslands. Hækkunartill. um fjárveitingu til vita og landhelgisgæslu eru fluttar í samráði við stjórnina.

Ellefu næstu breytingarnar nema alls 150 þús. kr., og er það fje einkum ætlað til verklegra framkvæmda. Það, sem eftir er, dreifist því á rúmar 60 breytingar, sem flestar eru smávægilegar. En eftir allar þessar breytingar er orðinn 375 þús. kr. tekjuhalli á fjárlagafrv.

Jeg verð að segja það, að jeg tel, að of langt hafi verið gengið í hækkun gjaldaliðanna í hv. Nd. Jeg vildi því mega treysta því, að þessi hv. deild taki fjárlagafrv. nú til rækilegrar íhugunar og gæti þess vel, hvort ekki megi draga nokkuð úr gjöldunum, eða fresta framkvæmdum í bili, í því skyni að ná sem fyrst því takmarki, er stjórnin hefir sett sjer og sem allir flokkar í rauninni hafa fallist á, að greiða sem fyrst lausaskuldir ríkissjóðs.

Að vísu er ekki unt að fullyrða fyrirfram, að nein vandræði þurfi af því að leiða, þótt fjárlögin sjeu afgreidd með dálitlum tekjuhalla, en þó verð jeg að telja það mjög misráðið að fara nú svo freklega í útgjöldin, að á næsta þingi þurfi enn á ný að auka álögur á landsmenn til borgunar lausu skuldanna. Það má ekki koma fyrir, og því leyfi jeg mjer að vænta, að þessi hv. deild vilji taka rjettum tökum á málinu.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi aðeins geta þess, er þetta frv. kemur hjer til 1. umr. með afbrigðum frá þingsköpum, að í dag er 15. apríl. Þingið hófst að þessu sinni viku fyr en í fyrra, svo að fjárlagafrv. kemur í raun og veru hálfum mánuði síðar til umr. í þessari deild nú en þá.

Jeg fann ástæðu í fyrra til að hrósa Nd. fyrir fljóta afgreiðslu á fjárlagafrv. Því miður get jeg ekki gefið henni sama vitnisburð nú. Þingi var slitið 6. maí í fyrra, enda þótt fjárlagafrv. væri þá viku fyr á ferðinni en nú. Það eru því litlar horfur á, að þingi verði slitið svo snemma að þessu sinni.

En því er nú ver og miður, að það er ekki fjárlagafrv. eitt, sem nú er seint á ferð, því að hið sama má segja um mörg önnur mál hjer á þingi.

Jeg tel mjer óhætt að lofa því fyrir hönd fjvn. þessarar deildar, að hún muni gera sitt til, að málið dragist ekki á langinn. Og jeg held ennfremur, að mjer sje óhætt að segja, að nefndin muni hafa fullan vilja til sparnaðar, enda líst mjer, að hv. Nd. hafi verið fullbjartsýn á fjárhag-

inn í afgreiðslu sinni á fjárlagafrv. Jeg hefi bæði í ræðu og riti heyrt, að menn byggja vonir sínar á því, að þessi deild taki nokkuð í taumana, en þó er víst, að erfiðara er að fá fjárhæðir út úr fjárlagafrv. heldur en að verjast því, að þær sjeu settar inn í það.

Jeg er fullkomlega sammála hæstv. stjórn um það, að áherslu beri að leggja á að nota komandi tíma til að greiða lausaskuldir ríkisins, en fresta fremur þeim framkvæmdum, sem beðið geta. Skuldirnar eru jafnan hinar sömu að krónutali, hvernig sem gengi stendur, og því er beinn hagur að losna við þær sem allra fyrst. Framkvæmdir fást hinsvegar miklu minni fyrir sömu krónutölu, er gengi á íslenskri krónu er hátt, og er því sjálfsagt að borga lausu skuldirnar, en fresta framkvæmdum þeim, er frestað verður, meðan gengi krónunnar er lágt eins og nú.

Jónas Jónsson: Jeg vildi segja hjer nokkur orð almenns eðlis út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), ekki í andmælaskyni, heldur til að benda á nýjar hliðar.

Stjórnin telur sig hafa á stefnuskrá sinni að losa landið við allar lausar skuldir sem fyrst. Þetta er óneitanlega æskilegt. En þessi skilgreining á föstum og lausum skuldum er nokkuð laus, að því er mjer virðist. Þannig mun t. d. enska lánið vera landsmönnum enn þungbærara heldur en flestar eða allar lausaskuldir. Þessar skuldir eru allar afleiðing kreppunnar. Þótt lausaskuldirnar sjeu greiddar, verða þó aðrar skuldir eftir, sem myndast hafa af sömu ástæðu og leggja þunga byrði á landsfólkið.

Ein af þeim skuldum, sem talað er um að borga, er skuldin við landhelgissjóðinn. Þetta mátti gera með tvennu móti: annaðhvort að leggja fjeð á banka eða byggja skip fyrir það, og mjer finst það vera þjóð og þingi gleðiefni, að útlit er fyrir, að hægt verði að hrinda því í framkvæmd. En jeg vildi benda á, að þetta er ekki sparsamasta leiðin. Jafnvel þó slíkt skip afli nokkurra tekna með sektum, þá verður útgerð þess afardýr fyrir landið. Jeg segi þetta til að benda á, að þarna hefir hæstv. stjórn dregist á mannlegan hátt með lönguninni til að eyða — til að hrinda verkum í framkvæmd, þó ekki gefi þau mikinn beinan arð. Jeg áfelli ekki hæstv. stjórn fyrir þetta, en nefni það sem hliðstæðu við nokkrar aðrar till. um verklegar framkvæmdir, sem búast má við, að mest verði deilt um hjer.

Jeg vil þá stuttlega minnast á tvo liði, sem þyngstir eru af þeim, sem hv. Nd. hefir bætt við. En það er bygging landsspítala og berklahælis á Norðurlandi.

Jeg skal þá fyrst benda á, að á síðastl. ári eyddi landið 1 milj. til berklavarna. Mikið af því fje fór til spítala og læknishjálpar, sem er mjög dýr. En meðan eytt er svo miklu fje til berklavarna, þá er ekki nema von, að spurt sje, hvort ekki borgi sig betur að verja fjenu til að koma upp berklahælum. Og jeg er í engum efa um, að það margborgi sig, og eins þótt jeg viti, að stofnkostnaður slíkra hæla er ekki aðalatriðið, heldur rekstrarkostnaðurinn. En landlæknir hefir sagt, að sjúkravist reynist jafnan ódýrust í ríkisreknum spítölum, og því hefi jeg og margir litið hýru auga til þess, að berklaskýli okkar yrðu aukin til þess að rekstrarkostnaðurinn minkaði. — Líkt er að segja um landsspítalann. Það er óumflýjanlegt að hefja byggingu hans strax, enda er mikill óbeinn sparnaður að því að koma honum upp. Auk þess ljettir fjársöfnun kvenna hjer verulega undir með ríkinu.

Jeg býst ekki við, að jeg fari nákvæm-

lega út í hinar minni fjárveitingar í þessu fjárlagafrv. Það kennir þar margra grasa, eins og vant er, vegir, vörn gegn ágangi sjávar í Grindavík, opinberar byggingar og ótal margt fleira, sem fólk vanhagar um og hrópar á. Þarna má t. d. benda á hjerað á Austurlandi, sem vantar hús yfir lækni sinn, og er því læknislaust, og svo kallar fólkið eftir, að strax verði bygt, alveg eins og útgerðarmenn krefjast þess, að landhelgin verði varin. Heldur gat ekki hjá því farið, að þjóðin yrði brátt óánægð með það, að allar framkvæmdir væru stöðvaðar, og þetta hefir hæstv. stjórn fundið a. m. k. í einu máli. Ennfremur skal jeg gleðja hæstv. stjórn með því, að í hv. Nd. eru ýmsir, sem halda því fram, að fjárlagafrv. sje ekki enn sem komið er með neinum tekjuhalla, þar sem tekjuhliðin hafi verið ákaflega varlega áætluð. Um þetta má auðvitað deila, en það veit jeg, að ýmsir leiðandi fjármálamenn eru sömu skoðunar. Þá má líka benda á, að vissir hlutir, sem ennþá er ekki sjeð, hvernig fer um, geta haft mikil áhrif á hag ríkissjóðsins. Svo er t. d. um hækkun áfengistollsins. Nái hún fram að ganga, má vel fara svo, að á einu ári fáist þar fje, sem nemur álíka miklu og landsspítalabyggingin kostar það ár. Þar sem nú vínið, sem innflutt er, mun að minstu leyti vera notað til lyfja, heldur til neyslu, þá skil jeg ekki, hví menn ættu að vera hörundssárir út af hækkun á því. Ennfremur veltur á þinginu, hvort það sviftir hæstv. fjrh. öllum tóbaksgróðanum. Annars held jeg, að varla sje ástæða fyrir hv. deild að bera kvíðboga fyrir fjárhagnum. Og hvernig sem fer, þá mega menn vita, að sjálf framrás lífsins verður ekki stöðvuð. Á sama hátt er ekki mögulegt að stöðva að fullu framkvæmd allra fyrirtækja. Við verðum að byggja brýr, vegi og opinberar byggingar. Annars þreytist fólk á að borga skattana. Það var því nauðsynlegt fyrir hæstv. stjórn að hafa nokkra samúð með kröfum þjóðarinnar í þessu efni, því það gerir henni ljettara fyrir að bera þær mörgu álögur, sem á hana eru lagðar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg mun gera fátt eitt af því, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að umtalsefni, nema það, er hann talaði um eðlismun á lausum og föstum skuldum, sem hann kvað engan vera, og yfirleitt taldi hann skilgreining mína milli þeirra hafa verið mjög lausa. En hvorugt þetta er rjett. Lausar skuldir — og má vel vera að þetta sje of hæverskt heiti á þeim — eru þær skuldir kallaðar, sem eru í vanskilum og eru fallnar í gjalddaga hvern dag, sem drottinn gefur okkur. Má í landsreikningunum 1923, bls. XVI sjá, hverjar þær eru. Um eina þeirra má kannske segja sem svo, að henni sje öðruvísi varið, þar sem ríkið sjálft er skuldareigandinn. Á jeg þar við skuld ríkissjóðs við landhelgissjóðinn. Um hinar allar aftur á móti er það að segja, að gjalddagi þeirra er hvenær sem er, og sumar þeirra eru þannig vaxnar, að við getum ekki með óskertum heiðri dregið að greiða þær. Svo er t. d. með skuldina við ríkissjóð Dana, sem ríkt hefir verið gengið eftir, og nú er enda byrjað að borga, sem betur fer. — Fastar skuldir eru þar á móti samningsbundin lán, sem ríkissjóður borgar vexti og afborganir af á ákveðnum tímum, og lánardrottinn getur einskis krafist þar fram yfir. Jeg vona nú, að hv. þm. skilji, að það er ekki svo lítill eðlismunur á milli þessa.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki búið mig undir að tala hjer langt mál. En af því að skuld ríkisins við Landsbankann hefir verið talin sem ein af þeim lausu skuldum, sem greiða þyrfti strax, þá vil jeg taka það fram, að mjer hefir skilist svo, að þegar ríkið hjálpaði Landsbankanum til að fá 200000 punda lán, eða sem svarar 6 milj. kr., þá hefði verið undirskilið, að skuld ríkisins við bankann fengi að standa. Aðstaða ríkisins til þessa banka er alt önnur en til erlendra banka, þar sem ríkið hefir lánað bankanum fje. Og þó gott sje að losna við þessa skuld, eins og allar aðrar skuldir, og þó æskilegt væri, að hægt yrði að gera það sem fyrst, þá fullyrði jeg, að þessi bankaskuld getur engan veginn talist vanskilaskuld. Hinsvegar væri þarft og gott að geta stutt bankann með því að borga hana, ef hægt væri.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil minnast á eina brtt. við fjárlagafrv. úr háttv. Nd., um viðbótarnámsstyrk fyrir árið 1925 til stúdenta, sem nema við erlenda háskóla. Jeg vil aðeins taka það fram, að það var meining hv. fjvn. Nd., að líkt yrði farið með háskólastúdenta hjer, þó ekki kæmi það fram, og þeim því veittar 9000 kr. í húsaleigustyrk, og er ætlast til, að greidd verði sama upphæð í þessu skyni árið 1925.

Hjer í hv. deild stóðu í gær deilur um það, hvort styrkur til stúdenta erlendis, sem staðið hefir í fjárlögum undanfarin ár, væri áætlunarupphæð eða ekki. Um þetta er það að segja, að frá 1922 var þessi styrkur af Alþingi skoðaður áætlaður í fjárlögunum. Árin 1920—21 var nákvæmlega farið eftir fjárlögunum, og ekki greitt meira stúdentum en fjárveitingin náði til. En síðar komu fram aðfinslur um það frá fjvn. beggja deilda, að fjárlögum væri beint fylgt í þessu efni. Segist hún alls ekki vilja hafa af stúdentum styrkinn. Því var árið 1922 byrjað að skoða upphæðina í fjárlögunum sem áætlunarupphæð. Voru það ár greiddar 23 þús. kr. til stúdentanna og 1923 30 þús. kr., en altaf stóðu 8 þús. kr. í fjárlögunum. Svo á þinginu í fyrra skeður það, að alveg er tekið fyrir, að þetta sje framvegis skoðað sem áætlunarupphæð, og samkvæmt því varð stjórnin að haga sjer. Jeg þykist því ekki eiga neitt ámæli skilið fyrir afskifti mín af þessu máli. Og mjer er það síst á móti skapi, að hv. Nd. skuli nú leiðrjetta þetta og færa það í sama horf og áður var.

Jónas Jónsson: Ræða hæstv. forsrh. (JM) styrkti það, sem jeg sagði í gær. Og mjer er það gleði, að hann skuli hafa skilið fjárlögin 1919—20 á sama veg og jeg og allir aðrir. En þegar hann fer að fóðra útborganirnar í stjórnartíð hans og hv. 1. landsk. (SE), þá mistekst honum alveg. Hann ber fyrir sig orð þáverandi ritara fjvn. Nd., hv. þm. Dala. (B-J), manns, sem hefir haldið því fram, að landið væri skuldbundið til að kosta alla stúdenta, sem út fara, svo sem Garðstyrkurinn nam áður. En þau segja ekki neitt. Það er altaf hreinlegast fyrir hverja fjvn. að áætla gjöldin nógu hátt, og eins vita allir, að atkvæði eru ekki greidd um það, sem menn kunna að hafa hugsað sjer, heldur um það, sem í fjárlagafrv. stendur, sem sje tölurnar. Nú stóð í fjárlögum 8000 kr. í þessu skyni ár eftir ár. Ef þessi liður hefði getað skilist eins og hæstv. forsrh. (JM) vildi vera láta, þá hefðu átt að fylgja ummæli um, að hver stúdent, sem færi utan til náms, fengi 1200 kr. En hjer er tvíklofningur milli

þeirra, sem vildu veita stúdentunum styrkinn, og hinna, sem settu fjárlögin. Það hefði verið ómögulegt að ávíta stjórnina fyrir það, þó hún hefði aðeins borgað út þá upphæð, sem í fjárlögum stóð. Og þó ef til vill hafi einhver afsökun verið fyrir hendi, þá ætti reglan að vera sú, að fylgja bókstaf fjárlaganna, nema sjerstakar og óvenjulegar ástæður sjeu til annars. Og jeg vil þá grípa tækifærið til að neita því, að fjvn. hafi á nokkurn hátt vald til að binda þingið í fjármálaefnum. Það er með hana eins og allar aðrar nefndir, að þær verða að bera allar sínar till. undir þingið, og það veltur á því, hvort þær verða bindandi eða ekki. Því að ef þetta hefði verið í raun og veru vilji þingsins, þá hefði ekkert verið auðveldara en að breyta athugasemdunum þannig, að þetta yrði öllum ljóst. Þetta var ekki gert, og þess vegna átti stjórnin að hlýða fjárlögunum, en ekki því, sem einstakir fjvn.-menn kunna að hafa sagt.

Forsætisráðherra (JM): Það er ekki til neins fyrir háttv. 5. landsk. (JJ) að segja, að hjer hafi einn einstakur maður átt í hlut; nál. var undirskrifað af 7 mönnum í fjvn. Nd. Þeir gerðu meira en það; þeir breyttu dálítið texta aths. um þennan styrk.

Háttv. þm. sagði í gær, að jeg gæti ekki sannað, að þetta væri áætlunarupphæð. En það er einmitt það, sem jeg hefi gert, alveg ómótmælanlega. Það er ekki til neins fyrir hv. þm. (JJ) að vera að berja höfðinu við steininn. Fyrv. ráðherrar, flokksmenn hv. þm., hafa báðir tveir fylgt þessu svo fram óhikað. En út af þessu var breytt, þegar núverandi stjórn kom til sögunnar. Árás á þessa stjórn er, hvernig sem á er litið, út af þessu hin fáránlegasta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjvn. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 374 og 395, 392, 400, 408).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Því miður hefi jeg ekki, sökum mikils annríkis undanfarið, fengið tíma til að búa mig undir þessa framsögu eins og skyldi, og bið hv. deild að afsaka það.

Í nál. hv. fjvn. Nd. er lokið lofsorði á hæstv. stjórn fyrir það, hve hún hafi búið frv. vel í hendur þingsins og áætlað tekjurnar varlega og stilt gjöldunum í hóf. Undir þetta er fjvn. þessarar deildar ljúft að taka, og er hún sammála hæstv. stjórn í því, að gera þurfi alt, sem hægt er, til að koma fjárhag ríkisins sem fyrst í betra horf, og að nauðsyn beri til að losna sem allra fyrst við lausu skuldirnar, og vill nefndin reyna að stuðla að því, að það verði mögulegt. Því hefir nefndin heldur ekki viljað auka tekjuhallann á frv. frá því, sem hann var, er frv. kom úr hv. Nd. Hinsvegar hefir nefndinni ekki ennþá unnist tími til að fara yfir og íhuga tekjuhlið frv., en mun gera það milli 2. og 3. umr. En jeg hygg, að tæplega muni ástæða til að hækka þá liði, ef annars á að fylgja þeirri gullnu reglu að áætla tekjurnar aldrei of hátt. En auðvitað tekur fjvn. það at til athugunar á sínum tíma.

Jeg vona, að allir hljóti að sjá, og þá hv. Nd. og hv. fjvn. þeirrar deildar, að nefndin hjer hefir verið mjög bindindissöm í till. sínum. Býst jeg ekki við, að nokkrum muni ógna það, þó að fjvn. ann-

arar þingdeildarinnar bæti við útgjaldaliðum, sem svara 50 þús. kr., og felli um leið burt önnur útgjöld um 70 þús. kr. í fjárlögum, þar sem tekjurnar eru áætlaðar 10 milj. kr. og útgjöldin rúmar 10 miljónir. Nefndin getur varla talist bjartsýn fyrir þetta. Þá má taka það fram, að nefndin hefir sem mest varast að hreyfa við till. fjvn. hv. Nd., því að svo mun oftast vera, að þær till., sem frá fjvn. koma, sjeu betur undirbúnar og samræmari einstökum greinum fjárlagafrv. en till. einstakra þm. Það eru því aðeins örfáar af till. fjvn. Nd., sem nefndin hefir leyft sjer að gera brtt. við.

Eins og tekið er fram í nál., sá fjvn. sjer ekki fært að fella niður svo mikið á gjaldabálkinum, að fjárlögin gætu orðið afgreidd tekjuhallalaus, enda myndi hv. fjvn. Nd. þá þykja sem við hefðum verið fullfrekir í gerðum okkar. — Annað finn jeg ekki ástæðu til að tala alment um málið.

Jeg er svo heppinn, að skrifari fjvn., hv. 3. landsk. (HSn), hefir haft nál. sitt svo ítarlegt, að óvíða þarf miklu við að bæta. Þar er gerð grein fyrir hverri einstakri till., og er þá ekki nauðsynlegt að vera að prenta það upp í umræðupartinum, sem stendur í skjalaparti þingtíðindanna.

Fyrsta brtt. fjvn. er við 10. gr. III. 3., um að hækka ríkisráðskostnaðinn úr 4 þús. kr. upp í 6 þús. kr. Þetta eru laun handa konungsritara. Hafði hæstv. stjórn lagt til í frv. sínu, að veittar yrðu í þessu skyni 8 þús. kr., en það fjekk ekki byr í hv. Nd. Því fór hæstv. stjórn fram á, að fjvn. þessarar hv. deildar hækkaði liðinn um 2 þús. kr., og varð nefndin við þeim tilmælum. Þessi maður, sem hjer er um að ræða, ríkisráðsritarinn íslenski, getur ekki komist af með það fje, sem hann hefir haft, og þar sem hann er nú einasti íslenskur embættismaður í stjórninni dönsku, þá þykir nefndinni ekki horfandi í að hækka upphæðina um 2 þús. kr. Er og talið, að konungurinn greiði honum svo mikið af borðfje sínu, að ekki komi til mála, að honum sje veitt minna en þetta hjeðan að heiman.

Í frv. sínu hafði hæstv. stjórn látið nægja 3 þús. kr. styrk til læknisvitjana í sveitum. Hv. Nd. hækkaði styrk þennan upp í 6 þús. kr. eftir till fjvn. En auk þessa voru sjerstaklega teknir upp í frv. tveir liðir um sjerstakan styrk til læknahalds handa Kjósarsýslu og til Ólafsfjarðarbúa í Eyjafjarðarsýslu. Nefndin leit nú svo á, að það gæti ekki talist skylda þingsins að fara að sjá fyrir fje í því skyni, að samið yrði við sjerstakan lækni til að gegna sjúkravitjunum í Kjósarsýslu. Það heyrir undir hjeraðslækninn í Hafnarfirði, sem er hjeraðslæknir Kjósarbúa, og auk þess verður að álíta, að mjög víða á landinu sjeu menn ver settir í tilliti til læknisvitjana en í þessum sveitum. Að minsta kosti er vegurinn úr Kjalarnesi og Mosfellssveit til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar ekki lengri nje erfiðari en alment gerist. Hinsvegar mætti fremur segja það um Kjósarhrepp, enda hefir nefndin lagt til, að honum sje veittur 500 króna styrkur til læknisvitjana, en áður hefir hann fengið 300 kr. í þessu skyni. Mega Kjósarbúar vel við una, er athugað er, hve erfitt er að vitja læknis víða annarsstaðar á landinu, þar sem þó er enginn styrkur til þess veittur. Jeg skal í því sambandi minna á, hvernig ástatt er í Snæfjallahreppi við Ísafjarðardjúp, en þeim hreppi er nú í fyrsta sinni veittur nokkur styrkur. Leyfi jeg mjer að lesa

upp nokkur orð úr brjefi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) til fjvn., dags. 2. mars 1925. Þar segir m. a. svo:

„Til læknisvitjana verður að fara sjóleiðina, manna út skip, oftast með 5 eða 6 mönnum. Þetta er því dýrara og erfiðara, sem það kemur æðioft fyrir, að fara þarf fleiri en eina ferð til að sækja lækninn í sama skyni, vegna þess að enginn sími er í hreppnum, og hefir þráfaldlega komið fyrir, að þá er hreppsbúar hafa komið á læknissetrið, hefir læknir verið fjarverandi, jafnvel utan hjeraðs, og ferðin því algerlega til einskis. Þar, sem lengst er, er vegalengdin úr þessum hreppi til læknisbústaðar um 17 sjómílur (kvartmílur)."

Öllum, sem kynna sjer þetta ástand, hlýtur að finnast það mun erfiðara en það, sem Kjósarbúar eiga við að búa, og getur því ekki talist rjett að veita Snæfjallahreppsbúum aðeins þennan litla styrk til læknisvitjana, en Kjósarbúum auk læknisvitjunarstyrks styrk til sjerstaks læknis fyrir hreppinn.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, um styrk til Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafirði, til að launa sjerstakan lækni. Nefndin viðurkennir fúslega, að það geti oft verið mikil vandkvæði á því að ná þarna til læknis, en fjörðurinn er ekki sjerstakt læknishjerað, og enda vafasamt, hvort fengist læknir í fjörðinn, þótt svo yrði. Því er ætlast til, að Ólafsfirðingar fái 600 kr. styrk af fje því, sem veitt er til læknisvitjana, en auk þess leggur nefndin til, að þeir fái 2000 kr. styrk til viðbótar, ef þeir ráða sjer sjerstakan lækni.

Styrknum til lækningaferða kringum landið hefir verið breytt lítið eitt frá því, sem áður var. Áður var styrkurinn ánafnaður augnlækni þeim í Reykjavík, sem styrk hefir til kenslu við háskólann. Nú er styrkveitingunni til augnlækningaferðalagsins þannig breytt, að stjórnin hefir frjálsar hendur að veita styrkinn þeim augnlækni bæjarins, sem henni sýnist. Jeg vil geta þess, að fjvn. Ed. var kunnugt um, að margar áskoranir hafa komið til Guðmundar Guðfinnssonar augnlæknis um að ferðast kringum land, og nefndin fyrir sitt leyti telur eins rjett, að hann verði ráðinn til þessa ferðalags, þótt annar maður hafi fengið styrkinn, sem augnlækni Reykjavíkur er ætlaður.

Liðinn við 12. gr. 12 þótti nefndinni viðkunnanlegra að orða svo, að það væri endurgjald á ferðakostnaði, en ekki ferðastyrkur, af því að ferðin er þegar farin.

Um 6. brtt. við 12. gr. 13 get jeg látið nægja að vísa til þess, sem stendur í nál. fjvn. Nefndin telur nauðsynlegt, að læknar geti farið eftir hæfilegan tíma erlendis, til þess að fylgjast með framförum í ment sinni, og hefir því lagt til, að þessi liður, sem áður stóð í fjárlögum, verði tekinn upp aftur, og það því frekar, sem nefndin hlaut að mæla með þeim mönnum, sem um er að ræða, og annar þeirra, Jón læknir Bjarnason, hafði orðið hart úti um styrk, er hann sigldi sem kandidat.

Þá leggur nefndin til, að breytt sje orðalagi í aths. við fjárveitingu til landsspítalans. Er það af þeim ástæðum, að 24. þ. m. var undirskrifaður samningur milli ríkisstjórnarinnar annarsvegar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands hinsvegar um byggingu á landsspítala. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp helstu ákvæði þessa samnings, sem, eins og jeg gat um, er undirskrifaður af þremur ráðherrum og stjórn landsspítalasjóðsins, en í henni sitja: Ingibjörg H. Bjarnason, Ágústa Sigfúsdóttir, Laufey Vilhjálms-

dóttir, Lilja Kristjánsdóttir, Jónína Jónatansdóttir, Elín M. Jónatansdóttir og Hólmfríður Rósenkranz.

Í samningnum stendur: „Af því fje, er Landsspítalasjóðnum þegar hefir áskotnast, og safnað kann að verða meðan á byggingu Landsspítalans stendur, og áætlað er að nema muni að minsta kosti 300000 kr., lofar stjórn Landsspítalasjóðsins að leggja fram þ. á. alt að 75000 kr., og á næsta ári, 1926, 100000 kr., en síðan það, sem eftir verður þá af fje sjóðsins á þann hátt, sem síðar segir.“ Svo eru nánari fyrirmæli um útborgun eftir samningnum. Ennfremur: „Af hálfu gefendanna eru þessi skilyrði sett: 1. Ríkisstjórnin lætur á þessu ári byrja á undirbúningi og byggingu landsspítalans samkvæmt þeirri teikningu, er húsameistari ríkisins hefir gert af byggingunni og um ræðir í brjefi hans til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. febr. 1925, með þeim breytingum, er ríkisstjórnin telur nauðsynlegar eða heppilegar. Það skal tekið fram sjerstaklega, að hæfilega stórri fæðingadeild skal komið fyrir í spítalanum, og hún starfrækt frá þeim tíma, er spítalinn verður tekinn til notkunar. Gert er ráð fyrir, að fulltrúi sjóðsstjórnarinnar verði hafður í ráðum um þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á teikningu húsameistara og um fyrirkomulag spítalans.

2. Um fjárframlög til spítalabyggingarinnar eru þessi skilyrði sett:

a. Gegn framlagi spítalasjóðsins þ. á., alt að 75000 kr., er ekki krafist neinnar greiðslu úr ríkissjóði.

b. Árið 1926 skal varið til byggingarinnar úr ríkissjóði að minsta kosti svo miklu fje, að jafngildi framlagi sjóðsins, eða 100000 kr., þannig, að varið verði til byggingarinnar það ár ekki minna en 200000 kr. alls.

c. Síðan skal byggingunni hraðað svo sem frekast er unt, þar til henni er lokið.“

Í *d*-lið stendur: „Bygging Landsspítalans skal lokið og útbúningi svo fljótt, að hann verði tekinn til afnota 1930.

Ríkisstjórnin samþykkir framanskráða ráðstöfun á fje Landsspítalasjóðsins, tekur umgetnu boði stjórnar hans og gengur að þeim skilyrðum, er sett eru af hálfu gefendanna.“

Það er kannske rjett að geta þess, að það er skýrt tekið fram í samningnum, að til þess fjár, sem landsspítalasjóðsstjórnin hefir ákvarðað til spítalans, telst *ekki minningargjafasjóður spítalans.*

Jeg held mjer sje óhætt að segja, að ef þetta fje hefði ekki komið frá stjórn landsspítalasjóðsins, þá er það mjög vafasamt, hvort þingið eða stjórnin hefði sjeð það fært að ráðast í þetta stórfyrirtæki, sem hjer er um að ræða. Jeg þykist þess vegna mega flytja stjórn sjóðsins þakklæti þingsins fyrir það, að hún hefir gert það mögulegt, að nú þegar verði farið að byrja á slíku nauðsynjafyrirtæki og halda því áfram til fullnustu til blessunar fyrir þjóðina.

Þá er 8. brtt., styrkurinn til sjúkraskýlis í Laugarási. Til þessa sjúkraskýlis voru í fyrra veittar 3 þús. kr. úr ríkissjóði. Svo kom ósk um hærri styrk nú til þingsins, þar sem talið var, að það mundi að öðrum kosti miklu ver sett hvað snertir styrk úr ríkissjóði en önnur sjúkraskýli, og samþykti hv. Nd. fyrir sitt leyti að veita sjúkraskýlinu 5 þús. kr. styrk. Fjvn. Ed. komst að þeirri niðurstöðu að lækka styrkinn um 1000 kr., og telur þá, að þetta sjúkraskýli geti ekki kvartað undan, að það verði ver sett en önnur, sem reist hafa verið.

Fyrir 9. brtt. er gerð fullkomin grein

í nál., svo jeg þarf ekki frekar á hana að minnast.

Í till. vegamálastjóra til stjórnarinnar um þjóðvegalagningu árið 1926 var Langadalsvegur með 10 þús. kr., sem landsverkfræðingur lagði til að veita. Stjórnin sá sjer ekki fært að taka þessa upphæð upp, og lækkaði einnig aðrar tillögur landsverkfræðings á þessum lið. Nú hefir komið fram eindregin ósk um það, að eitthvað verði í fjárlögum 1926 veitt til þessa vegar. Það stendur svo á, að síðasta aðgerð endaði á mjög óheppilegum stað, og er það mjög nauðsynlegt, að vegargerðin geti haldið áfram, svo að vegurinn verði fær; en nú endar hann í ófæru. Landsverkfræðingur taldi, að komast mætti af með 4 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni í ár; nefndin hefir ekki sjeð sjer annað fært en leggja til, að upphæð þessi verði veitt, og væntir þess, að hv. deild fallist á það.

Næsta brtt. er ekki annað en leiðrjetting, að liðurinn verði b.-liður undir B. II.

Um hinn nýja gistingarstyrk í 12. brtt. er það að segja, að nefndin telur óþarft að hafa styrkinn til Arngerðareyrar í þessu skyni hærri heldur en á öðrum stöðum. Það er að vísu svo, að það er mikil umferð þarna á Arngerðareyri; og eftir skýrslum, sem liggja fyrir þinginu, hafa næturgestir á árinu 1924 orðið alls 160 hjá þeim manni, er greiðasöluna hefir á hendi. En alls hafa þegið greiða 1044 menn. Þótt styrkurinn verði ekki nema það, sem nefndin leggur til, 200 kr., þá er það rúmlega 1 kr. fyrir hvert rúmlán. Og þegar á það er litið, að þarna þarf ekki að halda uppi bygð sjerstaklega vegna umferðar, því þetta er mjög svo byggilegt pláss, þá álítur nefndin ekki ástæðu til að hafa styrkinn hærri heldur en hjá öðrum, sem styrks njóta í þessu skyni.

Um 13. brtt. ætla jeg ekki að segja neitt frekar en það, sem stendur í nál., og lítillega um 14. brtt. Það hefði mátt skilja það svo, ef engin aths. hefði verið gerð við þá brtt., að landssímastjóri hefði átt að byggja símann á ríkissjóðs kostnað, hvað sem hann kostaði; en nefndinni virðist ekki ástæða til þess, þar sem þessi sími stendur hvorki í símalögum eða getur talist nauðsynlegur vegna hins opinbera. Og eftir að hafa borið sig saman við landssímastjóra, leggur nefndin til að veita ⅓ kostnaðar.

Landssímastjóri fór fram á það við fjvn. sjerstaklega, að hún hækkaði gjaldalið í 13. gr. D. IV. 2., til aðalskrifstofu landssímanna, um 2000 kr. Fór hann fram á við stjórnina, að liðurinn yrði settur þannig í fjárlagafrv. og taldi sjer það nauðsynlegt, sjerstaklega vegna endurskoðunar, sem hann vill geta látið fara fram nokkru fyr en áður hefir átt sjer stað. En stjórnin hefir fært þessa upphæð niður í 1100 kr. En nefndin vildi verða við óskum landssímastjóra um hækkun, og leyfir sjer að vonast eftir samþykki háttv. deildar á henni. Landssímastjóri vildi halda því fram, að allur rekstrarkostnaður símans væri eiginlega alt of lágt áætlaður í fjárlagafrv. stjórnarinnar; hefir hún fært þann kostnað eðlilegt niður, og býst jeg varla við, að þær upphæðir, sem hún hefir stungið upp á, muni hrökkva til, og verði því umframgreiðslur á þeim lið. Jeg vil í þessu sambandi minna á það, að svo getur farið um fleiri liði.

Hæstv. fjrh. hefir bent nefndinni á, að skrifstofukostnaður lögreglustjóra Reykja-

víkur væri alt of lágt áætlaður, og því óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að borga þar fje umfram veitingu. Þetta meðal annars gerir það að verkum, að mínu áliti, að það má ekki fara óvarlega í því að áætla tekjur, þegar maður er ekki viss um nema kostnaður á ýmsum útgjaldaliðum fari talsvert fram úr áætlun.

Um 16. brtt. ætla jeg að láta nægja að vísa til nál. Hún er gerð eftir beinni ósk stjórnarinnar um heimild til þess að semja um skeytasamband við umheiminn. Jeg fyrir mitt leyti er ekki viss um, að hún hefði þurft sjerstaka heimild til þessa, en jeg get ekki skoðað þetta öðruvísi en sem kurteisi hjá hæstv. stjórn gagnvart þinginu, og álít jeg sjálfsagt að verða við þeirri ósk.

17. brtt. er fram komin eftir eindreginni ósk vitamálastjóra og er ekkert annað en breyting á röð liðanna um útgjöld til vita. Hann telur talsverð þægindi að því við reikningshald vitanna, að liðaröðin sje sú sama áfram og verið hefir.

Um 18. brtt. mun jeg engu þurfa að bæta við það, sem í nál. stendur. Nefndin leggur til, að sjerstakur styrkur til byggingar á Skútustöðum verði feldur niður. Þessi umsókn frá sóknarmönnum mun vera komin til af því, að þeir vilja gjarnan fá aftur prestinn, sem þeir höfðu áður, og hann hefir dregist á það að sækja aftur um brauðið, ef bygt yrði upp. Hinsvegar vilja sóknarmenn hans, sem nú eru, gjarnan halda honum kyrrum. Og mjer er næst að halda, að prestinum sjálfum sje ekki áhugamál að skifta um, og fjölskyldu hans mun vera það frekar ógeðfelt. Nefndin álítur rjettast að vera ekki neitt að ýta undir, að presturinn flytji sig.

Hvað snertir 19. brtt., þá er einnig gerð grein fyrir henni í nál. Fyrir þinginu lá beiðni frá yfirkennara Jóhannesi Sigfússyni um styrk til þess að halda áfram og ljúka við útgáfu kenslubókar á íslensku í sögu handa gagnfræðaskólum. Hann og yfirkennari Þorleifur H. Bjarnason hafa undirbúið og ætla að gefa út kenslubækur í sögu, sem hæfilegar sjeu fyrir gagnfræðadeild mentaskólans. Fornöldin og miðöldin búast þeir við að komi út í sumar, svo sú kenslubók getur verið tekin til notkunar nú í haust. Hin bókin er nokkru stærri, og ætlast þeir til, að hægt verði að byrja að nota hana 1926. Auk þess þarf að skrifa sögu á íslensku fyrir lærdómsdeild skólans. Hæstv. kenslumálaráðherra (JM) hefir talið það nauðsynlegt, að styrkur sá handa þessum skóla til útgáfu kenslubóka á íslensku, sem áður hefir verið í fjárlögum, verði tekinn upp aftur. Nefndin hefir fallist á, að svo væri gert, og leggur því til, að 2 þús. kr. fjárveiting verði tekin upp í þessu skyni. Það er óskaplega óviðkunnanlegt að hafa ekki kenslubækur t. d. í sagnfræði á íslensku og þurfa að nota þær á útlendu máli, og þá er ekki um annað að tala en dönsku. Þetta gerir nemendunum miklu erfiðari aðstöðu og hefir ýmsa aðra annmarka í för með sjer.

20. brtt. er ekkert annað en færsla á rekstrarkostnaði Eiðaskólans til þess staðar, sem hann á heima; hann hefir staðið í fjárlögunum sem bændaskóli einnig eftir að hann varð gagnfræðaskóli, og er nú lagt til, að þetta verði leiðrjett.

Þá leyfir nefndin sjer að leggja til, að húsaleigustyrkur kvennaskólans í Reykjavík verði hækkaður úr 2000 kr. upp í 5000 kr. og að kvennaskólanum á Blönduósi verði veittur styrkur til aðgerða á skólahúsinu. Hefir stjórn kvennaskólans í Reykjavík skýrt frá því, að vegna mikillar dýrtíðar sjái hún sjer alls ekki fært

að komast af með minna en 5000 kr., ef höfuðstóllinn eigi ekki að skerðast að miklum mun. Nú hefir það verið venja, að þessi skóli hefir fengið það, sem hann nauðsynlega hefir þurft, frá ríkissjóði; hefir nefndin ekki neitt að athuga við, að svo verði og í framtíðinni, en telur rjettara að taka upphæðina strax í fjárlög.

Um kvennaskólann á Blönduósi er það að segja, eins og stendur í nál., að það þarf að gera talsverðar umbætur á húsinu, og er búist við, að kostnaður sá muni ekki nema minna en 3000 kr., sem nefndin leyfir sjer að leggja til, að veittar verði.

Þá er 23. brtt. Þar leyfir nefndin sjer að leggja til að veita alt að 5000 krónum til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjung kostnaðar, enda samþykki landsstjórnin uppdrætti að húsunum. Það, sem sjerstaklega hefir valdið því, að nefndin hefir sjeð sig knúða til að taka þennan lið í fjárlög, er ástandið í Ólafsfirði. Þar hefir skólinn hingað til verið rekinn í húsi, sem er bæði orðið alt of lítið, og auk þess er það svo ljelegt, að hlutaðeigandi hjeraðslæknir hefir algerlega neitað að gefa vottorð um, að húsið óbreytt, eða með kákbreytingum einum, geti orðið notað til skólahúss framvegis. Hann segir í brjefi sínu til skólanefndarinnar í Ólafsfirði, dags. 11. des. 1924:

„Af þessum ástæðum og fleirum, sem óþarft er að telja hjer, því að þessar eru nægar og meira til, tilkynti jeg skólanefndinni munnlega við eftirlitið í byrjun þessa mánaðar það, sem jeg nú hjer með eftir tilmælum hennar tilkynni skriflega, að þótt jeg neyddist til að telja húsakynni skólans viðunandi í þetta sinn, eftir því sem á stóð, þó að því tilskildu, að ekki væri öll skólaskyld börn tekin, *þá þarf ekki að vænta þess, að jeg gefi slíkt vottorð um þau óbreytt eða með kákbreytingum einum.* Það eina, sem vit er í, það eina, sem sóma kauptúnsins er samboðið, er að hefjast þegar handa til undirbúnings nýs skólahúss, er uppfylli nauðsynlegar kröfur til slíkra húsa og sje svo við vöxt, að ekki verði rúmskortur innan fárra ára, þótt kauptúnið vaxi nokkuð.“

Um þetta mál segir fræðslumálastjóri í áliti sínu, dags. 3. mars þ. á.:

„Öll barnaskólahús utan kaupstaða og eitt kaupstaðarskólahús hafa að undanförnu fengið styrk úr ríkissjóði, alt að ⅓ byggingarkostnaðar, og virðist mjer því Ólafsfjörður eiga fullkomna rjettlætiskröfu til þess, að beiðni hreppsnefndarinnar verði sint.“

Hreppsnefndin hefir látið gera teikningu af nýju skólahúsi, og er áætlaður kostnaður 15 þús. kr., sem fræðslumálastjóri telur vera helst til lágt áætlað og býst ekki við minni kostnaði en 17—18 þús. kr. Nefndin fer fram á að veita ⅓ af áætluðum kostnaði til byggingarinnar. Nefndin lítur svo á, að ekki sje hægt að neita um þennan styrk, þar sem hann er í fylsta samræmi við það, sem hefir átt sjer stað um styrk til annara barnaskólahúsa, þar sem eins stendur á, og þar sem Ólafsfjörður mun vera eina sjóþorpið, eða að minsta kosti eitt af mjög fáum, sem ekki hafa fengið slíkan styrk úr ríkissjóði.

Þó vildi nefndin heldur orða liðinn eins og hún hefir gert, í samræmi við það, sem áður hefir staðið í fjárlögum, heldur en veita beinlínis til þessa staðar; en jeg dreg enga dul á það, að hún ætlar alla fjárveitinguna til þessa kauptúns.

Þá leggur nefndin til, að aths. við fjár-

veitinguna til alþýðuskóla í sveitum verði breytt dálítið. Nefndinni dylst ekki, að gjaldþoli einstakra sýslubúa, og reyndar ríkissjóðs líka, myndi ofboðið, ef settur yrði á stofn hjeraðsskóli í hverri sýslu landsins, jafnvel þó að þær sýslur yrðu undanskildar, þar sem ríkisskólar eru nú fyrir. Enda hefir sú hugsun lengst af vakað fyrir mönnum, að einn góður og öflugur alþýðuskóli yrði stofnsettur í hverjum hinna gömlu landsfjórðunga.

Nefndin leggur nú til, að þessi styrkur verði bundinn því skilyrði, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í stofnun og rekstri hvers skóla.

Tökum t. d. Suðurlandsláglendið, þar sem nú er helst hreyfing í þá átt að stofna slíkan skóla. Þar er annað óeðlilegt en að Árnes- og Rangárvallasýslur slái sjer saman um einn skóla. En nú lítur helst út fyrir, að Árnesingar ætli að stofnsetja alþýðuskóla hjá sjer, án samvinnu við Rangæinga, og jafnframt hafa Rangæingar sterkan hug á að koma upp sjerstökum skóla fyrir sig, og eru þeir það lengra á veg komnir, að búið er að ákveða staðinn, þar sem skólinn skuli standa. Nefndinni virðist þarna vera í óefni komið. Hún vill því ekki, að ríkissjóður veiti styrk til hjeraðsskóla í sveitum, nema þessu skilyrði verði hlýtt, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í byggingar- og rekstrarkostnaði skólans.

Jeg álít t. d. lítið vit í því að stofnsetja marga skóla með líkum hætti sem alþýðuskóla Þingeyinga. Samkvæmt reikningum hans hvílir nú á honum víxilskuld að upphæð 25750 kr. Stofnkostnaður skólans er nú þegar orðinn nálega 88 þús. kr., og þó er hann ekki fullger enn, hvorki húsið sjálft nje að venjulegum áhöldum.

Jeg tel það mesta óráð að ráðast í svo dýrar skólabyggingar og vildi helst mega óska, að slíkt kæmi ekki fyrir oftar, og á till. nefndarinnar að sjá fyrir því, að meiri fyrirhyggju verði framvegis gætt í þessum efnum.

Alþýðuskóli Þingeyinga hefir nú enn farið fram á aukna fjárveitingu til skólabyggingarinnar, en hvorki hv. Nd. nje fjvn. þessarar hv. deildar hafa sjeð fært að verða við þeirri beiðni, enda var skólanum veittur óvenjulega hár byggingarstyrkur úr ríkissjóði á sínum tíma.

Aftur á móti hefir háttv. Nd. samþykt að veita þessum skóla 5000 kr. styrk til byggingar sundlaugar, og er það allur áætlaður kostnaður við laugina. En á öðrum stað í frv. hefir hv. Nd. tekið upp 1000 kr. fjárveitingu til byggingar slíkra sundlauga annarsstaðar á landinu, og skal hæstv. stjórn skifta þeirri upphæð.

Nú liggur fyrir beiðni frá sundnefnd Ungmennafjelags Svarfdæla um 3500 kr. styrk til að gera sundlaug. Er áætlað, að hún muni kosta 7300 kr., og er hjer því farið fram á hjer um bil helmings tillag úr ríkissjóði. Þá sækir sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um 1500 kr. til byggingar nýrrar sundlaugar á Reykjanesi. Það er ekki nema þriðjungur kostnaðar, þar sem áætlað er, að sú laug muni kosta um 4500 kr., og hefir sýslusjóður Norður-Ísfirðinga lofað að leggja fram 1500 kr., en Ísafjarðarkaupstaður aðrar 1500 kr.

Nefndin telur rjett, að í þessu máli gangi eitt yfir alla, og leggur því til, að hinn sjerstaki styrkur til Þingeyingaskólans verði feldur niður, en hinsvegar verði styrkurinn til sundlaugabygginga almennt hækkaður úr 1000 kr. upp í 3000 kr. Ætlast nefndin að sjálfsögðu til þess, að þingeyski skólinn fái hlutdeild í þessum styrk, en með sömu skilyrðum og aðrir.

Um orsakir 27. brtt. nefndarinnar get jeg að öllu leyti vísað til nál.

Nefndinni barst umsókn frá þeim kon um, sem hafa á hendi aðstoð við Þjóðmenjasafnið, svo og frá þjóðmenjaverði, um, að fjárveiting vegna þessarar aðstoðar yrði hækkuð upp í 2400 kr., eins og hún var árið 1924. Jafnframt vilja þær inna af hendi meira starf en þeim er nú ætlað, þar sem þær leggja til, að sýningartímum safnsins verði fjölgað um 2 á viku, þannig, að framvegis verði safnið opið þrisvar í viku, 2 stundir í hvert skifti.

Það eru fjórar heiðurskonur, sem hafa þann starfa á hendi að sýna gestum safnið, þær Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, Kristín Sveinbjarnardóttir, Sigríður Hjaltadóttir og Theodóra Thoroddsen.

Þær hafa nú farið fram á þessa hækkun, og hefir fulltrúi kvenna hjer í þinginu, hv. 6. landsk. (IHB), eindregið lagt til, að farið verði eftir óskum þessara kvenna, og er fjvn. því samþykk, eins og 28. brtt. hennar sýnir.

Í 29. brtt. er farið fram á aukinn styrk til Þjóðvinafjelagsins. Þetta er gamalt og mjög vinsælt fjelag og hefir unnið margt þjóðnytjaverkið, sem kunnugt er.

Nefndinni þykir leitt að geta ekki orðið við óskum fjelagsins um 3000 kr. styrk, til þess að það geti haldið áfram starfsemi sinni í svipuðu formi og undanfarið, einkum að því er snertir útgáfu fræðibóka fyrir almenning, og jafnframt rjett við fjárhag sinn, sem varð mjög bágborinn meðan öll dýrtíð stóð sem hæst. Nefndin sá ekki fært að fara lengra en upp í 2000 kr., en væntir þess, að hv. deild samþykki því fremur þá upphæð.

Þá vill nefndin veita Leikfjelagi Akureyrar lítilfjörlegan styrk, með sömu skilyrðum sem sett eru fyrir styrkveitingunni til Leikfjelags Reykjavíkur, að hlutaðeigandi bæjarsjóður leggi fjelaginu helmings styrk á móts við tillag ríkissjóðs.

Leikfjelag Akureyrar hefir mjög aukið starfsemi sína á síðustu árum. Það hefir nú góðum leikurum á að skipa og hefir undanfarið sýnt ýms ágæt leikrit. Telur nefndin því rjett að örva starfsemi fjelagsins með því að veita því 800 kr. styrk, eins og 30. brtt. fer fram á.

Þá leyfir nefndin sjer að gera talsverðar breytingar á styrknum til skálda og listamanna eins og hv. Nd. gekk frá honum.

Í stjfrv. var sú upphæð ákveðin 10 þús. kr., en hv. Nd. lækkaði hana ofan í 8 þús. kr. Hinsvegar bætti hv. Nd. sjerstaklega við fjórum skáldum og ákvað, hversu mikinn styrk hvert þeirra skuli fá. Nefndin hefir ekki getað sætt sig við þessa ráðabreytni og leggur því til, að aðalupphæðin verði aftur hækkuð upp í 10 þús. kr., en þeir fjórmenningarnir, sem sjerstaklega voru teknir út úr, feldir niður, þó þannig, að Guðmundur Friðjónsson verði færður yfir í 18. gr. og settur á bekk með þeim skáldum, sem þar eru fyrir. Þetta þjóðkunna skáld er, að dómi nefndarinnar, þess maklegt, að því verði sýndur slíkur sómi, og vænti jeg, að hv. deild fallist á till.

Hinsvegar þykir nefndinni Jakob Thorarensen enn of ungur til að komast í 18. gr., en þó vill hún ekki, að hann fái minni styrk en hv. Nd. hefir ætlað honum. Býst nefndin við, að svo geti orðið, þó að hans sje ekki sjerstaklega getið í fjárlögunum.

Þá þótti nefndinni rjett að bæta aths. við ordasöfnunarstyrk Þórbergs Þórðarsonar. Hann hefir notið þessa styrks í nokkur ár, og eru engar líkur fyrir öðru en að hann haldi honum framvegis. Þess vegna er ekki nema rjett, að safn hans verði eign ríkisins að honum látnum, eins og ákveðið er um söfn ýmissa annara, sem hafa fengið ríkissjóðsstyrk vegna söfnunarinnar.

33.—35. brtt. eru aðeins orðabreytingar og þurfa engra skýringa við.

Þegar þess er gætt, hversu mikið fje ríkissjóður leggur nú safni Einars Jónssonar, þá virðist ekki ósanngjarnt að fara fram á, að safnið verði opið 4 stundir á viku til sýnis almenningi endurgjaldslaust, og hefir nefndin því flutt brtt. í þá átt. Hingað til hefir safnið ekki verið opið endurgjaldslaust.

Þá barst nefndinni tilkynning frá bræðrum dr. Helga sál. Jónssonar um, að hann hafi kveðið svo á á deyjanda degi, að ríkinu skyldu boðin kaup á grasasafni hans fyrir 10 þús. kr. Andvirðið skyldi renna í sjóð Eggerts Ólafssonar sem sjerstök deild. Ætlar bróðir dr. Helga sál., Bjarni alþm. Jónsson frá Vogi, að semja stofnskrá fyrir þessa deild og fá hana staðfesta af konungi. En sjóður Eggerts Ólafssonar á, sem kunnugt er, að styrkja menn til rannsókna á náttúru þessa lands og náms í þeim efnum.

Safnið er besta grasasafn, sem til er hjer á landi, og er í því mikið af aukaeintökum, sem nota má til skifta við önnur söfn. Væri mikill skaði að missa safnið úr landi, en það verður að sjálfsögðu boðið til kaups erlendis, ef ríkissjóður vill ekki kaupa. Fanst nefndinni sjálfsagt að festa kaup á safninu, einkum vegna þess, að andvirðið á að renna í hálfopinberan sjóð, en þar sem upphæðin er nokkuð há, hefir samist svo milli nefndarinnar og bræðra dr. Helga sál., að kaupverðið skuli greiða á 4 árum, og leggur nefndin því til, að fyrsti fjórðungur þess sje tekinn upp í fjárlög 1926.

Í stjfrv. voru Búnaðarfjelagi Íslands ætlaðar 150 þús. kr. árið 1926, og er það lítið eitt meira en það hefir fengið undanfarið. Nú hefir hv. Nd. hækkað þessa fjárveitingu upp í 200 þús. kr. Þetta þykir nefndinni nokkuð stórt skref og telur nægilegt að auka styrkinn um 25 þús. frá því, sem upphaflega var ákveðið í stjfrv., og ber því fram brtt. um lækkun niður í 175 þús. kr. Er það allálitleg fúlga, enda hefir Búnaðarfjelagið mikil og margvísleg störf með höndum og marga menn í sinni þjónustu. Munu um 60 þús. kr. ganga til launa og ferðakostnaðar starfsmanna fjelagsins.

Á hinn bóginn vill nefndin hækka styrkinn til búnaðarfjelaga upp í 20 þús. kr., eins og hann var áður. Hann var af sparnaðarástæðum lækkaður niður í 10 þús. kr. á síðasta þingi. Margir líta svo á, að búnaðarfjelögin sjeu hyrningarsteinn allra jarðabóta í landinu og að engin styrkveiting úr ríkissjóði hafi borið jafngóðan ávöxt sem þessi.

Í samræmi við brtt. nefndarinnar um Búnaðarfjelag Íslands, og af sömu ástæðum, flytur hún brtt. um, að styrkurinn til Fiskifjelagsins lækki niður í 60 þús. kr. Er það 10 þús. kr. meira en farið var fram á í stjfrv. og mun meira en fjelagið hefir fengið undanfarið.

Forstjóri efnarannsóknarstofu ríkisins hefir skýrt atvinnumálaráðuneytinu frá því, að sú stofnun komi ekki að fullkomnum notum vegna áhaldaskorts. Hefir hann sent nefndinni skrá yfir ýmiskonar áhöld, sem stofuna vanhagar sjerstaklega um, og leggur hann til, að árlega verði veitt nokkur upphæð til áhaldakaupa, þangað til stofan hafi eignast öll hin bráðnauðsynlegustu tæki, sem slíkar stofnanir þurfa að eiga. Hann segir svo í niðurlagi erindis síns, sem atvinnumálaráðuneytið hefir sent nefndinni með bestu meðmælum:

„Mjer finst, að þing og stjórn hljóti sóma síns vegna að gera eitthvað til þess, að stofnun, sem kölluð er „Efnarann-

sóknastofa ríkisins", beri einhvern annan svip og sje annað og meira en ómerkilegt barnaskólalaboratorium".

Nefndin hefir fallist á, að ómynd sje að því, að efnarannsóknastofan komi ekki að tilætluðum notum vegna áhaldaskorts, og leggur því til, að 2000 kr. verði veittar í þessu skyni.

42. brtt. er aðeins málrjetting.

Þá kem jeg að 43. brtt. nefndarinnar, sem er við liðinn til lendingarbóta í Grindavík, sem hv. Nd. hefir tekið upp.

Þar syðra urðu feiknaskemdir í ofviðrinu 21. jan. síðastl. Hefir verkfræðingur, sem hæstv. stjórn bað um að rannsaka skemdirnar, áætlað, að fullkomnar endurbætur muni kosta alt að 105 þús. kr. Grindvíkingar hafa nú sótt um 35 þús. kr. styrk árlega í 3 ár, til þess að gera við skemdirnar. Hefir hv. Nd. nú samþykt 10 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni skilyrðislaust, enda kom till. ekki frá fjvn., heldur frá einstökum þm. Er þetta í engu samræmi við venju þá, sem fylgt hefir verið um slíkar styrkveitingar til að verja einkaeignir manna eða sveitarfjelaga skemdum. Nefndin er alls ekki á móti þessari fjárveitingu, en lítur svo á, að nauðsynlegt skilyrði fyrir henni sje, að fjárframlög komi annarsstaðar frá í sama hlutfalli og til annara mannvirkja, sem styrkt hafa verið af ríkisfje.

Skjölin, sem fyrir liggja í máli þessu, bera ekki annað með sjer en að eigendur Grindavíkur ætli sjer ekki að leggja annað af mörkum til lendingarbótanna en afgjald jarða sinna í nokkur ár og ef til vill vinnu gegn vægu endurgjaldi. Þetta finst nefndinni ekki nóg og flytur því brtt. um að binda þennan styrk sama skilyrði sem aðrar styrkveitingar í sviþuðu skyni.

Um styrkinn til markaðsleitar get jeg vísað til umsagnar nál. fjvn. Hæstv. stjórn hefir farið fram á 10 þús. kr. í þessu skyni, en jeg býst við, að hæstv. atvrh. (MG) geti sætt sig við brtt. nefndarinnar.

Ef óumflýjanlegt verður að nota meira en 5000 kr., þá býst jeg við, að hæstv. stjórn geri það, upp á væntanlega aukafjárveitingu síðar.

Annars er nýbúið að senda menn utan í þessum erindum, og er mjer ekki kunnugt um, að knýjandi nauðsyn beri til frekari aðgerða í nánustu framtíð.

Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga hefir farið fram á, að því verði ekki veittur lægri styrkur en 10 þús. kr., þar sem starf þess sje svo mikið og þjóðnytsamlegt. Nefndin getur fallist á nauðsyn þess, að sambandinu sje veittur ríflegur styrkur, en hefir hinsvegar ekki treyst sjer til að verða við óskum þess að öllu leyti, og leggur því til, að styrkurinn verði hækkaður um 1000 kr., eða upp í 6200 kr. Þegar þess er nú gætt, að styrkurinn til Halldóru Bjarnadóttur er veittur í þessu sama skyni, þá verður ekki sagt, að ríkissjóður láti heimilisiðnaðarmálin með öllu afskiftalaus.

Þá leggur nefndin til, að breytt verði dálítið styrkveitingunni til leiðbeinandans við húsagerð í sveitum.

Ef þessi maður fær lífvænleg laun að lifa af og nokkurn ferðakostnað, telur nefndin það nægilegt, og getur ekki gengið inn á, að hann setji upp skrifstofu á ríkisins kostnað. Því leggur nefndin til, að till. eins og hún kom frá hv. Nd. verði lækkuð úr 1200 kr. niður í 800 kr. og að orðin „og skrifstofufje" falli niður.

Að því er snertir fjárveiting til þess

að gera fossana Glanna og Laxfoss laxgenga, þá virtist nefndinni, að enginn undirbúningur hefði verið hafinn í því efni. Eins er það talið mjög tvísýnt, að þeir, sem eiga land að fossunum, muni leyfa, að þeir verði sprengdir. Sá nefndin því ekki, að ástæða væri til að veita fje til þessa að þessu sinni.

Þá hefir nefndin leyft sjer að gera breyting á fjárveiting til Lofts Guðmundssonar, þannig, að í stað orðanna „fyrir kvikmyndatöku“ komi: „til umbóta á kvikmyndum af íslensku landslagi og atvinnulífi, er hann hefir gert“. — Nefndin álítur, að það gæti orðið mjög til góðs, til þess að breiða út áhuga á því að kynna sjer Ísland og sjá landið, að kvikmyndir sem þessar væru teknar og sýndar erlendis. Hinsvegar telur hún þessa mynd ekki svo góða sem hún ætti að vera, og vill því binda styrkinn því skilyrði, að Loftur bæti mynd sína. Ætti það að vera auðgert. Hinsvegar virðast, eftir því sem fyrir liggur, mikil líkindi til þess, að Loftur geti selt kvikmyndina til útlanda og fengið kostnaðinn greiddan þar. Enda var og nefndinni sagt, að einstakir menn hefðu hlaupið undir baggann með honum og myndu ekki ganga hart eftir að hjálp þeirra yrði endurgoldin.

Hv. Nd. hefir lagt til, að Lúðvík Jónssyni verði veittar 5000 kr. til þess að endurbæta jarðyrkjuverkfæri þau, er hann hefir látið smíða. Nefndin lítur svo á, að hjer sje um mál að ræða, sem eðlilegast sje, að heyri algerlega undir Búnaðarfjelag Íslands, og muni það fjelag styrkja þennan mann, ef það álíti hann styrksins verðan. Að áliti nefndarinnar væri því þingið að taka fram fyrir hendurnar á þessu fjelagi, ef það veitti þessa upphæð, án þess að nokkur meðmæli liggi fyrir frá Búnaðarfjelaginu í þá átt.

Þá hefir nefndin lagt það til, að styrkurinn til fyrverandi eigenda m/b Svans verði færður úr 6000 kr. niður í 4000 kr. Þingið 1923 veitti í þessu skyni allmiklar upphæðir í fjáraukalögum fyrir 1923 og í fjárlögum fyrir 1924, og margir litu svo á, að þar við yrði að sitja. Nú hefir hv. Nd. stungið upp á, að enn væru veittar 6000 kr. til þessara manna. Nefndin vill ekki leggja til, að sú upphæð verði feld niður með öllu, en hún er samþykk því, að hún verði lækkuð um 2000 kr. Það er enginn vafi á því, að hallinn, sem fjelagið beið, er gerði Svan út, stafaði að nokkru af óheppilegri stjórn, og nefndin fær ekki sjeð, að ríkinu beri að bæta að öllu slík mistök.

Þá leggur nefndin til, að Rauðakrossfjelagi Íslands verði veittar 1000 kr. Fjelag þetta er nýlega stofnað, en hefir mætt svo góðum undirtektum, að eins dæmi má kalla. Seinast þegar jeg frjetti, voru um 1000 manns gengin í fjelagið; sjerstök deild hafði verið stofnuð á Akureyri og verið var að undirbúa stofnun annarar í Vestmannaeyjum. Þetta fjelag er hið þarfasta, og telur nefndin það metnaðarmál fyrir íslensku þjóðina að vera með í þessum fjelagsskap, sem hefir svo göfugt og gott takmark. Til þess að sýna viðurkenningu sína á gildi hans leggur því nefndin til, að fjelaginu verði veittar 1000 kr. í fjárlögunum. Meiningin er sú, að fjelagið þegar á þessu sumri ráði í þjónustu sína lærða hjúkrunarkonu, sem færi um veiðistöðvarnar og annarsstaðar þar, sem þörfin er mest. Myndi það koma að miklu gagni, því að hingað til hefir verið mikill skortur á konum, sem kunna að fara með meiðsli

og annað, á hinum ýmsu útgerðarstöðum og í sveitum landsins.

52. brtt. er borin fram samkvæmt ósk fyrverandi skrifstofustjóra Einars Þorkelssonar. Er það aðeins orðabreyting. Hann óskar eftir, að nafn sitt sje tekið út úr fjárlögunum, en í stað þess komi tilvitnun í lögin um lífeyri hans.

Um læknisekkjurnar þarf jeg engu að bæta við það, sem stendur í nál. Báðar þurfa þær þessa styrks við. Hið sviplega og sorglega fráfall Halldórs Gunnlaugssonar mun og ferskt í minni manna. Má vera, að það hafi valdið því, að ekkja hans fær örlítið hærri upphæð en hin, enda er og sagt, að hún kosti nú tvo syni sína í mentaskólanum. En báðar eiga þær fyrir ómegð að sjá. Um hækkunina til Ólafar Sigurðardóttur þarf væntanlega ekki að eyða orðum. Jeg geri ráð fyrir, að allir verði sammála um hana.

Á Guðmund skáld Friðjónsson hefi jeg áður minst.

Nefndin leyfir sjer að leggja til, að Sigrúnu Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar, verði veittur nokkur lífeyrir. Bæði er það, að hún er merk kona sjálf, og eins vann maður hennar í lifanda lífi svo mikið fyrir íslenska útskurðarlist, að sjálfsagt sýnist, að hún njóti þess að nokkru. Stefán heitinn vann alla æfina fyrir lítið kaup og mun landinu ódýr, þótt þessi styrkur sje veittur.

Næsta till. er komin fram eftir ósk hæstv. stjórnar. Held jeg, að allir muni sjálfsagt telja að veita þessa heimild og að það muni valda almennri ánægju, að þessi sendimaður, sem að alþjóðardómi stóð svo vel í stöðu sinni, bíði sem minstan halla af starfi því, er honum var á hendur falið.

Sömuleiðis er það eftir ósk hæstv. stjórnar, að lánsheimildin til varnargarðsbyggingar á Siglufirði er tekin upp. Gert er ráð fyrir, að bæjarfjelag Siglufjarðar greiði helming kostnaðarins, en fái þessar 15000 kr. að láni úr viðlagasjóði með sömu kjörum og það hefir fengið slíkt lán áður.

Að því er athugasemdina við kjötútflutningium snertir, þá er það að segja, að till. er þannig orðuð, að engin takmörk eru sett fyrir því, hve mikið ríkissjóður má greiða í tilefni af tilraunum þeim, sem gerðar verða í þessu efni. Fanst fjvn. rjett, að þessari heimild fyrir stjórnina væri hagað svo, sem venja er til um aðrar, að viss takmörk væru sett, og ætla jeg, að allir megi vera ánægðir með till. nefndarinnar í þessu máli.

Þá leggur nefndin til, að tvær ábyrgðarheimildir, sem hæstv. stjórn eru veittar í 25. gr., sjeu feldar niður. Sumpart finst henni þessi mál ekki nægilega undirbúin. Sjerstaklega sýnist henni sem undirbúning skorti undir tóvinnufjelag það, sem ráðgert er að stofna á Vestfjörðum, enda efast hún um, að slíkt tóvinnufjelag væri þar best komið hjer á landi. Nefndin vill ekki ýta undir einstaklinga eða fjelög til þess að ráðast í stórfyrirtæki, sem hægt er að fresta, meðan gengi vort er ekki betra en það er, og verkalaunin því hærri en búast má við, að þau verði, ef krónan kemst í fult gildi, eins og vonandi verður bráðlega.

Nefndin er algerlega sammála hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að landsmönnum beri, eins og ríkinu, að nota afgangsfje sitt sem mest til þess að losa sig við skuldir þær, er á þeim hvíla, og láta framkvæmdirnar heldur bíða uns þær verða ódýrari og hvíla ekki eins þungt á mönnum og nú.

Jeg vil biðja hv. þd. að afsaka þessa

ræðu mína. Hún var algerlega óundirbúin. Um brtt. hv. þdm. mun jeg geyma mjer að tala, þangað til hv. flm. hafa gert grein fyrir þeim.

Fjármálaráðherra (JÞ): Aðeins örfá orð til þess að láta í ljós þakklæti mitt til hv. fjvn. fyrst og fremst fyrir viðurkenningu þá, er hún hefir fyrir munn hv. frsm. (JóhJóh) veitt mjer fyrir undirbúning fjárlaganna. Verð jeg þó að segja, að það er einatt erfitt að áætla útgjaldaupphæðirnar svo, að ekki verði deilt um einstaka atriði, hvort hæfilega langt sje farið. Að öðru leyti mun jeg geyma mjer að minnast á fáeinar till., sem jeg finn ástæðu til að gera að umtalsefni, þangað til háttv. þdm. hafa gert grein fyrir till. sínum.

Ingvar Pálmason: Svo er ástatt, að jeg er einn þeirra, sem eiga hjer brtt., og þykir mjer ekki hlýða að láta þær koma til atkvgr. án þess að gera nokkra grein fyrir þeim.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mikið út í till. þær, sem fyrir liggja frá hv. fjvn., en mun að mestu láta nægja að sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr. Þó get jeg tekið það fram strax, enda þótt jeg telji, að það sje skyldara öðrum en mjer, að jeg get ekki fallist á till. hv. nefndar um að lækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands. Að vísu má líta svo á, að þessi lækkun sje að nokkru leyti tilfærsla. Skal jeg ekki ræða um hana ítarlega, en mjer virðist sem í tilfærslunni felist dálítil stefnubreyting, þannig, að hv. fjvn. telji rjettara að veita búnaðarfjelögunum styrk en Búnaðarfjelagi Íslands. Um þetta út af fyrir sig skal jeg ekkert segja að svo stöddu, en jeg ætla, að ef þessi stefnubreyting ætti að koma að nokkru gagni, þá hefði hv. fjvn. átt að taka sporið miklu stærra. Jeg sje ekki betur en að það skifti litlu máli, hvort búnaðarfjelögin fá 10 þús. kr. eða 20 þús. kr. styrk. Ef menn vilja ganga inn á þá braut að álykta, að rjettast sje, að nokkuð af fjenu, sem fer til Búnaðarfjelags Íslands, gangi beint til búnaðarfjelaganna, þá held jeg, að þeir ættu að styrkja þau miklu meira en hjer er gert. Jeg hefði því talið eins og sakir standa betra, að þessi tilfærsla ætti sjer ekki stað. Annars læt jeg mjer nægja fyrst um sinn að lýsa því yfir, að jeg tel, að því fje sje vel varið, sem fer til Búnaðarfjelags Íslands.

Þá vil jeg minnast á niðurfærslu á styrknum til Fiskifjelags Íslands. Það er næsta einkennilegt, hve þetta fjelag hefir átt erfitt uppdráttar á Alþingi. Að vísu hafa menn altaf verið að hokra með nokkurn styrk til þess, en þær fjárveitingar hafa sífelt gengið erfiðlega, og oft hafa deildirnar lækkað þær hvor fyrir annari. Jeg veit, að erfiður fjárhagur ríkissjóðs hefir verið og er nokkur afsökun í þessu máli, en þess ber vel að gæta, að hjer á sá atvinnuvegurinn hlut að máli, sem eiginlega ber uppi öll gjöld ríkissjóðs, og ef menn því vilja styrkja Fiskifjelagið, ættu þeir ekki að skera það við neglur sjer. Hitt má vel vera, að einhverjir hv. þm. finnist, sem álíta, að engin slík styrkveiting eigi að veitast, en þá ættu þeir að fara fram á, að upphæðin væri alveg feld niður. Jeg hygg, að þeir sjeu ekki margir, sem líta svo á. Jeg ætla, að hinir sjeu í miklum meiri hluta, sem ætla, að Fiskifjelag Íslands sje fulls styrks maklegt, en þeim hefir ekki enn skilist, að það þurfi ekki minni styrk en Búnaðarfjelag Íslands. Mega menn þó vel vita, að framkvæmdir fjelagsins eru að mestu leyti undir því komnar, hve ríflegan styrk það fær. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta. Jeg held,

að það liggi í augum uppi, að styrkur sá, sem hv. Nd. leggur til, að veittur sje fjelaginu, sje fulllágur og megi síst skerða hann í þessari hv. deild.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að tala um brtt. hv. fjvn. Mörgum þeirra er jeg samþykkur, en um hinar læt jeg nægja að greiða atkv. á móti þeim.

Þá á jeg þrjár brtt. á þskj. 400. Þykir mjer hlýða að fara um þær nokkrum orðum. Sú fyrsta er við 16. gr. 24, um styrk til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda í Dalasýslu til skólahalds í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna 500 kr. Jeg hefi leyft mjer að setja við hlið hennar aðra konu, húsfrú Sigrúnu P. Blöndal í Mjóanesi í Suður-Múlasýslu. Þessi kona hefir um mörg undanfarin ár haldið uppi slíkri kenslu, og ekki nema að litlu leyti við fasta skóla, heldur aðallega á námsskeiðum. Hún var nokkur ár búsett á Eiðum og hjelt þá slík námsskeið í sambandi við Eiðaskólann. Síðastliðið vor fluttu þau hjónin að Mjóanesi, og í vetur hefir húsfrú Sigrún haldið þar skóla. Var þar nokkuð kent munnlegt, en einkum þó handavinna og vefnaður, einkum eldri handavinna íslensk, sem nú er mjög að leggjast niður. Geri jeg því ráð fyrir, að mjer sje óhætt að fullyrða, að hún þoli samanburð við þessa Þórdísi Ólafsdóttur, þótt jeg þekki þá konu ekkert. En mjer er fyllilega kunnugt um, að Sigrún Blöndal hefir mörg undanfarin ár unnið mjög að útbreiðslu þessara kvennlegu hannyrða á Austurlandi, og jeg get lýst því yfir, að jeg hefi sjeð eftir nemendur hennar handavinnu, einkum vefnað, sem jeg hefi hvergi sjeð aðrar slíkar hjer á landi. Jeg geri ráð fyrir, að hv. form. fjvn. (JóhJóh), sem er gamall Austfirðingur, sje ekki ókunnugur þessum hannyrðum Sigrúnar Blöndal, og jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að kensla hennar sje svo mikilsverð í þessari grein, að ekki sje úr vegi að sýna henni nokkra viðurkenningu, er hún er nú að reyna að koma upp hannyrðaskóla á heimili sínu. Jeg held, að hv. fjvn. skilji vel þýðingu þessarar starfsemi. Dreg jeg þá ályktun af því, að hún hefir tekið mjög vel í að styrkja heimilisiðnaðarfjelagið og aðrar konur, sem hafa sýnt sig í því að útbreiða íslenskar hannyrðir. Vænti jeg því, að háttv. þd. sjái sjer fært að verða með þessari brtt. minni, og jeg tel það víst, að hv. fulltrúi kvenna, sem hjer á sæti, telji sjer skylt að vera henni eiadregið meðmæltur.

Jeg hefi borið fram varatillögu, þannig, að ef till. mín verður ekki samþykt, þá legg jeg til, að styrkurinn til Þórdísar Ólafsdóttur verði feldur niður. Mjer fyndist nokkuð harður dómur feldur yfir Sigrúnu Blöndal, ef henni er neitað um styrk, en Þórdísi Ólafsdóttur veittur hann. Jeg skal játa, að jeg þekki þá konu ekki, en jeg hefi mikla tilhneiging til að fullyrða, að Sigrún Blöndal standi henni ekki að baki að þessu leyti. Því hefi jeg komið fram með varatillögu, ef aðalbrtt. mín verður ekki samþykt. Skal jeg svo ekki ræða þetta meira að sinni.

Þá á jeg aðra brtt., við 17. gr. 10, um styrk til Goodtemplarafjelagsins. Hún er í tveim liðum, a. og b. Fyrri liðurinn er aðeins orðabreyting, og geri jeg ekki ráð fyrir, að hann mæti mótspyrnu. Mjer finst rjett að orða liðinn á þann hátt, sem brtt. fer fram á. Seinni liðurinn fer fram á, að styrkurinn til Stórstúku Íslands verði hækkaður úr 6000 kr. upp í 10000 kr. Það hefir ekki verið hljótt um bindindismálið upp á síðkastið, enda ekki

ástæða til þess. Kemur það mikið til af því, að í blöðunum hefir staðið töluverð barátta um gagnsemi bannlaga þeirra, er nú gilda hjer á landi. Jeg má segja, að öll þau blöð, sem styðja hæstv. stjórn, sjeu á móti banninu, en enginn mælir þó gegn ágæti og gagnsemi bindindisins. Þvert á móti halda blöðin því flest fram, að það eina rjetta, sem við Íslendingar eigum að gera, sje að efla bindindishugsjónina. Mjer virðist því enginn ágreiningur vera um það, að við eigum að leggja mikla áherslu á að útbreiða bindindi.

Jeg býst nú við, að einhverjum háttv. þdm. þyki þessi styrkveiting of há og að það verði viðkvæðið, að fjárhagur ríkissjóðs sje of erfiður til þess, að hægt sje að veita svo mikið fje til slíkrar starfsemi, þó nauðsynleg sje. En jeg vil benda á, að þessi tillaga mín fer ekki fram á nema 1¼% af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefir nú af áfengi. Eftir fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar af áfengistolli 500 þús. kr. og af víneinkasölu 375 þús. kr., eða alls 875 þús. kr. Þar í er innifalinn tollur af óáfengum vínum og ávaxtasafa. Þar geri jeg ráð fyrir 75 þús. kr. Eftir eru 800 þús. kr. af tolli og víneinkasölu, og eins og menn sjá, eru 10 þús. kr. ekki nema 1¼% af því. Ef mönnum er nokkur alvara að vilja efla bindindi í landinu, er þá til mikils mælst, að ríkissjóður leggi fram 1¼% af áfengistekjum til þess? Jeg segi nei. Þetta er svo lítil krafa, að jeg þykist vera mjög lítilþægur að hafa hana ekki hærri. Jeg vona því, að háttv. þdm. sjái sjer fært að samþykkja þessa tillögu mína.

Við vitum það, og það er ekki til neins að blekkja sig á því, að ástandinu hjer hvað snertir bindindismálið er mjög ábótavant. Að einu leyti hefir það þó batnað á síðustu árum, þar sem nú er svo komið, að nálega allir barnakennarar á landinu eru bindindismenn. Það hefir stundum viljað brenna við, að þessu væri ábótavant, en almenningsálitið er nú svo breytt, að lítt hugsanlegt er fyrir barnakennara, sem ekki er bindindismaður, að fá stöðu. Þetta bendir óneitanlega á, að þjóðin er að þroskast í þessu efni. Í þessu máli er það svo, eins og oftar, að ef umbætur eiga að komast á, verða þær að koma neðan að. Ef það er rjett, að bindindisstarfsemin í landinu þurfi að aukast og eflast — og um það virðast allir sammála, — þá ber að líta á það, að býsna miklir erfiðleikar eru á, að svo geti orðið, einkum vegna fjárskorts fjelags þess, sem aðallega vinnur að því máli. Einnig ber að líta á það, að ríkissjóður gerir töluvert til þess að tefja fyrir útbreiðslu bindindisins, þar sem hann hefir einkasölu á áfengi.. Og ríkið hefir meira að segja gert sjer áfengið að drjúgum tekjulið. Þess vegna virðist mjer ekki til of mikils mælst, þó að við bindindismenn förum fram á ofurlítinn styrk af þessum tekjum ríkissjóðs í baráttu okkar gegn ofdrykkjunni. Jeg treysti því fyllilega, að hið háa Alþingi skilji þetta mál, og tel óþarft að fara fleiri orðum um þessa breytingartillögu.

Þá er 3. brtt., við 25. gr., um að ríkissjóður ábyrgist alt að 110 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, til rafmagnsveitu. Svo stendur á þessari tillögu, að á Alþingi 1919 var tekin upp í fjárlögin fyrir 1920—21 slík ábyrgðarheimild, og hún var einnig tekin upp í fjárlögin 1921, en fjell svo burt. 1924 var hún aftur tekin upp, en fjell burt 1925. Það eru með öðrum orðum nú 6 ár síðan þessi heimild var fyrst veitt. Þau ár hafa verið erfið bæði fyrir ríkissjóð

og einstaklinga, og hefir Búðahreppur því ekki sjeð sjer fært að leggja út í þetta nauðsynjafyrirtæki. En 1924, og þó einkum 1923, var afkoma þessa hrepps mjög góð, svo að menn fóru að hugsa sjer til hreyfings að koma þessu áleiðis og byrjuðu á undirbúningi. Í fyrra var svo hafist handa, þannig, að hreppurinn rjeði fastan mann til þess að leggja leiðslur í hús, til þess að hægt væri svo að ljúka verkinu á einu ári, þegar byrjað væri á því fyrir alvöru. Jeg hefi enga skýrslu um kostnaðinn, en veit, að mestan hluta sumarsins í fyrra hafði hreppurinn þennan mann. En í vetur, eftir að jeg kom til þings, fjekk jeg að vita, að fengið væri tilboð um verkið og vjelar og stöð, sem nemur 128 þús. kr., en eins og vænta má, fylgir því sá böggull, að skilríki þurfa að vera fyrir greiðslu.

Í fyrrasumar stóð hreppsnefnd Búðahrepps í þeirri meiningu, að hún hefði á bak við sig ábyrgð ríkissjóðs, af því að 1924 stóð hún óhögguð í fjárlögunum. En í haust er leið, er þingtíðindin komu heim í hreppana, kom það í ljós, að ábyrgðarheimildin stóð ekki í fjárlögunum. Hreppsnefndin áleit, að ekki bæri að skilja það svo, að þingið hefði horfið frá loforði sínu, heldur væri þetta einungis gleymska. Það held jeg líka, að hafi verið, og má vel vera, að jeg eigi sjálfur að nokkru leyti sök á því. En nú og altaf hingað til hefir hreppsnefndin staðið í þeirri meiningu, að þegar hún sæi sjer fært að ráðast í verkið, mundi ekki bresta það bakhjarl, sem loforð var fyrir. Því vil jeg ekki álíta, að Alþingi vilji nú kippa að sjer hendinni og valda með því hreppnum stórtjóni. Jeg vænti þess sem sagt fyllilega, að Alþingi standi við sín gefnu loforð og veiti ábyrgðarheimildina. Jeg skal geta þess, að jeg hefi hjer farið fram á 10 þús. kr. meira en loforð var fyrir, því að þótt hreppsfjelagið sje sæmilega vel stætt, get jeg ekki búist við, að það geti staðið straum af meiru en 18 þús. kr. án ábyrgðar. En ef á því stendur, mundi jeg ekki vera ófáanlegur til að færa upphæðina ofan í 100 þús. kr., þó að jeg telji það ekki rjett. Það mundi jeg samt gera, ef á því stæði, en þessar 100 þús. kr. eru sanngirniskrafa, þar sem það er gamalt loforð, sem hreppurinn hefir treyst á í undirbúningi sínum.

Þá skal jeg ekki þreyta hv. þdm. lengur, en vænti þess, að þeir sjái sjer fært að styðja brtt. mínar, helst allar, en ekki hvað síst þá síðustu.

Frsm. samgmn. (Jóhann Jósefsson): Jeg ætla að tala nokkur orð fyrir hönd samgmn. þessarar hv. deildar út af þeim tillögum, sem hún hefir leyft sjer að koma með á þskj. 374 um úthlutun flóabátastyrksins á næsta fjárhagstímabili. Þessi nefnd var á fundi með samgmn. Nd., eftir beiðni hv. formanns nefndarinnar þar (KlJ). Var rætt um styrkinn og úthlutun hans, en þegar þetta skeði, var styrkurinn dálítið lægri en hann er nú í fjárlögunum. Nefndirnar urðu sammála um skiftingu styrksins, og sú skifting var að öllu leyti samhljóða því, sem segir á þskj. 374. Við meðferð fjárlaganna í Nd. var svo bætt við 4 þús. kr., þannig að upphæðin er nú 87 þús. kr. Nefndinni hefir verið skýrt frá því af hv. formanni samgmn. Nd., að þessi viðbót væri sett með tilliti til Hornafjarðarbátsins, og hefir sá hv. þm. lagt áherslu á, að Hornafjarðarbáturinn geti ekki komist af með þann styrk, sem honum var ætlaður áður. Nú er vitanlegt, að

nauðsynlegt er, að samgöngur milli Hornafjarðar og Austfjarða sjeu styrktar, og vill nefndin ekki rengja ummæli hv. formanns samgmn. Nd. um, að styrkurinn til bátsins þurfi að vera hærri en gert hefir verið ráð fyrir, að hann yrði. En hinsvegar áleit hún vafasamt, að rjett væri, að styrkhækkunin rynni öll til þessa eina báts og benti á í nefndaráliti á þskj. 374, að fleiri bátar væru ekki minna styrktar þurfandi, einkum þó Skaftfellingur og Breiðafjarðarbáturinn. Þetta má ekki skilja svo, að nefndin leggi alla áherslu á, að Hornafjarðarbáturinn fái ekki meginið af viðbótinni, heldur ætlast hún til, að þó hann fái meginið af viðbótinni, sjái atvinnumálaráðuneytið sjer fært að láta þessa báta njóta uppbótar að einhverju leyti. Samgöngur við Skaftafellssýslur eru einna erfiðustu samgöngur á sjó hjer við land. Mjer er svo kunnugt um, hvernig þær ferðir ganga, að jeg álít styrkinn til þeirra vera of lítinn, ef miðað er við, hvað aðrir flóabátar fá. Hv. samgmn. Nd. taldi æskilegt, að eitt og sama skip annaðist samgöngur milli Reykjavíkur, Faxaflóa og Breiðafjarðar. Það álit nefndarinnar er ekki samhljóða, því að 2 nefndarmenn voru þessu ósamþykkir. Samgmn. Ed. verður að fallast á álit minni hluta samgmn. Nd., þar sem hún álítur það ekki einungis óheppilegt, heldur yrði það því nær óframkvæmanlegt, að sá bátur, sem annaðist póstferðir milli Reykjavíkur og Borgarness, sem mjög er áríðandi að sjeu vissar, annaðist einnig ferðir um Breiðafjörð.

Þá held jeg það sje ekki fleira, sem nauðsynlegt er að taka fram um þetta. Nefndin hefir gert grein fyrir því í nál., hvernig hún leggur til, að samgöngubótastyrknum sje varið, og vona jeg, að tillit verði tekið til þess, eftir því sem unt er, þegar endanleg úthlutun styrksins fer fram.

Það er rjett að geta þess í þessu sambandi, að hv. formaður samgmn. Nd. hefir látið uppi ótvírætt álit um, að Hornafjarðarbáturinn þyrfti að minsta kosti 7 þús. kr.

Jeg skal því næst leyfa mjer að minnast nokkuð á þær breytingartill., sem jeg hefi flutt eða er meðflytjandi að, og ef til vill aðrar tillögur, sem jeg læt mig sjerstaklega skifta.

Það verður þá fyrst fyrir mjer IV. brtt. í röðinni, sem borin er fram af mjer og hv. 2. þm. G.-K. (BK), hv. 3. landsk. (HSn) og hv. 5. landsk. (JJ), um styrk til dr. Helga Pjeturss. Við leggjum til með þessari brtt., að dr. Helgi Pjeturss verði fluttur í 18. gr. Bæði er nú það, að maður þessi hefir notið lengi styrks frá Alþingi, og auk þess kominn á efri ár, en er þó viðurkendur vísindamaður bæði utan lands og innan, svo við teljum betur viðeigandi að skipa honum á bekk með rithöfundum þeim, sem taldir eru í 18. gr. II. g. Jeg hafði tækifæri til þess í fyrra að minnast þessa merka manns að nokkru hjer í þessari hv. deild, og get því látið mjer nægja að vísa til þess. En hitt er mjer óhætt að fullyrða, að fjöldi manna víðsvegar úti um land hefir miklar mætur á þessum merka vísindamanni og óskar þess, að þingið styrki hann og skeri ekki fjárhæð þá við neglur sjer. Annars ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þetta, því að mjer er kunnugt um, að að minsta kosti einn af hv. meðflutningsmönnum mínum gerir brtt. þessa að umtalsefni, en vona hinsvegar, að hún nái fram að ganga.

Þá er jeg einnig flm. að VI. brtt. ásamt þeim hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 5.

landsk. (JJ), þar sem farið er fram á 2250 króna styrk til Listvinafjelagsins hjer í Reykjavík til þess að kaupa „Móðurást" Nínu Sæmundsson, og er styrkur þessi miðaður við sama framlag annarsstaðar frá, enda verði listaverkið opinberalega til sýnis hjer. Till. sama efnis var borin fram í hv. Nd., en fjell þar með litlum atkvæðamun.

Þessi unga listakona hefir áunnið sjer á mjög litlum tíma svo mikla tiltrú og viðurkenningu, að það mun einsdæmi. Jeg hefi hjer í höndum skjal frá Listvinafjelagi Íslands, þar sem gefnar eru nokkrar upplýsingar um þessa merku listakonu í sambandi við þetta verk hennar, sem hjer er um að ræða. Og af því að upplýsingar þessar eru svo einstakar í sinni röð og merkilegar, þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa dálítinn kafla úr þessu skjali Listvinafjelagsins. Þessi kafli hljóðar svo:

„Það munu vera liðin 7 ár síðan ungfrú Nína Sæmundsson myndhöggvari sýndi í fyrsta sinn listaverk eftir sig; var það á Charlottenborgarsýningunni í Kaupmannahöfn og vakti þar mikla eftirtekt og hlaut almannalof. Það var „Sofandi drengur". Var það sýnt á 1. listasýningu fjelags vors og keypt til listasafnsins. Síðan hefir ungfrúin gert hvert listaverkið öðru betra og er nú orðin alkunn og viðurkend, ekki aðeins meðal listamanna og listvina á Íslandi og í Danmörku, þar sem hún hefir stundað nám sitt og starfað, heldur víðar um lönd. Hún hefir sýnt hvert listaverkið eftir annað á sýningum í Kaupmannahöfn og hjer í Reykjavík, síðast myndina „Rökkur", sem keypt var til listasafnsins.

Síðastliðinn vetur og síðan alt fram yfir síðustu áramót hefir ungfrú Nína Sæmundsson dvalið í Parísarborg og stundað list sína þar. Á síðustu allsherjarsýningu þar í borginni sýndi hún nýtt listaverk eftir sig, „Móðurást". Er það í fyrsta sinni, að íslenskum listamanni hefir verið gefinn kostur á að taka þátt í þessum heimsfrægu listsýningum í miðstöð listanna á síðari tímum. Dómnefndin við þær sýningar kvað vera skipuð um 100 mönnum, og leggur hver dómandi bláan atkvæðismiða við þau listaverk, er hann telur æskilegt að sýna af þeim, sem fram eru send. Að loknum dóminum, er „Móðurást" var til atkvæða, lágu öll atkvæðin hjá henni. Er þetta talið merki þess, að þessi listamaður sje framvegis hafinn yfir dóma við þessar sýningar og verk fröken Sæmundsson velkomin á þær, hvenær sem vera vill. „Móðurást" hlaut nú hinn veglegasta stað á sýningunni, og var áhorfendum ætlað gott rúm fyrir framan hana, því búist var við mikilli aðsókn til þess að skoða hana; fregnin um hana hafði þegar borist út á meðal listamanna um borgina. Vjer höfum átt tal við mann, sem kom á sýninguna, og lýsti hann þessu svo:

„Móðurást" var fyrir öðrum endanum á afarstórum sal. Hún hafði vakið geysimikla eftirtekt, enda er hún í sannleika mjög hrífandi og átakanleg og jafnframt undrafögur. Áhorfendurnir flyktust að henni og stóð fólk jafnan í þröng fyrir framan hana, fult aðdáunar og ánægju."

Listvinafjelagið heldur svo áfram og fullyrðir, að því mundi þykja mjög sárt, ef örlögin höguðu því svo, að það gæti ekki eignast þetta merka listaverk og komið því hingað heim. Kveðst fjelagið hafa leitað sjer upplýsinga um, hvað listaverk þetta mundi kosta, og ungfrú Sæmundsson svarað því, að hún treysti sjer ekki til að selja það undir 9 þús. króna, þegar búið væri að steypa það í bronsi.

Jeg veit ekki, hvort nokkur Íslending-

ur hefir verið staddur á þessari Parísarsýningu, en hafi svo verið, þykir mjer sennilegt, að honum hafi runnið blóðið til skyldunnar og fagnað því, að íslensk kona skyldi vinna slíkan glæsilegan sigur í ríki listanna, sem óhætt er að telja að Frakkland sje nú.

Og þegar litið er til hins einróma lofs, sem listdómararnir í Parísarborg gáfu þessari ungu listakonu, þá finst mjer, að við landar hennar getum verið stoltir af þeim heiðri, er hún hefir hlotið, og ættum þess vegna að stuðla að því, að Listvinafjelag Íslands beri gæfu til þess að ná í þetta merka listaverk. Jeg var fús að taka að mjer þessa málaleitun fjelagsins og bera hana hjer fram á Alþingi, og jeg vona, að hv. þdm., eða meiri hluti þeirra, verði mjer sammála um að veita þennan litla styrk, sem hjer er farið fram á.

Til þess að fylgja rjettri röð brtt. á þskj. 400, frá okkur einstökum þm., þá ætla jeg næst að minnast á VIII. brtt., sem þeir bera fram hv. 3. landsk. (HSn) og háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ), um verðlaun til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, þar sem farið er fram á að veita verksmiðjunni 2 krónur fyrir hvern kassa niðursoðinnar mjólkur, sem hún framleiðir, en þó á upphæðin ekki að fara yfir 8 þús. kr.

Þessi iðnaður, niðursuða mjólkur, er ungur hjá okkur og skamt á veg kominn, en í öðrum löndum hefir hann staðið lengi og hefir verið flutt hingað inn árlega svo mikið af niðursoðinni mjólk, að raunalegt er til þess að hugsa fyrir land eins og okkar, sem framleitt gæti þó nóga mjólk handa þjóðinni.

Það má vera, að við kaupstaðarbúar verðum meira varir við þennan mjólkurinnflutning heldur en aðrir, enda er það svo í mínu kjördæmi, að þangað er flutt inn afarmikið af erlendri mjólk.

Nú blandast mjer alls ekki hugur um, að best væri fyrir okkur að komast hjá því að flytja mikið inn í landið af niðursoðinni mjólk, og ánægjulegast að það væri ekki neitt. En það er nú síður en svo sje, því samkvæmt verslunarskýrslum frá 1922 fluttum við það ár inn niðursoðna mjólk fyrir rúma ½ miljón króna. Hjer er því ekki um neitt smáræði að tala, ef við gætum sparað þennan innflutning.

Jeg hefi sjálfur haft tækifæri til þess að ganga úr skugga um það, að þessi niðursoðna mjólk Mjallar stendur fyllilega á sporði hinni erlendu og stenst alla samkepni. Á jeg þar við sendingu, sem kom til Vestmannaeyja og var seld þar. Og reynslan varð sú, að þeir, sem komust upp á að nota Mjallarmjólkina, sóttust fremur eftir henni en þeirri útlendu.

En það er ekki nema von, þó að erfitt sje fyrir nýjan iðnað að ryðja sjer braut, og því rjett, að slíkir brautryðjendur sjeu styrktir af ríkinu á meðan þeir eru að ná tryggum markaði fyrir vöru sína, en vitanlega verður styrkur sá að vera innan vissra takmarka, enda verður ekki annað sagt en að í þessu tilfelli sje mjög hóflega af stað farið, að veita 2 kr. fyrir hvern mjólkurkassa, sem framleiddur er. Þegar byrjað er hjer í landi á nýjum iðnaði, þá er ekki nema eðlilegt, eins og jeg sagði áðan, að þingið styrki slík fyrirtæki. Það hefir svo mikið að segja fjárhagslega fyrir ríkið að geta búið sem best að sínu og minkað innflutning á þeim vörum, sem framleiða má í landinu. Þetta vona jeg, að allir skilji, svo að jeg þurfi ekki að orðlengja frekara um þetta, enda vona jeg, að brtt. þessi nái fylgi meiri hl. hv. þdm. — [Fundarhlje].

Þegar komið var að fundarhljei, var jeg kominn að brtt. minni undir X., um styrk til varðskipsins „Þórs". Það hefir orðið að samkomulagi milli mín og hv frsm. fjvn. (JóhJóh), að jeg tæki hana aftur til 3. umr.

Þá er brtt. frá mjer og hv. 5. landsk. þm. (JJ), undir XII, um ⅔ kostnaðar við að gera áætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Jeg sendi á sínum tíma hv. fjvn. erindi um þetta, og fylgdi því umsögn hr. Jóns Ísleifssonar verkfræðings, sem hefir rannsakað þetta mál. Eins og kunnugt er, þá hafa eyjarskeggjar til neysluvatns regnvatn, sem safnað er í brunna. Þegar þurkar ganga, verður oft brestur á vatni, svo að til vandræða horfir í Eyjunum. Þetta fyrirkomulag hefir og marga galla frá heilbrigðilegu sjónarmiði, og skal jeg drepa á nokkra. Brunnarnir eru að vísu steinsteyptir, en það vill safnast í þá slý, en hinsvegar ekki gott að koma því við að hreinsa þá, því að til þess verður oft að spilla vatni. Og þar sem vatnsþurð er, er mönnum að vonum sárt um slíkt. Svo taka brunnveggirnir oft að springa, er þeir eldast, og geta óhreinindi síast inn í brunnana. Þá verður að taka vatnið af þökunum, og þau eru oft ekki svo hrein sem skyldi. Ryk af götunum kemst þannig ofan í brunnana. Einnig vill oft takast erfiðlega að ganga svo frá opunum, að trygt sje. Fyrirkomulagið er því mjög ótrygt.

1923 geysaði taugaveiki í Vestmannaeyjum. Gerði þá landlæknir sjer ferð þangað og gekk fram í því með miklum dugnaði að bæla sóttina niður. Taldi hann þá, að altaf myndi verða mikil hætta á útbreiðslu næmra sjúkdóma þar í Eyjum, meðan svo til hagaði með vatn þar eins og nú á sjer stað. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig hv. þm. kynnu við að dvelja til lengdar þar, sem svo lítið er um vatn, að fólkið verður að *spara* það. En svo er það í Vestmannaeyjum. Má segja, að ekki sje aðeins stór nauðsyn á að fá úr þessu bætt fyrir sjálft bygðarlagið, heldur fyrir alt landið. Var og fyrir nokkrum árum veitt lítil fjárupphæð til að leita vatns í Vestmannaeyjum, og tókst að finna það. Er lítill vafi á, að vatn er þarna til, og bendir reynslan frá í fyrra á það, að það muni vera meira en haldið hefir verið. Tilraunabrunnurinn við Illíðarbrekku varð þrautalending Vestmannaeyinga í fyrrasumar, þegar síðfeldir þurkar gengu frá miðjum maí til ágústloka. Var seinast svo, að vatnslestir gengu til og frá brunninum allan sólarhringinn, því fjöldinn allur varð að sækja sjer vatn þangað. Að vatnið þraut ekki í brunninum í öllum þurkunum í fyrra, bendir óneitanlega á það, að nóg sje þar af vatni. En ómögulegt er að sækja vatn þangað nema í hestvögnum eða bílum. Hitt er einnig ljóst, að þó vatn sje til þarna, þá er dýrt að hagnýta sjer það, þar sem brunnurinn liggur lægra en bygðin. Yrði að útbúa dælustöð niðri í sandinum og geymi uppi í fjallshlíðinni, svo nægilegur halli fáist niður í bæinn. Virðist þetta vera eina leiðin til að ráða bót á vatnsleysinu. En auðvitað er ekki leggjandi í vatnsleiðslu nema hún sje vel undirbúin áður og vatnsmagnið rannsakað. En verkfræðingur sá, sem áður hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir í brjefi látið uppi það álit sitt, að ekki verði hægt að láta nákvæma rannsókn fara fram fyrir minna en 12—15 þús. kr. Þetta fje, sem hjer er beðið um, er því aðeins ⅔ kostnaðar, en gæti orðið til þess, að fullnægjandi und-

irbúningur undir vatnsveituna fengist. Í þessu sambandi má minna á, að það var alls ekki svo lítið, sem það kostaði ríkið, þegar taugaveikin kom upp, þó hún kæmi auðvitað ennþá þyngra niður á bænum, auk þess sem aðkomumenn voru teptir vikunum saman vegna sóttbannsins. Ennfremur verður núverandi fyrirkomulag því meir ófullnægjandi, sem bærinn stækkar. Leita nú einnig til Vestmannaeyja mörg skip, bæði erlend og íslensk, og eru mörg þeirra auðvitað vatnsþurfar. Sjá allir, hve það hlýtur að vera þeim bagalegt að geta ekki fengið nægilegt vatn þarna, nema þá með miklum erfiðismunum, og þó aðeins slæmt vatn. Jeg vil nú ennfremur, um leið og jeg lýk máli mínu um þessa málaleitun, sem jeg hefi sent til háttv. fjvn. og sem jeg nú hefi komið fram með í sjerstakri brtt., vegna þess að hv. nefnd sinti henni ekki, — þá vil jeg minna á það, að á ferðinni er ný skattaálagning, sem ekki snertir Vestmannaeyjar svo lítið, en sem íbúar þeirra fá þó í engu notið, og á jeg þar við hækkunina á útflutningsgjaldinu, sem ætlast er til að renni til ræktunarsjóðsins. Þessi aukni skattur á Vestmannaeyingum mun að líkindum nema um 30—40 þús. kr., ef gengið er út frá sama útflutningi og varð í fyrra. Væri það ekki ósanngjarnt, þó þeim væri lagt eitthvað til á móti og látnir njóta, þó ekki nema í litlu sje, þessara auknu útgjalda og annara, sem úr þessu bygðarlagi koma. Vona jeg, að að þessu athuguðu verði hv. deildarmönnum ljúft að greiða atkvæði með þessari sanngjarnlegu till.

Þá vil jeg minnast að nokkru á aðra till. á sama þskj., XVI, um að Kristjáni Linnet bæjarfógeta verði veitt 15000 kr. viðlagasjóðslán til byggingar embættisbústaðar. Er ætlast til, að hann greiði 6% vöxtu af upphæðinni. Jeg skal geta þess, að úr brtt. hefir fallið, að lánið skuli veitt gegn þeirri tryggingu, sem hæstv. stjórn tekur gilda. Kristján Linnet er nýfluttur til Eyjanna. Átti hann hús á Sauðárkróki, sem honum hefir ekki tekist að selja. Hefir hann því orðið að leigja sjer húsnæði og hefir orðið að hafa skrifstofur sínar í öðru húsi en því, sem hann býr í, og þó slíkt sje mjög óheppilegt, þá er samt ekki á öðru völ, þar sem húsnæðisvandræði eru mjög megn í Vestmannaeyjum. Hv. fjvn. hefir samt ekki getað sint þessu og ber það fyrir, að með þessu væri gefið hættulegt fordæmi og margir myndu á eftir fylgja. Hinsvegar hefi jeg ekki orðið var við, að hún hafi nokkuð út á lánið sjálft að setja hvað kjör og tryggingar snertir. En einmitt þetta fordæmi hefir þegar verið gefið á miklu óskynsamlegri hátt en hjer er farið fram á, og munu háttv. þm. vita, hvað jeg á við. En ekki ætti að vera nein hætta, þó lánaðar væru 15 þús. kr. út á 2. veðrjett í húsi, sem er 40 þús. króna virði. Nú er og þess að gæta, eins og áður hefir verið minst á, að nær ómögulegt er að fá fje að láni til að koma upp húsi. Líða margir af því ástandi, sem nú er í þessu efni, og má vera, að það leiði til þess, að eitthvað verði úr því bætt. Ef hægt er að benda þessum bæjarfógeta á lánsstofnun, sem væri fús að lána honum þessa upphæð út á 2. veðrjett með viðunanlegum kjörum, þá væri skiljanlegt, þó Alþingi kærði sig ekki um að sinna þessu. Mjer er kunnugt um, að nefndur bæjarfógeti hefir von um að fá lán út á 1. veðrjett, en það hrekkur hvergi til að koma húsinu upp, svo hann er jafnnær, ef Alþingi skýtur skollaeyrum við þessari beiðni.

Þá verður því heldur ekki neitað, að

það er ekki síst á þessum stað mjög leiðinlegt, bæði fyrir bæjarfógetann og landið alt, að hann búi við mjög ljeleg húsakynni. Til Vestmannaeyja koma áætlunarskipin sunnanlands fyrst og mjög mörg skip önnur, bæði innlend og útlend, sem eiga erindi við bæjarfógetann. Bæjarfógetinn verður sömuleiðis mjög oft að taka á móti foringjum af varðskipinu, sem þangað leitar oft með sökudólga, og veit jeg, að það hefir í vetur verið mjög örðugt fyrir hann sökum húsnæðisleysis. Hinsvegar munu allir, sem til þekkja, bera þessum embættismanni þann vitnisburð, að hann sje mjög áhugasamur og skyldurækinn og í alla staði hinn vandaðasti maður. Það væri því mjög gott til þess að vita, ef landið gæti hjálpað honum til að koma upp sæmilegum embættisbústað. Hann er fátækur fjölskyldumaður, og er honum alls ekki kleift að byggja nema þessu erindi verði sint. Hvað þetta fordæmi annars snertir, þá finst mjer ekki illa viðeigandi, að ríkið sýni einhvern lit á því að gera vel við sína embættismenn, en það er margra manna mál, að í seinni tíð hafi sýslumenn og bæjarfógetar orðið illa úti. Þeir hafa búið við tiltölulega slæm launakjör, og ennþá er frv. á ferðinni hjer í hv. deild, sem miðar að því að rýra tekjur þeirra sýslumanna og bæjarfógeta, sem búa þar, sem útlend skip koma einkum að landi.

Jeg vil, áður en jeg skil við þessa brtt., lesa upp nokkur orð úr erindi til Alþingis, sem mjer barst í hendur í dag frá umræddum bæjarfógeta. Hann segir þar svo:

„Jeg lít svo á, að hjer sje í raun og veru ekki um lán í mína þágu að ræða. Upphæðin er sem svarar því, sem það kostar að hafa húsið stærra vegna tveggja skrifstofuherbergja og nauðsynlegrar geymslu fyrir embættið. Það er mjög áríðandi fyrir landið, að embættið hjer standi ekki uppi húsnæðislaust, og enda að skrifstofur embættisins sjeu sæmilegar og viðunandi, ekki síst vegna þess, hve margar afgreiðslur fara þar fram vegna útlendinga. En við því má auðveldlega búast vegna hinna miklu húsnæðisvandræða á þessum stað — líklega sá staður, sem vegna hraðfara vaxtar á íbúatölu er mest húsnæðisekla á —, að komið geti fyrir, að ómögulegt sje að fá húsnæði. Fari svo, að jeg geti ekki útvegað það, eða ekki fyrir það verð, sem mjer er fært að greiða, þá hlýt jeg að snúa mjer til stjórnarinnar á þeim tíma til að ráða bót á því. Geti hún það ekki heldur, mun ríkissjóður á skömmum tíma tapa meiru í tekjum en þessari litlu upphæð, sem jeg fer fram á að fá að láni. Þetta verður Alþingi vel að athuga, landsins vegna, er það tekur afstöðu til þessa máls, og eins hitt, að fái jeg lánið, get jeg bygt, en að öðrum kosti sje jeg mjer það alls ekki fært.“

Jeg skal svo ekki þreyta hv. deild á lengri ræðu um þetta eða annað að svo komnu. Jeg vona, að hv. þm. muni geta fallist á, að lánbeiðni þessi sje að öllu leyti hættulaus fyrir ríkið og á fullum rökum bygð.

Eggert Pálsson: Jeg á hjer aðeins tvær litlar brtt., sem báðar eru á þskj. 400, og skal jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um þær.

Það, sem fyrst og fremst einkennir þessar till. mínar, er það, að þær vita ekki að neinum sjerstökum einstaklingi, heldur koma þær öllum almenningi til góða,

og þó vitanlega mest fólki í mínu kjördæmi og nærliggjandi hjeruðum, svo sem Árnessýslu.

Hvað snertir styrkinn til bifreiðaferða austur í sýslur, þá á hann auðvitað sína sögu og skal jeg á hana minnast örfáum orðum. Í aukafjárlögum fyrir 1923 voru veittar 3000 kr. til bifreiðaferða austur, og þá víst aðallega til mannflutninga. Hafði þessi upphæð, þótt hún væri ekki stærri, hina mestu verkun í för með sjer, sem sjá má af því, að með mannflutningabifreiðum lækkaði farið úr 40 kr. niður í 20 kr. og í „kassabílum", sem ekki þektust áður, kostaði nú farið að Garðsauka 10 kr. En auðvitað er, að margar af þessum ferðum hafa verið farnar til skemtunar, en ekki af nauðsyn. Því verður varla sagt, að eins mikil þörf hafi verið og sje á styrk til slíkra ferða sem til vöruflutninga. Þessi styrkur var aftur á móti ekki tekinn upp í fjárlög fyrir 1924, jafnvel þó hann hefði verið settur í fjáraukalög fyrir 1923, og er mjer óskiljanlegt, hvað þessu hefir valdið. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir 1925 var ekki heldur gert ráð fyrir neinum slíkum styrk, jafnvel þótt þess hefði mátt vænta af fyrverandi fjrh., sem orðinn var þá þm. Rang. En fjvn. hv. Nd. tók málið að sjer og setti till. um 1000 kr. styrk inn í frv., og var svo þessi styrkur hækkaður upp í 2000 kr. í þessari hv. deild.

Þessi styrkur hefir gert mjög mikið gagn. Vöruflutningar með bifreiðum hafa aukist afskaplega á síðasta ári og árum, en áður voru þeir nær óþektir. Er það og mjög eðlilegt í augum hvers manns, sem þekkir til ástandsins í austursveitunum, að menn kjósi þessi flutningatæki fremur en önnur, sem kostur er á, þó neyðarkostur sje að vissu leyti. Þetta er eðlilegt. Það má heita ógerningur að fara í 8 daga kaupstaðarferð vor og haust til aðdrátta, þar sem kannske er ekki neinn maður vinnandi á heimilinu nema húsbóndi og húsmóðir. Því verður að taka þann kostinn að flytja á bifreiðum. En bifreiðaflutningurinn verður samt býsna dýr. Austur í Rangárvallasýslu fæst flutningsbíll ekki fyrir minna en 150 kr. Og þó bílar þessir sjeu flestir svo gerðir, að ætlast er til, að þeir beri 1 tonn, þá er hjer vegna veganna ekki hægt að flytja með þeim meira en ca. 1500 pund. Kostar þá flutningurinn 10 aura á hvert pund, ef ekki er flutningur nema aðra leið. Sjá menn, að þetta eru fullkomin neyðarkjör. Sje á hinn bóginn hægt að fá nægar vörur að flytja í bílnum til baka, þá verður flutningsgjaldið auðvitað talsvert minna. En slíku er sjaldan að fagna, síst að öllu leyti.

Þegar hæstv. stjórn lagði frv. til fjárlaga fyrir hv. Nd., þá hafði hún tekið upp 2000 kr. styrk í umræddu skyni. Er það virðingar- og þakkarvert, og mjer finst ekki nema eðlilegt, þó *hún* hafi ekki sjeð sjer fært að fara hærra. En það sjá allir, að þegar á að fara að skifta þessum 2000 kr. milli jafnmargra eins og hjer eiga hlut að máli, þá getur ekki komið mikið í hlut. Flutningarnir ganga aðallega í þrjár stefnur, eins og aths. sýnir, alla leið austur að Garðsauka og upp á Skeið, svo og upp í Grímsnes. Og þegar á að styrkja allar þessar flutningaleiðir af einum 2000 kr., kemur lítið á hverja. Þess vegna hefi jeg farið fram á, að þessi upphæð verði hækkuð um helming, og virðist þar ekki vera dýft mjög djúpt árinni; því öllum er það ljóst, að það mundi ekki talinn stórkostlegur styrkur til flutninga á sjó, ef um jafnmarga menn væri að ræða, sem notin eiga að hafa.

Það er einu sinni svo, að megnið af flutningi til Árnessýslu og vesturhluta

Rangárvallasýslu fer einmitt hjeðan að sunnan. Jeg held mjer sje óhætt að segja, að í vetur hafi vantað tilfinnanlega margar kornvörur fyrir austan heiði, svo menn urðu að brjótast í að fara þennan fjallveg meira og minna ófæran til þess að draga að sjer einhver föng. Eins og allir vita, er svo ástatt þarna fyrir austan, að það er ekki altaf hægt að lenda við sandana, en af því leiðir, að það er ekki hægt að draga að sjer föng sjóveg, nema helst að vorinu. Hvort heldur er um kaupmenn eða kaupfjelög að ræða, þá eru verslanir tregar til að sitja með mikið af matbjörg um mjög langan tíma, þegar óvíst er um sölu. Þess vegna er það orðið þannig, að verslunin í þessum hjeruðum hefir snúist aðallega til Reykjavíkur.

Jeg hygg því, að menn hljóti að viðurkenna, þegar menn athuga þessar kringumstæður, að þessi styrkur er í raun og veru síður en svo að vera hár, þótt hann yrði það, sem jeg hefi stungið upp á. Eins og jeg sýndi fram á í fyrra, þá er það vitanlegt, að þótt styrkurinn sje fyrst og fremst miðaður við þörf þessara hjeraða, þá verður hann óbeinlínis Reykjavík líka til góðs, því að þegar flutningar eru orðnir nokkuð tíðir á milli Suðurlandsundirlendisins og Faxaflóa, þá getur bærinn vitanlega haft mikið gagn þar af.

Fyrir þinginu hefir legið erindi, sem jeg hygg, að hv. þm. hafi lesið, frá sýslumanni Rangárvallasýslu, þar sem hann fer fram á sem oddviti sýslunefndar, að styrkurinn hækki upp í 5 þús. kr. Þar bendir hann einmitt á það, að ef flutningaferðir gætu verið nægilega tíðar og ábyggilegar, gæti það leitt til þess, að austan úr sýslum mætti flytja mjög mikið af t. d. kartöflum til Reykjavíkur. Þó þessi vara komi að góðu gagni heima fyrir, þá kemur hún þó að enn meira gagni, ef hægt er að skiftast á vörum við Reykjavík. Jeg hefi ekki þorað að fara eins hátt og farið er fram á í þessari beiðni, heldur fór jeg mitt á milli og nefndi 4 þús. kr.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki frekar að orðlengja um þetta; hv. þm. hlýtur að vera málið ljóst af því, sem jeg hefi nú skýrt frá og á síðasta þingi. Styrkurinn hefir þegar verið viðurkendur sem nauðsynlegur, bæði af hv. þm. sjálfum, með því að samþykkja 2000 kr. í fyrra, og sömuleiðis af hæstv. stjórn, með því að taka þessa upphæð í frv., svo hjer getur ekki verið um það að deila; aðeins er um það að ræða, hve hár hann skal vera.

Þá hefi jeg borið fram brtt. um að veita 10 þús. kr. til húsbyggingar á Stóruvöllum vegna sandfoks. Þessi till. var borin fram í hv. Nd. og flutt af hv. samþm. mínum (KlJ), og hygg jeg, að hún hafi hlotið þar allmörg atkv.; minnir, að hún fjelli með svo að segja jöfnum atkvæðum. Svo mjer þætti líklegt, verði hún samþykt hjer, að hún fengi að standa í hv. Nd. En ástæðan fyrir, að þetta er borið fram, er sú, að búnaðarmálastjóri hefir sýnt glögglega fram á í ritgerð í Búnaðarritinu, 39. árg., að húsbygging á sandgræðslustöðvunum sjálfum sje alveg nauðsynleg. Jeg segi fyrir mitt leyti, að mjer finst það ákaflega eðlilegt. Eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi á öllum kringumstæðum þarna, þá verð jeg að segja það, að jeg get alveg undirskrifað það, sem búnaðarmálastjóri segir í ritgerð sinni. Jeg er í engum efa um, að þarna í Rangárvallasýslu, bæði á Landinu og á Rangárvöllum, er eitthvert mesta sandpláss, sem til er hjer á landi, og því stór þörf á að hefta þar sandfok. Sagan sýnir okkur, að sandurinn er þar búinn að leggja í eyði óskaplega mörg fögur og

blómleg býli. Mig minnir, að það sje tekið fram í ritgerð búnaðarmálastjóra, að 70 býli á Rangárvöllum hafi eyðilagst síðan sögur hófust. Landið nefnir hann víst ekki, en þar mun ekki vera of mikið að gera ráð fyrir, að hálf sveit hafi eyðilagst. Ef ekki verður hafist handa að hefta sandfokið, þá er áreiðanlegt, að ótal bæir eiga eftir að fara sömu leið. Hvert einasta ár legst eitthvað af býlum í auðn, í fyrra t. d. tvö á Rangárvöllum, og býst jeg við, að í vor verði það ein þrjú, sem fara í auðn. Og það er sýnilegt, að það er ekki eitt og eitt býli, sem fara, heldur heil bygðarlög. Hvað snertir sandágang á Landið, þá hefir upphluti þess, niðurhluti Landmannahrepps, verið meira og minna undirorpinn sandágangi. Einnig er Holtahreppur í hættu fyrir sandágangi. Jeg hefi heima hjá mjer á Breiðabólsstað, á svonefndum Aurum, lítið sýnishorn af slíku, og er þar þó um tiltölulega lítinn sand að ræða. Þegar jeg kom, var þar dálítill mýrarfláki austast á Aurunum, sem hefir með árunum þornað og orðið að valllendi, en er nú að blása upp af sandfoki. Gangurinn er þessi, að roksandurinn gerir mýrarnar að valllendi, og þegar svo er komið, fara þær að blása upp. Þetta er eins og alda, sem fer jafnt og stöðugt áfram. Það getur engum efa blandast, að það er um stórkostlegt nauðsynjamál að ræða að hefta sandinn. Hann er vitanlega mestur nú einmitt á þessu svæði í Rangárvallasýslu, bæði í Landmannahreppi og á Rangárvöllum. Hinsvegar veit maður það, að það hefir verið, og getur verið, stórkostlegt gæðaplass, ef þessi meinvættur gerði ekki slík spellvirki sem hún vinnur hjeruðum þessum. Væri nú ekki von um árangur af því að reyna að bjarga hjeruðum þessum, mætti auðvitað segja, að fjenu, sem til sandgræðslu væri varið, væri fleygt í sjóinn. En eftir því, sem reyndastir menn og fróðastir í þessum efnum segja, er fullkomin von um að geta unnið bug á þessum óvin. Eftir því sem búnaðarmálastjóri segir í ritgerð sinni, þá gerir hann ráð fyrir því, að kostnaður við að græða upp þessa sandfláka í Landmannahreppi, Rangárvallahreppi og að nokkru leyti vestast í Holtahreppi muni nema um 50 þús. kr. Það verður maður að segja, að er vel til vinnandi að leggja slíka upphæð fram.

Búnaðarmálastjóri hefir nú farið fram á, að veittar verði 25 þús. kr. til þess að koma upp húsi á Stóruvöllum, til þess að sandgræðslumaðurinn geti verið þar altaf; en hvorugur okkar þm. Rang. hefir þorað að fara svo hátt, ekki nema í 10 þús. kr., enda hyggjum við, að komast megi af með þá upphæð. Byggjum við það á því, að það megi fyrir þá upphæð koma upp sæmilegri vistarveru ásamt sæmilegri geymslu, og þó ekki síst, ef gera mætti ráð fyrir því, að margir á þessum stöðvum mundu fúsir til þess að ljetta eitthvað undir í þessu efni. Þessa stöð skilst mjer, að búnaðarmálastjóri álíti mjög nauðsynlega. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp niðurlagið á þessari ritgerð hans:

„Á Stóruvöllum og þar í nágrenni er ærið verkefni fyrir sandgræðslu. Hjer liggja í einu lagi stórir sandflákar, sem þörf er á að græða upp. Í grendinni eru líka Rangárvellir, þar sem sandfokið hefir gert mestan usla hjer á landi. Í Landmannahreppi er því einkar vel til fallið, að verði miðstöð sandgræðslunnar hjer á landi.“

Þetta finst mjer jeg skilja vel, og jeg skil ekki annað en að allir hljóti að viðurkenna, að það er miklu betra, að sandgræðslustjórinn eigi heima þar, sem verk-

efni hans liggur fyrir framan hann, heldur en ef hann ætti heima t. d. í Reykjavík eða Hafnarfirði. Í niðurlagi ritgerðarinnar segir:

„Þessi staður er einkar vel fallinn til slíkra tilrauna. Þar er hægt að stunda alt, sem að sandgræðslu lýtur og komið getur fyrir hjer á landi. Þar eru sljettir roksandar, óveðra sandöldur og hólar og blásin börð, sem sífelt fýkur úr. Þar er hægt að ná í vatn til áveitu á viss svæði, og fleiri kostir, sem að sandgræðslu lúta. Ef sandgræðslustöð kæmist upp á Stóruvöllum, þarf verkefni hennar að vera:

1. Að græða hinar stóru sandauðnir í landi Stóruvalla og á Klofaflötum.

2. Að gera tilraunir með, hverjar aðferðir sjeu hentugastar við sandgræðslu. Þar kemur til greina notkun garða til að stöðva sandfok, sáning í sandana, áveitur o. fl.

3. Í stöðinni ætti að safna melfræi í stórum stíl, til ræktunar þar og annarsstaðar.

4. Til greina gæti komið, að á þessari stöð væri hægt að safna grasfræi. Á því landi, sem enn er grasi gróið, vaxa hinar helstu tegundir af fóðurjurtum vorum. Í hinum sendna jarðvegi bera þær fræ flest ár. Hjer er því tiltölulega auðvelt að safna grasfræi.“

Þetta er þýðingarmikil hlið, því ef engin stöð er austur frá, þá ferst fyrir að safna fræi, þar er enginn til að halda því saman, og því síður staður til þess að geyma það á. Svo jeg hygg, að um leið og þessum húsakynnum yrði komið þarna upp yrði þar nokkurskonar hlaða fyrir melfræ, sem er afskaplega þýðingarmikill þáttur í því að græða upp sandauðnirnar.

Úr því jeg er staðinn upp, vil jeg fara fáeinum orðum um brtt. hv. fjvn. yfir höfuð, sjerstaklega þær, sem mjer eru viðkomandi, og skal jeg þá fyrst nefna nr. 24, við 14. gr., á þskj. 392. Þar er farið fram á, að aftan við styrk til hjeraðsskóla sje hnýtt þeirri aths., að ekki fáist útborgað, nema 2—3 sýslufjelög taki þátt í stofnun og rekstri skólans. Öllum er vitanlegt, að átt er hjer við væntanlegan Suðurlandsskóla með þessum 20 þús., og er því hjer um Árness- og Rangárvallasýslur að ræða, og ef til vill Vestur-Skaftafellssýslu. Jeg hygg, að þeir menn, sem hafa haft kunningsskap af þessu skólamáli, telji lítt mögulegt að hugsa sjer samkomulag um skóla þar. Einu sinni var svo langt komið í samdrætti milli þessara þriggja sýslna um einn skóla, að skipuð var þriggja manna nefnd til þess að ákveða um stað og fyrirkomulag skólans; og það mátti segja, að samvinna þeirrar nefndar væri hin besta, og hún í einu lagi lagði til, að skóli fyrir þessar þrjár sýslur yrði reistur á Stórólfshvoli, sem þá nýskeð var orðinn eign sýslunnar fyrir góðan stuðning þingsins; því þingið sýndi góðan skilning á því máli, þegar það gaf sýslunni kost á að kaupa þessa miklu og vel settu eign, með þeim hætti að fá lán, sem átti að borgast á 28 árum með 6% rentum.

Það virtist þannig ekkert til fyrirstöðu, en þegar til kastanna kom, dró Árnessýsla sig út úr og vildi ekkert hafa saman við hinar sýslurnar að sælda, eftir því sem allir skildu af því, að skólinn átti ekki að standa í Árnessýslu, heldur í Rangárvallasýslu. Nú þegar málið var vakið upp og var farið að stofna til væntanlegs skóla á Suðurlandsundirlendinu, þá vildi því skjóta upp, að menn langaði til að vita, hvar skólinn ætti að vera. Árnesingar vildu ekki gefa það upp — má vera, að þeir hafi ekki getað það, — og afleiðingin varð sú, að Rangæingar urðu daufir með þátttökuna, ef ekkert væri

ákveðið, hvar skólinn skyldi standa fyr en eftir á. Þá þóttust þeir sjá í hendi sjer, að Árnesingar myndu ráða, af því þeir eru fjölmennari. Af þessu leiddi, að samkomulag hefir ekki getað orðið ennþá í þessu skólamáli. Því að ef það ættu að vera þrjár sýslur um skólann, þá segir það sig sjálft, að þessum tveimur austari mundi þykja það hart og að ýmsu leyti óhentugt, að skólinn yrði settur í Árnessýslu, þar sem hann yrði undir handarjaðri Reykjavíkur. Hefði hitt getað gengið, það, sem grundvöllurinn var lagður til í byrjun, að skólinn yrði reistur á Stórólfshvoli; þá var Rangárvallasýsla reiðubúin að halda áfram sem og Vestur-Skaftafellssýsla. Staður sá er að mörgu leyti hentugur mjög, fyrst og fremst með tilliti til þess, að sýslan á jörðina, og líka með tilliti til þess, að bygðin í kring er mjög þjett, og því þægilegt að fá þarfir skólans uppfyltar hvað landbúnaðarafurðir snertir. Sömuleiðis er hann hentugur af því, að þarna er ákveðið læknissetur. Í fjórða lagi er staðurinn hentugur sökum þess, að eigi alllangt burtu er ágætur foss, sem jeg er í engum vafa um, að með tímanum kemur til þess að gera stórvirki í Rangárvallasýslu. Það er foss í Rangá, sem er kallaður Tungufoss og er ærið aflmikill.

En sem sagt, þegar maður lítur á allar kringumstæður, þá hygg jeg, að þessi aths. sje sama sem að dauðadæma þessar 20 þús. kr., og álít jeg þess vegna rjettara að strika þær alveg út en setja þessa aths. Hvort sem aths. stendur eða ekki stendur, þá býst jeg við, að eftir því sem kringumstæður standa, gæti ekki komið til mála útborgun á þeim, því enn munu Árnesingar ekki einu sinni vera á því hreina, hvar skólinn á að standa. Þeir hafa verið að hugsa um Haukadal og Laugavatn, og þar eru að vísu hitunarskilyrði góð, en líka aðrir agnúar, þar sem slíkir staðir eru svo afskektir, og því erfitt með alla aðdrætti og flutninga. Í þriðja lagi hefir verið talað um Reyki í Ölfusi. En jeg hefi heyrt í seinni tíð, að þar hafi þeir látið sjer detta í hug að koma upp hressingarhæli, og yrði því sá staður við það sennilega útilokaður fyrir skólann.

Önnur brtt. frá fjvn. liggur hjer fyrir, sem jeg vildi leggja liðsyrði, sú sem sje að hækka styrkinn til búnaðarfjelaga í sveitum úr 10 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Jeg er, eins og allir vita, ekki ókunnugur í sveitinni, þar sem jeg hefi alið aldur minn lengst af, og jeg verð að láta það í ljós sem skoðun mína, bygða á reynslu, að jeg get ekki hugsað mjer nokkurn styrk, sem hefir borið jafnmikinn og góðan árangur sem þessi búnaðarfjelagastyrkur til sveita. Og mjer er nær að halda, að hefði styrkurinn verið t. d. ⅔ hærri en hann hefir verið, þá myndi vaft sjást þúfa í túni á mörgum sveitabæjum. Þótt um lítið sje að ræða, þá er það góður spori á menn til þess að ganga rösklega að þúfunum. Menn láta sig muna um alt, þegar það er borgað í peningum, og þegar mikið hefir verið gert, munar dálítið um þessa viðurkenningu. Get jeg nefnt sem dæmi einn mikinn jarðabótamann, nágranna minn; jeg veit, að með þessum litla styrk, sem veittur er, hefir hann þó oft stungið í vasa sinn á annað hundrað krónum, og hann hefir metið vel þessa viðurkenningu.

Um aðrar brtt. nefndarinnar hefi jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum. Vildi þó aðeins geta þess, að þar sem farið er fram á að fella niður styrk til húsagerðar á Skútustöðum, þá finst mjer það atriði ekki praktiskt, skoðað frá því

sjónarmiði, að sóknarmenn bjóðast til þess að leggja fram úr sínum eigin vasa 5 þús. kr. Við eigum ekki þesskonar örlæti að venjast frá hálfu sóknarbúa, og finst mjer óviðeigandi, að þingið slai á þessa útrjettu örlátu hönd. Þess vegna tel jeg, að það hefði gjarnan mátt standa að veita 5 þús. kr. á móti þeim 5 þús., sem boðnar voru. Jeg get ekki sjeð, að það geti komið til mála að vísa á 5 þús. kr. í þessu efni af þessum 24 þús. kr., sem ætlaðar eru til endurbóta á prestssetrum, því að jeg hygg, að þegar sje búið að gera áætlun og ráðstafanir um þær.

Hjer eru brtt. á þskj. 408, sem jeg verð að geyma mjer að tala um nokkur orð, af því að hv. flm. þeirra eru ekki búnir að tala. En þeirra ummæli býst jeg við, að verði frekar til að styrkja heldur en spilla fyrir því, að jeg greiði þeim atkvæði.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla mjer ekki að ræða nema örfáar brtt. hv. fjvn., og þar til vil jeg fyrst nefna 38. brtt. á þskj. 392, um lækkun á styrknum til Búnaðarfjelags Íslands. Jeg veit ekki betur en að fjvn. Nd. hafi þegar bundið sig gagnvart Búnaðarfjelagi Íslands um að veita því 200 þús. kr., eins og nú stendur í fjárlagafrv., og enda þótt hv. Nd. geti ekki bundið hv. Ed., hygg jeg, að tilgangslítið verði að fara að breyta þessu, þar eð Nd. muni færa þessa upphæð aftur í sama horf. Jeg vil einnig benda á, að með tilliti til þessa loforðs Nd., er í fjárveitingunni felst, hefir Búnaðarfjelag Íslands þegar á ársþingi sínu gert áætlanir um framkvæmdir fjelagsins og annað á árinu 1926, með þessa upphæð fyrir augum. Jeg held það yrði því aðeins til að farga þeirri von, sem annars kynni að vera um, að Nd. samþykki fjárlagafrv. óbreytt eins og það verður afgreitt úr þessari hv. deild, ef þessum lið í frv. verður breytt.

Um næstu brtt. fjvn., lækkun styrksins til búnaðarfjelaga, vil jeg geta þess, að í öðrum lið í 16. gr. eru veittar 50 þús. kr. samkvæmt því, sem fyrir er mælt í jarðræktarlögunum, og skal þessu fje aðallega varið til styrktar jarðabótum og þess háttar, og mun mikið af þessu fje fara til túnasljettunar o. s. frv. Þetta er áætlunarupphæð og getur þessi liður fjárlaganna orðið töluvert hærri en í frv., og fer það eftir því, hversu miklar jarðabætur verða unnar. Jeg álít því ekki nauðsynlegt að hækka þennan lið. Samkv. jarðræktarlögunum skal veita í styrk á hvert dagsverk í túnasljettunum alt að $^1/_4$ kostnaðar, og er það miklu hærri styrkur en áður hefir verið veittur til þessa. Í Nd. kom að vísu fram till. um að hækka þennan lið, en vegna þessara ákvæða jarðræktarlaganna var sú till. feld.

Jeg nota tækifærið til að votta hv. fjvn. þakklæti mitt fyrir 80. brtt. hennar, til efnarannsóknarstofunnar til áhaldakaupa. Efnarannsóknarstofan hefir að undanförnu orðið að notast við óviðunandi slæm áhöld til efnagreiningar, en úr þessu verður nú bætt, ef brtt. verður samþykt.

Um lækkunina á fjárveitingunni til Fiskifjelags Íslands er það sama að segja og um Búnaðarfjelag Íslands. Þessar upphæðir voru ákveðnar þannig í Nd. vegna þess samkomulags, sem varð milli Búnaðarfjelags Íslands og fjvn. Nd., og því þótti nauðsyn á vera, að samræmi væri milli fjárframlaga ríkissjóðs til Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands. Þá sje jeg ekki fleiri brtt. frá háttv. fjvn.,

sem jeg hefi ástæðu til að gera að umtalsefni.

Af brtt. á þskj. 400 vil jeg nefna þá fyrstu, frá háttv. 1. þm. Rang. (EP), til bifreiðaferða hjeðan austur yfir fjall, og teldi jeg mjög æskilegt, ef hv. Ed. sæi sjer fært að rífka þennan styrk, sem áreiðanlega mundi verða til mikilla samgöngubóta fyrir þessi hjeruð, því að þessar ferðir eru mjög mikið notaðar. Aftur á móti get jeg ekki mælt með, að VII. brtt. á þskj. 400, frá þessum sama hv. þm., nái samþykki hv. deildar, sem sje styrkur til húsabyggingar á Stóruvöllum vegna sandgræðslunnar; henni ríður á öðru meira en húsabyggingum, enda trúi jeg vart því, að sandgræðslumaðurinn, sem um leið er barnakennari í Hafnarfirði, fari að flytjast búferlum austur þangað. Till. í þessa átt lágu fyrir í Nd., en þar var meiri áhersla lögð á það, að húsabyggingar mættu bíða eitt eða tvö ár ennþá, meðan meira væri girt og friðað af söndunum þar austur; hinu lægi minna á, að taka þegar það land til notkunar, sem búið væri að græða upp, ef það aðeins væri friðað framvegis. En það er undarlega fljótt, sem landið grær upp aftur með góðri meðferð, og eru því góðar líkur til, að á þessum sandauðnum geti með tímanum risið upp góð býli, ef þær aðeins verða girtar og friðaðar. Þess vegna fjekk þessi húsbyggingartill. lítinn byr í Nd. og náði þar ekki samþykki.

Þá er XI. brtt. á þskj. 400, frá hæstv. forseta (HSteins) að á eftir „Dalasýslu" komi: eða annarsstaðar að. Tilgangur hv. flm. mun vera sá, að fjárveitingin úr ríkissjóði sje ekki bundin því skilyrði, að sýslunefnd Dalasýslu leggi fram á móti, heldur sje sama, hvaðan fjeð kemur; en jeg vil einmitt, að ríkissjóðsstyrkurinn sje bundinn þessu skilyrði, því að mjer er vel kunnugt, að þeir, sem ábyrgð höfðu á rekstri bátsins Svans, höfðu stórskaða af. Nú sje jeg þarna útgöngudyr fyrir sýslunefnd Dalasýslu til að taka á móti þessum ríkissjóðsstyrk, en leggja ekkert fram á móti, en segja, að þessir menn verði að borga, þótt þeir hafi áður haft halla af þessari útgerð. Þetta legg jeg ríka áherslu á, að sýslunefnd Dalasýslu geti ekki gert, og ætlast jeg til, að ríkissjóður greiði þetta ekki nema gegn framlagi frá sýslusjóði Dalasýslu. Mjer er þetta áhugamál vegna þess, að einstakir menn þarna vestur hafa áður orðið hart úti af þessari bátsútgerð, og tel jeg því rjett, að þessi kostnaður falli jafnt á alla sýslubúa. En svona orðalag mundi ýta undir sýslunefndina til að koma sjer undan þessu, enda þótt jeg viti, að háttv. þm. Snæf. (HSteins) ætlist til, að slíkt framlag komi úr Snæfellsnessýslu, og vænti jeg því, að hann haldi ekki þessari brtt. sinni til streitu.

Þá hefir háttv. samgöngumálanefnd lagt fram nál. sitt um skiftingu flóabátastyrksins 1926, og er það í ýmsum atriðum mjög svipað og í Nd. En það leiðir af sjálfu sjer að slíkar till., sem þessar geta ekki verið bindandi fyrir stjórnina, þar sem till. beggja deilda fara ekki alveg í sömu átt. Þegar ósamræmi er í till. deildanna, getur hvorug þeirra út af fyrir sig bundið hendur stjórnarinnar um úthlutun styrksins. Aftur á móti er hitt sjálfsagt, að taka eins mikið tillit til óska samgöngumálanefnda þingsins og fært er.

Ennfremur er brtt. á þskj. 408, sem jeg ætla að fara um nokkrum orðum, — um skólann á Staðarfelli. Jeg veit ekki, hvort flm. þessarar brtt. er búinn að mæla fyrir henni eða ekki, enda skiftir það mig litlu. En þessu máli er þannig varið, að gefandi Staðarfells hefir afhent stjórn-

inni nýtt gjafabrjef fyrir 10 þús. kr., sem verja skal til að kaupa fyrir áhöfn á jörðina, sem síðan skal leigð forstöðukonu húsmæðraskólans á Staðarfelli gegn 5% leigu af þessari upphæð, þ. e. 500 kr. á ári, sem einnig skal varið til að kaupa meiri áhöfn á jörðina, að því undanskildu, að gefandi ræður yfir leigunni í tvö ár, — ekki til sinna eigin hagsmuna, heldur mun hann verja þessu skólanum til góðs. En svo stendur á, að til þess að skóli þessi geti tekið til starfa á Staðarfelli, þarf að breyta þar húsum þó nokkuð. En þar sem ríkið er eigandi Staðarfells, skiftir þetta auðvitað ekki ríkissjóð svo miklu máli, en rekstrarstyrk skólans þarf að ákveða, og það verður að ganga út frá, að hann skuli greiða árlega meðan skólinn stendur. Þennan styrk hefir mentamálanefndin fyrir sitt leyti ákveðið 3000 kr. Þá er og gert ráð fyrir, að jörðin verði einnig leigð forstöðukonunni og afgjald jarðarinnar megi hún vinna af sjer í jarðabótum.

Þá er í sambandi við þetta lánstill., sem minna kemur mjer við og jeg ræði því ekki, en þess vil jeg þó geta, að einhverjir opinberir sjóðir eða stofnanir mundu sennilega geta lánað þetta. Vitaskuld er þessi gjöf gefin vegna þess, að gefandinn leggur mikla áherslu á, að skólinn komi þarna sem fyrst, og með gjöfinni vill hann tryggja það, að áhöfn verði til á jörðina og fari vaxandi þar til hún að síðustu verði nægilega stór á jörðina. En það leiðir af sjálfu sjer, að eftir því, sem áhöfnin eykst, eykst einnig leigan, og má þá verja henni til fleiri hluta en að auka bústofninn, er stundir líða. En þessi gjöf er bundin því skilyrði, að skólinn taki til starfa í fardögum 1926, og fari nú svo, að skólinn byrji á miðju ári næsta ár, er spurningin, hvort hann á samt sem áður að fá 3000 kr. styrk á því ári. Um það vildi jeg gjarnan heyra, hver tilætlun nefndarinnar er, til þess að þar fari ekkert milli mála.

Einar Árnason: Jeg á brtt. á þskj. 400, ásamt hv. 3. landsk. þm. (HSn), og þó að jeg sje ekki aðalflm. tillögunnar, ætla jeg samt að mæla fyrir henni nokkur orð. Till. er um verðlaun eða styrk til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði. Það mun öllum vera kunnugt, að inn í landið er flutt árlega geysimikið af erlendri niðursoðinni mjólk og nú um nokkur undanfarin ár hefir verðgildi niðursoðinnar innfluttrar mjólkur numið frá ½—1 milj. kr. á ári. Nú mun og öllum það jafnkunnugt, að allur þessi mikli innflutningur stafar ekki frá því, að ekki sje nóg mjólk framleidd í landinu, heldur stafar þetta frá því, að framleiðsluhjeruðin eru svo sett, að það er ekki hægt að flytja mjólkina til þeirra staða og hjeraða, sem hennar er þörf. Þessar örðugu samgöngur, sem menn eiga víðast hvar við að búa hjer á landi, gera það að verkum, að sumir landshlutar geta ekki fengið fullnægingu þarfa sinna að þessu leyti. Bændur víðsvegar um land á þeim svæðum, sem mikil mjólk er framleidd á, hafa oft rætt með sjer, hvernig þeir gætu best komið mjólkinni í verð, og hafa því einna helst rent augum til mjólkurniðursuðu og hafa fundið þá nauðsyn, sem er á því, að hjer komist upp mjólkurniðursuðuverksmiðja, sem miðuð væri við þann innlendan markað, sem hjer er og nú er notaður af erlendum framleiðendum. En það hefir þó ekki orðið fyr en nú á síðastliðnu ári, að ísinn var brotinn í þessu efni og fjelag var stofnað í Borgarfirði

til þess að sjóða niður mjólk. Þetta fjelag sneri sjer til þingsins í fyrra og fór fram á, að það væri styrkt á einhvern hátt, t. d. með ábyrgð ríkisins fyrir láni, sem tekið yrði til að koma verksmiðjunni á fót. Þingið viðurkendi fyllilega nauðsyn þessa máls með því að heimila stjórninni að ábyrgjast alt að 40 þús. kr. lán handa fjelaginu, til þess að verksmiðjan kæmist upp. Nú er þessi verksmiðja (Mjöll) í Borgarfirði komin á fót. En stofnkostnaðurinn hefir orðið talsvert meiri en áætlað hafði verið og varð alls um 130 þús. Af þessu hefir fjelagið lagt fram 90 þús. kr., þar af 60 þús. kr. hlutafje.

Þessi verksmiðja, sem tók til starfa laust fyrir áramótin síðustu, getur framleitt 300—400 þús. dósir á ári, eða sem næst fullan helming á móts við það, sem inn var flutt árið 1922 samkv. síðustu verslunarskýrslum. Þá var flutt inn um 750 þús. dósir. En þessa verksmiðju í Borgarfirðinum má án mikilli breytinga auka svo, að hún geti framleitt alla þá niðursoðna mjólk, sem landsmenn þarfnast.

Að stofnkostnaður verksmiðjunnar fór svo mjög fram úr áætlun, var að ýmsu leyti óvæntum atvikum að kenna, og þó að komist hafi verið fram úr þeim og verksmiðjan sje tekin til fullra starfa, leiðir af þessu, að hún á við allmikla fjárhagsörðugleika að stríða, og er það ekkert nýtt hjer um ýms fyrirtæki, sem eru á byrjunarstigi. Það, sem einna erfiðast hefir orðið viðfangs fyrir þessa nýstofnuðu verksmiðju, er það, að einmitt um sama leyti og hún tók til starfa, lækkaði mjög verð á erlendri niðursoðinni mjólk, sem þá fluttist hingað á markaðinn. Það var að vísu ekki óeðlilegt, að erlendar vörur lækkuðu þá, vegna gengisbreytinga þeirra, sem þá urðu og síðan, en um þessa vöru, niðursoðnu mjólkina, er það að segja, að hún virðist hafa lækkað talsvert meir en nemur gengisbreytingunni, og varð þeirrar lækkunar fyrst vart eftir að fyrsta sendingin frá Mjöll kom hingað á markaðinn. Hvort þessi lækkun á erlendri mjólk stendur í nokkru sambandi við verksmiðjuna Mjöll í Borgarfirði, skal jeg ósagt láta, því að mjer er þetta ekki nægilega kunnugt.

Stjórn verksmiðjunnar hefir því snúið sjer til fjhn. Nd. um einhvern styrk, og öll nefndin virðist hafa verið sammála um, að það bæri að styrkja þetta fyrirtæki, en skildi þó á um leiðirnar til þess, hverjar fara skyldi, og klofnaði fjhn. Nd. um það mál. Vildi meiri hl. nefndarinnar veita fjelaginu 8000 kr. styrk, eins og við 3. landsk. þm. (HSn) leggjum til að nú verði gert, en minni hl. vildi styrkja fjelagið með tollvernd. Áleit minni hl. rjett að setja nýjan toll á innflutta mjólk, og ætti á þann hátt að fást nokkur styrkur handa verksmiðjunni. Báðir hlutar nefndarinnar báru fram brtt. um styrk handa fjelaginu Mjöll, en minni hl. setti það skilyrði, að fjelagið fengi ekki þennan styrk, ef það nyti tollverndar. En þessi tvískifting nefndarinnar varð báðum tillögunum að falli, enda þótt líklegt sje, að meiri hluti deildarinnar hafi verið því samþykkur að veita verksmiðjunni styrk, sem næmi þeirri upphæð, er við nú förum fram á, að verði veitt. En þessi mistök urðu vegna þess, að menn greindi á um stefnur í tollamálunum. En till. um að hækka toll á erlendri niðursoðinni mjólk fjell í gær í Nd., svo jeg held það þurfi ekki að reikna með því, að verksmiðjan njóti styrks á þann hátt.

Það er nú svo um þetta fyrirtæki, að á miklu getur oltið, hvort það fær staðist samkepnina eða ekki. Því að ef það velt-

ur um koll í ár, má búast við, að öðrum mjólkurframleiðsluhjeruðum þyki ekki árennilegt að stofna til samskonar framkvæmda, og er því hætt við, að sama ástand haldist óbreytt, sem nú er, sem sje, að mjólk verði flutt til landsins í mjög stórum stíl, en mjólkurhjeruðunum verði ekki full not þeirrar mjólkur, sem þau framleiða. Getur það leitt til þess, að þau hjeruð verði að snúa frá búnaðarháttum sínum, nautgriparæktinni. En það væri, að mínu áliti, mjög illa farið, því að nautgriparæktin er ein mesta lyftistöng landbúnaðarins, þar sem ræktun landsins er að miklu leyti undir því komin, að hún fari vaxandi. Það eru nautgripirnir, sem eiga að rækta landið, en ekki sauðfjenaðurinn, enda eru mörg hjeruð ágætlega til nautgriparæktar fallin, þar sem fjarri fer því, að sauðfjárrækt geti borið sig.

Jeg álít því, að ekki verði deilt um nauðsyn þess, að eitthvað verði gert til að bæta ástandið í þessum efnum. Auk þess verður einnig á það að líta, að meiri trygging ætti að vera fyrir því, að íslensk mjólk sje að öllu leyti betri en utlenda mjólkin, enda hefir sannast við rannsókn hjer, að sum útlend mjólk hefir verið svikin.

Persónulega get jeg ekki dæmt um gæði mjólkurinnar frá fjelagi þessu, en það gladdi mig að heyra hv. þm. Vestm. (J. Jós) skýra frá þeirri reynslu sinni, að mjólkin hafi gefist vel. Það er því engan veginn óeðlilegt, að þingið veiti máli þessu stuðning á einhvern hátt, einkum þegar þess er gætt, að öðrum innlendum framleiðsluvörum hefir verið veittur hliðstæður stuðningur, t. d. í tollalöggjöf okkar. Nú hefir verið lagður verðtollur á ýmsar innfluttar matvörutegundir, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. T. d. er nú greiddur 20% tollur af fiskmeti, kjötmeti, smjörlíki o. s. frv., sem er flutt inn, vegna þess, að þessar vörutegundir eru framleiddar í landinu. Sama máli gegnir um þær iðnaðarvörutegundir, sem nú er farið að framleiða hjer. Þær eru nær undantekningarlaust verðtollsskyldar. Enn má nefna baðlyf. Innlend framleiðsla þeirra er verndud á þann hátt, að beinlínis er bannað að flytja inn útlend baðlyf.

Einnig má benda á hliðstæð dæmi, þar sem smjörbúunum voru áður veitt verðlaun fyrir útflutt smjör, og þar sem nú eru veitt verðlaun fyrir útfluttan gráðaost. Alt er þetta stuðningur, veittur innlendri framleiðslu.

Við flm. þessarar till. viljum ekki láta undir höfuð leggjast, að tilraun sje gerð til að rjetta fyrirtæki þessu hjálparhönd. Við álítum, að mikið liggi við, hvort þessi fyrsta tilraun til innlendrar mjólkurnið ursuðu lánast eða ekki. Þarf jeg ekki að fjölyrða frekar um þessa brtt., en vænti þess, að hv. deild ljái henni fylgi sitt við atkvgr.

Þá vil jeg aðeins gera örlitla aths. við tvær síðustu brtt. fjvn., þó að það kunni að þykja undarlegt, þar sem jeg á sjálfur sæti í nefndinni.

Þessar brtt. fara í þá átt að fella niður tvær ábyrgðarheimildir, aðra fyrir Akureyrarkaupstað til hafnarbóta, en hina fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga. Í sambandi við þessar brtt. skal jeg geta þess, að jeg hefi verið beðinn að flytja till. um ábyrgðarheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað. Það lán á að nota í sama tilgangi og Akureyrarlánið, til byggingar hafnarvirkja.

Þegar þessar ábyrgðarheimildir voru ræddar í fjvn., varð ofan á að leggja það til, að þær heimildir, sem hv. Nd. hafði tekið upp í frv., skyldu feldar niður, eins og umræddar till. sýna. Jeg sá því, að

ekki væri til neins fyrir mig að flytja þessa beiðni Siglufjarðarkaupstaðar, en hinsvegar vil jeg láta hv. deild vita, að verði þessar brtt. nefndarinnar ekki samþyktar nú, þá mun jeg flytja brtt. um ábyrgðarheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað til hafnarbóta við 3. umr.

Björn Kristjánsson: Jeg vil hjer fyrst minnast á brtt. á þskj. 400, sem jeg stend að ásamt tveim öðrum hv. þm. Fer hún fram á að hækka styrk til dr. Helga Pjeturss niður í 4000 kr., en jafnframt njóti hann dýrtíðaruppbótar. Að vísu hækkar þetta styrkinn nokkuð í bili, en jeg hygg, að flestir sjeu sammála um, að ekki megi láta mann þennan fara á gaddinn. Hefi jeg áður flutt till. um að gera vel við mann þennan, og vona jeg, að hv. deild bregðist vel við brtt. þessari.

Enda þótt jeg sje ekki vanur að lengja umr. um fjárlög, vildi jeg þó minnast lítið eitt á fleiri brtt. Kem jeg þá fyrst að brtt. um hækkun á bifreiðastyrknum. Jeg hefi jafnan vænst þess, að þingið veitti þennan styrk ríflegar en gert hefir verið. Hlutaðeigandi sýslur eru hafnlausar með öllu nema á sumrin. Mjer fyndist því ekki of langt gengið, þó farið væri fram á 10 þús. kr. styrk í þessu skyni, í stað 4000 kr., sem hjer er farið fram á.

Það, sem einkum kom mjer til að standa hjer upp, eru þó 2 breytingartillögur, sem varða kjördæmi mitt. Fyrri till. fer fram á styrk til læknisvitjana í Kjósarsýslu. Eins og kunnugt er, var Kjósarsýsla sjerstakt læknishjerað, uns síðasta skipun var gerð á embættum lækna, er læknirinn var fluttur til Hafnarfjarðar. Þetta kom mönnum á óvart, eins og reyndar fleira frá Alþingi, og leið ekki á löngu áður en sífeldar kvartanir fóru að berast til þingsins yfir breytingu þessari. Varð það til þess, að þingið veitti í fjárlögum 300 kr. styrk til læknisvitjana í hjeraði þessu, og get jeg verið þakklátur fyrir það.

Undanfarin ár hafa hreppar Kjósarsýslu orðið að ganga á milli læknanna í Reykjavík og oft gengið erfiðlega að fá nokkurn þeirra til hjálpar, þar sem engum þeirra ber skylda til þess. Hjeraðslæknirinn í Reykjavík hefir neitað öllum slíkum vitjunum vegna þess, að hann sæi sjer ekki fært að verða við þeim.

Auk þessara örðugleika á að ná í lækni hafa hreppar þessir orðið að greiða miklu hærra gjald fyrir læknisvitjanir heldur en þeir hreppar, sem eiga við hagstæðari kjör að búa í þessu efni.

Það má telja víst, að mörg mannslíf hafi tapast vegna þessa fyrirkomulags. T. d. má fullyrða, að tveir bændur þar dóu vegna þess, að ekki náðist í lækni í tæka tíð.

Háttv. frsm. (JóhJóh) sagði, að víðar væru örðugleikar á að ná í lækni en í Kjósarsýslu, og nefndi þar til útkjálkahjeruð, svo sem Hornstrandir. Jeg hefði alls ekki á móti því, að slíkum hjeruðum yrði veittur samskonar styrkur, en þó hygg jeg, að óvíða sje ástandið eins ilt í þessu efni sem í Kjósarsýslu, þar sem hún nær *aldrei* í lækni sinn. Hann kemst ekki út fyrir Hafnarfjörð og kemur því ekki annarsstaðar að notum í umdæmi sínu. *(JóhJóh:* Oft sjest hann hjer í Reykjavík). Jeg segi honum þetta ekki til áfellingar, því að læknirinn er ágætismaður og góður læknir, en þó verður að segja sannleikann um þetta atriði.

Hv. Nd. hefir fallist á að veita 2000 kr. til þess að fá ákveðinn lækni hjer í Reykjavík til að gegna læknisstörfum í Kjósarsýslu. Hv. fjvn. hefir nú lagt til að lækka þessa upphæð niður í 1500 kr. Mjer finst, að hjer gæti of mikillar sparsemi

hjá háttv. fjvn., og mun ókunnugleiki valda þar um. Vildi jeg æskja, að háttv. deild vildi láta þessa upphæð standa eins og háttv. Nd. gekk frá henni, eftir að hafa heyrt ástæður þær, er jeg hefi nú fram flutt.

Þá vík jeg að öðrum lið, sem hv. fjvn. hefir einnig viljað færa niður, styrknum til Grindavíkur. Eins og mönnum er kunnugt, þá varð þorp þetta fyrir miklu tjóni af sjógangi 21. janúar þ. á., sem var svo mikill, að sagan þekkir varla dæmi til annars eins. Hefir dugnaðarmaðurinn Einar G. Einarsson gengist fyrir því að fá tjónið metið af verkfræðingi. Benedikt Jónasson verkfræðingur fór þangað suður að athuga skemdirnar, og taldist honum, að skaðinn næmi 105 þús. kr., auk skemda á innanstokksmunum og öðru slíku.

Háttv. frsm. (JóhJóh) sagði, að ekki væri venja að veita slíka styrki. Má vera, að svo sje; en á þetta mál má ekki líta eingöngu frá almennu viðskiftasjónarmiði. Að vísu skal jeg játa, að ekki er venja, að þingið leggi meira en einn þriðja hluta til bryggjugerða eða ræktunar. En hjer verður að líta svo á, að beint slys hafi orðið, eins og t. d. af eldgosi. Eigendur eigna þeirra, er fyrir skemdum hafa orðið, eru alls ekki færir um að leggja fram ⅔ til að bæta úr skaðanum. Má ef til vill segja, að ein ekkja (í Kotvogi) sje sæmilega stæð, en þó ekki betur en svo, að hún rjett bjargast á eigin efnum. Hr. Einar G. Einarsson hefir spurt ekkju þessa, hvort hún treysti sjer til að leggja nokkuð af mörkum, og hefir hún kveðið nei við því. Jarðirnar eru vitanlega óveðhæfar, þar sem sjórinn getur flætt yfir þær hvenær sem er, og eru eigendurnir þar með útilokaðir frá lánum út á þær til framkvæmda. Þó er vitanlegt, að þessi bygðarlög eru ein af mestu tekjulindum ríkissjóðs, ein tekjumestu hjeruð landsins, að Hafnarfirði meðtöldum.

Fyrir Kjósarsýslu berum við þingmenn hennar líka aðeins eina fjárveitingartill. fram, þessar 1200 kr., því meira er það ekki í rauninni, þótt 1500 kr. standi á pappírnum.

Jeg treysti því, að er hv. fjvn. hefir nú heyrt þessar skýringar mínar, muni hún bráðna og treysta sjer til að styðja þessar till.

En svo var það Hvalfjarðarbáturinn, sem jeg vildi minnast á. Á þskj. 374 er gert ráð fyrir, að Hvalfjarðarbáturinn fái 700 kr. styrk. Það er þakkarvert, að hið háa Alþingi vill styrkja samgöngur um Hvalfjörð, enda hafa margir hreppar not af þeim flutningum, bæði Kjósarhreppur, Hvalfjarðarströnd, Svínadalur o. fl. þar fyrir vestan. Allir þessir hreppar nota bátinn til þess að flytja alt mögulegt, en gallinn er sá, að báturinn verður að hafa afgreiðslustöð hjer í Reykjavík, og þess vegna er þessi styrkur of lágur. Í ár fær báturinn 1000 kr. Nú vil jeg aðeins drepa á það, að það er ósk mín til hæstv. stjórnar, að þessi bátur fái áfram 1000 kr., að af 4000 kr. upphæðinni, sem ætluð er til þess að bæta upp þeim bátum, er styrkurinn reynist of lítill til, verði tekin sú upphæð, er hjer vantar á.

Jeg hefi ekki verið mjög margorður, enda ekki vanur því. Við atkvgr. mun jeg sýna afstöðu mína til einstakra till. Um þær till., sem aðrir mæla fyrir, sje jeg ekki ástæðu til að ræða. Og eins og jeg tók fram, hefir hv. þm. Vestm. (JJós) talað fyrir þeim till., sem jeg stend á ásamt honum. Sleppi jeg þess vegna að tala um þær.

Sigurður Eggerz: Jeg skal fyrst leyfa mjer fyrir hönd mentmn. að minnast á brtt. á þskj. 408. Hæstv. atvrh. hefir að vísu minst nokkuð á hana, og get jeg þess vegna verið stuttorður. Vil jeg byrja ræðu mína með því að þakka honum, með hve miklum velvilja í alla staði og skilningi hann hefir talað um þessa till. Mun mjer óhætt að bera það þakklæti fram í nafni allrar mentmn. Eins og kunnugt er, kom snemma á þinginu fram frv. um það að stofna húsmæðraskóla á Staðarfelli, og var því vísað til mentmn., en hún sá sjer ekki fært að mæla með því. En síðar barst nefndinni brjef frá ungfrú Sigurborgu Kristjánsdóttur, þar sem hún býðst til að reka húsmæðraskóla sem einkafyrirtæki á Staðarfelli. Setti hún vitanlega ýms skilyrði. Get jeg tekið það fram, að nefndin átti um þetta marga fundi og talaði við ungfrúna, og niðurstaðan af þessum fundum eru till. þær, sem hjer eru fram komnar, og er þar mikið dregið úr kröfum þeim, sem ungfrú Sigurborg Kristjánsdóttir gerði í fyrstu.

Fyrsti liður brtt. er, eins og hæstv. atvrh. (MG) mintist á, aðeins um breyting og aðgerð á Staðarfellshúsinu. Þar sem hjer er um ríkiseign að ræða, er ætlandi, að ekki gangi erfiðlega að fá þessar 1800 kr. til þess.

Um till. um að setja eldavjel í húsið, sem um leið geti hitað upp miðstöð, þarf fátt að segja. Það er nauðsynlegt, ef þarna á að vera húsmæðraskóli, að þar sje góð eldavjel, og heppilegast, allra hluta vegna, að miðstöð sje í húsinu.

Aðalatriðið og það, sem hefir í för með sjer mest útgjöld fyrir ríkissjóð, er eliðurinn, eða 3000 kr. til skólahaldsins. En nefndin verður að líta svo á, að með því fyrirkomulagi, sem hjer er hugsað, verði komið á fót húsmæðraskóla með mjög ódýrum kjörum fyrir landið, og þess vegna þykir henni fært að leggja til, að þessi upphæð verði veitt. Hjer á landi eru engir húsmæðraskólar, nema hvað kent mun ýmislegt í kvennaskólanum, sem þar til heyrir. En þótt jeg viðurkenni, eins og jeg svo oft hefi gert í þessari hv. þd., að sá skóli sje í alla staði fyrirmyndarskóli, þá er brýn þörf á húsmæðraskóla eins og þeim, er hjer ræðir um. *(GÓ:* Þm. gleymdi Blönduósskólanum). Jeg veit ekki, hvort slík fræði eru kend við Blönduósskólann. Og jeg vona, að hv. þm. (GÓ) minnist þess, að jeg hefi altaf farið hlýjum orðum um þann skóla. En hann bætir ekki úr þeirri þörf, er hjer um ræðir.

Eitt af því, sem ungfrú Sigurborg Kristjánsdóttir setti að skilyrði fyrir að reka húsmæðraskólann á Staðarfelli, var það, að hún þyrfti, eins og sjálfsagt er, að hafa ráð á því að kaupa áhöfn á skólajörðina. Gerði hún ráð fyrir, að áhöfnin myndi kosta 25000 kr. Nú er farið fram á það í brtt., að ríkissjóður ábyrgist alt að 15000 kr. í þessu skyni. Hinar 10000 kr., sem á vantar, komu alveg á óvæntan hátt, sem sje þann, að Magnús Friðriksson og kona hans, sem áður hafa gefið Staðarfell, bættu nú enn við þessum 10000 kr. til skólahaldsins. Hæstv. atvrh. (MG) kom annars svo mikið inn á þetta, að ekki er ástæða fyrir mig að dvelja ítarlega við þessi atriði. Jeg vil aðeins taka það fram, að það kom til tals, hvort ekki væri hægt að nota gjöf frú Herdísar Benediktsen í þarfir þessa skóla; en eftir mjög skýrri og ótvíræðri yfirlýsingu hæstv. forsrh. (JM) getur það alls ekki komið til mála.

Ungfrú Sigurborg Kristjánsdóttir, sem boðist hefir til þess að koma þessu einka-

fyrirtæki á stað, hefir numið hjer við kvennaskólann í Reykjavík. Svo var hún á skóla í Sorö nokkur ár, og hefir þaðan mjög góð meðmæli; er hún talin mjög duglegur kvenmaður.

Jeg gat þess í byrjun, að jeg þakkaði hæstv. atvrh. (MG) í nafni mentmn. fyrir það, hve vel hann hefði tekið í þetta mál. En mjer finst og rík ástæða til að minnast hjer á Magnús Friðriksson á Staðarfelli og húsfreyju hans. Það er kunnugt hjer á Alþingi, að Magnús Friðriksson og kona hans hafa gefið landssjóði þessa ágætu eign, Staðarfellið, og þess vegna er nú hægt að koma þessum skóla á fót. Nefndin hefir gefið hæstv. stjórn þá bendingu, að hún teldi heppilegast, að jörðin væri ekki leigð lengur en til 10 ára til að byrja með, en auðvitað verður hæstv. stjórn að ráða þessu og gera það, er hún telur heppilegast. Sem sagt, Magnús Friðriksson og kona hans hafa gefið landinu þessa ágætu gjöf, Staðarfell. Ástæðurnar til gjafarinnar munu vera fleiri en ein, en jeg vil minna á aðaltilefnið. Þau hjónin Magnús Friðriksson og kona hans mistu tvo efnilega syni sína. Hugsun þeirra hafði verið sú, að þessir synir hjeldu áfram hinum mikla rausnarbúskap á Staðarfelli. En þeir druknuðu báðir á ákaflega sviplegan og sorglegan hátt. Aðaltilefnið til þess, að landinu var gefin þessi ágæta gjöf, mun því hafa verið heit ósk þeirra hjóna um að halda uppi minningu þessara sona sinna. En ennfremur mun það hafa vakað fyrir þeim hjónum, að þau vildu gjarnan, að jörðin, þar sem þau höfðu svo lengi alið aldur sinn og lagt mikla vinnu í að rækta og prýða, yrði meira ræktuð og haldið áfram að gera hana sem besta. Annað tilefni gjafarinnar mun því hafa verið ræktarsemi við jörðina sjálfa. Í þriðja lagi mun tilefni gjafarinnar hafa verið hinn mikli áhugi þessa ágæta manns og góðu konu á þessu nauðsynlega skólafyrirtæki. En sem sagt sjest það skýrt, hve mikil alvara þeim hjónum er um það mál, þar sem þau nú, til þess að flýta því, hafa enn bætt 10000 kr. við hina miklu gjöf sína. Þetta er óvenjuleg rausn og það er vert þess, að þessa stóra og mikla höfðingskapar sje getið hjer á hinu háa Alþingi og gjöfurunum þakkað. Jeg hefi sjálfur komið að Staðarfelli, sjeð fegurð jarðarinnar og hve stórkostlega vel hún er hýst, því ekki er þar aðeins hið myndarlegasta og vandaðasta íbúðarhús, heldur og ágætis útihús öll. Jeg get tekið það fram, að brúttótekjur af hlunnindum jarðarinnar voru á þessu ári á fjórða þúsund króna, og í meðalári gefur túnið af sjer um 400 hesta af töðu. Sýnir þetta, hve stórfeld gjöfin er og mikilsverð. Þá má og benda á, að Magnús Friðriksson kom með tvær hendur tómar að Staðarfelli, en hann eignaðist ekki aðeins jörðina og gat hýst hana svona myndarlega, heldur er hann utan þessa mjög efnaður maður, á um 50—60 þús. kr. Sýnir þetta, hve miklir möguleikar felast í jörðinni fyrir þann, sem kann að færa sjer þá í nyt.

Um leið og jeg því mæli með, að þessar till. mentmn. verði samþyktar, vil jeg að minsta kosti í mínu nafni leyfa mjer að þakka Magnúsi Friðrikssyni og konu hans fyrir þá höfðinglegu gjöf, sem þau hafa gefið landinu. Það er gott að vita af slíkum mönnum, sem hafa svo brennandi áhuga á ýmsum málum, sem eru alþjóð í hag.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en snúa mjer að minni eigin till.

á þskj. 408, sem fer í þá átt, að hæstv. stjórn er heimilað að greiða úr ríkissjóði hæfilega leigu fyrir herbergi það, sem Steinunn Sigurðardóttir hefir nú í Landsbankahúsinu. Ástæðurnar fyrir till. eru þessar: Frú Steinunn Sigurðardóttir er ekkja Magnúsar heitins Vigfússonar, sem yfir 20 ár var dyravörður í stjórnarráðinu. Var hann þektur að góðu einu og reyndist hinn duglegasti í starfi sínu. Er hann dó, hjelt ekkjan starfinu um 1—2 ár, en af því að karlmaður verður að gegna þessari dyravarðarstöðu, varð hún að láta það laust.

Meðan hún var í stjórnarráðinu hafði hún frían hita og ljós og ágæta íbúð. Nú stóð svo á, þegar hún varð að fara, að þá var tilætlunin, að landið tæki tvær efri hæðir Landsbankahússins og að ýmsir embættismenn hefðu skrifstofur sínar þar. Til þessa ætlaðist fyrv. stjórn, og jeg má segja þingið. Þess vegna hjet fyrverandi stjórn frú Steinunni Sigurðardóttur, að hún mætti fá eitt kvistherbergi í Landsbankahúsinu. Tilætlunin var ennfremur sú, að hún fengi vinnu við að gera hrein skrifstofuherbergi hinna ýmsu embættismanna, og hefði þannig nokkurn styrk í ellinni. Hæstv. núv. stjórn hefir ekki fundið ástæðu til að nota húsið á þennan hátt; því er ástandið það, að frú Steinunn situr nú í kvistherbergi sínu með mikil vonbrigði. Hefir nú Landsbankinn krafið hana um húsaleigu. Vildi jeg ógjarnan, að hún þyrfti að greiða hana eða flæmast burtu, þrátt fyrir gefin loforð, og þar sem hjer er aðeins um smáupphæð að ræða, vænti jeg þess, að hv. þd. sje fús til að samþykkja hana.

Þá vildi jeg leyfa mjer að minnast á örfáar brtt. aðrar, en jeg skal fara ákaflega fljótt yfir sögu.

Það er þá fyrst 16. brtt., frá hv. fjvn., við 13. gr., um þráðlausu stöðina í Reykjavík. Þar stendur: „Aftan við athugasemdina bætist: Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda.“ — Mjer skildist á hv. frsm. (JóhJóh), að það væri meira af kurteisis hálfu, að hæstv. stjórn bæði Alþingi um þessa heimild en að það væri nauðsynlegt. Jeg lít svo á, að hjer sje í rauninni um stórmál að ræða. Jeg veit að vísu ekki, hvernig málið horfir nú við, en jeg teldi æskilegt, ef hæstv. stjórn sæi sjer fært að skýra þinginu frá, hvernig það stendur. Má vera, að hún geti það ekki nema á lokuðum fundi, og er sjálfsagt að gera það þá þar, því að jeg geri ráð fyrir, að málið sje svo stórt og þýðingarmikið, að rjett sje að leita samþykkis þings á samningunum eftir á.

Það var aðeins þessi litla athugasemd, sem jeg vildi skjóta til hæstv. stjórnar.

Jeg vil mæla sem best og mest með 19. brtt., við 14. gr., um útgáfu á kenslubókum handa mentaskólanum, 2000 kr. Jeg tek alveg undir það með hv. frsm. (JóhJóh), að það er hrein og bein minkun, að við skulum ekki vera komnir lengra á þessu sviði en að hinar og þessar námsgreinar eru enn kendar á dönskum bókum, svo sem saga, náttúrufræði o. fl. Jeg vona því, að þessi till. hv. fjvn. verði samþykt með öllum atkv.

Þá er hjer till. um að fella niður styrk til nokkurra skálda og listamanna. Jeg vildi í sambandi við þá till. leyfa mjer að skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún sæi sjer ekki fært að koma með till. í þá átt, að styrknum til skálda og listamanna sje úthlutað eftir till. sjerstakrar nefndar. Jeg skal geta þess, að fyrir nokkrum árum gat jeg komið þeirri till. inn í fjár-

lögin, að sjerstök nefnd gerði till. um þennan styrk. Jeg man, að þáv. ráðherra hjelt, að þetta væri gert til þess að amast við honum. En það var ekki meiningin. Og þegar jeg tók við stjórninni síðast, þá lagði jeg fast að þinginu að halda þessari nefnd áfram. En till. var samt feld, þrátt fyrir mótmæli mín. Jeg held, að þetta hafi verið ákaflega skakt að farið, og það af mörgum ástæðum. Fyrst og fremst á stjórnin erfitt með að úthluta þessu, af því að hana skortir sjerþekkingu þá, er til þarf, að jeg nú ekki nefni alla þá óánægju, sem hún verður fyrir út af úthlutuninni. Jeg man t. d. eftir einum manni. Þegar hann fjekk ekki styrkinn, sendi hann mjer afskaplega hatramlegt brjef og kvaðst mundu ofsækja mig alt mitt líf. Auðvitað verða stjórnirnar að sætta sig við margar hnútur, en það er óþarft, að þær láti þessar lenda á sjer alveg að raunalausu. Þess vegna vil jeg skjóta því til hæstv. forsrh. (JM), hvort hann vill ekki koma með till. um nefndarskipun í þessu máli, því að jeg geri ráð fyrir, að hann hafi fundið til þess eins og jeg, hve þessi úthlutun er ákaflega erfið.

Þá langar mig til að minnast á 49. brtt., við 16. gr., sem fer í þá átt, að styrkurinn til Lúðvíks Jónssonar falli niður. Þessi Lúðvík Jónsson hefir búið til nýtísku jarðyrkjuverkfæri, og samkvæmt vottorðum frá Búnaðarsambandi Austurlands og merkismanninum Birni Hallssyni lítur út fyrir, að menn eystra hafi mikla trú á þessum verkfærum. Mjer skilst, að einn aðalkosturinn við þessi áhöld sje sá, hve mikla vinnu þau spari, en eins og kunnugt er, þá er búskapnum nú það mest til meins, hversu allur vinnukraftur er ákaflega dýr. Þess vegna finst mjer, að menn eigi að líta með velvild til þeirra, sem búa til verkfæri, er gera mönnum fært að spara hann. Og þar sem menn með sjerþekkingu, svo sem formaður Búnaðarsambands Austurlands, hafa mælt með þessari styrkbeiðni, þá vil jeg segja, að jeg kýs að mæla eindregið með því, að styrkurinn verði ekki feldur niður.

Jeg tel varhugavert að draga úr viðleitni þessa manns til þess að gera endurbætur á þessu sviði. Maðurinn mun vera fátækur, hefir varið fje því, sem hann hefir komist yfir, til tilrauna. Jeg geng út frá því, að þeir, sem unna landbúnaði, taki hjer í líkan streng.

Þá er 57. brtt., við 19. gr., um að heimila stjórninni að greiða Sveini Björnssyni, fyrv. sendiherra, 10 þús. kr. upp í tjón, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn vegna embættis síns. Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessari tillögu, heldur til þess að taka fram, að mjer finst hv. nefnd lítið tillit taka til tjóns þess, sem Sveinn Björnsson hefir orðið fyrir vegna embættis síns. Hann mun hafa tapað á húsakaupunum einum um 30 þúsund krónum, og væri það að vísu ekki mjög tilfinnanlegt, ef ekki væri um annað tap að ræða. En laun hans voru svo lág, að hann varð að leggja fram frá sjálfum sjer stórfje árlega. Starfið rækti hann prýðilega, og er öllum kunnugt, hve vel hann vann í þarfir landsins. Nægir að benda á samninginn við Norðmenn um kjöttollsmálið. Má mest þakka Sveini Björnssyni þau málalok, sem þar urðu. Jeg mælist til þess, að stjórnin hækki þessa upphæð. Þó greiddar væru 10 þús. kr., væri það lítið upp í öll þau smánarlegu töp, sem maðurinn hefir orðið fyrir í þjónustu landsins.

Þá vil jeg minnast á brtt. VI. á þskj. 400, um að veita Listvinafjelaginu styrk

til þess að kaupa „Móðurást" Nínu Sæmundsson. Jeg var beðinn að bera fram till. um þetta, en færðist undan, ekki af því, að jeg vildi ekki styrkja málið, en jeg áleit heppilegra, að einhver úr stærri flokkum þingsins bæri það fram. Jeg tel alveg sjálfsagt að veita þetta fje. Nína Sæmundsson er fátæk stúlka, ættuð úr Fljótshlíð. Af eigin ramleik fer hún til útlanda og brýtur sjer braut, skapar þetta listaverk og kemur því á sýningu, sem ákaflega mikils virði þykir fyrir listamenn að fá aðgang að. Og listaverkið er ekki einungis tekið á sýninguna, heldur láta þessir 100 dómendur, sem velja eiga, svo um mælt, að höfundur þessa listaverks geti framvegis látið gripi á sýninguna eftir vild, án þess að spyrja þá leyfis. Saga þessarar fátæku stúlku úr Fljótshlíðinni er hreint og beint æfintýri. Jeg hefi minst á þessa stúlku í Norræna fjelaginu. Markmið þess fjelagsskapar er að koma á nánara sambandi milli Norðurlanda, bæði á andlega sviðinu og í verklegum efnum. Þetta fjelag hjer er enn í bernsku. Alþingi hefir eitt sinn veitt því lítilsháttar styrk, og þannig viðurkent starfsemi þess. Starf fjelagsins verður vitanlega einkum á andlega sviðinu, en við eigum þar erfiða aðstöðu, þar sem skáld okkar rita á tungu, sem fáir skilja. Það þarf ekki lítinn gáfnaþrótt til þess að kynda andlega elda svo sjáist frá landi til lands. Okkur nægja ekki neinir smáeldar. Nú hefir fátæka stúlkan okkar úr Fljótshlíðinni skapað listaverk, sem fengið hefir stórfelda viðurkenningu í Frakklandi. Hún hefir þannig gert þjóð sinni mikinn sóma. Jeg álít stórhapp fyrir okkur að eiga kost á að fá þetta listaverk heim. Síðar verður það vafalaust margfalt meira virði, svo að hjer er um beinan fjárhagslegan gróða að ræða. Það er enginn vafi á, að við miklu má búast af þessari stúlku, sem þegar hefir hlotið frægð. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að þessi tillaga verði samþykt. Jeg vona, að hún verði samþykt með *öllum* atkvæðum, til viðurkenningar stúlkunni, sem gert hefir Íslandi svona mikinn heiður.

Það er kannske hjáleitt að minnast á Vestmannaeyjavatnið í sömu andránni og talað er um listina, en jeg tel sjálfsagt, að þessi styrkur til þess að rannsaka vatnsveitu verði veittur Vestmannaeyingum.

Forsætisráðherra (JM): Það eru aðeins nokkrar smáathugasemdir, sem jeg ætla að gera við þessa umr. fjárlaganna. Jeg held, að fáar brtt. hafi komið fram, sem skoðast geti snerta mitt embætti. Hv. fjvn. hefir lagt til, að breytt yrði nokkuð um styrk til læknahalds á tveim stöðum, í Ólafsfirði og í Kjósinni. Mjer finst nefndin hafa misjafnað nokkuð milli þessara tveggja staða. Jeg er ekki alveg viss um, í hvorum staðnum þörfin er meiri. Það má heita svo, að Kjósarbúar sjeu nú alveg læknislausir. Því er að vísu borið við, að Hafnarfjarðarlæknirinn, sem nú er, eigi erfitt um ferðalög, en það sje aðeins um stundarsakir. En jeg er hræddur um, að hvaða læknir sem væri í Hafnarfirði, yrði hann ekki Kjósarbúum að fullu gagni. Þeir mundu altaf verða að leita fremur til Reykjavíkur. Munurinn er að vísu ekki mikill á vegalengd, en leiðin til Hafnarfjarðar úr Kjósinni liggur altaf um Reykjavík. Jeg tel rjettast, að látin verði standa sú upphæð, sem hv. Nd. samþykti. Annars geri jeg ráð fyrir að fylgja yfirleitt till. hv. fjvn. um fjárlögin. Jeg hygg, að það verði ekki nema 2—3 af brtt. nefndarinnar, sem jeg get ekki fylgt.

Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir að taka upp styrk til þess að gefa út kenslubækur í sögu. Hann hefði mátt vera ríflegri, en við þetta má þó hlíta.

Jeg tel líka þarflegt að taka upp fjárveitingu til þess að byggja barnaskóla, sem hv. frsm. (JóhJóh) talaði um.

Um styrkinn til skálda og listamanna fellst jeg á það fyrirkomulag, sem lagt er til, og tel rjett, sem gert hefir verið, að setja Guðmund Friðjónsson í 18. gr. Hv. 1. landsk. (SE) talaði um, hvort stjórnin vildi ekki koma með till. um, að nefnd skifti styrknum, eins og áður var. Mjer finst ekki skifta miklu máli, hvor leiðin er farin. Hvorttveggja hefir verið reynt og ætíð orðið vart nokkurrar óánægju. Jeg býst við, að í þessu efni takist engum að gera svo, að öllum líki. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin leiti álits þeirra manna, sem best vit hafa á þessum málum, og fari eftir tillögum þeirra. Það væri að vísu þægilegt fyrir stjórnina að losna við þennan vanda, en jeg legg alveg á vald háttv. deildar, hvor leiðin verður farin.

Jeg er samþykkur því, að keypt verði grasasafn Helga Jónssonar. Safnið er dýrmætt og alveg sjálfsagt að sleppa því ekki. Jeg held, að ekki sjeu aðrar till. frá hv. nefnd, sem jeg sje sjerstaka ástæðu til þess að minnast á.

Jeg vil skjóta því til hv. nefndar, þó ekki komi mjer það beinlínis við, hvort ekki væri vegur fyrir hana að athuga til 3. umr. brtt. um lendingarbætur í Grindavík. Það er ekki einungis, að veita þurfi styrk til þess að bæta lendinguna, heldur og til að hjálpa þeim, sem urðu fyrir skaða þar syðra. Þeir munu varla svo efnum búnir, að þeir hafi ráð á að leggja til ⅔ kostnaðar.

Jeg skal ekki tala mikið um till. einstakra þingmanna. Að því er snertir till. II á þskj. 400, þá vildi jeg greiða atkvæði með því, að veittar væru 4000 kr. til iðnnáms eða verklegs náms erlendis, líkt eins og áður var siður; en eins og till. er orðuð, get jeg ekki greitt henni atkv.

Jeg get ekki verið með því, að veittur verði styrkur sá, sem farið er fram á til þess að rannsaka vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Mjer finst, að ætlast verði til, að kaupstaðurinn sjálfur kosti rannsóknina. Hitt væri kannske ekki ósanngjarnt, ef rannsókn leiddi í ljós, að vatnsveita væri möguleg, að ríkið legði þá eitthvað til verksins. En að leggja fram ⅔ kostnaðar til rannsóknar, þar sem vel stæður kaupstaður á í hlut, tel jeg varla gerlegt. Hjer er að minsta kosti farið fram á of mikið. Jeg get fremur verið með því, að fje sje lánað þangað til sýslumannsbústaðar, og mun greiða atkvæði með þeirri tillögu.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer tvær eða þrjár örlitlar brtt., sem jeg þarf ekki að vera langorður um. Það er fyrst við 16. gr., um styrk til fyrv. eigenda Breiðafjarðarbátsins Svans. Eins og kunnugt er, fór þetta hlutafjelag illa í efnalegu tilliti. Það varð fyrir stórhnekki, sem olli því, að það varð gjaldþrota. Hluthafarnir mistu alt, en tjónið varð þó enn þyngra að því leyti, að stjórnin hafði oft orðið að binda sjálfa sig með ábyrgðum, til þess að hægt væri að halda rekstrinum áfram. Svo þegar báturinn varð að hætta, var ekki einungis alt hlutafjeð tapað, heldur einnig há upphæð, sem varð að lenda á stjórninni. Þetta fjelag er kunnugt háttv. þm. Þingið hefir áður hlaupið undir bagga með því og veitt því styrk. En þó að það hafi notið velvildar frá ýmsum hliðum, standa enn eftir um 12 þús. kr., sem ekki er annað sýnna en að lendi á stjórninni

að greiða. Því hefir verið leitað til Alþingis um styrk til þess að greiða þessa skuld, en hv. Nd. hefir ekki sjeð sjer fært að veita í þessu skyni meira en 6000 kr. Hv. fjvn. þessarar deildar hefir þó þótt of ríflega til tekið og klipið af þessari upphæð 2000 krónur. Jeg sje ekki, að nein sanngirni mæli með þessari lækkun. Mennirnir, sem í stjórninni voru, áttu enga sök á, að svona fór, og það er ekki rjett, að einstökum mönnum blæði af því að þeim er treyst betur en öðrum til þess að standa fyrir þjóðþrifafyrirtækjum. Það hefir verið gert ráð fyrir, að Snæfellsnessýsla leggi fram aðrar 6000 kr. Vona jeg fastlega, að deildin felli þessa brtt. frá hv. fjvn. og láti fjárhæðina í frv. standa. En við þetta er það að athuga, að talað var um jafnháa upphæð frá Dala- og Snæfellsnessýslu. Jeg vildi breyta því þannig, að í staðinn fyrir þessar sýslur kæmi: eða annarsstaðar frá, — eða með öðrum orðum, ef sýslurnar sæju sjer ekki fært að greiða þessa upphæð, væri jafngilt, ef upphæðin kæmi annarsstaðar frá. En nú hefi jeg fengið símskeyti frá sýslufundi Snæfellinga, þar sem samþykt er að veita 3000 kr. til þessa, og þar sem telja má víst, að Dalasýsla komi á eftir, tek jeg þessa brtt. hjer með aftur.

Þá er brtt. mín við 18. gr., um að veita 500 kr. til Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður. Jeg vona, að hv. þdm. muni eftir því, að á síðasta þingi kom fram tillaga um að veita Þórdísi Símonardóttur á Eyrarbakka 1000 eða 1200 kr. Þá gat jeg þess, að svo framarlega sem fullvíst væri, að sú tillaga næði fram að ganga, mundi jeg bera fram till. fyrir ljósmóður í mínu læknishjeraði. En það kom aldrei til, því að styrkurinn var feldur. Nú hefir þessi sama ljósmóðir verið tekin upp í fjárlögin í háttv. Nd., í 18. gr. þeirra. Tillagan gekk í gegnum Nd. og fjvn. Ed. gerði engar athugasemdir við hana. Jeg er því í fullu samræmi við það, sem jeg sagði á síðasta þingi, þegar jeg nú ber mína till. fram.

Jeg skal þá færa rök að því, að þessi yfirsetukona er síst síður verðug styrks en ljósmóðirin á Eyrarbakka, að henni ólastaðri. Matthildur Þorkelsdóttir er fædd árið 1848, og er því 77 ára gömul. Hún tók yfirsetukvennapróf hjá doktor Hjaltalín 1873 og var þá sama ár lögskipuð yfirsetukona í Borgar- og Álftaneshreppi á Mýrum. Þannig hefir hún verið lögskipuð yfirsetukona í 52 ár, en áður hafði hún gegnt þessu starfi í 4 ár. Jeg hefi verið með henni sem læknir í 26 ár og jeg verð að segja, að hún er sú langbesta yfirsetukona, sem jeg hefi unnið með, því að hún sameinaði það tvent, að jafnframt því sem hún var ágæt ljósmóðir, er hún einnig góð hjúkrunarkona. Hjúkrunarhæfileikar hennar hafa komið að miklu liði, þar sem hún hefir setið í fjölmennasta hreppi sýslunnar. Eins og gefur að skilja, er hún, þar sem hún er orðin 77 ára gömul og hefir í fjölda mörg ár gegnt erfiðu yfirsetukvennaumdæmi, ekki lengur fær um að standa í stöðu sinni. Að hún hefir starfað fram á þennan dag, er ekki af því, að hún hafi ekki fyrir löngu óskað að losna, heldur af því, að ekkert liggur þá fyrir henni annað en hreppurinn. Hún býr með manni sínum, sem er 77—78 ára og hefir verið alblindur í 10 ár. Jeg vona því, að hv. þdm. sjái, að svo framarlega sem á að ganga inn á þá braut að styrkja þreyttar ljósmæður, þá stendur þessi ljósmóðir með þeim fremstu í landinu. Eftir því sem rök hafa verið færð fyrir ljósmóðurinni á Eyrarbakka, verð jeg að segja, að hún þolir alls ekki

þennan samanburð, án þess jeg vilji á nokkurn hátt kasta skugga á hana. Þess vegna geri jeg ráð fyrir, að þessar ljósmæður fái að minsta kosti að fylgjast að. Þó þeir sjeu á móti þessu, sem álíta það principmál að styrkja ekki yfirsetukonur með ríkissjóðsfje, heldur eigi sýslusjóðir að gera það, er lítið við því að segja, en jeg vil, að báðum þessum ljósmæðrum sje gert jafnhátt undir höfði. Jeg vona því, að allir hv. þdm., hvort sem þeir eru með eða móti þeirri reglu að veita uppgjafaljósmæðrum eftirlaun úr ríkissjóði, geti greitt atkvæði með þessu núna, því að ef þessi ljósmóðir er feld nú, situr hin eftir. En það er ranglæti, og er því heppilegra að lofa þeim báðum að ganga til 3. umr.

Um aðrar brtt. sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða. Afstöðu mína gagnvart þeim mun jeg sýna við atkvgr.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að minnast á fáeinar brtt., sem jeg er ýmist flm. eða meðflm. að. Einnig mun jeg víkja að nokkrum öðrum, sem mjer finst máli skifta.

Á þskj. 400 á jeg brtt. með háttv. 2. landsk. (SJ) undir tölulið II. Þar hefir komist inn prentvilla, sem jeg býst við, að hæstv. forsrh. (JM) og fleiri hafi rekið augun í. Jeg hefi áður, þegar stúdentastyrkurinn var hjer til umr., minst á nauðsyn þess, að fleiri efnilegir menn og konur en stúdentar gætu fengið styrk til þess að stunda nám erlendis. Þessi litli styrkur er byrjun á því. En með því að mjer þótti of þröngt að orða liðinn svo, að hann ætti að vera til iðnfræðslu einungis, þar sem hjúkrun og búfræðinám á að heyra þar undir, orðaði jeg hann þannig: Til iðnfræðslu og verklegs náms og fleiri tegunda af skyldu námi. Þetta „skyldu námi" hefir orðið að einu orði hjá prenturunum. Með því að fjvn. hefir tekið liðlega í málið, tek jeg hana aftur nú, en breyti henni til 3. umr.

Mjer er kunnugt um, að Jón Gunnarsson frá Blöndubakka er mjög duglegur og reglusamur maður. Fyrir einu ári fjekk hann styrk af þessu iðnnemafje og hefði vafalaust fengið hann í ár, ef hann hefði ekki verið feldur í fyrra. Þessi maður hefir altaf stundað nám sitt af kappi, og jeg hygg, að þótt völ sje á þó nokkrum dugandi mönnum í þessari grein, sje ekki nema gott að bæta við einum manni, sem hefir lært þessa grein til hlítar í landi, sem að staðháttum líkist voru landi, en er þó lengra komið.

Þá er brtt. á þskj. 400 undir tölulið III. Þannig er mál með vexti, að nálega allir barnakennarar landsins hafa með sjer fjelagsskap, er hefir í undirbúningi verk, sem hefir mikla þýðingu fyrir barnakenslu í landinu. Það er enginn hentugur landsuppdráttur af Íslandi til til barnakenslu. Það er til jarðfræðiskort Thoroddsens, en það er ekki hentugt til kenslu, þó að það sje ágætt í sinni röð. Nú hefir fjelagið fengið hæfan mann til þess að undirbúa stóran uppdrátt fyrir barnaskóla, sem á að prenta í Þýskalandi. En það er dýrt og yrði fjelaginu erfitt, og auk þess yrði kortið dýrara en góðu hófi gegndi. Það hefir verið hengt hjer upp sýnishorn af því, sem jeg vona, að hv. þdm. hafi sjeð. Uppdrátturinn er stærri en Thoroddsens, en þó ekki vísindalega nákvæmur, sem ekki er von, þar sem kort herforingjaráðsins er ekki komið af öllu landinu. En hann verður nægilega nákvæmur og mjög ljós fyrir kennara. Þessi litla fjárveiting getur orðið trygging fyr-

ir því, að allir barnaskólar á landinu geti fengið heppilegan uppdrátt af Íslandi með hæfilegu verði.

Þá er brtt. á þessu sama þskj. undir tölulið V, frá hv. 3. landsk. (HSn) og mjer, um að Tryggva Magnússyni málara verði veittar 1500 kr. styrkur til að fullkomna sig í málaralist. Þessi ungi málari er þegar orðinn nokkuð þektur, og jeg get fullyrt, að hann hefir hlotið alveg óvenjulega góð meðmæli allra okkar helstu listamanna, sem álíta hann sjerstaklega mikið mannsefni. En þar sem sjón er sögu ríkari, höfum við fengið hann til að sýna hjer sína síðustu mynd, og mjer til mikillar ánægju hefi jeg sjeð, að margir hv. þdm. hafa athugað hana og verið talsvert ánægðir með hana. Við höfum áður átt einn málara, sem hefir tekið til meðferðar þjóðsögur okkar, en hann er nú dáinn. Jeg á við Guðmund Thorsteinsson. En hann er nú dáinn og enginn af núlifandi málurum okkar hefir stefnt í þessa átt, og mætti þó ætla, að þjóðsagnaheimurinn væri hin ríkasta náma fyrir listamenn. Þegar kornungur maður, eins og Tryggvi Magnússon er, gerir annað eins verk og þetta út af þjóðsögunni um hringinn í höll álfakonungsins, hefi jeg mikla trú á, að hann verði þjóð sinni til gagns og sóma. Hann hefir brotist áfram á ótrúlegan hátt og stundað nám bæði í Danmörku, Þýskalandi og Ameríku. Jeg veit ekki, hvernig hann hefir gert þetta kraftaverk, en hann hefir komist þetta áleiðis, sem þessi nýja mynd hans ber vott um.

Jeg vil undirstrika það, sem hv. þm. Vestm. (JJós), hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 1. landsk. (SE) hafa sagt um listaverk Nínu Sæmundsson. Jeg held, að ekki hafi verið sögð hjer sagan af því, hvernig heimurinn vissi fyrst, að hún var efni í listamann. Hún er ættuð úr Fljótshlíðinni, en fór kornung til Kaupmannahafnar. Þar var hún vinnukona og lenti hjá efnuðu, dönsku fólki. Einu sinni, þegar verið var að undirbúa veislu, gerði hún tiltölulega einfalt skraut, sem veislugestirnir sáu. Þetta varð til þess, að einn maður sagði, að þarna væri virkilegt listamannsefni og að henni var hjálpað til þess að komast í listaskóla. Síðan hefir hún haldið áfram frá sigri til sigurs, þangað til hún hefir nú unnið í París þann mesta sigur, sem einn listamaður getur unnið. Þessi saga er svo lík æfintýri, og það skemtilegu æfintýri, að jeg held ekki, að hv. þdm. muni iðra þess, þó að þeir leggi skerf til að kaupa þetta verk, sem 100 dómarar í París álitu þess vert, að það væri sýnt þar.

Þá er næst brtt. undir tölulið VII, frá hv. 1. þm. Rang. (EP), til húsabygginga á Stóruvöllum vegna sandgræðslunnar. Jeg verð að segja, að jeg á bágt með að vera ekki með öllum till., sem ganga í þessa átt. Svo óheppilega vill til, að sandurinn kringum Heklu hefir teygt sig niður á láglendið og eyðilagt landið þar. En þar býr sá maður, Eyjólfur í Hvammi, sem fyrstur fann ráð til þess að hefta sandfokið. En það er ekki von, að eitt lítið fjall og einn bóndi geti af eigin ramleik stöðvað sandfokið, enda hygg jeg, að ekki líði mörg ár, þangað til veitt verður mikið fje til þess að gera stórar girðingar þarna, því að reynsla er fyrir því, að ef girt er, grær landið upp á tiltölulega fáum árum. Stundum er þarna svo mikið sandfok, að ekki sjer handaskil, og gerir þetta mikil óþægindi líka á þeim jörðum, sem ekki eru í beinni hættu. Það er mesta nauðsyn að reyna að græða þetta belti, til þess að hindra, að meira land eyðileggist, og auk þess skapa möguleika fyrir aukinni bygð. Jeg skoða þetta eins

og þegar verið er í hernum að skjóta út útvirki, og mun jeg því greiða atkv. með tillögunni.

Þá er till. undir tölulið XII, frá hv. þm. Vestm. og mjer. Jeg tel það viðurhlutamikið að fella þessa till. og finst undarlegt, að hæstv. forsrh. (JM), sem lengi hefir verið sýslumaður í Vestmannaeyjum og hefir hlotið að finna, hvílík óþægindi það eru að hafa ekkert drykkjarvatn annað en rigningarvatn, er ekki með þessari tillögu. Jeg álít, að yfir Vestmannaeyjum vofi mikil hætta, meðan ekki er bætt úr þessu. Nú vill svo til, að búið er að finna brunnstæði, þar sem líkur eru til, að megi fá nóg náttúrlegt og gott drykkjarvatn handa bæjarbúum.

Jeg bauðst til að vera meðflm. að þessari till., til þess að undirstrika þá miklu nauðsyn, sem jeg tel vera á þessu. Jeg veit, að Vestmannaeyingar þurfa að fá höfn og bryggju og margt annað, en þetta tel jeg flestu nauðsynlegra, og sjerstaklega ættum við Reykvíkingar, sem höfum það besta drykkjarvatn, sem yfirleitt er hægt að fá, að skilja þetta.

Þá hefir hv. 2. þm. G.-K. (BK), hv. þm. Vestm. (JJós), hv. 3. landsk. (HSn) og jeg flutt brtt um, að dr. Helgi Pjeturss fengi nokkra launahækkun frá því, sem hann hefir haft, og væri mjög æskilegt, að ekki yrðu umr. um það framvegis á hverju þingi. Jeg veit, að þessu muni verða vel tekið, en jeg vil taka það fram, að þessi maður er alment álitinn einn af okkar snjöllustu rithöfundum og sá, sem einna best ritar íslenskt mál. Þó að fáir menn sjeu honum alveg sammála hvað lífsskoðun snertir, eru afarmargir menn, sem lesa með óblandinni ánægju alt, sem hann ritar. Jeg lít á hann ekki beinlínis sem vísindamann, nú orðið, heldur sem einkennilegan rithöfund, sem einna best fer með íslenskt mál.

Í sambandi við þá till., sem hv. þm. Snæf. (HSteins) flutti, var jeg í fyrra meðflm. hv. 1. landsk. (SE) að till. um styrk til ljósmóðurinnar á Eyrarbakka. Þá var hún feld, og mun jeg ekki taka upp aftur það, sem jeg sagði þá um þetta mál, en jeg veit, að Þórdís Símonardóttir verðskuldar, að henni sje þessi sómi sýndur, og hefi jeg af ræðu háttv. þm. Snæf. sannfærst um, að Matthildur Þorkelsdóttir á það ekki síður skilið. Það væri raunalegt, ef ljósmóðir, sem búin er að vinna meira en hálfa öld fyrir þjóð sína, þyrfti að fara á sveitina. Jeg held, að ræða hv. þm. Snæf. ætti að gera út af við þá skoðun, að vera á móti því að styrkja gamalt fólk, sem alla sína æfi hefir verið að vinna þjóðfjelaginu gagn.

Þá er á þessu sama þskj. till. frá hv. þm. Vestm. um lán handa bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum til þess að koma upp embættisbústað. Þó að jeg í mörgum tilfellum mundi greiða atkv. á móti slíkum till., þar sem jeg álít, að í flestum kaupstöðum landsins standi svo á, að embættismönnum ætti að vera vorkunnarlaust að fá húsnæði, þá held jeg ekki, að landinu sje sæmandi, að sá maður, sem tekur á móti fleiri útlendingum en nokkur annar maður, að undanskildum bæjarfógetanum í Reykjavík, verði að hafa skrifstofu sína í einhverri ruslakompu, sem er til minkunar, að nokkur útlendingur sjái.

Þá vildi jeg víkja fáeinum orðum að brtt. á þskj. 408, sjerstaklega I. og III., en jeg verð fyrst sem einn í mentmn. að afsaka það, að við höfum bókstaflega ekki, sökum annríkis sumra hv. þdm. í nefndinni, getað haldið fund í langan

tíma, og gátum ekki komið á reglulegum fundi fyr en í morgun. En jeg vona, að hv. deild láti málið ekki gjalda þess. Það hefir verið tekið fram af hæstv. atvrh. (MG) og hv. 1. landsk. (SE), hvernig liggur í þessu máli. Það er sem sje það, að Magnús Friðriksson á Staðarfelli hefir að nýju gefið landinu 10 þús. kr., en þessi gjöf fellur niður, ef ekki er hægt að stofna lítinn húsmæðraskóla á Staðarfelli. Nú hefir mentamálanefnd velt þessu fyrir sjer í vetur, og okkur kom saman um, að ekki mundi hægt að fá ríkið til að taka þessa stofnun að sjer og hæstv. forsrh. (JM) sagði, að ekki mundi hægt að nota Herdísarsjóðinn. En þegar við vorum að velta þessu fyrir okkur, hvernig mætti hrinda þessu máli í framkvæmd, kom þessi nýja gjöf, og í skjóli hennar höfum við leyft okkur að bera fram þessa till. Jeg álít vera ákaflega mikla nauðsyn á því, að slík tilraun verði gerð. Til eru tveir slíkir skólar hjer á landi, fyrst og fremst deild af kvennaskólanum hjer í Reykjavík, og svo er Blönduósskólinn. En þessi skóli getur orðið dálítið óðruvísi, af því að hann er í sveit, og af því að ungfrú Sigurborg Kristjánsdóttir, sem hefir beðið um Staðarfell fyrir skóla og sagt að hún gæti komið þar með ýmsa kenslu, svo sem skyrgerð og ostagerð, sem ekki væri hægt að kenna í Reykjavík eða Blönduósi, þá álít jeg, að hjer myndist heppileg verkaskifting, og ekki síst þar sem svo sáralítið hefir verið gert fyrir þessa mentun kvenna hjer á landi. Vona jeg, að þessu verði tekið vel og vil geta þess, að við í mentmn. höfum klipið utan af á alla vegu, til þess að baka ríkissjóði sem minstan kostnað. Breyting á húsinu á Staðarfelli mun kosta tæp 2000 kr. og eldavjel með miðstöð kostar 3000 kr. Jeg skal taka það fram, að jeg álít það nauðsynlegt, að konur í sveitum læri að þekkja þetta nýtísku hitunaráhald, því að það er alveg áreiðanlegt, að þessi hitun, sem nú er víða verið að koma á á efnaheimilum víðsvegar um land, bætir úr þessari tilfinnanlegustu vöntun sveitaheimilanna. Jeg held því, að ef hægt yrði að hafa ekki færri en 12 stúlkur við þessa kenslu, þá megi ekki sjá í það, þótt það kosti nokkur hundruð krónum meira, því þetta á einmitt að vera fyrirmynd.

Þá kem jeg að e-liðnum; jeg veit, að hv. þm. muni hafa sannfærst um það, að við höfum reynt að klípa utan af öllu, og út af spurningu hæstv. forsrh. skal jeg geta þess, að við höfðum ekki vel áttað okkur á þessu atriði, að ef byrjað verður á næsta vori, verður það ekki nema hálft ár, sem styrkurinn nær til, en við höfum hugsað okkur þetta ársstyrk og ennfremur, að þetta nægði til ársins. Við gerum ráð fyrir, að hægt sje í bili að komast af með svona lítinn styrk; samt ætlar Sigurborg Kristjánsdóttir ómögulegt að komast hjá því að hafa aðra kenslukonu með sjer, og virðist það ekkert óhóf. Viðvíkjandi síðari liðnum, 15000 króna láni til bústofnskaupa, get jeg verið hæstv. atvrh. (MG) þakklátur fyrir, hvernig hann vjek að þessu máli í dag og þeim blæ, sem var á orðum hans, og jeg skil hann svo, að hann myndi heldur greiða fyrir, að lánið fengist, og þar sem Magnús Friðriksson og kona hans hafa gefið þetta, þá er ekki hætta á, að verði mikill kostnaður fyrir ríkissjóð, og landið á eftir fá ár bú á þessu höfuðbóli, en þetta er alt annars eðlis, svo að þó að hv. deild vildi samþykkja fyrri liðinn, þá dugir það ekki; það er ekki hægt að bjarga fyrirtækinu, ef síðari liðurinn er feldur, því að þessi jörð krefur talsvert

mikils, sem ekki er hægt að kaupa fyrir hina nýju gjöf. Jeg vil því taka fram, að það er gagnslaust að samþykkja þennan lið, ef hinn er feldur.

Þá vildi jeg víkja með fáeinum orðum að einstökum atriðum í brtt. nefndarinnar. Jeg vil gera að mínum orðum fyrirspurn háttv. 1. landsk. þm. (SE), hvað nefndin hugsar sjer að lægi í samningum við Stóra norræna ritsímafjelagið. Jeg álít þetta stórt mál, og mjer er kunnugt um, að það hefir af mönnum, sem hafa mikla þekkingu í þessari grein, verið álitið, að við yrðum að umbæta loftskeytastöðina hjer, svo að við gætum verið sjálfum okkur nógir, ef til þyrfti að taka. Jeg vil skjóta því til hv. form. nefndarinnar (JóhJóh) og hæstv. atvrh. (MG), hvort þeir geti ekki frætt okkur um þetta, því að það mun vera nokkuð almenn ósk, að ekki verði gerður samningur til langs tíma við fjelagið, en að loftskeytastöðin verði gerð fullkomnari, til þess að geta fengið sanngjarnari kosti í bráð og lengd hjá fjelaginu.

Þá vil jeg út af öðrum lið, 24. brtt. nefndarinnar, láta sorg mína í ljós yfir því, að fjvn. Ed. hefir líklega óviljandi unnið mikið skaðræðisverk. Það, sem vakir fyrir nefndinni, er það, að það væri skynsamlegt fyrst um sinn með þessa skóla, að það gætu staðið að þeim 2—3 sýslur, en það gengur nú svo, að það er ekki hægt að fá fólk til að ganga inn á það. Jeg vil t. d. skjóta því til þeirra hv. þm., sem þekkja til í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, hvort þeir álíti, að slíkri samvinnu myndi hægt að koma þar á. Nei, fólk sækir skólana alveg á víxl, en það er ekki hægt að fá menn til að reka skólana saman, enda er í raun og veru ekki hægt að telja neinn rekstur frá hjeruðunum sjálfum. Hvað leggur t. d. Reykjavík til kvennaskólans? 500 krónur. T. d. ef þetta skilyrði hefði verið fyrir fjárveitingu til Þingeyinga, þá hefði ekki verið hægt að fá Eyfirðinga til að leggja neitt til þess skóla. Sama er að segja um Árnesinga; þeir myndu ekki samþykkja að vera með Rangæingum, nje heldur Rangæingar að vera með Árnesingum. Jeg veit um, að fje hefir verið safnað í Árnessýslu til að byggja þar skóla, og hefir þar verið talað um tvo staði eða þrjá fyrir skólann, einn þeirra er Laugavatn, einhver yndislegasti staður á landinu. Eru þar svo mikil náttúrugæði, að þar þyrfti bókstaflega ekki að flytja að úr kaupstaðnum annað en kornmatinn. En það er annað, sem jeg vildi að jeg gæti hreyft hjartastrengi háttv. form. fjvn. (JóhJóh) með. Það stendur svo á, að Árnesingar hafa hjá sjer mann, sem allir vilja að stýri þessum skóla, það er sjera Kjartan Helgason í Hruna. Það er svo mikil trú á þessum manni, að það er áreiðanlegt, að menn myndu sækja til hans víðsvegar að. Jeg kom til hans fyrir 15 árum og hefi aldrei verið eins hrifinn af að heyra nokkurn mann tala um íslenskar bókmentir, bæði fornar og nýjar. Og það er það sárasta við þetta skilyrði, að fjárveitingin verður alls ekki notuð þar, og það, að ekki verður hægt fyrir þennan ágæta mann að hjálpa til, þegar til þarf að taka. Þetta skilyrði er þess vegna sjerlega óskynsamlegt, af því að það byggir ekki á þeim kringumstæðum, sem verður að taka tillit til, og við það dregst, að þetta hjerað geti notað það fje, sem það hefir til þess ætlað, nje heldur hægt að njóta hjálpar þessa mikla andans manns.

Þá vil jeg tjá nefndinni þakklæti mitt

fyrir að hækka styrkinn til sundlauga. Jeg vil fylgja henni með það, af því að við, sem höfum samþykt fyrir fáum dögum frv. um sundnám, skiljum það og viljum láta nota þessar laugar. En jeg er henni ekki eins þakklátur fyrir að fella niður styrkinn til sundlaugar við alþýðuskóla Þingeyinga.

Jeg bauðst til að vera meðflutningsmaður að till. um vatnið í Vestmannaeyjum, af því að þar leikur á því, að líf fleiri hundruð manna geti verið í veði, en jeg tel, að sundlaugar sjeu okkur eins nauðsynlegar, enda erum við þar flestum þjóðum betur settir með okkar heitu laugar víðsvegar um landið, en það þarf að byggja sundlaugarnar. Má í því sambandi benda á, hvað stórborgirnar leggja á sig í því efni, t. d. Kaupmannahöfn, Stokkhólmur, Edinborg o. fl. Þar er lagt fram stórfje til að gera yfirbygðar sundlaugar handa fólkinu og varið til þess þúsundum og aftur þúsundum króna á ári að hita vatnið upp; en hjer er það til hjá okkur, og það verður vonandi ekki langt þangað til Reykjavík fær slíka laug, en það er verk, sem kostar 200—300 þús. kr. Annars vil jeg í þessu sambandi benda á, að það hefir aldrei verið önnur eins aðstaða og við skólann í Þingeyjarsýslu. Það er skóli, sem hitaður er upp með hveravatni, og þegar það kemur út úr húsinu, er hægt að hita upp laug með því, sem skólafólkið getur synt í allan skólatímann. Þetta er aðalástæðan fyrir þetta hjerað, en hjer er auk þess verið að gera tilraun, sem á að hafa þýðingu fyrir alt landið. Þess vegna má ekki fella þetta niður; það er eins og þegar þeir austanfjalls gerðu litla áveitu fyrst, til þess að vita, hvort það borgaði sig að gera hina miklu Flóaáveitu. En það er með þessar laugar, sem þannig geta komið upp, að við þurfum að vita, hvers þarf fyrir fólkið. Fólkið á Álafossi t. d. er miklu hraustara en annarsstaðar, — og af hverju? Af því að fólkið syndir daglega í heita pollinum, sem vatnið úr húsinu myndar. Jeg skil ekki annað en að hv. 6. landsk. (IHB), sem tók svo rækilega fram í nál. sínu um skyldusundið allar ástæður með því, líki það illa, ef ekki eru allar hendur á lofti, þegar greidd verða atkvæði um þessa till.

Um Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelagið vil jeg segja það, að jeg held, að þeim stofnunum veiti ekki af að fá það fje, sem þeim var ætlað, og jeg get sagt hv. þm. það, að Fiskifjelagið, sem fær minna, er altaf að ná betri og betri tökum á sínu verkefni, og maður getur vonað, að því fari svo fram, að það eigi rjettmætar kröfur á meiri styrk en nú er veittur því.

Svo vil jeg minna á eitt atriði, sem hv. fjvn. er ekki nógu kunnug; það er sú breyting, sem hún hefir gert um útflutning á frystu kjöti. Það er ekkert fjárhagsmál, sem íslenskir bændur fylgja með eins mikilli athygli eins og kæliskipsmálið. Jeg hefi heyrt, að margir bændur segi: Ef við leggjum fje í nokkurt opinbert fyrirtæki, þá leggjum við í kæliskipið. Það er trú hjá fólkinu, að við eigum að koma annari aðalútflutningsvöru okkar nýrri á hinn mikla enska markað. Nú hefir fjvn. Nd., í stað þess að hefja fjársöfnun í kæliskipið, hugsað sjer að gera stærri tilraun en áður, nefnilega að leigja heilt skip. Hv. fjvn. hefir haldið, að Samband íslenskra samvinnufjelaga mundi gera þetta, en það er ekki rjett. Það hugsar fyrst um sjálft sig og því dettur ekki í hug að gera þessa tilraun, því að hún er gerð fyrir alla bændur á landinu, en margir þeirra eru ekki í Sambandi ís-

lenskra samvinnufjelaga. Það, sem jeg hygg þess vegna, að hafi verið misskilið hjá nefndinni, er það, að fjelögin myndu gera þetta hvort sem væri, og þetta væri næg trygging, ef ekki stæði svona á, sem jeg hefi frá skýrt. En það er annað í þessu máli. Fjvn. Nd. snýr sjer til þessa kjötútflytjanda, Sambands íslenskra samvinnufjelaga, og biður hann að gera þessa tilraun. Menn hafa yfirleitt hugsað svo um þetta málefni, að það yrði líklega að kaupa eða byggja skip til þessara flutninga, sem þá yrði liður í Eimskipafjelagi Íslands, og það er enginn efi á því, að ríkið verður að leggja mikið í þetta skip og tryggja rekstur þess. En það má alveg eins fella þennan lið niður; hann verður ekki notaður eins og hann er. Nd. ætlast til, að hjer sje um framkvæmd fyrir alt landið að ræða, en ekki fyrir nokkurn hluta ríkisborgaranna. Jeg vil þess vegna skjóta því til hv. frsm. fjvn. (JóhJóh), hvort hann ekki teldi þessar upplýsingar mínar þess eðlis, að hann vildi taka aftur þessa till., að minsta kosti til 3. umr.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er nú nokkuð áliðið kvöldsins, enda skal jeg ekki lengja umr. mikið. Jeg er líka svo heppin að eiga enga brtt. að þessu sinni, aðrar en þær, sem nefndin hefir komið sjer saman um að bera fram.

En þó langar mig að minnast lítilsháttar á mál, sem jeg hefi raunar oft hreyft áður, en að þessu sinni er það í sambandi við 7. brtt. nefndarinnar á þskj. 392, og á jeg þar við bygging landsspítalans.

Fyrir rás viðburðanna get jeg verið stuttorð að þessu sinni. Hv. Nd. samþykti við 3. umr. fjárlagafrv. 100 þús. kr. fjárveitingu til byggingar landsspítalans, og er jeg henni þakklát fyrir það. En sú fjárveiting var ekki bygð á þeim rjetta og endanlega grundvelli þessa máls, sem heldur ekki var von, því nú nýlega hafa samningar tekist milli hæstv. ríkisstjórnar og stjórnar landsspítalasjóðsins um byggingu spítalans, eins og hv. frsm. (JóhJóh) mintist á í dag. En vegna þess, að jeg tel æskilegt, að samningurinn komi í heild sinni fyrir almenningssjónir í Alþingistíðindunum, þá mun jeg taka hann upp í ræðu þessa. Samningurinn hljóðar svo:

„Samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, hefir ríkisstjórnin gert svofeldan samning við stjórn Landsspítalasjóðs Íslands:

Af fje því, er Landsspítalasjóðnum þegar hefir áskotnast, og safnað kann að verða meðan á byggingu Landsspítalans stendur, og áætlað er að nema muni að minsta kosti 300000 kr., lofar stjórn Landsspítalasjóðsins að leggja fram þ. á. alt að 75000 kr., og á næsta ári, 1926, 100000 kr., en síðan það, sem eftir verður þá af fje sjóðsins, á þann hátt, sem síðar segir.

Hið fyrsta framlag Landsspítalasjóðsins — alt að 75000 kr. — skal greitt eigi síðar en um áramót 1925—'26. Árið 1926 fer greiðslan fram þannig: fyrsti þriðjungur framlagsins á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl, annar á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst og hinn þriðji á tímabilinu frá 1. sept. til 31. des. Síðari greiðslur af hálfu Landsspítalasjóðsins eftir samkomulagi. Alt fje sjóðsins skal talin gjöf til Landsspítalans frá íslenskum konum, er formlega verður afhent af sjóðsstjórninni samkv. 5. gr. skipulagsskrár Landsspítalasjóðs Íslands 19. júní 1916 (staðfest 24. nóv. s. á.), er spítalinn verður reistur.

Af hálfu gefendanna eru þessi skilyrði sett:

1. Ríkisstjórnin lætur á þessu ári byrja á undirbúningi og byggingu Landsspítal-

ans samkvæmt þeirri teikningu, er húsameistari ríkisins hefir gert af byggingunni og um ræðir í brjefi hans til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. febr. 1925, með þeim breytingum, er ríkisstjórnin telur nauðsynlegar eða heppilegar. Það skal tekið fram sjerstaklega, að hæfilega stórri fæðingadeild skal komið fyrir í spítalanum og hún starfrækt frá þeim tíma, er spítalinn verður tekinn til notkunar. Gert er ráð fyrir, að fulltrúi sjóðsstjórnarinnar verði hafður í ráðum um þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á teikningu húsameistara og um fyrirkomulag spítalans.

2. Um fjárframlög til spítalabyggingarinnar eru þessi skilyrði sett:

a. Gegn framlagi spítalasjóðsins þ. á., alt að 75000 kr., er ekki krafist neinnar greiðslu úr ríkissjóði.

b. Árið 1926 skal varið til byggingarinnar úr ríkissjóði að minsta kosti svo miklu fje, að jafngildi framlagi sjóðsins, eða 100000 kr., þannig, að varið verði til byggingarinnar það ár ekki minna en 200000 kr. alls.

Þyki það hentugt, að varið sje meiru til byggingarinnar það ár en 200000 kr., og örðugleikar á því að greiða meira úr ríkissjóði en 100000 kr., gerir sjóðsstjórnin þess kost að bæta við úr Landsspítalasjóðnum alt að 50000 kr., eða leggja þá fram alt að 150000 kr. alls.

c. Síðan skal byggingunni hraðað svo sem frekast er unt, þar til henni er lokið, og skal hvert ár greiða til framhalds verksins að minsta kosti 200000 kr. Fje það, sem til þess þarf, skal greitt úr ríkissjóði, að frádregnu framlagi Landsspítalasjóðsins, er sjóðsstjórnin lofar að greiða til verksins að jöfnu við ríkissjóð, meðan fje Landsspítalasjóðsins endist. Til þessa telst ekki Minningargjafasjóður Landsspítalans.

d. Bygging Landsspítalans skal lokið og útbúningi hans svo fljótt, að hann verði tekinn til afnota árið 1930.

Ríkisstjórnin samþykkir framanskráða ráðstöfun á fje Landsspítalasjóðsins, tekur umgetnu boði stjórnar hans og gengur að þeim skilyrðum, er sett eru af hálfu gefendanna.

Af samningi þessum eru gerð tvö samrit. Verður annað í vörslum ríkisstjórnarinnar, en hitt afhendist stjórn Landsspítalasjóðs Íslands.“

Eins og samningurinn ber með sjer, skal alt fje landsspítalasjóðsins teljast gjöf til landsspítalans frá ísl. konum, er formlega verður afhent af sjóðsstjórninni samkv. 5. gr. skipulagsskrár landsspítalasjóðs Íslands þegar landsspítalinn er fullgerður. — Vjer konur þykjumst nú með þessu hafa gert það, sem í okkar valdi stóð, til þess að hrinda landsspítalamálinu í framkvæmd.

Eins og skýrt hefir verið frá, þá er samningur þessi nýundirskrifaður, og með honum er því slegið föstu, að byrjað verði á byggingunni í ár. Er þetta því mikið gleðiefni öllum þeim fjölda manna, er staðið hafa að þessu máli, og ekki þá síst mjer og öðrum þeim konum, er að því hafa starfað undanfarin ár, að landsspítali yrði reistur hjer í Reykjavík. Að ekki hefir tekist að byrja á byggingunni fyr, er meðfram að fjárhagsörðugleikum ríkissjóðs, og líka því, að fylgi við málið hefir ekki verið eins alment og vænta mátti. En það er jafnan óblandin gleði að sjá þó, að gott mál sigrar að lokum.

Jeg þykist ekki þurfa að skýra frá því, að landsspítalasjóðsstjórnin hefir jafnan gert sjer að skyldu að greiða fyrir því,

að þetta stærsta áhugamál ísl. kvenna kæmist sem fyrst til framkvæmda. En það hefir líka verið áhugamál margra fleiri, bæði karla og kvenna um alt land, og mætti í því sambandi minna á erindi Læknafjelagsins í fyrra um að hraða þessu máli sem mest, og læknarnir vita, hvað þeir syngja í þessu efni: að hjer í höfuðstað hins íslenska ríkis er ekkert, sem jafnmikið vanhagar um eins og fullkomið nýtísku sjúkrahús. Alt hefir þetta orðið til þess að ýta undir málið og hrinda því áfram, en þó veldur mestu um, að málið siglir nú hraðbyri til sigurs, að sjóðsstjórnin hefir boðið fje fram til byggingarinnar, ekki þó að láni, eins og í fyrra, heldur er það full gjöf til spítalans, og þess vegna er það, eins og jeg tók fram áðan, að nú hefir því verið slegið föstu, að byggingin verði hafin í haust. Verður því ekki sagt, að við konur, sem beitt höfum okkur fyrir framkvæmd þessa máls, höfum unnið til ónýtis.

Eftir samningnum, sem jeg las upp, leggur ríkissjóður ekkert af mörkum til byggingarinnar á þessu ári, en á næsta ári, eða 1926, leggur ríkissjóður fram 100 þús. kr., gegn sömu upphæð úr landsspítalasjóði, og sömuleiðis 1927. Hefir þá spítalasjóðurinn lagt til 300 þús. kr., sem að vísu er ekki mikill hluti þess kostnaðar að reisa spítalann, en sýnir þó, að við konur látum ekki á okkur halla hvað getu okkar snertir, þegar um það er að ræða að styðja gott málefni. Við hefðum að vísu kosið, að mál þetta hefði komið fyr til framkvæmda og á annan veg, að ekki hefði þurft að slaka á klónni og taka lægri áætlunina; en um það er ekki að fást úr því sem komið er. Og þess vegna segi jeg nú, og mæli það fyrir munn allra þeirra kvenna, sem að máli þessu standa, að

alt sje gott þegar endirinn
allra bestur verður.

Það má segja, að byggingin sje nú hafin, og henni verður haldið áfram, uns henni verður lokið, en það er árið 1930, að landsspítalinn á að verða fullger og tekinn til starfa. Þetta eru aðalatriðin í samningi þeim, er jeg las upp og undirritaður er af ríkisstjórninni og okkur konum, sem erum í stjórn landsspítalasjóðsins. Og þó að okkur konunum finnist bygging spítalans dragast helsti lengi, þá verðum við að sætta okkur við það; við vitum, að ríkissjóður hefir í mörg horn að líta og að fjárhagur hans er þröngur, en hinu treystum við líka, að landsspítalinn verði fullger til afnota árið 1930.

Jeg skal taka það fram, að þessi samningur er orðinn til og gerður af fúsum og frjálsum vilja sjóðsnefndar. Mjer þykir rjett að taka þetta fram, vegna þess, að jeg hefi heyrt utan að mjer — ekki þó hjer á þingi —, að við, sem spítalasjóðinn höfum haft undir höndum, hefðum verið neyddar til þess að gera þennan samning, er þau sund voru lokuð, er við hefðum ætlað að fara. En þetta er hinn mesti misskilningur. Samningurinn er gerður með yfirlögðu ráði og af fúsum vilja og skynsamlegu viti okkar; við viljum afhenda fjeð sem fyrst, til þess að byggingin verði hafin og að hið háa Alþingi sjái, hver alvara okkur sje í þessu máli. Það verður heldur ekki talin nein áhætta að afhenda fjeð nú þegar, enda álít jeg, að þessu samskotafje sje heppilegast varið á þann hátt að flýta framkvæmdunum. Við tókum það líka fram í öndverðu, í ávarpi því, er við birtum, er við hófum samskotin, að við vildum stuðla að því í orði og verki, að landsspítalinn mætti sem fyrst rísa af grunni, og það er

í fullu samræmi við ávarpið, að samningurinn er nú gerður. Við vissum jafnan, að okkur mundi ofvaxið að safna s. miklu fje með samskotum eða á annan hátt, að við gætum einar staðið að byggingu spítalans.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja neitt frekar um þetta, en undirstrika það, sem jeg sagði áðan, að við sjóðsnefndarkonurnar vorum ekki knúðar til neins í þessu máli, og að jeg lít svo á, að þingið geti ekki og hafi ekki vald til að ákveða, að ríkissjóðsstyrkurinn skuli bundinn því skilyrði, að jafnmikið fáist úr spítalasjóði. Við einar, sem sjóðnum stjórnum, getum ákveðið, hvað mikið við greiðum, og það höfum við nú gert með samningnum. Mjer mundi aldrei hafa komið til hugar að fara í vasa eða vörslur neins manns, án samþykkis hans, en það ætlast hv. Nd. til, að ríkissjóður geri, með aths. þeirri, sem fylgir styrknum til landsspítalans. En nú hefir fjvn. þessarar hv. deildar lagt til að breyta aths., og vona jeg, að sú brtt. verði samþykt.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að málið sje komið á þann rekspöl, að það sje ekki nema tímaspursmál þangað til landsspítalinn rís af grunni. Og jeg fyrir mitt leyti er ánægð; það er stuttur tími, þessi fáu ár, sem við getum talið á fingrum okkar, þangað til við fáum þann nýtískuspítala, sem þörfin kallar á.

Háttv. frsm. (JóhJóh) tók það fram í dag, að samkvæmt samningnum verður minningagjafasjóði landsspítalans haldið sjerskildum, eins og hingað til, og kemur ekki til greina við byggingu spítalans. Sjóði þessum á að verja til þess að styrkja fátæka sjúklinga víðsvegar að af landinu, er sjúkravistar leita í landsspítalanum, og mun þess full þörf, að hann geti á meðan byggingin stendur yfir aukist og ávaxtast. Hann er nú um 80 þús. kr. og ox síðastliðið ár um 12 þús. kr.

Þá læt jeg máli mínu lokið um landsspítalann, en áður en jeg sest niður langar mig að minnast fáum orðum á tvær breytingartillögur.

Sú fyrri er 28. brtt. í röðinni á þskj. 392, frá fjvn., um aðstoð við þjóðminjasafnið.

Jeg hygg, að báðum fjvn. þingsins hafi borist erindi frá konum þeim, sem aðstoða við þjóðminjasafnið, þar sem þær skýra frá, að þetta ár sje veitt til starfans 1600 kr. í fjárlögum. Brtt. nefndarinnar fer fram á að hækka upphæðina um 800 kr., eða upp í 2400 kr., svo með henni koma þá 600 kr. í hlut þessara fjögra kvenna, og verður ekki sagt, að það geti minna verið, þegar þess er gætt, að þeim er gert að skyldu að vinna 6 stundir á viku og þar af 2 stundir sunnudagavinna alt árið. Áður var greitt dálítið meira fyrir þessa aðstoð en nú, og safnið þá opið 6 stundir á viku, en þegar styrkurinn var færður niður í 1600 kr., þá var starfstíminn líka færður niður í 4 stundir á viku. En það hefir valdið mikilli óánægju og margir óskað eftir, að safninu yrði haldið opnu að minsta kosti 6 stundir á viku eins og áður.

Jeg er líka sannfærð um, að það mun alstaðar mælast vel fyrir að hækka við þessar heiðurskonur, sem allar eru ekkjur og komnar til ára, og þó að upphæðin sje ekki stór, sem hver þeirra fær, þá munar þær þó dálítið um það, en ríkissjóður veit ekki af því, hvort hann greiðir 1600 kr. eða 2400 kr. á ári.

Í erindi því, er konur þessar sendu fjvn. deildanna, taka þær til samanburðar, hvað greitt er fyrir aðstoð við listasafn Einars Jónssonar, og þó að jeg ætli ekki

að lasta það, þá er ólíku saman að jafna, hvað betur er greitt fyrir að halda listasafninu opnu en þjóðminjasafninu. Enginn má þó skilja orð mín svo, að jeg álíti, að of vel sje gert við listamanninn Einar Jónsson í þessu efni; heldur vildi jeg drepa á þetta til samanburðar, og af því að þær sjálfar — aðstoðarkonurnar við þjóðminjasafnið — vöktu athygli mína á því. Eins og hv. frsm. (JóhJóh) benti á, þá eru það frúrnar Theodóra Thoroddsen, Sigríður Jensson, Kristín Sveinbjarnardóttir og Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sem aðstoð veita við þjóðminjasafnið, og nöfnin ein ættu að nægja til þess, að þeim yrði veitt þessi sanngjarna uppbót, því ekki er hægt að segja, að það sje mikið, þó að jafnþjóðkunnar konur og merkar fái 2 kr. um tímann fyrir starf sitt. Vona jeg, að enginn hv. þdm. greiði atkv. móti jafnsjálfsagðri brtt. og þessi er.

Hin brtt., sem jeg vildi aðeins minnast á, er á þskj. 400 og sú VI. í röðinni, um lítilsháttar styrk til Listvinafjelagsins til þess að kaupa listaverk eftir unga og fátæka listakonu, ungfrú Nínu Sæmundsson, er nú dvelur í París. Það er nú búið að tala svo vel fyrir þessari brtt., að eiginlega þarf jeg engu við að bæta. Og þó að jeg þekki ef til vill betur sögu þessarar ungu listakonu heldur en flestir aðrir, sem sæti eiga hjer í hv. deild, þá ætla jeg þó ekki að rekja hana að þessu sinni; aðeins get jeg bætt því við, að ungfrú Nína Sæmundsson hefir hvarvetna hlotið hið mesta lof og hefir nú náð þeirri viðurkenningu á listamannsbrautinni, að fáum eða engum Íslendingum hefir hlotnast jafnmikill heiður. Þess vegna ætti það að vera metnaður hins háa Alþingis að leggja lítið eitt af mörkum til þess að landið geti eignast þetta listaverk, sem aukið hefir svo mjög hróður hinnar ungu og fátæku listakonu. Jeg reyndi að fá fjvn. til þess að taka upp í brtt. sínar fjárhæð í þessu skyni, en fjekk því ekki framgengt. Þess vegna er mjer það óblandið gleðiefni, að þessi brtt. skuli vera fram komin, og treysti hv. þdm. til þess að samþykkja hana.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að jeg þurfi að tala meira fyrir þessari fjárveitingu; það hafa aðrir gert það svo prýðilega.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., fimtudaginn 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 323, n. 374 og 395, 392, 400, 408).

Sigurður Jónsson: Jeg skal ekki tefja tíma þingsins með löngum ræðum nú, frekar venju.

Tillaga sú, sem jeg er meðflutningsmaður að á þskj. 400, hefir verið tekin aftur, svo um hana þarf jeg ekki að tala.

En brtt. XV. á sama þskj. gaf mjer tilefni til að taka til máls.

Mjer finst ekki nema eðlilegt, þó að fram komi tillögur til viðbótar þeirri, er samþykt var í Nd. um styrk til júbilljósmóður Þórdísar Símonardóttur. Enda hefir hv. þm. Snæf. (HSteins) komið fram með tillögu um að veita annari ljósmóður sl'kan ellistyrk. Hefir hann talað svo vel fyrir tillögu sinni, að ekki verður annað hægt, ef önnur þessi ljósmóðir fær styrkinn, þá fá þær hann báðar. Það, sem jeg því vildi taka fram, er, að verði styrkur til þessara ljósmæðra samþyktur, þá mun jeg við 3. umr. koma fram með brtt. um, að ljósmóðurinni Kristínu Sigurðardótt-

ur verði sömuleiðis veittur slíkur styrkur. Hún er búin að starfa sem ljósmóðir, altaf í sama stað, full 52 ár og heldur áfram enn. Á unga aldri fór hún utan og nam fræði sín í Kaupmannahöfn. Hefir hún gegnt starfi sínu ágætlega og altaf verið talin standa framarlega í stjett sinni.

Jeg býst ekki við, að það hafi þýðingu að fara að ræða um þetta nú. En jeg læt þessa getið, til þess að háttv. deildarmenn megi vita, á hverju er von frá mjer við 3. umr.

Annars finst mjer ekki hægt að bera á móti því, að allmikil sanngirni mæli með, að ríkið taki að sjer ljósmæður, sem starfað hafa 50 ár og þar yfir.

Að hjer sje því verið að fara inn á hættulegt fordæmi, get jeg ekki fallist á, því að þær eru fáar ljósmæðurnar, sem starfað hafa svo lengi. Það hefir verið sagt, að hreppsfjelögin eða sýslufjelögin ættu að taka við þeim, en það hefir reynst árangurslítið að fara fram á það, þar sem jeg þekki til.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 5. landsk. (JJ) og háttv. 1. landsk. (SE) spurðust fyrir um það, hver væri tilgangurinn með viðbótartillögunni, sem fjvn. hefir flutt við 13. gr. D. IV.4, að stjórninni sje falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, sem einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda.

Það mun öllum kunnugt, að 26. ágúst 1926 eru samningar við Mikla norræna ritsímafjelagið á enda. En þá þarf að sjá fyrir sambandi við umheiminn. Jeg leit svo á í fyrstu, að það væri eitt af skyldustörfum stjórnarinnar að gera allar ráðstafanir til þess, að hægt yrði að hafa samband við umheiminn, þó að samningar við ritsímafjelagið fjellu niður. En við nánari athugun þótti mjer þó rjettara að fá beina heimild hjá þinginu til þess að gera þetta, en skoða það þó frekar sem kurteisi við þingið en að þess hafi verið þörf.

Annars er erfitt að tala um þetta mál eins og nú standa sakir. Vildi jeg því heldur hafa lokaðan fund með þinginu, til þess að skýra því frá þessu máli, seinna þegar tími væri til.

Jeg býst við, að háttv. þingmönnum sje ljóst, að ekki er hægt að segja ákveðið um þessa samninga nú; aðeins gang málsins hingað til, en hvað framundan er, verður ekki sagt. Frá þessu skal jeg skýra á lokuðum fundi í sameinuðu þingi, ef tími vinst til.

Þá er önnur heimild, sem komin er inn í frv., stækkun loftskeytastöðvarinnar hjer. Er sú heimild fengin til þess, að stækka megi loftskeytastöðina, svo að hún geti náð tryggu sambandi við útlönd, ef til þess kæmi, að samningar næðust ekki við Mikla norræna ritsímafjelagið.

Annars skal jeg geta þess, að komið hefir til mála að stækka loftskeytastöðina, þó að samningar tækjust við ritsímafjelagið, svo framarlega sem hægt er að fá vissu fyrir því, að kostnaðurinn við stækkunina náist upp á skömmum tíma með auknum tekjum.

Út af orðum háttv. 5. landsk. (JJ) um 59. brtt. fjvn. vil jeg beina þeirri fyrirspurn til nefndarinnar, hvernig beri að skilja hana.

Breytingartillagan er við 23. gr., og verði hún samþykt, skilst mjer, að II. liður greinarinnar komi til með að hljóða svo: „Að greiða að ¾ hlutum tjón það, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga við að senda

frosið kjöt á erlendan markað 1925, miðað við verð það, sem framleiðendur fá á útflutningshöfn. Ennfremur halla þann, er verða kann á því að taka skip á leigu til útflutnings".

Spurningin er nú, hvort „¾" á bæði við halla af að senda út frosið kjöt og halla af kæliskipsleigu, eða aðeins við hið fyrnefnda. Jeg hefi skilið tillöguna þannig, að hjer væri aðeins átt við halla af því að senda út frosið kjöt. En mjer virtist háttv. 5. landsk. (JJ) skilja hana svo, að líka væri átt við halla af leiguskipi. Um þetta vildi jeg gjarnan heyra álit háttv. frsm. nefndarinnar (JóhJóh).

Þá vildi jeg með örfáum orðum minnast á 49. brtt. hv. fjvn. á þskj. 392, um að fella niður styrk til Lúðvíks Jónssonar.

Mjer er kunnugt um, að maður þessi hefir eytt öllu, sem hann átti, í tilraunir til að gera ný jarðyrkjuverkfæri. Hafa verkfæri þau, sem hann hefir búið til, reynst vel, aðeins þótt of veik til þess að þola áreynsluna.

En nú liggur fyrir dyrum að gera þau sterkari, en til þess brestur hann fje. Hann hefir árangurslaust snúið sjer til Búnaðarfjelags Íslands. Er því ekki um aðra leið fyrir hann að ræða en að **reyna** að fá styrk úr ríkissjóði, eða að **hætta** að öðrum kosti.

Jeg vil því mæla hið besta með því, að hann fái dálítinn styrk í þessu skyni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki miklu að bæta við þau fáu orð, sem jeg sagði fyr í þessari umræðu. En út af þeim umræðum, sem jeg hefi hlýtt á, vil jeg þó segja nokkur orð.

Umræðurnar hafa mest hnigið í þá átt að mæla með auknum útgjöldum, fram yfir það, sem fjvn. hefir lagt til.

Háttv. Nd. hefir við meðferð sína á fjárlögunum aukið raunveruleg útgjöld ríkissjóðs um 700 þús. kr. og afgreitt frv. með tekjuhalla, sem nemur milli 3 og 4 hundruð þús. kr. Og nú hefir fjvn. þessarar deildar borið fram tillögur til hækkunar útgjöldunum, sem nema samtals um 50 þús. kr. Vitanlega hefir hún farið fram á ýmsar lækkanir, sem nema samtals heldur hærri upphæð. En jeg tel tvísýnu á, að þær tillögur verði samþyktar, eða að þær fái að standa í Nd., þó aldrei nema þær yrðu samþyktar hjer.

Þá liggja og hjer fyrir hækkunartillögur frá ýmsum þingmönnum, sem nema samtals 60 þús. kr., og eftir því, sem jeg hefi skilið umræðurnar, þá þykir mjer ekki ugglaust, nema þær verði samþyktar, að minsta kosti mikið af þeim.

En ef svo fer, þá bætast hjer við útgjöldin milli 60 og 100 þús. kr., og ef neðri deild bætir svo við ennþá miklum upphæðum til útgjalda, sem fyllilega má búast við, þá er hætt við, að þingið fari ekki öldungis ámælislaust frá meðferð sinni á fjárlögunum í þetta sinn.

Það er sýnilegt af þeim tillögum, sem hjer hafa fram komið, og á það bendir öll meðferð fjárlaganna, að menn hafa látið hina góðu afkomu síðasta árs draga nokkra blæju fyrir hin góðu áform síðasta þings, svo að þau standa ekki eins skýr fyrir þeim nú eins og í fyrra. Jeg held, að það færi vel á því, að þessi deild sýndi, að hún er sá hluti þingsins, sem vænta má mestrar festu af. Og nú gefst henni tækifæri til þess að sanna þetta með því að halda nokkuð fast fram stefnu síðasta þings um afgreiðslu fjár-

laganna. Þetta vildi jeg gjarnan segja áður en brtt. hv. fjvn. og einstakra hv. þingmanna koma til atkvæða. Hinsvegar ætla jeg ekki að fara neitt út í það að mæla á móti einstökum upphæðum.

Jeg vil þakka háttv. fjvn. fyrir það, að hún hefir felt úr frv. heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ganga í ábyrgð fyrir tveimur lánum. Jeg álít, að það sje öldungis óforsvaranlegt að ýta með þessu móti undir bæjarfjelög og einstaklinga til þess að ráðast í verklegar framkvæmdir, sem ekki bera alveg sjerstaklega mikinn og fljótan arð. En það er víst, að ef fjárlögin heimila stjórninni að ganga í ábyrgðir, og jafnvel þótt stjórnin sýni þá harðneskju að neita að nota heimildina, þá verður samt litið á þessa heimild sem einskonar stimpil frá þinginu, að framkvæmdin sje skynsamleg og rjett ráðin, ef hlutaðeigendur hafa einhver úrræði um að fá fje. Því var lýst greinilega af háttv. frsm. (JóhJóh), í hverju hættan væri fólgin fyrir fyrirtæki, sem stofnuð eru á þessum tímum, og skal jeg því ekki fara frekar út í það. En af þessari afstöðu leiðir það, að jeg vil fremur beiðast undan því, að heimildin á þskj. 400,XVII, um ábyrgð á láni til eins hrepps vegna rafmagnsveitu, nái fram að ganga. Því fremur, sem jeg þykist sjá af upphæðinni, að hjer er um verulega vafasamt fyrirtæki að ræða hvað snertir fjárhaginn. Jeg er hræddur um það, ef verðgildi peninga hækkar, og verð fyrirtækisins lækkar að því skapi, þá muni þing og stjórn fá litlar þakkir eftir á hjá þeim mönnum, sem eiga að verða aðnjótandi þessara hlunninda nú.

Þá ætla jeg að minnast ögn á brtt. 400, XVI, sem fer fram á heimild til þess að lána bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 15 þús. kr. til þess að koma upp embættisbústað. Þó jeg geti ekki fullyrt um það, að fje verði fyrir hendi í viðlagasjóði til slíkra útlána, því það fer eftir því, hvað inn borgast af útistandandi skuldum og lánum, þá verð jeg að segja það, að jeg tel, að það standi nær að verja fje viðlagasjóðs til þess að koma upp sæmilegum embættisskrifstofum en til annars, sem ríkinu kemur minna við. Hvað fjárhagshliðina snertir, þá á ríkið mikið undir því, að embættisfærsla bæjarfógetans í Vestmannaeyjum sje í góðu lagi, því hjer er um að ræða eitthvert hið mesta uppgangspláss hjer á landi hvað snertir tekjur fyrir ríkissjóð. Aðstaðan er hjer einnig sjerstök að því er snertir afgreiðslu útlendra skipa og það, hvað bæjarfógetinn þarf að koma mikið fram gagnvart útlendingum. Jeg hugsa þó, ef það kemur til minna kasta að nota þessa heimild, þá muni því skilyrði verða bætt við, að lánið falli í gjalddaga þegar húsið verður ekki lengur notað sem embættisbústaður. Og með þeirri viðbót vil jeg mæla með því, að heimildin verði veitt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg þarf ekki að tala hjer fyrir neinum brtt. vegna míns kjördæmis, því það lítið, sem stendur í fjárlögunum til þess, hefir verið sett inn af fjvn., og hefir háttv. frsm. (JóhJóh) talað um þau atriði í framsöguræðu sinni.

En út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), er hann sagðist vera þakklátur nefndinni fyrir það að hafa sýnt mikla gætni í því að hækka gjaldahlið frv., þá verð jeg að segja það, að mjer þykir það ekkert undarlegt, þó hann lyki lofsorði á nefndina fyrir þetta. Till. hennar til útgjalda mega ekki miklar kallast, þar sem þær nema

ekki nema rúmum 50 þús. kr., en aðgerðir hennar við frv. að öðru leyti miða til þess að minka vitund tekjuhallann.

Þá gaf hæstv. fjrh. (JÞ) í skyn, að margt af því, sem nefndin leggur til að verði felt niður, muni verða sett inn aftur í hv. Nd., og skal jeg ekki bera á móti því. En jafnvel þó að allar gjaldahækkunartill. nefndarinnar og einstakra þm. næðu hjer fram að ganga, þá væri samt ekki hægt að segja, að þessi háttv. deild ætti mjög mikinn þátt í þeirri breytingu, sem frv. hefir tekið frá því, sem það kom frá hendi hæstv. stjórnar. Þó að gjöldin yrðu nú hækkuð hjer um ca. 40 þús. kr., þá er það ekki mikið í samanburði við það, sem hv. Nd. hefir gert, svo framarlega sem þessi hv. deild á annað borð á að hafa nokkuð um fjárlögin að segja, hvernig þau skuli líta út.

Þegar hæstv. fjrh. fylgdi fjárlagafrv. úr hlaði frá hv. Nd., þá sagði hann, að tekjuhallinn væri að vísu rúml. 350 þús. kr. á pappírnum, en ljet í ljós, að greiðast mundi svo úr tekjunum, að þær mundu reynast það drýgri, að ekki mundi verða raunverulegur tekjuhalli. Og get jeg vel fallist á það, að tekjuáætlunin sje enn svo lág, að hún megi hækka nokkuð. Jeg hefi ekki talið mig nje heldur verið talinn af öðrum til þeirra útausandi manna, heldur hefi jeg víst fremur fengið óorð á mig fyrir naumleika. En jeg veit ekki nema það sje fremur óþakklátt verk að vera að bregða fæti fyrir það, sem aðrir hv. þm. vilja, að fram gangi. Og jeg verð að segja það, þar sem hjer eru á ferðinni fleiri en eitt frv., sem lítur út fyrir, að verði að lögum, og sem jeg og ýmsir fleiri telja miða að því að rýra tekjur ríkisins, þá gæti nú svo farið, að jeg breytti til og yrði ekki eins sparsamur fyrir hönd ríkisins og áður — þegar stjórnin að áliti margra sýnir, að henni er áhugamál að rýra tekjur ríkissjóðs stórkostlega að þarflausu.

Ef jeg hefi tekið rjett eftir af hæstv. fjrh. (JÞ), þá var sjerstaklega ein ábyrgðarheimild, sem hann varaði menn við að fylgja, ábyrgðin til Búðahrepps. Jeg álít, að ríkissjóður hafi oft farið óvarlegar en þó hann tæki nú á sig þessa ábyrgð. En það, sem gerir það að verkum, að jeg mun greiða atkv. með þessari till., er, að mjer er skýrt svo frá, að þeir menn, sem eiga hjer hlut að máli, sjeu þegar komnir út í fyrirtækið, vegna þess að heimild þessi hefir áður staðið í fjárlögunum. Ef þetta verk er nú svo langt komið, sem mjer er sagt, og jeg efast ekki um, að sje rjett, þá finst mjer alveg órjett og eiginlega um svik að ræða hjá þinginu, fari það nú að kippa að sjer hendinni, þegar alt er komið á flugstig.

Út af till. fjvn. um lækkun á styrk til Búnaðarfjelags Íslands vil jeg geta þess, að jeg er ekki fylgjandi því að lækka styrkinn til þess. En það kom dálítið ónotalega við mig, er hæstv. atvrh. (MG) sagði í ræðu sinni, að búið væri í Nd. að semja við búnaðarþingið um þessa styrkupphæð. Þetta sýnir, hvaða tillit þar er tekið til þessarar deildar og fjvn. hjer, þegar fjvn. Nd. leyfir sjer að gera samning um fjárveitingar upp á sitt eindæmi. Mjer þykir það a. m. k. ekki nema sæmileg kurteisi að skýra okkur frá slíku í tíma, svo við sjeum ekki að gera brtt., sem við fáum síðan að vita, að ekkert hafa að þýða og ekkert tillit er tekið til. Það virðist mjer vera fulllangt gengið. Það hefir að vísu komið fyrir áður í þinginu, að samið hefir verið við fjvn. um að þetta og þetta skyldi borga, án þess að þingið fengi nokkuð um það að segja. Þetta er vægast sagt ekki viðkunn-

anlegt, og alveg rangt, og jeg held, að þá væri rjettast að vera ekki að tefja þingið neitt með umr. um fjárlög, ef þessi ósiður verður ekki kveðinn niður.

Jeg hefði ef til vill minst hjer á till. einstakra þm., ef jeg hefði tekið til máls í gær. En nú eru mjer úr minni liðin ýms þeirra hjartnæmu ummæli. En vegna þess, hvað þeir töluðu fallega fyrir till. sínum, þá þykir mjer líklegt, að margar þeirra verði samþyktar. Jeg hefi áður sagt, að hv. frsm. nefndarinnar hefir talað fyrir brtt. hennar, svo að jeg þarf þar litlu við að bæta. Jeg skal þó aðeins minnast á eina, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) vildi finna að, þar sem nefndin leggur það til, að styrkur til læknisvitjunar úr Kjósar-, Kjalarnes-, og Mosfellshreppum sje lækkaður úr 1500 kr. í 500 kr. Jeg hugsa, að öllum, sem til þekkja, þyki undarlegt, að veita þurfi styrk til læknisvitjunar úr Mosfellshreppi. Þar er ekki um mikla fjarlægð að ræða. Hitt veit jeg að er rjett, að Kjósarhreppur er illa settur í þessu efni, en þó ekki ver en ýmsir aðrir hreppar úti um land. Því er borið við, að hjeraðslæknirinn komi aldrei út fyrir Hafnarfjörð, nema þá til Reykjavíkur. Hann er þá líklega svoleiðis gerður, þó hann sje annars sagður góður læknir, að hann geti ekki sint sjúklingum, nema þá rjett við sitt aðsetur. Jeg held, að nefndin þurfi nú ekki að fyrirverða sig fyrir till. sína, þó hún ákvæði bara 500 kr. til fjarlægari hreppanna, og þá einkum til Kjósarhrepps. Hinir eru ekki svo illa settir, að þeir þurfi á þessum styrk að halda.

Þá er brtt. XII. á þskj. 400 frá hv. 5. landsk. (JJ) og hv. þm. Vestm. (JJós). Háttv. þm. Vestm. hefir talað vel fyrir henni. Það er styrkur til að gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Þetta mætti eins orða svo, að þeir fengju styrk til þess að sækja sjer vatnið. Þeir hafa fengið styrk til þess að finna vatnið, og hv. þm. Vestm. skýrði frá því, að líkur og nokkur reynsla væru fyrir því, að vatnið væri nóg. Jeg er ekki að gera lítið úr því, að þarna sje þörf á vatni. En Vestmannaeyingum ætti ekki að vera það ofvaxið að ná vatninu heim án ríkissjóðsstyrks, úr því þeir eru búnir að finna það. Það hefir lengi verið svo, að hver sem hefir verið þm. Vestm., hefir gert nokkuð háar kröfur til ríkissjóðs, svo þetta er ekkert nýtt hjá þessum hv. þm. (JJós). En mjer finst, að hann megi vera ánægður með það, að tveir hæstv. ráðherrar (JM og JÞ) hafa mælt fram með lánveitingu til sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Jeg veit, að þarna er þörf á styrk, eins og sagt hefir verið. Og þegar þessi styrkur er borinn saman við lán, sem öðrum sýslumanni hefir verið veitt, þá er hann hverfandi lítill. Það athugaverðasta í málinu er þetta, að fleiri sýslumenn munu æskja hins sama. En ef hæstv. stjórn hvetur til þess, að öllum sýslumönnum sje gert jafnt undir höfði í þessu tilliti, þá er líklega ekkert við því að segja.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. hv. þm. á þskj. 400 og skýra frá afstöðu nefndarinnar til þeirra, að svo miklu leyti sem hún hefir átt kost á því að bera sig saman um þær. I. brtt. er frá hv. 1. þm. Rang. (EP) um það, að styrkur til bílferða austur um sýslur verði hækkaður upp í 4000 kr. Hv. þm. (EP) misminnir um styrk þennan, að hann sje 2 þús. kr. í núgildandi fjárlögum. Hann er ekki nema 1000 kr. Þessi hv. deild hækkaði hann að vísu í fyrra

upp í 2000 kr., en hv. Nd. lækkaði hann aftur. Nú hækkaði hæstv. stjórn styrkinn upp í 2000 kr., og hefir sú upphæð staðið óbreytt í hv. Nd. Fjvn. þykir nokkuð mikið að tvöfalda upphæðina, en hinsvegar gæti hún gengið inn á, að styrkurinn hækkaði upp í 3000 kr., ef hv. flm. (EP) vill nú taka till. aftur til 3. umr. En eins og till. liggur fyrir, getur nefndin ekki mælt með henni, og það því síður, sem styrkur til annara samgöngubóta fyrir Rangárvallasýslu hefir verið aukinn allverulega, og á jeg þar við styrk til skipaferða.

Brtt. II. hefir verið tekin aftur af flm. En treystist hann til þess að breyta dálítið orðalagi till. fyrir 3. umr., þá býst jeg við því, að nefndin geti þá fallist á hana.

Þá er brtt. III, um styrk til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum og hafdýpislitum, sem nefndin að vísu telur gott og þarft fyrirtæki, en þar sem undirbúningi undir það verk er enn ekki lokið, þá leit nefndin svo á, að bíða mætti með styrk til útgáfunnar til næsta þings. Þó hefir nefndin hjer óbundin atkv.

Brtt. IV og XIV, um flutning fjárveitingar til dr. Helga Pjeturss frá 14. gr. fjárlaganna í 18. gr., er samþykt af nefndinni, þar sem upplýst er, að það er gert með samþykki þess manns, sem á hlut að máli.

Þá er V. brtt., frá hv. 3. og 5. landsk. (HSn og JJ), um styrk til Tryggva Magnússonar málara. Nefndinni þótti leitt að sjá sjer ekki fært að hlynna sjerstaklega að þessum listamanni, því hún hafði löngun til þess, en sá sjer hinsvegar ekki fært að taka hann út úr listamannahópnum, en telur sjálfsagt, að hann fái styrk af því fje, sem til lista er veitt. En úr því till. um þetta er sjerstaklega fram komin og einn nefndarmanna er flutningsmaður hennar, hefir nefndin að sjálfsögðu um hana óbundin atkv.

Þá kem jeg að brtt. VI, um styrk til Listvinafjelagsins til þess að kaupa „Móðurást" Nínu Sæmundsson. Nefndin vill síst gera lítið úr list þeirrar konu, sem er um að ræða, en eftir því, sem upplýst var í gær, þá mun hróður hennar lítið aukast þótt myndin verði keypt. Finst mjer spursmál, hvort rjett sje að setja þá mynd undir mæliker hjer, í stað þess að láta hana ganga um heiminn og efla svo frægð höfundarins og hróður Íslands. Í fjárlagafrv. því, er fyrir liggur, eru ætlaðar 3000 kr. til þess að kaupa fyrir listaverk, og sje eins nauðsynlegt að eignast þetta listaverk og talið er, mundi stjórnin geta veitt Listvinafjelaginu fje af þessum styrk. Annars skal jeg í þessu sambandi benda á, að það er orðin talsverð upphæð, sem veitt er til lista hjer á landi, þótt það sje fátækt. Í 15. gr. 16. lið eru 4000 kr. til Leikfjelags Reykjavíkur; í 17. lið eru 22400 kr. ætlaðar skáldum og listamönnum; í 34. lið eru 4000 kr. ætlaðar til listasafns Einars Jónssonar og í 35. lið 9200 kr. til Einars Jónssonar. Þetta verður samtals 39600 kr. Og nú liggja fyrir hv. deild till. um að hækka þessi styrki enn um 4550 kr., og ef þær till. ná fram að ganga, yrðu alls veittar 44150 kr. til lista, og er það ekki smáræði, borið saman við margt annað. Meiri hl. fjvn. gat því ekki fallist á, að tekin væri upp sjerstök fjárveiting í þessu skyni.

Þá kem jeg að brtt. VII. Nefndin getur ekki fallist á að veita svo mikla upphæð og þar er farið fram á að þessu sinni, meðal annars af þeim ástæðum, að efasamt er, að það komi að tilætluðum notum. Hæstv. atvrh. (MG) mælti og í móti

brtt., og vísa jeg til þess, er hann sagði. Nefndin sjer sjer því ekki annað fært en verða á móti till., og það því fremur, þar sem verður vafasamt, að fjárveitingin komi að notum, þótt veitt yrði, þar sem búnaðarmálastjóri áleit, að þurfa mundi 25 þús. kr.

Þá kem jeg að 8. lið, um verðlaun til mjólkurniðursuðu, alt að 8000 kr. Hjer er farið fram á að auka framleiðslu fyrirtækis, sem er nýlega stofnað. En það er viðsjárvert, að ýtt sje undir framleiðslu án þess að trygging sje fyrir því, að varan seljist. Þetta er álit meiri hl. nefndarinnar, einkum þar sem framleiðslan hefir ekki reynst gallalaus, eins og sjá má í Morgunblaðinu í morgun. Hv. flm. till. hefir og gefið nefndinni þær upplýsingar, að hún er í efa um, hvort það mundi verða fyrirtækinu að neinu liði, þótt það fengi lítinn styrk, og efasamt, hvort það getur haldið áfram, enda þótt það fái styrk þennan. Þannig er til þess stofnað. Eftir upplýsingum, er fyrir liggja, greiðir fyrirtækið 30 aura fyrir hvern líter af mjólk. Telja sumir landbúnaðarmenn, að þetta sje alt of hátt verð og mundu bændur geta látið sjer nægja að fá 25 aura fyrir líter, en við það mundi hagur fyrirtækisins batna. Af þessum ástæðum vill meiri hl. nefndarinnar ekki styðja þetta mál.

Þá er 9. liður á sama þskj., brtt. frá háttv. 2. þm. S.-M. (IP) um, að styrkur til hannyrðakenslu sje hækkaður upp í 1000 kr. og skift jafnt milli Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda og frú Sigrúnar P. Blöndal í Mjóanesi. Það er rjett, sem hv. flm. sagði, að jeg þekki hina síðarnefndu konu, sem styrkaukans á að verða aðnjótandi, og fleiri í fjvn., svo sem hv. 6. landsk. (IHB), og við erum bæði sammála um það, að ef á að veita sjerstakan styrk til skólahalds í hannyrðum, þá verði ekki framhjá henni gengið. Hinsvegar hefir fjvn. komið fram með 1000 kr. hækkun á styrknum til heimilisiðnaðar í landinu, og lengra treystumst við ekki til þess að fara.

Hv. þm. Vestm. (JJós) hefir tekið aftur brtt. sína í 10. lið á þskj. 400, og ætlar að koma fram með hana aftur við 3. umr., vegna þess, að fjvn. gat ekki verið með henni eins og hún er.

Hv. þm. Snæf. (HSteins) hefir tekið aftur brtt. sína í 11. lið á þskj. 400, og skal jeg því ekki ræða um hana.

Þá er 12. liður á þessu þskj., um styrk til þess að undirbúa vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Nefndinni þykir hv. flm. (JJós) vera furðuásælinn við ríkissjóð, að ætla honum að greiða ⅔ kostnaðar við það að gera kostnaðaráætlun um þetta efni. Þó blandast nefndinni ekki hugur um, að hjer er um mikið nauðsynjamál að ræða, að bæta úr vatnsskortinum í Vestmannaeyjum, en lítur svo á, að Vestmannaeyingum sjálfum beri fyrst og fremst að greiða verulegan hluta kostnaðarins. Hv. 5. landsk. (JJ) mælti mikið fram með þessari till. í gærkvöldi, og við viðurkennum líka, að það sje nauðsynlegt að hafa nægilegt og gott vatn, en jeg man ekki til þess, að ríkissjóður hafi áður kostað neina vatnsveitu, heldur sjeu þær vatnsveitur, sem nú eru, gerðar á kostnað bæjarfjelaganna sjálfra. Svo er það að minsta kosti í Reykjavík og á Seyðisfirði.

Af því að svo margir sækja til Vestmannaeyja víðsvegar að af landinu, mundi nefndin þó vilja veita nokkurn styrk til þessa, og ræður því hv. flm. til að taka till. aftur og koma með aðra til 3. umr., er seilist ekki svo djúpt í vasa ríkissjóðs. Svo er mjer og spurn á því, hver á að kosta vatnsveituna sjálfa, þegar í hana

verður ráðist að undirbúningnum loknum. Er það einnig meiningin að krefjast ⅔ kostnaðarins við að gera vatnsveituna sjálfa úr ríkissjóði?

Hv. flm. (JJós) talaði um ræktunarsjóðinn og skatt þann, sem lagður er á landsmenn út af honum, og að Vestmannaeyingar mundu hafa lítið gott af sjóðnum. *(JJós*: Hvað láta Vestmannaeyingar mikið í ríkissjóð? Hvað sagði hæstv. fjrh. (JÞ) um það?). Hann sagði, að stór hluti af tekjum ríkissjóðs kæmi þaðan, en jeg veit líka, að Vestmannaeyjar eru eina sveitarfjelagið, er nýtur styrks úr ríkissjóði, þar sem ríkið verður að borga fyrir að hafa gengið í ábyrgð fyrir það til hafnargerðar þar, og er farið að borga skuld þá, er það stendur í ábyrgð fyrir.

Þá er 13. liður, brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP) um styrk til Goodtemplara. Hann mælti fyrir þeirri till. og vildi bera hana saman við þær tekjur, er ríkið hefir af áfengisverslúninni. Jeg lít svo á, að indindisstarfsemi sje góð, en jeg fæ ekki betur sjeð en að hún sje fullkomlega styrkt með 6000 kr. Styrkurinn hefir verið tvöfaldaður á mjög skömmum tíma, og virðist fjvn., að hjer við megi sitja. Aðalstjórn þessa fjelagsskapar er nú flutt til Akureyrar, og má vera, að aukinn kostnað leiði af því, en á því ber ríkissjóður enga ábyrgð.

Þá eru það þessar blessaðar júbilljósmæður. Það er langt frá því, að jeg álíti að þær eigi ekki að fá heiðurslaun fyrir starf sitt, en það eiga þær að fá úr sýslusjóði, en ekki ríkissjóði. Það er nú svo um þessa fyrstu júbilljósmóður, að hún ætlar ekki aðeins að draga á eftir sjer dilk, heldur dilka. Hv. 2. landsk. (SJ) ætlar að koma með þá þriðju og háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir eina slíka á sínum örmum. Þær eru því ekki eins sjaldgæfar og menn skyldu halda. Verður því eitt yfir þær allar að ganga, og jeg fyrir mitt leyti vil ekki, að þær sjeu teknar á ríkissjóð nema að litlu leyti, og þá í sama hlutfalli og hann greiðir laun ljósmæðra. Meiri hl. nefndarinnar er þessu fylgjandi. En jeg játa það, og eins nefndin, að kona sú, er hæstv. forseti (HSteins) ber fyrir brjósti, eigi það skilið, að henni sje sómi sýndur. Býst jeg við, að sumir nefndarmenn greiði málinu atkv. til 3. umr., en þá má búast við brtt. frá nefndinni. Jeg get ekki sjeð, að menn þurfi endilega að binda sig við það, að ljósmæður hafi verið starfandi í 50 ár. Hví má ekki sýna þeim sóma, ef þær hafa gegnt starfi sínu í 49 ár, 45 eða 40 ár? Þetta tímatakmark er því út í loftið. Mjer finst það ekki mikið, þótt þessum júbilljósmæðrum yrði veitt viðurkenning úr sýslusjóði, en jeg veit ekki orsökina til þess, að það hefir ekki verið gert.

Þá er 16. liður á þskj. 400, um að veita Kristjáni Linnet bæjarfógeta lán til þess að koma upp embættisbústað. Hæstv. stjórn er þessu meðmælt og álítur þetta ekki athugavert. Þar er jeg á öðru máli. Mjer finst þetta fordæmi þess, að þá er embættismaður kemur og segist ekki fá það hús, er honum líkar, þá eigi viðlagasjóður að hlaupa undir bagga. Hv. flm. till. talaði um, að erfitt væri að fá húsnæði í Vestmannaeyjum, en mjer er spurn: Hvað er orðið af húsi fyrverandi bæjarfógeta þar? Jeg veit ekki betur en að stjórnin hafi íhlutunarrjett um það. Mjer finst, að Vestmannaeyingar sjálfir gætu lánað bæjarfógetanum þessar 15000 kr. með aðgengilegum kjörum. Jeg þekki persónulega þennan bæjarfógeta, met hann mikils og mjer þykir persónulega

vænt um hann, en þar fyrir verð jeg að leggjast á móti þessu, vegna þess, að jeg álít, að það muni draga dilk á eftir sjer.

Þá er 17. liður. Hæstv. fjrh. (JÞ) mintist á ábyrgðarheimild þá, sem hjer er um að ræða, og bað hv. þdm. að leysa sig undan þessum vanda. Hann benti á það, að upphæð sú, — 110 þús. kr. —, sem hjer væri farið fram á, væri svo há, að um 230 kr. kæmu á hvert nef í þorpinu, sem telur 556 íbúa, og finst mjer nokkuð erfitt fyrir sveitarfjelag að bæta við sig slíkum skuldaþunga. Eftir því sem jeg gat skilið af ræðu háttv. flm., þá hefir aðeins komið fram tilboð um að vinna þetta verk, en hann vissi ekkert um það, hvort tilboðinu mundi verða tekið eða að nokkur von væri um að fá slíkt lán með sæmilegum kjörum, enda þótt ábyrgð ríkissjóðs fengist fyrir láninu. Eins og jeg hefi þegar tekið fram áður, og sömuleiðis hefir hæstv. atvrh. (MG) látið hið sama í ljós, þá eiga hvorki stjórn ríkisins nje fjvn. þingsins að hvetja bæjarfjelög nje aðra til að leggja fje í fyrirtæki, sem vafasamt er um, að gefi arð af sjer fyr en ef til vill seint og síðar meir, og leggur því fjvn. Ed. á móti þessari brtt.

Um brtt. á þskj. 408 er það að segja, að þegar fjvn. hjelt fund með sjer í morgun klukkan 9, var þetta þskj. ekki komið fram, og hefir nefndin því ekki haft tækifæri til öll í heild sinni að taka afstöðu til þessarar brtt., og veit jeg því ekki, hvernig hv. samnefndarmenn mínir líta á þetta mál, en jeg fyrir mitt leyti álít, að þessi till. um skólastofnunina komi allhastarlega eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir þingið, og ef jeg man rjett, var frv. um skólahald á Staðarfelli sent til mentmn., en þaðan hefi jeg ekki enn sjeð neitt nál. um það mál. Jeg hefi því ekki haft tækifæri til að gera upp með sjálfum mjer, hvort rjett sje að stofna þennan húsmæðraskóla eða ekki, en á brtt. sjest ekki, hvort þetta á að verða ríkisskóli eða einkastofnun. En það skiftir og nokkru máli. En það er ljóst, að skólinn á að vera á ríkiseign og á ríkið að lána bæði jörð og húsnæði og veita skólanum að auki rekstrarstyrk árlega, en þó skildist mjer á háttv. frsm. mentmn., að skólinn ætti að vera einkaskóli, og þykir mjer það líklegra. En það hygg jeg, að væri einsdæmi í þingsögu okkar, er einstök nefnd (mentmn.) færi að gerast svo umsvifamikil að ráða þannig fram úr þessu máli, án þess að þingið alt fái að segja álit sitt þar um, — byggja jörð ríkissjóðs, ákveða eftirgjaldið og greiðsluskilyrðin o. s. frv. Mjer skildist svo, sem skólinn mætti vinna af sjer eftirgjald jarðarinnar með jarðabótum og að skólinn ætti að byrja þegar í næstu fardögum. En þá yrði að reka burt af jörðinni þann embættismann ríkisins, sem þar býr nú, og byggja annarsstaðar yfir hann eða lána honum til þess fje úr viðlagasjóði. Jeg skýt því þess vegna til háttv. flm. brtt., hvort það væri ekki sæmilegri kurteisi gagnvart fjvn. að taka þessa brtt. aftur til 3. umr., til þess að fjvn. geti fengið tækifæri til þess að bera sig saman um hana.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að þeim brtt. fjvn., sem andmælum hafa sætt við þessa umr., og skal jeg reyna að vera ekki margorður, til að lengja ekki þessa umr. úr hófi fram, enda hefir hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) svarað sumu af því. En frá sjálfum mjer vil jeg bæta því við það, sem hann sagði um styrkinn til læknisvitjana úr Kjós og hv. 2. þm. G.-K. (BK) lagðist mjög á móti, að jeg á bágt með að trúa því, að svo sje, sem hv. þm. sagði, að læknirinn væri svo þungur,

að enginn hestur bæri hann, og gæti hann þess vegna ekki ferðast nema í bifreið eða sjóveg, og ætti hann því mjög erfitt með að sinna þessum læknisferðum. Þessu á jeg sem sagt ekki gott með að trúa. Því að þótt þessi læknir sje bæði hár og gildur að vallarsýn, ætti hann þó að vera bær góðum hesti, og ekki er hann heldur svo við aldur ennþá. að hann geti ekki ferðast þess vegna. Hann mun vart vera miklu þyngri en t. d. hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem ferðast einhestis á 16 tímum milli Vopnafjarðar og Seyðisfjarðar, og hefir engum hesti orðið að sök, svo kunnugt sje. En sje svo, að læknirinn treystist ekki að taka þessar ferðir á hendur innan síns læknishjeraðs, ætti hann heldur að sækja um eitthvert annað og hægara embætti. Hann er bæði í svo góðu áliti sem læknir og hefir auk þess þann embættisaldur, að hann ætti að fá það hjerað, er hann sækti um, en hans vegna er ekki hægt að ætlast til, að stofnað verði þarna nýtt læknishjerað. Hitt er algengt, að aldraðir og lúnir embættismenn sækja um önnur ljettari embætti. Jeg hefði t. d. aldrei sótt í burtu frá Seyðisfirði, ef jeg hefði ekki sjeð fram á, að með aldrinum mundi jeg ekki geta þolað það erfiði, sem embættisferðir mínar um Norður-Múlasýslu höfðu í för með sjer. Það er að vísu langt að sækja lækni ofan úr Kjós til Reykjavíkur eða til Hafnarfjarðar, en þó er það ekki lengra eða erfiðara en t. d. ofan af Hólsfjöllum að Brekku í Fljótsdal, og svo mætti víðar upp telja.

Háttv. 2. þm. G.-K. (BK) talaði um litlar fjárframlögur til samgöngubóta Kjósarbúum, en jeg man þó eftir Hvalfjarðarbátnum, sem styrktur er, og Kjós liggur þó að Hvalfirði, og svo er Kjalarnesvegurinn. (*BK*: Hann er landssjóðsvegur hvort sem er). Já, en þessi vegur kemur einnig Kjósarbúum að liði. — Fjvn. mun ekki breyta neitt um skoðun sína í þessu máli, en heldur fast fram þessari brtt.

Hæstv. atvrh. (MG) mun svara aths. þeim, sem komið hafa gegn 16. brtt. fjvn., og tala jeg því ekki um hana.

Háttv. 1. þm. Rang. (EP) mótmælti till. fjvn. um styrk til húsabóta á Skútustöðum, en nefndin heldur sjer við það, sem áætlað er í frv. til húsabóta á prestssetrum, og er það venja, að til þeirra er að jafnaði tekið eitthvert lán, og sjer nefndin enga nauðsyn til bera, að höfð sje önnur aðferð við þennan stað. En hinni spurningunni skiftir nefndin sjer heldur ekki af, þ. e. hvort presturinn, sem þar var áður, sækir þangað aftur eða ekki.

Þá er hjeraðsskóli Suðurlands. Háttv. 5. landsk. (JJ) og háttv. 1. þm. Rang. (EP) töluðu á móti brtt. fjvn. og töldu sannað, að samkomulag næðist ekki milli Árnes- og Rangárvallasýslna um stofnun og rekstur eins hjeraðsskóla fyrir báðar sýslurnar. Fjvn. álítur, að fari svo, að ekki náist samkomulag um þetta mál milli Rangárvalla- og Árnessýslna, þá eigi ekki að greiða þennan styrk; hann verður þá ekki notaður. En það ætti að liggja hverjum manni í augum uppi, að það mundi leiða til fjárhagslegra vandræða bæði fyrir hlutaðeigandi sýslufjelög og ríkissjóð, ef stofna ætti hjeraðsskóla í hverju sýslufjelagi. Þess vegna er það nauðsynlegt, að fleiri en eitt eða tvö sýslufjelög sameinist um þetta, til þess að geta orðið styrks aðnjótandi. Enda hafa og önnur sýslufjelög á landinu sagt það, að þau geti sameinast um slík mál.

Hv. 5. landsk. (JJ) lagði mikla áherslu

á það, að Árnesingar hefðu mann, sem vel væri til fallinn að veita þessum skóla forstöðu; en skólastofnunin mætti ekki dragast, til þess að maðurinn gæti komist að skólanum, því að hann væri þegar við aldur. Hv. 5. landsk. (JJ) brýndi mig og á því, að þar eð þessi maður væri mjer nákominn, bæri mjer skylda til að vinna að því, að hann hlyti þessa stöðu. En það er öðru nær en að jeg taki tillit til þess háttar hluta. Jeg lít á málin frá sjónarmiði almenningsheillar og án tillits til persónulegra hagsmuna. Þess vegna eru engir hlutir fjær mjer en þessi. Jeg álít, að þó að búið sje að safna allmiklu fje til þessa skóla Árnesinga, og loforð sjeu til fyrir einhverju í viðbót, verði þó sá skóli fult eins dýr og þingeyski skólinn, og það þótt Árnessýsla fengi allan þennan styrk. Það mundu samt vanta um 50 þús. kr., og yrðu sýslubúar því að taka lán til þess, sem á vantar, og mun það fullerfitt fyrir sýslufjelagið að bæta slíkum bagga ofan á þær byrðar, sem fyrir eru, og auk þess er enn ótalinn allur rekstrarkostnaður skólans. Jeg fæ því ekki sjeð, að Árnesingar geti risið undir þessu. Jeg gleymdi að taka það fram áðan um þennan væntanlega skólastjóra hv. 5. landsk (sjera Kjartan Helgason), að hann gegnir nú svo veglegum og þýðingarmiklum embættum og gerir þar svo mikið gagn, að jeg tel vafasamt, að hann fengi meira áunnið annarsstaðar eða í annari stöðu. Jeg álít og, að það sje alls ekki glæsilegt fyrir mann, sem er orðinn 60 ára, að taka að sjer nýtt starf, — fara að stjórna skóla, sem hlýtur að vera af vanefnum stofnaður og vanta alt til alls og enginn getur sagt um, hversu lengi verður haldið uppi. Nefndin heldur sjer við það, að með því að sýna fram á það, að ef 2—3 sýslufjelög bindist samtökum um stofnun skóla, þá verði þeim veittur styrkur og að líkur eru til, að sá styrkur kæmi þá og að betri notum, viti menn eftirleiðis, hvað þeir eigi að gera í þessum efnum.

Háttv. 5. landsk. (JJ) hafði og á móti brtt. fjvn. um að fella niður styrkinn til sundlaugar við alþýðuskóla Þingeyinga, og við það hefi jeg ekki að athuga. Fjvn. álítur auðvitað ágætt, að sundlaugar komist upp sem allra víðast á landinu, en álítur, að ekki sje ástæða til, að ríkið leggi fram alt fje til þessa á þessum eina stað á landinu, því rjettara sje, að jafnt gangi yfir alla.

Hæstv. atvrh. (MG) mótmælti lækkun fjvn. á fjárframlagi til Búnaðarfjelags Íslands og gaf í skyn, að fjvn. Nd. hefði gefið bindandi loforð um þá upphæð, er þar var samþykt. Þetta er fjarstæða, sem jeg á bágt með að trúa, að fjvn. Nd. geri bindandi samning um fjárveitingar, enda þótt viðkomandi ráðherra sje því samþykkur. Mjer finst, að fjvn. Ed. sje skylt að mótmæla þess háttar framferði sem óþolandi. Þrátt fyrir það, að hæstv. ráðherra segði, að fjelagið gæti ekki komist af með minni upphæð en 200 þús. kr., voru þó ekki áætlaðar til þess nema 150 þús. kr. í fjárlagafrv. stjórnarinnar upphaflega. Hæstv. atvrh. taldi þessa niðurfærslu óvænlega til samkomulags milli deildanna, þar eð Nd. mundi breyta þessu aftur, þótt þetta yrði gert hjer. Þessi 50 þús. kr. hækkun var samþykt í Nd. með 15:13 atkv., svo ekki hafa allir verið svo mjög hrifnir af henni. Enda þótt fjvn. Ed. sje ekki á móti því að hækka í frv. framlag til Búnaðarfjelags Íslands, telur hún þó of stórt stökk úr 150 í 200 þús. kr., þegar ekki er upplýst um neinar sjerstakar framkvæmdir, sem fjelagið hafi í ráði fram

yfir það, sem venjulegt er. Fjvn. getur því ekki vænst annars en að þessi háttv. deild samþykki þessa brtt.

Hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) mæltu á móti brtt. fjvn. um hækkun á styrknum til búnaðarfjelaganna, en hv. 1. þm. Rang. (EP) mælti með þeirri brtt., *og læt jeg mjer nægja að skírskota til ummæla þess háttv. þm., og eru þeir margir, sem líta svo á, að styrkur til búnaðarfjelaga komi landbúnaðinum að einna bestum notum.*

Um lækkunina á framlagi til Fiskifjelags Íslands er hið sama að segja og um Búnaðarfjelag Íslands, en hæstv. atvrh. gaf í skyn, að þar væru einnig loforð gefin í Nd. og að fjelagið gerði sjer von um þá upphæð, sem þar var samþykt; en jeg skírskota til þess, sem jeg sagði um Búnaðarfjelag Íslands, að jeg álít þetta alls ekki bindandi fyrir fjvn. Ed., enda í þessi upphæð einnig hærri en í frv. til fjárlaga hafði upphaflega verið áætlað.

Um 43. brtt. fjvn. tek jeg það fram, að vegna þess að það hefir verið upplýst í umræðunum af 2. þm. G.-K. (BK) o. fl., að eigendur jarða þeirra, er fyrir skemdunum urðu, væru of hart leiknir, ef vænst yrði jafns tillags annarsstaðar að móts við ríkissjóðsstyrkinn, tekur fjvn. þessa brtt. aftur til 3. umr.

Þá hefir bæði hæstv. atvrh. (MG) og hv. 1. landsk. (SE) mælt með því, að styrkurinn til Lúðvíks Jónssonar fái að standa í fjárlögunum, en fjvn. leggur til, að hann verði niður feldur. Fjvn. álítur, að það heyri beint undir verksvið Búnaðarfjelags Íslands að styrkja tilraunir eins og þá, sem hjer er um að ræða, og beri því hreint og beint skylda til að styrkja þær umbætur í búnaði, sem líklegar eru til frambúðar og Búnaðarfjelag Íslands hefir viðurkent, að sjeu styrks verðar. Geri það ekki þetta, bregst fjelagið þeirri skyldu, er á því hvílir, og liggur þá næst að athuga, hvort ekki væri rjettara, að ríkið hætti að halda fjelaginu við lýði, en stofnaði heldur sjerstaka deild í stjórnarráðinu fyrir búnaðarmál, til þess að öll ábyrgð þeirra mála hvíldi á atvinnumálaráðherranum. Það getur alls ekki komið til mála að veita Búnaðarfjelagi Íslands háan árlegan styrk og veita auk þess sjerstaklega fje til almennra búnaðarframkvæmda, sem heyra beint undir verksvið Búnaðarfjelagsins.

Um hækkun á styrknum til Breiðafjarðarbátsins Svans er það að segja, að fjvn. álítur, að Alþingi sje fyllilega búið að gera skyldu sína gagnvart útgerðarmönnum þessa báts, með því, sem þingið samþykti í fyrra, og þess vegna sje nægilegt að veita nú þessar 4000 kr. í viðbót.

Hv. 1. landsk. (SE) hjelt því fram, að upphæð sú, sem ætluð væri til að bæta upp fjárhagslegt tjón fyrverandi sendiherra vors, væri of lág; en því er þar til að svara, að stjórnin fór ekki fram á hærri fjárveitingu en þá, er fjvn. leggur til, að verði veitt.

59. brtt. tekur fjvn. aftur til 3. umr., og þarf því ekki að ræða þann lið.

Nú held jeg, að jeg hafi svarað öllum þeim andmælum, sem brtt. fjvn. hafa mætt, og vænti þess, að þurfa ekki að taka oftar til máls við þessa umræðu, sem orðin er alllöng; en fyrir hönd fjvn. leyfi jeg mjer að mælast til þess af þessari hv. deild, að brtt. fjvn. verði yfirleitt allar teknar til greina og samþyktar.

Eggert Pálsson: Það hefir nú andað heldur köldu frá hv. fjvn. í garð þeirra brtt., sem jeg hefi borið hjer fram.

Hæstv. fjrh. bað menn að fara varlega í því að skapa ríkissjóði útgjöld, og ferst

honum einnig vel að tala svo, því að hann hefir gætt hins ítrasta sparnaðar sjálfur í fjárlagafrv. eins og það kom frá hans hendi.

Þess ber að gæta, að aðstaða þeirra hv. þm., sem sæti eiga í fjvn., er alt önnur og betri en okkar hinna, sem erum utan hennar. Þeir geta komið þar að mörgu af því, sem þeir vilja láta ganga fram af fjárbænum. Þannig get jeg bent á, að einn hv. þm., sem þar á sæti, hefir komið þar að tveim brtt., er hans kjördæmi varða. Það er því síst að furða, þótt till. okkar utannefndarmanna eigi erfiðara uppdráttar en till. þeirra þm., sem koma þeim undir stimpil fjvn.

Jeg mun þá víkja að þessum brtt. mínum. Þar sem jeg sagði um fyrri till. mína, að hún færi fram á 2000 kr. hækkun á bifreiðastyrk frá því í fyrra, þá var það misminni mitt, sem byggðist á því, að mig minti, að þær 2000 kr., sem samþykt var að veita í þessu skyni hjer í deildinni, hefðu fengið að standa. En svo var ekki. Hv. Nd. færði þá upphæð niður í 1000 kr. aftur. Þetta sýnir aðeins, að jeg er ekki langrækinn maður, og þess vegna hefi jeg gleymt þessari ráðstöfun Nd. En því fremur er það þá þakkarvert, að hæstv. stjórn lagði nú til í fjárlagafrv. sínu að veita 2000 kr., í stað 1000 kr. í fyrra, í þessu skyni. Sýnir það, að hæstv. stjórn hefir sjeð, hvílík þörf er á bak við þetta.

Hv. frsm. (JóhJóh) færði einkum fram sem ástæðu gegn þessari till. minni, að styrkur væri veittur til sjóferða í Rangárvallasýslu. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje fullgild ástæða, því að þessir sjóflutningar ljetta ekki undir með þeim, sem flytja vöru sína í bíl. Jeg kannast við, að það er fallega gert af því opinbera að styrkja þessar sjóferðir. En einmitt af því, að það er gert, er hætt við, að þeim, sem eingöngu eiga við landflutninga, finnist, að þeir sjeu hafðir útundan, ef lítið sem ekkert er litið á þeirra þörf. Jeg sýndi í gær, við hve mikla örðugleika þessir menn ættu að stríða. Þeir verða að borga alt að 10 aur. undir hvert pund, sem bílarnir flytja, ef þeir hafa ekki flutning báðar leiðir, eða 5 aura, ef flutningur er báðar leiðir. Styrkurinn kæmi heldur ekki eingöngu Rangæingum að gagni, — það geta allir sjeð, — heldur og engu síður Árnesingum.

Jeg þykist því vita það, fyrst háttv. fjvn. legst á móti till. minni, að hún muni lítils gengis eiga von í þessari fánennu deild. Tek jeg því till. mína aftur við þessa umr. og vona, að hv. deild meti þá tillhliðrunarsemi við mig með því að samþykkja við 3. umr. brtt., er jeg býst þá við að koma með, er hljóði upp á lægri fjárveitingu en hjer er farið fram á. Þá vík jeg að hinni till. minni, sem fer fram á sjerstaka fjárveitingu vegna sandgræðslu. Hún mætti og andmælum frá hv. frsm. (JóhJóh) og hæstv. atvrh. (MG), sem þó virtist málinu velviljaður, en vildi láta verk þetta bíða. Heyrðist mjer á honum, að hann áliti fjárveitingu þessa of litla til þess að hún kæmi að gagni. Þótt áætlaðar hafi verið 25 þús. kr. til húsbyggingar þessarar, þá hygg jeg, að hægt væri að hafast við í húsi, sem kostaði aðeins 10 þús. kr., og auk þess veit jeg, að íbúar Landmannahrepps myndu vera þessu máli liðsinnandi að ýmsu leyti, jafnmikið áhugamál sem sandgræðslan er þeim.

Þá sagði og hæstv. ráðherra (MG), að sandgræðslumaðurinn mundi ekki vilja flytja sig austur, vegna þess, að hann væri bundinn við barnafræðslu í Hafnarfirði. Jeg held, að það geti varla verið

svo glæsileg staða, að maður þessi vildi ekki eins flytja austur og fá þar bújörð, ásamt einhverjum styrk. Auk þess er alls ekki útilokað, að hann gæti og fengist við barnafræðslu þar eystra, því að ekki þarf síður að kenna börnum í Landmannahreppi en í Hafnarfirði.

Brtt. í sömu átt og um sömu upphæð kom og fram í hv. Nd. frá háttv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hafði hann borið sig saman við forstjóra Búnaðarfjelagsins um hana, og hefir hann því álitið þessa upphæð nægilega. Og með því að ekki hefir verið gefið fyrirheit um að fá lægri fjárveitingu samþykta, get jeg ekki tekið þessa brtt. aftur.

Þá vildi jeg víkja nokkuð að fleiri brtt. Vil jeg fyrst minnast á till. um að kaupa „Móðurást", listaverk Nínu Sæmundsson. Þessi listakona er alin upp í mínu prestakalli og jeg hafði þann heiður að búa hana undir fermingu. Jeg er því allvel kunnugur högum hennar í æsku og veit, við hvílíka örðugleika hún hefir átt að stríða. Hún komst af hendingu til Kaupmannahafnar af því, að hún átti þar föðursystur, sem studdi hana, og þar ruddi hún sjer listabraut sína. Jeg vil því þessari listakonu alt hið besta og hefi stundum verið hreykinn af því, að hún skuli vera úr mínu prestakalli. Myndi jeg því ekki sitja hjá, ef farið væri fram á verulegan styrk til hennar. En jeg get ekki sjeð, að henni geti orðið neinn styrkur að því, þótt listaverk þetta verði keypt fyrir það verð, sem brtt. ákveður. Myndi hún hvar sem væri geta fengið það verð, og jafnvel hærra, fyrir myndina. Og þótt æskilegt kunni að vera að fá listaverk þetta heim til Íslands, þá get jeg ekki sjeð, að landi voru sje minni sómi að því erlendis. Fleiri þjóðir hafa orðið að láta sjer lynda að eiga listaverk úti um heim, svo sem Ítalir og Hollendingar, og hefir frægð listamanna þeirra ekki orðið minni fyrir það. Jeg á bágt með að fylgja þessari till., enda sje jeg ekki, að hlýnt sje verulega að þessari listakonu á þennan hátt.

Þá vildi jeg, úr því jeg er staðinn upp, minnast nokkrum orðum á tillögu mentmn., á þskj. 408,I, að því er snertir Staðarfell. Jeg hygg, að það mál verði ekki á annan hátt betur leyst en þar er gert ráð fyrir. Þessar tvær gjafir, gjöf Staðarfellshjóna og gjöf frú Herdísar Benediktsen, verða sennilega aldrei sameinaðar í eitt. Og þá verður sennilega aldrei neitt betur gert við Staðarfell en að leyfa þeirri konu, sem hjer ræðir um, að koma þar upp húsmæðrakenslu, fyrir ekki meira fje eða tilkostnað en hjer er farið fram á.

Jeg þekki forstöðukonu þá, sem boðist hefir til að reka skólann á Staðarfelli og veita honum forstöðu, og að öllu góðu. Hún er áreiðanlega mjög vel gefin kona, og eftir því sem mjer finst með mjög heilbrigðar skoðanir. Jeg veit því, að óhætt er að treysta henni til að gera vel það, sem hún tekur að sjer. Hún hjelt námsskeið í hjeraði mínu síðasta ár, og held jeg, að allar stúlkur, sem hjá henni voru, hafi talið sig hafa haft mjög gott af kenslu hennar.

Þrátt fyrir þetta get jeg þó ekki vel felt mig við þá aðferð, sem hjer er beitt, að koma svo stóru máli sem þessu í gegn við alls eina umræðu. Mjer finst, að hv. mentmn. hefði átt að gefa álit sitt út um málið áður en hún fór fram á fjárveitingu í þessu skyni. Minna mátti ekki vera. En úr því má nokkuð bæta með því nú að taka þessar till. aftur til 3. umr. Um 3. till. mentmn. á sama þskj. get jeg hinsvegar ekki verið sammála hv. nefnd. Brtt. fer fram á að veita 15 þús. kr. ríkis-

ábyrgð til að kaupa áhöfn á Staðarfellsjörðina. Jeg tel ekki miklu máli skifta, að þegar sje komið upp fullri áhöfn á jörðina, enda held jeg, að oftast nær sje hollast í íslenskum búskap að byrja ekki mjög stórt, heldur feta sig frekar áfram smátt og smátt. Lántaka til bústofnskaupa í stórum stíl er og verður jafnan hættuleg.

Sigurður Eggerz: Jeg vil fyrst snúa mjer að 16. brtt. á þskj. 392, um það, að stjórninni sje falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn, er einkaleyfistími Mikla norræna fjelagsins er úti. Það hefir verið sagt, að þessi aths. væri fram komin af því, að stjórnin vildi með því sýna þinginu kurteisi. Jeg lít nú svo á, að þetta sje svo stórt mál, að þingið megi alls ekki sleppa því úr höndum sjer. En samkvæmt till. þarf stjórnin ekki að leita samþykkis þingsins á samningum þeim, sem gerðir verða; samþykkið er veitt fyrirfram. Jeg vildi því mælast til þess, að hv. frsm. (JóhJóh) taki mál þetta til yfirvegunar.

Þá vil jeg minnast á þá brtt. á þskj. 392, sem fer fram á, að styrkur til Lúðvíks Jónssonar verði feldur niður. Jeg skal ekkert endurtaka af því, sem jeg fyr hefi um þetta mælt, en vil aðeins taka fram, að mjer finst hjer um svo þýðingarmikið mál að ræða, að jeg vil ekki bera ábyrgð á því, að það nái ekki fram að ganga.

Þá kem jeg að till. um Staðarfellsskólann. Hv. frsm. (JóhJóh) tók svo kynlega illa í mál þetta, að það hefir hlotið að liggja eitthvað sjerstaklega illa í honum. Hann sagðist ekki vita, hvort hjer væri um einkaskóla eða ríkisskóla að ræða. Auðvitað er þetta einkaskóli, því að ungfrúin, sem ætlar að veita honum forstöðu, rekur hann á eigin ábyrgð, en aðeins með styrk úr ríkissjóði. Þá sagði hv. frsm., að fjvn. ætti að gerast allumsvifamikil, ef hún ætti að skifta sjer af því, hvernig ríkissjóður bygði jarðir sínar. Þetta er alveg fullkominn misskilningur, enda hefir þingið aldrei skift sjer af slíku. Hjer var aðeins lagt til við stjórnina, að hún leigði jörðina til 10 ára, án þess að fjhn. skoðaði það á nokkurn hátt bindandi fyrir stjórnina.

Þá hefir verið talað um það, að þetta mál hafi komið seint frá mentmn. Má vera, að svo sje, en ekki er það nefndarinnar sök. Fyrst lá fyrir nefndinni frv. um stofnun ríkisskóla á þessum stað, en nefndin gat ekki fallist á það. Þá barst henni þetta erindi um stofnun einkaskóla, en um það gat nefndin auðvitað ekki tekið ákvörðun fyr en hún vissi, með hvaða skilmálum forstöðukonan vildi taka skólann að sjer. Alt þetta hlaut að taka alllangan tíma. Annars verð jeg að telja það góða lausn á málinu hjá nefndinni, að eftir till. hennar er hægt að fá húsmæðraskóla stofnaðan fyrir einar 3000 kr. á ári, þær 1800 kr., sem veita á til aðgerða á Staðarfellshúsinu og til eldavjelar, miða aðeins til endurbóta á eigninni. Þá er ríkisábyrgð á 15 þús. kr., en hana á aðeins að veita gegn fullri tryggingu.

Það þýðir ekki að fresta og fresta öllu, þegar alt er að verða of seint í annríkinu, en þrátt fyrir þetta vil jeg bera undir nefndina, hvort hún vill fyrir sitt leyti taka þessa brtt. aftur til 3. umr. Háttv. 1. þm. Rang. (EP) vildi ekki láta byrja búskap á jörðinni með svona mikilli áhöfn. Jeg tek tillit til álits hans, þar sem hann er þaulreyndur búmaður. En nefndin verður að halda fast við þetta af því, að það er eitt af skilyrðunum fyrir því, að ungfrú Sigurborg Kristjáns-

dóttir fáist til þess að taka við skólanum. Ef litið er á þetta mál með fullri sanngirni, verður að kannast við, að skólinn getur komist af stað með ótrúlega litlum kostnaði. Auðvitað er það mest að þakka Magnúsi frá Staðarfelli, sem enn hefir sýnt þá miklu rausn að bæta 10 þús. kr. ofan á fyrri gjöf sína.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að minnast frekar á þetta mál. En jeg vildi leyfa mjer að fara enn **fáeinum** orðum um fjárveitinguna til þess að kaupa listaverk Nínu Sæmundsson, þó að það þyki kannske að bera í bakkafullan lækinn. Hv. 1. þm. Rang. (EP) talaði hlýlega í hennar garð, eins og aðrir hjer í háttv. deild. En háttv. þingmaður (EP) leit svo á, að ekki væri nauðsynlegt að kaupa listaverkið; það skifti ekki miklu máli, þó að það færi til annara landa. Jeg verð að segja, að mjer finst það skifta miklu máli. Þetta er merkilegt listaverk, sem stöðugt hækkar í verði. En svo er annað, sem ekki má gleyma. Hjer á hlut að máli fátæk listakona, sem ekki getur beðið eftir því, að listaverkið komist í það verð, sem fyrir því liggur að komast í. Jeg veit ekki, hvort háttv. deild er það kunnugt, að braut þessarar stúlku er þyrnum stráð, eins og svo margra annara listamanna. En auk fátæktarinnar á hún við berklaveiki að stríða, svo að skiljanlegt er, að hún þarfnist skjótrar hjálpar. Jeg skal geta þess, að þegar jeg úthlutaði síðast listamannastyrk, var jeg svo heppinn að hafa fengið upplýsingar um þessa efnilegu stúlku. Hún var að vísu þá ekki búin að skapa þetta listaverk sitt, sem hjer er um að ræða. Hún fjekk þá 500 krónur og var mjög ánægð yfir þessum litla styrk. Jeg vildi aðeins benda á þetta, að hún mun hafa mikla persónulega þörf fyrir fje nú.

Þá vil jeg drepa á styrkinn til þess að rannsaka vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Mjer finst hafa verið tekið óvenjulega kuldalega í það mál. Það var rjett, sem háttv. 5. landsk. (JJ) tók fram, að við, sem ekki höfum af öðru en góðu vatni að segja, getum varla gert okkur í hugarlund, við hve mikla örðugleika þeir eiga að stríða, sem eingöngu verða að notast við rigningarvatn.

Því hefir verið haldið fram, að Vestmannaeyingar gætu sjálfir kostað þessa rannsókn. Jeg vil benda á, að Vestmannaeyjakaupstaður mun vera skuldugur vegna hafnargerðarinnar, svo að fjárhagsástæður hans munu vera fremur örðugar. Jeg styð það með gleði, að Vestmannaeyingar verði styrktir til þess að framkvæma þetta nauðsynlega verk.

Að því er snertir Breiðafjarðarbátinn Svan, vil jeg aðeins taka það fram, að mjer er kunnugt um, að eigendur Svans hafa við mikla örðugleika að stríða og hafa fulla þörf fyrir að fá það, sem hjer er farið fram á.

Einar Árnason: Jeg þarf aðeins að gera stutta athugasemd út af tveimur atriðum í ræðu hv. frsm. (JóhJóh) um styrk til Mjallar í Borgarfirði. Hv. frsm. gat þess, að framleiðslan hjá fjelaginu hefði verið gölluð. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um þetta mál síðan í gær. Það er rjett hjá háttv. frsm., að í byrjun urðu nokkrar misfellur á niðursuðunni hjá Mjöll. En orsökin var sú, að byrjað var á að nota mótor, en ekki gufuvjel. En þar sem hitastig mjólkurinnar má ekki breytast á meðan á niður-

suðunni stendur, en mótorinn hinsvegar reyndist ótryggur, varð afleiðingin sú, að fram kom súr í mjólkinni. Vjelin, sem loka átti dósunum, reyndist einnig dálítið gölluð. Nú hefir verið bætt úr þessu hvorutveggja, fengin ný vjel til þess að loka dósunum og gufuvjel í stað mótorsins. Síðan hefir alt gengið vel. Jeg vil benda á í þessu sambandi grein, sem kom í Morgunblaðinu í morgun. Hún er skrifuð af manni, sem hefir gott vit á þessu máli. Hann tekur fram, að gallar þeir, sem fyrst hafi verið á niðursuðunni, sjeu nú horfnir. Hann mælir með mjólkinni og hvetur menn til þess að kaupa hana fremur en útlenda mjólk.

Þá mintist háttv. frsm. á, að verð það, sem bændurnir fá fyrir mjólkina, mundi vera óþarflega hátt. Það er þó meira en helmingi lægra en mjólkurverð hjer í Reykjavík. Jeg þykist vita, að bændurnir hafi reynslu fyrir því, að þetta verð sje hægt að hafa upp úr mjólkinni með því að breyta henni í skyr og smjör.

Jeg þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum. Vildi ekki láta því ómótmælt, að þessi framleiðsla væri nú gölluð.

Jónas Jónsson: Jeg gleymdi í gærkvöldi að gera athugasemd við þá brtt. hv. fjvn. að fella niður byggingarstyrkinn á Skútustöðum. Eins og allir vita, eru Skútustaðir í þjóðbraut og í þá sveit settir, sem flestir útlendir og innlendir menn heimsækja á ferðum sínum um Norðurland. Erlendir ferðamenn hafa í bókum sínum margsinnis minst á Skútustaði og þann myndarskap, er þeir nutu í gestrisni húsbændanna. Nú er bærinn kominn að hruni, ferðamönnum meinað að gista þar og heimamönnum varla líft í kofunum. Hafa Mývetningar fundið sárt til þess, ef þetta höfuðból sveitarinnar yrði að leggjast í hálfgerða auðn. Þess vegna hafa þeir gefið 5 þús. krónur til þess að byggja upp staðinn, með því skilyrði, að ríkið gæfi aðrar 5 þúsundir. Hv. Nd. skildi nauðsyn þessa máls og samþykti þessa upphæð, sem hv. fjvn. þessarar deildar leggur nú til, að sje feld. Með því að fella þennan styrk getur dregist um óákveðinn tíma að byggja upp staðinn. En vitanlegt er, að fyr eða síðar verður ríkið að hlaupa hjer undir bagga, og er þá óvíst, að sóknarmenn verði jafndrjúgir á gjöfum sínum og nú. Annars mun það einsdæmi, að sóknarbörn bjóðist til að leggja svo mikið af mörkum, enda hafa Mývetningar mikinn sóma af máli þessu. Og gott fordæmi getur það ekki talist, ef hið háa Alþingi hafnar slíku boði.

Þá er það athugasemd háttv. fjvn. um styrkinn til hjeraðsskóla í sveitum, sem jeg vildi lítilsháttar minnast á. Það var nú áður vitað, enda hefir það líka komið fram í umr., að styrkur þessi er ætlaður Sunnlendingum, austan Hellisheiðar. En hitt er líka löngu víst, að sýslurnar austanfjalls koma sjer aldrei saman um, hvar skólinn eigi að standa. Um það hefir verið sá reipdráttur milli Árnes- og Rangæinga um meira en heilan tug ára, að þar er ekki neins samkomulags að vænta. Þess vegna segir athugasemd hv. fjvn. ekki annað en það, að fyrir þennan styrk verði ekki komið upp hjeraðsskóla á Suðurlandi í náinni framtíð, og ætti því að strika aths. út.

Hv. frsm. (JóhJóh) mintist á Seyðfirðinga í þessu efni og benti á, að þeir hefðu komið sjer upp barnaskóla. En hann hefði þá átt að geta þess, að í Árnessýslu er fólksfjöldinn um 6 þús., en á Seyðisfirði eitthvað um 1 þús. manns. Og þó að Seyðisfjörður eigi sinn barnaskóla með

mörgum góðum kennurum, þá ætti ekki að neita Árnesingum um að koma upp hjeraðsskóla, og allra síst þegar litið er á það, að barnafræðslan í sýslunni er mjög af skornum skamti og sumstaðar engin.

Það er heldur engin eyðsla, þó að sýslur, sem telja um 4—6 þús. manns, kæmu sjer upp hjeraðsskóla hver í sínu hjeraði. Og þar sem menn yfirleitt trúa á gagnsemi hjeraðsskólanna, þá er undarlegt að gerast Þrándur í Götu slíkra framkvæmda. Annars hefi jeg hugsað mjer, verði brtt. þessi samþykt nú, að koma með aðra brtt. við 3. umr., og færa þá athugasemdina til betra og rjettara máls.

Þá vildi jeg næst minnast á sundlaug Þingeyinga. Hv. fjvn. vill fella niður styrk til hennar. En það er ekki sambærilegt að nefna Reykjaneslaugina í Norður-Ísafjarðarsýslu í sömu andránni, þar sem aðeins er ætlast til, að sund verði kent einhvern tíma vorsins. Í sundlaug Þingeyinga á að kenna sund allan ársins hring, jafnt sumar og vetur, og þess vegna verður hún að vera yfirbygð. Enginn maður með viti mundi skipa óhörðnuðum unglingum að synda í opinni laug, þótt volg væri, í hvaða veðri sem er að vetrinum. En það er hægt í yfirbygðri laug. Hv. frsm. (JóhJóh) vill ekki láta fólkið synda alt árið, en heilsufræðingar allra landa telja það mestu hollustu hverjum manni, sem hefir ástæðu til þess. Þess verður heldur ekki langt að bíða, að Reykvíkingar eignist sína yfirbygðu sundlaug, sem áætlað er, að muni kosta um 200 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til Jakobs skálds Thorarensens falli niður. Þessi maður er viðurkendur orðinn sem eitt af okkar bestu og einkennilegustu skáldum og á marga lesendur víða um land. Þessi maður, sem var áður duglegur trjesmiður og vann mikið, hefir nú lengi verið frá verkum og ekki þolað að stunda iðn sína. Hann varð í fyrra að leggjast í sjúkrahús og láta gera á sjer uppskurð, sem að vísu heppnaðist, en hann hefir ekki náð sjer enn og bíður eflaust um stund að hann verði jafngóður. Væri því rjettara og viðkunnanlegra að lofa þessum styrk að standa áfram heldur en að fella hann niður.

Jeg býst ekki við, að jeg hafi mikil áhrif á háttv. þm., þó að jeg fari nokkrum orðum um Stefán skáld frá Hvítadal og reyni að færa nokkur rök fyrir því, að ómaklegt sje að fella styrk þann niður, er samþyktur var honum til handa í háttv. Nd. Eins og kannske margir vita, hefir Stefán frá Hvítadal verið heilsutæpur um margt ár og dvelur nú á Vífilsstöðum sem sjúklingur. Annars er heimili hans vestur í Dölum, og þar dvelur kona hans með fjórum dætrum þeirra kornungum, og er heimilið því forsjárlaust. Er því auðsætt, að hjer er um mjög bágar ástæður að ræða. Og þó að gera megi ráð fyrir, að dvöl hans í hælinu verði greidd að nokkru leyti af hinu opinbera, þá mun honum síst veita af að fá þennan litla styrk, og ætti því að halda honum. Stefán frá Hvítadal er ótvírætt eitt af okkar bestu og ljóðfimustu skáldum. Hann varð frægur af sinni fyrstu bók og vakti þá þegar strax meiri eftirtekt en títt er um ung ljóðskáld. Og hann hefir ekki brugðist þeim vonum, er menn þá gerðu til hans. Nú fyrir skömmu hefir hann látið prenta mjög merkan kvæðaflokk, er hann nefnir „Heilaga kirkju“ og hlotið hefir almenna viðurkenningu bæði innanlands og utan. Og hann mun einnig hafa nú tilbúna ljóðabók að

mestu leyti, sem ekki er ósennilegt, að komi út í haust. Þætti mjer því betur fara, ef hv. þdm. sæju sjer fært að láta styrk þennan standa áfram í fjárlögum, því Stefán frá Hvítadal er hans maklegur mörgum öðrum fremur.

Um Staðarfellsskólann ætla jeg ekki að tala svo að neinu nemi, enda hefir mentmn. orðið ásátt um að taka brtt. sínar aftur til. 3. umr. Aðeins finst mjer rjett að þakka hv. þdm. góðar undirtektir þessa máls og samúð þá og rjettan skilning, er þeir hafa í því sýnt. Jeg get þó ekki komist hjá því að skýra frá því, út af því, sem orð fjellu hjá hv. frsm. (JóhJóh), að mentmn. hefir altaf haft málið til meðferðar í vetur og athugað það vel og gaumgæfilega, átt tal um það við hæstv. forsrh. (JM) og marga fleiri. Þó sá nefndin sjer ekki fært að leggja neitt álit fram, fyr en kunnugt var um þá stóru og höfðinglegu gjöf, sem minst var á hjer í gær. Og eins og háttv. 1. landsk. (SE) skýrði frá í gær, þá er það í sambandi við þessa gjöf, að brtt. okkar eru bornar fram.

Hæstv. atvrh. (MG), sem kemur til með að hafa þetta mál með höndum og gera endanlega samninga, hefir fylgst vel með öllu því, er gerst hefir í málinu, og sýnt, að hann er því velviljaður.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) hjelt því fram, að lánsheimild til þess að kaupa áhöfn á jörðina mundi þarflaus. En þetta er fram borið samkvæmt bestu heimildum, sem nefndin gat fengið um þá nauðsyn, að bæta þarf ýmsu við þar á Staðarfelli. T. d. þarf að kaupa báta o. fl. til þess að starfrækja eyjarnar. Sá nefndin sjer því ekki fært að krefjast minna fjár en nefnt er í brtt., og þó að þessi liður um ábyrgðina verði samþyktur, er það á valdi hæstv. atvrh. að ganga svo frá samningunum, að ríkið bíði engan skaða þar við, enda efast jeg ekki um, að hann mundi aldrei láta meira fje í búið en rannsókn leiddi í ljós, að nauðsynlegt væri.

Af því jeg lofaði hæstv. forseta (HSteins) að vera stuttorður og liðið er langt á kvöld, læt jeg hjer staðar numið, enda þótt ástæða væri til að minnast á ýmislegt fleira.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það mætti nú segja, að það væri „að bera í bakkafullan lækinn" að fara enn að minnast á Staðarfellsskólann væntanlega. En af því að jeg stend að brtt. á þskj. 408, þá þykir mjer hlýða að skýra lítilsháttar afstöðu mína til þessa máls.

Það var fyrst á þingi 1923, að þessu skólamáli var hreyft, en af því að það var þá svo illa undirbúið, gat jeg ekki ljeð því fylgi mitt. Á þinginu í fyrra var ekkert á málið minst. En nú á öndverðu þessu þingi bar hv. 5. landsk. (JJ) fram frv. þess efnis, að ríkið setji á stofn húsmæðraskóla á Staðarfelli, og var mentmn. þessarar hv. deildar fengið málið til meðferðar. Ekki hafði nefndin samið neitt endanlegt álit, er henni fyrir skömmu síðan barst erindi frá ungfrú Sigurborgu Kristjánsdóttur, þar sem hún bauðst til að taka Staðarfell á leigu og gerast forstöðukona hins fyrirhugaða húsmæðraskóla þar. Meðan á þessum heilabrotum stóð, átti nefndin tal við Magnús Friðriksson á Staðarfelli. Gaf hann þá í skyn, að hann myndi gefa enn nokkra fjárhæð, ef það yrði til þess að koma áhugamáli hans í framkvæmd, sem sje að koma upp húsmæðraskóla á Staðarfelli. Varð þetta svo úr, og hefir hann nú afhent hæstv. atvrh. skilríki fyrir 10 þús. kr. gjöf til skólans og hefir látið svo um mælt, að það ætti að vera til þess, að skólinn gæti með

tíð og tíma eignast áhöfn á jörðina Staðarfell. Þetta ýtti undir okkur í nefndinni að ganga að tilboðum ungfrú Sigurborgar Kristjánsdóttur, að stofna þarna skóla sem einkafyrirtæki. Að vísu fór ungfrú Sigurborg Kristjánsdóttir fram á meira fje en brtt. nefndarinnar á þskj 408 gerir ráð fyrir, en nefndin sá sjer ekki fært að verða við þeim tilmælum hennar. Hinsvegar telur nefndin, eð ekki megi áætla liðina a. og b. lægri en gert er. Kynni mín af ungfrú Sigurborgu Kristjánsdóttur eru þannig, að jeg tel málinu vel borgið í höndum hennar.

Um 3. lið á þskj. 408 þarf jeg ekki að vera langorð. Það hefir verið talin hál braut, sem þar hefir verið farið inn á. En það atriði hefir nú verið svo vel athugað af öðrum, að jeg treysti mjer ekki til að gera það betur.

Að nefndin var svona síðbúin með brtt. þessar, sem raun varð á, var ekki fyrir þá sök, að hún vildi fremja lögleysu. Heldur var það sökum þess, að nefndinni vanst ekki tími til að athuga þetta mál svo snemma, að hún gæti borið brtt. fram á venjulegan hátt. Annars þýðir ekkert að vera að fjölyrða um þetta nú, þar sem því hefir verið lýst yfir, að tillögurnar verði teknar aftur til 3. umr., svo háttv. fjvn. geti gefist kostur á að athuga þær. En hvaða breytingar, sem hv. fjvn. kann að gera við þær, mun mentmn. halda fast við till. sínar í öllum aðalatriðum.

Mjer hefir þótt rjett að lýsa afstöðu minni til þessa máls lítilsháttar, áður en jeg skilst við það, með því að það mun svo að segja orðið landfrægt, að jeg var á móti stofnun skóla þessa fyrst, er því var hreyft á þinginu 1923; en þá horfði málið alt öðruvísi við en nú. En jeg skammast mín ekkert fyrir það. Málið var þá algerlega óundirbúið og órannsakað, eins og jeg hefi tekið fram á öðrum stað í ræðu minni.

Þá vildi jeg segja fáein orð út af VI. brtt. á þskj. 400. Það er eitt atriði, sem ekki hefir verið tekið fram ennþá viðvíkjandi þeim lið. En það er, að það mun vera ósk ungfrú Nínu Sæmundsson, að hið mikla listaverk hennar „Móðurást", sem gert hefir hana fræga, verði eign Íslands.

Jeg get viðurkent, að það geti orðið meiri hróður fyrir hana, ef listaverk þetta gæti orðið lengur til sýnis erlendis, því betri meðmæli með list hennar mun tæplega hægt að fá. En úr því að hún óskar þessa sjálf, þá vil jeg eindregið leggja það til, að fjárhæð þessi verði veitt, til þess að landið geti eignast listaverkið.

Ingvar Pálmason: Áður en gengið er til atkvæða, vil jeg fara nokkrum orðum um þær brtt., sem jeg er viðriðinn á þskj. 400. Er þá fyrst brtt. IX. Henni var ekki óvingjarnlega tekið af hv. frsm. (JóhJóh) að því leyti, að hann játaði, að ef um styrk til einstakra kvenna til þess að halda uppi hannyrðakenslu væri að ræða, þá stæði þessi kona áreiðanlega með þeim fremstu. Að öðru leyti gat fjvn. ekki fylgt henni, því að hún taldi, að fje það, sem veita ætti til hannyrðakenslu, ætti frekar að veita til fjelaga en á einstök nöfn. Í þessu get jeg verið nefndinni sammála, og læt því skeika að sköpuðu, hvernig fer um tillöguna.

Þá er brtt. XIII. Háttv. frsm. fór nokkuð fljótt yfir hana. Hann gat þess aðeins, að hann væri hlyntur bindindisstarfsemi í landinu og vildi styrkja hana með fjárframlögum. Þetta er gott út af fyrir sig, en jeg hygg, að varla sje til maður, sem gefi öðruvísi svör. Jeg skal vitanlega játa,

að styrkurinn til Stórstúku Íslands er töluverður, en ef starfi hennar á að miða áfram, þá er hann alt of lítill.

Háttv. frsm. gat þess, að styrkurinn hefði nýlega verið hækkaður úr 3000 kr. upp í 6000 kr. Þetta er rjett. En ástæðan fyrir þeirri hækkun mun hafa verið sú, að Alþingi hafði á tilfinningu sinni, þegar vínsalan var leyfð aftur, að auka bæri bindindisstarfsemina. Þá gat og hv. frsm. þess, að tillaga þessi myndi komin af því, að stjórn stórstúkunnar væri flutt til Akureyrar, og af því myndi vera aukinn kostnaður. En þetta er tilgáta hjá hv. frsm. Aukakostnaður við þann flutning er enginn. Ástæðan fyrir tillögunni er því ekki sú, heldur hitt, að bæði jeg og aðrir, sem verjum starfskröftum okkar í þarfir þessa málefnis, finnum glögglega, hve aflvana við erum, þegar fjármagnið er lítið, sem úr er að miðla. Er það því ósk okkar, að þessi styrkur verði hækkaður.

Háttv. frsm. gat þess ennfremur, að jeg hefði komið með samanburð um styrk til Stórstúku Íslands og tekjur af áfengisversluninni. Þetta er rjett, og jeg vil leyfa mjer að koma með annan samanburð. Styrkur þessi er ekki nema rúmlega helmingur af launum eins manns, sem vinnur við áfengisverslunina. Og ef maður hugsar sjer hann notaðan til þess að launa manni til að útbreiða bindindisstarfsemi í landinu, þá hrekkur hann ekki nema fyrir ½ árs launum hans ásamt ferðakostnaði. Þessi samanburður er því rjettmætur. Og mjer finst, að örlitlum hluta af áfengisgróðanum sje ekki betur varið á annan hátt en hlynna að bindindisstarfseminni í landinu.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að síðustu brtt. minni, heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast alt að 110 þús. kr. lán til Búðahrepps í Suður-Múlasýslu til rafveitu. Tillaga þessi hefir mætt allmiklum andmælum. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir óskað að verða leystur undan því að veita þessa ábyrgð. Virtist hann draga þá ályktun, að með þessari rafveitu væri hreppsfjelagið að binda sjer stærri byrði en það gæti borið. Jeg skal ekki fara mikið út í þessa sálma. En þrátt fyrir föðurlega umhyggju hæstv. ráðherra fyrir hreppsfjelagi þessu, þá hygg jeg, að hreppsnefnd Búðahrepps telji sig eins færa að dæma um, hvað mikið megi á hreppsfjelagið leggja eins og hæstv. fjrh.

Hæstv. ráðherra gat þess, að á þessum tímum ætti ekki að vera að gefa hvorki hreppsfjelögum eða öðrum undir fótinn, svo þau rjeðust í vafasöm fyrirtæki. En ef þetta á að vera aðvörun til Búðahrepps, þá kemur hún of seint, því að Alþingi er búið að gefa hreppsfjelaginu hvatningu fyrir fimm árum síðan. Er þetta því að byrgja brunninn eftir að barnið er dottið ofan í hann.

Hvað undirbúning undir þetta fyrirtæki snertir, þá er það víst, að hann er kominn allvel á veg, og það mikið fyrir það, hversu vel Alþingi hefir tekið í málið. Ef því ætti að fara að brigða þetta loforð nú, sem mörg undanfarin þing eru búin að gefa, kæmi það á versta tíma, þar sem búið er að ákveða að framkvæma verkið.

Jeg er þess fyllilega viss, að hlutaðeigandi hreppsfjelag hefir skoðað vandlega huga sinn, áður en það ákvað að leggja út í þetta fyrirtæki. Sjest það best á því, að ábyrgðarheimildin er fyrst gefin 1920. En 1924 er fyrst byrjað á verkinu, og þá með fullri vissu, að enn standi ábyrgð ríkissjóðs fyrir láninu. Hvernig sem á þetta er litið, er ekki hægt að telja þessa ábyrgðarbeiðni sambærilega við aðrar ábyrgðarbeiðnir, sem fyrir þing-

inu hafa legið. Hjer er aðeins um að ræða að uppfylla gamalt loforð.

Treysti jeg því fastlega, að hv. deildarmenn taki með í reikninginn, þegar þeir greiða atkvæði um þessa till., að hjer er um að ræða að uppfylla þrefalt loforð, og sömuleiðis, að með því að fella tillöguna er hreppnum gerður mikill fjárhagslegur ógreiði.

Atvinnumálaráðherra (MG): Aðeins örfá orð út af því, sem hv. 5. landsk. (J-J) sagði um símasamningana. Jeg skal endurtaka það, sem jeg sagði í dag, að það er síður en svo, að jeg sje á móti því að halda fund með þinginu um þetta mál. Mun því gera það, þegar tími verður til. En nú sem stendur sje jeg það ekki fært vegna anna, þar sem fundir standa nær því frá morgni til kvölds.

Vegna orða hv. 1. landsk. (SE), um að rjett sje að bera samningana undir þingið til endanlegrar samþyktar, vil jeg benda á, að það getur verið miklum erfiðleikum bundið, og get jeg því ekki ráðið til þess.

Guðmundur Ólafsson: Aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. Rang. (EP). Hann byrjaði á því að segja, að jeg hefði vítt hann og aðra einstaka þingmenn, sem komið hefðu fram með brtt. En þetta er misskilningur. Jeg byrjaði miklu frekar með því að fara lofsamlegum orðum um þá fyrir að hafa talað vel fyrir brtt. sínum. Það eina, sem jeg sagði, var, að þeir væru ósparsamari en fjvn. Jeg vjek ekki einu orði að till. hans, en sagði, að tillögur einstakra þingmanna myndu eiga óvenju góðum undirtektum að fagna.

Þá sagði þessi háttv. þm., að ekki sæti á mjer að vera að víta einstaka þingmenn, þó að þeir kæmu fram með tillögur. Þetta hefir mjer aldrei dottið í hug. Og þó að jeg sje í fjvn., þá bera till. hennar þess lítinn vott, því jeg kom ekki fram öllu, sem jeg vildi og þurfti, en hefi þó viljað hlífast við að koma fram með brtt.

Jeg gleymdi síðast að minnast á VI. till. á þskj. 400.

Það er nú búið að lýsa listakonunni svo vel, að jeg mundi hafa fylgt styrknum til Listvinafjelagsins, ef farið hefði verið fram á sömu upphæð og í hv. Nd. En þar sem búið er að hækka upphæðina frá því, sem þar var, sje jeg mjer ekki fært að fylgja henni, einkum af því jeg býst við, að henni verði síður lífs auðið, þegar hún kemur til háttv. Nd., ef hún verður hækkuð.

Jeg get þessa, ef flm. till. vilja athuga þetta til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Jeg gleymdi að geta þess, þegar jeg talaði í hið fyrra sinn, að jeg er þakklátur hv. fjvn. fyrir till. hennar viðvíkjandi læknisekkju Önnu Gunnlaugsson. Og það, sem hv. frsm. (JóhJóh) sagði um erfiðleika hennar, er síst ofmælt.

Þá hafa þeir hv. frsm., háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og enda hæstv. forsrh. (JM) minst á till. mína á þskj. 400,XII, og hafa ummæli sumra þeirra verið þannig löguð, að einn hv. þm. hefir fundið ástæðu til að benda á, að þau væru óvenjulega kuldaleg og í fylsta máta órjettlát.

En þar sem jeg býst við, að þau ummæli hafi verið sprottin af þekkingarleysi á málinu, þá mun jeg ekki svara þessum hv. þm. eins og jeg annars hefði gert.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) kvað það ekkert einsdæmi með mig, heldur hefði það jafnan verið svo um fyrirrennara mína,

að þeir hefðu verið kröfuharðir fyrir sitt hjerað. Ekki bera nú þingtíðindin þess vott. Það er fyrst 1913, að samþykt eru heimildarlög þau, sem eru tildrög til hafnarlaganna fyrir Vestmannaeyjar. Þangað til er lítið um fjárveitingar til þessa hjeraðs.

Hv. frsm. (JóhJóh) sagði, að jeg hefði talað röggsamlega fyrir minni till. Jeg get gert honum sömu skil. Hann lagði mikla áherslu á það að sýna, að mín brtt. færi of langt. En það er ekki sanngjarnt að gera samanburð á vatnsveituverkum þar, sem svo hagar til, að lækir renna í námunda við bæina og aðeins þarf að leggja pípur að vatninu til að ná því heim. Seyðfirðingar, sem hv. frsm. mintist á, hafa að minsta kosti ekki þurft að hafa fyrir að finna vatnið fyrst. Á staðháttum þar og í Vestmannaeyjum er mikill munur. Í Eyjunum er vatnið hulið í jörðu og rannsókn verður að gera til þess að komast að, hvar og hve mikið það sje.

Það er þessi rannsókn, sem verður að gera, og það er ekki skynsamlegt að byrja á vatnsveitu fyr en sannað er, að vatn sje til, sem nægi kaupstaðnum. En þessi rannsókn kostar mikið; það verður sennilega að sökkva pípum víðsvegar í sandinn og reyna með mótordælum, hversu mikið vatnið er. Þetta vildi jeg biðja hv. þm. að taka til greina.

Þar sem nú svo hagar til, að sjerlega erfitt er að koma slíku verki sem þessu fram, er sanngjarnt, að ríflegur styrkur sje veittur til þess úr ríkissjóði. Hv. frsm. var að brýna mig með því, að ríkið hefði hlaupið undir bagga með hafnarskuldum Vestmannaeyja. Jeg hjelt, að hann væri svo kunnugur þessum málum, að hann ljeti sjer ekki detta í hug að viðhafa ummæli um þau slík sem þessi. Það er engin sanngirni í því að ætlast til, að Vestmannaeyjabær geti greitt allan þann kostnað, sem hefur orðið af byggingu hafnargarðanna, á stuttum tíma. Og ekki var það Vestmannaeyingum að kenna, að garðarnir biluðu hvað eftir annað. Þar er við sterk öfl að etja. En það, sem gert hefir verið, er þó til stórbóta. Nú er hægt að reka meiri útveg í Vestmannaeyjum en áður var. Það þýðir auknar tekjur handa ríkissjóði. Leyfi jeg mjer í þessu sambandi að minna hv. þdm. á ummæli hæstv. fjrh. við þessa umr. fjárlaganna, þau, að ríkissjóðstekjur úr Vestmannaeyjum færu óðum vaxandi.

Jeg gerðist svo djarfur að minna á, að það stæði til að leggja skatt á Vestmannaeyjar handa ræktunarsjóðnum. Þetta er álitið rjettmætt. Jafnrjettmætt er það að hjálpa Vestmannaeyingum til þess að koma vatnsveitu á hjá sjer.

Út af ummælum hv. frsm. fjvn. um brtt. frá háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) undir VIII, þá verð jeg að segja, að mig stórfurðaði á þeim rökum, sem hann viðhafði. Jeg get ekki skilið, að neinum detti í hug, að þeir menn, sem að mjólkurfjelaginu Mjöll standa, fari að framleiða meira af mjólk en markaður er fyrir aðeins til þess að fá þessar 2 kr. á kassann.

Þá beindi hv. frsm. fjvn. þeirri fyrirspurn til mín, hve mikið ætlast væri til, að ríkið legði til vatnsveitunnar sjálfrar, þegar þar að kæmi. Jeg get sagt háttv. frsm., að það kemur alt undir hag bæjarfjelagsins, hvað það treystist að leggja fram. Eins og sakir standa á bæjarsjóður erfitt. Hafnarskuldirnar eru miklar, og hefir bæjarsjóður meðal annars orðið að taka 300 þús. kr. lán til þess að standa straum af þeim. Auk þess eru Vestmannaeyingar skattlagðir með vörugjaldi til hafnarinnar, tvöfalt á við það, sem er í Reykjavík, að minsta kosti. Bæjarsjóður

verður einnig að borga 260 þús. kr. fyrir útgerðina á Þór frá þeim tíma, er Alþingi vildi ekki styrkja útgerðina. Að það hafi verið skammsýni, munu háttv. þdm. vera mjer sammála um.

Það er ekki vegna þess, að bærinn vilji ekki greiða kostnaðinn við undirbúning á vatnsveitu, að jeg fer fram á þessa fjárveitingu, heldur vegna þess, að honum er um megn að kosta verkið að öllu leyti ásamt öðrum framkvæmdum sínum. Það er líka ýmislegt, sem Vestmannaeyjabær verður að kosta að öllu leyti sjálfur, sem ríkið annast að öllu eða nokkru annarsstaðar, t. d. vegirnir. Styrk til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum hefir ríkið engan veitt, sem þó er gert annarsstaðar. Það er því ekkert undarlegt, þótt farið sje fram á þá fjárveiting, er hjer ræðir um. Ásakanir hv. frsm. fjvn. voru ekki rjettmætar, en jeg vil ekki taka hart á þeim, vegna þess, að hann er ókunnur staðháttum í Vestmannaeyjum og veit ekki, hvernig þar hagar til.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg þarf að gera eina stutta aths. Úr því að hv. mentmn. gat ekki komið með tillögu sína fyr en raun er á orðin, þá er það skortur á kurteisi að bera hana fram nú, en geyma hana ekki heldur til 3. umr. Nú hefir hún lýst yfir því, að till. sje tekin aftur. Það má vel vera, að háttv. frsm. mentmn. (SE) hafi rjett fyrir sjer í því, að jeg fari of seint á fætur, en út í það vil jeg ekki fara, þar sem það er einhuga ósk allra, að umr. verði lokið fyrir kl. 7.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. í e. hlj.

6.—9. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 392,1 samþ. með 10:1 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 392,2 samþ. með 8:6 atkv.

— 392,3 feld með 8:6 atkv.

— 392,4 samþ. með 9:5 atkv.

— 392,5 samþ. án atkvgr.

— 392,6 samþ. með 10:2 atkv.

— 392,7 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 392,8 samþ. með 9:3 atkv.

— 392,9 samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 392,10 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 392,11 samþ. án atkvgr.

— 400,I tekin aftur.

— 392,12 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 392,13 samþ. í e. hlj.

— 392,14 samþ. með 9:4 atkv.

— 392,15 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 392,16 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 392,17 samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 392,18 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, HSteins.

nei: SJ, BK, EP, IP, JJós, JJ, SE.

Brtt. 392,19 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 392,20 samþ. án atkvgr.

— 408,I tekin aftur til 3. umr.

— 400,II tekin aftur.

— 392,21 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 392,22 samþ. í e. hlj.

— 392,23 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 392,24 samþ. með 9:4 atkv.

— 392,25 feld með 7:7 atkv.

— 392,26 samþ. með 9:3 atkv.

— 400,III samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, IP, JJós, JJ, SE, SJ, EÁ.

nei: HSn, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.

14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 392,27 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,28 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,29 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 392,30 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 392,31.a samþ. í e. hlj.
— 392,31.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,31.c feld með 8:6 atkv.
— 392,31.d samþ. með 10:2 atkv.
— 392,31.e samþ. með 12:1 atkv.
— 392,32 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 392,33 samþ. án atkvgr.
— 392,34 samþ. án atkvgr.
— 392,35 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 400,IV samþ. með 10 shlj. atkv.
— 392,36 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 400,V samþ. með 9:3 atkv.
— 400,VI samþ. með 8:5 atkv.
— 392,37 samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 392,38 samþ. með 8:6 atkv.
— 400,VII feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JP, JJós, JJ, BK, EP.
nei: EÁ, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, SE, SJ, HSteins.
Brtt. 392,39 samþ. með 10:3 atkv.
— 392,40 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 392,41 samþ. með 11:3 atkv.
— 392,42 samþ. án atkvgr.
— 392,43 tekin aftur.
— 392,44 samþ. með 10:2 atkv.
— 400,VIII samþ. með 10:4 atkv.
— 392,45 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 400,IX (aðaltill.) feld með 8:5 atkv.
— 400,IX (varatill.) samþ. með 11:2 atkv.
— 400,X tekin aftur.
— 392,47 samþ. með 9:4 atkv.
— 392,48 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,49 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, SJ.
nei: EP, IP, JJós, SE, BK, HSteins.
Brtt. 392,50 feld með 8:6 atkv.
— 400,XI tekin aftur.
— 400,XII feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JJ, SE, SJ, BK, EP, HSn.
nei: IHB, IP, JóhJóh, JM, EÁ, GÓ, HSteins.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 400,XIII.a samþ. án atkvgr.
— 400,XIII.b feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, BK, EÁ, GÓ, IP, JJ.
nei: SJ, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.
Brtt. 392,51 samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 392,52 samþ. án atkvgr.
— 392,53.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,53.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,54 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 392,55 samþ. í e. hlj.
— 400,XIV samþ. með 13 shlj. atkv.
— 400,XV.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 400,XV.b samþ. með 9:4 atkv.
— 408,II samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,56 samþ. með 13 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 392,57 samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
20. gr. samþ. í e. hlj.
21. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 392,58 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 400,XVI samþ. með 10:2 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 392,59 tekin aftur.
23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 392,60 samþ. með 10:3 atkv.
— 392,61 samþ. með 8:2 atkv.
— 400,XVII feld með 8:5 atkv.
— 408,III tekin aftur.
25. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
26. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 68. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 416, 433. 447, 449, 456).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Brtt. þær, sem fjvn. hefir gert við fjárlögin, eru á þskj. 433, og hv. þdm. hafa haft tíma til að kynna sjer þær, þar sem þær komu fram á föstudaginn var.

Nefndin leyfir sjer að koma fram með 4 brtt. um hækkun á tekjuliðunum í 2. gr., sem nema samtals 130 þús. kr. Nefndin viðurkennir, að í sjálfu sjer sje enginn gróði í þessu, en meiri hluti hennar telur samt rjettara að hækka tekjurnar, þar sem hann þykist geta gert það án þess að víkja frá þeirri reglu að hafa áætlunina varlega.

Nefndin leggur til, að aukatekjurnar verði hækkaðar úr 300 þús. kr. upp í 325 þús. kr. Þær námu 1924 eftir skýrslu, sem fjvn. hefir fengið frá fjármálaráðuneytinu, 400 þús. kr., svo að ekki þykir óvarlegt að áætla næsta ár 325 þus. kr.

Þá er stungið upp á því, að áfengistollurinn sje hækkaður úr 500 þús. kr. upp í 530 þús. kr. Hann nam 1924 rúmum 600 þús. kr., og var þó ekki í gildi nema ¾ hluta ársins 25% gengisviðaukinn. Því er ekki óvarlegt að ætlast til þess, að tollurinn nemi 530 þús. kr. árið 1926.

Þá vill nefndin hækka kaffi- og sykurtollinn úr 950 þús. kr. upp í 975 þús. kr. Hann nam 1924 1 milj. 85 þús. kr., og þó er það sama að segja þar eins og með áfengistollinn, að 25% gengisviðaukinn var ekki í gildi nema ¾ hluta ársins. Þetta er því heldur ekki óvarlegt, og sama er að segja um vörutollinn, sem nefndin vill hækka úr 1350 þús. kr. upp í 1400 þús. kr. Hann nam 1924 1557 þús. kr., eða rúmlega því. Maður getur gert ráð fyrir, að hv. Nd. finni síður ástæðu til þess að hækka aftur tekjukaflann, ef það hefir verið gert í þessari hv. deild. Þetta hafði sín áhrif í nefndinni. Hún þóttist vita, að það mundi að minsta kosti tekið til athugunar í hv. Nd., hvort hækka ætti tekjukaflann meira en þar var áður búið að hækka hann, og þetta ýtti undir fjvn. þessarar deildar að koma með þessar brtt.

Þá er 5. brtt. um að læknisvitjanastyrkur verði lækkaður úr 8200 kr. niður í 7700 kr. og að orðin „þó þannig — — — læknisvitjanastyrkur“ falli burt úr athugasemdinni. Þessi brtt. er bygð á því, að nefndin leit svo á og skildi þannig atkvgr., að til Kjósarsýslu væri ekki meiningin að veita bæði læknisvitjanastyrk og sjerstakan lækni, og vill því, að upphæðin verði lækkuð um það, sem ætlað var Kjósarsýslu.

Sama er að segja um 6. brtt., um að lækka skáldastyrkinn úr 10 þús. kr. niður í 9 þús. kr., þar sem Jakob Thorarensen fær 1000 kr. eftir fjárlagafrv. eins og það nú er.

Þá hefir nefndin komið fram með athugasemd við styrkinn til lendingarbóta í Grindavík og tekið tillit til upplýsinga,

sem komu fram við 2. umr., og athugað málið að nýju, en þykist ekki geta veitt upphæðina skilyrðislaust.

Loks stingur nefndin upp á, að Halldóri Briem verði veittar 960 kr. árlega í 18. gr. Þessi maður er orðinn háaldraður. Hann var lengi kennari við gagnfræðaskólann fyrir norðan, fyrst á Möðruvöllum og síðan á Akureyri. Eftir að hann fluttist hingað suður, var hann bókavörður við ríkisbókasafnið hjer. Hann er orðinn þrotinn að heilsu og hefir nýlega fengið lungnabólgu og nær að líkindum ekki þeirri heilsu, að hann geti verið við safnið lengur. Hann hefir 1440 kr. eftirlaun frá því hann var kennari. Þegar hann fluttist suður, fjekk hann loforð um að missa einskis í við þá breytingu, sem þá varð á högum hans. Þessi maður hefir nú í nálega 43 ár unnið fyrir íslensku þjóðina, bæði verið nýtur kennari og gefið út góðar kenslubækur, sem mikið hafa verið notaðar. Hann á því fyllilega skilið, að honum verði veittar þessar 960 kr., og nema þá eftirlaun hans alls 2400 kr. Auk þess á hann að fá lítið eitt úr lífeyrissjóði, er hann lætur af störfum sínum, en það er ekki svo mikið, að nokkru nemi.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um brtt. nefndarinnar. Jeg ætla að bíða þangað til hv. þm. hafa gert grein fyrir brtt. sínum með að skýra afstöðu nefndarinnar til þeirra.

Sigurður Jónsson: Það er sjerstaklega ein brtt. á þskj. 447, undir tölulið XVIII., við 18. gr., sem jeg vildi minnast á, sem sje, að Kristínu Sigurðardóttur ljósmóður verði veittar 500 kr. Jeg skal taka það fram, að þessi kona hefir verið ekkja í 20 ár og dvelur nú hjá bróður sínum, sem er bláfátækur maður. Hún er búin að vera ljósmóðir í 52 ár í mjög erfiðu umdæmi. 4 danskar mílur eru til fjarlægustu bæja og vetrarferðalög erfið. Hún giftist ung manni þarna í sveitinni og hefir verið þar síðan og aldrei sótt neitt burt.

Jeg get engan mun gert á þessari ljósmóður og hinum 2, sem samþyktar voru við 2. umr. Jeg ætla ekki að gylla þetta neitt, heldur segja satt og rjett frá hennar högum, og sje jeg ekki annað en að hv. dm. verði einnig að samþykkja þetta, þar sem engin ástæða er til að gera upp á milli þessara þriggja ljósmæðra. En þegar maður fer að athuga, kemur í ljós, að júbílljósmæður, ef miðað er við 50 ár, munu ekki vera margar hjer, svo að þær yrðu aldrei neinn baggi fyrir ríkissjóð. Því hefir verið haldið fram, að sýslusjóðir gætu styrkt þær, en þeir hafa sannarlega í mörg horn að líta, enda fór þessi kona fram á hækkun á launum sínum, en það bar sáralítinn árangur.

Þá ætla jeg ekki að orðlengja þetta frekar, en fel hv. deild tillöguna í því trausti, að hún lofi þessari ljósmóður að fylgjast með hinum tveimur.

Ingvar Pálmason: Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að tefja tíma hv. deildar lengi. Jeg er riðinn við nokkrar brtt., bæði á þskj. 447 og 456. Brtt. á þskj. 447, undir tölulið V, sem jeg er meðflutningsmaður að, mun jeg ekki fara mörgum orðum um. Það ætla jeg að láta eftir meðflutningsmanni mínum, hv. 1. landsk. (SE). Um brtt. einstakra þm. mun jeg heldur ekki tala, að minsta kosti ekki fyr en þeir hafa gert grein fyrir þeim.

Fyrri brtt., sem jeg flyt einn, er á þskj. 447, undir tölulið XVII, um hækkun á styrk til Goodtemplarareglunnar. Jeg

skildi þannig atkvgr. við 2. umr. um 4000 kr. hækkun á styrknum, að hv. þdm. væru mjer í raun og veru sammála um, að hækka bæri þennan styrk, en það, sem á milli bæri, væri það, að háttv. deildarmönnum fyndist jeg taka of djúpt í árinni. Nú hefi jeg lækkað upphæðina um helming og vænti þess, að tillagan megi nú fá fram að ganga.

Síðari brtt. er á þessu sama þskj., undir tölulið XXI, um að ríkið ábyrgist 100 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp. Það má segja svipað um þessa tillögu og þá fyrri, að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um hana, þar sem jeg við 2. umr. lýsti þeim ástæðum, sem væru á bak við þetta. Jeg hefi nú lækkað upphæðina um 10 þús. kr. og vil minna á, að þessi upphæð er sú sama og Alþingi hefir áður lofað að ábyrgjast. Jeg vænti þess, að nú sje búið að færa tillöguna í þann búning, að hv. deild sjái ekki ástæðu til að ganga á bak orða sinna. Jeg læt svo útrætt um þessa tillögu, því að jeg tel ástæðulaust að tefja tímann með mælgi um hana, þar sem jeg gerði ítarlega grein fyrir henni við 2. umræðu.

Þá er brtt. á þskj. 456, sem jeg flyt ásamt hv. 2. þm. G.-K. (BK). Hún er þess efnis, að tekinn verði upp í 18. gr. fjárlaganna ellistyrkur til Guttorms Vigfússonar uppgjafaprests. Mig brestur hæfileika til að lýsa þessum mæta manni svo sem verðugt er, enda mun þess ekki gerast þörf, þar sem óhætt er að fullyrða, að þessi prestaöldungur er þjóðkunnur maður. Hann er nú 80 ára að aldri og hefir verið prestur í 53 ár. Að rekja prestsferil hans mun ekki þurfa, en í 37 ár hefir hann verið prestur á Stöð í Stöðvarfirði, sem er eitthvert allra tekjurýrasta brauð á landinu. Í eftirlaun mun honum bera samkv. eftirlaunalögum hjer um bil 790 kr. Jeg hefi að vísu ekki fyllilegar heimildir fyrir því, en ef nokkru skakkar, er það lítið. Hann er nú þrotinn að heilsu og næstum því búinn að missa sjónina. Kona hans er nokkru yngri, en samt orðin gömul og lasburða. Þau eiga 5 uppkomin börn, en jeg býst við, að hv. Alþingi láti sjer ekki sæma að segja við slíkan mann, að börn hans geti sjeð fyrir honum, þegar hann eftir jafnlanga þjónustu, þrotinn að heilsu og kröftum, segir af sjer. Eftirlaunin hrökkva skamt, og jeg veit, að ekki þarf að brýna hv. Alþingi mikið til þess að veita þennan styrk. Til merkis um að hjer er um mann að ræða, sem ekki er hægt að telja neinn hversdagsmann, má geta þess, að hann var sjerlega góðum hæfileikum gæddur til að búa menn undir skólanám og að hann hefir mjög mörgum af lærdómsmönnum okkar veitt slíkan undirbúning. Meðal þeirra eru núverandi rektor mentaskólans, Geir Zoëga, Finnur próf. Jónsson, Jóhannes Sigfússon o. fl. Jeg er viss um, að óþarft er að eyða fleiri orðum um þessa tillögu og mig brestur hæfileika til að minnast þessa ágætismanns á Alþingi eins og vert væri. Jeg ætla því að láta staðar numið, í þeirri fullu vissu, að tillagan nái fram að ganga, og að því er jeg vona, í einu hljóði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Um brtt. hv. fjvn. á þskj. 433 vil jeg segja það, að tekjur ríkissjóðs samkvæmt 2. gr. sjeu nú þegar svo hátt áætlaðar, eftir að hv. Nd. hefir hækkað þær um 930 þús. kr., að hvorki er rjett eða forsvaranlegt að hlaða þar meiru ofan á. Þess vegna tel jeg hækkunartill. háttv. fjvn. á þskj. 433 ekki rjettmætar eða á rökum bygðar, heldur skoða jeg þær aðeins sem tilraun til þess að fela fyrir mönnum, hvað

gjaldabálkurinn hefir mikið hækkað í meðferð þingsins. Hinsvegar er engin hækkunin svo stórfeld, að jeg sjái ástæðu til þess að fara að rökræða það við hv. fjvn., og læt mjer því nægja að skjóta fram þessari almennu athugasemd.

Sjálfur á jeg nokkrar brtt. á þskj. 447, sem segja má þó um, að sjeu aðeins tvær brtt. Önnur þeirra er sú, að færa eftirgjafir á viðlagasjóðslánum inn í þær greinar fjárlaganna, sem þær samkvæmt efni eiga heima í, en taka svo upp tekjumegin, eða í 5. gr., jafnháa upphæð á móti, eða þá upphæð, sem allar eftirgjafirnar nema. Þetta er rjett, til þess að útgjöldin komi einhvern tíma fram í fjárlögum og landsreikningi. En ef fyrst er veitt lán úr viðlagasjóði og síðan eftir gefið með athugasemd aftan við fjárlögin, kemur það aldrei fram í fjárlögum eða landsreikningi, og sjest því ekki, hvað farið hefir til hins og þessa og útgjöld ríkisins í sjálfu sjer því aldrei rjett talin. Þessi brtt. miðar því aðeins að því að taka upp rjetta reikningsfærslu, en ekki til þess að sýna afstöðu mína til hinna ýmsu eftirgjafa, sem jeg þó kann að vera á móti. Læt jeg svo útrætt um þetta og vona, að hv. fjvn. geti fallist á, að þetta sje rjett hjá mjer, og vænti jeg því, að hv. þdm. sjái sjer fært að samþykkja brtt.

Þá er það hin brtt., og er hún sú I. í röðinni á þskj. 447, undir tölulið 2, og er um launabætur til aðstoðarlæknisins á Ísafirði. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar var tekin upp sama upphæð og er að finna í núgildandi fjárlögum, eða 2 þús kr., og þar beinlínis tekið fram, að hann njóti ekki annara launa úr ríkissjóði. Þessi upphæð lagði hv. fjvn. Nd. til, að lækkuð væri niður í 1500 krónur og færði sem ástæðu fyrir því, að ríkinu bæri engin skylda til þess að launa þessum manni. Þegar svo var komið, tók jeg mig til og rannsakaði þetta mál frá rótum og komst þá að þeirri niðurstöðu, að ríkissjóður hefði skyldum að gegna gagnvart þessum starfsmanni. Um málið gaf jeg svo skýrslu í hv. Nd., sem jeg ætla að leyfa mjer að flytja hjer einnig. En af því að skýrsla þessi er samhljóða þeirri, er jeg gaf í hv. Nd. og jeg les hana eins og hún hljóðar í handriti ræðuskrifarans í Nd., þá sje jeg ekki ástæðu til þess að skrifararnir fari að endurtaka það nú, því duga mun á sínum tíma að geta þess, að skýrslu þessa sje að finna á öðrum stað í Alþingistíðindunum.

. . . . . .

. . . . . .*)

Jeg hefi svo litlu hjer við að bæta, en hefði jeg verið búinn að afla mjer þessara upplýsinga áður en jeg samdi fjárlagafrv., þá hefði jeg stungið upp á, að aðstoðarlæknunum yrðu greiddar 2500 kr. að viðbættri dýrtíðaruppbót. Þessi brtt. mín fer fram á að veita 1700 kr. í viðbót við hin lögmæltu laun, sem eru 800 kr., og sje greidd dýrtíðaruppbót þar á eftir venjulegum reglum. Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að breyta þessum 1. lið 12 gr. að öðru leyti en þessari hækkun til aðstoðarlæknisins á Ísafirði nemur. Þessi liður er áætlunarliður, sem stafar af því, að ýms læknishjeruð standa auð og er þjónað af nágrannalæknum lengri eða skemri tíma á hverju ári, og þá fyrir helming lögmæltra launa.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en bæti því aðeins við, að mjer fanst sjálfsagt að bera fram till. þessa, svo að Alþingi gæfist kostur á að standa við loforð, sem telja má, að gefin hafi

*) Skýrslu þessa er að finna á bls. 248—251 hjer að framan.

verið í öndverðu, er styrkurinn til þessa manns var tekinn upp í fjárlög.

En fari svo, mót von minni, að a-liður þessarar brtt. minnar verði feldur, þá tek jeg að sjálfsögðu aftur b-liðinn, enda er hann afleiðing af því, að fyrri liðurinn sje samþyktur.

Jónas Jónsson: Jeg á allmargar brtt. að þessu sinni, enda geri jeg mjer litlar vonir um, að þær nái allar fram að ganga. Þær eru sumpart bornar fram vegna bænastaðar þeirra, sem að þeim standa, eða af því, að mjer hefir virst rjettara að láta sumt af þessu sjást, þótt lítinn byr hafi ef til vill.

Fyrsta brtt. mín er á þskj. 447 og þar II. í röðinni. Hún fer fram á að binda augnlækningastyrkinn við nafn ákveðins manns, þ. e. Guðmundar læknis Guðfinnssonar. Þetta er í samræmi við aðrar sjerfræðigreinar, t. d. eins og tannlækningar, háls- og eyrnalækningar o. fl., að styrkir til þessa eru bundnir við ákveðin nöfn eða lækna, sem kenslu þessa hafa með höndum. Þessi maður, Guðmundur Guðfinnsson læknir, var kostaður utan af ríkisfje til þess að fullnuma sig í augnlækningum. Hann var áður hjeraðslæknir og naut þá almenns trausts, og enn nýtur hann hins sama og hefir það síst farið minkandi síðan hann kom úr utanför sinni, eins og sýnir sig best í því, að hann sjer ekki út úr því, sem hann hefir að gera. Að ólöstuðum þeim lækninum, sem notið hefir þessa styrks undanfarið, þá álít jeg, að ríkið eigi að njóta þess mannsins, sem það hefir styrkt til náms og almenns trausts nýtur, enda mun hjer sannast sem víðar, að nýir vendir sópa best. Þessari grein læknisvísindanna fleygir fram árlega, svo að þeir yngri, sem hana stunda, standa hinum eldri betur að vígi.

Næsta brtt. mín er sú 8. í röðinni á sama þskj. og er sama efnis og brtt., er jeg flutti við 2. umr., en tók þá aftur, til þess að orða mætti hana betur. Eins og jeg tók fram við 2. umr., þá er ætlast til, að undir þennan lið falli þeir, sem hjúkrunarnám stunda erlendis. Þó að hjer sje ekki um stóra upphæð að ræða, gæti hún þó — ef hún verður samþykt — orðið upphaf að því, að þingið styrkti framvegis efnilega menn og konur til verklegs náms í öðrum löndum, en það eru einmitt slíkir menn, sem við þörfnumst allra mest í framsóknarbaráttu þjóðarinnar. Um viðbótarliðinn, að binda nokkurn hluta styrksins við nafn ákveðins manns, hefi jeg talað áður. Aðeins get jeg bætt því við, að þessi maður, Jón Gunnarsson frá Blöndubakka, hefir nú verið 3 ár í Noregi á vegfræðiskóla á vetrum og verið þar flokksstjóri í vegagerð á sumrum. Þegar hann hóf nám sitt, var hann svo heppinn, að verkfræðingur tók hann að sjer, eins og ekki er ótítt í Noregi, að við sjeum látnir njóta þess, að við erum Íslendingar og frændur Norðmanna. Hefir Jón nú aflað sjer allmikillar þekkingar um vegagerð, en vill fullnuma sig betur, og þarf ekki að efa, að hjer á landi bíður ærið starf handa slíkum manni að vinna. Vænti jeg því, að hv. deild geti fallist á að samþykkja brtt. þessa í því formi, sem hún er nú.

Þá er næst brtt. um að breyta orðalagi athugasemdar þeirrar, er fylgir styrknum til hjeraðsskóla. Að vísu er hjer um stefnumál að ræða, því að eftir orðalagi minnar athugasemdar verða peningar þessir notaðir, en koma engum eða aldrei að gagni eins og athugasemdin er fram borin af hv. fjvn. Við vitum það undurvel báðir, hv. 1. þm. Rang. (EP) og jeg, að engin líkindi eru til þess, að sýslurnar

austanfjalls komi sjer saman um skólastaðinn, og þess vegna er aths. fjvn. sama sem að neita um styrk til að reisa hjeraðsskóla á Suðurlandsundirlendinu. Mjer þykir rjettara, úr því að styrkur er veittur í sjerstöku augnamiði, að þá sje svo um hnútana búið, að hægt sje að grípa til hans, þegar með þarf, og að þau skilyrði verði niður feld, sem auðsætt er, að sýslurnar verða aldrei sammála um.

Eins og jeg sýndi fram á með rökum við 2. umr., þarf enginn að vænta, að Árnes- og Rangárvallasýslur komi sjer saman um skólastaðinn. Um hann hefir verið deilt um 20 ára skeið og sami reipdráttur sýslnanna í millum frá upphafi til enda. Til þess nú að bæta úr þessu, hefi jeg tekið upp í aths., að skólastaður, áætlun og teikningar skuli vera samþykt af stjórnarráðinu í samráði við húsameistara og landlækni. Þetta ætti að geta haft áhrif á málið og borgið því til sigurs; en eins og horfir nú, stranda framkvæmdirnar á því, að hver hreppur heldur í sinn skækil og heimtar skólann til sín. Og vitanlega er það ekki nema eðlilegt, þó að allir vilji hafa slíka stofnun sem næst sjer, en öll slík togstreita er óheppileg. Nú skal jeg t. d. í þessu sambandi minnast á heilsuhælisbyggingu Norðlendinga. Öllum hefir komið saman um það, að reisa eigi það í Eyjafirði, en þar er nú hafinn sá reipdráttur milli tveggja hreppa, að til vandræða horfir, skerist ekki hið opinbera í leikinn. Deilan er um það, hvort hælið eigi að standa austan eða vestan Eyjafjarðarár, og svo er hún hörð orðin, að góðvinir eru farnir að hatast og sýna fullkominn fjandskap hverjir öðrum.

Jeg vona, að hv. deild sjái, hve nauðsynlegt það sje að fela óvilhöllum sjerfræðingum að ráða fram úr slíkum málum. Og samkv. aths. minni eru það húsameistari og landlæknir, sem þessu eiga að ráða. Það verður því ekki aðeins frá byggingarfræðilegu sjónarmiði, sem staðurinn verður valinn, heldur og einnig frá heilsufræðilegu, og það út af fyrir sig ætti þó að vega nokkuð. Stjórnarráðið er fulltrúi þingsins og hlýtur að meta meira tillögur sjerfræðinganna en eiginhagsmuni einstakra manna, hreppa eða sýslna.

Jeg skal einnig taka það fram í þessu sambandi, að það hafði mikla þýðingu fyrir framtíð hjeraðsskóla Þingeyinga, að hann var reistur þar, sem hann stendur nú. Meiri hluti þeirra manna, er að því máli stóðu, vildu reisa hann á fallegum stað á góðri jörð, þar sem lítið var um gott byggingarefni — t. d. vantaði sand þar með öllu — og svo hefði kostað um 4000 kr. á ári að hita húsið upp. Nú er skólinn settur á melhól, þar sem byggingarefni var alveg við hendina og heit laug svo nærri, að hún nægir til þess að hita upp allan skólann.

Jeg skal líka nefna tvo aðra skóla. Jeg er með því að veita fje til byggingar á Eiðum, þó jeg hinsvegar sje ekki í neinum vafa um það, að skólinn hefði í öndverðu átt að standa á Hallormsstað, þar sem nógur skógur er til eldsneytis. En eins og komið er, ræð jeg þó til, að bætt verði við byggingarnar á Eiðum, en skólinn ekki fluttur fyrst um sinn. Sama er og að segja um kvennaskólann á Blönduósi, að alt mælir með því, að hann hefði fremur átt að standa á fallegri jörð, t. d. frammi í Vatnsdal, en nú verður hann að líkindum ekki fluttur, því að steinsteypan er þung í vögum.

En þessi dæmi sanna, að tilviljun ein á ekki að ráða, hvar slík hús eru reist, heldur eiga fróðir menn og sjerfræðingar að hafa úrskurðarvaldið í því efni.

Annars dettur mjer í hug eitt tilfelli enn, áður en jeg skil við þennan lið, en það er Hvítárbakkaskólinn. Nú hagar svo til, að um Borgarfjörð eru víða laugar og hverir, sem eru mjög hentugir til upphitunar, og þó er skólinn settur þar, sem hann er. Þetta sýnir aðeins, að fróða menn vantaði til þess að velja skólastaðinn fyrir Borgfirðinga.

Þá er till. um að veita tveim kennurum styrk til að mæta á kennaraþingi í Helsingfors. Hefir þeim verið boðið að halda þar sinn fyrirlesturinn hvorum um íslenska menningu. Þennan fund sækja margir menn víðsvegar af Norðurlöndum. Styrkurinn, sem farið er fram á, er rjett ríflega fyrir fargjaldi. Jeg býst við, að aðstaða hv. deildar fari eftir því, hvort hún álíti, að vjer eigum að koma fram í samfjelagi þjóðanna eða ekki. Læknar og biskup hafa áður sótt slíkar samkomur sem þessar, og nú vilja barnakennararnir líka fylgjast með. Jeg vil að vísu ekki fyrir mitt leyti halda því fram, að för þessi hefði bein áhrif á kenslumál vor, en hinsvegar myndi hún heppileg til að vekja eftirtekt út á við.

Í sambandi við þessa brtt. vil jeg geta annarar, sem jeg flyt ásamt hv. 3. landsk. (HSn), um að veita ungfrú Sigurborgu Kristjánsdóttur utanfararstyrk til farar til Helsingfors á fund fyrir forstöðukonur húsmæðraskóla. Sú för ætti að geta haft beina þýðingu fyrir húsmæðrafræðslu vora. Það má víst — eftir öllum undirtektum — telja fullráðið, að kona þessi taki við forstöðu Staðarfellsskólans. Stjórn Búnaðarfjelagsins hefir tekið vel í að láta styrk á móti. Kona þessi hefir áður haft umfangsmikla matreiðslukenslu á hendi, og ætti því utanför hennar að geta komið að gagni, enda þótt svo færi, að hún tæki ekki við Staðarfellsskólanum.

Þá kem jeg að 15. brtt. á þskj. 447, um kostnað við fulltrúann á Spáni. Álít jeg, að gert hafi verið ráð fyrir hærri upphæð í því skyni en líklegt er, að verði notuð. Jeg hefi því tiltekið 6000 kr. Samskonar menn erlendra þjóða hafa ýmist slíka upphæð eða minni. Mjer er t. d. kunnugt um, að konsúll Norðmanna, er hjer var áður, en nú er sendimaður þeirra í Frakklandi, hefir í árslaun 13000 norskar krónur og 3000 kr. í dýrtíðaruppbót.

Jeg hefi áður minst á undirbúning vatnsleiðslu í Vestmannaeyjum, enda var jeg meðflm. till. um fjárveitingu í því skyni við 2. umr. Nú alveg nýlega hefi jeg heyrt vitnisburð sjómanns að norðan, er reri í Vestm.eyjum í vetur, um þetta mál, og eftir þeim upplýsingum get jeg ekki annað sagt en að hjer sje um stórmál að ræða. Hann sagði, að vatn það, sem notað væri, væri að mestu regnvatn, sem safnað væri af þökum. Þegar þurkar gengju, settist ryk á þökin og blandaðist síðan vatninu. Auk þess væri vatnið oft sóti blandið.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að hjer sje um heilsufræðilegt stórmál að tefla, enda þótt það sje ekki fjárhagslegt stórmál. Álít jeg, að það sje fullkomin skylda ríkisins að ýta undir endurbætur á þessu sviði.

Þá flytur og háttv. þm. Vestm. (JJós) brtt. um að hækka styrkinn til varðbátsins Þórs. Jeg hefi áður látið þá skoðun í ljós, að hjer væri um gott fyrirtæki að ræða. Auk þess má benda á, að skipið vinnur fyrir þessum styrk með sektum þeim, sem togarar þeir hljóta, er það hefir tekið, fyrir utan hið óbeina gagn, er Þór hefir

gert með því að fæla togarana frá suðurströndum landsins.

Býst jeg og við, að ekki líði á löngu uns skipið verður ríkiseign. Þegar nýtt strandvarnarskip verður bygt, er full ástæða að ætla, að Þór verði og ríkiseign, enda þótt Vestmannaeyingar haldi áfram að kosta hann að einhverju leyti vegna hinna sjerstöku nota, er þeir hafa af honum.

Fjvn. lítur ekki hýru auga til 20. brtt. á þskj. 447, um stúdentagarðinn. Tillögu þessa flutti jeg fyrir tilmæli stúdentaráðsins, og var samhlj. till. samþykt á þingi 1923. Má því segja, að þetta eigi að vera endurveiting. Að vísu getur litið svo út, að þetta sje lán, en ekki fjárveiting, en jeg lít þó á það sem fjárveitingu og greiði atkv. með till. á þeim grundvelli. Stúdentarnir hafa bráðum safnað 200 þús. kr. í byggingarsjóðinn, og hafa bæði þeir og aðrir jafnan gert ráð fyrir, að ríkissjóður legði til ⅓, enda veit jeg, að svo verður áður en lýkur. Hjer er líka um fjárhagslegan ávinning fyrir ríkissjóð að tefla, því að nú er stúdentum veittur húsaleigustyrkur árlega, sem auðvitað dytti úr sögunni við byggingu stúdentagarðsins.

Jeg hefi satt að segja ekki mikla von um, að þessi till. nái samþykki að þessu sinni, enda ljet jeg það í ljós við stúdentana, sem báðu mig að bera till. fram. En mjer þótti þó rjett að flytja hana, til að skýra málið og ef til vill flýta fyrir því. Jeg skal taka það fram, að þótt hjer sje aðeins farið fram á ábyrgð, þá er það almenn skoðun meðal stúdenta og margra annara, að lán þetta eigi alls ekki að endurgreiðast.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 456, um bifreiðastyrkinn. Kom hún svona seint fram af því, að ekki var ákveðið um, hve hár styrkurinn yrði. Samkv. frv. var til þess ætlast, að styrkurinn yrði veittur einu bifreiðafjelagi. Nú er kunnugt, að fleiri en eitt fjelag hafa annast flutninga austur, og virðist því rjett að skifta styrknum á milli þeirra, enda þótt smáflutningur komi að sjálfsögðu ekki til greina. Mjer er sagt, að sýslumaður Rangæinga hafi undanfarið skift styrk þeim, er veittur hefir verið til sjóferða þangað austur, eftir vörumagni. Tillaga mín fer fram á að skifta styrknum svo milli sýslnanna, að sú sýslan, sem fjær er Reykjavík, Rangárvallasýsla, fái ⅗ upphæðarinnar, en Árnessýsla ⅖ hluta. Skal jeg ekki segja, að þetta sje laukrjett skifting, en þó mun hún vera nærri lagi. Er svo ætlast til, að sýslumenn skifti styrknum á milli þeirra bifreiðafjelaga, er annast slíkar ferðir. Munu 3—4 aðiljar koma þar til greina.

Þætti mjer gott að fá að heyra álit hv. 1. þm. Rang. (EP) á þessari tillögu minni. Hygg jeg, að hún sje til bóta.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi hjer aðeins minnast á hækkun þá á tekjuáætluninni, sem fjvn. leggur til. Ræða háttv. frsm. (JóhJóh) bar það með sjer, að hann var hækkuninni í raun og veru ekki samþykkur, enda mælti hann linlega með henni. Jeg vildi því herða á ummælum hans og taka það fram, að jeg tel hækkunina mjög vel forsvaranlega. Hæstv. fjrh. (JÞ) viðurkendi þetta líka með því að færa engin rök fyrir máli sínu, enda þótt hann hreyfði andmælum. Nefndin kynti sjer vel, hvað þessir tekjuliðir, sem hún leggur til að sjeu hækkaðir, hafa gefið af sjer undanfarin 3 ár og vonar, að reynslan sanni, að hún hafi ekki gengið of langt að þessu sinni.

Þá vil jeg einnig minnast á ummæli hæstv. fjrh. um aðstoðarlækninn á Ísa-

firði. Las hann upp úr gömlum Þingtíðindum máli sínu til sönnunar, og efast jeg ekki um, að hann hafi lesið rjett, en ef til vill slept einhverju úr, sem ekki væri síður til skýringar. En ráðstafanir þingsins þá munu þó aðeins hafa átt að gilda uns hann ætti kost á öðru embætti. Nú er það kunnugt, að lítil eða engin þörf er á aðstoðarlækni á Ísafirði, en lækna vantar altaf í sum hjeruð. Þessi læknir unir sjer enn á Ísafirði og dvelur þar líklega áfram, þótt þingið hafi stundum, a. m. k. í fyrra, viljað lækka laun hans nokkuð.

Jeg átti enga brtt. við 2. umr. fjárlagafrv., en á nú hjer eina ásamt háttv. 3. landsk. (HSn), á þskj. 456, sem jeg vildi mæla nokkur orð fyrir. Fer hún fram á að veita dr. Guðbrandi Jónssyni 1200 kr. til að vinna að menningarsögu Íslands í kaþólskri tíð. Dr. G. J. fór að vísu fram á hærri styrk og býst við að þurfa hans með í 3 ár, ef honum er veittur hann á annað borð til starfs þessa. Hefir dr. G. J. unnið að fræðum þessum um tíma, en treystir sjer ekki til að halda þeirri starfsemi áfram vegna fátæktar.

Jeg sjálfur þekki þennan mann lítið, en vottorð fylgja umsókn hans frá dr. Sigurði Nordal, Matthíasi Þórðarsyni fornmenjaverði og próf. Einari Arnórssyni. Telja þeir hann mjög vel til starfsins fallinn og styrksins verðugan. Á hið sama bendir og ritgerð hans um Hólakirkju hina fornu, er hann hlaut verðlaun fyrir úr sjóði Jóns Sigurðssonar. — Jeg mun láta þetta nægja, því að jeg þekki mann þennan, eins og áður er tekið fram, mjög lítið, og þrátt fyrir það, þótt mjer væru betur kunnir verðleikar hans, myndi jeg ekki nenna að flytja honum slíka lofgerð hjer sem vant er að gera við slík tækifæri, en tel víst, að þessi styrkbeiðandi eigi það ekki síður skilið. En oft hygg jeg, að Alþingi hafi veitt fje til þess, sem óþarfara hefir verið og óvissara um árangur. Og þótt kalla megi þetta bitling, þá er hann þó álitlegri en margir aðrir. Ætlast er til í umsókninni, að stjórnin skuli hafa fulla umsjón með starfsemi þessari. En á það hefir einmitt viljað skorta um svona fjárveitingar, að haft væri eftirlit með notkun þeirra, fyr en þá stundum eftir nokkur ár.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á hjer enga brtt., en jeg sje, að ýmsir háttv. þm. flytja beiðnir um styrki til einstakra manna. Mjer hafa borist margar áskoranir um að flytja slíkar beiðnir, en jeg hefi neitað þeim öllum. Þarf jeg ekki að gefa aðra skýringu á því en þá, að jeg er sjálfsagt ekki nógu brjóstgóð. Ein af þessum breytingartillögum einstakra þingmanna fer fram á ferðastyrk á væntanlegan kennarafund í Helsingfors. Jeg verð að segja eins og er, að mjer hefir verið boðið á þennan fund og fleirum, sem jeg þekki, en ekki sjeð mjer fært að bindast fyrir styrkbeiðni, hvorki mjer nje öðrum til handa. Reynsla mín hefir verið sú, að þótt skemtilegt sje að ferðast og sækja slíka fundi, þá eru beinu notin af slíkum fundum fremur lítil, eða jafnvel alls engin; til þess er tíminn, sem þessum fundahöldum er ætlaður, of takmarkaður. Til þess að hafa not af slíkum ferðum, þarf að dvelja lengri tíma, en sú dvöl kostar ærið fje.

Fjvn. leit svo á, að ekki væri gerlegt að sinna neinum nýjum styrkbeiðnum nú, og þá ekki heldur þessum. Má að vísu segja, að hjer sje ekki um háar upphæðir að ræða, en þó eru þetta peningar líka, og auk þess myndu þannig fjárveit-

ingar koma enn fleiri fjárbeiðnum af stað.

Þá vík jeg að XXIII. brtt. á þskj. 447, um að ábyrgjast 30 þús. kr. lán til ungfrú Halldóru Bjarnadóttur til að koma upp útsölu á íslenskum heimilisiðnaði. Nefndin hefir átt kost á að kynna sjer þessa beiðni, og þótt jeg viti, að hv. frsm. (JóhJóh) muni víkja að henni, þá ætla jeg þó að gera grein fyrir afstöðu minni til brtt. með nokkrum orðum.

Samband heimilisiðnaðarfjelaganna hefir áður verið hvatt til þess að koma á verslun og útsölu fyrir íslenskan heimilisiðnað af sömu konu, en þá var álitinn ógerningur að koma slíku í framkvæmd. Jeg er enn á sömu skoðun.

Flestir munu kannast við Thorvaldsensbazarinn hjer í Reykjavík. Sú stofnun hefir starfað í 25 ár, og get jeg ekki annað sjeð en að bazarinn inni hlutverk sitt vel af hendi sem útsala á íslenskum heimilisiðnaði. Fyrir nokkru var og stofnuð verslun í sömu grein, er nefnist „Nýi bazarinn". Auk þess munu vera nokkrir fleiri útsölustaðir í öðrum kaupstöðum, til dæmis á Akureyri. Jeg hygg, að þessir útsölustaðir muni nægja framleiðslu landsmanna fyrst um sinn, og tel því óhyggilegt að verða við beiðni þessari.

Jóhann Jósefsson: Við 2. umr. fjárlaganna tók jeg aftur tillögu mína um 10 þús. kr. hækkun til björgunarskipsins Þórs. Var það gert, eins og jeg lýsti yfir, í samráði við formann fjvn. Nú hefi jeg komið með brtt. viðvíkjandi þessum styrk, um að hækka hann um 5000 kr. frá því, sem ákveðið var í Nd. Háttv. deild hefir svo oft heyrt lýst starfsemi þessa skips, að jeg þarf ekki að lengja umræðurnar til þess að færa háttv. þm. heim sanninn um gagnsemi fyrirtækisins. Jeg get vísað til þess, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði viðvíkjandi þessari brtt. minni, og jeg vil leyfa mjer að benda á, að frá byrjun hefir þetta fyrirtæki haft fylgi manna úr öllum pólitískum flokkum, bæði utan þings og innan, en það á sjer aðeins stað um viðurkend þjóðþrifamál. Fyrir viturlegar ráðstafanir þingsins í fyrra hefir Þór getað aflað talsverðra tekna í ríkissjóð, með því að hafa hendur í hári sökudólga innan landhelgi. Á síðasta ári nam það fje um 100 þús. kr., og það sem af er þessu ári munu komnar inn um 65 þús. kr. En þetta er ekki mikilsverðasta hliðin á starfsemi skipsins, heldur er það björgun mannslífa og eftirlit með veiðarfærum og afla. Í þau 5 ár, sem skipið hefir starfað, hafa komið fyrir mörg meira og minna skýr tilfelli, þar sem það hefir bjargað mönnum úr lífsháska. En það hefir aldrei komið eins skýrt fram og á þessari vertíð, sem nú er að líða, hvernig Þór hefir svo að segja hrifið menn úr dauðans greipum. Bátum, sem gerðir eru út frá Eyjum, er líka mjög að fjölga. Þeir voru um 50 þegar Þór hóf starf sitt, en eru nú um 90. Jeg þarf ekki að orðlengja um þessa sanngjörnu hækkun. Jeg þykist vita, að hv. deild taki þessu máli vel eins og áður. Jeg skal taka fram, út af ummælum hv. 5. landsk. (JJ) um að Þór kynni áður en langt liði að verða eign landsins, að þetta hefir komið til tals, og þá fjelli þessi styrkur vitanlega ekki til útgerðarfjelagsins, heldur yrði hluti af útgerðarkostnaðinum. En af því að þetta er ekki komið í fast form, tel jeg nauðsynlegt, að þingið áætli svo ríflegan styrk, að bæjarfjelag Vestmannaeyja þurfi ekki að leggja fram eins mikið og áður. Bæjarsjóður hefir lagt fram að undanförnu

40 þús. kr., en hann er þess í raun og veru ekki megnugur, því að á honum hvíla miklar skuldir vegna þessa fyrirtækis síðan á árunum 1920—1921, af því að skipið fjekk þau ár engan styrk úr ríkissjóði. Till. mín er fram komin til þess að lina eitthvað á þessu framlagi bæjarsjóðs. En útgerð skipsins er nauðsynlegt að tryggja, því að starf þess er hrein og bein lífsnauðsyn sjómannastjettinni í Eyjunum. Þó að skipið hafi notið styrks úr ríkissjóði, hefði starfsemi þess orðið að leggjast niður, ef ekki hefðu einstakir menn hlaupið undir bagga. Það var nauðsynlegt fyrst, meðan verið var að færa almenningi heim sanninn um gildi þessarar starfsemi. Nú eru allir á einu máli um, að mikil heill leiði af þessu starfi Þórs. Að vísu er ekki hægt að fullyrða, hve mörgum mannslífum hann hefir bjargað síðan hann hóf starf sitt, en enginn dregur í efa, að hefði Þórs ekki notið við í vetur, væri að minsta kosti 2—3 bátum færra þar ofansjávar en nú er. Jeg vona því, að enginn ágreiningur verði um að samþykkja þessa tillögu.

Þá er hin tillagan, sem jeg ber fram, um styrk til að undirbúa vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Tillaga, er fór í svipaða átt, var feld hjer við 2. umr., þó að undarlegt megi virðast, þar sem háttv. deild var greinilega bent á, hvílíkt nauðsynjamál hjer væri á ferðinni, ekki einungis af mjer, heldur einnig af hlutlausum mönnum, sem ekki eru búsettir í Eyjum. Eins og háttv. 5. landsk. (JJ) tók fram, er það meira stórmál en svo að hafa gott drykkjarvatn, að rjett sje að horfa í nokkurra þúsunda kostnað, eins og hjer er ástatt. Mönnum, sem ekki þekkja til í Vestmannaeyjum, verður bylt við að heyra lýsinguna á því vatni, sem Eyjabúar verða að sætta sig við. Vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessa lækkuðu till. Jeg þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn málsins, því að ástandinu í Vestmannaeyjum að því er snertir neysluvatn hefir þegar verið lýst, bæði af mjer og öðrum, fyrir háttv. deild.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi borið fram brtt. um fjárframlag til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi, sem jeg tel víst, að verði samþykt í einu hljóði. Þessi bygging hefir dregist lengi og hafa erfiðar kringumstæður valdið því. Nú er ófært ýmsra hluta vegna að draga þetta lengur, og býst jeg við, að báðar deildir fallist á það.

Jeg held, að aðrar brtt. þurfi jeg ekki sjerstaklega að minnast á. Jeg skal geta þess um ferðastyrk til þess að sækja kennarafundi, að í stað þess að veita svona einstaka ferðastyrki teldi jeg heppilegra, að dálítil fjárupphæð væri látin standa í fjárlögum í þessu skyni, sem stjórnin hefði heimild til þess að veita. Á hverju ári koma erindi um styrk í því skyni, erindi, sem stundum er ilt að þurfa að synja. Á hinn bóginn sjaldan vitað fyrirfram um þörfina. En það er óviðkunnanlegt að veita í næstu fjárlögum það, sem notað er á árinu á undan. Annars er mjer altaf illa við ýmsar fjárveitingar til einstakra manna, enda ekki laust við, að meðferð slíkra smáfjárveitinga til nafngreindra manna í fjárlögum sje stundum lítt til sóma, hvort er fyrir þingið eða mennina sjálfa.

Sigurður Eggerz: Jeg skal fyrst minnast á brtt. á þskj. 456, um lítilfjörlega hækkun á styrk til útgáfu kenslubóka fyrir mentaskólann. Jeg ber þessa till. fram eftir tilmælum tveggja kennara við menta-

skólann, sem töldu styrkinn of lítinn. Jeg geri ráð fyrir, eftir þeim undirtektum, sem mál þetta fjekk við 2. umr., að öllum komi saman um að veita þessa hækkun. Það er kunnugt, að erlendar kenslubækur eru alt of margar við þennan skóla. Bæði er það óviðfeldið, og svo gerir það nemendum örðugra fyrir.

Þá á jeg brtt. á þskj. 447 ásamt hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem fer fram á, að endanlegir samningar um skeytasamband við umheiminn sjeu lagðir fyrir Alþingi. Jeg get látið nægja það, sem jeg lýsti yfir við 2. umr., að hjer væri um svo stórt mál að ræða, að úrslit hlytu að koma undir úrskurð Alþingis. Mundi jeg hafa óskað þess, hvaða stjórn, sem við völd hefði setið. Vænti jeg, að hæstv. stjórn fallist á, að hjer sje um svo þýðingarmikið mál að ræða, að ekki sje rjett að skapa það fordæmi, að úrskurðarvaldið sje tekið úr höndum Alþingis. Jeg treysti því, að fleiri en jeg líti svona á þetta mál.

Þá á jeg till. á sama þskj. um 800 kr. styrk til útgáfu fræðslumálarits. Það hefir áður verið veittur í fjárlögunum styrkur til slíks rits, en mun hafa fallið niður í fyrra, af því að þá var ekki um neitt slíkt rit að ræða. Nú er aftur byrjað á útgáfu fræðslumálarits, og verður að teljast nauðsynlegt fyrir kennarastjettina, að slíku riti sje haldið úti. Það bindur stjettina saman og eykur eftirtekju þess fjár, sem veitt er til fræðslumála, með því að auka áhuga kennaranna og gera þá hæfari til starfsins. Jeg lít svo á, að svona rit sjeu einn liðurinn í uppeldisstarfi þjóðarinnar. Jeg hefi áður lýst því hjer yfir, að jeg hefi trú á því, að sem mest sje gert til þess að auka mentun í landinu, enda er mesta nauðsyn á, að lögð sje rækt við mentun landsmanna, eftir því meiri, sem rjettindi einstaklinganna verða víðtækari, svo sem til kosninga. Jeg vona, að þessum litla styrk verði vel tekið.

Þá ætla jeg aðeins að minnast á till. hv. þm. Vestm. (JJós) um styrk til að rannsaka vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Jeg vjek að þessu við 2. umr. og verð enn að leggja áherslu á, að þessi styrkur sje veittur. Hjer er mjög mikið í húfi að því er snertir heilsufar í Vestmannaeyjum. Því hefir verið haldið fram, að bærinn ætti sjálfur að kosta þetta. En hjer stendur alveg sjerstaklega á. Það er engin vissa fyrir því, að vatnið fáist, og dregur það eðlilega úr bæjarbúum að leggja í þennan kostnað. En jeg segi, að það verður samt að gera tilraun, vegna þess, hve hjer er mikið í húfi. Þetta er mannmargur bær. Þangað safnast vertíðarfólk úr öllum áttum, og getur altaf verið hætta á farsóttum, ekki síst þegar vont og lítið vatn er fyrir hendi. Með þessum styrk væri ýtt undir Vestmannaeyinga með að gera þessa sjálf sögðu tilraun.

Jeg tel sanngjarnt að hækka styrkinn til Þórs eins og farið er fram á. Það er viðurkent, að skipið hefir gert mikið gagn og að þeir, sem fyrir þessu björgunarfyrirtæki standa, hafa sýnt bæði dugnað og árræði. Vestmannaeyingar eiga mikla þökk skilið fyrir það fordæmi, sem þeir hjer hafa skapað. Það er kunnugt, að þó Eyjarnar sjeu fengsælar, hafa þeir í mörg horn að líta. Vestmannaeyingar hafa lagt í margskonar kostnað, bæði hafnargerð o. fl., svo að þeir hljóta að eiga margt ógreitt, enda eru útsvör þar há. Þeir leggja miklar byrðar á sig vegna áhugamála sinna, og er það því ekki nema sanngjörn viðurkenning í þeirra garð að veita þeim þennan styrk.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins tvær brtt., sem jeg aðallega ætla

mjer að ræða um að þessu sinni. Önnur þeirra er frá hv. 5. landsk. (JJ) um fjárveitinguna til fiskifulltrúans á Spáni og Ítalíu, sem hv. þm. vill lækka um 4000 kr. og álítur, að ekki muni þurfa að ætla nema um 18. þús. kr. alls til að kosta þennan mann, en jeg tel engar líkur til, að hægt verði að komast af með minna en þá upphæð, sem áætluð var. Síðasta þing veitti til þessa 10 þús. kr., gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá, og gerði stjórnin nú ekki annað en að taka upp í frv. ákvæði, sem samþykt var á síðasta þingi. Vitanlega er þetta áætlunarupphæð, og er ekki að vita, nema áætlun stjórnarinnar reynist of lág, en jeg tel sjálfsagt, að það verði látið standa, sem stjórnin hefir gert í þessu, en brtt. hv. 5. landsk. verði ekki samþykt.

Hin brtt. er frá hv. 1. landsk. (SE) og hv. 2. þm. S.-M. (IP), um að stjórninni sje falið að leita samninga um skeytasamband við umheiminn o. s. frv. Jeg lít svo á, að stjórnin þurfi enga heimild frá þinginu til að gera þetta, því jeg tel það hreint og beint skyldu stjórnarinnar að leita þessara samninga áður en einkaleyfi „Stóra norræna" er á enda, og jeg tel stjórnina meira að segja hafa heimild til að gera samninga um þetta. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að ef stjórnin hefir ekki heimild til að leita samninga, þá hefir hún þegar framið lögbrot í því efni, því að sumum atriðum þessara samninga er þegar alllangt komið. Um síðustu áramót voru útrunnir samningarnir milli Danmerkur og Mikla norræna ritsímafjelagsins um sæsíma fjelagsins milli Englands og Danmerkur, og með því að taka á rjettum tíma þátt í þeim samningum, er af því leiddu, hefir miklu verið bjargað fyrir þetta land. Jeg fer ekki út í þetta að sinni, því að það er augljóst, að dráttur á upptöku slíkra samninga getur ekki leitt til neins góðs. Jeg vil og benda á það, að ef ekki takast samningar við „Stóra norræna", hlýtur að þurfa þó nokkurn tíma til þess að koma loftskeytasambandi í kring, og tíminn frá næsta þingi til ágústmánaðar mundi tæpt duga til þess. Jeg verð því að leggja á móti þessari brtt., bæði af þessu og af því, að allir hljóta þegar að skilja, að stjórnin þarf alls enga heimild til að gera það, sem henni ber skylda til að framkvæma.

Það er auðvitað satt, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, að samningarnir eru okkur mjög þýðingarmiklir, en þó veltur það mjög á því, til hve langs tíma samið er. Ef samið er aðeins til 2—4 ára, og þá megi segja samningunum upp, þá er málið ekki svo stórvægilegt; en hvernig þetta verður, get jeg að öðru leyti ekkert sagt um ennþá.

Eggert Pálsson: Jeg á 3 brtt. á þskj. 447 og þarf því að fara um þær nokkrum orðum.

Hin fyrsta þeirra er IV. á þskj. 447. Jeg bar fram brtt. við 2. umr. um þetta sama efni, en fór fram á hærri upphæð þá. Jeg geri ráð fyrir, að í þetta sinn hafi jeg stilt kröfunum svo í hóf, að þessi upphæð, sem jeg nú fer fram á að verði veitt, mæti engri mótspyrnu í hv. deild. Jeg vænti og þess, ef þetta verður samþykt, að háttv. Nd. lofi því að standa, en fari ekki að krukka neitt í þessa fjárveitingu.

Í sambandi við þessa brtt. mína stendur brtt. á þskj. 456, frá háttv. 5. landsk. (JJ), um sama efni, og veit jeg, að háttv. þm. gengur gott eitt til að bera hana fram, og sömuleiðis viðurkenni jeg, að í till. hans felst allmikil umbót frá því, sem er. En hinsvegar er hjer um svo litla upp-

hæð að ræða, að það tekur því ekki að setja um hana þesshättar reglur, sem felast í brtt. hans. Jeg geri mjer og von um, að styrkurinn hækki fremur en lækki framvegis, og gæti því brtt. hv. 5. landsk. (JJ) verið bending um, hvernig þessu skuli háttað eftirleiðis. En meðan samgöngurnar eru ekki betri en þær eru nú, þarf þessa ekki við. Jeg vil því mælast til þess af hv. flm. till. (JJ), að hann taki brtt. sína aftur í þetta sinn og láti sjer nægja, að framkoma þessarar brtt. hans verði skoðuð og tekin til greina sem bending um, hvernig þessu skuli háttað í framtíðinni.

Svo er hv. 5. landsk. ekki það kunnugur austur í sýslum, að hann viti með vissu um, hvort þessi skifting á styrknum milli sýslnanna er rjettlát eða ekki (3/5 til Rangárvallasýslu og 2/5 til Árnessýslu). Jeg er t. d. ekki alveg viss um, að svo sje. Þó að brtt. geti rjettlæst í tilliti til hlutfallsins milli vegalengdanna í sýslunum, er þó þess að gæta, að flutningar allir eru hlutfallslega miklu dýrari í Rangárvallasýslu en í Árnessýslu. Vegirnir eru miklu lakari og erfiðari til þessara flutninga í Rangárvallasýslu, sjerstaklega í Holtunum og á Rangárvöllum. Og gerir þetta að verkum, auk annars, að miklu meira bensín eyðist við bílflutninga um þær slóðir en annarsstaðar. Svo ætla jeg ekki að ræða frekar um þetta að sinni.

Þá kem jeg að XIII. brtt. á þskj. 447, um að hækka styrkinn til sandgræðslunnar. Það segir sig sjálft, er jeg breyti þessum lið aðeins, en ber ekki fram till. um nýjan lið, að jeg er fallinn frá því, sem jeg ætlaðist fyrir með brtt. minni við 2. umr., enda geta allir háttv. deildarmenn sjeð, að 5 þús. kr. mundu hrökkva skamt til að byggja upp á Stóruvöllum fullkomin mannahíbýli. Það, sem hjer er átt við, er það, að eitthvað af þessari viðbótarupphæð mætti nota til að koma þar upp dálitlu hlöðuhúsi eða skýli yfir melgresi. Búnaðarmálastjóri telur alveg nauðsynlegt, að safnað sje melfræi á Stóruvöllum vegna sandgræðslunnar. En það er ekki hægt að gera slíkt á annan hátt en með því að slá blöðkuna og þurka og geyma í húsi og þreskja síðan að vetrinum. En þetta er ekki unt að framkvæma, nema þarna sje eitthvert geymsluhús til. Jeg hygg, að uppkomin hlaða á Stóruvöllum eða annarsstaðar þar í grend ætti ekki að kosta nema t. d. eitthvað á annað þúsund krónur. Efni er þar talsvert við hendina í veggi hússins, þ. e. hraungrýti, og þyrfti því ekki að kaupa og flytja að annað en timbur og járn í þakið, og svo eru verkalaun þeirra, sem að þessari húsbyggingu störfuðu; fleira ætti ekki að þurfa að leggja í kostnað vegna þessa. En þó hefi jeg áætlað þessa viðbótarupphæð talsvert hærri en sem nemur hlöðubyggingunni, og stafar það af því, að mjer er kunnugt um, að á nokkrum stöðum á Rangárvöllum er sjerstök nauðsyn á, að hlaupið sje undir bagga með mönnum til þess að viðhalda býlum þeirra, og það sem fyrst. Búnaðarmálastjóri hefir lagt það til, að sandgræðslustyrkurinn gangi mestmegnis til sandgræðslu á Landinu og máske á Eyrarbakka og í Bolungarvík, en nefnir ekki neitt til Rangárvelli, er þurfi skjótra aðgerða við. En á Rangárvöllum eru einmitt nokkur býli eða jarðir, sem eru alveg að fara í auðn vegna sandfoksins, og þurfa því skjótra aðgerða við.

Í blöðunum hjer í Reykjavík birtist nýlega grein um Keldur á Rangárvöllum, þetta stórmerka býli alt frá fornöld, sem væri í mikilli hættu af sandinum. Þess er því mikil þörf, að eitthvað sje gert til að verja þetta forna höfuðból fyrir ágangi

sandsins, en til þess hefir ennþá ekki verið ætlað neitt fje í fjárlögum eða annarsstaðar frá.

Ennfremur er vannað stórbýli þar á Rangárvöllum, sem sandurinn er þegar langt kominn með að leggja í auðn. Það er Reyðarvatn. Það hefir ávalt verið stór jörð talin og stórbændur og góðir menn og gegnir hafa ávalt búið þar á öllum tímum, en nú er sandurinn að verða þar öllu yfirsterkari. Þar hagar svo til, að skamt frá bænum rennur lækur, er heitir Reyðarvatnslækur í fyrstu, en síðar, er lengra dregur burtu, Varmadalslækur, og er allstórt vatnsfall, sem flestir þekkja, er hafa farið um Rangárvallasýslu. Yfir þennan læk hefir sandurinn ekki komist ennþá, og kemst vonandi aldrei, þar eð lækurinn ber jafnharðan sandinn út í Rangá og svo til sjávar. Hinumegin lækins er þegar búið að rækta nokkurt land og flytja þangað öll fjenaðarhús. En sjálfur bærinn á Reyðarvatni er nær allur kominn í sand og þarf að flytjast fram yfir lækinn. Búandinn á Reyðarvatni er orðinn gamall og því lítt fær lengur hjálparlaust að glíma við sandinn, og er viðbúið, ef ekki verður að gert, að hann verði að flýja jörðina, og er þá óvíst, að hún verði bygð aftur fyrst um sinn, því að jörðinni íbúðarhúslausri, eða sama sem, þar sem íbúðarhúsið er í sjálfum sandskaflinum, getur enginn gengið. En ef jörðin yrði húsið upp aftur, er þetta þó kostajörð ennþá. Þar má enn framfleyta 5—6 kúm og mörgum hundruðum sauðfjár, því slægjur eru enn talsverðar eftir á jörðinni og sömuleiðis beit. Það væri því næstum sárgrætilegt, ef þessi gamli maður verður nú að hrekjast burt af föðurleifð sinni, þar sem forfeður hans hafa svo margir búið á undan honum, og er auk þess ilt til afspurnar, að jafnblómlegt og gott land, sem þó er þar ennþá eftir, skuli vera látið standa ónotað. Jeg hygg, þrátt fyrir það, að þessi bóndi er nú aldraður orðinn, að hann myndi þó enn geta gert jörðina vel byggilega, ef hann fengi einhverja fjárhagslega hjálp til að flytja bæ sinn yfir þennan læk, sem jeg nefndi áðan, því þótt maðurinn sje gamall, er þó oft, að nokkur kraftur býr til lengstu laga í gömlum og góðum taugum. Þess hefði að vísu mátt vænta, að Búnaðarfjelag Íslands legði eitthvað af mörkum í þessu skyni. En það mun ekki þykjast hafa fje aflögu. En fengist þessi brtt. samþykt, væri það þó betra en ekki, því jafnvel þó að þetta fje komi ekki strax til útborgunar, mundi þó vonin ein um þennan styrk koma að gagni, ef víst væri, að hann fengist síðar. Mjer hefir því dottið í hug, að af þessari viðbótarupphæð mætti t. d. veita 2 þús. kr. í þessu skyni. Það væri óneitanlega fallega gert að veita þessa hjálp; það mundi áreiðanlega bjarga bæði manninum sjálfum frá því að flýja jörðina, og jörðin sjálf hefði og gott gagn af því, auk þess sem það er sveitarfjelaginu styrkur, að jörðin áfram haldist bygð. Ef jörðin fer í auðn, er sveitarfjelagið svift þeim styrk, sem liggur í því, að góðir bændur haldist við á búum sínum, eins og jafnan hefir átt sjer stað að því er Reyðarvatn snertir. Þetta er það, sem fyrir mjer hefir vakað, er jeg nú ber þessa brtt. fram, að auk hlöðubyggingarinnar væru það þessar tvær jarðir, sem ættu að njóta góðs af þessu fje. Og ætlast jeg þá til þess beinlínis, ef þessi viðbótarstyrkur til sandgræðslunnar verður samþyktur og fær að standa, þá verji sandgræðslustjórnin 2 þús. kr. til þess að styrkja ábúanda Reyðarvatns til

bæjarflutningsins. Jeg álít þess svo ekki þörf að fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess af háttv. deild, að vel verði í þetta tekið og brtt. samþykt.

Þá kem jeg að XXIII. brtt. á þskj. 447, og stendur svo á henni, að jeg hefi sjeð og heyrt, að ríkið hefir oft orðið vel við því að taka á sig ábyrgð fyrir lánum bæði til hjeraða, sveitarfjelaga og stundum einstakra manna til ýmsra fyrirtækja, þótt stofnuð hafi verið í fjáraflaskyni, ef talið hefir verið, að fyrirtækin á einn eða annan hátt miðuðu til heilla almennings. Þó að hjer sje aðeins einstaklingur tilnefndur að hljóta þessa ábyrgð, er það hjer um að segja, að þessi kona, er hjer ræðir um, er að svo góðu kunn, að allir hljóta að játa, að enginn einstakur maður eigi slíkt fremur skilið, því að þess mun leit, að nokkur hafi látið sjer annara um að efla og styrkja íslenskan heimilisiðnað en einmitt þessi kona, sem hjer ræðir um. Hv. 6. landsk. þm. (IHB) taldi ekki þörf á að veita þennan styrk, þar eð Thorvaldsensbasarinn hefði á hendi sölu á þessum hlutum. En það, sem hjer vakir fyrir þessari konu, er frekar að kaupa munina en taka þá til geymslu og umboðssölu. Hún álítur, að með því að kaupa þessar vörur geti hún hleypt meira fjöri í og vakið áhuga manna fyrir þessum iðnaði heldur en þó að hún gæfi mönnum kost á umboðssölu fyrir þá. Ennfremur ætlast hún það fyrir, að senda vörur til útlanda, einkum til Danmerkur og Norðurlanda, til þess að kynna íslenskan heimilisiðnað á erlendum markaði. Um það, að hjer verði ekki lagt neitt í hættu af hálfu ríkissjóðs, held jeg sje óhætt að treysta hæstv. stjórn til að sjá um, að minsta kosti hæstv. fjrh. (JÞ). Hann mun vart veita nokkur lán, hvort heldur það er þessi kona eða aðrir, sem eiga í hlut, án þess að full trygging komi á móti láninu. Þess vegna tel jeg alls ekkert varhugavert við það, að þessu verði bætt við allar aðrar láns- eða ábyrgðarheimildir til stjórnarinnar í fjárlögunum. Aftur á móti, ef till. hæstv. fjrh. um að strika í burtu úr fjárlögunum allar heimildir til stjórnarinnar um að ganga í slíkar ábyrgðir verður samþykt, þá mun jeg auðvitað sætta mig við, að þessi till. sæti sömu forlögum. Og með tilliti til þess teldi jeg rjettast, að hæstv. forseti bæri fyr upp til atkvæða brtt. hæstv. fjrh. (JÞ), enda þótt jeg viti ekki, hvort þingsköpin heimila slíka tilfærslu.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer eina eða tvær brtt., sem jeg ætla að tala um; en áður en jeg tek til þess, ætla jeg að gera lítillega grein fyrir atkvæði mínu um brtt. háttv. þm. Vestm. (JJós) um styrk til vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Það standa nú ýmsar upphæðir í fjárlögunum, sem vel mætti segja um, að í raun og veru komi ríkissjóði ekki við, enda þótt ýmislegt megi til finna, sem mæli með því, að þær fái að standa þar. En mjer finst, að þær fjárhæðir ættu fyrst og fremst að standa í fjárlögum, sem ríkinu ber skylda til að leggja fram, og meðal þeirra fjárhæða tel jeg styrkinn til að leita að vatni í Vestmannaeyjum.

Landið á enn og hefir átt margar jarðir, og flestum þeirra hefir annaðhvort fylgt silfurtær lækur eða vatnsból. En það er, eins og vitanlegt er, skilyrði fyrir heilbrigði manna og lífi, og því stærra og þýðingarmeira skilyrði, sem fólkið er fleira. Það myndi því verða svo, að jarðir ríkissjóðs yrðu óbyggilegar, ef þeim fylgdi ekki vatn. Langstærsta jörð landsins eru Vestmannaeyjar. Þær hafa vaxið frá því að vera smákot upp í allstóran bæ,

og það mest fyrir dugnað eyjarskeggja sjálfra. En þeir hafa orðið að nota lekavatn af húsþökum til neyslu, og má undrast yfir þeirri nægjusemi. Af þessari jörð eru greiddar 10 þús. kr. í leigu, en það er ekki nema lítið brot af tekjum ríkissjóðs af Eyjunum. Hví skyldi ríkissjóður þá ekki eiga að leggja þessari jörð til vatn, eins og flestum öðrum jörðum? Jeg fyrir mitt leyti tel það skyldu hans, og tel því ekki nema sanngjarnt, þó að hann leggi fram ⅔ til þess að leita þar að vatni.

Jeg sje ekki, að það geti verið nein mótmæli gegn þessu, þó að Eyjarnar skuldi ríkissjóði eitthvað; síður en svo. Það ætti miklu frekar að vera meðmæli, því að þeim mun meiri nauðsyn ætti að vera að styðja þær til þessa verks, úr því að þær eru í fjárhagslegum örðugleikum.

Þá vil jeg aðeins drepa á brtt. fjvn. á þskj. 433, um styrk til Grindavíkur. Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir að hafa tekið till. þessa upp. Síðan till. þessi var tekin upp, hefi jeg átt tal við Einar Einarsson í Grindavík. Er hann vitanlega glaður yfir styrknum, en býst hinsvegar **ekki við, að hægt verði að uppfylla skilyrðin** um fjárframlag á móti, nema því aðeins, að vinna sú, **sem Grindvíkingar** hafa lagt fram og leggja fram hjer eftir, megi reiknast á móti. En hún er allmikil.

Annars læt jeg það ráðast, hvað háttv. deild gerir með þessa till. En þar sem meiri hluti fjvn. hefir skoðað staðinn, ætti hún **að vera miklu betur** kunnug þar en jeg, því að jeg hefi aldrei komið þar. Vænti jeg því hins besta af henni í þessu efni.

Þá á jeg brtt. á þskj. 447, sem fer fram á, að Þórarni Guðmundssyni fiðluleikara verði veittur sami styrkur, sem hann hafði áður, til þess að kenna fiðluspil. Till. þessi er samhljóða till., sem jeg bar fram fyrir 4 árum og háttv. Ed. fjellst þá á, en sparnaðarþingið mikla í fyrra feldi niður. Hann sendi þinginu skýrslu yfir kenslu sína þau tvö ár, sem hann hafði styrkinn. Á henni mátti sjá, að kenslan hafði borið góðan árangur, því að sumir nemendurnir höfðu komist langt á leið.

Eins og jeg tók fram áðan, fjell þessi styrkur niður í fyrra. Fór Þórarinn þá utan, meðfram til að fullkomna sig, og jafnframt af því, að hann hafði hjer engum skyldum að gegna.

Það er nú ekki svo, að hann hafi sótt um styrk í þetta sinn eða beðið mig um að flytja þessa till., heldur hefi jeg spurt hann, hvort hann myndi ekki fáanlegur til þess að taka að sjer þessa kenslu áfram með sama styrk, og því hefir hann svarað játandi.

Jeg hefi áður sýnt fram á, að það hefir mikla þýðingu fyrir þjóðina, að fiðluspil verði sem útbreiddast, að sem flestir kunni það. Því að það er ekkert, sem getur gert lífið í sveitinni ljettara en einmitt fiðluspil. Fiðlan er svo ódýrt hljóðfæri, að hver bóndi getur keypt sjer hana, auk þess, sem hún er líka eitt hið fullkomnasta hljóðfæri til þess að kenna söng eftir. Þar sem alþýðuskólum er nú altaf að fjölga, er þýðingarmikið, að sem flestir kennarar þeirra kynnu fiðluspil, svo þeir gætu kent það út frá sjer.

Það er því aðeins vegna nauðsynarinnar, að jeg ber fram þessa tillögu.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Breytingartillögur fjvn. hafa ekki sætt miklum andmælum. Er því ekki margt, sem jeg þarf að segja.

Sem vænta mátti, andmælti hæstv. fjrh. (JÞ) hækkunartillögum fjvn. við 2. gr. fjárlagafrv., en þeim andmælum hefir hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) svarað að mestu, svo að jeg þarf litlu við það að bæta.

Eins og tekið hefir verið fram áður, játa jeg fullkomlega, að hjer sje ekki um neinn gróða að ræða fyrir ríkissjóð. Það, sem því kom mjer til að fylgja þessari till., var það, að reyna að fyrirbyggja, að meiri hækkunartill. kæmust inn frá neðri deild.

Þá eru brtt. einstakra þingmanna og ráðherra á þskj. 447.

Er þá fyrst brtt. frá hæstv. fjrh. (JÞ) um 37666,67 kr. úr viðlagasjóði til jafnaðar við eftirgjafir lána. Þessa brtt. styður nefndin, og þarf því ekki um hana að fjölyrða.

Þá getur meiri hluti fjvn. ekki aðhylst tillögu háttv. 5. landsk. (JJ), að Alþingi fari að taka stöðu af manni, sem búið er að veita honum eftir till. háskólans, og veita hana öðrum. Það er síður en svo, að nefndin meti ekki Guðmund lækni Guðfinnsson mikils, en meiri hl. fjvn. telur ekki rjett að hafa þessi mannaskifti án tillagna háskólans, því að hann lítur svo á, að hart sje að víkja manni úr stöðu, sem hann hefir veitingu fyrir, meðan ekkert liggur fyrir um, að hann gegni henni ekki sómasamlega.

Þá leiðir það af sjálfu sjer, að nefndin er með till. hæstv. dómsmálaráðherra (JM) að taka upp í fjárlagafrv. fje til viðbótarbyggingar á Kleppi, því að það er samkv. þál., sem samþykt hefir verið í báðum deildum, og jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að stækkunin á Kleppsspítala sje eitthvert mesta nauðsynjamál þjóðarinnar, er með engu móti má draga lengur. Mjer er kunnugt um, að sveitarfjelag eitt, sem hefir orðið fyrir því óláni að þurfa að ráðstafa vitfirring, sem ekki hefir komist á Klepp, hefir staðið uppi ráðþrota og sent vitfirringinn hingað upp á von og óvon og honum verið komið fyrir á svonefndum Litla-Kleppi gegn meðgjöf, sem sveitarfjelaginu hefir verið um megn að greiða um lengri tíma.

Þá fellst nefndin og á till. hv. 1. þm. Rang. (EP) um hækkun á styrk til bifreiðaferða austur, eins og jeg við 2. umr. gat um, að hún myndi gera.

Út af brtt. hv. 5. landsk. (JJ) á þskj. 456, þar sem hann leggur til, að aths. um þennan styrk sje breytt, skal jeg taka það fram, að um þetta mál vísast til ummæla háttv. 1. þm. Rang. (EP), að það muni notast betur að styrknum, ef stjórnin hefir hann óskiftan, því að það eru mörg fjelög, sem keppa, og því sennilegt, að hægt verði að komast að betri kjörum, ef samið er við sama fjelagið um allar ferðirnar. Jeg efast ekki um, að stjórnin beri sig saman við sýslumenn hlutaðeigandi sýslna og hlíti þeirra ráðum við úthlutun styrksins, eftir því sem hægt er.

Þá kem jeg að V. brtt. á þskj. 447. Sú athugasemd var samþykt við 2. umr., og þá lýsti hæstv. atvrh. (MG) yfir því, að hann myndi skýra þetta mál fyrir þinginu á einkafundi í sameinuðu þingi. Annars býst jeg ekki við, að stjórnin geri bindandi samninga um þetta mál, nema leggja þá fyrir þingið áður, ef þess er kostur.

Að því er snertir brtt. um hinn væntanlega húsmæðraskóla á Staðarfelli, skal jeg taka það fram, að meiri hl. fjvn. er hlyntur þeim, því að varla er hægt að búast við, að húsmæðraskóli verði settur á stofn með minna tillagi úr ríkissjóði en hjer er gert ráð fyrir.

Þá er nefndin meðmælt fyrri lið brtt. hv. 5. landsk. (JJ) á þskj. 447,VIII, en

vildi helst, að háttv. þm. tæki aftur síðari liðinn, athugasemdina; ekki af því, að nefndin sje á móti þessum manni, heldur af því, að hún kann betur við, að stjórnin úthluti styrknum.

Þá hefir nefndin ekki getað orðið með IX. brtt. á þskj. 447, frá háttv. 1. landsk. (SE), um 800 kr. til að gefa út fræðslumálarit. Ekki af því, að hún telji ekki gott, ef hægt væri að styrkja slíkt rit, heldur af því, að hún óttast, að fleiri rit mundu koma í kjölfarið, þó ekki væri á þessu þingi, þá á næsta.

Þá er XI. brtt. á þskj. 447, frá háttv. 5. landsk. (JJ). Jeg er hissa á, að þessi háttv. þm. skuli ætlast til, að farið verði nú að breyta aftur skilyrðum um styrkinn til hjeraðsskólanna. Það lítur ekki út fyrir, að hann búist við, að hv. deildarmenn sjeu fastir í rásinni, þegar hann ætlast til, að þeir kúvendi á ekki lengri tíma en liðinn er síðan þetta var samþykt. Jeg geri ekki ráð fyrir því, og er því ekki hræddur um, að tillagan nái fram að ganga, enda tel jeg það óheppilegt af ástæðum, sem jeg tók fram þá og sje ekki ástæðu til að endurtaka nú.

Um 2. brtt. undir sama lið hefir nefndin óbundin atkvæði. Eins og vitanlegt er, þá lágu fyrir henni margar beiðnir um ferðastyrki, sem hún sá sjer ekki fært að sinna. Að hún gat ekki mælt með þessari till., er ekki fyrir þá sök, að hún sje óánægð með menn þá, sem kennaraþingið hefir valið til að mæta fyrir Íslands hönd á kennaraþinginu í Helsingfors; síður en svo. Hún telur víst, að þeir myndu verða landinu til sóma. En það, sem nefndin óttast, er, að fleiri myndu koma á eftir. Annars telur nefndin æskilegt, eins og hæstv. forsrh. (JM) tók fram, að stjórnin hefði dálitla fjárupphæð til umráða, sem hún mætti veita af ferðastyrki. Það kom til tals í nefndinni, að jafnvel mætti verja af því fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda, dálitlu í þessu skyni.

Þá gat nefndin ekki fallist á brtt. hv. 2. þm. G.-K. (BK) um styrk til Þórarins Guðmundssonar; þar sem einu sinni búið er að fella styrk þennan út af fjárlögunum, virðist nefndinni ekki hægt að taka hann upp aftur nú þegar. Hinsvegar skal jeg geta þess, að mjer persónulega er óljúft að mæla móti þessum styrk, því jeg hefði talið gott, ef ráð hefðu verið á að veita hann. Um verðleika Þórarins efast enginn. En það er hjer sem fyr, að fjárhagurinn verður að ráða.

Um brtt. XIII á þskj. 447 — aukinn styrk til sandgræðslu — hafði nefndin ekki tækifæri til að bera sig saman. En jeg fyrir mitt leyti skal taka það fram, að mjer finst öll sanngirni mæla með því, að þessum tveim mönnum á Rangárvöllum, sem nefndir hafa verið, verði veittur dálítill styrkur til að halda við býlum sínum. Um þetta hefir fjvn. vitanlega óbundin atkvæði.

Hæstv. atvrh. (MG) mintist á brtt. hv. 5. landsk. (JJ) um að lækka tillagið til fiskifulltrúans á Spáni. Nægir mjer að mestu að skírskota til þess, sem hæstv. ráðherra sagði um brtt. þessa. En þar sem hv. flm. till. var að vitna í, hve mikið Norðmenn borguðu ræðismanni sínum í Frakklandi, vil jeg benda á, að þar er alt öðru máli að gegna en hjer. Gengi frankans er mjög lágt nú, og fá þeir þar af leiðandi allmikla frankaupphæð fyrir tiltölulega fáar krónur. Aftur á móti er gengi spanska gjaldeyrisins mjög hátt, og þar af leiðandi dýrt að lifa þar. Í lögum um fiskifulltrúann, sem þetta þing afgreiddi, stendur í 3. gr.: „Landsstjórnin ákveður launaupphæðina með samningi, að fengnum tillögum bankanna, og

sá hlutinn, sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn upp í fjárlög.“

Þingið hefir því ákveðið, að stjórnin skuli í samvinnu við bankana ákveða launaupphæðina: En jeg býst ekki við, að sú launaupphæð, sem hjer er farið fram á að ákveða, sje ákveðin í samráði við bankana, og gæti þá ekki orðið annað en áætlunarupphæð.

Þá kem jeg að vatnsveitunni í Vestmannaeyjum, sem á svo marga formælendur í þessum sal. Jeg man ekki, hvort þeir eru 4 eða 5, sem hafa risið upp til að mæla með till. þessari, svo jeg býst við, að það hafi litla þýðingu, sem jeg segi. En það er nú svo, að fjvn. getur ekki enn skilið, að Vestmannaeyingar eigi ekki að kosta sjálfir að miklu eða öllu leyti þessa vatnsleit. Nefndin viðurkennir fyllilega, að Vestmannaeyingar eigi mjög örðugt með vatn, og getur því gengið inn á, að þingið styrki þá að einhverju leyti til þess að koma vatnsveitu á hjá sjer. En að þinginu beri skylda til að kosta slíka vatnsveitu að öllu leyti, finst nefndinni fjarstæða.

Út af þeim orðum háttv. 2. þingmanns G.-K. (BK), að öllum landssjóðsjörðum fylgdi annað tveggja, silfurtær lækur eða gott vatnsból, verð jeg að segja það, að þar er hann vel kunnugur, jafnvel kunnugri en í sínu eigin kjördæmi, þar sem hann segist einu sinni aldrei hafa sjeð Grindavík. Annars held jeg, að það sje hálfgerður misskilningur hjá þessum hv. þm., að lækur eða vatnsból fylgi eða hafi fylgt hverri landssjóðsjörð. Að minsta kosti get jeg nefnt eitt dæmi, sem jeg þekki, þar sem vatnsból var ekki gott, en hefir nú verið komið á fullkominni vatnsveitu af íbúunum sjálfum. Á þó landið jörðina. Þetta er á Siglufirði.

Siglfirðingar urðu að kosta sína vatnsveitu að öllu leyti sjálfir, og væri því ekkert samræmi í því, að ríkissjóður kostaði vatnsveitu í Vestmannaeyjum að öllu eða mestu leyti.

Brtt. háttv. þm. Vestm., XIX á þskj. 447, er sjálfsögð úr því að lánsheimildin var samþykt.

Þá verð jeg að minnast á lánsheimildina til stúdentagarðsins. Nefndin hefir lagst á móti henni af því, að henni þykir óráðlegt að byggja garðinn með svo háu láni. Það er ekki svo langt síðan það mál var hafið, að það er ekki von, að nóg fje sje komið. En því minna lán, sem taka þarf, því meira gagn verður að garðinum.

Þá kemur brtt. undir 23. lið á þskj. 447, frá þeim hv. 1. þm. Rang. (EP) og hv. þm. Snæf. (HSteins), um 25 þús. kr. lán til þess að koma upp verslun með heimilisiðnaðarvörur. Þetta kemur mjög flatt upp á mig. Sá flokkur, sem báðir þessir hv. þm. tilheyra, vinnur að því að losa landið við verslun. En nú virðist ekki annað sýnt en eigi að fara að flækja ríkissjóði inn í verslunarbrask fyrir einstaka konu. Og sú verslun á að vera með sömu vörur og nafngreint og gott fjelag hjer í bænum hefir með höndum, og skírskota jeg þar um til orða hv. 6. landsk. (IHB). Jeg vona, að þessi brtt. verði feld.

Þá eru brtt. á þskj. 456. Nefndin treystist ekki til að hafa á móti till. háttv. 1. landsk. (SE) um aukinn styrk til útgáfu kenslubóka handa mentaskólanum. Þegar nefndin bar upp sína till., áleit hún 2 þús. kr. nægja. Nú er það upplýst, að 2500 kr. er það minsta, sem duga mundi. Ef hægt er að fá fyrir þá upphæð kenslubækur í sögu á íslensku, þá má telja henni vel varið.

Þá er brtt. frá tveim nefndarmönnum við 15. gr., nýr liður, styrkur til Guð-

brands Jónssonar. Meiri hl. vildi ekki bera hana fram, og eru óbundin atkvæði um hana.

Um brtt. undir 4. lið á sama þskj. er sama að segja og um ferðastyrk til kennara. Hinsvegar hefir nefndin fallist á 5. brtt. á þessu þskj., að veita sjera Guttormi Vigfússyni í Stöð viðbótareftirlaun. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir ekkert ofsagt um verðleika hans.

Þá er brtt. um styrk til Byggingarfjelagsins í Reykjavík. Nefndin sjer sjer ekki fært að mæla með henni, enda í vafa um, að hann komi að verulegu haldi. Hagur fjelagsins er ekki góður; það bygði hús á dýrum tíma og á því erfitt. En hitt er mjög vafasamt, hvort svona smástyrkur kemur því að nokkru liði.

Jónas Jónsson: Hv. frsm. fjvn. (JóhJóh) áleit augnlækningastyrkinn bundinn við nafn. En úr því að hann stendur í fjárlögunum ár frá ári, þá er það sýnt, að þingið ræður þessu. Það er alveg löglegt að breyta um. Og jeg geri ráð fyrir, að það yrði bygt á þeirri trú, að sá, sem síðar hefir lært, sje betri.

Mjer fanst á hv. 1. þm. Rang. (EP), sem annars er mjer alveg sammála í bifreiðastyrksmálinu, að hann hefði ekki athugað, að það er verra, sje gamla till. látin standa. Nú stendur í fjárlögum: „bifreiðafjelag, sem njóta vill styrksins". Þetta er ekki heppilegt, vegna þess, að það eru 2—3 fjelög, sem keppa um flutninga á vegunum austur. Það verður misræmi, ef eitt er látið hafa allan styrkinn, þótt það hefði kannske ekki nema ⅓ flutnings. Ef annaðhvort B. S. R. eða Zophónías fengi styrkinn, þá yrði útundan stór hluti Árnessýslu. Jeg vil fyrirbyggja, að nokkur, er með sanngirni á nokkra kröfu til þessa styrks, verði alveg útundan. Hv. 1. þm. Rang. gerði því vel að styðja mína till., og því fremur, sem hún er vel rífleg í garð hans kjördæmis, sem ætlaðir eru ⅗ hlutar fjárins.

Jeg mun taka aftur síðari hluta brtt. á þskj. 447, 8. lið, viðvíkjandi Jóni Gunnarssyni, af því að hv. frsm. fjvn. (JóhJóh) mælir með því, að hann fái af þessu fje, og hæstv. atvrh. (MG) hefir heitið að taka það til greina.

Hv. meiri hl. fjvn. hjelt fast við skilning sinn á því, að styrkurinn til hjeraðsskóla væri bundinn við tvær eða fleiri sýslur. Hv. frsm. færði engin rök að þessu. Jeg hefi fært rök að hinu gagnstæða. Annars er svo mikil trygging í því, að húsameistari og stjórnarráð velji skólum staði, að hv. fjvn. ætti að hafa ráð á að sjá næst, að þannig er þeim málum best borgið.

Hæstv. atvrh. (MG) var á móti, að meira væri sparað við fiskifulltrúann. Þar verður hver að hafa sín rök. En það er ekki alveg rjett, sem hv. frsm. fjvn. sagði, að það væri nokkrum mun dýrara að lifa á Spáni en í Frakklandi. Franki hefir að vísu fallið mjög, en vegna styrjalda Spánverja hafa þeirra peningar einnig fallið. Og jeg sje yfirleitt enga ástæðu til þess, að við borgum fiskifulltrúa meira en Noregur borgar konsúl í Marseille. Það er alveg óvanalegt, að laun sjeu ekki ákveðin. Það er eins og þingið ætti að semja við ráðherra, hvað hann skyldi hafa að launum. Menn segja líka jafnvel, að bjóða megi í embætti, þegar upphæðin er ekki ákveðin. Jeg óska, að hæstv. atvrh. (MG) gefi upplýsingar um, hvort uppboð sje í vændum. Hann verður einnig að skýra frá, af hverju launin eru ekki fast til tekin.

Jeg gleymdi í dag að mæla með brtt. um styrk til Byggingarfjelagsins. Í húsi þess búa nú á þriðja hundrað manns. Íbúðirnar eru myndarlegar. En fjelagið á

örðugt og voru því í fyrra veittar 4—5 þús. kr., sem það notaði sjer ekki. Þetta er því endurveiting og hún er bundin skilyrði um tvöfaldan styrk annarsstaðar að. Og nú eru allar líkur til þess, að bærinn veiti það fje. Raunar býst jeg við, að engin meðmæli dugi, úr því hv. nefnd hefir snúist á móti.

Halldór Steinsson: Hv. 1. þm. Rang. (EP) talaði svo vel fyrir till. okkar um styrk til heimilisiðnaðarverslunar, að jeg taldi mig ekki þurfa þess, en hv. frsm. fjvn. (JóhJóh) gaf tilefni til þess. Jeg er alveg sannfærður um, að hv. þm. vilja styrkja þennan iðnað. Hann er nú tæplega til. Þessi litli vísir, sem til er, gengur aðallega til þess að klæða heimilin sjálf. En meðan þessi iðngrein er ekki meira rekin, getur hún ekki tekið nauðsynlegum framförum. Það verður ekki fyr en markaður er fenginn fyrir vöruna.

Þó það sje nú svo á mörgum heimilum, að ekki er vinnukraftur til, þá eru þó mörg heimili, þar sem talsvert er unnið. En það vantar alla hvöt ennþá. Jeg álít því þessa till. þarfa og fer lengra en hv. meðflm. minn, sem sagðist sætta sig við, ef till. hæstv. fjrh. (JÞ) væri samþykt. Jeg legg svo mikið upp úr þessu, að jeg get ekki sætt mig við það.

En mig stórfurðaði á því orði, er hv. frsm. notaði, er hann kallaði þetta brask. Mjer lá við að víta þetta orðbragð. Jeg sje heldur ekki, hvers vegna það þarf neinn að undra, þótt Íhaldsmenn flytji þessa brtt., og jeg skil ekki, í hvaða sambandi þetta stendur við tóbakseinkasölu. Mjer finst einmitt ágætt samræmi í því, að Íhaldsmenn flytja; þeir eru menn frjálsrar verslunar. Þessi samkepni, sem á að vera svo hættuleg Thorvaldsensbasar, er fjarstæða. Sá basar kaupir ekki til að selja. Munirnir eru teknir af eigendum til sölu. Þegar „túristar" koma, selst þetta líka á einum degi. Þá er gott að hafa verslun líka.

Jeg get yfirleitt ekki sjeð, að ummæli hv. frsm. (JóhJóh) hafi við rök að styðjast. Þetta er spor í áttina til þess að hrinda heimilisiðnaði okkar áfram, og þess er þörf.

Þá vil jeg loks þakka hæstv. dómsmálaráðherra (JM) og hæstv. atvrh. (MG) fyrir till. um 100 þús. kr. byggingarstyrk til Klepps og styrkinn til landsspítala. Loksins eftir margra ára baráttu er þessum tveim stórmálum lokið. Og afgreiðsla þeirra var slíkt nauðsynjamál, að það breiðir yfir margar syndir.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla strax að færa fjvn. þakklæti mitt fyrir það, hve vel hún hefir tekið brtt. minni á þskj. 456,II, um hækkun á styrk til útgáfu á kenslubókum handa mentaskólanum. Vænti jeg þess, að ekki þurfi að fara frekari orðum um þennan lið, þegar nefndin fylgir honum, og jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sjái, að hjer er um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Aftur get jeg ekki verið háttv. fjvn. mjög þakklátur fyrir afstöðu hennar til brtt. á þskj. 447,IX, um styrk til útgáfu fræðslumálarits. Raunar viðurkendi hv. frsm. (JóhJóh), að þessi styrkur væri nauðsynlegur, og var það þakkarvert, en mjer skildist, að hann ætti að falla af því, að hætta væri á, að farið yrði að styrkja fleiri tímarit, ef þetta yrði styrkt. En eins og kunnugt er, þá er oft gripið til þess að draga hjer upp hræðilegar myndir af afleiðingunum, þegar menn eru sem blóðþyrstastir í að drepa einhverja fjárveitingu. Jeg verð að halda fast við það, að þingið treysti sjálfu sjer til þess að meta hvert tilfelli rjett og velja úr

það, sem mest nauðsyn er á. Mjer virðist því, að þó þessu tímariti sje veittur styrkur, þá þurfi það ekki að draga neinn dilk á eftir sjer. Þess vegna er nauðsynlegt fyrst og fremst að athuga það, hvort hjer sje um nauðsyn að ræða. Fyrir þá, sem trúa á gagnsemi alþýðumentunarinnar, er nauðsynlegt og sjálfsagt að fylgja till. Nú er miklu fje varið til alþýðumentunar, en þessi litla fjárveiting gæti hæglega stutt að því, að margfalt meira gagn yrði af því fje, á þann hátt að gera kennurum og öðrum, sem áhuga hafa á kenslumálum, fært að rökræða um þau efni. Ennfremur með því að veita fræðslu um framfarir og nýjar kenningar á sviði fræðslumálanna. Slíkt tímarit sem þetta er alveg nauðsynlegt til þess að halda kennarastjettinni vakandi, þannig, að hún hafi tækifæri til þess að koma hugsunum sínum á framfæri. Þannig getur þessi litli styrkur orðið til þess í raun og sannleika, að miklu meira gagn yrði af því fje, sem veitt er nú til fræðslumála. Jeg skal svo ekki frekar taka það upp, sem jeg sagði um þennan lið við 2. umr. En jeg er sannfærður um það, að hjer er um nauðsynjamál að ræða.

Þá vil jeg minnast á nýja till. á þskj. 447, V, er jeg flyt ásamt hv. 2. þm. S.-M. (IP). Eins og mönnum er nú kunnugt, fer þessi till. fram á það, að stjórninni sje falið að leita samninga um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er lokið, enda taki Alþingi fullnaðarályktun um málið. Eins og till. stendur nú í frv., þá er stjórninni heimilað að semja endanlega, án þess að leita samþykkis Alþingis. Í raun og veru er það stjórnin, sem beðið hefir fjvn. að bera fram þessa till., og þykist hún með þessu vilja sýna Alþingi kurteisi. Jeg efast reyndar ekki um það, að stjórnin vilji sýna Alþingi kurteisi, en jeg hygg, að hjer búi annað og meira á bak við. Jeg vil halda, að stjórnin hafi viljað fá heimild frá þinginu til þess að gera endanlega samninga við Stóra norræna, og það er þetta, sem jeg álít alls ekki rjett. Jeg tel alls ekki rjett af hinu háa Alþingi að sleppa svo þýðingarmiklu máli úr höndum sjer, sem hjer er um að ræða. Jeg var svo óheppinn, að jeg kom fimm mínútum of seint til þess að heyra byrjunina á ræðu hæstv. atvrh. (MG). En það fyrsta, sem jeg heyrði hann segja, var þetta: að það þyrfti ekki að heimila stjórninni að leita þessara samninga. Það er auðvitað rjett. En hitt skemmir ekki, að það sje tekið fram, að stjórnin hafi þessa heimild, og í henni liggur það, að Alþingi telji nauðsynlegt að hefja þá samninga sem fyrst. *(Atvrh. MG*: Það er búið að hefja þá). Jæja. Það, sem mjer fanst hæstv. atvrh. (MG) hafa mest á móti till. minni, var þetta, að það gætu komið fyrir þær kringumstæður, að ekki yrði hægt fyrir stjórnina að snúa sjer til Alþingis. En við því er það að segja, að það er svo um ýms stórmál, sem heyra undir löggjafarvaldið, að þau verða að bíða þingsins, og það verður að taka þeim óþægindum, sem af því stafa. Jeg er nú ekki viss um, að hjer þurfi að verða um nokkur óþægindi að ræða. En þetta mál er svo stórt, að engin stjórn má treysta sjer til þess að ráða því til lykta án þess að spyrja þingið. Hæstv. atvrh. (MG) viðurkendi líka, að hjer væri um verulega stórt atriði að ræða, en ef samið yrði fyrir stuttan tíma í senn, þá væri það ekki eins alvarlegt. En þegar umboðið er gefið eins vítt og í frv. stend-

ur, þá getur stjórnin haft samningstímann eins og hún vill, langan eða stuttan. Og þykist hún munu geta náð sjerstaklega góðum kjörum, ef samið er fyrir lengri tíma, þá getur verið, að Alþingi líti alt öðrum augum á það og telji það óhagstætt. Yfirleitt verð jeg að halda því fram, og leggja mikla áherslu á það, að það sje svo þýðingarmikið mál, hvernig komið verður fyrir skeytasambandi við útlönd í framtíðinni, að ekki geti komið til mála, að Alþingi sleppi samningunum um það úr hendi sjer. Jeg skal taka það fram, að það var byrjað að ræða þetta mál í fyrverandi stjórn, og var fullkomið samkomulag um það, að málinu yrði ekki ráðið til lykta án samþykkis Alþingis. Jeg tel það líka mjög óvarlegt fyrir stjórnina að ráða þessu máli til lykta án þess að bera það undir Alþingi, jafnvel þótt hún teldi sig hafa heimild til þess.

Jeg þykist nú hafa gert grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, og vænti jeg þess, að háttv. þingdeild taki það til alvarlegrar íhugunar, hvort athugasemdir mínar sjeu ekki á rökum bygðar, einkum að því er til stjórnarinnar kemur, því að hjer er um verulega stórt og þýðingarmikið mál að ræða.

Þá ætla jeg að minnast á till. hv. 5. landsk. (JJ) um lækkun fjárveitingar til sendimanns á Spáni úr 10 þús. í 6 þús. kr. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að sá banki, sem jeg er í, er mjög óþolinmóður yfir því, að þessi maður er ekki sendur. Við höfum rekið okkur á ekki eitt heldur mörg tilfelli, er bæði einstakir menn og landið í heild sinni hefir beðið stórtjón af þessu, og gæti jeg nefnt mörg slík dæmi, ef jeg teldi leyfilegt að draga hjer inn í nöfn einstakra manna. En hæstv. atvrh. (MG) getur vottað, að jeg hefi oft komið til hans til þess að herða á þessu máli, því að við álítum, að það sje hættulegt að hafa ekki mann á Spáni, sem við getum treyst til þess að gefa okkur ýmsar upplýsingar, t. d. hvort þar sje mikill eða lítill fiskur á markaðinum. Þannig verður bankinn oft að vera í vafa og vanda, af því hann vantar upplýsingar um ýms atriði vegna þess, að við höfum engan trúnaðarmann á Spáni. Háttv. 5. landsk. (JJ) rökstuddi þessa till. sína með því, að Norðmenn borguðu ekki meira sendimanni, sem þeir hefðu einhversstaðar á Frakklandi. En jeg verð að leggja áherslu á það, að það er ekki sama, hver maðurinn er. Það þýðir ekki að senda mann, nema hann hafi sjerstaka þekkingu og hæfileika til starfsins. Ef ekkert væri um það hugsað, þá mætti efalaust fá ýmsa menn í sendiför þessa fyrir 6 þús. kr. og að auki tillagið frá bönkunum. En hjer er aðalatriðið, eins og jeg veit, að stjórnin skilur — og jeg er henni þakklátur fyrir það —, að fá færan mann til starfsins En það er ekki hægt að fá færa menn til þess að hafa með höndum þýðingarmikil störf fyrir smápeninga. Það skiftir því litlu, hvort manninum eru borgaðar 5 þús. kr. meira eða minna, þar sem tillögur hans eru svo þýðingarmiklar, að þær geta munað landið ekki um eina miljón kr., heldur um margar miljónir króna á ári. Jeg hefi reynt að setja mig inn í fiskverslunina á Spáni, og jeg hefi sannfærst um það, að það má ekki spara neitt til þess, að menn geti vitað, hvað líður á fiskmarkaðinum, ekki aðeins vegna bankanna, heldur einnig vegna viðskiftamannanna.

Jeg er því ekki í neinum vafa um það, að með samþykt þessa frumvarps um erindreka á Spáni, þá hefir þetta þing afgreitt langþýðingarmestu lögin, sem nú

hafa legið fyrir. Og jeg vænti þess, að hæstv. stjórn hugsi ekki um það eitt að fá sem ódýrastan mann til starfsins, heldur þann hæfasta, sem hún álítur, að hún geti fengið.

Loks vildi jeg minnast á till. á þskj. 447,II, um Guðmund Guðfinnsson í sambandi við styrk til augnlæknis. Í fjárlögunum stendur nú aðeins: styrkur til augnlæknis, 1 þús. kr. Jeg vil sjerstaklega gera þá athugasemd, að jeg treysti þeim manni, sem nefndur er í till. hv. 5. landsk. (JJ), mjög vel til þess að hafa þann starfa á hendi, sem þessum styrk fylgir. En hinsvegar álít jeg, að það sje stjórnarinnar en ekki Alþingis að skera úr því, hver skuli fá styrkinn. Jeg vil gera þessa athugasemd um leið og jeg læt þess getið, að jeg mun greiða atkvæði á móti tillögunni. En það er sem sagt alls ekki vegna þess, að jeg vantreysti Guðmundi lækni Guðfinnssyni. Þvert á móti; jeg ber hið fylsta traust til hans.

Jeg vil ennfremur lýsa afstöðu minni til brtt. á þskj. 447,XXIII, þeirrar till., er nú lítur út fyrir, að hv. stjórnarflokkur ætli að klofna um. Það er 30 þús. kr. lán til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að koma á fót útsölu á heimilisiðnaði. Jeg tek undir með háttv. frsm. (JóhJóh) um það, að landið eigi ekki að leggja fje í slíka verslun, og það því fremur, sem ríkið er nú að leggja verslun sína sem mest niður. Jeg fæ ekki betur sjeð en að ef þessi styrkur er veittur, þá sje þar með viðurkent, að menn treysti ekki frjálsri verslun til þess að leysa þetta spursmál. Það lítur óneitanlega dálítið undarlega út, ef leysa þarf einhver sjerstök mál, þá snúi þeir sjer til ríkisverslunar. Annars hefir háttv. Íhaldsflokkur löngum verið blendinn í spursmálinu um frjálsa verslun, og má vera, að jeg fái tækifæri til þess að minna síðar á það. En jeg tek það fram, að í þessu máli mun jeg með atkvæði mínu styðja þann helming Íhaldsflokksins, sem styður frjálsa verslun.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi segja hjer nokkur orð út af misskilningi 2 hv. þdm. á brtt. á þskj. 447,XXIV, um að 25. gr. falli burt. Þessi tillaga á aðeins við það, að greinin falli burtu eins og hún er nú. En í henni stendur nú aðeins eftirgjöf á þrem lánum úr viðlagasjóði, og samkvæmt tillögum mínum eru þær eftirgjafir komnar inn í aðrar gr. frv., svo þessi burtfelling er aðeins afleiðing af þeim tillögum.

Jeg segi ekkert um ábyrgðarheimildir þær, sem nú er farið fram á að setja inn í 25. gr. og nema alls 245 þús. kr. Jeg vísa aðeins til þess, sem jeg sagði um það við 2. umr. Jeg óska eftir því að vera laus við allar heimildir til þess að ábyrgjast lán fyrir hönd ríkissjóðs.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg býst ekki við því, að jeg þurfi mikið að tala um till. um lækkun á fjárveitingu til sendimanns á Spáni, efir það að háttv. 1. landsk. (SE) hefir tekið svo röggsamlega í strenginn. Jeg er honum alveg sammála um það, að það eigi ekki endilega að taka lægsta boði, en hitt er sjálfsagt, að gera það að öðru jöfnu. En jeg mun annars bera veitingu þessa starfs undir bankana. Jeg tel sjálfsagt, að þeir fái að segja álit sitt, þar sem þeir leggja fram fje til starfsins. Háttv. 1. landsk. (SE) getur því verið rólegur, því að hann fær áreiðanlega að segja álit sitt í þessu efni.

Svo var þetta undirboð eða uppboð, sem háttv. 5. landsk. (JJ) var að tala

um, að halda ætti á þessari stöðu. Jeg verð að segja það, að til mín hafa þessi undirboð ekki komið. Það er þá líklega svo, að einhver hefir ætlað að spila með hv. þingmann (JJ) með því að láta hann hlaupa með þetta, eða þetta er bara ein af venjulegum Gróusögum háttv. þingmanns, sem hann hefir svo gaman af að fara með. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að fá góðan mann til þessa starfs, nema með því að borga honum sæmilega, því uppihald er þarna dýrt, og auk þess verður að gera ráð fyrir talsvert miklum og dýrum ferðalögum, en kostnaðurinn við það á að felast í upphæðinni, að því leyti sem ríkissjóði ber að greiða hann.

Þá talaði háttv. 1. landsk. (SE) enn um símasamninginn og gerði mikið úr því, að þingið kastaði frá sjer miklu valdi með þeirri tillögu, sem samþykt var við 2. umr. með nær öllum atkvæðum, að jeg held. Hann virðist þá ekki hafa verið búinn að koma auga á þetta, enda gekk öll hv. fjvn. inn á það og taldi það sjálfsagt. (*JJ*: Þetta er viðbótartill.). Ekki minnir mig það. Þetta er alveg ný orðun á seinni liðnum. (*SE*: Það er vel hægt að samþykkja þessa tillögu samt). Hún fer þó í öfuga átt við hina tillöguna, enda væri hv. þm. (SE) annars að berjast til einskis, ef alveg stæði á sama, hvað samþykt væri. Ef till. er samþykt í þessu formi, þá er sagt, að stjórninni sje veitt heimild til þess að leita samninga. En þeirrar heimildar þarf stjórnin ekki. Jeg veit til þess, að stjórn Dana lítur svo á, að hún þurfi enga heimild til samninganna, en hún er, eins og kunnugt er, einn aðili í þessu máli. Og mjer finst málið horfa þannig við, að þingið hafi enga möguleika til þess að komast að betri kjörum en stjórnin. Þingið getur ekki farið til Danmerkur til að semja. Annars hefi jeg ekkert á móti þessari tillögu, ef ekki væri hætt við því, að við mistum, í bili að minsta kosti, samband við umheiminn. Ef upp úr samningum slitnar, þá verður að setja upp stóra loftskeytastöð og semja við annað land um að hafa samskonar stöð, er sje við því búin að taka skeyti hjeðan og senda skeyti hingað. Má vera, að til þess þurfi að reisa nýja loftskeytastöð, því að engin slík stöð mun vera til í Danmörku eða Noregi, og líklega ekki á Englandi. Mjer virðist því best að láta tillöguna standa eins og hún var samþykt við 2. umr. En hitt er sjálfsagt, ef tími er til og aðrir aðiljar hafa ekki á móti því, að bera samningana undir þingið. Það er vitanlega ekki til annars en að firra stjórnina ábyrgð. Hitt bið jeg menn að gera sjer ljóst, að af þessari tillögu getur það leitt, að landið verði sambandslaust við umheiminn vegna þess, að stjórnin geti ekki náð til þingsins í tíma, til þess að bera samningana undir, álit þess og samþykki.

Guðmundur Ólafsson: Það hefir að mestu verið ljett af mjer ómakinu að taka hjer til máls. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir leiðrjett misskilninginn viðvíkjandi brtt. á þskj. 447,XXIV, um eftirgjafir lána, og þarf jeg ekki að fara um það frekari orðum. En það er annað atriði hjer, sem jeg get ekki stilt mig um að minnast á. Það er till. þeirra háttv. 1. þm. Rang. (E-P) og háttv. þm. Snæf. (HSteins) um ábyrgð til handa Halldóru Bjarnadóttur til þess að stofna verslun með heimilisiðnaðarvörur. Það er næstum hálfspaugilegt, hvað mörgum hv. þdm. virðist mikil þörf að mótmæla þessu. Og eins lagði hv. frsm. (JóhJóh) mikla áherslu á það að fá deildina til að líta svo á, að fjvn. væri öll á einu máli um að neita um þetta,

Þessu vil jeg neita fyrir mína hönd og jafnvel fleiri í nefndinni. Það er ekki venja að mótmæla till. fyr en búið er að tala fyrir þeim, en svo hefir þótt mikið við liggja hjer, að einn hv. nefndarmanna talaði á móti till. áður en hv. flm. höfðu mælt fyrir henni. Það er nokkuð undarlegt, ef á að heimfæra þetta fyrirtæki undir einkasölu, eins og hv. 1. landsk. (SE) gerði. Hann talaði um, að stjórnarflokkurinn hefði klofnað í málinu, með því að tveir hv. þm. úr þeim flokki beri till. fram, en tveir hafi lagst á móti, háttv. frsm. (JóhJóh) og hv. 6. landsk. (IHB). Annars var ekki annað, sem hv. þm. sagði til andmæla, en tómt rugl og endileysa. Hann var að tala um, að hjer væri stofnað til einkasölu, þó vitanlegt sje, að einungis sje um heimild að ræða til að ábyrgjast lán gegn fullri tryggingu handa þeim einstaklingi, sem manna mest hefir gert og lagt á sig fyrir íslenskan heimilisiðnað. Mun enginn ætlast til, að ábyrgð þessi sje veitt, nema fulltryggilega sje gengið frá því, svo að ríkissjóði verði ekki að tjóni.

Þó tilætlunin hjá hv. 1. landsk. hafi verið sú, að láta líta svo út, sem þetta mál myndi kljúfa stjórnarflokkinn, þá er víst enginn flokkur klofnari, hvorki í þessu nje nokkru öðru máli, heldur en einmitt flokkur hv. þm. (SE). Sýnir þetta aðeins, hvað ósanngirnin og fjarstæðurnar geta gengið langt.

Eggert Pálsson: Jeg get verið háttv. frsm. (JóhJóh) þakklátur fyrir ummæli hans og undirtektir undir sumar af brtt. mínum, t. d. þá á þskj. 447,IV, og að nokkru leyti brtt. XIII á sama þskj. Fengu báðar þessar brtt. öllu betri undirtektir en jeg hafði leyft mjer að gera mjer vonir um eftir það, sem á undan var gengið. Get jeg eftir ummælum hv. frsm. vænst þess, að hann og fleiri samnefndarmenn hans greiði brtt. þessum báðum atkv. nú við 3. umr.

Hinsvegar get jeg skiljanlega ekki þakkað hv. frsm. fyrir ummæli hans um brtt. XXIII á þskj. 447, eða fyrir orð þau, sem hann ljet falla í minn garð í sambandi við hana. Eins og hv. þm. hafa heyrt, þá álítur hv. frsm., að við höfum ekki komið fram sem góðir og trúir Íhaldsmenn í þessu máli, og tók háttv. 1. landsk. (SE) í sama streng. Kom þeim saman um, að við, sem flytjum þessa brtt., hefðum með flutningi hennar þverbrotið stefnu eða „princip" Íhaldsflokksins. En við skulum nú athuga þetta nánar. Fyrst og fremst verður nú ekki talið, að í brtt. okkar felist nokkurt vantraust á hæstv. stjórn, en trúnaður við hana hlýtur að vera grundvöllur undir stefnu hvers stjórnarflokks. Hjer er ekki nema um ábyrgðarheimild að ræða, og við treystum einmitt hæstv. stjórn til að veita ekki ábyrgð ríkissjóðs, nema fulltrygt sje, að lánið verði greitt. Þá get jeg heldur ekki viðurkent, að um brot á verslunarfrelsi sje hjer að ræða. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að við hliðina á þessari verslun geti risið upp aðrar samskonar verslanir, sem þeir menn stofni, sem kringumstæður hafi til þess og ekki þurfa að leita til ríkissjóðs um aðstoð. Sannleikurinn er sá, að við flm. brtt. erum svo góðir fylgjendur frjálsrar verslunar, að við viljum, að samkepni geti átt sjer stað. Annars skal jeg lýsa yfir því, út af þeim orðum, sem hjer hafa fallið um það, að með þessu væri Thorvaldsensfjelaginu sýnd ónot, að tilætlun mín með þessu var fyrst og fremst sú, að þessi væntanlega verslun opnaði markað fyrir heimilisiðnaðarvörur okkar erlendis, en það er næsta

lítið, sem Thorvaldsensfjelagið hefir unnið að slíku. Það hefir látið sjer nægja að selja það, sem selt hefir orðið hjer heima, og til þeirra útlendinga, sem komið hafa hingað til lands. En jeg býst við, að ef þessi nýja verslun kemst á fót, þá muni verða kappkostað að láta útlendinga hafa greiðan aðgang að þessum vörum, og þá væntanlega sett upp útibú erlendis í því augnamiði, sjerstaklega í Danmörku. Myndi þá eftirspurn aukast mjög eftir íslenskum iðnaðarvörum, og afleiðing þess yrði þá aftur sú, að meira yrði framleitt af þeim í landinu. Nú sem stendur geta menn ekki gert sjer vonir um að selja nema sjal og sjal og par og par af sokkum, annað er flest sent heim aftur, því eftirspurnin er lítil og ekkert gert til að glæða hana. En meðan svo er ástatt, er þess ekki að vænta, að áhugi manna úti um land fyrir auknum heimilisiðnaði sje mikill. Hvötin kemur hjá fólkinu fyrst, er það getur vænst árangurs af iðju sinni. Jeg held því, að það, sem okkur flokksmennina skilur, sje það eitt, að við, sem að brtt. stöndum, höfum í þessu efni víðari sjón en hinir og meiri skilning á því, hvað hægt sje að gera og hvað nauðsyn beri til að gera heimilisiðnaðinum til þrifa og blómgunar. En það væri ómannlegt að álasa þeim fyrir það, þó þeir hafi ekki eins opin augu fyrir þessu eins og við.

Þá vil jeg í fám orðum minnast á ágreining minn og hv. 5. landsk. (JJ) um styrkinn til bifreiðaferða austur í sýslur. Jeg verð að segja, að mjer finst óviðkunnanlegt, að hann komi með brtt. um þetta, öllum hlutaðeigandi að óvörum, og sem við höfum ekki fengið færi á að átta okkur á, þó hún kunni að hafa mikið til síns máls. Hinsvegar get jeg ekki fallist á, að nauðsynlegt sje að skilja brtt. svo, að ef hún verði samþykt, þá sje hæstv. stjórn bundin við að semja aðeins við eitt bifreiðafjelag. En eins og jeg tók fram, þá þykir mjer lakara, hve brtt. þessi kom öllum að óvörum, og neyðist jeg því til að greiða atkvæði á móti henni, þó jeg að vissu leyti geri það á móti samvisku minni.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 447,II, um styrk til augnlækninga handa Guðmundi lækni Guðfinnssyni. Jeg vil undirstrika það, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði um þetta, að jeg ber fylsta traust til þessa læknis, en jeg tel samt sem áður mjög óviðkunnanlegt, að Alþingi skuli vera að ákveða, hver fái þennan styrk, og grípa þannig fram fyrir hendur hæstv. stjórnar. Getur slíkt haft ýmisleg óþægindi í för með sjer. Má benda á, að ekki situr altaf sama stjórn við völd, og mætti því fara svo, að sterkasti flokkurinn í þinginu rjeði því hverju sinni, hver hlyti svona styrk. Langsamlega rjettast væri, að stjórnin rjeði því í samráði við háskólann. Og hvað þessari umræddu brtt. viðvíkur, þá verð jeg að láta það í ljós, að hversu mikið traust, sem jeg hefi á Guðmundi Guðfinnssyni, þá hefi jeg heldur enga ástæðu til að vantreysta núverandi styrkþega og finst sem honum sje óvirðing sýnd með því að binda styrkinn við nafn annars manns.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er búið að ræða svo mikið um brtt. á þskj. 447, að það er næstum því að bera í bakkafullan lækinn að fara að auka þær umr., en þar sem mjer finst kenna ókunnugleika á málinu í ræðum hv. þm. um starfsemi Thorvaldsensfjelagsins, þá ætla jeg að segja fáein orð til skýringar.

Það eru nú um 25 ár síðan fjelagið stofnaði þessa útsölu — Thorvaldsens-

basarinn — sem allir þekkja. Það var árið 1900, sem basarinn tók til starfa. Tilgangur fjelagsins með stofnun þessarar útsölu var sá, að opna markað fyrir heimilisiðnaðarafurðir.

Það var þá enginn staður til þess að selja slíka muni á, og brátt varð Thorvaldsensfjelagið að stækka húsnæðið. Það hefir verið sagt, að það væri agnúi á útsölunni, að Thorvaldsensbasarinn hefði ekki keypt munina. Þetta er að vísu satt, en þó hefir fjelagið á undanförnum árum gert nokkuð að því að kaupa muni af framleiðendum. Í skýrslu frá árinu 1912 má sjá, að fjelagið hefir keypt muni fyrir 2500 kr. að meðaltali árl. síðan. Það er ekki lítil upphæð, en aðallega hefir útsalan verið bygð á því að taka við munum og selja þá gegn 10% sölulaunum. Jeg var í stjórn fjelagsins þá, er byrjað var á útsölu Thorvaldsensfjelagsins, og starfaði auk þess við útsöluna í nokkur ár. Fyrst í stað var vinnan alment ekki falleg, og ef hægt hefði verið að kaupa munina af framleiðendunum við móttöku, þá hefði eflaust mátt hafa nokkuð meiri áhrif á vöruvöndunina. En ekki má ganga fram hjá því, að fjelagskonur hafa með starfi sínu og leiðbeiningum haft mikil áhrif á vöndun vinnunnar, eflt iðjusemi og veitt mörgum skilding í vasa sumra þeirra, sem lítið höfðu handa á milli. Á þessum árum, frá 1900 að telja, er basarinn búinn að selja, að því er jeg best veit, fyrir 450 þús. kr. Ekkert hefir farið í rekstrarkostnað nema það, sem húsnæði, hiti, ljós og ræsting hefir kostað. Konurnar hafa gefið vinnu sína, sumar alveg frá byrjun. Frú Þórunn Jónassen var formaður basarnefndarinnar frá byrjun og vann altaf einn dag í viku og nokkuð alla virka daga á meðan hennar naut við. Því er ekki rjett að tala um, að hjer vanti útsölustað fyrir heimilisiðnað og að ekkert hafi verið gert til eflingar heimilisiðnaði í landinu. Jeg þykist hafa fært sönnur á, að svo er ekki. Fyrir tveimur árum var opnaður annar basar, „Nýi basarinn". Hann hafði fyrst aðsetur sitt í Lækjargötu, en fluttist síðan upp á Laugaveg og starfar þar enn. Í báðum þessum útsölum er nóg rúm til þess að taka við varningi þeim, sem að berst; framleiðslan er ekki meiri en svo. Thorvaldsensbasarinn hefir selt til útlanda bæði einstökum mönnum og verslunum, sem hafa skrifað basarstjórninni og beðið um að senda vetlinga, sokka, vaðmál, band og sitthvað fleira. Margar sendingar hafa verið sendar; jeg get ekki sagt með tölum, hvað margar. Síðan 1912 hefir basarinn selt fyrir 326 þús. kr. heimilisiðnaðarvörur, svo að auðsjeð er, að salan er að aukast.

Mjer er kunnugt um, að kona sú, sem hjer er farið fram á lánsábyrgð fyrir, hefir boðið basarnefnd Thorvaldsensfjelagsins að taka að sjer basarinn; en því tilboði var hafnað. Þannig hefði hann þá orðið starfræktur af einni konu, í stað nefndar, sem 7 konur skipa, og er það álitamál, hvort það fyrirkomulag hefði orðið affarasælla. Þannig er ekki hægt að neita því, að Thorvaldsensfjelagið hefir gert allmikið til þess að efla heimilisiðnaðinn og stuðlað að því, að fólk gæti komið vinnu sinni í peninga, sem ella hefði engan markað haft fyrir hana.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að árið 1912 var stofnað Heimilisiðnaðarfjelag Íslands, og voru stofnendur Jón Þórarinsson fræðslumálastjóri, Matthías Þórðarson fornmenjavörður o. fl. Lög

voru samin og menn gengu í fjelagið, en færri en æskilegt hefði verið. Menn norðan af Akureyri komu á fundi og tóku vel í málið, en þó náðist ekki sú samvinna við Norðlendinga, sem við hefðum óskað. Skömmu síðar var svo stofnað heimilisiðnaðarfjelag á Akureyri. Fyrir 1912 hafði enginn slíkur fjelagsskapur verið hjer á landi, en síðan allmikill, bæði hjer, á Akureyri og víðar. Brátt komst á fót Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Í fjárlögum hefir Sambandi ísl. heimilisiðnaðarfjelaga jafnan síðan verið veittur nokkur styrkur, en alt of lítill, því eins og skýrslur fjelaganna bera með sjer, hafa þau gert mikið gagn.

Það kom fram hjá öðrum hv. flm. þessarar brtt., að ef til vill legðust menn á móti henni, vegna þess að lánbiðjandi væri einstaklingur. Það væri óneitanlega mun aðgengilegra, að fjelög stæðu á bak við slíka starfsemi en einstaklingur, sbr. margar hendur vinna ljett verk. Þótt sölulaunin, sem Thorvaldsensfjelagið hefir tekið, sjeu ekki hærri en 10%, þá hefir þó safnast allálitur sjóður fyrir þessi sölulaun, og er það stofnfje í Barnauppeldissjóði Thorvaldsensfjelagsins, en þann sjóð hafa fjelagskonur eflt á ýmsa lund, og nemur hann nú um 56 þús. kr. Jeg held því, að ekki sje hægt að segja með sanni, að þær hafi látið ógert það, sem hægt var að gera í þessu efni, heldur slegið tvær flugur í einu höggi: eflt heimilisiðnaðinn í landinu og hlúð að smælingjunum.

Hvort nú er tími til kominn að koma á fót þeirri verslun, sem hjer er farið fram á, skal jeg ekki kveða neinn dóm um, en jeg hygg, að hann sje ekki enn kominn. Ungfrú Halldóra Bjarnadóttir var 1920—23 starfandi fyrir bæði fjelögin, Heimilisiðnaðarfjelag Íslands og Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands, og fór þá fram á það við fjelögin, að þau settu á stofn samskonar útsölu og hjer um ræðir; en sambandsstjórninni bæði hjer og norðanlands þótti þetta ótímabært, og þannig gátu sambandsstjórnin og ungfrú Halldóra Bjarnadóttir ekki átt samleið lengur. En jeg efast ekki um, að hún fylgi starfi fjelaganna með samúð. Mun jeg svo ekki fjölyrða um þetta, en get ekki lagt til, að lánið verði veitt.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg get ekki verið hæstv. forseta (HSteins) sammála um, að orðið „verslunarbrask" sje óþinghæft orð. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að orðið „svindelbrask" var notað í hv. Nd. og var ekki átalið. Vona jeg þó, að öllum skiljist, hversu mikill munur er á þessum tveim orðum. Orðið „verslunarbrask" get jeg ekki sjeð, að sje á neinn hátt móðgandi. *(Forseti:* Það var ekki átalið). Hæstv. forseti gaf það að minsta kosti í skyn, að hann teldi það óþinghæft.

Jeg get ekki annað en haldið því fram, að ríkið eigi ekki að ábyrgjast lán til verslunarrekstrar einstaklinga. Hv. 6. landsk. (IHB) tók það rjettilega fram, að þetta væri ekki tímabært, enda verð jeg að segja það, að mjer finst það undarleg fjármálapólitík, ef sama þingið, sem neitar lánum til hafnarbóta og annara nauðsynjafyrirtækja, heimilar að ganga í ábyrgð fyrir einstakan mann til að setja á stofn verslun. Allir sjá, að ekki er mikið samræmi í þessu.

Jeg gleymdi að geta þess, að hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) gerði ágreining um þessa brtt. í fjvn. Nú hefir hann sjálfur bætt

úr þeim misgáningi, en hinir nefndarmenn eru sammála um að leggja á móti brtt.

ATKVGR.

Brtt. 433,1 samþ. með 11:1 atkv.
— 433,2 samþ. með 11:1 atkv.
— 433,3 samþ. með 11:1 atkv.
— 433,4 samþ. með 11:1 atkv.
— 447,I.1 samþ. í e. hlj.
— 447,I.2.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 447,I.2.b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 433,5.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 433,5.b samþ. í e. hlj.
— 447,II feld með 8:4 atkv.
— 447,III samþ. í e. hlj.
— 447,IV samþ. með 12 shlj. atkv.
— 456,I feld með 9:3 atkv.
— 447,V feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IP, JJ, SE, EÁ, GÓ.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, JM, SJ, BK, EP, HSteins.

Brtt. 456,II samþ. með 10 shlj. atkv.
— 447,VI samþ. með 12 shlj. atkv.
— 447,VII.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 447,VII.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 447,VII.c samþ. með 11 shlj. atkv
— 447,VIII samþ. með 13 shlj. atkv. Aths. við liðinn tekin aftur.
— 447,IX samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSn, IP, JJós, JM.

nei: EP, IHB, JóhJóh, HSteins.

Brtt. 447,X samþ. með 13 shlj. atkv.
— 447,XI.1 feld með 9:3 atkv.
— 447,XI.2 samþ. með 8:5 atkv.
— 433,6 samþ. með 11:1 atkv.
— 456,III samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, IHB, JJós, JM, SE, BK, HSteins.

nei: IP, JóhJóh, JJ, SJ, SJ, EP, EÁ.

Brtt. 456,IV samþ. með 8:3 atkv.
— 447,XII feld með 8:5 atkv.
— 447,XIII samþ. með 11 shlj. atkv.
— 433,7 samþ. með 10:3 atkv.
— 447,XIV samþ. í e. hlj.
— 447,XV feld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IP, JJ.

nei: SJ, BK, EP, EÁ, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, HSteins.

Brtt. 447,XVI.1 samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, SJ, BK, EP, GÓ, HSn, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

nei: EÁ.

Brtt. 447,XVI.2 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, JJós, JJ, SE, SJ, BK, EP, EÁ.

nei: GÓ, IHB, IP, JóhJóh, JM, HSteins.

Brtt. 449 feld með 8:4 atkv.
— 447,XVII feld með 8:5 atkv.
— 433,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 456,V samþ. með 13 shlj. atkv.
— 447,XVIII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 447,XIX samþ. með 13 shlj. atkv.
— 447,XX feld með 9:4 atkv.
— 447,XXI feld með 9:4 atkv.
— 447,XXII samþ. með 8:3 atkv.
— 447,XXIII feld með 8:6 atkv., að viðhöfu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EP, GÓ, IP, JJ, HSteins.

nei: SE, BK, EÁ, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM.

Brtt. 447,XXIV samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 469).

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 469, 482, 486, 492, 494, 495, 502, 504).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 486, 492, 494, 495, 502 og 504. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. fyrri kafla (Þórarinn Jónsson): Jeg vænti þess að geta orðið stuttorður að þessu sinni, en þó vil jeg leyfa mjer að drepa lítið eitt á gang málsins síðan það fór hjeðan úr deildinni. Þegar fjárlagafrv. fór úr þessari hv. deild til hv. Ed., var tekjuhallinn áætlaður um 356 þús. kr., en þegar það kemur hingað aftur, er tekjuhallinn orðinn 375 þús. kr. Þetta lítur nú ofursakleysislega út á pappírnum, en þegar nánar er að gætt, verður hallinn af völdum hv. Ed. miklu hærri. Hún hefir sem sje hækkað tekjuáætlunina um 130 þús. kr. Auk þess hefir hún lækkað ýmsa útgjaldaliði, er þessi hv. deild hafði samþykt, en hækkað aðra, og nema hækkanir hv. Ed., umfram lækkanir hennar, um 149 þús. kr.

Sumar af till. Nd., sem Ed. hefir felt niður, hefir hún bara látið niður falla til að sýnast, því að þær voru orðnar samningsbundnar og hv. Ed. vissi um þá samninga. Fjvn. Nd. hefir ekki sjeð sjer annað fært en að taka þá liði upp aftur.

Þá skal jeg leyfa mjer að minnast á þær breytingar, sem nefndin hefir ekki hreyft við. Er þá fyrst fyrir ríkisráðskostnaðurinn, sem hv. Ed. hefir hækkað úr 4000 kr. upp í 6000 kr. Þótt nefndin í Nd. telji að vísu 4000 kr. nægilega háa upphæð, hefir hún þó ekki viljað hreyfa við þessu, til þess að forðast alt stríð við háttv. Ed.

Þá er breyting við 12. gr. Styrkurinn til utanferða lækna hækkaður um 1000 kr. og ekki bundinn við nafn. Nefndin hefir ekkert haft við það að athuga.

Viðvíkjandi fjárframlaginu til bygginga heilsuhælis á Norðurlandi hefir hv. Ed. bætt inn aths. til bóta, sem sje, að sú greiðsla verði ekki int af hendi nema „trygging sje fyrir því, að einnig verði fyrir hendi sama upphæð, sem síðari fjárveitingunni úr ríkissjóði nemur.“ Jeg skil það svo, að fyrri greiðslan verði ekki int af hendi fyr en sú trygging er komin.

Þá hefir hv. Ed. sett inn í 13. gr. 4000 króna fjárveitingu til Langadalsvegar. Nefndin hefir ekkert haft við það að athuga, því að bæði er upphæðin lítil og brýn þörf fyrir hendi.

Enn hefir hv. Ed. gert eina smábreytingu við 13. gr. Hún hefir hækkað kostnaðinn við aðalskrifstofu landssímans um 2000 kr. Nefndin telur þetta rjett eftir atvikum og hefir ekki viljað hrófla við því, til þess að forðast stríð við hv. Ed.

Þá vil jeg minnast á brtt. nefndarinnar við 12. og 13. gr. Fyrri brtt. við 12. gr. er sú, að hækka styrkinn til augnlækningaferða kringum land úr 500 upp í 1000 kr. Er það tilætlun nefndarinnar, að styrkur þessi skiftist að jöfnu milli augnlæknanna tveggja hjer, Helga Skúlasonar og Guðmundar Guðfinnssonar. Það hefir áður verið kvartað undan því, meðan augnlæknirinn var einn, að hann kæmi á of fáa staði, og nú hefir Guðmundur Guðfinnsson sótt um 500 kr. styrk til ferðalaga. Nefndin álítur þessu fje því vel varið og ætlast til, að landinu verði skift niður á milli þeirra. Mætti skifta landinu niður eftir tillögum landlæknis, og yrði þá sjeð um, að þeir hefðu dvöl á að minsta kosti einni eða tveimur höfnum í hverri sýslu og ferðuðust ef til vill eitt-

hvað landveg, þar sem brýna nauðsyn bæri til.

Þá er önnur brtt. við 12. gr., hækkun til sjúkraskýla og læknisbústaða, 14 þús. kr. Þessi hækkun kann nú að virðast undarleg, en hjer stendur alveg sjerstaklega á. Nefndin ætlast til þess, að hækkun þessi gangi til Reykhólahjeraðs og Hofsóss. Á Hofsósi er svo ástatt, að þangað er nýkominn læknir, en hann er á förum aftur, og hjeraðið getur ekki fengið lækni aftur, nema leggja honum til bústað. Nú er læknishús þar til sölu með góðum kjörum. Kaupverðið er 10 þús. kr. Má hafa þar 4—5 sjúkrarúm og fylgir auk þess með í kaupinu fjós og hlaða. Þetta er talið þurfa einhverrar aðgerðar við, en álitið, að 6000 kr. nægi sem ⅓ hluti kostnaðar. Nefndin áleit ekki rjett að neita um þessa fjárhæð, þar sem svona stóð á.

Að því er snertir hitt hjeraðið, Reykhólahjerað, þá hefir það verið læknislaust síðustu 5 árin og hjeraðsbúar orðið að leita læknis til Hólmavíkur. Nú hafa hjeraðsbúar keypt jörð; landlæknir vill láta byggja, því að hjeraðið verður læknislaust þangað til. Áætlaður kostnaður er ca. 30 þús. kr., en nefndin telur, að hann muni ekki fara fram úr 24 þús. kr., þar sem byggingarefni hefir lækkað í verði. Hún hefir því lagt til, að þessu hjeraði verði veittar 8 þús. kr. sem ⅓ kostnaðar.

Þá er brtt. við 13. gr., um að hækka styrkinn til Eimskipafjelags Íslands úr 45 þús. kr. upp í 60 þús. kr. Eimskipafjelagið hefir farið fram á þessa hækkun. Það dylst engum, að hagur þess er hvergi nærri góður, og nefndin vill mæla hið besta með hækkun þessari.

Að síðustu er brtt. við 13. gr. D. IV. 4, um þráðlausu stöðina í Reykjavík, og er þess efnis, að síðari málsliður aths. skuli orðast svo:

„Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er lokið, enda taki Alþingi fullnaðarályktun um málið.“

Það er ólíklegt, að lakari samningar takist, þótt Alþingi hafi fullnaðarúrslit samninganna.

Þá á fjvn. ekki fleiri brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og hefi jeg því ekki ástæðu til að fara lengra út í þessa sálma að svo stöddu.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Jeg skal ekki fara mikið út í þá sálma að gefa háttv. deild yfirlit yfir, hvernig hv. Ed. hefir gengið frá fjárlagafrv. að þessu sinni, enda get jeg vitnað til orða háttv. frsm. fyrri kafla (ÞórJ) um það efni. Hafði jeg þó tilhneigingu í þá átt að víkja örlítið að breytingum hv. Ed. á þessum kafla, en skal þó neita mjer um það, þar sem það er vilji allra hv. þdm., að umr. verði sem allra stystar, en breytingar hv. Ed. margar á þessum síðari kafla.

Þó að fjvn. sje mjög óánægð með ýmsar breytingar hv. Ed. á þessum kafla frv., hefir hún samt ekki borið fram fleiri brtt., vegna þess, að hún vill ekki stofna til ófriðar við hv. Ed. Þess vegna flytur nefndin ekki aðrar brtt. við gerðir háttv. Ed. en hún telur alveg óhjákvæmilegar.

Brtt. fjvn. við þennan síðari kafla eru alls 17.

Fyrsta brtt. er um, að styrkur til útgáfu kenslubóka handa mentaskólanum falli niður.

Hv. Ed. hefir viljað veita 2500 kr. í

þessu skyni. Erindi um þennan styrk lá fyrir fjvn. áður en hún afgreiddi till. sínar til 2. umr. hjer í hv. deild, og sá hún þá ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni, og sama máli gegnir nú. Þessum styrk á að verja til útgáfu kenslubókar í sagnfræði. Vitanlega viðurkennir nefndin nauðsyn þess að fá íslenska kenslubók í sögu handa æðri skólum landsins, en það er svo margt annað þarflegt, sem verður að bíða betri tíma, svo nefndin álítur, að þessi liður megi falla niður að þessu sinni.

Næsta brtt. er um styrk til verklegs náms erlendis. Sá liður er líka nýr; tekinn upp í hv. Ed. Áður stóð fjárveiting í fjárlögum, sem hljóðaði um styrk til iðnaðarnáms erlendis. Sú fjárveiting var feld niður á síðasta þingi, en nú hefir hv. Ed. tekið hana upp aftur með þeirri breytingu, að nú hljóðar hún um styrk til verklegs náms. Fjvn. hefir viljað fallast á þessa fjárveitingu, en vill aðeins breyta orðalagi hv. Ed. Nefndin er hrædd um, að slíkar styrkveitingar geti orðið nokkuð „húmbugs"-kendar, ef þær verða greiddar skilyrðislaust, án þess að nokkur trygging sje fyrir því, að menn hafi lært eitthvað hjer heima áður en þeir sigla með styrk til „verklegs náms". Er hætt við, að slíkar ferðir geti orðið skemtiferðir miklu fremur en ferðir til náms, ef styrkurinn verður veittur skilyrðislaust.

Þess vegna vill nefndin ekki veita slíkan styrk öðrum en þeim, sem hafa náð einhverjum verulegum þroska í iðn sinni, og leggur því til, að liðurinn hljóði um styrk til verklegs *framhalds*náms erlendis.

Þá kem jeg að styrkveitingunni til hjeraðsskóla í sveitum. Þetta er nýr liður í fjárlögunum, sem fjvn. fjekk samþyktan við 2. umr. hjer í hv. deild. Nú hefir hv. Ed. breytt aths. við þennan lið og sett það skilyrði fyrir styrkveitingu til að reisa hjeraðsskóla, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í kostnaði við byggingu og rekstur hvers skóla. Fjvn. veit, að þetta getur orðið svo í framkvæmdinni, en hinsvegar telur hún ekki rjett að binda styrkinn svo föstu skilyrði. Álítur hún, að þarna verði sniðinn of þröngur stakkur, sem geti komið sjer bagalega gagnvart ýmsum skólum. Til dæmis starfaði slíkur hjeraðsskóli á Heydalsá í Steingrímsfirði fyrir fáum árum og var kostaður af Strandasýslu einni saman. Er alls ekki ólíklegt, að einmitt þessi skóli rísi upp aftur, eða einhver annar, sem ein sýsla stendur að, og er þá ástæðulaust, að svo strangt skilyrði aftri því, að slíkir skólar geti fengið ríkissjóðsstyrk. Vill nefndin því færa aths. í sama horf, sem háttv. deild gekk frá henni við fyrri meðferð frumvarpsins."

Næsta brtt. nefndarinnar er við styrkinn til að gefa út landsuppdrátt Íslands. Þennan lið setti hv. Ed. inn í frv., og þegar fjvn. gekk frá brtt. sínum að þessu sinni, vildi meiri hl. fella hann niður. En síðan hefir sú breyting á orðið, að einum nefndarmanni hefir snúist hugur, og leggur meiri hl. því nú á móti þessari eigin till. nefndarinnar. Er því aðstaða mín orðin erfið að því er þessa till. snertir, en þó vill nefndin ekki taka hana aftur, heldur láta greiða atkv. um hana sem till. minni hl.

Hv. Ed. hefir tekið upp þessa fjárveitingu samkv. erindi, sem borist hafði frá Sambandi ísl. barnakennara, og fylgdu því meðmæli frá Bjarna Sæmundssyni fyrv. yfirkennara og Ögmundi Sigurðssyni skólastjóra í Flensborg. Er tilgangurinn sá, að væntanlegt kort verði notað í öllum skólum landsins og þeim heimilum, sem þess óska, en nú sem stendur vanhagar okkur tilfinnanlega um hentugt

Íslandskort til barnakenslu, og á þessi uppdráttur að bæta úr þeim skorti.

En, sem sagt, meiri hl. leggur nú á móti því, að þessi till. nefndarinnar verði samþykt.

Næsta brtt. nefndarinnar fer í þá átt, að styrkur til Leikfjelags Akureyrar falli niður. Þessi liður er einnig nýr, tekinn upp í hv. Ed., en fjvn. sjer enga ástæðu til að veita þennan styrk nú, fremur en áður, þegar hún hafði erindi um hann til meðferðar. Nefndin lítur svo á, að Alþingi hafi nóg á sinni könnu í þessum efnum, þar sem það hefir gert ráðstafanir til þess, að þjóðleikhúsi verði komið upp hjer í Reykjavík áður en langt um líður.

Telur hún rjettara, að því máli verði til lykta ráðið, áður en aðrar styrkveitingar verða upp teknar í þessu skyni.

Þá er næsta brtt. um styrkinn til skálda og listamanna. Í stjfrv. voru upphaflega veittar 10 þús. kr. í þessu skyni. En eins og hv. þdm. muna, tók fjvn. skáldin Guðmund Friðjónsson og Jakob Thorarensen út úr og veitti þeim rúmar 2000 kr. samtals, og í samræmi við það var almenna styrkveitingin lækkuð um 2000 kr., niður í 8000 kr. Nú hefir hv. Ed. ákveðið þennan lið 9000 kr., en bæði áðurnefnd skáld eru enn fyrir utan, annar kominn í 18. gr., en hinn er áfram í 15. gr. Fjvn. heldur fast við sína fyrri till. um 8000 kr., og ber því fram brtt. í þá átt.

Hv. Ed. setti inn aths. um orðasöfnunarstyrk Þórbergs Þórðarsonar, þess efnis, að safn hans skuli verða ríkiseign að honum látnum. Fjvn. vill láta þessa athugasemd standa, þó með þeirri breytingu, að orðin „að honum látnum“ falli burt. Getur vel komið fyrir, að til safnsins þurfi að grípa, áður en Þórbergur deyr, t. d. við samningu orðabókar, og telur nefndin rjett, að ekkert verði því til fyrirstöðu.

Næsta brtt. er viðvíkjandi styrkveitingu til tveggja manna til að sækja kennaraþing fyrir Norðurlönd, sem heyja á í Helsingfors nú í sumar.

Um þessa till. nefndarinnar er hið sama að segja og till. um landsuppdráttinn.

Þó meiri hl. leggi til, að liðurinn verði feldur niður, þá hefir einum hv. nefndarmanni snúist hugur við nánari athugun, og er meiri hl. því nú á móti till., en minni hl. heldur fast við hana. Þessi liður var tekinn upp í hv. Ed. vegna erindis frá Sambandi ísl. barnakennara, sem hefir verið boðið að senda tvo menn á fundinn. Hefir Sambandið fengið þá próf. Sigurð Nordal og Ásgeir Ásgeirsson kennara til að mæta þar fyrir sína hönd og flytja fyrirlestra um mentamál Íslendinga.

Brtt. um að fella styrkinn niður kemur til atkv., en meiri hl. leggur á móti henni, eins og jeg hefi áður sagt.

Þá ber nefndin fram till. um að veita Soffíu Guðlaugsdóttur styrk til utanfarar til leiklistarnáms.

Erindi um þessa styrkveitingu er nýkomið til þingsins, og till. því ekki fyr fram borin. Jeg þarf vonandi ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt. Öllum hv. þm. er kunnugt, að hjer á í hlut ein allra besta leikkona bæjarins, leikkona, sem á fyllilega skilið að fá einhverja opinbera viðurkenningu fyrir list sína. Í þessu sambandi get jeg bent hv. þm. á, að Alþingi hefir um margra ára skeið styrkt málara, sönglistarmenn, skáld o. s. frv. til fullkomnunar í listum sínum, en aldrei hefir styrkur verið veittur til leiklistarnáms, svo jeg viti til.

En eins og jeg drap á áður, hefir Alþingi gert sjerstakar ráðstafanir til, að

leikhúsi verði komið upp hjer í höfuðstaðnum, og lítur meiri hl. fjvn. því svo á, að ósamræmi sje í því fólgið að vilja ekki styrkja ágæta leikkonu til frekara náms, svo að leikfjelagið verði betur við því búið að taka við þjóðleikhúsinu á sínum tíma og starfrækja það.

Þá kem jeg að brtt., sem allir áttu von á, að fram yrði borin. Er hún þess efnis að styrkja söngflokk K. F. U. M. hjer í Reykjavík til Noregsferðar. Þessa till. varð að endurprenta, vegna þess að á þskj. 482 eru í henni tvær villur. Þar stendur „gegn þriðjungs framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur" í stað „helmings". Ennfremur vantar orðin „alt að", sem eiga að sýna, að 8000 kr. er áætlunarupphæð, en þó þannig, að fjárveitingin má ekki verða hærri.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þennan lið. Söngflokkur þessi er öllum að góðu kunnur og myndi verða oss til sóma hvar sem væri. Í fyrra vorum vjer heimsóttir af norskum söngflokki. Koman varð þeim til sæmdar og oss til ánægju. Karlakór K. F. U. M. tók á móti flokki þessum, og æsktu Norðmennirnir eftir heimsókn kórsins á móti. Þetta er því í senn til að endurgjalda heimsókn og efla og glæða bræðralag milli þessara frændþjóða.

Hinsvegar er það ljóst, að söngflokknum er um megn að kosta förina af eigin ramleik. Margir fjelagsmanna eru fátækir menn, er lifa á handafla sínum, og verða þeir að fá aðra í stað sinn meðan á utanförinni stendur. Hinsvegar er ekki hægt að segja neitt ákveðið um tekjur af samsöngvum þeim, er flokkurinn mun halda, en vegna þess, að hjer eiga efnalitlir menn í hlut, er farið fram á þessa fjárveitingu, ef flokkurinn syngur sjer ekki nægilegt inn. Flokkurinn hefir ennfremur snúið sjer til bæjarstjórnar Reykjavíkur um að fá þaðan helming þeirrar upphæðar, sem þingið veitir, og hefir góða von um það.

Mikill meiri hl. fjvn. mælir með fjárveitingu þessari. Fjvn. Ed. var og málinu fylgjandi, en vildi fara aðra leið og veita fjeð utan fjárlaga. En fjvn. Nd. taldi þessa leið heppilegri. Slíkar utanstefnur sem þessa viljum vjer gjarnan hafa, því að þær eru til gagns og sóma.

Þá kem jeg að styrknum til Búnaðarfjelagsins. Jeg get tekið undir það með hv. frsm. fyrri kafla fjárlagafrv. (ÞórJ), að fjvn. Nd. undraðist mjög þá breytingu, er hv. Ed. gerði á styrknum. Hefði sú breyting ekki á orðið þar, hefði vel mátt vera, að fjárlögin hefðu verið samþykt hjer óbreytt.

Jeg get að mestu vísað til ummæla minna viðvíkjandi þessum styrk við 2. umr. Vil jeg þó rifja upp nokkuð af hinum fyrri rökum mínum.

Í þingbyrjun átti búnaðarþingið fund hjer og lagði fram áætlanir sínar. Á bak við fjárbeiðnir þess til Alþingis stóðu allir þeir bændur víðsvegar að af landinu, er búnaðarþingið sóttu. Fjvn. Nd. lækkaði að vísu fjárveitinguna nokkuð frá því, sem búnaðarþingið hafði farið fram á. En till. hennar í því efni voru gerðar í góðu samráði við hæstv. atvrh. (MG). Vissi jeg, að hv. fjvn. Ed. var kunnugt um þetta. Vegna þess, að búnaðarþingið taldi sig hafa fulla vissu fyrir því, að sú fjárveiting, er fjvn. Nd. lagði til, yrði samþykt, gerði það fjárhagsáætlanir sínar fyrir komandi ár með það fyrir augum. Ef nú verður breyting á þessu, verður það til að raska grundvelli starfs Búnaðarfjelagsins á næsta ári og kippa fótum undan framkvæmdum þess. Auk þess er á það lítandi, að óvíða

annarsstaðar mun Alþingi hafa jafngóða tryggingu fyrir því, að fje sje vel varið, eins og því, er til Búnaðarfjelagsins gengur. Búnaðarþingið, sem menn af öllu landinu sækja, ráðstafar fje þessu. Í stjórn Búnaðarfjelagsins sitja tveir menn skipaðir af Alþingi og einnig skrifstofustjóri atvinnumálaráðuneytisins. Hjer ætti því að vera fyrir höndum fullkomin trygging þess, að fje þessu yrði vel og skynsamlega varið.

Um næstu brtt., hækkun á styrk til Fiskifjelagsins, er líkt að segja og um næstu brtt. á undan. Að vísu er jeg ekki eins kunnugur því máli. En mjer er kunnugt um, að fje þessu muni vera vel varið, enda kom forseti Fiskifjelagsins á fund fjvn. og gerði ítarlegar till. um starfsemi fjelagsins á næsta ári. Fjvn. sá sjer að vísu ekki fært að verða alveg við fjárbón hans fyrir hönd fjelagsins, en vill halda sjer við till. sínar nú, og leggur því á móti lækkunartill. hv. fjvn. Ed.

Þá kemur till. um að lækka styrkinn til Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga um 1000 kr. Hv. Ed. hefir hækkað þennan styrk. Er ekki svo að skilja, að Nd. álíti, að hjer sje um hjegómamál að ræða. En undanfarið hefir nokkur reipdráttur orðið milli fjelags þessa og einstakra kvenna, er að heimilisiðnaði starfa og hafa gert það með mestum árangri, svo sem ungfrú Halldóru Bjarnadóttur og ungfrú Ástu Sighvatsdóttur. Má og nefna í því sambandi Guðmund frá Mosdal. Nd. hefir jafnan viljað styðja þessa einstaklinga engu síður en fjelagið, og fyrir mitt leyti hefði jeg mikla tilhneigingu til að hækka styrkinn til ungfrú Halldóru Bjarnadóttur. Nefndin telur því óþarft að hækka styrkinn til Sambands heimilisiðnaðarfjelaganna.

Næsta brtt. er um styrk til Þórdísar Ólafsdóttur til skólahalds í hannyrðum. Var styrkur þessi samþyktur hjer í Nd., en Ed. feldi hann niður. Mun jeg ekki fjölyrða um brtt. þessa, þar sem málið mun mörgum kunnugt og jeg veit, að hv. þm. Dala. (BJ) muni taka til máls um tillöguna.

Sú brtt., sem næst er, fer fram á að færa ferðakostnað og skrifstofufje Jóhanns Kristjánssonar leiðbeinanda í húsagerð í sama horf og áður. Hv. Ed. hafði fært fjárveitingu þessa niður. Fjvn. vill halda því fram, að hjer sje um bráðnauðsynlega starfsemi að ræða. Margir bændur hafa sótt leiðbeiningar til þessa manns og verið ánægðir með. Þó mun verða enn meiri þörf á leiðbeiningum hans á næstunni en undanfarið, því að þess má vænta, að meira verði gert að byggingum hjer eftir en síðustu ár, einkum ef lögin um ræktunarsjóðinn ná fram að ganga, sem vonandi má telja víst.

Er þá komið að 18. gr.

Verður þar þá fyrst fyrir brtt. um, að aths. við fjárveitingu til Steinunnar Sigurðardóttur falli niður. Var hún sett inn í Ed. Eins og mönnum mun kunnugt vera, er kona þessi ekkja Magnúsar Vigfússonar dyravarðar. Fjekk hún bústað í Landsbankahúsinu og var ætlast til, að hún ynni fyrir húsaleigunni með því að gera opinberar skrifstofur hreinar. Úr þessu hefir þó ekkert orðið enn, og nú er spurningin sú, hver eigi að greiða húsaleiguna. Næði aths. háttv. Ed. fram að ganga, mætti telja, að konu þessari væri veittur 600 kr. viðbótarstyrkur á ári. Fjvn. Nd. telur, að ekki sje ástæða til slíkrar styrkhækkunar, einkum þar sem kona þessi hefir nú hærri styrk en margar aðrar ekkjur opinberra starfsmanna. Fjvn.

lítur því svo á, að mikið ósamræmi myndi af þessu leiða, og leggur því til, að aths. falli niður.

Þá koma þrjár brtt. við 22. gr. Verða þá fyrst fyrir tveir nýir liðir um lánsheimildir til Hvammstangahjeraðs og Húsavíkurhjeraðs. Nefndin mælir fyrir sitt leyti með till. þessum, en að öðru leyti mun jeg ekki fjölyrða um brtt. þessar, þar sem jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og hv. þm. S.-Þ. (IngB) muni tala fyrir þeim. En jafnframt vill nefndin þó taka fram, að hún álítur, að lánveitingar til frystihúsa eigi að sitja fyrir öllum öðrum, og þessi lán verði ekki veitt nema lánveitingar til frystihúsa verði ekki notaðar til hlítar.

Þriðja brtt. við grein þessa fer fram á, að lánsheimild til Kristjáns Linnets bæjarfógeta falli niður. Fjvn. er mótfallin öllum slíkum lánum til einstakra manna. Álítur hún, að fleiri slíkir lánbeiðendur muni á eftir koma, enda er þegar komin lánbeiðni frá sýslumanni á Sauðárkróki. Nefndin vill ekki fara lengra inn á þá braut, og leggur því á móti báðum lánbeiðnunum.

Þá eru ekki fleiri brtt. frá nefndinni. En áður en jeg skilst við þetta mál, vildi jeg víkja máli mínu til hæstv. atvrh. (MG) af landsstjórnarinnar hálfu um kæliskipsmálið og frystihúsatill. fjvn., sem samþyktar voru af báðum deildum.

Tilætlunin var að fela landsstjórninni þetta mál, og ef til vill að fela henni að ráða sjerfróðan mann til að kynnast þessu máli til fulls og annast undirbúning um að eignast kæliskip. Nú er nýtt komið til sögunnar. Hingað kom verkfræðingur einn til landsins frá Ths. Sabroe, einni stærstu og merkustu kælivjelaverksmiðju í Danmörku. Hefir hann setið á mörgum fundum með fjvn. Nd. og hæstv. atvrh. (MG). Málið hefir mjög skýrst við þessar umræður, og telur nefndin því óþarfar frekari till. í þessu efni. En hitt vill hún brýna fyrir stjórn og þingi, að hún telur sjálfsagt, að um leið og veitt er lán til frystihúsabygginga og þar með ýtt undir bændur til framkvæmda í því efni, að þeim sje jafnframt sjeð fyrir skipakosti til að flytja út kjötið. Lýsi jeg því yfir af hálfu allrar fjvn., að hún telur, að ríkinu beri skylda til að sjá um, að skip verði jafnan til til þeirra flutninga. Vil jeg einkum beina þessum orðum til hæstv. atvrh., og mælist fjvn. til þess, að hann láti skoðun sína í ljós á þessu máli.

Í annan stað vildi jeg lýsa því yfir af hálfu allrar fjvn., að hún telur fyrir sitt leyti sjálfsagt, þó að lánsheimild til að reisa frystihúsin sje ekki til fyr en í fjárlögum 1926, að slík lán verði einnig veitt á árinu 1925 og verði látin sitja fyrir öllum öðrum, ef um þau er sótt og öllum sjálfsögðum skilyrðum fullnægt. Vil jeg einnig leyfa mjer af nefndarinnar hálfu að vænta þess, að hæstv. atvrh. láti í ljós álit sitt um þetta af hálfu landsstjórnarinnar.

Jeg mun hjer ekki víkja að brtt. einstakra þm., enda er nefndinni ekki kunnugt um ástæður fyrir þeim. Jeg á hjer sjálfur eina brtt., sem jeg vildi minnast á. Fer hún fram á að veita fyrv. skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni 800 kr. styrk. Hann er hinn eini eiginlegi starfsmaður Alþingis, sem Alþingi hefir að annast. Að vísu hefir honum verið ákveðinn lífeyrir, en svo hefir farið, að vegna mikilla veikinda og ærinnar ómegðar hefir hann undanfarið orðið að þiggja af sveit. Hefi jeg miðað till. mína við það, að honum verði nú veitt sama upphæð í fjárlögum, sem hann hefir orðið að þiggja af almannafje undanfarið. Vona

jeg, að deildin sjái sóma sinn í því að láta ekki þiggja af sveit þann eina mann, sem Alþingi hefir sjerstaklega á sínu framfæri.

Bernharð Stefánsson: Jeg á brtt. á þskj. 486, í tveim liðum. Fyrri liðurinn er við 18. gr. II. i. 6. Nýr liður: Til Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður á Ytri-Reistará 500 kr. Jeg skal geta þess, að jeg hefði alls ekki flutt þessa brtt., ef ekki hefði staðið svo á, að nú er búið að taka upp í fjárlagafrv. samskonar styrk til þriggja ljósmæðra, og jeg get ekki sjeð annað en það standi alveg eins á með þessa konu og þær. Og úr því að svo lítur út, sem Alþingi ætli að fallast á að veita þeim styrk, þá er bæði rjettlátt og sanngjarnt, að þessi kona fái sama styrk og þær fá. Samkvæmt vottorðum, sem jeg hefi hjer hjá mjer, bæði frá hreppstjóra Arnarneshrepps, Stefáni Stefánssyni fyrv. alþingismanni, og eins hjeraðslækni Akureyrarhjeraðs, hefir þessi kona verið ljósmóðir í mjög víðáttumiklu og erfiðu ljósmóðurhjeraði frá því 1874 og til 1916. Og eftir því sem hjeraðslæknir Steingrímur Matthíasson vottar, hefir hún allan þennan tíma rækt starf sitt mjög vel og samviskusamlega. Og í fyrra hefir hún orðið júbilljósmóðir eins og hinar eru taldar vera. Hjeraðslæknirinn fer sem sagt mjög lofsamlegum orðum um starfsemi hennar sem ljósmóður. Nú hefir hún slitið kröftum sínum í starfinu og er farin að heilsu. Liggur því ekki annað fyrir henni en að vandamenn hennar sjái henni farborða, eða þá að hún leiti til sveitarinnar, sem flestum veitist mjög erfitt. Jeg vona því, að Alþingi, sem sjer ástæðu til að veita þeim þrem konum viðurkenningu, sem búið er að samþykkja fjárveiting til, geti ekki fundið neina ástæðu til að neita þessari konu um hið sama.

Þá er það annar liður þessarar brtt., sem jeg nefndi, við 18. gr. II. j., þar sem farið er fram á, að Eggert Stefánssyni símritara á Akureyri sjeu veittar 2500 kr., eða til vara 2000 kr., í biðlaun þar til hann fær aftur starf við landssímann. Jeg ber þessa till. fram vegna þess, að jeg lít svo á, að þessi maður hafi orðið fyrir ranglæti af ríkinu, að minsta kosti samanborið við aðra starfsmenn ríkisins. Og jeg tel því, að ríkið eigi að bæta þetta ranglæti. Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í þetta mál að því er Eggert Stefánsson snertir og get að mestu látið mjer nægja að vísa til málaleitunar hans, sem legið hefir fyrir hinu háa Alþingi og jeg vona, að hv. þm. hafi kynt sjer. Það eru aðeins örfá atriði í sambandi við þetta, sem jeg vildi drepa á, ef ske kynni, að hv. þm. yrði þá málið ljósara, þegar þeir eiga að greiða atkvæði um það. Eggert Stefánssyni var vikið frá fulltrúastöðunni við landssímastöðina á Akureyri 8. apríl 1924 samkv. tillögum landssímastjórans, og sökin, sem honum var gefin, er „drykkjuskaparóregla". Jeg skal nú raunar ekki neita því, að þessi maður hefir stundum drukkið áfengi, en þrátt fyrir það er þessi ráðstöfun næsta einkennileg. Í fyrsta lagi vil jeg geta þess út af þessu, að þessum manni var veitt ábyrgðarmikil staða við landssímann 1922, þegar honum var veitt stöðvarstjórastaðan á Borðeyri frá 1. sept. þ. á. Og sú staða var honum veitt samkvæmt uppástungu og tillögum landssímastjórans. Þegar landssímastjórinn leggur það til við stjórnina 1922, að þessi maður fái þetta starf, þá er landssímastjórinn búinn að reyna hann mörg ár í þjónustu

landssímans og leggur þá til að veita honum þá ábyrgðarmiklu stöðu að vera stöðvarstjóri við landssímann. Eftir því sem fyrir liggur, hvetur landssímastjórinn hann beinlínis til að sækja um þetta starf og hikar ekki við að mæla með því, að honum sje veitt það. Það varð nú aldrei af því, að Eggert Stefánsson tæki við þessari stöðvarstjórastöðu á Borðeyri. Orsakirnar voru þær, að símamannafjelagið hjer í Reykjavík gerði uppistand út af þessari veitingu, hótaði verkfalli og öðru illu. Af hvaða ástæðum, skal jeg ekki segja um. Hitt er víst og áreiðanlegt, að eftir beinum tilmælum landssímastjórans og ríkisstjórnarinnar gaf Eggert þessa stöðu eftir, til þess að firra vandræðum.

Jeg lít nú svo á, að þar sem landssímastjórinn og landsstjórnin telur manninn hæfan til þess haustið 1922 að taka að sjer ábyrgðarmikla stöðu við landssímann, þá þurfi alls ekki að ræða um starf þessa manns við landssímann fram að þeim tíma, því að veitingarvaldið telur starf hans gott og gilt fram að þeim tíma. Það gæti því aðeins verið um það að ræða, að hann eftir haustið 1922 hefði gert sig óhæfan til þess að vera í þjónustu landssímans vegna þess, sem honum er gefið að sök af landssímastjóranum, er hann leggur það til við stjórnina, að honum sje vikið frá starfinu. Nú vill svo til, að mjer er fullkunnugt um það og veit, að það er sannanlegt, að einmitt frá þessum tíma, eða um það leyti að honum var veitt stöðvarstjórastaðan á Borðeyri og fult ár þar á eftir, þá var hann reglumaður. Það er áreiðanlegt og getur enginn borið á móti því, sem þekkir málavexti, að þangað til í október 1923 var ekkert að honum að finna hvað þetta snertir; hann var sem sje alger bindindismaður og neytti alls ekki víns, og jeg hefi aldrei sjeð af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að honum hafi verið gefið að sök annað en þetta eina — drykkjuskapur. Það ætti því að vera frá því í október 1923 og þar til í byrjun apríl 1924, að maðurinn hefði gert sig svo stórkostlega brotlegan, að ástæða væri til að víkja honum úr embætti. Jeg veit nú ekki nákvæmlega um lifnaðarhætti hans þetta stutta tímabil, en jeg held, að jeg þori þó að fullyrða, að á þessum tíma hafi hann alls ekki getað talist neinn sjerstakur óreglumaður, og að það hafi að minsta kosti ekki verið neitt meiri brögð að því þetta stutta tímabil en áður en honum var veitt stöðvarstjóraembættið á Borðeyri, en lifnaðarhættir hans þá þóttu ekki, að dómi landssímastjórans, þannig, að ástæða væri til að synja honum um þá stöðu. Eins og kunnugt er, varð svo í fyrra, að bæði stöðvarstjórinn á Akureyri og þessi símritari voru settir frá sínum störfum. Það liggur ekki hjer fyrir, og skal jeg ekki út í það fara, hvað stöðvarstjóranum sjálfum hafi verið gefið að sök, er hann var settur frá starfanum, en jeg býst þó við, að hafi það verið sjerstök sök, sem á honum hvíldi, þá hafi að minsta kosti Eggert Stefánsson ekki í neinu tilliti verið sekari en hann. Nú er svo komið, að því er jeg best veit, að þessi stöðvarstjóri hefir verið tekinn aftur í þjónustu landssímans. Og nú er það í rauninni ekki annað, sem jeg fer fram á í þessari till. minni, en að gengið sje út frá því sem sjálfsögðu, að Eggert Stefánsson njóti sömu rjettinda og embættisbróðir hans, og fái því hæfilegt starf fyrir sig við landssímann, þegar það losnar, en á meðan hann hefir það ekki, á hann að fá dálítil biðlaun. Það er nú einu sinni svona með þá menn, sem búnir eru að læra ákveðið verk og hafa fengist við það

árum saman, að það er ilt fyrir þá að missa stöðu sína alt í einu. Vitaskuld er slíkt ekkert þægilegt og ekki hlaupið að því að fá aðra stöðu alt í einu eða finna nýja vegi til bjargræðis. Jeg býst við því, að ef svona væri skilið við mann, sem hefði verið svo lánsamur að hafa gengið á háskóla og haft embætti á hendi, sem launað væri af ríkisfje, þá væri það kallað að fleygja honum út á klakann. Hjer er ekki um lærðan mann að ræða; hjer er einungis að ræða um óbreyttan símritara. En jeg vona samt, að þó alþýðumaður eigi hlut að máli, þá hafi Alþingi einhverjar tilfinningar fyrir því, hvað þetta er erfitt og hvaða áhrif það getur haft á mann, sem ef til vill er viðkvæmur og tilfinninganæmur, að finna það, að hann verður fyrir vantrausti og miður góðum aðbúnaði frá ríkisins hálfu. Í annan stað er hann líka tekinn frá starfi, sem hann hefir haft lífsuppeldi sitt af, og skilinn eftir án þess að nokkuð sjerstakt sje fyrir hendi handa honum.

Jeg gæti, ef jeg vildi, farið töluvert nánar út í málið og dregið ýmislegt fram, sem ef til vill *væri rjett að kæmi fram.*

Jeg ætla samt að sleppa því í þetta sinn, en þar sem skjöl þessu viðvíkjandi hafa legið fyrir þinginu, þá vona jeg, að menn geti litið með fullkominni sanngirni á þetta mál.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, þá vil jeg aðeins orða brtt. mína á þskj. 494, þar sem farið er fram á, að ríkissjóður ábyrgist fyrir Siglufjarðarkaupstað alt að 300 þús. kr. til hafnarbóta, gegn tryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

Jeg vildi aðeins geta þess, að fyrir þá hv. þm., sem annars treysta hæstv. stjórn til þess að gera ekki neitt sjerstakt glapræði í fjármálum, fyrir þá er alveg útlátalaust að samþykkja þessa till. Tillagan er ekki á nokkurn hátt bindandi, og hæstv. stjórn verður að meta, hvort hún telur tryggingunа gilda. Mín sannfæring er það, að þótt þessi ábyrgð væri veitt, gæti aldrei stafað af því nein hætta fyrir ríkissjóð. Siglufjörður á áreiðanlega nógar eignir til þess að tryggja þetta með, og það er kaupstaður, sem er í vexti og á ótal framtíðarmöguleika. Þetta getur því aldrei orðið nein hætta fyrir ríkissjóðinn, en hvort hv. þd. vill sýna þá sanngirni að leyfa þessa ábyrgð eða ekki, það verður atkvgr. að leiða í ljós.

Ágúst Flygenring: Mjer skildist á nokkrum hv. þm. áðan, að þeir óskuðu helst eftir því, að hjer yrðu engar umr. í dag um mál það, er fyrir liggur. Skal jeg ekki einn skerast úr leik, og fell því frá orðinu um sinn, uns jeg sje hverju fram vindur.

Forseti (BSv): Viðvíkjandi „talbindindinu", þá er það rjett, að ýmsir háttv. þdm. kjósa helst, að allir falli frá „orðinu", en jeg býst ekki við, að því verði viðkomið, þar sem margar brtt. eru fram komnar, sem aldrei hefir verið um rætt. Hitt er fremur ætlandi, að menn geti orðið sammála um það að hafa ekki umr. úr hófi langar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv. (TrÞ) beindi því til mín, að hann vænti þess, að jeg ljeti uppi álit stjórnarinnar um, að sjeð myndi fyrir nægum skipakosti til að flytja fryst kjöt til útlanda, ef menn kæmu sjer upp íshúsum til að geyma kjötið í. Um þetta vil jeg það segja, að jeg lít svo á, að því opinbera sje skylt að sjá um þennan

skipakost, svo framarlega sem það hefir haft hönd í bagga með undirbúningi málsins, eins og nú er ætlast til, og stjórnin samþykki teikningar og útbúnað á íshúsunum, og þessi tilraun, sem nú á að gera, heppnast þannig, að rjett þyki að ráðast í þetta fyrirtæki.

Um bygging íshúss á þessu ári með láni úr viðlagasjóði get jeg ekkert sagt nú. Jeg veit ekki, hve miklu af útlánsfje sjóðsins er þegar ráðstafað í ár. En af því fje, sem enn er óráðstafað, býst jeg við, að stjórnin muni lofa lánum til þessarar byggingar að sitja fyrir, eins og ætlast er til að gert sje á næstu árum. Því jeg skil heimildina svo, að lán til íshúsa eigi að ganga fyrir öllum öðrum lánum úr viðlagasjóði.

Út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) sagði viðvíkjandi till. um biðlaun handa Eggert Stefánssyni, vil jeg benda á, að það er mjög leiðinlegt að þurfa að ræða slíkt mál í opinni deild, því að ekki er hægt að komast hjá að minnast á ýms atriði í því sambandi, sem óviðkunnanlegt er að ræða opinberlega. Jeg mun því ekki fara mikið út í þetta mál. Jeg skal taka fram, að jeg hefi lesið erindi Eggerts rækilega, og jeg finn ekki, að jeg hafi eiginlega neinu að svara. Hann ber mig þar ekki neinum sökum. Um veitingu Borðeyrarstöðunnar get jeg ekkert sagt því að mjer er það mál ekki kunnugt. Ef til vill getur hv. 2. þm. Rang. (KlJ) gefið einhverjar upplýsingar í því efni. En jeg skal geta þess, að Eggert Stefánssyni hefir tvisvar áður verið vikið frá stöðu sinni. Mál eins og þetta væri nauðsynlegt að rannsaka í nefnd. Í opinni deild er ekki hægt að ræða það til hlítar. Hygg jeg, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) muni vera mjer sammála um það.

Hæstv. forsrh. (JM) getur ekki verið hjer viðstaddur í kvöld, og hefir því beðið mig að minnast á eina brtt., sem hann flytur við 14. gr., um 200 kr. hækkun til kennarans í efnafræði við háskólann. Borgun sú, er hann nú hefir, er alt of lítil, enda sett með tilliti til þess, að hann hafi annað starf. Stundafjöldi hans er jafn og kennarans í lyfjafræði, en sá kennari hefir 1500 kr. fyrir sitt starf, og er þó í öðru embætti líka. Jeg vona, að hv. deild hafi ekkert að athuga við þessa hækkun. Hún er áreiðanlega á góðum rökum bygð. Kennarinn, sem hlut á að máli, innir verk sitt af hendi mjög samviskusamlega.

Þá er 4. brtt. fjvn., við 13. gr., um að breyta orðalagi á aths. viðvíkjandi samningum um skeytasamband við umheiminn. Eins og kunnugt er, þá eru samningarnir við Mikla norræna ritsímafjelagið úti á næsta ári, og þarf að gera nýja samninga við það fjelag eða annað. Nú vill nefndin, að ekki sjeu fullgerðir samningar nema samþykki Alþingis komi til. En landssímastjóri hefir bent á, að þetta geti orðið mjög óþægilegt, þar sem tíminn er svo stuttur frá næstu þinglokum til þess, er endurnýja þarf samningana. Vera má, að semja þurfi um byggingu móttökustöðvar í öðru landi, og verður því að hafa nokkurn tíma fyrir sjer. Jeg geng þess ekki dulinn, að hvernig sem samið verður, muni einhverjir verða óánægðir. Engin stjórn getur gert öllum til hæfis. Jeg kýs heldur, að aths. standi eins og hv. Ed. gekk frá henni. Jeg tel að ýmsu leyti betri aðstöðu um samningagerðina á þann hátt. Verði brtt. samþykt, skal jeg taka fram, að jeg sje ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mál einkafund með þingmönnum, eins og jeg hafði ætlað mjer. Þá er ekki til neins að fara út í málið fyr en samningar geta legið fyrir,

Ágúst Flygenring: Það eru tvær litlar brtt., sem jeg vildi minnast á. Önnur er við 14. gr., um styrk til þess að gera landslagsuppdrátt af Íslandi. Jeg var beðinn fyrir þessa till., en hafði gleymt henni þar til jeg sá, að hv. Ed. hafði tekið hana upp. Kennarar hafa sagt mjer, að enginn slíkur uppdráttur væri til, sem notandi sje við landfræðiskenslu Íslands, en landfræðiskenslan kæmi ekki að hálfum notum án hans. Það er skiljanlegt, að erfitt sje að kenna þennan þátt ísl. landafræði, þegar ekkert kort er til þess að fara eftir, nema ef til vill einhver gamall snepill, sem lítið er að marka. Kennarar telja líka svo nauðsynlegt að fá þennan uppdrátt, að komið hefir til orða, að kennarafjelagið kostaði sjálft útgáfuna, fremur en að vera án hans. Það er líka stór minkun að eiga engan uppdrátt af þessu tægi, þegar ekki er um meiri kostnað að ræða en hjer er farið fram á, og tel jeg því sjálfsagt, að þessi litla upphæð sje veitt í þessu skyni.

Þá vil jeg mæla með till. um ferðastyrk til tveggja kennara til þess að sækja kennaraþing í Finnlandi. Af fullveldi okkar leiðir að sjálfsögðu það, að við verðum eftir föngum að taka þátt í sameiginlegum stjettasamkomum Norðurlanda, sem haldnar eru til andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar. Hjer býðst okkur gott og ódýrt tækifæri, og fyrir skólamálin er það ekki síst nauðsynlegt, að þeir, sem þau hafa með höndum, eigi kost á að kynnast þeim sem best með öðrum þjóðum, og einmitt á þennan hátt lærist margt, sem ekki verður af bókum numið: að eiga viðræður við framúrskarandi menn og hlusta á þeirra fyrirlestra, það hlýtur að vera mikils virði. Eins og jeg gat um áðan, mun vera hjer eitthvert samkomulag um að takmarka ræðuhöldin í dag, og skal jeg því ekki eyða um þetta fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg skal aðeins nefna þrjú atriði. Það er fyrst till. á þskj. 502, um lán til Friðjóns Kristjánssonar o. fl. til þess að koma upp kembingarvjelum hjer í Reykjavík. Þessir menn hafa látið rannsaka málið og komist að þeirri niðurstöðu, að mikil þörf væri kembingarvjela, og sú þörf fer vaxandi eftir því sem spunavjelar útbreiðast. Enginn þarf að halda, að þetta fyrirtæki verði skaðlegur keppinautur þeim verksmiðjum, sem fyrir eru, því að þær anna ekki nándar nærri því, sem vinna þarf.

Þeir, sem að þessu standa, vilja láta þess getið, að þegar að því kemur, að hjer verður stofnuð stór verksmiðja, sem unnið getur alla dúka, sem landið þarfnast, þá muni þeir fúsir til þess að láta þetta fyrirtæki renna inn í þá verksmiðju. Lóð geta þeir fengið innanvert við bæinn, og loforð fyrir nægilegu rekstrarafli hafa þeir fengið hjá rafstöðinni fyrir 300 kr. á mánuði. Þeir þykjast vissir um, ef þetta lán fæst, að hægt verði að setja vjelarnar á stofn í sumar. Af því að svo er að heyra, sem sumum þyki verra að ganga í ábyrgð en að veita lán, hefi jeg komið með varatillögu um ábyrgðarheimild, og býst jeg við, að húnýti undir hv. þm. að samþykkja lánveitinguna.

Þá er farið fram á, að tvær konur fái lítilfjörlegan styrk til þess að kenna kvennlegar hannyrðir. Það er merkilegt tímanna tákn, að við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) erum sammála um þessa till., og hefir hann þó oft verið annari þessari konu þungur í skauti. En fyrst hann

sjálfur ber nú fram þessa till., má nærri geta, hvort aðrir í deildinni muni leggjast á móti henni.

Þessi kona, Þórdís Ólafsdóttir, er mjög vel að sjer í kvenlegum hannyrðum, fornum og nýjum, og hefir kent þær í Dalasýslu og víðar, og hefir jafnan verið sóst eftir tilsögn hennar. En hún varð að leggja þessa kenslu niður, þegar styrkurinn var af henni tekinn.

Hin konan, sem lagt er til að veittur sje 500 króna styrkur, er á Austurlandi, svo ekki er hætt við, að þær taki mikið hvor frá annari. Hún heitir Sigrún Pálsdóttir og er kona Benedikts Blöndals kennara frá Eiðum. Hún hefir áður kent við þann skóla, en nú er hagur hennar annar, því að þau hjón eru hætt að starfa við skólann og farin að búa í Mjóanesi. Mjer þykir vel fara á því, að konur þessar sjeu styrktar, hvor í sínum landshluta, til þess að breiða út þekkingu og áhuga fyrir kvenlegum hannyrðum og listum. Verk þeirra miðar meðal annars að því að fegra og prýða heimilin og kenna kvenfólkinu að hafa verk með höndum, sem unun er að að vinna.

Þá skal jeg aðeins minnast á skáldin. Það er sagt, að í upphafi, þegar drottinn úthlutaði gæðum jarðarinnar, hafi skáldið verið statt úti í skógi og ekki fengið neitt í sinn hlut. Svo þegar skiftunum var lokið, fór skáldið til drottins og kvartaði yfir hlutskifti sínu. Drottinn sá, að skáldið hafði rjett að mæla og sagði: „Til uppbótar mun jeg leyfa þjer að koma inn í himin minn hvenær sem þú vilt.“

En af því að hið háa Alþingi mun ekki eiga neinn slíkan himin, tel jeg víst, að það muni hiklaust veita skáldunum umbeðinn styrk.

Magnús Torfason: Jeg á eina brtt. á þskj. 486 um að hækka styrkinn til sandgræðslu úr 23 þús. kr. upp í 26 þús. kr. En styrkurinn er bundinn því skilyrði, að jafnt komi á móti frá þeim, sem njóta. Síðan jeg kom í ríki Gissurar jarls hefi jeg riðið þar um hjeruð og athugað sandgræðslustarfið, og jeg verð að segja, að árangur er orðinn miklu meiri en hægt var að búast við. Jafnvel í sumum harðbalasveitum hefir skift svo um, að unnist hefir mikið landnám fyrir tiltölulega litla peninga. Árangurinn verður betri með hverju ári, eftir því sem reynslan kennir mönnum. Á Reykjanesfjallgarði er fjall eitt, sem heitir „Heiðin há“, og mun það vera fegursta fjallsheiti á Íslandi. Þar fyrir sunnan var eitt sinn fagurt land og frítt, einhver besta sveit landsins. Þar var jörð ein, sem hjet Strönd. Nú er þar ekki annað eftir en Strandarkirkja. Jörðin sjest ekki í jarðamatinu og er nú algerlega þurkuð út. Önnur jörð var þar, sem Vogsósar hjet. Sú jörð var hjáleiga frá Strönd. Strönd var eitt hið mesta höfuðból hjer á landi um eitt skeið, og þangað sótti hver höfðinginn af öðrum, og jafnvel börðust um. Nú er jörðin tómir sandflákar og fyrir fáum árum sást þar ekki stingandi strá.

Fyrir 13 árum tóku Selvogsmenn sig saman um að girða landið, og er þar nú kominn gróður nokkur, melbollar og slægjuvottur. Þetta er eðlilegt, þegar landið er friðað, því að hvergi nema undir Eyjafjöllum mun vera eins veðursælt hjer á landi og þar, og jarðvegurinn er frjór, því að þar sem voru einhverjar skógarleifar, hafa þær þroskast jafnt og grastegundir. Sandágangurinn er aðallega að norðan og austan, og þarf því að byrja á girðslu austast, til þess að hefta sand-

fokið. Þeir menn, sem þarna búa, munu vera fúsir til þess að leggja fram helming kostnaðar til þess að girðingunni sje haldið áfram og hún fullger, því að fyr kemur hún ekki að fullu gagni. Á Landi er reynslan sú, að þegar girðingar eru komnar, grær landið upp á 2—3 árum og koma þar bestu slægjur. Það er áreiðanlegt, að engu fje til landbúnaðar er betur varið en því, sem fer til sandgræðslunnar. Fjeð fer beint í vasa þeirra, sem vinna verkið, og árangurinn er ágætur. Við eigum að græða landið okkar, og um þessa sveit er jeg ekki í minsta efa um það, að eftir svo sem 20—30 ár eftir að fullgirt hefir verið verður þarna komin blómleg sveit, ekki síður en til forna. Landið er fagurt og jeg þekki engan stað, er betur væri fallinn til þess að hafa þar sumarbústaði.

Eins og jeg tók fram áðan, er Strandarkirkja á þessu landi, og er það sjálfsagt ömurlegasta kirkjustæði á landinu. Strönd og Vogsósar eru kirkjujarðir. Ábúandinn í Vogsósum hefir viljað fá jörðina keypta, en biskup hefir ekki viljað selja. Ábúanda er því meinað að leggja krafta sína í það að rækta jörðina, eins og hann mundi hafa gert að öðrum kosti.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en vona, að menn taki tillit til þess, að hjer er um það sandgræðslusvæði að ræða, er bera mun bestan og skjótastan árangur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg bað hæstv. atvrh. (MG) að minnast fyrir mig á þá einu brtt., sem jeg hefi gert við fjárlögin. Taldi jeg mjer skylt að bera þessa brtt. fram, því að Trausti Ólafsson hefir orðið fyrir rangindum, er sett var niður þóknun hans á þinginu í fyrra. Vona jeg, að hv. deild taki brtt. vel.

Þá er það ein brtt. frá hv. fjvn., er jeg vildi minnast á og kvarta um, en það er sú brtt., að fella niður styrk til útgáfu kenslubóka við mentaskólann. Það er sjálfsagt öllum skólamönnum vitanlegt, að óheppilegt er að þurfa að hafa kenslubækur á útlendum málum, ekki síst kenslubækur í sögu. Og kennurum er vitanlega miklu auðveldara að kenna sögu á íslensku heldur en á útlendu máli, og nemendum að nema. Vona jeg, að brtt. verði ekki tekin til greina, því síður sem hjer er verið að styrkja verk, sem þegar er byrjað á og þingið hefir lagt fje til áður.

Klemens Jónsson: Það virðist svo sem samtök hafi orðið um það í deildinni að hafa sem stystar umræður, og get jeg verið því samþykkur, því að jeg á enga brtt. við fjárlögin, og þarf því ekki að tala um þær. En það er ein brtt. á þskj. 486, sem jeg þarf að minnast á. Það er XVI. liður 2, til Eggerts Stefánssonar. Háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) hjelt ítarlega ræðu um þetta mál og skýrði það svo, að háttv. þdm. er það kunnugt, eftir því sem hægt er að ræða málið opinberlega. Þessum símritara er vikið frá í apríl í fyrra — ef mig minnir rjett. Hefir hann nú sent þinginu skjöl og borið sig upp undan meðferðinni á sjer. Þessi skjöl hefi jeg lesið með athygli. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að Eggert bæri ekki neinar sakir á sig. Það getur verið rjett, en hann ber þó sakir á mig út af veitingu símastjórastarfsins á Borðeyri. Jeg gæti skýrt alt þetta mál frá mínu sjónarmiði og gefið upplýsingar um það, en jeg álít ekki rjett að gera það opinberlega. Jeg álít, að málið eigi að athugast í nefnd, svo framarlega sem hann vill halda því áfram og þykist órjetti beittur. Það hefir verið gert áður að rannsaka lík mál í nefnd. Mætti

gera það á næsta þingi, og það vildi jeg helst fyrir mitt leyti.

Annars skal jeg geta þess, að það var ekki jeg, sem setti þennan mann af. Þegar jeg ljet af ráðherraembætti, lágu ekki fyrir ástæður til þess að víkja honum frá. Það var ekki gert fyr en mánuði seinna, og ber því hæstv. atvrh. (MG) ábyrgð á frávikningunni. Jeg get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) hjelt fram, að það sje sanngirniskrafa, að manninum sje veitt einhver uppbót, og hefir þingið áður tekið líkar bænir til greina, svo sem frá Árna Theódór Pjeturssyni kennara og Petersen símstjóra í Vestmannaeyjum. Honum var líka að nokkru leyti bolað frá stöðu sinni, enda þótt það væri ekki af sömu ástæðu og Eggert Stefánssyni var vikið frá, en þeir voru þó báðir taldir óhæfir símritarar. Þingið tók kröfur Petersens til greina og einnig kröfur Árna Theódórs Pjeturssonar, en Eggert hefir varla brotið meira af sjer en sá maður.

En eins og jeg hjelt fram áðan, þá er þetta mál þess eðlis, að ef þingið á að sinna því, þá verður það að fara í nefnd og skýrsla hennar að leggjast fyrir næsta þing.

Jeg hefi enga ástæðu til þess að tala lengra mál, en ef svo ólíklega skyldi fara, að hv. þdm. brytu bindindið við umr. á morgun, þá mun jeg kannske taka til máls aftur.

Jón Baldvinsson: Jeg er ekki í neinu orðabindindi, svo að jeg þykist mega fylgja brtt. mínum úr hlaði.

Það er þá fyrsta brtt., sem jeg hefi borið fram, á þskj. 486,I, um að semja efnisyfirlit við Stjórnartíðindin fyrir árin 1916—1925. Hv. fjvn. fjekk mig til þess að taka þessa till. aftur við 3. umr. hjer í deildinni, í trausti þess, að nefndin athugaði málið, en hún hefir gleymt því. Það er nauðsynlegt að fá þetta efnisyfirlit fyrir 10 síðustu árin, og upphæðin, sem farið er fram á, 2500 kr., er ekki meiri en greitt hefir verið áður fyrir samskonar verk. Geri jeg ekki ráð fyrir neinum ágreiningi í deildinni um þessa brtt.

Þá er brtt. XIII. á þskj. 486, um 7500 kr. til Byggingarfjelags Reykjavíkur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá, eða til vara 5000 kr. Þetta fjelag var stofnað laust eftir stríðið til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum hjer í Reykjavík. Voru það aðallega fátækir menn, er tóku sig saman um að koma upp húsnæði fyrir sig sjálfa. Fjelag þetta byrjaði því með litlum efnum, 13—14 þús. kr., og var ekki að búast við því, að það gæti gert mikið nema með því að fá stórlán. Fjekk það og lán með tilstyrk bæjarstjórnar Reykjavíkur. En eins og menn vita, eru lán afardýr, og kostnaður varð meiri en gert var ráð fyrir í fyrstu.

Íbúðirnar í húsum þessum eru betri en flestar aðrar leiguíbúðir hjer í bænum, hátt undir loft og bjart. Er nú á þriðja hundrað manns í húsum þessum. Stjórn fjelagsins hefir hugsað sjer, ef hún fengi styrk úr ríkissjóði, að greiða af skuldum og reyna þá eitthvað að lækka leigu, ef hægt er, og er hún þó nú þegar lægri en víðast hvar annarsstaðar. Vonirnar, sem menn gerðu sjer um fyrirtæki þetta, hafa ekki brugðist, en það má kannske segja, að fjelagið standi sig ekki nógu vel, og er það vegna hinna gífurlegu vaxta, sem fjelagið verður að greiða af lánum sínum. Það er líka uppi sú stefna nú, að gefa eftir skuldir þeim, er verðir þess þykja, og lána stórar fjárhæðir til fyrirtækja, sem erfitt hafa átt, og hygg jeg, að ekki sjeu mörg þeirra maklegri

þess en þetta fyrirtæki. Það er nauðsynlegt fyrir fólk að koma upp góðum íbúðum þar, sem svo er ástatt sem hjer. Í fjárlögum 1924 var fjelaginu veittur 5000 kr. styrkur til nýbygginga, en þann styrk hefir það ekki fengið greiddan. Hjer er því í vissum skilningi ekki um annað en endurveitingu að ræða, ef varatill. verður samþykt.

Þá er XV. brtt. á þskj. 486, og er hún gamall kunningi deildarinnar. Jeg fór fram á hærri upphæð bæði við 2. og 3. umr., en hefi nú lækkað upphæðina að mun, til þess að gera brtt. aðgengilegri fyrir hv. þdm. Jeg hefi áður lýst starfsemi þessa sjóðs, en þá var það haft á móti fjárveitingu til hans, að slysatryggingarfrv. væri á leiðinni. Nú er það frv. orðið að lögum, en þó er nóg starfsvið fyrir þennan sjóð að veita styrk í veikindum, þeim, sem ekki fá styrk samkvæmt lögum um slysatryggingar. Það lætur nærri, ef aðalbrtt. verður samþykt, að það sje jafnmikið fje, sem sjóðurinn fær þar, eins og hann fær nú með iðgjöldum á ári frá fjelögum þeim, sem að sjóðnum standa.

Þá er önnur brtt. undir XV. lið, við 17. gr., um slysatryggingar. Nú eru veittar 14 þús. kr. í þessu skyni í 17. gr., en nú vil jeg, að það sjeu veittar sjerstaklega 50 þús. kr., til uppbótar handa þeim, er bætur eiga að taka samkv. slysatryggingarlögum á þessu ári og því síðastliðna. Það er öllum í fersku minni, hvert afhroð Íslendingar hafa goldið nú nýlega við fráfall hinna mörgu vösku drengja, sem fóru í sjóinn. Hefir þar orðið ærið skarð fyrir skildi hjá ættingjum þeirra, og það, sem hægt er að bæta með fje, er sjálfsagt að bæta. En ef ofan á raunirnar bætist það, að fólkið lendir í örbirgð, eins og þráfaldlega kemur fyrir, þá er það miklu verra. Nú hefir að vísu verið hafist handa og skotið saman miklu fje til eftirlifenda þeirra manna, sem druknað hafa á þessu ári, sem auðvitað verður haft sem viðbót við það, sem slysatrygging sjómanna greiðir þeim, en mjer hefir fundist rjett, að ríkissjóður tæki einnig þátt í þessu; það væri ekki nema lítilsháttar viðurkenning fyrir það góðæri, sem ríkissjóður hefir átt að fagna, einmitt mest fyrir starfsemi þeirrar stjettar, sem mest hefir lagt sig í hættu, og að ríkissjóður legði fram þessa fjáruppháð, sem jeg hjer tala um. Jeg ætlast til, að þetta fje verði greitt þeim, þegar fjárlögin fyrir árið 1926 ganga í gildi, og þá skift eftir sömu hlutföllum og bætur hafa verið greiddar þeim, er rjett eiga til bóta fyrir árin 1924 og 1925. Jeg býst nú við, að einhverjir hv. þm. kunni að segja, að ekki komi mikið í hlut hvers eins, því að hjer er um nokkuð marga menn að ræða, sem bætur eiga að taka, þótt ekki sje talað um aðra en þá, sem druknað hafa á árinu 1924 og það sem af er árinu 1925; en þó að svo sje, að ekki sje nema um litlar fjárhæðir til hvers að ræða, þá munar margt af því fólki um það að fá þó ekki sje nema eitt, tvö eða þrjú hundruð krónur, því að það er allhætt við því, að hjá mörgum þeirra sje ekki úr miklu að spila, en hinsvegar af ríkisins hálfu nokkurskonar þátttaka í þeim samskotum, sem hjer hafa farið fram. Það kunna líka einhverjir rausnarlegir þm. að finna að því, að jeg hefi ekki beðið um meira fje, en þá er þeim hv. þm. innanhandar að koma með brtt. um það; jeg skal ekki vera á móti því. Jeg þykist mega ganga út frá því, að ekki verði mjög mikill ágreiningur um þessa till. og að hún

verði samþykt í einu hljóði. Auk þess hefir Alþingi borist erindi frá Fiskifjelagi Íslands, þar sem farið er fram á það, að bæturnar til eftirlifenda sjómannanna hækki um meira en helming, úr 2000 kr. upp í 5000 kr., og örorkubæturnar úr 4000 kr. upp í 8000 kr. Við vitum, að þetta er óbreytt frá því, sem það var í slysatryggingarlögum þeim, sem samþykt hafa verið, og verður því ekki breytt á þessu þingi að neinu leyti. Hinsvegar gæti það komið fyrir, að ríkissjóður að nokkru leyti legði fram uppbót eftir á til eftirlifenda þeirra sjómanna, sem druknað hafa í sjó eða farist af slysum, og gæti það þá að nokkru komið í sama stað niður, ef það yrði föst regla, og ekki skyldi jeg hafa á móti því. Vil jeg svo ljúka máli mínu að því er þennan lið snertir.

Þá á jeg hjer á þskj. 504 eina litla brtt. Fyrir Alþingi liggur nú umsókn frá sjúkrahúsinu á Ísafirði, þar sem farið er fram á það, að því sje veittur styrkur, sem svarar þeim verðtolli, sem það hefir orðið að greiða til ríkisins af ýmsum áhöldum, er til hússins hafa verið keypt. Það var farið fram á það við 3. umr. fjárlagafrv. í þessari deild, að það fengi 3000 kr., en nú hefi jeg lækkað þessa beiðni og fer fram á 2800 kr. Jeg tel það algerlega sjálfsagt að veita sjúkrahúsinu þennan styrk, því að ríkissjóður ætti sannarlega ekki að vera að taka toll af þeim nauðsynlegu hlutum, sem þarf til sjúkrahúsa. Jeg veit líka, að læknar, sem hafa flutt inn áhöld, sem þeir hafa keypt eða pantað frá útlöndum, hafa fengið eftirgjöf á verðtolli, og það meira að segja þeir, sem ekki standa sjerstaklega í þjónustu ríkisins; sama ætti að gilda um þetta, jafnvel þó að svo hafi verið, að þeir hlutir, sem þarna er um að ræða, hafi verið keyptir samkvæmt útboði og einstakir menn hafi útvegað þá, því það er auðvelt að reikna út, hve miklu sá verðtollur nemi, sem sjúkrahúsið hefir orðið að greiða. Mjer finst líka, að það ætti miklu fremur að verðlauna þann mikla áhuga og dugnað, sem Ísfirðingar hafa sýnt í því að koma upp þessu sjúkrahúsi, sem er eitthvert það myndarlegasta, sem til er á landinu, og ekki að vera að taka af því í toll fjárhæð, sem ekki munar ríkissjóð neinu, en nokkru fátækt bæjarfjelag. Jeg vildi því mælast til þess, að hv. deild samþykki þessa brtt. á þskj. 504.

Hafi jeg gleymt að minnast á eitthvað, þá verður væntanlega ekki lokið þessum umr. í kvöld, og fæ jeg þá líklega tækifæri til að minnast á þær síðar, og ef andmæli koma fram, vona jeg, að mjer gefist tækifæri til að svara þeim.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 469, 482, 486, 492, 494, 495, 502, 504, 515, 518, 521).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 515, 518 og 521. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eins og fjárlagafrv. er afgreitt frá hv. Ed., eru hin raunverulegu útgjöld hækkuð um 890 þús. kr. frá því, sem var í stjfrv., og tel jeg þar ekki með 600 þús. króna útgjaldahækkun, sem bætt hefir verið við 7. gr. til afborgana lausaskulda. Hjer liggja fyrir margar brtt., og mjög er hætt við, að þegar þessari umr. er lokið, verði aukning á útgjöldum frá því, sem var í stjfrv., orðin æðinálægt 1 miljón króna. En það þýðir, að hin raunverulega út-

gjaldaupphæð frv. nemur alls 9¾ milj. kr. Það er rjettri 1½ milj. kr. hærra en útgjöldin í fjárlögunum 1925, sem þessir sömu hv. þm. samþyktu fyrir einu ári. Þegar þess er gætt, að allur tekjuafgangurinn 1924 nam 1½ milj. kr., get jeg ekki sagt annað en að mjer þyki orðin of mikil umskifti á hugsunarhættinum frá því í fyrra, þar sem hv. þm. treysta sjer til að hækka útgjöldin um þessa sömu upphæð. Það er hægt að segja ýmislegt um ástæður og orsakir til þess, að svo er komið. En jeg vil minna á, að eftir allri minni þingreynslu, sem að vísu er ekki löng, er aðeins einn varnarveggur, sem dugað getur gegn óhóflega miklum fjárveitingum, og það er fjvn. Nd. Þegar hún getur orðið sæmilega samtaka um að setja hækkuninni takmörk, hefir mikið áunnist. 1924 var nefndin óvenjulega vel samtaka. En jeg get ekki annað sagt en að nú sje varnarveggurinn bilaður, ekki þannig, að hann hafi skolast burtu, heldur hafa brostið í hann svo mikil skörð, að hann hefir ekki veitt nægilega fyrirstöðu gegn tilhneigingum hv. þm. til þess að reyna að fá sem mestar fjárveitingar úr ríkissjóði til eins og annars, sem þeim og kjósendum þeirra finst nauðsynlegt. Eftir því, sem lengra líður á meðferð fjárlaganna, fara margar af brtt., sem fram koma, að eiga minni og minni rjett á sjer, og mjer virðist hv. þm. vera búnir að vera of lengi utan andrúmslofts kjósenda sinna og farnir að vera of veikir fyrir áhrifunum hjer úr bænum.

Um frv. verð jeg að segja það, að mjer finst fara best á, að fjvn. hefði orðið ásátt um að ráða deildinni til að samþykkja það óbreytt. Þá hefði mátt komast hjá þessari síðustu hækkun. Mín skoðun er sú, að aðalástæðan, sem nefndin bendir á, sje ekki á rökum bygð, sem sje niðurfærsla á styrk til Búnaðarfjelags Íslands, sem hv. þm. Str. (TrÞ) taldi aðalástæðuna fyrir því, að fjvn. hefði ekki getað fallist á frv. óbreytt.

Í núgildandi fjárlögum eru þessari stofnun ætlaðar 140 þús. kr., og var það hækkað lítið eitt í stjfrv., en svo ákvað fjvn. Nd. í þingbyrjun að hækka þessa upphæð upp í 200 þús. kr., og er það auðsjáanlega miklu meiri hækkun en komið gat til mála að leyfa í fjárlögunum yfirleitt. Háttv. þm. Str. hefir lýst því, hvernig þetta kom til eftir till. fjhn. búnaðarþingsins. En mjer er fullkunnugt um, að allmargir af hinum gætnari mönnum búnaðarþingsins álitu farið lengra í kröfurnar en nauðsynlegt væri og töldu viðunanlegt, ef hækkað væri upp í 175 þús. kr. En það var samt farið fram á þessa hækkun. Háttv. þm. Str. reyndi að færa sönnur á, að sjerstaklega tryggilega væri búið um notkun þess fjár, sem Búnaðarfjelagið fær. En sannleikurinn er sá, að fje það, sem sú stofnun fær, er ekki undir eins miklum umráðum og eftirliti þingsins og annað fje, sem það veitir og ákveður hvernig nota skuli. Jeg minnist þess ekki, að hjer hafi verið gerð nokkur grein fyrir, til hverra framkvæmda Búnaðarfjelagið ætlar að nota þessa hækkun. Það er eðlilegt, að búnaðarþingið skoði það sitt hlutverk að fá hjá þinginu sem hæsta upphæð til sinnar starfsemi, en þá er það þingsins og stjórnarinnar að halda í á móti, svo að rjett hóf verði á niðurstöðunni. Jeg skal engan veginn halda því fram, að þær framkvæmdir, sem hækkunin er ætluð til, sjeu ónauðsynlegar. Það er svo margt, sem verður að sitja á hakanum nú, en hinsvegar hafa ekki verið færð rök að því, að

þessi hækkun sje öðru fremur nauðsynleg. Kunnugir menn segja, að 175 þús. kr. sje alveg forsvaranleg upphæð.

Um einstakar till. hv. nefndar og hv. þm. get jeg verið fáorður. Jeg hefi gert mjer það að reglu, því að jeg veit. að það hefir lítil áhrif á atkvgr., hvort mælt er með eða móti einstökum tillögum. Þó vil jeg nú gera undantekningu með einstaka liði.

Af brtt. nefndarinnar vil jeg þá fyrst minnast á 5. liðinn, um að fella niður styrkinn til útgáfu kenslubóka mentaskólans. Þó þetta heyri ekki undir mig, þá vil jeg biðja þessari litlu fjárveitingu lífs. Jeg hygg, að margt, sem í fjárlögunum stendur, sje miður nauðsynlegt en að sjá uppvaxandi mentalýð þessa lands fyrir kenslubókum á þeirra eigin tungu. Það er fyrsta skilyrðið til að kenna þeim að hugsa á íslensku. Upphæðin er hinsvegar ekki stór og skiftir ekki máli um útkomuna.

Um 7. brtt. nefndarinnar er það að segja, að jeg tel hv. Ed. hafa gengið á viðunandi hátt frá skilyrðum fyrir styrk til hjeraðsskólanna. Það þarf að vera sæmileg trygging fyrir því, að ekki sje ógætilega og af ljettúð ráðist í skólastofnanir fyrir einstök hjeruð, sem þau rísa alls ekki undir. Jeg tel, að í aths. felist miklu stærra fjárhagslegt atriði en upphæð þeirrar fjárveitingar, sem stendur í liðnum. 20 þúsundir skifta ekki miklu máli, ef hjer væri ekki um meira að ræða. En það er ekki fögur útsjón frá fjárhagslegu sjónarmiði að sjá unglingaskóla rísa upp í hverri sýslu og vita, að sýslurnar eru ekki færar um að standast þann kostnað, sem skólarnir hafa í för með sjer, því að þær stynja nú undir berklavarnakostnaðinum og geta engum nýjum útgjöldum á sig bætt. Það er fyrirsjáanlegt, að ef slíkir skólar eru stofnaðir, hljóta þeir að veslast upp, eða ríkið verður að taka þá upp á sína arma að miklu leyti.

Þá vil jeg þakka hv. nefnd fyrir 19. brtt., um að fella niður aths. um húsaleigu einnar ekkju, sem nýtur eftirlauna samkv. 18. gr. Jeg skal bæta því við, að af því að stjórnin var nokkuð við það riðin, að ekkjan situr í þessu húsnæði, þá telur hún sjer skylt að greiða úr þessu máli fyrir umliðinn tíma, svo vandræðalaust verði. Það er fyrirætlunin, að hún flytji bráðlega úr húsnæðinu, svo þetta verður ekki áframhaldandi útgjaldaliður í fjárlögunum.

Um brtt. einstakra þm. skal jeg ekki segja annað en það, að jeg vil endurtaka og leggja áherslu á, að hv. deild felli allar uppástungur um heimild til að ganga í ábyrgð. Það er að bæta gráu ofan á svart, er útgjöldin eru hækkuð eins og raun er á orðin, að leggja auk þess tekjur ríkissjóðs í hættu með því að ætlast til, að hann gangi í ábyrgð fyrir fyrirtæki, sem fje fæst ekki til án ríkisábyrgðar. Auk þess er það hreint ekki velgerningur að lokka menn út í kostnaðarsöm fyrirtæki, þegar hækkun á gildi peninga eða lækkun á verðlagi er framundan. Öðru máli gegnir um heimildir til lánveitinga úr viðlagasjóði. Viðlagasjóðurinn er aðskilinn frá ríkissjóði og afborganir til hans ætlaðar til útlána. Það er ekkert við því að segja, þó Alþingi heimili lán úr honum, ef fje er fyrir hendi, og þá verður aldrei lánað meira fje en viðlagasjóður hefir yfir að ráða. En jeg býst við, að lítið verði þar eftir umfram það, sem ætlað er til íshúsanna, ef sú heimild verður notuð út í æsar.

Mjer þykir leitt, að hv. fjvn. vill fella till. frá hv. Ed. um lánsheimild til bæj-

arfógetans í Vestmannaeyjum, því að það er nauðsynlegt, ekki vegna embættismannsins sjálfs, heldur vegna embættisrekstrarins. Þar er húsnæðisekla meiri en annarsstaðar vegna vaxtar kauptúnsins. Bæjarfógetinn hefir leigt litlar kompur fyrir skrifstofu, en það er ekki vanvirðulaust, að skrifstofa embættisins hafi aðsetur sitt þar. Fjöldi útlendinga á skifti við bæjarfógetann, vegna hinnar miklu skipakoma frá útlöndum og vegna hinna sóku botnvörpunga, sem farið er með þangað til dóms. Þó það kunni nú ekki að þykja mikils um vert, hvernig slíkir menn líta á oss, þá er þó þess að gæta, að samfara slíkum yfirheyrslum koma yfirmenn varðskipa til rjettarhalds, og það er oss alls ekki vansalaust að láta yfirvald hafast við í slíkum húsakynnum. Auk þess bíður embættisrækslan beinlínis baga af húsnæðinu. Jeg vil leyfa mjer að mæla hið besta með þessu, því að hjer stendur öðruvísi á en alstaðar annarsstaðar, svo það er ekki rjett að telja þetta fordæmi. Þarna þarf ríkið að sýna sómasamlega framkomu gagnvart útlendingum.

Þá skal jeg að lokum fara nokkrum orðum um lánveitingu til frystihúsa, þó það sje mjer eiginlega óviðkomandi. Jeg get byrjað á því að geta þess, að skýrsla kæliskipsnefndarinnar varð mjer vonbrigði. Jeg vonaðist til þess, að það yrði okkur mögulegt sökum nálægðar við kjötmarkaðinn, að nota aðstöðu okkar til þess að koma kjötinu nýju á markaðinn og njóta hæsta verðs á hverjum tíma. En nefndinni finst þetta ekki tiltækilegt, en vill, að við frystum kjötið og sendum það frosið á markaðinn. En með því setjum við okkar vöru við hliðina á því kjöti, sem ódýrast er selt í heiminum. Fryst kjöt er mjög ódýrt; fyrir stríðið heyrði jeg talað um 1 penny pundið á Englandi, þó jeg viti ekki sönnur á því. Þá var kjötframleiðsla svo mikil og svo ódýr í sumum löndum, að af sláturfjenaði var sumstaðar ekki hirt annað en skinnið, en kjötið álitið einskisvirði og fleygt, af því að ekki borgaði sig að flytja það á markað. Þetta kann nú að hafa breyst nokkuð, kjötframleiðslan minkað svo, að kjöti sje ekki fleygt lengur, en frosið kjöt frá þessum fjarlægu löndum er samt ódýrasta kjötið í þeim löndum, sem ekki neyta saltkjöts. Mjer virðist, að við ættum að reyna hið ýtrasta til að nota aðstöðu okkar til þess að reyna að koma kjötinu nýju á markaðinn. Jeg tel heppilegt að gera verklegar tilraunir við þetta næsta haust og vita, hversu til tekst. Þetta er mál, sem þarf að rannsaka betur, og jeg býst við, að það verði gert, þó ekki sje veitt fje til þess. Hinsvegar tel jeg sjálfsagt, að íshús þurfi að byggja, ef flytja á út nýtt kjöt, þó tilhögun kynni þá að mega vera nokkuð öðruvísi en ef frysta á kjötið.

Árni Jónsson: Örfá orð viðvíkjandi brtt., sem jeg flyt á þskj. 486, um styrk til Lúðvíks Jónssonar. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta; það var rækilega rætt við 3. umr. fjárlagafrv. hjer. En hv. Ed. feldi þennan lið niður. Mjer er nú kunnugt um það, að nefndin í Ed. var ekki á móti þessu í sjálfu sjer, en vænti þess, að Búnaðarfjelagið myndi veita þennan styrk; það væri skylda þess. En nú er mjer kunnugt um, að Búnaðarfjelagið mun ekki veita þennan styrk, og vænti jeg þess, að þessi hv. deild taki þessu ekki ver nú en áður og samþykki brtt.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjer tvær till. á þskj. 486. Önnur er um styrk til Stefáns skálds frá Hvítadal. Hann er nú jafnmaklegur styrksins sem áður, er hv. deild

samþykti hann, svo jeg fjölyrði ekki um þá till.

Þá er brtt. viðvíkjandi tóvinnufjelagi Vestur-Ísfirðinga. Jeg hefi nú beðið um lán, en ábyrgð til vara. Jeg vona, að hv. deild samþykki slíkt lán, þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. fjrh. (JÞ). Ef ekkert fje er fyrir hendi, þá er hættulaust að samþykkja hana, en ef heimildin með frystihúsin er ekki notfærð, þá er af nógu fje að taka; en þó svo verði ekki, þá mun samt hv. deild vera mjer sammála um, að atvinnufyrirtæki sem þetta á að sjálfsögðu að ganga fyrir lánveitingum til húsagerða handa embættismönnum og öðru slíku, sem ekki á skylt við atvinnuvegi þjóðarinnar.

Þá á jeg nýja brtt. við athugasemdina um skólagjöldin. Er efni hennar að leggja úrskurðarvaldið um skólagjöldin í hendur skólastjóranna. Þeir eru sínum nemendum kunnugastir og vel treystandi til að fara rjettlátlega með það vald.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi hjer leyft mjer að bera fram eina till. um 10 þús. kr. fjárveitingu til lendingarbóta á Skálum á Langanesi. Jeg þarf ekki að vera langorður um þá till. Veit jeg, að hv. þm. muni vera kunnugt um, að fiskiþorp þetta hefir vaxið mjög síðustu ár. Fiskveiðar eru þar einkum stundaðar á árabátum, en lending er þar heldur ill, — brimlending. Samkv. skýrslu, sem vitamálastjóri hefir sent atvinnumálaráðuneytinu um mælingar þær, er Jón Víðis framkvæmdi fyrir hönd vitamálastjóra 1922, hafa verið gerðar áætlanir um lendingarbætur þar. Er kostnaður áætlaður 27 þús. kr. Verður því ekki sagt, að í stórt sje ráðist, þótt brtt. mín næði fram að ganga, enda hagar hjer svo til, að kostnaður verður næsta lítill í samanburði við það, sem aðrir öldubrjótar hafa kostað, en gagnið á hinn veginn mikið. Samkvæmt skýrslum, er jeg hefi frá útgerðarmönnum þar eystra, hefir innflutningur og útflutningur frá Skálum hvor um sig síðastliðið ár numið góðum fjórðungi miljónar. Af þessu mega menn sjá, að ver þetta er í allmiklum uppgangi.

Mál þetta var borið fram á síðasta Fiskifjelagsþingi og leist því svo mikil nauðsyn á því, að umbætur yrðu gerðar á Skálum, að það veitti af fátækt sinni tíu þúsundir króna, gegn væntanlegu framlagi frá ríkisins hálfu. Kemur það og heim, að venja hefir verið, að ríkissjóður veitti þriðjung kostnaðar til slíkra mannvirkja. Þó hefir stundum verið farið örlátara um þau efni og veittir jafnvel tveir þriðjungar kostnaðar, svo sem nú mun vera um lendingarbætur í Grindavík, og skal jeg það síst lasta.

Útgerðarmenn þar eystra munu hafa einhver ráð að leggja fram að sínum hluta það, sem á vantar. Jeg vona, að hv. deild líti með sanngirni á mál þetta, enda er það mála sannast, að Norður-Þingeyingar hafa ekki hingað til þreytt Alþingi með fjárbeiðnum. Vænti jeg því hinna bestu undirtekta í þessu efni.

Jeg mun hjer ekki fara út í aðrar brtt., enda þótt nafn mitt standi á sumum þeirra.

Þó vil jeg minnast á eitt atriði, hefting sandfoks í Selvogi, og kemur mjer þá í hug hin góðfræga Strandarkirkja. Þætti mjer ekki ótilhlýðilegt, að kirkjan annaðist slíkt sjálf af sínu mikla gjafafje, enda býst jeg ekki við, að hún tapaði helgikrafti sínum, þótt landið kringum hana yrði grasi gróið, og hygg jeg, að hennar fje yrði ekki betur varið á annan hátt.

Vona jeg, að „reipi" kirkju þessarar dugi, — þótt jeg kannist við orð skáldsins, Gríms Thomsens, þar sem hann segir:

Útsynningar öflug reip
um hana' úr sandi fljetta:
Engi' er hætta', að guðs úr greip
gangi húsið þetta.

Sveinn Ólafsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 486. Eru það XII. og XX. brtt. Getur varla talist, að þær horfi til útgjalda, a. m. k. ekki í samanburði við margar aðrar. XII. brtt. er í raun og veru viðaukatillaga við 17. brtt. fjvn. á þskj. 482, sem fer fram á að veita konu á Vesturlandi styrk til skólahalds í kvennlegum hannyrðum. Legg jeg til, að um leið og þeirri konu er veittur styrkur sá, er fjvn. leggur til, sje annari konu á Austurlandi veittur jafnhár styrkur í sama tilgangi. Kona þessi, Sigrún Pálsdóttir, hefir haft slíka kenslu á hendi sex undanfarin ár, en á nú erfiðara um vik en áður, vegna bústaðaskifta. Hún er mjög vel gefin og vel mentuð kona, og eigi aðeins í kvennlegum hannyrðum, heldur og fleiru, er húsmæðrum má að gagni koma, enda er jeg viss um, að hverri húsmóður er mikill ávinningur að því að vera undir handleiðslu hennar. Annars þarf jeg ekki að tala frekar fyrir till. þessari, því að hv. þm. Dala. (BJ) tók að mestu af mjer ómakið í gær. Hann skýrði alveg rjett frá högum hennar og starfsemi, en ljet um leið undrun í ljós yfir því, að jeg skyldi vera sjer samtaka um till. þessa, þar sem við hefðum svo oft elt grátt silfur. Þótt svo sje, höfum við engu að síður verið ágætlega sammála í ýmsum málum. En hv. þm. Dala. mun vera farinn að verða gleyminn eins og jeg, enda erum við jafnaldrar.

Þá kem jeg að síðari till. Flyt jeg hana ásamt hv. þm. Ak. (BL), og er hún í tveim liðum. Hjer er ekki farið fram á beinar fjárveitingar, heldur það, að ríkissjóður ábyrgist lán til Búðahrepps, að upphæð 100 þús. kr., og lán til Akureyrar, alt að 150 þús. kr., í þeim tilgangi, er í brtt. segir. Rafveitan í Búðahreppi hefir lengi verið í undirbúningi, og þykir nú fært að fara að koma henni upp, þar sem efni hefir fallið mjög í verði. Till. um litlu hærri ábyrgð á láni til þessa sama hrepps fjell við 3. umr. í háttv. Nd. Hygg jeg, að það hafi orðið af vangá, en ekki af því, að deildin hafi ekki viljað unna hreppnum þessa láns. Hreppur þessi hefir haft ríkissjóðsábyrgð á láni þessu í þrjú ár, frá 1921—'24, en vildi ekki nota sjer ábyrgðina sökum óhagstæðs árferðis. Nú hefir hreppurinn fengið tilboð frá Noregi um lán, ef nægileg trygging sje veitt. Jeg skal að vísu kannast við, að stundum hefir verið gengið óvarlega í slíkar ábyrgðir, svo að ríkissjóður hefir beðið nokkurn halla af, en slík slys geta altaf komið fyrir. Hinsvegar ætti það að vera innanhandar, er um nýjar ábyrgðir er að ræða, að tryggja þær, svo að ekki standi hætta af, enda er hjer ætlast til, að svo verði gert.

Jeg get því ekki fallist á, að hjer sje verið að stofna ríkissjóði í neina hættu. Hjer á í hlut vel stætt hreppsfjelag, sem naut mikils góðs af góðærinu árið sem leið, og í hitt eð fyrra, er víða annarsstaðar var óhagstætt árferði, var þar mjög gott í búi. Það mun fullkomlega óhætt að treysta því, að þeir menn, sem hjer eiga hlut að máli, ráðast ekki í slíkt fyrirtæki sem þetta án þess að geta tekið hinum fjárhagslegu afleiðingum þess. Hinsvegar er mun auðveldara að fá lán með góðum kjörum, ef ríkissjóður stendur á bak við,

Um síðari till. gegnir sama máli og um hina fyrri, en með því að jeg veit, að hv. þm. Ak. (BL) muni tala fyrir henni, get jeg sparað mjer að gera það.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer brtt., sem að vísu ganga í lækkunaráttina. Veit jeg vel, að slíkar tillögur verða jafnan óvinsælli en hækkunartillögurnar. Mælist slíkt jafnan illa fyrir hjá þeim, sem hlut eiga að máli, hvort sem það eru einstakir menn eða hjeruð.

Fyrst vil jeg minnast á þá brtt. mína, að sú fjárveiting, sem í 14. gr. B. VIII, 3. a—c er ætluð til skólahalds á Staðarfelli, falli niður. Mál þetta er þess eðlis, að hægt væri að rekja langa sögu þess, en með því, að málið mun mörgum kunnugt, mun jeg ekki fara langt út í þá sálma. Eins og kunnugt er, var Staðarfell upphaflega gefið með það fyrir augum, að kvennaskóli væri stofnaður þar. Frú Herdís Benediktsen gaf og sína gjöf með hið sama fyrir augum. Er kunnugt, að á Vesturlandi hafa komið fram óskir um það, að þessum gjöfum væri slegið saman í þessum tilgangi. Hinsvegar hefir og mótmælum verið hreyft og talið, að slíkt væri ekki í samræmi við tilætlun annars gefandans, frú Herdísar.

Það er alkunna, að í gjafabrjefinu er skýrt tekið fram, að stofna skuli sjerstakan skóla, og ekki fyr en sjóðurinn er orðinn svo stór, að hann einn nægi til að bera skólann uppi. Jeg verð að halda því fram, að þó nú sje ráðgerður húsmæðraskóli, þá sje ætlunin sú, að taka þetta áðurnefnda fje, sem að mínu áliti er alls ekki hægt, nema með ránshendi, svo fremi að ekki á að einskisvirða síðasta vilja gefandans. *(JAJ:* Hver ætlar?). Ýmislegt bendir á, að þetta vaki fyrir mönnum, og frv. á þskj. 43, sem borið var fram í Ed. snemma á þinginu, sýnir, að þessa er helst að vænta. Mjer dettur ekki í hug annað en þetta sje meiningin, þó að öðruvísi sje af stað farið. Jeg skal nefna dæmi til stuðnings. Þeir, sem halda því fram, að nú sje stofnaður skóli á Staðarfelli, bera fyrir sig m. a., að áskoranir úr Dalasýslu fari í þá átt. Það er rjett. Hjer er bunki af áskorunum úr flestum hreppum Dalasýslu, og eins og hv. þm. geta sjeð, þá hafa þær farið margra manna á milli. Þessi skjöl bera með sjer, að þau eru samin af sama manni, því að þau eru öll með sömu hendi, nema eitt. Benda allar líkur á, að þessum undirskriftum hafi verið smalað saman. Vitanlega er það ekki Dalasýsla ein, sem hjer á hlut að máli eða nokkurn rjett til sjerstakrar yfirákvörðunar. Eins og sjá má af fjárlögunum, er hið nauðsynlega framlag af ríkisins hálfu til skólans áætlað 7800 kr., og auk þess 15000 kr. ábyrgð á láni til væntanlegrar forstöðukonu skólans, til þess að kaupa áhöfn á jörðina. Nú er það vitanlegt, að hagur ríkissjóðs stendur höllum fæti, og jeg hjelt, að hv. Alþingi væri ennþá sömu skoðunar og hjer virtist ríkjandi í fyrra, að gæta bæri allrar varúðar um framlög úr ríkissjóði og ekki skyldi veita meira fje en óhjákvæmilegt væri. Þó jeg viðurkenni, að slík skólastofnun sem þessi eigi mikinn rjett á sjer, verður líka að líta á hitt, að margt verður að setjast til baka vegna fjárhagsörðugleikanna. Það er með þetta fyrir augum, að jeg snýst á móti þessari fjáreyðslu. Jeg geri það líka í samræmi við vilja alls þorra kjósenda í mínu kjördæmi.

Mjer blandast ekki hugur um, hvert hjer er stefnt. Það er venjulega svo, að þegar búið er að smeygja inn litlafingrinum, þá er hægra að koma þeim næsta, og svo allri hendinni. Meiningin er auðvitað, að þarna skuli kvennaskóli Vesturlands standa. Mjer kemur ekki á óvart, þó að þingið á sínum tíma telji sjer heimilt að taka fje frú Herdísar til þess að blanda því saman við þessa Staðarfellsgjöf, ef gjöf skyldi kalla, því að hjer er miklu fremur um sölu að ræða heldur en gjöf. Jeg á nokkrar jarðir, og sumar góðar. Ef þingið byðist til að taka við jörð, gegn því að tryggja mjer og konu minni lífeyri til dauðadags, þá mundi jeg telja, að jeg hefði sjeð okkur mjög sómasamlega borgið.

Það er eitt, sem forgöngumenn þessa máls hafa ekki gert sjer ljóst: Staðarfell er bygt sýslumanninum í Dalasýslu, og mun eitthvað á þá leið að orði komist, að það sje til lífstíðar, ef landið þurfi ekki á jörðinni að halda.

Jeg er ekki kunnugur afsalsbrjefinu, því að það hefir þótt hlýða að fara heldur dult með það. Öll áherslan hefir verið lögð á það, að dást að þessari höfðinglegu gjöf. Þó hygg jeg, að beint sje tekið fram, að skólinn skuli stofnaður í sambandi við skóla frú Herdísar. En jeg held, að Alþingi hafi ekki átt með að taka við jörðinni með því skilyrði, því að stofnun Herdísarskólans er því algerlega óviðkomandi. Það er skýrt tekið fram, hverjir eigi að ráðstafa þeim sjóði.

Eins og jeg tók fram, býst jeg við, að þessi tillaga mín mæti andstöðu. Að svo komnu ætla jeg ekki að fara frekar inn á einstök atriði, en ef mjer verður andmælt, kemst jeg ekki hjá að skýra nánar frá ýmsum atriðum, er málið snerta. Ef svo er sem mig grunar um byggingu Staðarfells, að ekki sje hægt að vísa núverandi ábúanda burtu, þá er engin vissa fyrir hendi um það, að hann fari sjálfviljugur. Það var sjálfsögð kurteisisskylda forgöngumanna þessa máls að leita hófanna um það, hvort jörðin gæti verið laus í fardögum 1926. Jeg veit ekki til þess, að það hafi verið gert. Það hefir verið unnið að málinu í kyrþey og mest í vetur síðan þing kom saman. Vel hefði þó mátt vera búið að komast eftir, hvort nokkuð væri framgangi málsins til fyrirstöðu.

Jeg verð að segja, að það er nokkurt ósamræmi í framkomu þingsins í þessu máli, eins og víða annarsstaðar. Því er svo varið, að hjer er margur Pjetur og Páll, ef jeg má komast svo að orði, sem eiga styrktarmenn í þinginu til þess að lyfta undir áhugamál sín. Svo eru aðrir, sem ekki njóta slíkra styrktarmanna. Jeg flutti nýlega ásamt hv. 2. þm. Eyf. (BSt) till. um styrk til barnaskólabygginga. Sú till. var feld hjer í þessari hv. deild. Nú verður þessi till. sennilega samþykt, tillaga um skólastofnun, sem kostar í byrjun yfir 7000 kr., og svo væntanlega meira og meira.

Jeg sá í hv. Ed. fyrir skömmu brjef frá Magnúsi nokkrum Kristjánssyni, þar sem hann sækir um styrk handa Sigurborgu Kristjánsdóttur, ráðgerandi að hún verði skólastýra á Staðarfelli. Mjer er meinað að hafa brjefið í höndum, og verð jeg því að fara eftir minni mínu. En það mun hafa verið ákveðið, að hafa þyrfti til að byrja með búskapinn 150 ær, 6 kýr, 6 hesta og 2 báta. Það mun ekki hafa fengist styrkur að þessu sinni, en í stað þess hefir þá komið þessi 15000

króna ábyrgð. Svo get jeg vel hugsað mjer, að áður en langur tími líður þyki sjálfsagt að láta ekki skólann vera að burðast með þetta lán. Þar sem þessi fjárveiting er ætluð sjerstakri kvenpersónu, geri jeg ráð fyrir, að þar sje um að ræða mjög svo merka heiðurskonu. En það, sem á móti þessum fríðindum kemur, er þá það, að hún ætlar að kenna 13 stúlkum og gera þær að fyrirmyndar húsfreyjum. Talan 13 hefir nú aldrei verið álitin nein heillatala, en þetta mun skjallega sannanlegt, ef brjefið finst. Jeg býst við, að segja mætti líkt og Grímur Thomsen sagði eitt sinn um kosningu í Borgarfirði: ....' [Vantar í handr.].

Því var stungið að mjer núna, að gert væri ráð fyrir 12—16 nemendum, og þakka jeg fyrir þá leiðrjettingu.

Jeg býst við, að reynslan sýni, að þessi tillaga Ed. fái að standa í fjárlögunum. Jeg hefi gert skyldu mína og reynt að færa þetta til betri vegar, svo að það er á hinna ábyrgð, hvernig fer. Eins og jeg tók fram, ætla jeg ekki að fara ítarlega inn á málið í þetta sinn, en er reiðubúinn til andsvara, ef þörf gerist.

Þá á jeg hjer aðra till., um að fella niður styrk til fræðslumálarits. Þetta er að vísu lítill liður, en jeg get hugsað mjer, að ef hann nær fram að ganga, þá muni eitthvað svipað sigla í kjölfarið. Jeg játa þó, að það, sem hjer er um að ræða, á miklu frekar rjett á sjer en sumt annað, sem hjer er borið fram, eins og t. d. styrkur til manns nokkurs, sem leyft hefir sjer að óvirða alt, sem heilagt er, bæði á himni og jörðu.

Forseti (BSv): Jeg vil láta þess getið, að þessi fundur getur ekki staðið lengur en til kl. 7, svo að ef málum þessum á að lúka, verða hv. þdm. að haga orðum sínum eftir því, en annars geri jeg engin fyrirmæli um það.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg verð endilega að ávarpa hæstv. fjrh. (JÞ) dálítið út af þeim almenna harmagráti, sem hann hafði hjer út af örlögum þessa frv. síns. Hæstv. fjrh. reiknaði nákvæmlega, hvað gjöld fjárlaganna hefðu hækkað frá því að hann gekk frá þeim, og þótti undarlegt, hve mjög þau hefðu vaxið, en mjer þykir það ekki undarlegt, og honum sjálfum ætti ekki heldur að þykja það undarlegt, því að það var á alt öðrum tíma, sem hann samdi sín fjárlög, svo að það mikla meðlæti, sem atvinnuvegir þjóðarinnar hafa átt við að búa, hafði þá ekki náð hans eyrum, svo þó að fjárlög hæstv. ráðherra sjeu nú orðin eitthvað ½ miljón hærri, þá má hann ekki undrast það, og ekki þótt þau hefðu orðið miklu hærri hjá nefndinni, og hæstv. ráðherra ætti ekki að barma sjer yfir því, að nefndin hefir ljett af honum þeirri óþægilegu ábyrgð, sem af því leiðir að synja þjóðinni um hennar eigið fje, sem annars hefði á hann komið, ef hann hefði mátt ráða, og jeg hygg, að þar sje ekki ein einasta fjárveiting, sem hæstv. fjrh. hefði ekki tekið inn, ef hann hefði einn átt að fjalla um. En jeg skal ekkert um það segja, hversu ágæt fjvn. var í fyrra; það er mjer ókunnugt um, bæði af því, að jeg var svo heppinn að vera ekki í henni, og svo var jeg veikur megnið af þingtímanum, svo að jeg veit ekki, hversu það hefir að borið, að varnarveggurinn reyndist svo traustur í fyrra; það er sá varnarveggur, sem á að standa gegn þeim óþrifaáhlaupum, sem þjóðin gerir á sinn eiginn sjóð, sá varnarveggur, sem á að hindra það, að þjóðin sjálf yfir hann, svo að ekki verði

veitt nema sem allra minst úr þessum sjóði. Þessi varnarveggur hafði reynst svo fjarskalega traustur í fyrra, en nú brostið, eftir því sem hæstv. fjrh. segir. Jeg veit nú ekki neinn mun á þessu, annan en þann, að nú er jeg í þessari fjvn., og það væri náttúrlega of mikið af mjer að hugsa það, að jeg væri sá múrbrjótur, sem hefði brotið þennan kínverska múr sparnaðarskrafs, þjóðinni til hagsmuna, en ætti jeg þann heiður skilið, mundi jeg halda honum hátt á lofti á ókomnum æfidögum mínum, hvort sem þeir yrðu fleiri eða færri, því að jeg mundi telja mjer það heiður. En það er hvorki mjer að kenna eða þakka, því að hv. þm. líta eins á þessi mál eins og jeg. En það er eitt atriði af þeim sjerstöku liðum, sem hæstv. fjrh. talaði um, sem jeg vildi nefna, þó ekki af því, að það komi mjer við, því að jeg veit, að hv. frsm. fyrri kafla frv. (ÞórJ) muni svara honum. Það er hækkunin á styrknum til Búnaðarfjelags Íslands. Jeg get ekki hugsað mjer, ef það fjelag heldur vel á því fje, að það sje of mikið, því að mínu viti er það alt of lítið, og það er aðeins vegna þess almenna sparnaðarsöngs, sem hjer er sunginn, að ekki er veitt meira; ennfremur sagði hæstv. fjrh., að það fje, sem veitt væri, það væri ekki undir svo ríku eftirliti sem skyldi, hvorki af þingi nje stjórn. Þetta mun rjett vera, þingið getur ekki sett neinar sjerstakar reglur um það, hve miklu skuli varið til búnaðartilrauna í landinu. Til þess erum við ekki nógu miklir spámenn; en hitt ætla jeg, að það sje ekki annað en skylda stjórnarráðsins að hafa eftirlit með því, hvort þessi skrifstofa stjórnarinnar úthlutar vel, og er það þá hæstv. atvrh. (MG), sem ætti að hafa eftirlit með því, hvort hún verði þessu fje vel og viturlega.

Það var og annað atriði, sem hæstv. ráðherra (JÞ) nefndi líka; það var um hjeraðsskólana. Hann sýndist vilja mæla með þeirri till., sem hv. Ed. samþykti, sem ekki var viturleg, að það skyldi standa sem skilyrði fyrir liðveislu við skólana, að tvær sýslur væru um hvern skóla eða þrjár. Jeg hefi altaf hugsað mjer, að þar sem landslagi og öðrum skilyrðum væri svo háttað, að það gæti samrýmst högum sýslnanna, þá væri betra, að það væru tvær um hvern skóla, en það verður að vera eftir samkomulagi þeirra, en ekki skipun frá Alþingi, og jeg hygg það ekki af neinni ljettúð, þótt svo sje sjeð fyrir almenningsmentun eins og jeg hefi lýst hjer, að í hverri sýslu rísi upp gagnfræðaskóli, þar sem allir unglingar frá 16—20 ára aldurs lærðu þau almennu fræði, sem þeir þurfa að nota á æfi sinni við þau störf, er þeir leggja stund á og ekki heimta neina sjerþekkingu, svo sem nám við verslunarskóla, stýrimannaskóla, búnaðarskóla og aðra háskóla almennrar mentunar. En þegar jeg segi þetta og geri mínar till. um þessi mál, þá hefi jeg það ætíð fyrir augum, að þessir skólar skyldu því aðeins rísa upp og vera reknir, að bein skólaskylda væri, og þá munu menn sjá, að ekki er vert að hafa hvert skólasvæði of stórt, því að þá verður erfiðara að útvega ekkjum fyrirvinnu, meðan synir þeirra, sem kannske eru eina fyrirvinnan, stunda skólann, því ef vel liggur saman, má oft gera þetta með mannaskiftum, sem ekki eru tiltök, ef fjarlægð er meiri, og annars yrði að borga úr landssjóði þeirri fyrirvinnu, sem fengin er á meðan sonurinn er í skólan-

um. Svona hefi jeg hugsað mjer það, og það er ekki rjett, sem stundum er sagt um mig, að jeg sje andvígur allri alþýðumentun í landinu; það eina, sem jeg vil leggja til, er, að alþýðumentunin verði langtum betri en nú er, og eina ráðið til þess er, að það rísi upp slíkir skólar, sem jeg hefi talað um. Það verður hver sýsla að ráða því, hvort hún er ein um sinn skóla eða með öðrum; það verður að taka tillit til þess, hvernig landshættir eru, hvort því skal haldið að þeim að byggja skólann einar, eða vera saman um það, en það verður ekkert um það sagt fyr en tekið verður til að byggja skólana og menn sjá, hvernig ástatt er í hverjum stað. Jeg held því, að rjett sje að breyta þessari athugasemd til þess sama lags, sem hún hafði hjer í deildinni upphaflega, því að mínu viti er rjettast að hafa það svo, og öllum hentast. Skal jeg svo ekki tala frekar við hæstv. fjrh. um þetta, því að jeg sje, að hjer er komin vantraustsyfirlýsing, og jeg þóttist heyra af ræðu eins hv. þm., að hann hugsaði sjer að setjast í það sæti á eftir. Það var háttv. þm. Barð. (HK), sem jeg á hjer við, því að hann söng svo hátt um, hvað það væri skaðlegt að nota fje landsmanna handa þeim sjálfum, hver firn það væru og nefndi ýms dæmi, sem jeg skal ekki fara að ræða nú. En jeg kemst þó ekki hjá að minna hv. þm. (HK) á skólastofnun, sem fyrirhuguð er í mínu hjeraði; en jeg ætla ekki að leggja til vígs við hann, jeg þori ekki að fást við svo reiðan mann, og ætla þess vegna að haga mínum orð. um þannig, að jeg geti notið hans náðar í framtíðinni, eins og jeg hefði ekki gert mig svo djarfan að svara honum.

Hv. þm. (HK) talaði um, að þær yfirlýsingar, sem komið hefðu úr Dalasýslu, væru svo velktar, að það væri auðsjeð, að þær hefðu þvælst lengi manna á milli. Já, það er rjett, mennirnir voru sinn á hverjum bæ, svo að þær hafa orðið að fara bæja á milli, og jeg get frætt háttv. þm. (HK) um það, að þar eru menn ekki komnir upp á að skrifa nöfn annara manna fyrir þá. En annars hygg jeg, að þótt Barðstrendingar sjeu góðir nágrannar, þá þurfi þeir ekki að láta okkur heyra neitt um það, þótt við skrifum undir það, sem til okkar kemur og okkur þykir með þurfa.

Svo kom nú það, sem hv. þm. (HK) sagði um hag landssjóðs allan. Það, sem fyrir hv. þm. (HK) vakti, var það, að hagur landssjóðs mætti ekki skemmast með því, að landssjóður tæki sjer nú fyrir hendur að nota sjer sína eigin eign og fá gjafir í viðbót; það væri ofvaxið hag landssjóðs að gera sjer peninga úr sinni eigin eign, það væri óttalega skaðlegt, eftir því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði. En svo kom hann með lausnina á öllum þessum ræðuhöldum sínum, að hann segði þetta og gerði í samráði við alla sína kjósendur, og þegar svo stendur á, þá dettur mjer ekki í hug að álasa hv. þm. fyrir það, að hann heldur þessari skoðun svo fast fram, og meira að segja er hv. þm. þar betur settur en jeg, því að jeg veit nú ekki, hvað mínir kjósendur vilja í þessu efni. Þeir vilja raunar hafa skólann eins og hugsað var, með þeim hætti, sem hv. þm. Barð. síst vill, og helst á þessu ári, ef hægt er, en hvað þeir segja um þennan millibilsskóla, veit jeg ekki. En jeg verð þó að halda því fram, að það sje rjett af landssjóði að láta nú jörðina í þá þjónustu, sem hún var ætluð upphaflega, þar sem hann getur gert það nær kostnaðarlaust, því að það er aðeins lítilsháttar fjárveiting, sem þarf til að breyta húsinu, svo að það megi nota fyrir

skólahús. Hv. þm. (HK) lýsti mjög átakanlega þeirri hættu, sem stafaði af þessum skóla, og sagði, að síðarmeir mundi sjóður frú Herdísar Benediktsen verða notaður þarna til þess að setja á stofn skóla fyrir Vesturland. Jeg geri ráð fyrir, að kvennaskóli á Vesturlandi sje yfir höfuð ekki mjög mikill þyrnir í augum hv. þm. Barð. (HK), og kvennaskóla í Flatey mundi ekki verða mjög sárt fyrir hann að taka á móti; en það sýnist vera eitthvað bundið við það, hvar þessi kvennaskóli er á Vesturlandi. Það kann að vera, að Barðstrendingar þykist eiga þessar reitur eftir frú Herdísi, en jeg held þó, að þeir eigi ekkert meira í þeim heldur en Dalamenn. En það er svo undarleg hugsun, sem kemur víða fram, að enginn megi gefa í viðbót við þá gjöf hennar, hún eigi að vera ein út af fyrir sig og að enginn megi flýta því fyrirtæki, sem var hennar áhugamál, með því að gefa aðra gjöf. Jeg ímynda mjer, að þótt hún væri spurð að því nú, þá myndi hún svara sem svo, að sjer væri ekkert kærara en að sem flestir gæfu til þessarar stofnunar, svo að hún gæti tekið til starfa sem fyrst, og jeg þykist líka viss um það, að ef hún væri spurð um það, hvar skólinn ætti að vera, þá mundi hún svara því svo, að enginn staður á Íslandi væri sjer kærari en Staðarfell, svo að jeg held, að engin stjórn þyrfti að láta gjöfina falla, þótt hún tæki Staðarfell, og þar ætti skólinn að standa.

Háttv. þm. Barð. (HK) sagði og í ræðu sinni, að þetta væri sú heppilegasta sala á jörð, sem hann gæti hugsað sjer, og sagðist eiga margar jarðir, sem hann vildi helst losna við á þennan hátt. Ef háttv. þm. er þetta alvara, þá skal hann bara gefa landinu jarðirnar. Jeg skal fá þing og stjórn til þess að þiggja þær. Hann skal ekki þurfa að kvíða því, að þær verði ekki meðteknar. Býst jeg því við, að framhald ræðu hans verði að afhenda skriflegt boð um að afhenda jarðirnar á þennan haganlega hátt.

Annars er það leiðinlegt, að menn skuli leggja í vana sinn að vera að skaprauna fólki, sem gefið hefir dánargjafir í minningu um látna ástvini.

Þá talaði hv. þm. um byggingarskilmála sýslumannsins fyrir Staðarfelli. Bjóst hann helst við, að honum hefði verið bygt það upp á lífstíð. Yrði því að greiða honum stórfje, ef hann ætti að fara.

Jeg hefi vitanlega ekki sjeð byggingarbrjefið, og get því ekki um þetta sagt, en jeg treysti því, að stjórnin hafi ekki samið svo vitlaust brjef, og geri því ráð fyrir, að það megi láta hann fara, þegar þess gerist þörf. Enda hefi jeg heyrt hv. þm. Barð. segja, að jörðin myndi laus í næstu fardögum eftir að þingið hefði ákveðið, að settur skyldi þar skóli.

Í gjafabrjefi frú Herdísar var vitanlega ekkert hægt að ákveða um skóla á Staðarfelli. En ef hún hefði vitað, að það myndi síðar gefið til skólaseturs, er jeg viss um, að hún hefði tekið fram, að skóli hennar skyldi hvergi standa nema þar.

Þangað til jeg hefi heyrt hæstv. stjórn játa, að hún hafi bygt Staðarfell þannig, að ekki sje hægt að taka það til skólaseturs hvenær sem er, tel jeg það grýlu eina, sem hv. þm. Barð. hefir búið til, að borga þurfi ábúandanum stórfje til þess að hann fari.

Þá skal jeg ekki þreyta hv. deild á að vera að svara því, sem þessi háttv. þm. var að tala um eitthvert brjef, sem einhver maður hefði einhverntíma skrifað einhverri stúlku.

Þó að hjer sje ekki lagt til að byrja

með nema 15—16 stúlkur, þá ber þess að gæta, að með stofnun þessa skóla er ekki verið að stofna skóla fyrir alt Vesturland, heldur húsmæðraskóla í bili, þar til Herdísarsjóðurinn verður orðinn svo stór, að hann geti borið allan kostnað við slíkan skóla.

Það þýðir ekki fyrir háttv. þm. Barð. eða aðra að harma, að svo hefir verið ákveðið, að skóli skuli reistur á Staðarfelli. Það er búið, sem búið er. Staðarfell hefir verið þegið með því skilyrði. Til þess því að forðast það, er eina ráðið að skila jörðinni aftur.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti fastlega, að hæstv. stjórn skýri frá, hvernig háttað er með ábúð sýslumannsins á Staðarfelli, því að eins og jeg tók fram áðan, hefi jeg ekki lesið byggingarbrjefið, og er þessu því ókunnugur. En eftir þeim kafla að dæma, sem hv. þm. Str. (TrÞ) las upp úr því, tel jeg ótvírætt, að hægt sje að láta sýslumanninn fara hvenær sem þörf krefur.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg skal verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að tefja ekki tíma þingsins með langri ræðu. En af því að háttv. frsm. vísaði til mín um að skýra tillögu fjvn. um lánsheimild fyrir Húsavíkurhrepp til þess að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu, verð jeg að segja nokkur orð.

Eins og hv. deildarmenn muna, þá heimilaði síðasta þing ríkissjóðsábyrgð fyrir láni til þess að koma á vatnsleiðslu og holræsagerð á Húsavík. En nú hefir farið svo, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Húsavíkurhrepps, bæði við bankana hjer og víðar, að ekki hefir tekist að fá hagkvæmt lán, þrátt fyrir ríkissjóðsábyrgðina. Því er það nú, samkvæmt mjög ákveðnum tilmælum Húsavíkurhrepps, að þessu er snúið við þannig, að farið er fram á lánsheimild úr viðlagasjóði í stað ábyrgðarinnar, ef það mætti verða til þess, að málið kæmist í framkvæmd.

Nauðsyn þessa fyrirtækis var mjög ítarlega skýrð á síðasta þingi. Og til þess að eyða tímanum ekki um of, skal jeg láta vera að rifja það alt upp nú. Það er víst, að þetta mál er mikið velferðarmál fyrir kauptúnið, því að það miðar til að afstýra yfirvofandi taugaveikishættu. Þannig er ástatt norður þar, að taugaveiki hefir verið svo að segja landlæg þar síðasta mannsaldurinn, og telja þeir, sem rannsakað hafa faraldur þennan, að hann eigi rót sína að rekja til vatnsbólanna í þorpinu. Eftir skýrslum, sem lágu fyrir þinginu í fyrra, má sjá, að síðan 1890 hafa verið skrásettir þar 90 taugaveikissjúklingar. Síðustu 5 árin eru þeir 60, eða að meðaltali 12 á ári. Af þessum 60 sjúklingum hafa 12 dáið. Þetta sýnir ljóslega, hver hætta vofir yfir þorpinu, og jafnframt, hve bráðnauðsynlegt það er fyrir þorpsbúa að fá vatnsleiðslu og holræsagerð í þorpið, því að það er álit landlæknis og annara, sem þetta mál hafa athugað, að með vatnsleiðslunni sje hægt að fyrirbyggja þessa hættu. Enda er það í samræmi við reynslu annara kauptúna í þessu efni.

Þetta hefir verið brennandi áhugamál þorpsbúa síðustu árin, en það hefir ekki tekist að koma því í framkvæmd, af því að fje hefir ekki verið fáanlegt. Og nú hefir enn mistekist að fá fjeð, þrátt fyrir ábyrgð ríkissjóðs.

Af greindum ástæðum hefir nú þessi leið verið farin, að fá ábyrgðinni breytt í lánsheimild úr viðlagasjóði, og vænti jeg, að hún mæti sömu velvild og ábyrgðarheimildin í fyrra. Að sjálfsögðu verður

haldið áfram á þessu ári að reyna að fá lánið með ábyrgð ríkissjóðs, og er ekki óhugsanlegt, að það takist enn. En ef svo fer, að lánið fáist með ábyrgð ríkissjóðs, fellur sú lánsheimild, sem hjer um ræðir, vitanlega niður, þó hún verði samþykt.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefði að líkindum leitt hjá mjer að tefja umr. í þetta sinn, ef hæstv. fjrh. (JÞ) hefði ekki vikið að einni brtt. fjvn., sem mjer er ant um, einmitt á þann veg, að jeg hlýt að gera grein fyrir, að tillagan er til mikilla bóta. En úr því að jeg tók til máls á annað borð, vil jeg drepa á tvær brtt. á þskj. 486, sem jeg er meðflutningsmaður að.

Sú fyrri er undir III. lið og fer fram á að hækka styrkinn til læknisbústaðarins í Laugarási úr 4000 kr. upp í 5000 kr. Er það sú upphæð, sem samþykt var hjer í Nd. Var hún upphaflega sett með samkomulagi við fjvn. Nefndin lofaði mjer nefnilega að fylgja henni, ef upphæðin væri ekki sett hærri. En þó skorti um 3000 kr. til, að þetta læknishjerað fengi sama styrk sem önnur hjeruð hafa áður hlotið, sem sje ⅓ af byggingarkostnaði. En hv. Ed. hefir ekki fundist það nægilegt, og því viljað láta skorta rúmar 4000 kr. upp á það, sem vanalegt er, að læknishjeruð fái.

Jeg kann nú ekki að meta þennan riddaraskip hjá hv. Ed. og vænti þess, að hv. Nd. samþykki þessa brtt. og láti þessa fjárhæð standa eins og hún var eftir 3. umr. hjer.

Hin brtt., sem jeg er meðflm. að, er undir rómv. XI og fer fram á að hækka styrkinn til sandgræðslunnar um 3000 kr. Hv. 1. þm. Árn. (MT) gerði í gær skýra grein fyrir þessari hækkun. En út af ummælum hæstv. forseta (BSv) verð jeg að gefa frekari skýringu.

Það er víst, að þessi upphæð hrekkur skamt, ef eitthvað verulegt á að gera til að stöðva sandfokið. En meiningin er sú, að reyna að stöðva sandfokið í Selvoginum. Grunur minn er nefnilega sá, að Búnaðarfjelag Íslands láti ekki nægilegt fje til þess að byggja um sjóvarnargarðinn hjá Eyrarbakka, til þess að stöðva sandfokið, og er sennilegt, að ekki veitti af, ef unt væri, að bæta eitthvað við það. En í Selvoginum eru sandauðnir miklar, en gróður lítill. Er því mesta nauðsyn á að stöðva sandfokið þarna. Að sjálfsögðu vilja menn þarna í sveitinni leggja fram vinnu í þetta verk, en þeim er um megn að standa straum af því einum saman.

Hæstv. forseti (BSv) vjek að því, að Strandarkirkja myndi svo tekjurík, að hún ætti að geta lagt eitthvað af mörkum. Þetta hefir komið til tals, en vitanlega er ekki hægt að koma því í framkvæmd, fyr en búið er að gera þá skipun á um eignir kirkjunnar.

Það, sem aðallega kom mjer til að standa upp, voru ummæli hæstv. fjrh. (JÞ) um 7. brtt. fjvn., athugasemdina við hjeraðsskólana. Að vísu hefir háttv. þm. Dala. (BJ) tekið af mjer ómakið að nokkru leyti. En þó vil jeg gera gleggri grein fyrir því, hvers vegna jeg tel till. hv. Ed. um þetta mjög óheppilega.

Hv. Ed. bindur fjárveitinguna því skilyrði, að 2 eða 3 sýslufjelög standi að skólanum. Þetta ákvæði er mjög óheppilegt nú, af því að samvinna Árnes- og Rangárvallasýslna hefir ekki verið þannig, að fullvíst sje, að sýslunefnd Rangárvallasýslu vilji vinna með Árnesingum að þessu máli. Þetta hygg jeg, að fjvn. hv. Ed. hafi vitað, og því ekki þurft að koma með till., ef hún beinlínis hefði ekki vilj-

að skaða málið með henni. Fyrir nefndinni hafa nefnilega legið plögg, sem bera það með sjer, að meiri hluti sýslunefndar Rangárvallasýslu er andvígur því, að sýslurnar vinni saman að þessu máli. Þetta ákvæði er því banaráð við skólahugmyndina. Það hefði því verið ólíkt drengilegra að fella styrkinn algerlega niður en lauma inn ákvæði, sem beinlínis er til þess að drepa málið. Það hefði verið samboðnara virðingu þeirrar hv. deildar, því að þá hefði hún komið til dyranna eins og hún er klædd.

Það er og þeim mun undarlegra, að hv. deild skyldi samþykkja þessa athugasemd, þegar háttv. 1. þm. Rang. (EP) lýsti yfir því, að hún yrði málinu að falli og varaði við að samþykkja hana.

Jeg vona því, að þessi hv. deild kippi þessu í lag og samþykki athugasemdina eins og hún var samþykt hjer áður. Hinsvegar má telja víst, að Árnes- og Rangárvallasýslur standi saman um byggingu þessa skóla, þegar fram í sækir, því að meiri hluti sýslubúa í Rangárvallasýslu er ekki mótfallinn samvinnu, heldur þvert á móti. Meinið er nú sem stendur, að meiri hluti sýslunefndar Rangárvallasýslu er samvinnunni mótfallinn. Að málið á rjett á sjer, þrátt fyrir þetta, sýnir meðal annars, að Árnessýsla hefir safnað milli 40 og 50 þús. kr. í þessu skyni, og Rangárvallasýsla hefir lofað skilyrðislaust 11—12 þús. kr. Nema fjárframlögin því nú þegar milli 50 og 60 þús. kr. Auk þessa er von á allmiklu meira, því að ennþá er unnið að fjársöfnuninni í báðum sýslunum.

Hæstv. fjrh. sagði viðvíkjandi meðferð fjárlaganna í þinginu yfirleitt, að þingmenn sýndu nú ekki eins mikla aðgæslu eins og í fyrra, og taldi það mundu vera orsök til þessarar breytingar, að þm. væru nú búnir að vera svo lengi að heiman (rúma 3 mánuði) frá heilnæma loftinu, að bæjarlífið og bæjarhættirnir mundu vera farnir að hafa miður holl áhrif á þá. Jeg skal engan dóm á þetta leggja. En jeg ætla að nota mjer þessi ummæli ofurlítið. Sje svo, að þessi stutta dvöl þm. sje búin að hafa svona veiklandi áhrif á þá, hverju má þá búast við, þegar ungir piltar og stúlkur koma hingað úr sveitum, lítt þroskuð, í mentunarleit og kynnast ýmsu, sem miður fer í bæjarlífinu? Og þótt þessir unglingar gangi ekki þær götur, sem leiða til lakari áhrifa, þá liggur þó nærri að álykta, að þeim mundi hollara að vera kyrrum í sveitinni sín þroskaár og fá sína mentun þar. Ef það er rjett, að hv. þm., sem flestir eru taldir vel þroskaðir menn, og hafa líka um annað að hugsa en láta glepjast af andhælishætti kaupstaðarlífsins — ef það er rjett, að þeir láti glepjast, — hvað á þá að segja um unglingana? Því að jeg veit, að þeir sjá sitthvað fara hjer fram, sem best væri, að enginn tæki þátt í, og síst lítt þroskaðir unglingar. Þó ekki væru hjer fyrir hendi aðrar ástæður, þá ætti þetta að vera næg hvöt fyrir hv. þdm. til þess að flýta fyrir því að koma á fót mentastofnunum í sveitum þessa lands. Alt það, sem gengur í andstæða átt eða leiðir til athafnaleysis og kyrstöðu í þessu efni, flýtir fyrir því, að fleiri og fleiri ungmenni dragist inn í hina óhollu hringiðu bæjarlífsins.

Jeg leyfi mjer að vona það, að hv. þd. fallist á till. hv. fjvn., sem jeg hefi nú skýrt með nokkrum orðum.

Klemens Jónsson: Jeg flyt hjer eina brtt. á þskj. 515. Af því að jeg býst við,

að hv. þm. þekki ekki vel, hvernig á stendur, skal jeg skýra það með nokkrum orðum. Steinn Dofri, sem nefndur er í brtt., er sami maður og Jósafat Jónasson ættfræðingur, sem mörgum er kunnur og nú hefir dvalið í Ameríku í full 20 ár og hefir þar kent sig þessu nafni og vill ganga undir því. Þegar þessi maður fór til Ameríku, hafði hann þegar getið sjer mikinn orðstír fyrir ættarrannsóknir sínar, og var viðurkent, að hann hefði komist allra manna lengst í því að rekja ættir manna hjer á landi á miðöldinni. Lífskjör þessa manns hafa síðan verið ákaflega ömurleg. Í einu brjefi sínu til mín segir hann: „Jeg á ekkert heimili, og hefi aldrei átt það á æfi minni síðan jeg var 7 ára drengur.“ Og í öðru brjefi segir hann: „Jeg hefi flækst vestur og norður í land (Canada), og jafnvel yfir til Asíu (Síberíu) og Alaska, þessi útlegðarár mín hjer. Jeg hefi mest stundað veiðar í óbygðum.“ Þrátt fyrir þessa hrakninga og örðugleika hefir hann haldið við sitt gamla lífsstarf. Þrátt fyrir bóka- og umfram alt handritaleysi hefir honum tekist að leysa ýmsar gátur í ættfræði, svo viðurkent er af fræðimönnum. Hann hefir, eins og jeg drap á áðan, rannsakað betur en nokkur annar ættir á miðöld, sjerstaklega á 14. og 15. öld. Þegar kemur fram um 1330, þá er sagnaritun hætt, og ekki önnur gögn frá þeim tíma en þurrir annálar, mest nöfn, og svo brjef þau, sem nú eru prentuð í Fornbrjefasafni. Eftir þessum gögnum hefir honum tekist að taka saman ýmsar merkar ættir, þannig að nú getur mikill fjöldi Íslendinga rakið ætt sína til landnámsmanna, sem það gátu ekki með vissu áður. Þessum rannsóknum hefir Steinn Dofri safnað í bók, sem hann nefnir Bú... og komin er út í Winnipeg. Þar hefir hann meðal annars fært sönnur á það, sem stappa nærri fullu gildi, hvaðan hin svonefnda gagnmerka Longsætt er runnin. Áður vissu menn ekkert um framætt Jóns Longs, en eftir þessum rannsóknum má rekja hana til merkustu landnámsmanna. Sama er að segja um hina merku konu Grundar-Helgu. Um ætt hennar er ekki til einn einasti stafur, hvorki í annálum nje fornbrjefum; hún er þar hvergi nefnd á nafn, og þó lifir minning hennar enn hjer á landi þann dag í dag. Fyrstu sagnir um hana eru aðallega í hirðstjóraannálum Jóns Halldórssonar. En Steinn Dofri hefir fyrstur fært sönnur á það, hver hafi verið faðir hennar, og hafa allir ættfræðingar, það jeg veit, fallist á þá ættfærslu; en hann hefir gengið enn þá lengra. Í fyrnefndum ritlingi, sem jeg hefi hjer í höndunum, hefir hann líka fundið móður Helgu og ættfært hana, og það á þann hátt, að lítill vafi er á, að hann hefir rjett. Jeg skal annars ekki fara neitt út í ættfræði hjer, þó að sumir hv. þm. mundu að sjálfsögðu hafa gott af að kynnast þeim fræðum. En ritið læt jeg heimilt hverjum, sem það vill sjá. — Steinn Dofri byrjaði á því þegar hann var ungur að semja registur við V. bindi Fornbrjefasafnsins, og þar hefir hann ættfært menn, svo að fræðimenn á þessu sviði hafa jafnan tekið það eftir honum síðan. Nú verð jeg að segja það, að það er hart, ef þessi landflóttamaður, sem sýnt hefir svo miklar gáfur í þessa átt, verður að veslast upp á eyðimörkum Vesturheims og öll hans drög til íslenskrar ættvísi að eyðileggjast og koma engum að gagni. En það er hjer um bil víst, að svo fer, ef honum kemur ekki hjálp hjeðan. Hann hefir sjálfur drepið á þetta og seg-

ist vera sannfærður um það, að ef það verði sín forlög að bera beinin vestra, þá þá muni engin örmul af verkum sínum og drögum komast til Íslands. Þess vegna viljum við útvega honum styrk nokkurn, svo að hann geti sest hjer að aftur og stundað vísindi sín í friði. Fyrir tveim árum kom bónarbrjef til Alþingis frá 12—15 mönnum hjer, þar á meðal var dr. Jón Þorkelsson og ýmsir kunnir fræðimenn, bókaverðir og háskólakennarar. Var þar farið þess á leit, að þessum manni væri veittur nokkur styrkur til þess að hann gæti sest hjer að. En eins og kunnugt er, var þá byrjuð hjer fjárkreppan mikla, og sá jeg mjer ekki fært að mæla fram með þessu. Sama var árið 1924. En nú, þegar öllum virðist vera að rakna fram úr fjárkreppunni, þá hika jeg ekki við að flytja hjer þessa till. ásamt þeim hæstv. forseta (BSv) og háttv. þm. Str. (TrÞ). Þótt hv. þm. þekki ekki mikið til mín sem fræðimanns á þessu sviði, þá veit jeg, að ýmsir hv. þm. bera það gott traust til þessara manna og þekkingar þeirra í þessu efni, að þeir treysti því, að verðleikar Steins Dofra sjeu hjer ekki of mjög fram dregnir og ekki fremur en vert er. Jeg veit það, að þessi maður er mjög nægjusamur og honum mun borgið sæmilega, ef hann fengi þessar 1500 kr., því ætlunin er sú, að hann komi heim, fái hann þennan styrk, og sömuleiðis, að safn hans, sem hann á, verði eign ríkisins eftir hans dag, og eins það, sem hann kann að safna síðar. Það má líka búast við, að hann fái eitthvað að starfa við samning registra og annars þvílíks.

Jeg mun nú ekki tala mikið frekar um þetta, en þó geta þess, að sú aðferð, sem hann notar til þess að tengja saman ættbálka, er nú alment viðurkend sú eina rjetta, þar sem ekki er um alveg vissa heimild að ræða. Það er alkunnugt, að höfuðbólin hjeldust í sömu ættum öldum saman að fornu fari. Það má því telja víst, að svo framarlega sem hægt er að benda á það, að eitthvert höfuðból hafi verið í eign viss ættleggs á einhverjum tíma, og svo 50—60 árum síðar er kunnugt um nafn þáverandi eiganda, þá er nokkurnveginn full vissa fyrir því, að hann muni tilheyra eða vera á einhvern hátt tengdur þeirri ætt, sem óðalið hefir áður tilheyrt. Skal jeg hjer til dæmis minna á það, að hin nafnkunna Hrólfsætt, sem mikill fjöldi manna er kominn af, hefir altaf verið rakin ranglega fram til landnámsmanna. En eftir að Fornbrjefasafnið var út komið, var hægt að sanna með fullum rökum, að Hrólfur sá, sem ættin er við kend, er kominn af Lofti ríka Guttormssyni. Skúli sonur Lofts hafði keypt ákveðna jörð á Norðurlandi, og mátti sanna þetta með því að rekja samband ættarinnar við þá jörð.

Jeg treysti því, að hv. þm. unni svo þessari ment okkar Íslendinga, ættfræðinni, sem er stofninn undir allri okkar sagnaritun, að þeir vilji leggjast á eitt með okkur flm. þessarar till. og samþykkja hana. Jeg býst við því, að ef þessi maður fengi þennan 1500 kr. styrk og kæmi hingað heim, þá mundi honum vera borgið fjárhagslega. Hann mundi vera sjálfsagður maður til þess að vinna ýms verk, svo sem að semja registur við Alþingisbækur, Fornbrjefasafn og fleira slíkt. Jeg get sagt eins og einn hv. þm. (HK) sagði í öðru sambandi, að þegar komnar eru inn í fjárlögin svo margar brtt., og sumar alls ekki verðugri til þess að standa þar en þessi till., þá muni hún eins sóma sjer í fjárlögunum og þær.

Jeg læt svo útrætt um þessa till. En jeg vil aðeins lýsa yfir því, að jeg mun

nú sem fyr fylgja hv. fjvn. að mestu leyti. Það hefir komið fram brtt. á þskj. 486,IX, frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), við eina brtt. fjvn., um styrk til frú Soffíu Guðlaugsdóttur. Leggur fjvn. til, að henni sjeu veittar 1000 kr., en hv. 3. þm. Reykv. leggur til, að þessi styrkur sje hækkaður upp í 1500 kr. Þess var getið hjer, að leiklistin hefði ekki átt upp á pallborðið hjá þinginu undanfarið í samanburði við skáldskap og aðrar listir, og er það satt. Að vísu hefir leikfjelagið hjer verið styrkt í nokkur ár. En leikendur hafa aldrei fengið styrk til þess að leita sjer fullkomnunar í list sinni, nema frú Stefanía Guðmundsdóttir, okkar ágætasta leikkona, í eitt skifti, og veitti þó fullerfitt að fá því framgengt, þótt styrkur sá væri lítill. Var meiningin þá, að sú fjárveiting stæði áfram, en það varð ekki nema eitt fjárlagatímabil.

Þessi kona, sem hjer er um að ræða, hefir ótvíræða ágætisleikhæfileika. Og þar sem hún er ung, mundi hún hafa mjög gott af því að sigla og kynnast leikment utanlands. Þessi tillaga er því á góðum rökum bygð, og vona jeg, að hún verði samþykt, og það hærri upphæðin. Jeg tel það eiga vel við, að þingið sýni leiklistinni meiri rækt en verið hefir að þessu.

Jón Sigurðsson: Jeg á aldrei þessu vant eina brtt. við fjárlagafrv., og þykir mjer hæfa að fara um hana nokkrum orðum. Jeg skal strax geta þess, að hún hefir engin bein útgjöld í för með sjer, heldur er það aðeins lánsheimild til handa Sigurði sýslumanni Sigurðssyni á Sauðárkróki til þess að koma sjer upp embættisbústað. Sem stendur er þessi maður hjer um bil húsviltur. Hús eru þarna ekki fáanleg til kaups, og hús það, sem fyrv. sýslumaður Kr. Linnet, bjó í, er gamall hjallur og langt of lítið fyrir mann með jafnstóra fjölskyldu. Hann er því nauðbeygður til þess að byggja sjer hús, en það er ekki auðhlaupið að því fyrir fátækan barnamann, og eina leiðin til þess væri sú, að hann gæti fengið lán með hagkvæmum kjörum, og það er það, sem hjer er farið fram á. Hjer er ekki um nýmæli að ræða, því að þetta hefir áður verið gert, og þá veitt miklu hærri lánsupphæð en þetta. Enn má benda á það, að fje hefir verið veitt út ríkissjóði til embættisbústaða handa læknum og prestum, og það beinlínis fjárveiting, en ekki lán. Jeg fæ því ekki sjeð, að það sje til of mikils mælst, þótt einstaka sýslumanni, sem verst stendur á fyrir í þessu efni, sje veitt lítilsháttar hjálp til þess að koma sjer upp skýli yfir höfuðið, með því að veita lán.

Jeg vil líka benda á það, að jeg hygg hvað þennan sýslumann snertir, þá hafi hann í fyrra, með áræði sínu og hyggilegri stjórn, aflað ríkissjóði meiri tekna en nemi þeirri upphæð, sem hjer um ræðir. Og þó segja megi, að hann hafi þar ekki sýnt nema sjálfsagða skyldurækni, þá mun samt vera litið svo á af þeim, sem kunnugir eru, að hann hafi hjer sýnt mikinn manndóm og ríkissjóður hafi fyrir hans tilverknað fengið svo skifti tugum þúsunda kr. Jeg held því, að það væri, bæði af þessari ástæðu og öðrum, sem jeg hefi nú talið, full ástæða til þess að sýna þessum manni viðurkenningu á þennan hátt, að styðja hann til þess að koma upp sómasamlegu skýli. Jeg mun svo ekki orðlengja frekar um þetta, en jeg vænti þess, að háttv. þingmenn ljái þessari litlu tillögu atkvæði sitt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á hjer eina

brtt., sem gerir hvorki að hækka nje lækka útgjöldin. Það er aðeins aths. við styrkveitingu til byggingar sundskála, um að veittar verði af þeirri upphæð, sem þar er nefnd, 2 þús. kr. til sundskálabygginga á Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir ⅕ kostnaðar. Eins og háttv. þdm. muna frá 2. umr. frv. hjer í deildinni, þá hefir sýslusjóður og bæjarsjóður Ísafjarðarkaupstaðar lagt fram talsvert mikla upphæð til þess að koma upp sundskála. Sundkensla er eldri við Ísafjarðardjúp en annarsstaðar hjer á landi, að undanskildri Reykjavík, og er það eðlilegt, því að þörfin er þar meiri en víðasthvar annarsstaðar, sem jeg þekki til. Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um þessa tillögu, en jeg vona, að hv. þdm. greiði henni atkvæði. Ástæðan til þess, að jeg ber þessa tillögu fram, er ekki sú, að jeg óttist, að þessi sundskálabygging verði ekki styrkt, heldur sú, að þar sem bæjarsjóður þarf að taka lán í sumar, þá vildi bæjarstjórn, að það stæði í fjárlögunum, að þessi upphæð yrði greidd á árinu 1926.

Hv. þm. Barð. (HK) flytur hjer brtt. um það að fella niður þann lítilfjörlega styrk, sem hv. Ed. samþykti til stofnunar húsmæðraskóla á Staðarfelli. Jeg gat búist við því, að hv. þm. (HK) mundi hefja mótmæli gegn þessum skóla, með því að hann lítur svo á, að með þessu sje það bundið, að Herdísarskólinn verði þarna. Jeg vænti þess, að hv. þdm. sje það kunnugt, að hvaðanæfa af landinu berast óskir um það, að stúlkur, sem ætla að verða húsmæður í sveit, eigi kost á því að nema það, sem til þess þarf sjerstaklega, svo sem meðferð mjólkur, ostagerð, vefnað o. s. frv.

Búnaðarfjelagið hefir undanfarin ár styrkt þessa hugmynd með því að halda námsskeið í sveitum landsins, einkum sunnanlands og nokkuð vestanlands. En lítil not hafa verið af þeim námsskeiðum, því að áhöld öll og annan útbúnað hefir vantað. Aðeins eitt hefir verið hægt að kenna, sem sje matartilbúning. Nú hefir kona, sem er mjög vel mentuð og hefir haft á hendi forstöðu slíkra námsskeiða, boðist til að taka að sjer forstöðu skólans á Staðarfelli. Það er almælt, og engin andmæli hafa komið fram gegn því, að hún sje sjerstaklega vel fallin til þessa starfs. Hún hefir lengi verið utanlands og aflað sjer þekkingar á þessum sviðum.

Ungar stúlkur eiga kost á að læra bókleg fræði og saumaskap í öðrum kvennaskólum, en aðstaðan bannar, að sveitastúlkur geti sjerstaklega búið sig undir húsmæðrastöðu í sveit. Með þessum skóla er stofnað til sjerstaks húsmæðraskóla fyrir sveitastúlkur, og veit jeg, að allar stúlkur og húsmæður fagna því, að byrjun komi í þessa átt.

Staðarfellshjónin, sem hafa fengið svo blandað lof fyrir gjöf sína, hafa nú ákveðið að gefa til skólabyrjunar 10 þús. kr., til þess að kaupa fyrir áhöfn á jörðinni. Eftir 16—20 ár er þessi sjóður, sem á að eflast með vöxtum, orðinn nógu stór til þess að kaupa áhöfn á Staðarfell. Hvort sem þarna verður reistur almennur kvennaskóli fyrir Vesturland eða ekki, er Staðarfell betri eign þegar áhöfn er fengin. En gjöfin er því skilyrði bundin, að skólinn taki til starfa fyrir 1926. Gjöfin er gefin í vissum tilgangi og hjónin vilja eðlilega gjarnan sjá einhvern árangur, áður en þau falla frá, sem getur orðið bráðlega, ekki síst þar sem þau eru hnigin á efri aldur og einkum konan orðin mjög heilsutæp.

Það gæti skeð, að fyrir einhverjum hv. þdm., sem fylgja hv. þm. Barð. að málum, vekti það, að jörðin mundi ganga úr

sjer, ef stofnaður væri skóli á henni, en jeg er þess fullviss, að þeim systkinum Sigurbjörgu Kristjánsdóttur og Magnúsi Kristjánssyni er áreiðanlega treystandi til að bæta og prýða jörðina á alla lund. Þau eru uppalin á einu merkasta bændabýlinu í Ísafjarðarsýslu og munu aldrei gera því góða heimili neina vansæmd.

Hv. þm. Dala. (BJ) hefir svarað ýmsu öðru, sem hv. þm. Barð. hefir haldið fram, svo að jeg get farið fljótt yfir sögu. Að hv. þm. Barð. skuli setja þetta í samband við það, sem felst í frv. því, sem hv. 5. landsk. (JJ) bar fram snemma á þinginu, nær engri átt. Jeg vona, að hv. þdm. muni ekki sjá eftir þeim 3 þús. kr., sem fara í að halda uppi þessum skóla, því að eins og nú er ástatt eiga kaupstaðarstúlkur kost á mjög góðum skóla hjer og öðrum í Húnavatnssýslu, en þessir skólar geta með engu móti verið sjerskólar sveitastúlkna. Þó ber þess að gæta, að mörg sveitastúlkan hefir í báðum þessum tilgreindu skólum fengið góða undirstöðu, þótt þeir væru engir sjerskólar.

Í öðrum löndum, einkum í Svíþjóð, er varið hundruðum þúsunda til þess að efla mentun sveitastúlkna, og þar sem með rjettu er kvartað undan fólksstraum úr sveitunum til kaupstaðanna, er ekki rjett að bæta við einni orsök þess með því að fella þennan styrk.

Hákon Kristófersson: Jeg get verið stuttorður. Það var ekkert í ræðu hv. þm. Dala. (BJ), sem hrakti það, sem jeg sagði í dag. Hann gerði mjer þann mikla sóma að kalla mig annan fjármálaráðherra, og lítur út fyrir, að jeg sje fær á þeim sviðum, þar sem alkunna er, að núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) stendur mjög framarlega hvað það snertir. Hv. þm. Dala. sagði, að jeg hefði flutt ræðu mína af mikilli reiði; en jeg verð að segja, að hann hefir þá ekki haft gleraugu, þegar honum sýndist það. Hann sagði ennfremur, að jeg hefði mælt á móti því, að landssjóður hefði hag af sinni eigin eign. Jeg held, að enginn hafi skilið orð mín svo. En þá kemur það merkilega. Hann segist ekki vita, hvað sínir kjósendur vilji um þennan skóla, og þó er ekki hægt að skilja ræðu hans öðruvísi en að hann sje í samræmi við kjósendur sína. Enda sjest það glögt á áskorunum þeim, sem þeir hafa gefið út, hver vilji þeirra er, svo að mjer kom þetta undarlega fyrir sjónir.

Þá vil jeg leyfa mjer að mótmæla þeim ummælum háttv. þm. (BJ), að við Barðstrendingar þykjumst hafa einkarjett á gjafafje Herdísar Benediktsen. Jeg ætla ekki að fara út í neinn samanburð á því, hvort gjöf Staðarfellshjónanna er stærri en gjöf Herdísar, en það veit jeg, að hún hefir lífs og liðin notið trausts og virðingar allra, sem til hennar þektu, meðal annars fyrir þessa gjöf. Hv. þm. Dala. sagði, að ef Herdís væri komin og mætti um segja, hvar skólinn skyldi standa, mundi henni enginn blettur kærari en Staðarfell. Jeg skal ekkert um það segja. Það má vel vera, að hv. þm. Dala. hafi eitthvað fyrir sjer í þessu, en undarlegt þykir mjer, að hún skyldi þá ekki í lifanda lífi benda á þennan stað í sambandi við gjöf sína.

Þá sagði hv. þm. Dala., að svo fremi gjöf Herdísar væri ekki notuð til Staðarfellsskólans, væri sjálfsagt að skila henni aftur. Þarna kom fram einlægni hans, því að í gjafabrjefinu er greinilega tekið fram, hver hugsunin sje og tilgangurinn með gjöfinni. Jeg finn fulla ástæðu til að mótmæla því, að það sje á nokkrum rökum bygt, að Herdís hefði viljað láta gjöf sína ganga til skólans á Stað-

arfelli, og býst jeg ekki við, að það verði skoðað sem þingvilji. Það hefir aldrei komið fram nein yfirlýsing frá stjórninni viðvíkjandi þessu, og í fyrri ræðu minni hefi jeg bent á, að hlutaðeigendur ættu þar um að segja, og finn jeg enga ástæðu til að endurtaka það.

Þá sje jeg ekki ástæðu til að fara meira út í ræðu hv. þm. Dala. Jeg get gengið framhjá ýmsum hnútum í minn garð, sem bar reyndar ekki mikið á í þetta sinn.

Þá benti hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) á það, að hann hefði búist við, að jeg mótmælti því, að fje Herdísar yrði notað til þessa skóla. *(JAJ:* Það stendur ekki til). Hvorum á maður nú að trúa, þegar annar hv. þm. segir, að það standi til, en hinn segir, að það standi ekki til? Þeir eru á öndverðum meiði, en báðir vinna þeir þó að sama marki. Þá sagði hv. þingmaður, að það væri almenn ósk á Vesturlandi, að stúlkur ættu kost á slíkri kenslu, og býst jeg við, að hann fari þar með fullkomlega rjett mál. Mjer dettur ekki í hug að hrekja það, því að það segir sig sjálft, að það er nauðsynlegur hlutur, að stúlkur kunni til slíkra starfa, enda voru mótmæli mín á alt öðrum grundvelli bygð. Hv. þm. benti á, að námsskeið hefðu verið haldin í þessu skyni, en ekki komið að æskilegum notum, og því væri nauðsynlegt að stofna þennan skóla. Jeg býst við, að það sje rjett, en hinsvegar get jeg ekki fallist á, að þessi skólastofnun standi í neinu sambandi við mitt mál.

Þá benti hv. þm. á þá konu, sem líklegust væri til að standa fyrir skólanum. Það er síður en svo, að jeg mótmæli þeim ummælum hans. Hv. þm. þekkir hana vel og veit, að hún er frá mesta sæmdarheimili, enda er hún svo náskyld hv. þm., að hann er í því efni dómhæfari en jeg. Mótmæli mín snerust sem sagt alls ekki um þessa heiðurskonu, heldur gegn grundvallaratriðunum.

Hv. þm. sagði, að Staðarfellshjónin hefðu fengið blandað lof fyrir gjöf sína, og hefðu þau enn gefið 10 þús. kr. til þess að sjá fyrir endann á þessu máli. Sem sje hafa þau gefið þessa gjöf til þess, að málinu verði hrundið áfram á hinum fyrra grundvelli í sambandi við gjöf Herdísar, sem eftir brjefi hennar á að vera sjerstæð gjöf. Nú segir sami hv. þm., að það sje skilyrði fyrir þessari gjöf, að skólinn taki til starfa fyrir 1926. Jeg hefi talað um, að annmarkar væru á því. En að mjer hafi nokkurntíma dottið í hug, að þessi heiðursstystkini ljetu jörðina ganga úr sjer, er hreinasta fjarstæða. Það hefi jeg aldrei hugsað, og því síður talað. Það mundu verða mörg fyrirmyndarheimili á landinu, ef þau væru styrkt álíka og þetta, auk þess sem jörðin er sennilega eftirgjaldslaus, því að þótt eftirgjaldið sje greitt í jarðabótum, get jeg engum þakkað. Það er ábúendum sjálfum mest í hag. Hv. þm. sagði, að ekki næði nokkurri átt að setja frv. á þskj. 43 í samband við þetta. Jeg get ekki verið honum sammála um það, því að sama stefnan og er í því frv. kemur fram hjer. Jeg lít svo á, að ef jeg fæ ekki yfirlýsingu frá stjórninni þess efnis, að þótt skólinn verði settur á stofn, detti henni ekki í hug að taka sjóð Herdísar til hans, megi við því búast, að svo verði. Jeg þykist reyndar viss um, að núverandi hæstv. stjórn geri slíkt ekki, en engin trygging er fyrir því, að aðrar stjórnir líti eins á.

Jeg ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vil gera mitt til, að umr. verði sem stystar.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 469, 482, 486. 492, 494, 495, 502, 504, 515, 518, 521).

Jakob Möller: Jeg á hjer, eins og hv. deild hefir sjeð, nokkrar brtt. við fjárlögin, og skal jeg aðeins fara örfáum orðum um þær.

Þá eru fyrst á þskj. 486, undir II, tveir liðir, sem hv. þm. kannast við, því að þessar brtt. voru bornar fram við 3. umr., en atvikaðist svo, að aðeins önnur þeirra kom undir atkv., till. undir staflið a. Það var þá svo ítarlega talað um þá till. af hv. frsm. fyrri kafla frv. (ÞórJ), að jeg sje ekki ástæðu til að bæta nokkru þar við, en skal aðeins taka það fram, að því námi, sem þessir tveir menn hafa lagt fyrir sig, er þannig háttað, að það er okkur mjög nauðsynlegt að fá sjerfræðinga í þeim greinum, auk þess sem nám og rannsóknir þess fyrtalda sjálfsagt geta haft allmikla hagkvæma þýðingu fyrir vörumat og ýmislegt fleira. Jeg vænti þess vegna, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessar till. báðar.

Þá hefi jeg tekið undir tölulið VIII upp styrk til Halldórs Kiljan Laxness, 1500 kr. Það var samþ. slík upphæð til þessa manns við 3. umr., en hv. Ed. feldi það niður, en jeg geri ráð fyrir, að þessi hv. deild vilji halda við þá styrkveitingu, sem hún hefir samþykt af því að hún hefir þóst kunna að meta hæfileika þessa manns og hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir bókmentir okkar, að hann sje styrktur.

Þá er undir IX. tölul. till. um að hækka styrkinn til frú Soffíu Guðlaugsdóttur til leiklistarnáms. Nefndin hefir lagt til, að henni yrðu veittar 1000 kr., en mjer finst auðsætt, að það komi að litlum notum, vegna þess, hve ferðir til annara landa eru dýrar, svo að sá styrkur myndi aðeins rúmlega nægja fyrir ferðakostnaði, en það er vitanlega ekki tilætlunin, að slíkur styrkur til listamanna skuli vera eyddur þegar út er komið, svo að þeir verði að snúa þegar við aftur; eitthvert gagn verða þeir að hafa af ferðinni, en til þess þurfa þeir að geta haft nokkra dvöl og staðist nokkurn kostnað af námi í öðrum löndum, og jeg verð að segja það, að 1500 kr. er það minsta, sem að gagni getur komið, því að fjárhag hennar mun ekki vera þannig háttað, að hún geti varið miklu úr eigin vasa. Jeg hefði haft tilhneigingu til að gera aðra till. hærri, en ekki sjeð mjer það fært, og vona, að hv. deild verði við tilmælum mínum um að veita henni þennan styrk. Hv. þdm. er af eigin sjón kunnugt, hverja hæfileika þessi kona hefir, og þarf jeg ekki að lýsa því, eða hverja þýðingu það hafi fyrir leiklistina hjer á landi, að ungir og efnilegir leikarar fái tækifæri til að fullkomna sig í þessari grein; því aðeins getur íslensk leiklist þroskast, að listamennirnir eigi kost á að kynna sjer erlenda leiklist og taka sjer fyrirmyndir hjá öðrum þjóðum, sem lengra eru komnar á þeirri braut.

Þá hygg jeg, að jeg eigi ekki fleiri brtt. sjálfur, og er þá aðeins ein brtt. nefndarinnar, sem jeg vildi víkja að. Það er sú till. hennar að fella niður styrkinn til Leikfjelags Akureyrar, 800 kr. Mjer finst, að þegar um svo litla upphæð er að ræða,

sje ekki vert að vera að gera ágreining við háttv. Ed., þar sem svo stendur á, að þetta leikfjelag er alveg þess vert, að það sje styrkt. Auk leikfjelagsins hjer, er leikfjelagið á Akureyri það eina leikfjelag, sem haldið hefir uppi árum saman leiklist í sínu heimkynni, óslitið; að vísu hefi jeg ekki sjeð neitt til þess nú í allmörg ár, en mjer er sagt, og jeg trúi því vel, að það muni jafnvel geta talist standa nokkurn veginn jafnfætis Leikfjelagi Reykjavíkur, og er þá ósamræmi í að styrkja það ekki eitthvað líka eins og Leikfjelag Reykjavíkur. En eins og kunnugt er, þá er hið síðarnefnda styrkt með 4000 kr. úr ríkissjóði, gegn 2000 kr. úr bæjarsjóði, en hjer er farið fram á 800 kr. úr ríkissjóði, gegn 400 kr. úr bæjarsjóði Akureyrar. Það er auðvitað, að það verður að ætla Reykjavík meira verkefni heldur en því, enda er styrkurinn í samræmi við það. Jeg vænti því, að hv. deild láti ekki þessa till. nefndarinnar, um að fella þennan styrk niður, ná fram að ganga.

Frsm. fyrri kafla (Þórarinn Jónsson): Það er mjög lítið hjer, sem jeg þarf að taka fram fyrir hönd nefndarinnar, því að við þessar brtt., sem hún flytur, hafa ekki verið gerðar athugasemdir, nema aðeins við eina, og verð jeg að taka það svo, að hv. deild telji till. rjettar.

Þessi eina brtt., sem gerð hefir verið aths. við, það er 4. brtt., og gerð af hæstv. atvrh. (MG). Jeg var því miður ekki við, þegar talað var um þetta atriði, og gat þess vegna ekki heyrt það, en aftur hafði hv. form. fjvn. (ÞorlJ) skrifað upp þau atriði eða rök, sem hæstv. atvrh. hafði haft gegn þessari till. Till. sem sje felst í því, eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, að Alþingi taki fullnaðarályktun um þetta mál; hún er sem sje ekki í öðru fólgin en því, að stjórnin eigi ekki að gera samningana, heldur Alþingi. Þessir punktar, sem hjer eru skrifaðir upp, eru þannig, að í fyrsta lagi er skrifað, að hæstv. atvrh. leggi á móti athugasemdinni við samninginn við Stóra norræna, og jafnframt tekur hann það fram, að verði þessi brtt. samþykt, þá hafi hann ekki einkafund með þinginu. Mjer virðist þetta ekki fara vel saman, því að þrátt fyrir það, þó að þessi till. yrði samþykt, þá virðist það ekki gera einkafund óþarfan, því að vilji stjórnin á annað borð fá nokkuð að vita um vilja þingsins, sem jeg hygg sjálfsagt að komi fram, þegar málið frá hennar hlið verður skýrt fyrir þinginu, þætti mjer líklegt, að hún fengi þá miklu betri undirstöðu til þess að byggja á þessa samninga, og þyrfti þá síður að óttast það, þótt þingið ætti úrslitaatkvæði. Ef stjórnin vissi ekki neitt um vilja þingsins í þessu efni, þá hefði hún ekkert að byggja á. Hinsvegar býst hæstv. atvrh. líklega við, að þetta mál verði þannig skýrt fyrir þinginu á einkafundi, að það megi á eftir leggja algerlega í vald stjórnarinnar. Jeg get ekki um þetta sagt, en finst þó, að þessi varnagli, sem í till. felst, geti ekki verið óþarfur.

Annað atriðið, sem hjer er skrifað upp, er það, að það sje erfiðara að fá samning, ef stjórnin hafi ekki fullnaðarumboð. Eftir því sem mjer finst og meiri hl. nefndarinnar, er þetta ekki rjett; það er enda líklegra, að sá aðili, sem semja á við, athugi það, að þingið muni vera kröfuhart, og þess vegna ekki samþykkja, nema því aðeins að hann gangi það

lengsta, sem hann ætlar að ganga. Þetta er alveg ugglaust, en ef það er skoðað þannig, að hinn samningsaðilinn vilji ná samningi, en það getur náttúrlega verið spurning um það, hvort hann vilji það. En jeg veit ekki, í hverju það ætti að liggja, ef þetta gæti spilt fyrir samningunum.

Enn er það skrifað upp, að það muni vera ómögulegt að fá samning gerðan frá því að þing kemur saman til þess í ágústlok. Jeg skil þetta þannig, að ef það þing, sem kemur saman eftir að leitað hefir verið um samninga, vill fá þeim breytt, þá muni það ekki vera hægt fyr en eftir þinglausnir. Jeg get varla skilið, ef um fá atriði er að ræða, að ekki sje hægt að semja um þau, því að það er meira að segja mjög líklegt, að það væri hægt með einföldu símskeyti að afgreiða málið.

Hjer er í síðasta lagi skrifað upp, að einhverjir geti fundið að samningnum, hvernig sem hann yrði. Þetta er ekki ólíklegt, og mjer þykir því mjög óeðlilegt, að stjórnin skuli ekki vilja hafa þingið fyrir bakhjarl, því að jafnvel þótt stjórnin kæmist að samningum með góðum skilmálum, er líklegt, að stjórnin fengi vanþakklæti fyrir það, ef hún hefði ekki þingið að baki sjer, og það er ekki sagt, að andstöðuflokkurinn setti ekki út á gerðir hennar, jafnvel þótt þær væru góðar; þess vegna ætti stjórnin einmitt að krefjast þess að hafa þingið að baki sjer. Það kunna að vera einhverjar sjerstakar ástæður, sem hæstv. ráðherra (MG) hefir fært til, en sem jeg hefi ekki getað fundið, því að mjer finst það svo ofureðlilegt, að þingið heimti þetta, og þó að það geri það, sje það samt skylda stjórnarinnar að kynna hv. þm. málið sem best og fá að vita hugi þeirra um þau atriði, sem hægt er, að minsta kosti um þau atriði, sem stjórnin þegar hefir látið athuga um, þá geti þingið þó sagt um þau, svo að stjórnin sje örugg.

Það er í raun og veru ekki fleira, sem jeg þarf að svara um aðfinslur við till. nefndarinnar.

Af því að jeg hefi sjálfur komið inn einni brtt. fjvn., þykir mjer hlýða að minnast á hana nokkrum orðum. Tillagan er um lán handa Hvammstangahjeraði í Húnavatnssýslu. Sýslunefnd Húnavatnssýslu bað mig í vetur að leitast fyrir um lán handa læknishjeraðinu til þess að koma upp ljóslækningastofu. Jeg hefi leitað til bankanna um þetta, en árangurslaust. Hvernig á því stendur, að jeg hefi ekki getað fengið lánið, þarf jeg tæplega að skýra frá, því að það er á allra vitorði, að á þessum tímum lána bankarnir ekki til langs tíma með hagstæðum kjörum. En hjeraðið gat ekki sætt sig við, þó að það gæti fengið víxillán til 1—3 ára. En svo var einusinni ekki hægt að fá það.

Það, sem hvatti mig til að koma með þessa tillögu, var sjerstaklega það, að bæði hæstv. fjármálaráðh. (JÞ) og hæstv. atvrh. ((MG) hafa mælt með lánsheimild til þess að koma upp sýslumannsbústað í Vestmannaeyjum. Jeg ætlaði ekki að trúa þessu, en sannfærðist um það þá fyrst, er jeg heyrði hæstv. fjrh. mæla móti tillögunni hjer um að fella þessa lánsheimild niður.

Hæstv. fjrh. talaði um, að fjvn. Nd., sem ætti að vera hinn mikli múrveggur í fjármálunum, hefði bilað í þetta sinn. En jeg verð þá að segja hæstv. ráðherra, að í þessu tilfelli finst mjer, að stjórnin

hafi bilað í fjármálaíhaldinu, þar sem hún getur verið að mæla með láni til sýslumannsbústaðar í Vestmannaeyjum.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um það, hvernig fjvn. hefir staðið sem varnarveggur í þetta sinn. En þess ber að gæta, að hún getur aðeins staðið saman um tillögurnar og varið þær, en hvernig deildin fer með þær, er ekki á hennar valdi.

Jeg get ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um lánsheimildina til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Hæstv. fjrh. fór mörgum fögrum orðum um þessa lánsheimild og nauðsyn hennar. Taldi meðal annars, að sjerstök ástæða væri til að hafa veglegan sýslumannsbústað í Vestmannaeyjum, af því að þangað kæmu svo margir útlendir gestir, sem bæjarfógetinn þyrfti að taka á móti. Já, það er satt, þar þarf eflaust oft að bjóða inn útlendum sjómönnum og yfirmönnum af danska varðskipinu. Hvort það er nú svo, að útlendir gestir taki fyrst eftir húsakynnunum, veit jeg ekki, en mjer er næst að halda, að svo muni ekki vera. Hitt held jeg að muni vera betra, að eiga t. d. banka, sem getur lánað landsmönnum fje til nauðsynlegra fyrirtækja, jafnvel þó að hann kostaði ekki nema 40—50 þús., en að eiga banka, sem kostar 2 miljónir, en getur ekkert lánað landsmönnum, ekki svo mikið sem keypt nokkur hundruð kr. víxil.

Það hefir nú orðið hlutverk hæstv. fjrh. að koma til fjvn. og fá linun á lánskjörum þess eina embættismanns, sem fengið hefir slíkt lán, sem hjer er um að ræða. Áframhaldið mun því verða eftir byrjuninni. Fordæmið hefir þegar verið gefið, og það reynst illa.

Annars finst mjer dálítið óviðfeldið af hæstv. fjrh., sem sent hefir brjef út um alt land, þar sem hann varar menn við að ráðast í nokkur fyrirtæki, að vera með þessu að ýta undir bæjarfógetann í Vestmannaeyjum að ráðast í fyrirtæki, sem óumflýjanlega verður tap af.

Jeg býst nú við, að sem hliðstætt þessu megi benda á byggingarnar á prestssetrunum, en það er samt ekki sambærilegt. Sama er að segja um styrkinn til læknisbústaðanna. Þar er lánað til hjeraðanna sjálfra, svo að það horfir öðruvísi við en hjer, þar sem lánið er til einstakra manna. Það er því víst, að með þessu verður ríkissjóði bundinn þungur baggi, sem erfiður verður í framtíðinni, því að þegar búið er að veita einum, koma margir á eftir, sem erfitt verður að neita. Jeg vildi því mega vænta, að nú verði numið staðar á þessari braut. Fordæmið er þegar búið að kenna nóg.

Hvað sem sagt verður um mína tillögu, eða hvað sem um hana verður, skiftir ekki miklu máli. En eigi að síður tel jeg hana rjettmætari en þessa lánsheimild, því að jeg tel hana taka langt fram yfir alt annað.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get sagt líkt og frsm. fyrri kaflans (ÞórJ), að það hefir ekki neitt verulega verið veist að tillögum fjvn. við síðari hluta fjárlaganna. Þó var ein tillaga hennar, sem hæstv. fjrh. (JÞ) gerði sjerstaklega að umtalsefni, og það eru einmitt ummæli hæstv. ráðherra um þessa tillögu, sem komu mjer til að taka til máls aftur.

Jeg skal fyrst snúa mjer að hæstv. atvrh. (MG). Jeg bar fram af hálfu nefndarinnar tillögur um kæliskips- og frystihúsamálið og óskaði, að hæstv. ráðherra ljeti í ljós álit sitt um þær, sem

hann hefir nú gert. Og þótt nefndin hafi ekki átt fund síðan, þori jeg að fullyrða, að hún er mjög ánægð með svör hæstv. ráðherra. Að minsta kosti skal jeg lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að jeg er mjög ánægður með svör hans.

Þá talaði hæstv. fjrh. skömmu síðar, en mjer fjell ekki eins vel að heyra ræðu hans, hvorki um þetta atriði eða önnur. Og ef jeg væri ekki frsm. fjvn., þá myndi jeg hafa talað harðar til hans en jeg geri nú.

En vel má vera, að síðar gefist tækifæri til að tala alvarlegar við hann.

Eina tillagan, sem hæstv. fjrh. talaði eiginlega á móti, var tillagan um hækkun á styrknum til Búnaðarfjelags Íslands, og eina tillagan, sem hann varaði við, var tillaga nefndarinnar í kæliskipsmálinu. Auk þessa talaði hann líka og mjög eindregið með styrknum til að gefa út kenslubækur við mentaskólann. Þetta er sjerstaklega eftirtektarvert að því leyti, að ekkert af þessu liggur undir verksvið þessa ráðherra. Hann er hjer að sletta sjer fram í mál, sem ekkert koma honum við, aðeins til þess að reyna að spilla fyrir þeim og sýna jafnframt myndugleik sinn.

Mjer þykir því hæstv. ráðherra breiða sig nokkuð langt út fyrir sitt valdsvið.

Þá talaði hæstv. fjrh. um breyttan hugsunarhátt frá í fyrra. Jeg er honum þar sammála. En sá breytti hugsunarháttur er ekki hjá fjvn., heldur fyrst og fremst hjá hæstv. fjrh.

Í fyrra voru það samtök hjá þingi og stjórn að spara alt sem mest og halda sem fastast í fje ríkissjóðs, til þess að hægt væri að borga af skuldum. En nú hefir hæstv. ráðherra alveg brugðist þessu, þar sem hann hefir gengið manna harðast fram í því að svifta ríkissjóð tekjum í tveimur verulegum atriðum. Það er því ekki hans dygð að þakka, þó að nú hafi gerst þau gleðitíðindi, að útlit er fyrir, að a. m. k. nokkrir menn úr hans flokki ætli að þora að standa á móti honum í því að láta ríkissjóð tapa 613 þús. kr. tekjum á þessu ári, sem hefði orðið, ef till. hæstv. ráðherra hefðu náð fram að ganga.

Þá sagði þessi hæstv. ráðherra, að varnarveggur fjvn. hefði bilað, en fór þó lofsamlegum orðum um stefnu hennar í fyrra. Út af þessum ummælum hæstv. ráðherra vil jeg minna hann á, að enn eiga sæti í nefndinni 6 sömu mennirnir og í fyrra, og hefir enginn þeirra skift skoðun síðan.

Það er því ekki nema um einn nýjan mann að ræða í nefndinni, háttv. þm. Dala. (BJ), enda hefir hann fundið hvöt hjá sjer til þess að taka þessi ummæli hæstv. ráðherra til meðferðar og lýst því skörulega yfir, að stefna nefndarinnar væri ekki hættuleg. Þessi ummæli hæstv. ráðherra eru þeim mun undarlegri í garð þessa manns, þegar þess er gætt, að hæstv. ráðherra lifir sem fjármálaráðherra einmitt á þessum manni. Það hefir hvað eftir annað sýnt sig á þessu þingi, og á eflaust eftir að sýna sig hjer betur mjög bráðlega.

Eins og jeg tók fram áðan, lagðist hæstv. fjrh. þyngst á móti tillögu fjvn. um að hækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands. Hann gekk svo langt í að mæla gegn tillögu þessari, að hann taldi mig hafa skýrt rangt frá kröfum búnaðarþings í þessu efni.

Jeg skýrði þannig frá, að búnaðarþingið hefði einróma óskað eftir að fá þessa upphæð, og meira að segja hærri.

En hæstv. ráðherra sagði, að nokkrir á búnaðarþinginu hefðu talið með því vera of langt farið. Til þess nú að færa full rök fyrir máli mínu, ætla jeg að lesa upp úr gerðabók búnaðarþingsins það, sem bókað er um þetta mál. Þar var farið fram á 220 þús. kr. styrk úr ríkissjóði, en var fallið frá því til samkomulags við fjvn. Það, sem bókað er, hljóðar þannig:

„*7. fundur.*

. . . . . .

4. Fjárhagsáætlun Búnaðarfjelags Íslands 1925—26. Frá fjárhagsnefnd. 1. umræða. Frsm. Halldór Vilhjálmsson lagði fram bráðabirgðaáætlun fyrir fjelagið, skýrði hana og lýsti tilgangi nefndarinnar með þessu frumvarpi, sem væri sá, að fá samþykki þingsins fyrir því að fara með uppkastið á fund fjvn. neðri deildar Alþingis, og var samþykt í einu hljóði.“

Alt búnaðarþingið samþykti þannig í einu hljóði að æskja þess, að veittar yrðu úr ríkissjóði árið 1926 220 þús. kr. til Búnaðarfjelags Íslands. Jeg þykist nú ekki þurfa að færa frekari sannanir á orð mín, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að farið verði að rengja þessa bókun.

Þessar till. búnaðarþingsins voru svo lagðar fyrir fjvn. Nd. Vildu sumir nefndarmanna hafa styrkinn hærri en 200 þús. kr., en aðrir vildu aftur hafa hann lægri. Varð það því að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að styrkurinn yrði 200 þús. kr. Þessa fjárveitingu bar nefndin svo fram óskift. Út frá þessari upphæð gekk svo búnaðarþingið. Er því ekki undarlegt, þó að nefndin vilji standa við, að styrkurinn verði það, sem hún lagði til í fyrstu.

Þá vjek hæstv. fjrh. að því, að mjög ótryggilega væri um þessa fjárveitingu búið, svo ótryggilega, að það væri engin fjárveiting, sem þingið hefði jafnlitla íhlutun um og eins illa væri grein fyrir gerð. Þetta er að því leyti rjett, að jeg hefi ekki lesið upp áætlun búnaðarþingsins fyrir hv. deild lið fyrir lið. En hún lá fyrir fjvn. til athugunar, og jeg tel fjvn. Nd. eiga að vera trúnaðarmann þingsins í þessu efni. Enda skil jeg ekki annað en það sje óhætt. Í vetur kom fjhn. búnaðarþingsins á fund hjá fjvn. Nd., og skýrði form. hennar alla fjárhagsáætlun Búnaðarfjelagsins í viðurvist hæstv. atvrh. Það er því næsta undarlegt, eftir alt það lof, sem hæstv. fjrh. bar á fjvn. í fyrra, og í henni eiga nú sæti 6 sömu mennirnir, að hann skuli ekki treysta henni að sjá um, að fje þessu sje forsvaranlega varið. Hinsvegar er líka búnaðarþingið ekki neitt óvirðuleg samkoma. Þar eiga sæti fulltrúar bænda hvaðanæfa af landinu. Til þess þá að það komi fram, hverjir það eru, sem ráða yfir þessu fje, og hvort þeim sje ekki trúandi til að gera það vel, skal jeg nefna nöfn þeirra fulltrúanna: Úr Vestfirðingafjórðungi eru Magnús Friðriksson, form. Búnaðarsambands Snæfellsness og Dala, og Kristinn Guðlaugsson á Núpi, form. Búnaðarsambands Vestfjarða. Úr Norðlendingafjórðungi eru Sigurður Hlíðar, dýralæknir á Akureyri, form. Ræktunarfjelags Norðurlands, Sigurður Baldvinsson bóndi á Kornsá og Jakob Líndal bóndi á Lækjarmóti. Úr Austfirðingafjórðungi Björn Hallsson bóndi á Rangá, sem lengi hefir átt sæti hjer í hv. deild, og Hallgrímur Þórarinsson bóndi á Ketilsstöðum. Úr Sunnlendingafjórðungi Guðmundur Þorbjörnsson bóndi á Stóra-Hofi, form. Búnaðarsambands Suðurlands, og Magnús Þorláksson bóndi á Blikastöðum. Auk þessa skólastjórarnir á Hvanneyri og Hólum. Allir þessir 11 menn eru mjög mikils metnir meðal bænda. Jeg er ekki að

bera lof á þessa menn af pólitískum ástæðum, því að þeir eru sumir pólitískir andstæðingar mínir. Þrír af þessum mönnum voru frambjóðendur Íhaldsflokksins við síðustu kosningar, svo að hæstv. fjrh. ætti að sjá, að hjer er ekki um óvalda menn að ræða.

Hinn 12. læt jeg liggja milli hluta, því að það er jeg sjálfur.

Að það sje ótryggilegt, hvernig búið er um, hversu fje þessu er varið, tel jeg mikla móðgun við þessa menn, og leyfi mjer því að mótmæla þeim aðdróttunum hæstv. fjármálaráðherra.

Þá er að minnast stjórnar Búnaðarfjelags Íslands og hversu vel hún muni vera fær um að gæta þess, hversu fje þessu er varið. Í henni sitja fyrst og fremst tveir menn kosnir af landbúnaðarnefndum Alþingis, og eru það ritstjórar aðalmálgagna Framsóknar- og Íhaldsflokkanna, svo að gera má ráð fyrir, að þeir njóti einhvers trausts hvor hjá sínum flokki. Þriðji maðurinn, skrifstofustjóri Oddur Hermannsson, er maður, sem nýtur alveg óvenjulega mikils trausts nálega hjá öllum og hjá öllum stjórnmálaflokkum, maður, sem jeg hika ekki við að segja, að menn yfirleitt beri mest traust til af öllum, sem eru í því hvíta húsi stjórnarráðsins. Jeg vil mótmæla því kröftuglega, að þessum manni sje borin á brýn óforsvaranleg meðferð á fje.

Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta. En jeg taldi skyldu mína að svara þessu, þar sem jeg er sá eini maður á þessu þingi, sem get borið hönd fyrir höfuð þessarar stofnunar og tekið upp fyrir hana þykkjuna.

Jeg mun ekki víkja hjer nema að mjög fáum brtt. hv. þm. Á sumar þeirra, svo sem till. um lán til handa sýslumanni í Vestmannaeyjum, hefir hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) talað, og get jeg ekki verið að endurtaka neitt af því. En jeg þarf að víkja nokkrum orðum að hæstv. fjrh. (JÞ) út af ummælum hans um frystihúsa- og kæliskipsmálið. Hann fór talsvert inn á það mál alment, og ef ekki væri svo áliðið þingtímann og mönnum ant um, að umr. lengist ekki mikið, þá hefði jeg farið lengra út í þetta mál en nú verður.

Hæstv. fjrh. byrjaði ræðu sína með því að segja, að sjer hefði orðið vonbrigði að lesa nál. kæliskipsnefndarinnar. Jeg get sagt það sama, að jeg varð fyrir vonbrigðum eins og hæstv. ráðherra (JÞ), er jeg komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unt að byggja aðallega á kældu kjöti til útflutnings, og það er rjett, að útlitið er þá ekki eins glæsilegt eins og virtist meðan menn bjuggust við því, að það mætti koma öllu kjötinu út kældu, því að verðmunur er á kældu kjöti og frystu, þótt hann að vísu sje ekki eins mikill og jeg og margir hjeldu áður og hæstv. ráðh. (JÞ) virtist halda. En nú hefir síðan komið fram nýtt atriði, sem veldur því, að það má gera sjer nokkru meiri vonir um útflutning á kældu kjöti. Það, sem við bygðum okkar álit á, voru tilraunir S. Í. S. um að flytja út kælt kjöt. En síðan hefir nefndin átt tal við fagmann, verkfræðing danskan, og hann hefir gefið þær nýju og merkilegu upplýsingar, að með þeim tækjum og umbúnaði, sem er á kælirúmunum í Gullfossi, þá verði ekki hægt að geyma kjöt óskemt lengur en í viku. En ef kælirúmið er þannig útbúið, að þar geti haldist fullkomin og sífeld loftrás, þá megi geyma kjötið án skemda í alt að þrjár vikur. Svo að það, sem við hjeldum að ekki gæti orðið nema í mjög smáum stíl, lítur út fyrir, eftir þessu, að geta orðið til þó nokkurra muna. En samt taldi þessi mað-

ur, að þessum útflutningi fylgdi svo mikil áhætta, að ekki kæmi til mála að flytja út verulega mikið af kældu kjöti nema að hafa frystihús að baki sjer. Við nánari athugun hefi jeg því gert mjer á ný nokkrar vonir um útflutning á kældu kjöti, en samt er hitt ljóst, og á það legg jeg áherslu, gagnstætt hæstv. ráðherra (JÞ), að það er ekki forsvaranlegt að hafa svo í áhættu aðalframleiðslu sveitanna, nema hafa jafnframt frystihús, sem hægt sje að nota jafnframt og nota aðallega. Annars virðist mjer framtíðin megi kallast mjög glæsileg í þessu efni, jafnvel þótt útflutningur á kældu kjöti verði ekki eins mikill og menn gerðu sjer vonir um, áður en nál. kæliskipsnefndarinnar kom út. Því að jeg geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. fjrh. vilji rengja skýrslur þær frá Englandi um verð á frystu kjöti, sem nefndin varð sje úti um og bera með sjer, að það er mjög glæsilegt að flytja fryst kjöt til Englands hjá því að selja það saltað, eins og nú er gert. Ummæli hæstv. ráðherra (JÞ) hagga því að engu leyti skoðun minni og vonum, og hygg jeg, að honum takist ekki að drepa niður áhuga og framkvæmdir bænda.

Þá eru till. einstakra þm., sem jeg vildi minnast á og lýsa afstöðu fjvn. til þeirra. En um það get jeg verið stuttorður, því að annarsvegar eru þessar till. kunnar áður hjer frá fyrri umr. fjárlaganna og þá ræddar, og afstaða nefndarinnar óbreytt gagnvart þeim, en hinsvegar hefir nefndin sama sem engan tíma haft til að athuga till., og á þeim eina fundi, sem hún hefir getað haldið um þær, hafði nefndin ekki fyrir sjer allar þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir mörgum till., svo að hún gat ekki tekið fulla afstöðu til þeirra allra.

Hvað snertir brtt. á þskj. 486,I. hefir nefndin ekki getað tekið afstöðu til hennar, og eru því um hana óbundin atkvæði.

Um brtt. hv. þm. Barð. (HK) um að fella styrk til Staðarfellsskólans, þá er meiri hluti nefndarinnar á móti henni, eins og ráða má af því, að hún ljet þá fjárveitingu standa óbreytta eins og hún kom frá hv. Ed. En annars skal jeg ekki fjölyrða um þá till., því að bæði hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Dala. (BJ) hafa talað rækilega á móti henni. Jeg get aðeins bætt því við frá minni hálfu, af því að mjer er kunnugt um starf þessarar konu, sem hugsað er að taki að sjer forstöðu þessa skóla, að því leyti sem hún hefir starfið fyrir Búnaðarfjelagið, að það, sem hjer ræður mínu atkvæði, er það sjerstaka traust, sem jeg ber til hennar til þess að standa fyrir húsmæðraskóla í sveit. Það væri mikið tjón, ef við mistum af starfskröftum þessarar konu, en það er full ástæða til þess að óttast það, ef hún fær ekki þetta verkefni nú. Mjer er kunnugt um það, hvernig fólki líkaði við námsskeið þau, sem hún hefir haldið víða um land, og að hve miklu gagni þau hafa komið. Það er einróma álit, að hún sje gædd ágætum kennarahæfileikum. Það er einnig alkunnugt, að gagnið af slíkum stofnunum sem þessari fer eftir því, hversu það tekst að fá hæfa menn til þess að veita þeim forstöðu. Og jeg er ekki í vafa um það, ef ungfrú Sigurborg Kristjánsdóttir verður hjer forstöðukona, þá verður þetta myndarleg stofnun og gagnleg. Jeg vil því eindregið mælast til þess, að till. hv. þm. Barð. (HK) verði feld. Jeg þekki líka bróður Sigurborgar, sem ráðgert er að verði ráðsmaður á skólabúinu. Hann hefir verið ráðsmaður hjá Thor Jensen uppi í Mosfellssveit, á stærsta búi, sem hjer er til. Jeg er viss um það, af því að jeg er manni þessum persónu-

lega kunnugur, að hjer yrði um óvenjulegan myndarbrag að ræða, ef Staðarfellsskólinn yrði undir stjórn þeirra systkina. Og það mundi verða mikið tjón fyrir landbúnaðinn og menningu sveitanna, ef látið yrði vera að stofna hann nú.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) á hjer brtt. við styrk til sundlauga og sundkenslu. Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að of miklu fje sje hjer varið í einn stað, en hefir annars óbundin atkvæði um þetta.

Þá hefir nefndin óbundin atkv., þótt meiri hluti leggi á móti till. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um tvo skáldastyrki, og eins hvað snertir styrk til Soffíu Guðlaugsdóttur leikkonu.

Hv. þm. Árn. flytja hjer till. um að hækka styrkinn til sandgræðslu um 3 þús. kr. Þegar nefndin hjelt fund um þetta, þá bjóst hún við, að þessi hækkun væri gerð í því skyni að reisa við sjóvarnargarðinn á Eyrarbakka, og var hún því mótfallin. En það hefir nú komið í ljós, að þetta fje er ætlað til sandgræðslu í Selvogi, en síðan hefir nefndin ekki haldið neinn fund og því enga afstöðu til till. tekið.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara neitt sjerstökum orðum um meginið af þessum till. Það eru flest afturgöngur frá 3. umr. og ræddar þá, og í annan stað er orðið svo fáment í salnum, að þýðingarlaust er að vera að halda langar ræður fyrir þingtíðindin. Jeg vil aðeins geta þess viðvíkjandi till. hv. þm. N.-M. (ÁJ og HStef), um styrk til Lúðvíks Jónssonar, að nefndin hefir hjer óbundin atkv. En eins og menn muna, þá var meiri hl. nefndarinnar með lægri upphæð í þessu skyni við 3. umr., og býst jeg við, að honum þyki hjer of hátt farið. En skoðun minni í þessu efni hefi jeg áður lýst.

Þá hafa hjer fram komið ekki fáar till. um ábyrgðarheimildir ríkissjóðs fyrir ýmsum lánum, til Akureyrarkaupstaðar, til Búðahrepps, til tóvinnufjelags Vestfjarða o. fl. Allmikill meiri hluti nefndarinnar er sammála hæstv. fjrh. (JÞ) um það að láta engar slíkar ábyrgðir koma í fjárlögin.

Síðan nefndin átti síðast fund, hafa komið fram ýmsar till., sem hún hefir því enga afstöðu getað tekið til. Jeg get þá lokið að tala um afstöðu nefndarinnar. En að lokum vil jeg minnast á nýja till., sem jeg flyt hjer ásamt hv. 2. þm. Rang. (KlJ), um að veita Steini Dofra styrk til ættfræðirannsókna. Jeg get skrifað undir hvert orð, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um þetta atriði. Mjer þykir fara vel á því, að Alþingi gefi þessum óvenjulega gáfaða manni kost á því að koma heim aftur eftir sína hörðu útivist. Hjer eru margir menn, sem áhuga hafa á ættfræði, en að einum manni undanskildum, Hannesi Þorsteinssyni skjalaverði, eru þeir „allir börn hjá Boga“ samanborið við Stein Dofra. Hann er alveg frábærum gáfum gæddur til þess að tengja saman hina slitnu þræði í ættvísi okkar og sagnfræðum á 14., 15. og 16. öld. Og það mundi verða þessum fræðum til hins mesta gagns, ef Steinn Dofri gæti horfið heim aftur og starfað óskiftur í þeirra þágu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og menn hafa nú sjeð, þá á jeg að þessu sinni síðustu brtt., sem fram hefir komið við fjárlagafrv. Það er ekki oft, að jeg komi fram með till., sem telja megi til bitlinga, en það sannast hjer, að einu sinni verður alt fyrst. Svo stendur á um þennan mann, sem hjer er um að ræða, að hann er mikill hagsleiksmaður á útskurð í svipuðum stíl og Stefán Eiríksson var. En í fyrra varð hann fyrir því

óhappi að verða máttlaus öðrumegin, og kenna læknar það ofreynslu. Hann hefir einkum stundað útskurð í fílabein, og segja læknarnir, að það sje ákaflega óholt starf. Síðan þetta kom fyrir, hefir hann legið, en er þó heldur að skána. Jeg kom til hans síðast í gær og sá, að hann er heldur að hressast, svo að líkur eru til þess, að hann geti orðið starffær eftir nokkurn tíma. Þessi maður er bláfátækur og hefir mikinn barnahóp, en hann er svo skapi farinn, að hann vill alls ekki leita fátækrastyrks. Hann hefir sagt við mig, að hann mundi fyr svelta í hel með öllu sínu skylduliði en að hann leitaði á náðir sveitarinnar. Ýmsir vinir hans hafa verið að skjóta saman mánaðarlegum styrk handa honum, en það hrekkur skamt. Og nú er ekki útlit fyrir, að hann geti haldið í húskofann, sem hann býr í, nema hann fái einhvern styrk. En jeg veit, að þessi mikli hagleiksmaður muni, ef hann kemst til heilsu, borga það vel síðar, sem honum er hjálpað nú. Það hefir verið sagt um þennan mann, sem er dóttursonur Bólu-Hjálmars, að skáldgáfa Bólu-Hjálmars hafi farið í hendurnar á þessum dóttursyni hans. Annars er það nú svo, að hann er líka skáld, þótt lítið beri á því. Jeg vil nú vona, einmitt af því hve mikið er komið inn í fjárlögin, að háttv. þdm. láti sig ekki muna um þessa litlu upphæð. Hjer er um mjög brýna þörf að ræða. Á heimilinu eru 5 börn, og það yngsta nýfætt, og jeg þarf ekki að taka það fram, að maðurinn getur alls ekkert unnið ennþá.

Þá skal jeg víkja fáeinum orðum að því, sem hv. frsm. fyrri kafla fjárlagafrv. (ÞórJ) sagði um 4. brtt. hv. fjvn. Hann sagði, að sjer þætti undarlegt af mjer að lýsa því yfir, að jeg teldi enga þörf á því að halda einkafund með hv. þm. um símasamningsmálið, og taldi hann einmitt nú meiri ástæðu en nokkru sinni fyr til þess að halda þennan umrædda fund.

Jeg sagði nú ekki, að jeg ætlaði ekki að halda þennan fund, heldur aðeins það, að jeg áliti það ekki nauðsynlegt, ef brtt. nefndarinnar verður samþykt; en ef hv. þm. óska eftir því, þá hefi jeg ekkert á móti því, eins og jeg líka lýsti yfir þá, að þessi fundur sje haldinn, ef nokkur tími verður til. En mjer skilst, að ef þingið vill áskilja sjer rjett til þess að segja til um það, hvort ganga skuli að samningnum eða ekki, þegar þar að kemur, þá hafi það minni þýðingu að skýra frá því nú, hvernig málinu er komið og hvaða leið muni verða farin. Um þakklæti eða vanþakklæti í þessu máli er það að segja, að jeg hefi aldrei búist við neinu þakklæti fyrir aðgerðir í því. Jeg veit, að hvað sem gert verður, þá verður það vanþakkað. En ástæðan til þess, að jeg hefi óskað eftir því að fá fult umboð til þessara samninga, er sú, að jeg álít, að það veiti sterkari aðstöðu, ef maður getur gert bindandi samning, því að þegar hinn aðilinn getur átt von á því, að það verði að taka samningana upp af nýju, þá er líklegt, að hann geymi sjer svigrúm til þess að teygja sig eitthvað lengra þá.

Jeg skal ekki fara neitt út í ádeilu hv. þm. Str. (TrÞ) á hæstv. fjrh. (JÞ), en aðeins benda honum á það, að jeg man ekki betur en að hv. fjvn. sniði nokkuð af kröfum þeim, sem búnaðarþingið hafði gert um styrkinn til Búnaðarfjelágsins. En það þýðir, að fjvn. sá sjer ekki fært að taka til greina óskir bænda hvaðanæfa af landinu. Nú er hv. þm. Str. sjálfur í fjvn. og hefir talið rjett að sníða af kröfum búnaðarþings. Mjer finst það því sitja

illa á honum að atyrða hæstv. fjármálaráðherra fyrir, að hann vildi ekki fylgja till. búnaðarþingsins í öllu.

Viðvíkjandi frystihúsunum, þá skal jeg segja það, að jeg skildi hæstv. fjrh. þannig, að honum þætti ilt, ef það yrði að hverfa frá útflutningi á kældu kjöti sökum þess, að það væri verðmeira en fryst kjöt. Það eina, sem háttv. þm. Str. gat fundið hæstv. fjrh. til foráttu, er það, að hann var ekki sannfærður um það, að nál. kæliskipsnefndar væri fyllilega á rökum bygt í öllum atriðum. Það verður að líta svo á, að enn sje ekki fullreynt eða sannað, að ekki megi takast að flytja út kælt kjöt. En sökum þess, hvað það er áhættusamt, þá er full ástæða að reyna jafnframt, hvernig gengur með útflutning á frystu kjöti.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. frsm. fyrri hlutans (ÞórJ) hefi jeg engu að svara, því að það yrði ekki annað en endurtekning þess, sem jeg hefi sagt hjer áður. Þó var eitt orð, sem mjer virtist hann misbrúka. Hann vildi gera mjer upp þau orð viðvíkjandi láni til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, að það ætti að vera til þess að koma upp veglegum bústað til þess að taka á móti útlendingum. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að hann hafi sagt þetta viljandi. En jeg sagði, að vegna sóma landsins þyrfti hann að vera forsvaranlegur eða a. m. k. viðunandi, en það eru skrifstofuherbergi þessa embættismanns ekki nú.

Hv. þm. Str. (TrÞ) þarf jeg að svara nokkrum orðum, og vil jeg þá fyrst leiðrjetta þann misskilning hans, að jeg hefði ekki átt að leggja neitt til þessa máls, sem hann gerði að umtalsefni, vegna þess að það heyrði ekki undir mitt ráðherraembætti. Fyrst skal jeg þá geta þess, að hv. þm. Str. getur ekki tekið af mjer eða mínum kjósendum þann þingmannsrjett, sem jeg hefi sem fulltrúi þeirra hjer í þinginu til þess að víkja að almennum landsmálum. Og þegar jeg tók við mínu ráðherrastarfi, þá lýsti jeg yfir því, að jeg mundi ekki afsala mjer þeim rjetti, enda er jeg vanur að nota hann, þegar jeg tel að þess þurfi.

Hv. þm. Str. gaf mjer ástæðu til þess sjerstaklega að gera að umræðuefni styrkveitinguna til Búnaðarfjelags Íslands. Nú er farið fram á, að styrkurinn til Búnaðarfjelagsins verði hækkaður um 25 þús. krónur, en hækkunartillögur við frv. í heild eru á annað hundrað þúsund krónur, og það er upphæð, sem fjármálaráðherra verður að telja varða sitt embætti. Jeg hafði því fullan rjett og skyldu til þess að gera þessa till. að umtalsefni. Hv. frsm. síðari kafla (TrÞ) hafði í einu atriði ekki rjett eftir mjer. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að þessi styrkveiting væri óforsvaranleg. Jeg efast ekki um, að unt er að verja 200 þús. kr. forsvaranlega í þarfir landbúnaðarins, en jeg kvartaði undan því, að ekki væri gerð grein fyrir nýjum verkefnum fyrir þessa 60 þús. kr. hækkun, sem farið er fram á frá því, sem er í núgildandi fjárlögum. Jeg verð að segja, að mjer finst það vera undarlegt og átakanlegt skilningsleysi hjá hv. frsm., þegar hann heldur, að hann geti bætt úr þessu með því í þriðja sinn að lýsa, hvaða menn sjeu kosnir í stjórn Búnaðarfjelags Íslands og telja upp ýmsa ágætismenn í búnaðarþinginu. Þetta vissu allir hv. þdm. áður, en það, sem menn munu ekki vita, er það, til hvers á að verja styrkhækkuninni. Um það er ósagt enn. En það kynni að hafa sætt ýmsa hv. þdm. við

þessa hækkun, ef þeir hefðu fengið að vita, til hvers ætti að nota fjeð. Hitt er alveg út í bláinn sagt, að með þessu væri gert lítið úr mönnum í búnaðarþinginu. Jeg tók fram, að ekki væri nema eðlilegt, að menn, sem skoðuðu sig sem fulltrúa sinnar stjettar, færu fram á sem mesta fjárveitingu henni til handa. Út á það er ekkert að setja, og að hæsta till., sem fram kom í búnaðarþinginu, sje samþykt í einu hljóði, er svo eðlilegt og sjálfsagt, að mjer finst undarlegt, að hv. frsm. skuli leggja nokkuð upp úr því, þó að enginn greiði mótatkvæði, vegna þess að hún sje of há.

Þá mintist hv. frsm. á ummæli mín um breytta aðstöðu fjvn. frá því í fyrra og vildi skilja þau svo, sem jeg væri að ámæla einum manni, sem ekki átti sæti í nefndinni í fyrra, sem sje hv. þm. Dala. (BJ). Þetta er misskilningur, en verið getur, að jeg hafi ekki verið nógu skýrmæltur. Hv. þm. Dala. hefir sömu aðstöðu í fjárveitingum og hann hefir haft, að minsta kosti öll þau þing, sem jeg hefi setið með honum, og enginn hefir búist við öðru af honum. En jeg kvartaði undan því, að nú væri brostin sú samheldni í fjvn., sem búast hefði mátt við af sömu mönnunum, sem áttu þar sæti í fyrra. Jeg þarf ekki að kvarta undan fjárveitingatillögum nefndarinnar sjálfrar, því að þær hafa átt mikinn rjett á sjer, en þegar svo nefndin fer að taka afstöðu til brtt. annara þm., þá kemur munurinn fram. Þar stóð nefndin saman í fyrra. En nú er afstaðan venjulega sú, einkum í þeim hluta, sem háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir með að gera, að annaðhvort hafa nefndarmenn óbundin atkvæði eða meiri hlutinn er með. Við atkvgr. falla svo atkvæði nefndarmanna á víð og dreif. En í þessu sambandi mintist jeg ekki á hv. þm. Dala.

Þá talaði hv. frsm. um, að jeg gengi fastast fram í því að svifta ríkissjóð tekjum. Þetta nær engri átt. Fyrst og fremst hefi jeg ekki gert það, en þótt svo væri, að fjármálaráðherra hefði sjeð sjer fært að stinga upp á linun á sköttum, gæti það ekki rjettlætt þá aðstöðu, sem nú er tekin upp af þinginu, að heimta, að gjaldþegnar borgi bæði lausaskuldir og leggi stórum fram fje til verklegra framkvæmda samtímis. Jeg teldi mjer það síður en svo til ámælis, þó að jeg stingi upp á skattalinunum og vildi láta verklegar framkvæmdir bíða. Það eina ákveðna, sem hv. frsm. nefndi, var rangt. Hann talaði um 600 þús. kr. tekjumissi, sem missist við stjfrv., og átti þar við tekju- og eignarskatt. Ef hann hefði kynt sjer málið nokkuð, hefði hann komist að því, að ekki er um neinn 600 þús. kr. tekjumissi að ræða, heldur færist upphæðin af tekjum ársins 1925 yfir á tekjur áranna 1926 og 1927, sinn helmingurinn á hvort árið. Allur missir fyrir ríkissjóð var samþyktur ágreiningslaust hjer í þinginu, sem sje ákvæðið um skattfrelsi ákveðins hluta af tekjum hlutafjelaga, sem lagðar eru í varasjóð.

Hvað kjötútflutningnum viðvíkur, skal jeg láta í ljós ánægju mína yfir því, að það er komið í ljós, sem mig grunaði, að við þyrftum ekki að fleygja frá okkur öllum vonum um að koma kjötinu kældu, þ. e. a. s. nýju, á markaðinn. Vona jeg, að þetta komi síðar enn betur í ljós.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, og ætla jeg fyrst að svara hæstv. fjrh. (JÞ). Hann kom inn á þau atriði, sem

okkur ber á milli, og sagði viðvíkjandi Búnaðarfjelaginu, að það væri átakanlegt skilningsleysi hjá mjer að vera að telja upp þá menn, sem eiga að ráðstafa fje Búnaðarfjelagsins. Jeg hefi tvisvar áður sagt frá, hverjir sjeu í stjórninni, en aldrei hitt, hverjir ráðstafa fjenu, en það fanst mjer jeg verða að gera, þegar hæstv. ráðherra hefir sagt, að frá þingsins hálfu væri illa frá þessu gengið. En máske er búnaðarþingið ekki óvirðulegri samkoma en þetta þing og ekki ver til þess fallið að ráðstafa fjenu. Svo vel er gengið frá skipun búnaðarþingsins, að jeg held, að Alþingi geti rólega lagt í þess vald að ráðstafa peningunum.

Það er alveg rjett, að jeg hefi ekki lið fyrir lið gert grein fyrir, til hverra framkvæmda eigi að nota hækkunina. Satt að segja hjelt jeg, að hjer í hv. deild bæru menn það traust til búnaðarþingsins, að það væri óþarfi. Jeg ætla heldur ekki að gera það núna, en aðeins minna á, að fyrir fjvn. hefir verið gerð glögg grein fyrir þessu, lið fyrir lið. Jeg get ekki verið að draga það inn í fjárlagaumræðurnar, þar sem altaf eru uppi raddir gegn því, að þm. lengi um of umræður hjer á þingi.

Jeg vil bæta því við, að hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að sjer hefði aldrei gefist tækifæri til að fá vitneskju um, hvernig ætti að verja þessu fje. En eftir samkomulagi, sem varð í fjvn. um að fá hækkaðan styrkinn til Búnaðarfjelagsins á yfirstandandi ári, átti að fá samkomulag við hæstv. stjórn um þetta. Búnaðarfjelagið hefir svo fyrir meira en mánuði ritað stjórnarráðinu skýrslu þessu viðvíkjandi, svo að ef hæstv. ráðherra (JÞ) þykist ekki hafa getað fengið tækifæri til að fá vitneskju um þetta, er það af því að hann hefir svo mikið að gera, að hann gefur sjer ekki tíma til að lesa skýrslur, sem búið er að senda honum.

Það gleður mig, að hæstv. fjrh. skuli falla frá því, að ósamkomulag hafi orðið í búnaðarþinginu um kröfurnar til Alþingis. Nú sagði hann, að þetta hefði alt verið ósköp eðlilegt.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í samkomulagið í fjvn. Jeg kann ekki við að fara að blanda einstökum mönnum inn í það.

Hvað viðvíkur tekjuskattslöggjöfinni, hefi jeg ekki blandað henni inn í umr., en jeg er hæstv. fjrh. ekki sammála um þennan 613 þús. kr. tekjumissi. Það er sem sje alveg undir hælinn lagt, hvort tekjurnar næðust á næstu árum, því að ef þau verða jafngóð og árið 1924 var, er ekki um tilfærslu að ræða, heldur eftirgjöf og undir öllum kringumstæðum um vaxtatap fyrir ríkissjóð af 613 þús. kr. Jeg get bætt við öðru, sem stungið var að mjer, að í sambandi við varnarvegg þann, sem hæstv. fjrh. talaði um, hefir fjvn. aldrei fyr borið fram eins öruggan vegg og einmitt núna, því að í góðu samkomulagi við hæstv. ráðherra höfum við sett gjaldamegin 600 þús. kr. til afborgana á lausaskuldum. En það var rjett að gera það, og á ekki að þakka.

Þá ætla jeg að víkja fáeinum orðum að kæliskipsmálinu. Hæstv. fjrh. sagði, að það hefði glatt sig, að komið væri fram, að ekki hefði verið rjett að fleygja frá sjer öllum vonum um að koma kjötinu kældu á markaðinn. Það er misskilningur hjá hæstv. fjrh., ef hann heldur, að nefndin hafi gert það. Nefndin ætlaðist til, að jafnframt frystu kjöti væri flutt út kælt kjöt, en hitt áleit nefndin, að útflutningur á kældu kjöti væri svo áhættusamur,

að ekki væri hægt fyrir landbúnaðinn að reiða sig á útflutning til Englands, nema hafa frystihús. Vonunum um að geta flutt út kælt kjöt hefir altaf verið haldið, og sem betur fer eru þær altaf að glæðast.

Jón Baldvinsson: Í nál. fjhn. Ed. um laun embættismanna eru nefndarmenn sammála um að flytja tillögu um að veita uppbót lægst launuðum starfsmönnum ríkisins. Munu þeir hafa haft vissu fyrir því, að þetta gengi fram í hv. Ed. En fyrir gleymsku sakir varð ekki úr því, að till. yrði borin fram, en nú hefðu margir þm. viljað, að slík uppbót kæmist í fjárlögin. Nú höfum við komið fram með tillögu, sem fer fram á að bæta við 19. gr. 30 þús. kr., en það hefir staðið svo lengi á tillögunni, að húp er ekki enn komin til útbýtingar, en hún hlýtur að koma á hverri stundu. En jeg vona samt, að hv. þm. geti gert sjer grein fyrir till. Aftan við liðinn er ný málsgrein, og er þar skýrt frá, hvernig verja skuli fjenu. Þar stendur: „Þá skal og af fjárveitingu þessari greiða 30000 krónur í launauppbót handa þeim starfsmönnum landsins og á þann hátt, er segir í viðaukatillögu í nefndaráliti meiri hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis 1925, á þingskjali 184.“

Þar hafði meiri hluti fjhn. gert grein fyrir, á hvern hátt hann hugsaði sjer þessa væntanlegu uppbót. Af því að ekki er hægt að segja ákveðið um það nú, hvað upphæðin yrði há, hafa flm. gert ráð fyrir, að 30 þús. kr. fjárhæðin sje áætlunarupphæð, en reglurnar, sem greitt er eftir, er að finna í nál. fjhn. á þskj. 184. Vænti jeg, að stjórnin geti fallist á að taka við tillögunni þannig, þó að ekki sje í fjárlögunum sjálfum settar reglurnar um það, hvernig verja skuli fjenu.

Tíminn leyfði ekki mikla útreikninga, en meiri hl. fjhn. hefir gert sjer fullkomlega grein fyrir þessu.

Nú sje jeg, að till. á þskj. 527 hefir verið útbýtt, og geta menn þá frekar áttað sig á henni.

Það er ákaflega sanngjarnt, að margir lágt launaðir starfsmenn fái uppbót á launum sínum. Þeir hafa mun verri kjör en tíðkast í þjónustu einstakra manna. Það má auðvitað segja, að þetta sjeu viss laun, en geti menn ekki lifað af þeim, er það lítil bót.

Jeg vænti þess, að hv. deild taki till. vel, og ekki síst þar sem lítur út fyrir, að hv. Ed. hefði samþykt hana, þar sem fjhn. þeirrar deildar var óskift um hana, þó að svona óhönduglega tækist til, að það gleymdist að flytja till.

Jeg þarf ekki að svara miklu viðvíkjandi brtt. þeim, sem jeg hefi flutt. Hv. frsm. síðari kaflans (TrÞ) hefir ekki vikið gegn þeim. Hinsvegar vildi jeg mæla með till. hæstv. atvrh. (MG) um styrk til Hjálmars Lárussonar. Af gleymsku hefir sá styrkur ekki komist inn í fjárlögin, en jeg vona, að hún verði samþykt, þar sem jeg lít svo á, að margir listamenn hafi verið styrktir, sem síðri hafa verið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend upp aðeins til að mótmæla því, sem hv. frsm. seinni kaflans (TrÞ) sagði, að jeg hefði fallið frá því, sem jeg sagði um ósamkomulag um upphæð á styrkveitingu til Búnaðarfjelagsins. Jeg hefi ekki fallið frá því, sem jeg sagði, sem var það, að gætnir menn í þeim hóp álitu, að ef á annað borð þyrfti að takmarka útgjöld ríkissjóðs, þá væri þó hægt að halda starfrækslu Búnaðarfjelagsins í fullviðunandi horfi fyrir 175 þús. kr.

Út af kjötútflutningnum skal jeg einungis taka það fram, að jeg er hv. frsm.

(TrÞ) öldungis sammála um það, að það þarf að reisa íshús á útflutningsstöðunum, og það hvort sem kjötið er flutt út fryst eða kælt, þó að útbúnaður íshússins mætti vera eitthvað öðruvísi, ef eingöngu væri hugsað um kælt kjöt.

Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson): Út af því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, vil jeg taka það fram, að jeg minnist þess ekki, og jeg fullyrði, að alls ekki kom til orða á búnaðarþinginu, að Búnaðarfjelagið ljeti sjer nægja 175 þús. kr. styrk. Af því, sem jeg hefi lesið upp úr gerðabók búnaðarþingsins, er það ljóst, að það stóð einróma að þeirri kröfu um 220 þús. kr. úr ríkissjóði.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir misskilið það, að jeg talaði fátt um till. hans; þær eru afturgöngur og fjvn. hefir áður talað um þær, en hitt mun vera, að nokkur hluti nefndarinnar hefir óbundnar hendur um atkvgr. um þær.

Út af brtt. á þskj. 527 vil jeg geta þess, að jeg tel mjög óviðkunnanlegt að kasta inn svona stórum till. rjett áður en á að greiða atkvæði, hækkun um 30 þús. kr., sem þar að auki er áætlunarupphæð. Við höfum náð að tala saman 5 úr fjvn. um þetta, og okkur kom öllum saman um að leggja eindregið móti því, að þessi tillaga verði samþykt.

Sveinn Ólafsson: Örfá orð út af brtt. þeirri á þskj. 527, sem nú samstundis var útbýtt. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir mælt fyrir henni og gert grein fyrir, hvers vegna hún er fram komin. Jeg skal þá að gefnu tilefni geta þess, að fjhn. beggja deilda komu fyrir nokkrum dögum saman á fund til þess að útkljá meðferð launalagafrv. Það varð að samkomulagi milli nefndanna að leggja til, að í fjárlögum yrðu veittar alt að 20 þús. kr. í því skyni að bæta þeim lægst launuðu opinberu starfsmönnum upp laun sín, auk þess sem nú þegar er ætlað í fjárlagafrv. til að bæta upp laun símastúlkna sjerstaklega. Átti fjhn. efri deildar að bera till. fram, þar eð fjárlagafrv. var þá til umr. í Ed. Af því að hjer er farið fram á 10 þús. kr. meira heldur en þar varð að samkomulagi, þá finn jeg mig knúðan til að koma fram með skriflega brtt. í þá átt, að í staðinn fyrir 130 þús. kr., eins og stendur í brtt., komi 120 þús. kr., og að í stað þess, sem stendur í 2. lið till., 30 þús., komi 20 þús. Jeg þykist vita, að hv. fjvn. sjái sjer ekki fært að greiða atkv. með till. eins og hún er, en finst dálítil von um, að hún geti fylgt henni, ef farið er eftir því, sem að samkomulagi varð með báðum nefndunum.

Jeg veit ekki, hvort hæstv. forseti vill taka þetta til greina, en það er síðasta tilraun til þess að bjarga málinu.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 527, sem verður þskj. 532. Báðar þessar till. eru of seint fram komnar og auk þess er önnur skrifleg; þarf því afbrigða til þess að þær komist að, og mun jeg leita afbrigða um báðar till. í einu.

Jakob Möller: Má jeg gera örstutta athugasemd? Það eru allar líkur til, að ef þetta er ekki sett hjer inn, þá kosti það, að fjárlögin fari í sameinað þing. (*PO*: Nei, engin hætta á því!) Jú, því að öll fjhn. Ed. er með þessu.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil spyrja hæstv. forseta hvort jeg megi bæta við brtt.

Forseti (BSv): Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því, hvað lengi dugir að demba inn skriflegum brtt. (*ÁÁ*: Það hefði þá ekki átt að byrja á því), en auðvitað hefi jeg ekkert á móti því að taka á móti breytingartillögum eftir því sem þingsköp leyfa eða hv. deildarmönnum þóknast að veita leyfi til afbrigða um, að fram megi koma.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er mjög óviðkunnanlegt, að smeygt sje inn svona till. á síðustu stundu, og svo kemur athugasemdin sjálf ekki fram í sjálfri brtt., heldur er aðeins til hennar vitnað, eins og til þess að alt fari frekar fram hjá mönnum. Vegna þess að barnakennarar eru í athugasemdinni undanskildir frá að njóta þessarar launabótar, þá vil jeg leyfa mjer að koma með viðbótartill. við síðari lið brtt. á þskj. 527.

Forseti (BSv): Mjer hefir ennfremur borist skrifleg brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., sem verður þskj. 533.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 526 og 527, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 16:2 atkv., og afbrigði um skriflegar brtt., sem verða þskj. 532 og 533, leyfð og samþ. með 16:4 atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi leyfa mjer að leiða athygli hv. deildar að því, að það er ekki unt að úthluta styrk þessum eftir brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) eftir þeirri reglu, sem greinir í aðaltill. á þskj. 527, það er að segja þeirri reglu frá nokkrum hluta fjhn., sem var feld hjer í deildinni við umræðurnar um dýrtíðaruppbót. Og það er því síður hægt að úthluta þessum 20 þús. kr. eftir þeirri reglu, ef á að bæta við kennurum eða öðrum, sem ekki voru þar innifaldir í. Jeg vildi fara fram á, að ef skriflega brtt. verður samþykt, þá yrði að minsta kosti seinni liður till. á þskj. 527 feldur, því að þá mun verða litið svo á, að þessar 20 þús. kr. verði til umráða fyrir stjórnina til þess að bæta upp lægst launuðu starfsmönnunum, en það verður ekki hægt að gera eftir þeirri reglu, sem í þskj. þessu stendur.

Jón Baldvinsson: Það er alveg rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að ef þessi fjárhæð verður lækkuð, þá verður ekki unt að fylgja þeirri reglu, sem í tillögunni er sett. Og með tilliti til þess, að það er ekki fljótgert að búa til fastar reglur fyrir slíkri úthlutun, en hinsvegar fanst mjer sjálfsagt að hafa einhverja slíka reglu fyrir stjórnina við að styðjast, svo að ekki væri úthlutað af handahófi, þá er þessi fasta upphæð tekin. Hv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv. (TrÞ) kvað það óviðkunnanlegt að koma með till. svona seint. Má vera, en mjer finst ekki, að þær upplýsingar, sem fram eru komnar, hafi neitt á móti því, heldur sje það rjettlátt að bera hana fram. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir upplýst, að fjhn. beggja deilda hafi komið sjer saman um nokkra fjárhæð til úthlutunar handa lægst launuðum starfsmönnum landsins, og er það ekki annað en gleymska, að slík tillaga hefir ekki komið frá henni. En ef á að samþykkja till. með 20 þús. kr. uppbót, þá þarf að búa til nýja reglu, en til þess vinst ekki nokkur tími.

Jeg get verið samþykkur hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um það, að þetta nái alt of skamt; en það verður nú svo, að þeim verður ekki öllum bætt upp, sem þarf að bæta upp, en það er betra, að nokkrum verði bætt upp launin heldur en engum.

Jakob Möller: Jeg vil benda hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á það, ef hann mætti vera að hlusta á mig, að í raun og veru var aðalágreiningsefnið í fjhn. um þessa aukauppbót til lægst launuðu starfsmanna, hvort ætti að setja upphæðina í lögin um dýrtíðaruppbót eða setja hana í fjárlög. Um annað var eiginlega enginn ágreiningur, því að meðan nefndin vann saman varð ekki komist að neinni niðurstöðu um neina ákveðna upphæð. En eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir bent á, þá var varla hægt að koma þessu fram öðruvísi en að hafa þessa upphæð nú, ef ætti að fara eftir reglum, sem búnar voru til af meiri hl. fjhn. En það hefir farið svo óhöndulega, að önnur regla hefir ekki verið búin til. Þetta gildir aðeins fyrir þetta ár. Næsta þing getur auðvitað minkað uppbótina, ef ástæður sýnast fyrir hendi. Jeg vildi því mælast til þess, að hv. minni hl. nefndarinnar og þeir hv. þdm., sem honum fylgdu að málum um dýrtíðaruppbótarfrv., settu þetta ekki fyrir sig í þetta sinn, og tækju helst aftur þessar skriflegu brtt. Og sömu áskorun vil jeg leyfa mjer að beina til hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), því að jeg get ekki annað sjeð en að tillaga hans verði bara til að fella þetta mál að þessu sinni. Hann gæti síðan borið slíka tillögu fram á næsta þingi. Hinsvegar vil jeg endurtaka það, sem jeg skaut fram áðan, að ef þetta verður ekki sett í fjárlög, þá geri jeg ekki ráð fyrir öðru en þau fari í sameinað þing, þar sem fjhn. Ed. er öll á einu máli um að setja einhverja slíka upphæð í fjárlög. En ef fjárlögin þurfa hvort sem er í sameinað þing, má breyta þessari upphæð samkvæmt till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ); en mjer finst það of lítilfjörlegt, sem greinir á um, til þess að láta það valda miklum vafningum.

Ásgeir Ásgeirsson: Það kann að vera, að tillaga mín sje þess eðlis, að ilt sje að geta ekki um leið komið með brtt. um fjárhæðina. En það er ekki mín sök, þó að till. fylgi enginn útreikningur; þó að aðaltill. mín kunni að leiða til töluverðrar hækkunar, þá vil jeg vekja athygli á því, að varatill. þarf ekki að fylgja neinn teljandi kostnaður, ekki svo mikil útgjöld, að stjórnin, sem um það er kunnugt, hvernig þessi tillaga er fram komin, geti ekki af eigin mætti greitt uppbótina eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í viðaukatill. fjhn.

Jeg mun ekki taka tillögu mína aftur, þótt óskað hafi verið, vegna þess að þetta hefir svo mikinn svip af því, að farið sje á bak við þá menn, sem skiftu sjer af þessum málum áður hjer í þinginu, þegar launalögin voru til umræðu. Enda er engin hætta, þótt viðbótartill. mín verði samþykt, að fjhn. Ed. láti fjárlögin fara í sameinað þing fyrir ekki stærri sakir.

Mjer skilst á hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að það, sem valdið geti hættunni á, að fjárlögin færu í sameinað þing, sje það, ef ekkert yrði sett inn í fjárlögin til uppbótar handa lágt launuðum starfsmönnum. Viðbótartill. mína getur því ekki verið hættulegt að samþykkja.

Jeg vil þá mælast til þess, að þeir hv. þm., sem þekkja hag kennara þeirra, sem starfa í sveitum, og sjerstaklega vil jeg mælast til þess við alla bændur í þinginu, að þeir láti ekki þessar tillögur fram ganga án þess að farkennurum í sveit að minsta kosti sje greidd sama uppbót og öðrum.

Hákon Kristófersson: Háttv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv. (TrÞ) lagði mikla áherslu á að beina því til hv. deildar, að hún skyldi snúast á móti till. minni við-

komandi Staðarfellsskólanum. Jeg er samt ekki að lá honum það frá sínum bæjardyrum sjeð, þótt hann skori á menn að fylgja sjer í þessu efni. Hann benti á það, að ef Sigurborg Kristjánsdóttir og bróðir hennar hefðu jörðina, þá mundu þau með sínum alþekta dugnaði setja sitt menningarmark á staðinn. Jeg viðurkenni þennan vitnisburð, sem þessar heiðursmanneskjur eiga skilið, en frá mínu sjónarmiði á þetta alls ekki að snúast um mennina; þetta er sjerstakt málefni, sem getur aldrei gilt til lengdar fyrir sömu persónur. Þessi skoðun hjá hv. þm. Str. (TrÞ), vini mínum, er alveg hliðstæð því, þegar hann sagðist fylgja landsverslun svo fast vegna þess, að sá heiðursmaður Magnús Kristjánsson stæði fyrir henni. Reyndar vorum við sammála hvað Magnús snertir, en jeg læt mjer ekki detta í hug að blanda málefnunum saman við mennina.

Ef Magnús Friðriksson er nú samþykkur því að setja húsmæðraskóla á stofn, þá hefir hann hlotið að taka aftur skilyrðin í gjafabrjefi sínu, eftir því sem jeg hefi best vit á. Ef hv. deildarmönnum er ekki vel kunnugt um það, þá vil jeg taka það fram, að fyrsta skilyrði hans, er hann gefur jörðina, er það, að hinn fyrirhugaði kvennaskóli frú Herdísar Benediktsen yrði settur að Staðarfelli. Svo tengir hann þetta skilyrði fast við gjöf sína, að hann áskilur sjer, að lífeyrir sje sjer borgaður úr ríkissjóði *eða* sjóði Herdísar Benediktsen. Þá áskilur hann sjer 4 herbergi, en það er aukaatriði, en síðan segir hann: „Það er ósk mín, að hinn fyrirhugaði kvennaskóli gæti einnig orðið húsmæðraskóli, ef það þætti tiltækilegt, þegar til skólans kemur. En þetta er aðeins ósk mín.“ Hann hlýtur að hafa breytt fyrra gjafabrjefinu; það þarf ekki að leika á tveim tungum, að hann getur ekki hafa gefið seinni gjöfina með andstæðum skilyrðum við hina fyrri, nema hann hafi tekið fyrra brjefið aftur. Nei, það er með öllu heimildarlaust að bendla á nokkurn hátt Staðarfellsgjöfina við gjafabrjef frú Herdísar Benediktsen. Jeg vona, að hv. þm., ef þeir vilja hugsa um málið frá þeirri hlið, sem jeg nú hefi bent á, að þeir verði mjer sammála um þetta.

Það hefir verið dálítið deilt um það, hvað mikils virði Staðarfell væri. Það er nú sjálfsagt mikils virði, en til glöggvunar á því máli hefir Magnús Friðriksson sjálfur metið það á 70 þús. kr. Þegar þar er dregin frá 8 þús. kr. skuld, þá eru rúmar 60 þús. kr. eftir.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál; framkoma þess byggist á frændsemi og vináttu, og jeg veit, að þeir hafa heiðurinn af því, sem koma því fram á þann hátt.

Sveinn Ólafsson: Það er aðeins stutt svar til hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Jeg vil benda honum á það, að það var ekki af því að mjer yrði neitt mikið um það, að þessi till. kom fram, að jeg kom með mína till., heldur af því, að það var búið að gefa í skyn af háttv. frsm. síðari kafla fjárlagafrv. (TrÞ), að nefndin mundi snúast á móti till. í heild sinni; þess vegna var það síðasta tilraun til að bjarga málinu, sem jeg gerði með skriflegu till. Jeg bjóst við því, að með henni mætti ef til vildi fá menn til þess að safnast um þessa lægri till., sem er í samræmi við það, sem báðar fjhn. höfðu komið sjer saman um. En þar sem lítur út fyrir, að ágreiningur verði um breytingarnar, sje jeg ekki annað vænna en að hverfa að till. hæstv. fjrh., að fella niður seinni lið aðaltill., og þá mundi jeg taka

aftur seinni lið minnar brtt. Þá mundi upphæðin fengin og stjórnin hefði hana til frjálsra umráða og skifta milli þeirra lægst launuðu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að þessi gjöf Staðarfellshjónanna er bundin því skilyrði, að skóli þessi verði stofnaður.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson):* Jeg skil í rauninni ekki í því, að þessi háttv. þm. (HK) leyfir sjer slíkt, því hann veit í hvaða tilgangi herra Magnús Friðriksson gaf þessar gjafir sínar. En þingmaðurinn hefir kannske haldið, að hann gæti komið því til leiðar, að Herdísarskólinn yrði settur í Flatey, og þá hefðu allir Barðstrendingar sent konur sínar og dætur til læringar út í Flatey. Hv. þm. gerir þetta auðvitað af velvilja til kjósenda sinna, en það er undarlegt, að honum skuli missýnast þannig í skólamálum, sem hann annars er mjög velviljaður jafnan eins og hann er fræðaelskur sjálfur, og enn undarlegra er það, að þetta missýni hans skuli bitna á fróðleiksfúsum námsmeyjum, sem búa annarsstaðar við Breiðafjörð en í hans kjördæmi, þar sem það er vitanlegt, að þingmaðurinn (HK) er mjög velviljaður allri kvenfræðslu, eins og hann er og velviljaður öllu kvenfólki yfirleitt.

Frsm. fyrri kafla (Þórarinn Jónsson): Það eru aðeins fá orð, sem jeg vil ekki, að krefji neinna andsvara. Jeg hafði gleymt að minnast á brtt. á þskj. 504, frá háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), við 12. gr. frv., viðvíkjandi eftirgjöf á verðtolli til sjúkrahússins á Ísafirði. Jeg vil aðeins minna á það fyrir hönd fjvn., að fjárbeiðni þessi lá fyrir nefndinni, og vísaði hún henni frá sjer sökum þess, að alls engar upplýsingar fylgdu þar með. Taldi fjvn. rjett, að fjhn. fjallaði um þetta, ef það yrði annars gert.

Í öðru lagi vil jeg beina því til hæstv. atvrh. (MG), í tilefni af væntanlegum samningum við Stóra norræna ritsímafjelagið, þar sem mjer virðist hann vera ófús á að hafa einkafund með þingmönnum út af því máli, að ef till. fjvn. verður samþykt og af því að annir eru nú miklar, þá má þó vel haga því svo, að engu sje slept niður fyrir þinginu með því að boða fundinn kl. 8 eða 7½ að morgni.

Magnús Jónsson: Það voru aðeins fáein orð út af brtt. frá nokkrum þm. um launaviðbót handa hinum lægst launuðu starfsmönnum ríkisins, ásamt nokkrum skriflegum brtt., og er jeg þessu meðmæltur eins og meiri hl. fjhn. Nd., sem styður þessar brtt. En hjer er þó slegið undan, þar sem þetta er aðeins fjárlagaupphæð til eins árs. Samkvæmt eðli málsins verður þetta að vera áætlunarupphæð; það er ekki hægt að ákveða upphæðina fyrirfram. Það getur vel orðið, að 20 þús. kr. verði t. d. of lítil upphæð, en eins getur líka farið svo, að ekki þurfi alla þá upphæð, þar sem dýrtíðaruppbótin er óákveðin. Viðvíkjandi brtt. hv. þm. N.-Ísf. (ÁÁ) hafa verið reiknaðar út allar þær upphæðir, sem þurfti að bæta upp, nema símameyjalaunin og farkennara, en ef þeim yrði bætt við, þyrfti ekki minni upphæð í viðbót en þá, sem jeg nefndi áðan, og líklega miklu meira. Þó að hver farkennari fyrir sig sje lágt launaður og fái

*) Upphaf ræðunnar vantar í handr.

ekki nema litla upphæð, þá segja þó reglurnar um uppbótina, að aldrei skuli reikna uppbótarhundraðstöluna af minni upphæð en 1000 kr., og eftir því fá allir farkennarar uppbót af 1000 kr., jafnvel þótt laun þeirra sumra nái varla þeirri upphæð. Jeg vil þó ekki vera að spilla fyrir farkennurunum, en þetta getur riðið málinu að fullu, og því vildi jeg sýna fram á, að þessi varatillaga er ekki neitt smávægileg, og ef háttv. þm. V.-Ísf. vill málinu vel, ætti hann að taka þessa varatillögu aftur, til þess að sigla ekki öllu í strand með því að fleyga málið á þennan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 486,I feld með 15:8 atkv.
— 482,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 486,II.a feld með 14:10 atkv.
— 486,II.b feld með 16:7 atkv.
— 486,III samþ. með 15:7 atkv.
— 482,2 samþ. með 16:6 atkv.
— 504 feld með 15:8 atkv.
— 482,3 samþ. með 15:3 atkv.
— 482,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 486,IV.a—b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 482,5 feld með 18:6 atkv.
— 518 feld með 14:13 atkv.
— 486,V.1 feld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PO, SigurjJ, ÁJ, BL, HK, JK, JS, JÞ.

nei: MG, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JakM, JAJ, JBald, JörB, KlJ.

BSv greiddi ekki atkv.

Brtt. 482,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 486,V.2 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, ÞórJ, ÁJ, BL.

nei: IngB, JakM, JBald, JörB, MT, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, BSt, BJ, BSv.

ÁÁ greiddi ekki atkv.

Brtt. 482,7 samþ. með 15:7 atkv.
— 486,VI samþ. með 15:8 atkv.
— 482,8 feld með 15:8 atkv.
— 482,9 samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, HStef, HK, JAJ, JS, JÞ.

nei: JörB, KlJ, MT, SvÓ, ÁJ, BSt, BJ, BL, IngB, JakM, JBald, JK, BSv.

Brtt. 482,10 samþ. með 17:8 atkv.
— 486,VII samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÁF, ÁÁ, ÁJ, BSt, BJ, BL, HK, JakM, JBald, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, HStef, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ.

Brtt. 486,VIII feld með 15:12 atkv.
— 526 samþ. með 20:2 atkv.
— 482,11 samþ. með 25:1 atkv.
— 515 samþ. með 15:11 atkv.
— 482,12 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, BL.

nei: IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, ÁJ, BSt, BJ, BSv.

ÁÁ greiddi ekki atkv.

Brtt. 486,IX samþ. með 15:9 atkv.
— 482,13.a, svo breytt, samþ. án atkvgr.
— 486,X samþ. með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JK, JörB, KlJ, MJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HK, IngB, JakM, JAJ, BSv.

nei: JS, JÞ, MG, PO, SigurjJ, HStef.

Brtt. 482,13.b tekin aftur.

Brtt. 482,14 samþ. með 22:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HStef, HK, IngB, BSv.

nei: JÞ, MJ, SigurjJ, ÁF, JAJ.

JakM greiddi ekki atkv.

Brtt. 486,XI feld með 14:13 atkv.

— 482,15 samþ. með 20:3 atkv.

— 521 samþ. með 15:4 atkv.

— 492 tekin aftur.

— 482,16 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 486,XII samþ. með 15:12 atkv.

— 482,17 þar með úr sögunni og liðurinn ákveðinn.

— 482,18 samþ. með 17:7 atkv.

— 486,XIII (aðaltill.) feld með 19:6 atkv.

— 486,XIII (varatill.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, BSv.

nei: MJ, PO, SigurjJ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG.

ÁF greiddi ekki atkv.

Brtt. 486,XIV samþ. með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BSt, BJ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JS, JörB, MG, PO, BSv.

nei: TrÞ, ÁÁ, IngB, JK, JÞ, KlJ, MJ, MT, PÞ.

Brtt. 486,XV.1 (aðaltill) feld með 15:6 atkv.

— 486.XV.1 (varatill.) feld með 14:8 atkv.

— 486,XV.2 feld með 18:6 atkv.

— 495 feld með 14:6 atkv.

— 486,XVI.1 feld með 14:7 atkv.

Brtt. 482,19 feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, HStef, HK, IngB, JS, JÞ, MG, MT, PO.

nei: SvÓ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, JakM, JAJ, JBald, JK, JörB, KlJ, MJ, BSv.

Brtt. 486,XVI.2 (aðaltill.) feld með 14:6 atkv.

— 486,XVI.2 (varatill.) feld með 14:10 atkv.

— 532,1 feld með 14:6 atkv.

— 527,1 feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BJ, BL, JakM, JAJ, JBald, MJ, MT, SigurjJ, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, HStef, HK, IngB, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, PO, PÞ.

Brtt. 527,2, 532,2 og 533 sjálffallnar.

— 482,20.a samþ. með 15:3 atkv.

— 482,20.b samþ. með 15:4 atkv.

— 486,XVII (aðaltill.) samþ. með 15:5 atkv.

— 482,21 feld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, KlJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, HStef.

nei: HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, ÁF, ÁÁ, ÁJ, BJ, BL, BSv.

Brtt. 486,XVIII samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JörB, MG, MJ, PO.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JÞ, KlJ, MT, BSv.

— 502 (aðaltill.) feld með 14:5 atkv.

— 486,XIX feld með 17:5 atkv.

Brtt. 486,XX, fyrri liður, feld með 14:9 atkv.
— 486,XX, síðari liður, feld með 15:9 atkv.
— 494 feld með 16:4 atkv.
— 502 (varatill.) feld með 14:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 75. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 535).

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og hv. þdm. sjá, liggja ekki fyrir neinar brtt. við frv. eins og það kom frá háttv. Nd. eftir eina umr. þar. Fjvn. þessarar hv. deildar áleit rjettast að ganga að frv. eins og það er; ekki þó af því, að hún sje ánægð með þær breytingar, er háttv. Nd. hefir gert á því — það er öðru nær, því að nokkrar breytingarnar eru þannig vaxnar, að nefndin getur ekki aðhylst þær. En hitt reið baggamuninn, að þingið hefir nú staðið lengi, í 97 daga, og ef fjárlagafrv. hefði átt að koma fyrir Sþ., þá hefði það lengt svo starfstíma þingsins, að það hefði ekki getað lokið störfum sínum annað kvöld, eins og ráð hefir verið fyrir gert. Flesta hv. utanbæjarþingmenn er nú farið að langa heim og marga þeirra knýr til þess nauðsyn að komast heim sem fyrst.

Að þannig vöxnu máli vildi fjvn. því ekki taka það á sig að lengja þingið, og jeg þykist sjá, að hv. þdm. sjeu nefndinni sammála um þetta, því að enginn þeirra hefir borið fram neina brtt. við frv. Og úr því að hv. deild ætlar að sætta sig við frv. eins og það er, þá er þýðingarlaust að hafa langar umræður um það. Aðeins vil jeg benda á þá breytingu, er gerð var eftir till. landlæknis, að skifta styrk til augnlækningaferða kringum land jafnt milli þeirra augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar. Fjvn. hefir ekkert við þetta að athuga. Það er nauðsynlegt fyrir landsmenn að ná til augnlæknis, og þar sem þessi breyting sparar bæði fyrirhöfn og fje, telur nefndin rjett, að þingið stuðli að því. Ef læknarnir eru tveir, geta þeir dvalið lengur á hverjum stað, en stutt viðdvöl kemur ekki að fullum notum.

Þá eru næst breytingar við 12 gr., 16. lið e. og f. Þar hefir fjárveitingin til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási verið færð aftur upp í 5000 kr., eða með öðrum orðum, lækkun þessarar hv. deildar á þessum lið hefir verið feld. Fjvn. hefir ekki breytt skoðun sinni á þessu atriði, en hún telur það ekki svo þýðingarmikið. F.-liðurinn hefir einnig verið hækkaður um 14 þús. kr., af því að ráðgert er að reisa sjúkraskýli á Hofsósi og í Reykhólahjeraði. Það er full þörf á að koma þessum sjúkraskýlum upp og fjvn. hefir ekki annað við það að athuga en að gjaldauki þessi, ásamt öðru, verði of mikill á árinu 1926.

Styrkurinn til Eimskipafjelagsins hefir verið hækkaður um 15 þús. kr. (13. gr. C. 1. b.).

Þá er aths. við 13. gr. D. IV. 4, sem hefir verið breytt í þá átt, er háttv. 1. landsk. þm. (SE) lagði til í þessari hv. deild. Fjvn. telur þessa breytingu ekki svo þýðingarmikla, að hún vilji leggjast á móti henni, svo að frv. fyrir þá sök þurfi að fara í Sþ.

Þá er sú breyting á 14. gr. B. I. g., að hækkaður er styrkurinn til Trausta Ólafssonar efnafræðings um 200 kr. Fjvn. var meðmælt þessu og hæstv. forsrh. (JM) hafði borið fram till. þessa efnis í hv. Nd.

Þá er í sömu gr. IX. lið d. breytt orðalaginu á fjárveitingu til þess að styrkja unga og efnilega karla og konur til verklegs *framhaldsnáms* erlendis, og hefir nefndin ekkert á móti því.

Svo kemur sú breyting undir XIII. lið sömu gr., að styrkur til fræðslumálarits er feldur niður. Þessi upphæð kom inn hjer í deildinni, en þó ekki eftir till. fjvn., og telur hún því þá breytingu til bóta.

Þá eru enn breyttar aths. um styrk til hjeraðsskóla, þar sem það ákvæði er felt burtu, að 2—3 sýslur skuli slá sjer saman. Meiri hl. fjvn. telur þessa breytingu til hins verra. Annars er þetta stefnumál, og meiri hl. nefndarinnar álítur, að hjeraðsskólar eigi ekki að vera of margir og að hlutaðeigandi sýslufjelögum og ríkissjóði sje það ofvaxið að styrkja og reka skóla í hverri sýslu landsins. Hinsvegar er því ákvæði haldið sem skilyrði fyrir styrkveitingunni úr ríkissjóði, að trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti ríkissjóðsstyrknum, og kemur fjárhæðin því ekki til útborgunar fyrri en trygt er nægt fje, ekki aðeins til að koma væntanlegu skólahúsi upp, heldur og til rekstrar skólans. Treysti jeg hæstv. stjórn til þess að gæta þessa.

Þá er aths. við XVIII. lið 4, um sundnám. Þar er ætlast til þess, að 2000 kr. sjeu greiddar til sundlaugar á Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, en þó ekki yfir 1/5 kostnaðar. Fjvn. hefði helst kosið, að þessi aths. hefði ekki komið inn, en telur hana þó ekki svo mikils varðandi, að frv. þurfi þess vegna að koma fyrir Sþ.

Fjvn. telur það galla á frv., að hv. Nd. hefir felt niður styrk þann, er þessi hv. deild setti inn til Leikfjelags Akureyrar. Fjvn. leit þannig á, að það leikfjelag hefði sýnt mjög virðingarverðan dugnað og ætti því skilið að fá viðurkenningu, en hv. Nd. hefir ekki getað fallist á það.

Þá er styrkur til skálda og listamanna lækkaður um 1000 kr., en í þess stað er bætt inn 1500 kr. styrk til Stefáns frá Hvítadal. Þetta telur nefndin ekki til bóta.

Þá er styrkur til Hjálmars Lárussonar 1000 kr. Maður þessi er áreiðanlega þurfandi fyrir styrk, og fjvn. telur það ekkert stefnumál, þótt honum sje veittur þessi styrkur.

Þá eru 1200 kr. til Þórbergs Þórðarsonar til þess að safna orðum úr alþýðumáli bundnar því skilyrði, að safnið sje eign ríkisins, — þar hefði átt að standa: að honum látnum.

Þá hefir hv. Nd. sett inn í 23. lið 15. gr. 1500 kr. styrk til Steins Dofra. Maður þessi heitir rjettu nafni Jósafat Jónasson og fór til Ameríku fyrir mörgum árum, en langar nú til þess að komast heim. Fjvn. telur þessa fjárveitingu ekki nauðsynlega og hefði lagt til, að hún væri feld, ef hún hefði viljað gera nokkrar breytingar við frv. Þessi maður skildi ekki svo vel við landið, að það þurfi að verðlauna hann fyrir það.

Þá er brtt. við 15. gr. 48. lið, 1500 kr. til frú Soffíu Guðlaugsdóttur til utanfarar til leiklistarnáms. Þessi kona hefir óvenjumikla leikhæfileika, og fjvn. hefir þess vegna ekkert við þetta að athuga.

Sama er að segja um styrkinn til söngflokks K. F. U. M., 8000 kr. gegn hálfu minna framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Nefnd frá þessu fjelagi kom til fjvn. til þess að skýra málið fyrir henni, og

fjvn. er því hlynt, að fjelaginu sje sýndur þessi sómi.

Þá eru stærstu breytingarnar, um að tillagið til Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins sje hækkað aftur upp í 200 þús. kr. og 70 þús. kr. Það mun standa sjerstaklega á um það, að fjvn. hv. Nd. vill hækka þessi tillög svo, af því að hún mun hafa lofað fjelagsstjórnunum nokkuð ákveðið þeim upphæðum, sem nú standa í frv. Jeg átaldi þetta við 2. umr. og vísa til þess nú.

Jafnframt eru veittar 5000 kr. til Lúðvíks Jónssonar, til að endurbæta jarðyrkjuverkfæri þau, er hann hefir smíða látið. Þessi maður er máske í ónáð hjá forstjórum Búnaðarfjelagsins, en fjvn. telur það enga ástæðu til þess, að honum sje veittur sjerstakur styrkur, fram yfir það, sem Búnaðarfjelaginu er veitt. Sje óánægja með manninn og hún á ekki við rök að styðjast, á stjórn Búnaðarfjelagsins að taka í taumana og sjá um það, að maðurinn fái þann styrk, er honum ber, en sje óánægjan á rökum bygð, á Alþingi ekki að veita þessum manni sjerstakan styrk.

Þá hefir hv. Nd. veitt 10 þús. kr. til lendingarbóta að Skálum á Langanesi, ⅓ kostnaðar. Þar er nýtt útgerðarpláss, sem sjómenn úr fjarlægum hjeruðum sækja að, og er það í anda þingsins að samþykkja slíkt fjárframlag sem þetta.

Þá hefir hv. Nd. lækkað styrkinn til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Hún hefir felt niður 1000 kr. hækkun frá Ed. á þessum lið, en hefir hinsvegar veitt Sigrúnu Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi og Þórdísi Ólafsdóttur á Fellsenda 500 kr. hvorri til kenslu í hannyrðum og vefnaði. Fjvn. Ed. telur það miður farið, að styrkur til hins íslenska heimilisiðnarfjelags skyldi vera lækkaður, því að það vinnur þarft starf og gott og hefði ekki veitt af þeirri upphæð, sem Ed. tók til.

Þá kem jeg að þeirri fjárveitingu hv. Nd., sem fjvn. Ed. er einna verst við. En það er 5 þús. króna fjárveiting til Byggingarfjelags Reykjavíkur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá. Það hefir verið feld hjer í þessari hv. deild áður fjárveiting, sem fór í sömu átt, enda er ekki gott að verja hana. Þetta er sem sagt sú fjárveiting, sem fjvn. Ed. á erfiðast með að sætta sig við.

Þá eru ekki breytingar fyr en í 22. gr., 15 þús. kr. lánsheimild til Hvammstangahjeraðs og 40 þús. kr. lánsheimild til Húsavíkurhrepps, til þess að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu. Við þetta er ekkert að athuga. Ef fje er til í viðlagasjóði, þá er það gott, að ríkið veiti lán til slíkra framkvæmda, en ef fje er ekki fyrir hendi, þá nær það ekki lengra.

Þá er 20 þús. kr. lánsheimild til tóvinnufjelags Vestur-Ísfirðinga. Það var áður hjer á fjárlögunum, en þá ekki sem lán, heldur ábyrgð. Nefndin telur það nú skárra, því að heimildin verður ekki notuð, nema ef fje er til, en allar líkur eru til þess, að svo verði ekki. Nefndin telur því þessa heimild næsta þýðingarlausa; lítur á hana sem fjöður til að skreyta hatt þingmanns kjördæmisins, er hann vitjar kjósenda sinna.

Þá er lánsheimild til Sigurðar Sigurðssonar frá Vigur, til þess að koma upp embættisbústað, alt að 15 þús. kr. Þess var að vænta, eftir því sem fór um Kristján Linnet hjer, að fleiri mundu á eftir koma, enda hefir það nú komið á daginn með þessu.

Jeg hefi þá ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Jeg vona, að hamingjan gefi, að árferði verði svo gott til lands og sjávar, að ekki verði

tekjuhalli á útkomu ársins, þó að fjárlögin verði nú afgreidd með nokkrum tekjuhalla.

Leyfi jeg mjer að lokum að leggja það til, að fjárlagafrv. verði samþykt eins og það kemur frá hv. Nd., svo að það þurfi ekki að fara fyrir sameinað þing.

Guðmundur Ólafsson: Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir nú skýrt frá breytingum Nd. og gert það allvel; en það fanst mjer athugavert í ræðu hans, að mjer skildist á honum, að það væri eiginlega vegna okkar, þingmannanna utan af landi, að fjvn. vildi ekki, að frv. færi í sameinað þing. Það er nú að vísu svo, að okkur utanbæjarþingmennina er farið að langa heim, en jeg kann þó ekki við þá skýringu, að það sje okkar vegna, að fjárlagafrv. geti ekki farið í sameinað þing. Þetta þing gæti sannarlega verið löngu búið, ef ekki hefðu átt sæti á því aðrir en þm. utan af landi.

Þá talaði hv. frsm. (JóhJóh) um lánsheimildina til tóvinnufjelags Vestur-Ísfirðinga og kvað lánsheimildina betri en ábyrgð. Það er nú svo. Jeg hygg, að lán sje ekkert betra en ábyrgð fyrir ríkissjóðinn, nema ef ekkert fje er til fyrir hendi til að lána, eins og hann gaf í skyn. Hann talaði um, að þessa lánsheimild bæri að eins að skoða sem skrautfjöður fyrir þingmann kjördæmisins. Mjer finst þá líkt mega segja um lánsheimildina fyrir sýslumann Skagfirðinga. Annars vil jeg benda á, að mjer finst ekki rjett, að stjórnin láti sína vildarmenn og velunnara sitja í fyrirrúmi fyrir andstæðingum sínum, ef eitthvert fje verður til.

Jeg er nú alls ekki ánægður með útkomuna á fjárlögunum. Mjer þykir ½ milj. króna tekjuhalli of mikill. Jeg játa það þó, að tekjur eru varlega áætlaðar, svo vera má, að betur rætist úr en á horfist.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Er jeg talaði um, að hv. utanbæjarþingmenn vildu og þyrftu að fara að komast heim, þá átti jeg við það, að ráðgert er, að skip fari á laugardaginn, og það er ekki gott að láta skip bíða. Gullfoss verður þá búinn að bíða einn dag.

Það er rjett hjá hv. þm. A.-Húnv. (G-Ó), að við, sem heima eigum hjer í bænum, getum ekki gefið okkur eins óskifta við þingstörfunum sem þingmenn utan af landi. En jeg vona þó, að það hafi ekki orðið að verulegum baga. Jeg veit það, að fjárlögin hafa ekki tafið þingið. Það voru önnur stórmál, er fyrir lágu, sem gerðu það að verkum, að ekki var hægt að flýta þeim meira.

Jeg átti alls ekki við, að stjórnin ætti að láta sína flokksmenn sitja fyrir, er hún færi að framkvæma lánsheimildirnar, heldur að hún ætti að láta það, sem nauðsynlegra er, ganga fyrir. Jeg skil nú ekki í því, að það geti orkað tvímælis, að það sje nauðsynlegra og stjórninni skyldara að lána fje til þess að byggja embættisbústaði í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki heldur en að lána fje til tóvjela á Vestfjörðum. Jeg efast ekki um, að stjórnin stuðli frekar að því, enda alsiða að veita viðlagasjóðslán til þess að reisa embættisbústaði, svo að hjer er engin ný stefna á ferðinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 558).

2. Fjáraukalög 1924.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924 (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Með frv. þessu er leitað heimildar fyrir stjórnina um aukafjárveitingu, alt að 38 þús. kr., til ýmsra útgjalda, er stjórnin hefir talið óumflýjanlegt að inna af höndum umfram greiðslur þær, sem heimilaðar eru í fjárlögum 1924.

Eins og frv. ber með sjer, fór langstærsta upphæðin til viðgerðar skólahúsinu á Hvanneyri. Að fengnum upplýsingum sá stjórnin, að skólahúsið var orðið svo ljelegt, að óhjákvæmilegt væri að gera við það.

Jeg tel ástæðulaust að fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni. Vona jeg, að hv. deild lofi því að ganga til 2. umr. og til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjvn. með 24 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4, n. 94).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og nál. á þskj. 94 ber með sjer, þá leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eins og vant er, þá hefir orðið að greiða ýmsar upphæðir árið 1924 fram yfir þær, sem voru í fjárlögum það ár. Nemur það kr. 37973,07, og er það raunar minna en oft áður. Sumt af þessu er greitt samkvæmt venju, sumpart af brýnni þörf, og enn annað samkvæmt heimildum frá Alþingi.

Upphæðin í 2. gr. getur þó ekki heimfærst undir neitt af þessu. Eru þar veittar 300 kr. til læknisvitjana í Breiðdalshreppi árið 1923. Svo stendur á þessu, að nefndur styrkur var í fjárlögum fyrir 1923, en fjeð var ekki hafið fyrri en nú, en ekki þótti þar fyrir rjett að láta þennan hrepp missa af styrknum.

Þá vildi jeg minnast á tvo liði í 3. gr. frv. Það er launabót tveggja kennara við stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann. Hafa þeim áður verið veittar þessar upphæðir í fjáraukalögum, og því þótti ekki rjett að svifta þá styrknum nú, en þessi aðferð virðist nefndinni mjög varhugaverð og ætti að leggjast niður.

Stærsta upphæðin í þessari grein er samt ekki launabótin til þessara kennara, heldur kostnaðurinn við aðgerð á bændaskólanum á Hvanneyri, að upphæð kr. 23800,98. Hefir skólahúsið mörg undanfarin ár legið undir stórskemdum, og mátti varla dragast lengur, að það fengi rækilega aðgerð. Ýmsar aðrar upphæðir virðist á sama hátt hafa verið óumflýjanlegt að greiða, svo sem til kirkjugarðsins í Reykjavík, þó að sú upphæð sje raunar nokkuð há.

Þá eru eftir 4. og 5. gr. Þær upphæðir, sem þar eru nefndar, hafa verið greiddar samkvæmt heimild frá þinginu, þannig að með samþykt fjárlaganna fyrir 1925 fylgdi einnig, að þær mætti greiða á fjáraukalögum fyrir 1924.

Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þetta. Það er ólíklegt, að ágreiningur geti orðið um þetta frv., og vil jeg í nafni fjvn. óska þess, að það nái óbreytt fram að ganga.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg þakka hv. fjvn. fyrir það, hvernig hún hefir tekið frv. þessu. Þarf jeg litlu þar við að bæta, en vil aðeins grípa tækifærið til að lýsa yfir því, að mjer finst mjög óeðlilegt og óheppilegt að greiða ár frá ári launaviðbót kennaranna við vjelstjóraskólann og stýrimannaskólann, sbr. 2. og 3. lið 3. greinar frv., á fjáraukalögum. Hjer er um viðbót við lögmælt laun að ræða, og þótt jeg að þessu sinni sæi mjer ekki fært að neita að útborga hana, þá vil jeg skjóta því til háttv. fjvn., að hún taki þessar greiðslur upp í fjárlögin fyrir 1926, ef þær eru á annað borð rjettmætar að hennar dómi. Í frv. stjórnarinnar er þetta ekki tekið upp, vegna þess, að þegar það var samið, hafði engin málaleitun um þetta komið til stjórnarinnar, og jeg, satt að segja, hafði ekki veitt því eftirtekt, að venja væri að greiða þessar upphæðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 4, 111).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 111. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru veittar 3 þús. kr. til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra. Þegar þessi upphæð var veitt í fyrra, var gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þennan kostnað þyrfti einnig að greiða árið 1924. Hjá því varð ekki komist, þar sem þetta er lögákveðinn kostnaður. Ástæðan til þess, að þessi upphæð er ekki í fjárlögum fyrir árið 1924, er sú, að lögin, sem fyrirskipa þessa greiðslu, eru tiltölulega ný, frá árinu 1922, og voru því varla komin til framkvæmda þegar þau fjárlög voru afgreidd. Þessi brtt. fer fram á, að sama upphæð verði veitt í þessu skyni árið 1924, sem veitt er í fjárlögum þeim, sem nú gilda, enda hefir hún þegar verið greidd úr ríkissjóði. Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki þessa brtt., og sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hana.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Fjvn. hefir ekki getað athugað þessa brtt., þar sem hún er svo seint fram komin. Get jeg því ekki fyrir hönd nefndarinnar sagt, hvernig hún muni líta á þessa fjárveitingu, en það mun rjett vera hjá hæstv. atvrh. (MG), að í fyrra mun hafa verið búist við þessari greiðslu á síðastl. ári, þó að jeg minnist þess ekki, að á það hafi verið minst við umr. um fjárlögin. Mjer fyrir mitt leyti sýnist ekki nema sanngjarnt, og enda varla hjá því komist, að samþykkja þessa brtt., þó að fjvn. hafi um hana óbundin atkv., eins og jeg hefi áður sagt.

ATKVGR.

Brtt. 111 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 115).

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get látið mjer nægja að vísa til aths. við frv. eins og það er fram borið. Því var ekki breytt í hv. Nd. að öðru leyti en því, að sett var inn ein upphæð, sem nemur 3 þús. kr., sem greitt var fyrir eftirlit með öryggi báta og skipa, til þess að fullnægja gildandi lögum.

Að svo mæltu óska jeg, að hv. þd. leyfi málinu að ganga áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjvn. með 8 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., fimtudaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, n. 196).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og nál. ber með sjer, þá hefir fjvn. þessarar hv. deildar athugað frv. þetta, og leggur hún það til, að frv. verði samþykt óbreytt. Hv. deildarmenn hafa engar brtt. gert við frv., svo að jeg vona, að það þurfi engum deilum að valda.

Jeg mun ekki minnast neitt á einstaka útgjaldaliði frv., en aðeins geta þess, að þeir eru allir annaðhvort fyrirfram samþyktir af þinginu eða að öðrum kosti sjálfsagðir og þegar greiddir úr ríkissjóði.

Einar Árnason: Jeg vil leyfa mjer í sambandi við þetta frv. að beina fyrirspurn dálítilli til hæstv. stjórnar, þótt ekki snerti hún neinn sjerstakan lið frv.

Í fjáraukalögum fyrir árið 1923 voru veittar 30 þús. kr. til byggingar sjóvarnargarðs á Siglufirði. Jeg veit ekki, hvort alt þetta fje hefir komið til útborgunar, en það skilyrði fylgdi, að Siglufjarðarkaupstaður legði fram jafnmikla upphæð og ríkið, og tæki þar að auki að sjer alt viðhald garðsins. Sumarið 1923 var svo byrjað á garðinum og honum komið allmikið áleiðis, en fjárveitingin hrökk ekki til þess að hann yrði fullgerður, svo að enn er nokkur kafli ógerður. Þessi sjóvarnargarður er mjög nauðsynlegur, því að það hefir sýnt sig, að Eyrin og byggingar þær, sem á henni standa, eru í hættu af sjávargangi. Þannig kom það fyrir bæði í fyrravetur og eins nú í vetur, að brim og flóð gerði, svo að sjór gróf sig gegnum malarkambinn og fylti kjallara og jafnvel íbúðir í kaupstaðnum. Gröf sjórinn ósa í gegnum kambinn, því að Eyrin sjálf er mun lægri, og er hætt við meiri usla eftir því sem lengri tími líður og garðurinn er ekki lengdur. Í vetur gerði þarna einn hinn mesta sjávargang, sem komið hefir, og olli hann miklum skemdum, en garðurinn stóð óhaggaður, og bendir það til þess, að hann sje vel gerður og traustur. Aftur á móti sópaði brimið burtu ýmsum bryggjum, sem þó voru sumar búnar að standa þarna rótlausar mörg ár.

Nú vil jeg spyrja stjórnina, hvort hún telji ekki nauðsynlegt að framlengja garðinn til þess að vernda Eyrina, sem er ríkiseign, og hvort hún telji sig geta gert það án sjerstakrar heimildar fjárveitingarvaldsins. Jeg fyrir mitt leyti álít það sjálfsagt, að stjórnin taki til sinna ráða, þegar um það er að ræða að vernda eignir ríkissjóðs fyrir yfirvofandi skemdum.

Í þessu sambandi vil jeg minna á 5.

lið í þessu frv., sem er fjárveiting til aðgerðar húsum bændaskólans á Hvanneyri. Þó að sú aðgerð hafi kostað allmikið fje, þá tel jeg, að hæstv. stjórn hafi gert rjett í því að láta vinna hana án þess að leita fyrst heimildar hjá fjárveitingarvaldinu.

Nú óska jeg að fá svar við þessari spurningu, hvað hæstv. stjórn hefir í hyggju í þessu máli, og hvort hún telur nauðsyn að fá heimild þingsins eða sjer sjer fært að halda áfram verkinu án þess, með því að veita til þess fje í fjáraukalögum.

Forsætisráðherra (JM): Ráðuneytið hefir ákveðið að halda verkinu áfram, með samþykki fjvn. Og af því að vitamálastjóri telur nauðsynlegt, að garðurinn verði fullgerður hið bráðasta, þá mun bráðlega verða farið að undirbúa verkið. En auðvitað verður fjárveiting í þessu skyni tekin upp í fjáraukalög fyrir árið 1925.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., laugardaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 115).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 219).

---

3. Fjáraukalög 1923.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Upp í þetta frv. eru teknar allar þær upphæðir, er yfirskoðunarmenn landsreikningsins 1923 telja rjett, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir. Að öðru leyti skal vísað til landsreikningsins 1923, og getur því frekari umr. um frv. verið lokið frá minni hendi.

Aðeins vænti jeg þess, að frv. fái að gangá til 2. umr., og geri að till. minni að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3. n. 108).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 108,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 108,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 108,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 108,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 373).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, n. 430).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um þetta mál er svipað að segja og næstu mál á undan. Nefndin kynti sjer nál. fjhn. Nd. og till. hennar og breytingar á frv. og bar frv. saman við landsreikninginn. Komst hún að þeirri niðurstöðu að leggja til, að frv. verði samþykt og vonar, að hv. deild sje á sama máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 373).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 474).

---

4. Nauðasamningar.

Á 11. fundi í Ed., laugardaginn 21. febr., var útbýtt
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga (stjfrv., A. 60).

Á 13. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Eins og háttv. þingdeildarmenn munu hafa veitt eftirtekt, voru bráðabirgðalög sett um þetta efni vegna þess að sparisjóður Eyrarbakka þurfti þess með. Menn munu geta

skilið, að svona í byrjun framkvæmdar þessara laga gat vel farið svo, að sparisjóður Eyrarbakka, eins og þá var ástatt um hann, kæmist ekki inn undir þau lög, eða menn væru hræddir um það, að einhver vandkvæði mundu verða á því, að sparisjóður Eyrarbakka næði fullkomnum nauðasamningum, jafnvel þótt allir innstæðueigendur óskuðu þess. Jeg veit ekki, hvort þessi háttv. deild óskar þess, að þetta frv. fari til nefndar, en ef svo er, þá ætti það að vera hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 8:1 atkv.

Á 16. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 95).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg finn enga ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál, því að öllum háttv. deildarmönnum hlýtur að vera ljós nauðsyn sú, sem á því var að gefa út þessi bráðabirgðalög, sem hjer um ræðir. Og hitt hlýtur líka háttv. deildarmönnum að skiljast, að ekki beri síður nauðsyn til að flýta máli þessu nú, þar eð ekki er hægt að ganga frá nauðsynlegum samningum á milli sparisjóðs Árnessýslu og Landsbankans fyr en bráðabirgðalög þessi hafa verið samþykt formlega af þinginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 60).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 60).

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi óska, að þetta frv. gæti gengið fljótt í deildinni. Svo stendur á, að beðið er með að undirskrifa samninga milli Landsbankans og sparisjóðsins á Eyrarbakka, uns frv. er samþykt að fullu. Frv. þarf ekki að skýra. Það ber sjálft með sjer, hvað það er, sem farið er fram á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 106).

---

5. Innlend skiftimynt

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um innlenda skiftimynt (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Með þessu frv. er farið fram á það, að slegin sje innlend skiftimynt. Það er, að slegnir verði peningar, er gildi 2 kr., 1 kr. og svo niður eftir, eftir því sem þurfa þykir. Á þessi nýja skiftimynt að koma í stað þeirrar skiftimyntar, sem áður hefir verið löglegur gjaldeyrir manna á milli hjer á landi, þ. e. hinna dönsku silfurpeninga og smámyntar og í stað krónuseðlanna íslensku, en núgildandi lagaákvæði um innlenda 10-eyringa og 25-eyringa eru tekin upp í frv. Frv. þetta er í samræmi við sama háttar löggjöf annara Norðurlandaríkja, sem áður höfðu öll samskonar skiftimynt, en eftir að gengi Norðurlandapeninganna varð svo mismunandi, sem nú er orðið, hafa þau öll horfið að því ráði að gera skiftimynt hvert fyrir sig, þannig, að þeir peningar gilda aðeins í því landi, sem þeir eru slegnir í eða fyrir, en alls ekki í hinum Norðurlandaríkjunum. Að því er undirbúning þessa frv. snertir hefir stjórnin notið aðstoðar og upplýsinga frá peningasláttu danska ríkisins um alt það, er snertir stærð, gerð og útlit peninganna o. s. frv.

Samkvæmt viðauka við myntsamninginn milli Norðurlandaríkjanna, sem við einnig höfum gengið að, þarf hvert ríkið fyrir sig að gæta þess, að gera ekki sína sjerskiftimynt svo líka samskonar peningum neins hinna ríkjanna, að um þá verði vilst eða hætta á misgripum, og hefir gerð þessara peninga því verið borin undir stjórnir hinna ríkjanna, en svör frá Noregi og Svíþjóð ókomin enn. Upp í þetta frv. eru tekin ákvæði um að halda óbreyttri þeirri 25 og 10 aura skiftimynt, sem við höfum þegar fengið, og þarf engrar breytingar við að því er þá peninga snertir. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða þetta frv. frekara að þessu sinni, og geri jeg það að till. minni, að því verði að aflokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 46).

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg sje ekki ástæðu til að hafa langa framsögu í máli þessu. Það virðist vera ofureinfalt og óbrotið, enda geri jeg ráð fyrir, að frv. gangi í gegnum þessa hv. deild ágreiningslítið. Allshn. hefir athugað frv. nákvæmlega, og þær breytingar, sem hún leggur til, að gerðar verði á því, eru nær eingöngu orðabreytingar. Eina efnisbreytingin er sú, að í stað þess, að nú stendur í frv., að einnig sje heimilt að láta slá eineyringa, vill nefndin láta ákveða, að þeir skuli slegnir jafnsnemma og hinar mynttegundirnar. Annars get jeg látið nægja að vísa til greinargerðarinnar fyrir frv. Nefndin hefir þar litlu við að bæta. Vil jeg þó benda á það, að mönnum má vera það fagnaðarefni, að krónuseðlarnir hverfi út sögunni. Þeir vilja, eins og kunnugt er, oft verða mjög óhreinir, og stafar því af þeim smitunarhætta mun meiri en mynt þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir. Hæstv. stjórn hefir látið nefndinni í tje uppdrætti, sem hún hefir látið gera af þessari væntanlegu skiftimynt, og geta hv. þm. fengið að skoða þá hjá mjer. En jeg vil nú nota tækifærið til að skjóta því til hæstv. stjórnar, að á uppdráttunum af 1 og 2 króna peningunum er villa. Stendur þar „konung Íslands" í stað „konungur Íslands". Þarf vitanlega að kippa þessu í lag. Að síðustu vil jeg geta þess, að ráð er fyrir því gert, að smápeningarnir, 25-, 10-, 5-, 2- og 1-eyringarnir, verði af sömu stærð og þessar sömu mynttegundir hafa áður verið. Hygg jeg, að svo verði einnig um 1 og 2 króna peningana.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að þakka hv. allshn., hversu fljótt hún hefir afgreitt mál þetta, og get jeg fyrir mitt leyti vel fallist á aðalbrtt. nefndarinnar. Ástæðan til þess, að í frv. var ekki þegar fastákveðið, að slegnir skyldu eineyringar samtímis hinum mynttegundunum, er sú, að meðan gildi peninga er eins lágt og það nú er, þá eru 2 aurar jafnlítil verðeining og 1 eyrir var áður, og þótti því ekki jafnmikil ástæða til, frá sjónarmiði verslunar og viðskifta, að halda eineyringunum áfram. Þó get jeg fallist á, að fólk muni kunna betur við, að slegnar verði allar sömu tegundir mynta, sem áður voru hjer í umferð, og hefi jeg því ekkert á móti þessari brtt. hv. allshn. Hin brtt., sem eingöngu er orðabreyting, virðist mjer vera til bóta, og get því einnig fallist á hana.

Viðvíkjandi stafsetningarvillu þeirri, sem er á sumum uppdráttunum og háttv. frsm. (ÁJ) gat um, skal jeg geta þess, að uppdrættirnir voru samþyktir með þeim sjálfsagða fyrirvara, að villan yrði leiðrjett.

ATKVGR.

Brtt. 46,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 46,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 52).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 52).

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þar sem hæstv fjrh. (JÞ) er fjarstaddur í dag sökum lasleika, getur hann ekki haft orð fyrir frv. þessu, enda býst jeg ekki við, að það gefi mikið tilefni til umræðna. Eins og kunnugt er, er myntsambandi Norðurlanda slitið, og verður því hvert ríki að ákveða sjálft sína skiftimynt, og þá auðvitað hið íslenska ríki einnig, og þetta frv. hefir að geyma ákvæði, er þetta mál snerta. Þess skal getið, að leitað hefir verið upplýsinga hjá konunglegu myntsláttunni í Kaupmannahöfn, og hafa tillögur hennar verið teknar til greina í frv. Jeg býst við, að þetta mál hafi greiðan gang í hv. deild, og fer því ekki um það fleiri orðum. Þó má geta þess, að dálitlar breytingar hafa verið gerðar á frv., sbr. þskj. 46, og með þeim breytingum er frv. flutt hjer. Málinu var vísað til allshn. í Nd., og vænti jeg, að svo verði og hjer gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 131).

Frsm. (Jónas Jónsson): Allshn. hefir fengið frv. þetta til meðferðar og mælir með því, að frv. verði samþykt með litlum breytingum. Málinu er svo háttað, að í mörg ár hefir verið bagalegur skortur á skiftimynt, því að eftir að íslenska krónan tók að falla hefir silfur sópast úr landinu, þangað sem gengið var hærra. Endirinn varð sá, að grípa varð til að gera 1-krónuseðla, og hefir svo gengið nokkur ár, En þessir seðlar eru óhentugir, enda var aldrei til þess ætlast, að þessi ráðstöfun yrði nema til bráðabirgða. Að vísu var fyrir nokkrum missirum slegin íslensk skiftimynt, 10- og 25-eyringar, en það er fyrst nú, að ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma á málmskiftimynt í stað seðlanna. Hefir verið unnið að framkvæmd þess máls af myntsláttunni í Kaupmannahöfn, og liggja fyrir teikningar af nýjum peningum. Eins og frv. ber með sjer, er þetta ekki silfurmynt; stendur það í sambandi við gengismálið hjer og annarsstaðar, að málminn verður að blanda. Hinsvegar verða þessir peningar alveg eins handhægir og endingargóðir og silfurmyntin, en aðalávinningurinn er sá, að losna við smáseðlana og fá í staðinn einnar og tveggja króna peninga. Á frv. hefir allshn. eftir tilmælum hæstv. stjórnar gert þá breytingu, að stjórninni sje heimilt að gera smábreytingar á gerð og efni skiftimyntarinnar frá því, sem þingið samþykkir, ef það telst óhjákvæmilegt vegna sambands okkar um peningasláttu við nágrannalöndin. Þar sem mynt þessi er ekki úr silfri, þá má vel fara svo, að önnur lönd leggi áherslu á, að peningarnir verði ekki líkir þeirra peningum, svo að ekki verði hætta á, að þeir verði teknir sem silfur í ógáti. Það verður að teljast rjett að taka tillit til þessa, og þó ekki sje formlega rjett að veita neinni stjórn

almennar heimildir af þessu tægi, þá telur allshn. það rjett og hættulaust eins og sakir standa, og leggur til, að frv. með áorðinni breytingu nái fram að ganga.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal taka það fram, að stjórnin hafði vænst þess, að nauðsynlegt samþykki Noregs og Svíþjóðar yrði komið áður en málið þyrfti að fá afgreiðslu hjer. En nú hefir dráttur orðið á þessu, og því hefir stjórnin farið fram á þessa breytingu á frv., sem hv. allshn. hefir góðfúslega tekið til greina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 131 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

4.—9 gr. (verða 5.—10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 152).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 152).

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frv. þetta hefir tekið þeirri einu breytingu í hv. Ed., að inn var sett eftir tilmælum mínum ný grein um það, að ákvæðunum um gerð peninganna megi breyta með konungsúrskurði, ef önnur Norðurlandaríki krefjast þess, til þess að þeir sjeu ekki of líkir skiftimynt þeirra. En svo er tilskilið í myntsamningi Norðurlanda að því er snertir nýja skiftimynt, að þá skuli hvert ríki bera gerð sína undir hin ríkin, svo að myntirnar verði ekki of líkar. Þegar jeg fyrst bar fram frv., vonaðist jeg eftir, að svörin yrðu komin frá Noregi og Svíþjóð áður en umr. yrði lokið. En nú hefir sú von ekki ræst, svo að þessi varnagli hefir verið sleginn, til þess að lögin geti þegar komið til framkvæmda, jafnvel þó að síðar kunni svo að fara, að óhjákvæmilegt verði að breyta að einhverju leyti því, sem stungið hefir verið upp á um gerð peninganna.

Að svo mæltu vil jeg vænta þess, að hv. þd. vilji samþykkja frv.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg vil aðeins þakka hæstv. fjrh. (JÞ), að hann hefir nú gefið hv. þd. skýring á því, hvers vegna frv. var breytt í hv. Ed., og hinsvegar vil jeg geta þess, að þær breytingar hafa nú verið ræddar í allshn., og leggur hún til, að frv. verði samþykt með þeim breytingum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 172).

6. Póstlagabreyting.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921 (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. um breyting á póstlögunum er borið fram að tilhlutun aðalpóstmeistara, og vænti jeg, að það muni ekki valda neinum ágreiningi.

Það er ætlast til, að lögin — ef frv. verður samþ. — öðlist gildi 1. apríl þ. á., og vildi jeg því mega mælast til þess, að háttv. nefnd, sem fær málið til athugunar, vildi gera svo vel og flýta því, enda er það ekki umfangsmikið.

Að öðru leyti er naumast þörf á að fjölyrða um málið, og læt jeg nægja að vísa til athugasemdanna við frv., enda er tæpast hægt að ræða það nema ganga inn á einstök atriði, en það tel jeg ekki rjett við 1. umr.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði, þegar umr. er lokið, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 81).

Frsm. (Eggert Pálsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er stjórnarfrumvarp, er jeg býst við, að samið sje af aðalpóstmeistara. Það fer fram á að breyta nokkrum ákvæðum í gildandi póstlögum. Aðalbreytingin virðist vera fólgin í því að innleiða póstinnheimtur. Í lögum frá 1921 er ákveðið, að pósthúsum sje skylt að veita móttöku: Ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum, bögglum, póstávísunum, póstkröfum og krossbandssendingum. Póstinnheimtur eru ekki nefndar hjer, en nú er farið fram á að bæta þeim við, og það skilst mjer vera þungamiðja frumvarpsins.

Allsherjarnefnd fanst óviðkunnanlegt að hnoða öllum þessum ýmsu breytingum á mörgum greinum póstlaganna inn í eina og sömu greinina og vakti máls á því við aðalpóstmeistara. En hann taldi það ekkert saka, þar eð breytingar þessar yrðu færðar inn í póstlögin á sínum tíma.

Að því er snertir aðalefni frv., var nefndin því fullkomlega samþykk. Hinsvegar fanst henni þó ástæða til að gera nokkrar smábreytingar á frv. Aðalbreytingin, sem nefndin leggur til að gera, er sú, að ávísanagjald fyrir upphæð, sem er undir 12 kr., verði lækkað. Eftir núgildandi lögum er ekki hægt að komast af með minna gjald en kr. 0,30 fyrir hvað litla upphæð sem er, og stingur því nefndin upp á, að gjald fyrir upphæð, sem er fyrir neðan 12 kr., verði lækkað úr 0,30 niður í 0,15. En gjald fyrir upphæðir, sem eru fyrir ofan 12 kr., ætlast hún til, að standi óbreytt eins og það er í gildandi lögum.

Þá er önnur breytingin, sem nefndin vill láta gera, sú, að á eftir orðunum: „Þar af leiðandi hvorki símakostnað, sendiferðakostnað nje málskostnað“ komi: og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyr en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að póststjórnin fjekk tilkynningu um vanskilin. Orðin: „Þar af leiðandi ..... málskostnað“ hefir póstmeistari sett inn í

frumvarp sitt til þess að forðast, að menn gerðu óþarfan aukakostnað með símtölum, símskeytum, sendiferðum o. fl., eins og oft hefir viljað eiga sjer stað. En nefndinni fanst, að þessum tilgangi mætti ná með þeirri breytingu, sem hún leggur í þessu efni til að gera á frv., þeirri breytingu sem sje, að skylda til endurgreiðslu komi ekki til greina fyr en 6 mánuðum eftir, að póststjórnin fjekk tilkynningu um vanskilin.

Þá er þriðja brtt. nefndarinnar. Hún er við síðustu málsgrein 1. gr. frv. Þar er talað um, að ráðherra hafi heimild til að ákveða, að burðargjald, sem 11. gr. núgildandi póstlaga ræðir um, megi innheimta með öðrum upphæðum en þar eru settar, ef gengi íslenskrar krónu gefi tilefni til þess. Þetta orðalag fanst nefndinni gefa of mikið undir fótinn; fyrir því gerir hún þá breytingu, að í stað orðanna: „gefa tilefni til þess“ komi: gera það óumflýjanlegt.

Frekara hefi jeg ekki að segja um þetta mál, en óska, að það gangi fram með þeim breytingum, sem nefndin hefir gert á því.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er rjett, að frv. þetta er komið frá aðalpóstmeistara og flutt samkvæmt óskum hans. Jeg vakti strax máls á því við hann, að mjer fyndist mjög óaðgengilegt að hafa alla þessa runu í einni grein. En hann taldi það ekkert mundu saka. Og til þess að spara prentunarkostnaðinn, kom okkur saman um að hafa þetta svona, því að breytingar þessar verða settar inn í viðkomandi staði í póstlögunum og inn í leiðbeiningar póstmanna.

Um brtt. nefndarinnar hefi jeg ekki ástæðu til að vera margorður. En þó finst mjer ósamræmi vera milli gjalds fyrir póstávísanir og gjalds undir peningabrjef og ábyrgðarbrjef, þar sem minsta gjald undir peningabrjef er 70 aurar, en undir ábyrgðarbrjef 50 aurar. Þetta er vitanlega ekki stórvægilegt atriði, en jeg tel það benda í þá átt, að fyr eða síðar verði brjefhirðingum falið að annast póstávísanir, sem jeg tel nauðsynlegt.

Aðra brtt. nefndarinnar tel jeg rjettmæta, því að með henni er rjetturinn til skaðabóta gerður tryggari. En 6 mánaða greiðslufrestur á skaðabótunum er vitanlega settur fyrir póststjórnina, til þess að hún geti leitað sjer upplýsinga, ef þess er þörf. En auðvitað er henni skylt að greiða skaðabæturnar strax, þegar málið er fyllilega upplýst, eftir hvað stuttan tíma sem það er.

Um þriðju brtt. nefndarinnar vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að óumflýjanlegt geti aldrei orðið að breyta burðargjaldstöxtunum, nema þegar þeir koma í bága við alþjóðapóstsamninga.

ATKVGR.

Brtt. 81,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 81,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 81,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 104).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 104).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 145).

Frsm. (Jón Kjartansson): Það eru aðeins örfá orð, er jeg vildi láta fylgja til árjettingar nál. Frv. þetta er komið frá hv. Ed., eins og kunnugt er, og þangað komið frá póststjórninni. Aðalbreytingarnar, sem hv. Ed. gerði á frv., eru í því fólgnar að lækka gjald af minstu póstávísunum úr 30 aurum niður í 15 aura. Er þetta aðallega gert vegna blaðanna, sem alment mun vera orðið, að borguð sjeu með póstávísun. Raunar virðist þetta dálítið óeðlilegt að hafa þetta gjald svona lítið, þegar miðað er við það, að undir almenn brjefspjöld eru einnig greiddir 15 aurar. En sem sagt, almenningi kemur þetta vel, einkum hvað borgun blaða og tímarita snertir.

Frekar þarf jeg ekki um mál þetta að ræða, en leyfi mjer að leggja til, að hv. deild samþykki frv. eins og það er á þskj. 104.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 104).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

---

7. Lán úr bjargráðasjóði.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði (stjfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og kunnugt er var bjargráðasjóðurinn stofnaður með lögum nr. 45, 10. nóv. 1913, og er svo ákveðið í 4. gr. þeirra laga, að sjóðurinn skuli ávaxtast í Landsbankanum, og í 12. gr. er ákveðið, að ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar til útbýtingar, og getur jafnvel fengið vaxtalaust lán úr hinum sameiginlega sjóði, ef mikið kveður að hallæri.

Þessi ákvæði um geymslu fjárins og útbýtingu þess voru eflaust rjett hugsuð á þeim tíma, sem lögin voru sett, vegna

þess, að þá var vitaskuld ekkert fje í sjóðnum og um lítið fje að ræða á næstunni. Aðalathyglinni hefir því verið beint að fjársöfnuninni, og það með rjettu. Ákvæði 12. gr. vísa aðeins veginn í framtíðinni eftir að sjóðnum væri vaxinn nokkur fiskur um hrygg.

Nú er sjóðurinn orðinn yfir 600 þús. kr. og eykst nú töluvert hröðum fetum. Það virðist því nú vera kominn tími til þess að athuga það, hvort rjett sje að halda sjer við þessi ákvæði um geymslu fjár sjóðsins. Og á síðustu árum hafa komið fram raddir um það hjer á þingi, að breyting ætti að verða á þessu. Um þessar raddir get jeg vísað til athugasemdanna við þetta frv. Því hefir með rjettu verið hreyft, að þeim hlutum landsins, sem lokast geta af hafís, væri lítlu borgnara, þótt þeir ættu fje á vöxtum í Landsbankanum, því að alt að einu er aðflutningsteppa á vörum, nauðsynjavörum til þess að forða frá hungri og felli. Peningarnir verða ekki jetnir, heldur það, sem fyrir þá fæst, en þegar ekki er hægt að flytja það að sjer, stoða peningarnir ekki hót.

Það má telja álitamál, hvort ekki hefir sumstaðar á landinu á síðastliðnum árum verið svo hart í búi, að forsvaranlegt hefði verið að úthluta einhverju af fje sjóðsins, samkvæmt upprunalegum tilgangi hans. En þetta hefir ekki verið gert, og tel jeg það vel farið, því að jeg tel miklu rjettara að lána fje sjóðsins gegn hæfilegum vöxtum en að ganga á höfuðstólinn og þurfa svo að byrja á nýjan leik.

Samkvæmt þessu fer frv. það, sem hjer liggur fyrir, í þá átt að veita heimild til lána úr sjóðnum gegn 5% vöxtum. Lán þessi á fyrst og fremst að veita hreppum, sem hafa ratað í vandræði vegna undangenginnar óáranar. Háttv. deild mun ekki ganga þess dulin, eftir skýrslum, sem komið hafa fram á undanförnum þingum, að til eru hreppar hjer á landi, sem eru svo illa stæðir, að nauðsyn er á að hlaupa undir bagga með heim. Og hagkvæmt lán mundi vera þeim nægur styrkur.

Í öðru lagi á að veita lán þessi fóðurbirgðafjelögum, og í þessu ætti einmitt þungamiðja starfsemi sjóðsins að vera fólgin, því að þótt vitaskuld sje gott og blessað að geta hjálpað, þegar í neyð er komið, þá er hitt þó miklu meira um vert, að fyrirbyggja, að neyðin berji að dyrum. Lán í þessu skyni eru því beinlínis í þeim anda, sem sjóðurinn á fyrst og fremst að starfa.

Í þriðja lagi er stungið upp á í frv., að veita megi lán til stofnunar bústofnslánadeilda, í þeim tilgangi að hjálpa bændum til þess að auka bústofn sinn, sem sumstaðar á landinu er mjög lítill. Jeg hefi lýst fyrirkomulagi þessara lánadeilda nokkuð nákvæmlega í aths. frv. og skal ekki endurtaka það hjer. En það er sannfæring mín, að ef vel er á haldið, geti sjóðurinn, með góðri stjórn þessara deilda, orðið landbúnaðinum til töluverðs gagns, sjerstaklega þegar sjóðurinn vex meir og fer að skifta miljónum.

Það er að sönnu svo um þetta mál, að það snertir ekki eingöngu landbúnaðinn, en það snertir þó svo lítið kaupstaðina, að jeg tel rjettast, að því verði vísað til landbn., og legg til, að svo verði gert, þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 67).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Í greinargerð frv. þessa, og sömuleiðis við 1. umr. þess, var gerð ítarleg grein fyrir ástæðum þeim, sem lægju til grundvallar fyrir því. Má því að miklu leyti nægja að vísa til þess. Í raun og veru er frv þetta ekki annað en ákvæði um það, hvenær bjargráðasjóðurinn skuli taka til starfa og hvernig hann skuli starfa. Nefndin hefir athugað frv. þetta í sambandi við bjargráðasjóðslögin og hvergi getað fundið, að það komi í bága við þau. Telur hún frv. vera mjög í samræmi við tilgang laganna, sem sje ýmist að bæta úr vandræðum eða afstýra vandræðum.

Að vísu er sjóður þessi ekki orðinn mjög stór ennþá. En fyrir þá skuld er þó ekki ástæða til að láta fje hans ónotað. Í árslok 1923 var hann nálægt 640 þús. kr. Árlegt tillag til hans er um 48 þús. kr. og vextir árlega rúml. 20 þús. kr. Eykst hann því á ári um 70 þús. kr. og verður orðinn eftir 4 ár nálægt 1 miljón.

Það hafa komið fram ýmsar till. um sjóð þennan, eins og t. d. að sameina hann ellistyrktarsjóðnum. En það er ekki í samræmi við tilgang sjóðsins, og getur því ekki samrýmst, að minsta kosti ekki nema lögunum sje breytt. Sömuleiðis hefir komið til mála að leggja bjargráðasjóðinn inn í ræktunarsjóðinn, en um það gildir hið sama og hinn sjóðinn, að þá þyrfti að breyta lögum hans. Enda er ræktunarsjóðurinn ekki fjárþurfi, eða að minsta kosti er það á valdi þingsins, að svo sje ekki.

Um einstakar greinar frv. hefi jeg lítið að segja. 1. gr. þess kveður á um það, í hvaða tilgangi sje heimilt að veita lán úr sjóðnum, og er það fyrst og fremst til hreppa eða bæjarfjelaga, sem eru nauðulega stödd vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar miklu, eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum. Í öðru lagi er heimilt að veita fóðurbirgðafjelögum eða kornforðabúrum lán. Þetta hvorttveggja er í fullu samræmi við þann tilgang bjargráðasjóðsins að koma í veg fyrir þröng eða hallæri. Í þriðja lagi er heimilt að veita hreppsfjelögum lán til þess að koma á hjá sjer bústofnslánadeildum, í því skyni að veita fátækum bændum lán með góðum kjörum, til þess að auka bústofn sinn. Hefir þetta verið töluvert tíðkað á Austurlandi og hefir þótt mjög vel reynast, og hefir því farið í vöxt á síðari árum. Er því þörf á ódýru lánsfje í þessum tilgangi, enda mjög vel samrýmanlegt við tilgang sjóðsins.

Þau takmörk, sem sett eru um lán til hinna einstöku hjeraða í bjargráðasjóðslögunum, eru tekin til greina í 6. gr. frv. þessa, þar sem rjettur hjeraðanna til lána úr sjóðnum er miðaður við sömu takmarkanir, sem um það eru settar í bjargráðasjóðslögunum.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta, en vænti, að það gangi greiðlega fram.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. landbn. fyrir hina ágætu meðferð hennar á frv. þessu, og vil jeg vona, að lög um þetta efni geti með tímanum komið að miklu gagni hjer á landi, því að skamt verður þess að bíða, að sjóðurinn vaxi um 100 þús. kr. á ári, og verður þá af töluverðu fje að taka.

Tryggvi Þórhallsson: Það er fjarri því, að jeg sje andvígur frv. þessu. Jeg álít

það ganga í rjetta átt og að tilgangurinn sje góður og nauðsynlegur. Einni aths. vildi jeg þó beina til hæstv. atvrh. (MG) og landbn. Samkv. frv. er ætlast til, að atvinnumálaráðherra veiti lánin, og við það er ekkert að athuga í sjálfu sjer. En nú er svo komið, að Búnaðarfjelag Íslands er orðin önnur hönd atvinnumálaráðuneytisins, og samvinna hefir verið góð þar á milli. Má og vænta þess, að svo verði fyrst um sinn, einkum þar sem nýafstaðið búnaðarþing kaus skrifstofustjóra atvinnumálaráðuneytisins í stjórn Búnaðarfjelagsins. Jeg vona, að lán eftir þessu frv. gangi ekki nema að litlu eða engu leyti til *a.*-liðsins, en því meira verði veitt til hinna liðanna, forðabúra og bústofnslána. Á þeim sviðum er ekki einungis hentugt, heldur næstum óhjákvæmilegt að njóta aðstoðar Búnaðarfjelagsins. Jeg vildi því beina því til hv. landbn., hvort ekki mætti breyta ákvæðunum um lánveitinguna í þá átt, að atvrh. sje heimilt að veita lánin eftir till. Búnaðarfjelagsins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg veit ekki, hvort hv. þm. Str. (TrÞ) hefir athugað, hvernig stjórn bjargráðasjóðs er skipuð. Í henni eru skrifstofustjóri atvinnumálaráðuneytisins, 2 menn, sem Búnaðarfjelag Íslands kýs, og 2 menn, sem Fiskifjelagið kýs. Búnaðarfjelag Íslands hefir því að lögum íhlutunarrjett um þessi mál, og aths. hv. þm. Str. (TrÞ) ekki á rökum bygð.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal játa það, að jeg mundi ekki eftir því í svip, hvernig stjórn bjargráðasjóðsins er skipuð, og mun því ekki fylgja þessu fast eftir. En rjett er það þó engu að síður, að b.-liðurinn í frv. hefir algerlega verið á vegum Búnaðarfjelagsins, og hlýtur að verða það. Þótt skrifstofustjóri atvinnumálaráðuneytisins sje nú í stjórn Búnaðarfjelagsins, er ekki víst, að svo verði framvegis. Jeg get heldur ekki sjeð, að sjálfsagt sje, að Fiskifjelagið eigi þarna að jafnan hlut sem Búnaðarfjelag Íslands, því að langmestu leyti á að lána til þeirrar starfsemi, sem Búnaðarfjelagið á helst að annast.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg get ekki sagt um þetta atriði fyrir hönd nefndarinnar, en mjer finst þó, að Búnaðarfjelagið þurfi ekki að hafa hjer þá hönd í bagga, sem háttv. þm. Str. (TrÞ) ætlast til. Forðabúrin starfa eftir sjerstökum reglum, sem þeim hafa verið settar, og eins og hæstv. atvrh. (MG) hefir sagt, þá á stjórn bjargráðasjóðs tillögurjett um lánveitingar, og hún er þannig skipuð, að ekki er hægt að segja, að Búnaðarfjelagið sje einskis ráðandi um lánveitingar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get ekki fallist á, að rjett sje að útiloka Fiskifjelagsforstjóra frá stjórn bjargráðasjóðs. Samkv. ákvæðum frv. getur líka komið til mála, að lánin gangi til sjávarsíðunnar. Það er því ekki nema fullkomið rjettlæti, að hvort fjelagið um sig hafi sinn fulltrúa í stjórninni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 10).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 10).

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frumvarp þetta hefir gengið í gegnum Nd. án þess að hreyft hafi verið mótmælum gegn því eða brtt. hafi verið bornar fram. Býst jeg við, að frv. fái líkan framgang hjer í hv. deild, svo að jeg get verið fáorður. Sjóðurinn er stofnaður 1913 og er nú um 600000 kr. og eykst árlega um því sem næst 70000 kr., svo að þess verður ekki langt að bíða, að hann gefi af sjer um 100000 kr. á ári. Hingað til hefir þetta fje verið ávaxtað í Landsbankanum, samkvæmt lögum fyrir sjóðinn, og það fyrirkomulag var mjög eðlilegt í byrjun, meðan sjóðurinn var ennþá lítill, en þegar honum hefir vaxið slíkur fiskur um hrygg sem nú er orðið, er athugandi, hvort ekki væri rjett að láta sjóðinn byrja að starfa samkv. upphaflegum tilgangi sínum. Nú er það líka svo, að sjóðurinn kemur að litlu haldi, ef innflutningsteppa kæmi af völdum íss eða af öðrum ástæðum. Menn stoðar það lítið, þótt þeir eigi fult hús af peningum, ef þeim er ekki auðið að fá neitt fyrir þá. Og út frá þessari hugmynd ber að skoða þetta frumvarp. Það er hvergi farið út fyrir hinn upphaflega tilgang sjóðsins, nema ef það væri það, að gert er ráð fyrir, að hreppsfjelög eigi kost á að fá lán úr honum til að koma upp hjá sjer bústofnslánadeildum. En Nd. hefir samt sem áður ekki talið neitt því til fyrirstöðu, að þetta væri samrýmanlegt við það, sem ætlast var til með sjóðnum í fyrstu. Er enda ekki gert ráð fyrir því, að til þessara lána komi, nema engin eftirspurn verði eftir lánum samkv. öðrum liðum frv.

Þetta frv. fór í Nd. til landbn., og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 157).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Það er í rauninni lítið um frv. þetta að segja. Frv. sjálft og greinargerð þess er svo glöggt og ítarlegt, að þar er litlu við að bæta. Upphaflega var ætlast til þess um bjargráðasjóðinn, að hann yrði notaður til þess að afstýra hallæri og vandræðum. En þótt fje sjóðsins lægi í bönkum hjer syðra og væri fyrir hendi, þá er það sýnt, að óhægt mundi oft um að ná því, ef hafís lyki um Norðurland og samgöngur teptust. Mjer finst því líklegt, að nota mætti sjóðinn eitthvað svipað landhelgissjóðnum, sem nú kaupir skip.

Í 1. gr. frv. er farið fram á það, að menn geti fengið lán úr sjóðnum. Koma þá einkum til greina þrjú atriði. Í fyrsta lagi, að þau sveitarfjelög geti fengið lán, sem beðið hafa einhvern stórfeldan hnekki af óvæntum ástæðum.

Í öðru lagi, að veita megi lán til að stofna fóðurbirgðafjelög og tryggja sig

gegn fóðurskorti með kornforðabúrum. Gæti það bæði orðið mönnum og skepnum til bjargar.

Í þriðja lagi, að veita megi lán til þess að stofna bústofnslánadeild. Það er nýmæli, og var einn nefndarmaðurinn ragur við það ákvæði. Að vísu kann að vera hætta á því, að vanskil kunni að hljótast af slíkum lánum, en þess er þó að gæta, að sýslufjelög og bæjarfjelög ábyrgjast þessi lán. Og ekki getur það sýnst ótryggara en ef fjenu er varið til hallærislána, þegar hallærið er dunið yfir.

Frv. hefir flotið ómótmælt gegnum neðri deild, og vænti jeg þess, að slík verði einnig afdrif þess hjer. Læt jeg þetta nægja að sinni og mælist til þess, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 187).

---

8. Landhelgissjóður.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að landhelgissjóður Íslands skuli taka til starfa (stjfrv., A. 141).

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Það er ekki löng greinargerð fyrir þessu litla frv., og í rauninni ætti ekki að þurfa að bæta við hana neinu sem heitir. Jeg vonast eftir, að hv. þingdeildarmenn geti fallist á það, að stjórninni verði gefin heimild sú, sem frv. fer fram á.

Landhelgissjóður, sem stofnaður var með lögum 1913, er nú orðinn svo stór, að nægilegt fje er fyrir hendi til þess að kaupa eða láta smíða lítið strandvarnaskip. Jeg held mjer sje óhætt að segja, að sjóðurinn sje nú, eða eigi að vera í honum, rúmlega 1 miljón króna. Hjer er farið fram á, að verja megi úr sjóðnum alt að 700 þús. kr. í því skyni að kaupa eða láta smíða strandvarnaskip, og vona jeg, að hægt verði að fá gott skip og okkur hentugt fyrir minna verð. Það hefir verið grenslast eftir, hvort hægt myndi að fá hentugt skip keypt, eða hvort betra væri að láta smíða það, og hefir ráðuneytið horfið að því ráði, að best mundi vera að byggja skip á stærð við meðaltogara, og er það í samræmi við till. sjávarútvegsnefnda.

Á þingi 1919 voru samþykt lög, sem heimiluðu stjórninni að kaupa eða láta byggja skip til strandvarna, og má líta svo á, að stjórnin hafi fulla heimild til þess, sem hjer er farið fram á. En þessi

heimildarlög minnast hvergi á landhelgissjóðinn, eða að verja eigi honum til þessa, og gleymdist að taka það fram í fyrra, þegar lögunum um sjóðinn var breytt. En þar sem sjóðurinn er orðinn svona stór, þykir sjálfsagt að verja nokkrum hluta hans í þessu augnamiði, og þess vegna er frv. borið fram.

Um nauðsyn þessa máls eru ekki skiftar skoðanir. Við höfum sjeð og sannfærst um, að þörf er á fullkomnari strandvörnum. Í fyrra getum við sagt, að strandvarnirnar hafi verið allgóðar, og þó var skip það, er við hjeldum úti, alls ekki fullnægjandi. En með því að bæta öðru við ættu strandvarnirnar að verða viðunandi, því sjálfsagt er að slaka ekki í neinu á kröfunum til Dana, enda heppilegt að hafa samvinnu við þá í þessu efni; það sýndi sig í sumar, er leið.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frv., en vona hinsvegar, að enginn rísi á móti því, að stjórnin fái þessa heimild, sem farið er fram á.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend ekki upp til þess að rísa á móti frv. þessu. Síður en svo; því jeg get miklu frekar lýst ánægju minni yfir, að það skuli hafa komið fram. Það, sem sjerstaklega gleður mig, er, að hæstv. landsstjórn skuli telja fært að leggja fram 700 þús. kr. nú til byggingar strandvarnaskips, auk þess, sem mjer er kunnugt um úr fjvn., að allmikið fje þarf að leggja fram að auki til rekstrarkostnaðar skipsins. Þetta gleður mig stórlega, því að hjer er um mjög þýðingarmikið mál að ræða fyrir sjávarútveginn.

Það, sem sjerstaklega kom mjer til að standa upp, var, að þegar svona stórt spor er stigið til að styðja sjávarútveginn, þá megi treysta því, að gott samkomulag verði einnig um að koma líku fram fyrir landbúnaðinn, því eins og kunnugt er, liggja fyrir kröfur um stofnun allmyndarlegrar lánsstofnunar fyrir hann, og sömuleiðis koma fram mjög bráðlega kröfur um betra skipulag á kjötsölunni. Jeg vildi því mega vona, að hinn sami velvilji, sem ríkir með frv. þessu, verði og gagnvart þessum kröfum bænda. Og úr því ríkinu er nú talið fært að leggja fram svo mikið fje vegna sjávarútvegsins, þá verði heldur ekki nein fyrirstaða á, að ríkið leggi fram ríflega fje til ræktunarsjóðs, íshúsanna og kæliskips.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi mega láta þau orð fylgja frv. þessu fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, að stjórnin leggur það fyrir þingið í fullu trausti þess, að það vilji leggja fram það fje, sem þarf til greiðslu kostnaðar við rekstur skipsins, þegar til kemur. Og ef þær tekjur, sem ríkissjóður hefir nú, nægja ekki til þess, þá sjái Alþingi honum fyrir nýjum tekjuauka til að standast þann kostnað. Jeg hefi viljað láta þessa getið strax, til þess að ekki væri hægt að segja eftir á, að ekkert hefði verið um þetta atriði hugsað. Vitanlega eru engar skýrar áætlanir til um það, hversu rekstrarkostnaðurinn muni verða mikill, en gert hefir verið ráð fyrir, að hann muni verða um ¼ milj. kr. árlega.

Út af ummælum háttv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg taka það fram, að með frv. þessu er ekki lagt fram neitt fje, heldur aðeins farið fram á að fá heimild til að ráðstafa því fje, sem áður er útvegað. Er því hjer einungis um ráðstöfun á útveguðu fje að ræða, en ekki fjárframlag af hendi ríkissjóðs, nema að því leyti, sem meira þarf til rekstrar skipsins en landhelgissjóður getur borgað.

Bjarni Jónsson: Jeg get lýst ánægju minni yfir frv. þessu, þótt jeg hinsvegar líti svo á, að stjórnin hafi haft heimild þá, er hún fer hjer fram á að fá. Má því telja kurteisi af henni að sækja um hana nú. Jeg þarf varla að taka það fram, að jeg tel sjálfsagt, að lagt verði fram fje af ríkissjóði til rekstrarkostnaðar strandvarnaskipi því, er hjer ræðir um, að svo miklu leyti sem landhelgissjóðurinn hrekkur ekki til þess. En að sjálfsögðu þarf þá að leggja fram fje til samsvarandi ríkislögreglu á landi, til verndar borgurunum fyrir útlendingum og ofstopamönnum.

Að síðustu vil jeg taka undir með hv. þm. Str. (TrÞ), að reynt verði að leggja fram fje sem mögulegt er til eflingar þeirrar stjettar, sem lengst hefir verið kjarni þjóðfjelagsins, svo hún geti blómgast og dafnað í næði.

Forsætisráðherra (JM): Eins og búast mátti við, hafa engin mótmæli komið fram gegn frv. þessu. En út af ummælum háttv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg taka það fram, að um ný framlög frá ríkissjóði til byggingar þessa skips er ekkert að tala hjer, heldur aðeins um greiðslu á skuldum frá ríkissjóði til landhelgissjóðs. Um framlög frá ríkissjóði er því hjer ekkert að tala, nema til rekstrar skipsins að nokkrum eða miklum hluta.

Út af ummælum háttv. þm. Dala. (BJ) skal það tekið fram, að slíka heimild, sem hjer er farið fram á að fá, varð stjórnin að hafa til þess að mega nota landhelgissjóðinn, því að þó heimild sje til fyrir stjórnina að láta byggja skip til strandvarna, þá hefir hún ekki heimild til að nota fje úr landhelgissjóði til þ

Leyfi jeg mjer svo að leggja til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Jón Baldvinsson: Jeg býst við að greiða atkvæði með frv. þessu, en af því svo er, vil jeg ekki láta ómótmælt þeirri samlíking háttv. þm. Dala. (BJ), að bera saman nauðsyn þá, sem á því er að verja landhelgina, og að fá ríkislögreglu á landi. Þetta er svo mikil fjarstæða, að hvorki hann eða aðrir háttv. þm., sem tekið hafa sjer það fyrir hendur að verja ríkislögregluna, hafa ennþá komið með neitt, sem sannar í neinu nauðsyn hennar, hvað þá heldur, að nauðsyn hennar væri sambærileg þeirri miklu þörf, sem á því er að verja landhelgina fyrir útlendum lögbrjótum. Annars veit jeg ekki betur en lögreglan hjer hafi altaf haft í fullu trje við útlendinga þá, sem hingað hafa komið á útlendum flutningaskipum.

Jeg vildi aðeins segja þetta, til þess að því yrði ekki slegið föstu, að sama nauðsyn væri á að fá ríkislögreglu á landi og að verja landhelgina.

Bjarni Jónsson: Það þýðir ekkert fyrir háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) að vera að mótmæla samlíkingu minni, því að hún er rjett og liggur í augum uppi fyrir hverjum þeim, sem opin hefir augu sín. Getur hann því látið sjer nægja sigurinn með rakarabúðirnar áðan, því að þar reyndist hann mjer snjallari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 212).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það þarf ekki langt mál að fylgja frv. þessu frá minni hendi. Nefndin er á einu máli um að ráða hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

En mjer þykir vel hlýða í þessu sambandi að minna á það, að fyrir 12 árum var landhelgissjóður Íslands stofnaður, og sá, sem mestar og bestar þakkir á skilið fyrir það, að byrjað var að draga saman fje í sjóðinn, var sjera Sigurður Stefánsson. Hann átti frumkvæði þessa máls og studdi það vel og drengilega. Sjóðurinn hefir nú vaxið hröðum fetum. Fyrir nokkru var landsstjórninni gefin heimild til þess að láta byggja strandvarnaskip. Þó gat ekki af því orðið, eins og kunnugt er, enda lýsti hæstv. fyrverandi stjórn yfir því í fyrra, að hún sæi sjer ekki fært að láta byggja skipið, vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. Er því gleðilegt, að svo hefir batnað í ári, að núverandi stjórn sjer sjer fært að leggja til við Alþingi, að byrjað verði á smíð strandvarnaskipsins, enda munu allir fagna því, sem eitthvað þekkja til, að sá draumur þjóðarinnar rætist, að landið eignist fyrsta strandvarnaskipið.

En það er vitanlegt, að stofnkostnaður þessa fyrirtækis er smáræði í samanburði við rekstrarkostnað skipsins. Þess vegna verða allir að gera sjer ljóst, að um leið og ákveðið er að byggja strandvarnaskip þá verður rekstur þess að vera tryggður. Og einmitt vegna þess, að stofnkostnaðurinn er tiltölulega smár, þá leggur nefndin aðaláhersluna á, að byggt verði nýtt skip til landhelgisvarnanna, en ekki gamalt keypt. Ekki mun dýrara að reka nýtt skip en gamalt, og er þess vegna sjálfsagt að spara ekki svo til skipsins í upphafi, að það komi ekki að hálfu gagni við það, sem vænta má af vönduðu skipi.

Þá má geta þess, að landhelgissjóðslögunum muni þurfa að breyta áður en stundir líða, svo að þau verði í samræmi við framkvæmdirnar. Þó vill nefndin ekkert frumkvæði hafa um það að þessu sinni. Sjóðurinn þarf að vaxa, því strandvarnaskipunum verður að fjölga, en eftir því sem strandvarnirnar aukast, má gera ráð fyrir færri brotum, og sektarfjeð því minna, sem í sjóðinn rennur. Það má vel vera, að á sínum tíma verði heppilegra að kaupa t. d. tvö minni skip, sem yrðu þó ekki dýrari í rekstri en þetta eina skip, sem við eigum þá. En úr því sker reynslan, svo um það er ástæðulaust að fjölyrða frekar. Jeg hefi að vísu verið þeirrar skoðunar, að rjettara hefði verið að svo vöxnu máli að kaupa tvö smærri skip nú þegar, en stærra skipið síðar, þegar nálgast þeir tímar, að við njótum ekki lengur dönsku varðskipanna, en þar sem jeg litlar undirtektir hefi fengið, geri jeg það ekki að ágreiningsatriði. Í slíkum málum sem þessum er gott, að allir geti fylgst að. Því treysti jeg, að allir geti orðið á eitt sáttir um að fylgja frv. þessu til sigurs, því hjer er um stórt mál og gott að ræða.

Pjetur Ottesen: Það ræður að líkum, að jeg, sem var einn þeirra manna, er áttu frumkvæði að því á þinginu 1919, að samþykt voru lög, sem heimiluðu stjórninni að kaupa skip til landhelgisgæslu, og hefi nálega á hverju þingi síðan bent á nauðsyn þessa máls, að jeg fagni því mjög, að hæstv. stjórn beitir sjer nú fyrir því að hrinda þessu mikla áhugamáli mínu í framkvæmd. Og eftir þeim

undirtektum, sem mál þetta hefir nú fengið hjer, mun mega treysta því, að það sje eindreginn vilji þingsins að styðja stjórnina í því að koma máli þessu áfram.

Það var minst á það við 1. umr. þessa máls af einhverjum hv. þdm., að heimild sú, sem stjórnin hefði til framkvæmda í þessu máli í lögum frá 1919, mundi einhlít, og af þeim ástæðum ekki þurfa neinar lagabreytingar. En eins og á stóð 1919, var ekki hægt að byggja framkvæmd í þessu máli á landhelgissjóði, er þá var ekki nema um 160 þús. kr., eða aðeins lítið brot af því, sem skipið mundi kosta þá; varð því að sjá fyrir framkvæmdinni á annan hátt, eins og þau lög mæla fyrir um. En nú hefir landhelgissjóður vaxið svo á þessum 5 árum, að hann mun nú nema um 1 miljón kr., en vandað strandvarnaskip mun vera hægt að fá fyrir 600—700 þús. kr.

Það er því aðeins um þá breytingu að ræða, að heimila stjórninni að verja fje sjóðsins til þess að kaupa skipið fyrir, en sú breyting er óhjákvæmileg, af því að svo er ákveðið í lögunum um landhelgissjóð Íslands, að það sje á valdi löggjafans, hvenær hann tekur til starfa.

Um mál þetta að öðru leyti er óþarfi að fjölyrða. Það er gleðilegur vottur um skilning hv. þdm. á þessu mikla þjóðþrifamáli, hversu mikil eindrægni er um það að láta nú til skarar skríða með að koma upp góðu og öflugu strandvarnaskipi — og að þeir láta sjer ekki vaxa í augum, þó að óneitanlega sje í mikið ráðist með þessu, ekki einasta það að kaupa skipið, heldur verður árlegur útgerðarkostnaður þess vitanlega mikill, eins og hv. frsm. (ÁÁ) benti rjettilega á.

En jeg er sannfærður um það, að sú verður reyndin á, að það þurfi engan að iðra þess, þó að allmiklu fje sje varið í þessu augnamiði, því að sú vernd, sem aukin landhelgisgæsla veitir smábátaveiðunum og ungviði fiskjarins, er svo þýðingarmikil í nútíð og framtíð, að það verður aldrei tölum talið.

Þá gleður það mig einnig, að hæstv. stjórn leggur til, að gerð skipsins verði eins og ráð var fyrir gert í lögunum 1919. Það er áreiðanlega langheppilegast fyrir allra hluta sakir að hafa skipið að öllu sem líkast togara og með nægum ganghraða. Skipið þarf að vera gott sjóskip, og það eru togarar yfirleitt. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið að undanförnu til þess að bæta úr landhelgisgæslunni á þann hátt að hafa vjelbáta til eftirlits, hafa yfirleitt reynst harla haldlitlar, og auk þess hefir gæsla svo ófullkominna báta verulega annmarka að öðru leyti.

Úrræðið liggur í þessu, að koma upp góðu og hentugu skipi, sem getur haft í fullu trje við sökudólgana. Eitt slíkt skip bætir mikið úr með aðstoð Þórs — og svo vitanlega danska varðskipsins — en framtíðarmarkmiðið er vitanlega að ráða frekari bætur á, með því að eignast að minsta kosti annað vel útbúið skip til þessara hluta, og má því ekki skerða landhelgissjóðinn miklu meira en nú er ráð fyrir gert, og halda til haga því, sem til hans kann að falla, svo að á þann hátt sje sjeð fyrir handbæru fje til þess á sínum tíma að færa út kvíarnar. Það mun áreiðanlega verða álitið í framtíðinni, að Alþingi hafi stigið giftuspor með því að koma þessu máli í framkvæmd.

Forsætisráðherra (JM): Jeg er þakklátur hv. sjútvn., hversu hún hefir tekið frv. þessu og flýtt afgreiðslu þess. Og jeg er þakklátur þeim tveim hv. þm., er talað hafa um frv. að þessu sinni. Þetta mál hefir nú þegar verið rætt það mikið, og

öllum auðsæ nauðsyn þess, að jeg get látið mjer nægja að vera stuttorður.

Það er rjett, eins og þessir tveir hv. þm. tóku fram, að byggingarkostnaður skipsins er smáræði í samanburði við rekstrarkostnað þess. En þó að vitanlegt sje, að hann hljóti allmikill að verða, vænti jeg þó, að það fæli engan hv. þdm. frá því að styðja stjórnina í framkvæmd þessa máls; því altaf má þó vænta nokkurra tekna af skipinu. Jeg er sem sje þeirrar skoðunar, að sektir minki ekki svo mjög við aukna landhelgisgæslu, eins og virtist liggja í orðum beggja þessara hv. þm., er nú hafa talað um frv. Það verða altaf einhverjir til þess að laumast í landhelgina, þó að þrjú skip verji hana; að eins verður erfiðara fyrir þá seku að sleppa, eftir því sem gæslan eykst. Landhelgissjóður mun því altaf fá einhverjar sektir, sem óbeinlínis draga úr rekstrarkostnaði skipsins.

Jeg læt mjer nægja þessi fáu orð, en vona, að þetta frv. mæti sömu velvild hjer í deildinni eins og innan nefndarinnar.

En svona milli sviga vil jeg láta þess getið, að jeg held, að skipið megi síst vera minna en ákveðið er, því að úti í reginhafi um hávetur, þegar allra veðra er von, mun varla veita af, að skipið sje af meðaltogarastærð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki að fara neitt út í sjálft málið hjer, því þess gerist ekki þörf. En mjer finst viðeigandi um leið og þetta frv. er afgreitt hjeðan að minna hv. deild á það, að sá maður, er átti frumkvæði að stofnun landhelgissjóðsins og fyrstur ljet safna fje í hann, var sjera Sigurður Stefánsson í Vigur. Það er því honum fyrst og fremst að þakka, að við getum nú keypt skip til landhelgisgæslunnar. Vænti jeg einnig, að hv. Ed. verði sömuleiðis mint á þetta, minningu hins mæta manns til maklegs heiðurs.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 141).

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vona, að þetta frv. sæti sömu góðu meðferðinni í þessari hv. deild eins og í hinni deildinni. Jeg geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. sjái nauðsynina á því að auka landhelgisgæsluna svo mikið sem oss framast er unt. Það hefir sýnt sig árið sem leið, að það mundi vera mjög hyggilegt að hafa lítið skip, togarabygt, til landhelgisvarna, og þótt það megi búast við því að hafa hið sama skip áfram, sem haft var í fyrra, þá veitir ekki af að bæta öðru við. Á hinn bóginn geri jeg ráð fyrir því, að ef þrjú skip eru til varnar, þá muni sæmilega sjeð fyrir þessu máli.

Jeg ætla ekki að orðlengja frekar um þetta, því að umr. hafa orðið svo miklar um önnur mál, sem þó eru miklu smærri en þetta, og vona jeg, að frv. fái að ganga til 2. umr., og síðan sje máske rjett, að sjútvn. taki það til athugunar. Það þykir máske rjettara, enda nógur tími til þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141).

Sigurður Eggerz: Um leið og jeg vil lýsa yfir því, að jeg vil mjög kröftuglega fylgja þessu máli, vil jeg æskja þess, að sem mest verði vandað til þessara skipakaupa, og sjerstaklega að sjeð verði um nægilegan hraða.

Jónas Jónsson: Jeg skal við þessa umræðu leyfa mjer að benda á það, sem reyndar hefir verið talað hjer um áður, að það væri ef til vill hugsanlegt í sambandi við rekstur þessa skips, til að gera hann ódýrari, að innleiða þá skyldu, að væntanlegir skipstjórar, sem ganga á stýrimannaskólann, yrðu að vinna á því nokkra skylduvinnu. Það er nú þegar í lögum, að þeir verða að vera þrjú ár á allstórum gufuskipum, eða sem því svarar í siglingum, og það gæti vel komið til mála, að eitthvað af þeim tíma væri int af hendi á þessu skipi. Það hefir fyr verið talað um það á þinginu, að þetta gæti sparað nokkuð útgerðarkostnað skipsins. Vil jeg því skjóta því til hæstv. stjórnar að athuga þessa leið til að spara á útgerðarkostnaði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Jóhann Jósefsson: Jeg vildi segja örfá orð um þetta merka mál við 3. umr., vegna þess, að nú stendur Alþingi á þröskuldinum að koma í framkvæmd þeirri hugmynd, sem hefir vakað fyrir þinginu 1913 og sjerstaklega fyrir flm. frv. um landhelgissjóð Íslands.

Á þessum fáu árum, sem síðan eru liðin, hefir sjóður þessi vaxið svo ört, að nú þykir fært að láta hann taka til starfa á þann hátt, sem til var ætlast í upphafi, þ. e. a. s. að verja honum til kaupa á strandvarnaskipi.

Þetta er mjög þýðingarmikið spor, sem nú er stigið, þýðingarmikið fyrir sjávarútveginn og jafnvel fyrir alt landið í heild. Um mörg ár hefir eftirlitið með landhelginni verið framkvæmt af annari þjóð, sambandsþjóð vorri, Dönum, og mjer finst rjett að taka það fram einmitt um leið og við sjálfir treystum okkur til að kaupa okkar eigið strandvarnaskip, treystum okkur til að taka hluta af eftirlitinu, eða ef til vill mest af því, í okkar hendur, þá finst mjer rjett að geta þess, að landhelgisgæslan af Dana hálfu hefir að mínum dómi oft verið miður þokkuð en skyldi. Að oft hefir hinum dönsku varðskipsforingjum, sem yfirleitt hafa lagt sig mjög í framkróka að því er strandgæsluna snertir — þó þeir hafi

ekki allir gert það jafnt — verið álasað að óþörfu. Yfir höfuð að tala hefir mönnum hjer á landi oftlega hætt við því að taka aðeins eftir því, sem aflaga hefir þótt fara að því er snertir landhelgisgæsluna í höndum Dana. Þar með er ekki sagt, að jeg álíti, að sú landhelgisgæsla hafi verið svo fullkomin sem skyldi, en hún hefir oftlega verið framkvæmd með miklum dugnaði. Þar hafa tíðum verið við skipstjórn ágætir menn og duglegir, sem hafa viljað vanda sig í öllu sínu starfi og lagt sig í líma við að rækja það. Það má því ekki minna vera en að þessum mönnum sje nú þakkað og viðleitni þeirra viðurkend, einmitt á þessu stigi málsins, er vjer höfum hug á því að taka sjálfir meiri þátt í starfinu en vjer höfum gert til þessa. Þá er og rjett að geta þess, að vjer höfum fundið hjá sambandsþjóð vorri glöggan skilning á þeirri litlu viðleitni, er vjer þegar höfum viðhaft til að auka landhelgiseftirlitið. Þeir hafa sýnt oss velvild í þeim efnum og stutt oss í framkvæmd hins íslenska eftirlits, einkum hinir dönsku yfirmenn varðskipanna hver fram af öðrum. Þegar á það er litið, hvernig landhelgisgæslan hefir verið framkvæmd á umliðnum árum, þá verða menn að gera sjer þetta ljóst, að það eru ekki innlendir menn, ekki menn, sem hafa verið svo kunnugir staðháttum eins og menn hjer uppaldir, er hafa framkvæmt verkið, heldur útlendingar. En það er einmitt þetta atriði, sem oft hefir gleymst að taka með í reikninginn, að mennirnir, sem verkið intu af hendi, voru ókunnir staðháttum, útveginum og öðru því, sem má að haldi koma til þess að eftirlitið með landhelginni komi að sem bestum notum. Jeg á hjer við það, sem komið hefir fram í landhelgisgæslumálinu á öllum tímum, og eðlilegt var að kæmi fram, af því að verkið var framkvæmt af útlendri þjóð, sem sagt það, að meiri áhersla hefir verið á það lögð að ná í sökudólgana og draga þá fyrir lög og dóm heldur en hitt, að varna lögbrjótunum þess að fara inn á landhelgissvæðið. Jeg hygg, að þeir, sem landhelgisgæsluna hafa haft á hendi, hafi lagt mesta áherslu á fyrra atriðið, en minni og ef til vill ekki nóga áherslu lagt á hið síðara atriði.

Þegar nú ríkið ætlar að fara að halda úti strandvarnaskipi, finst mjer rjett að benda á þetta, einmitt af því að jeg hefi þann heiður að vera staddur hjer fyrir það kjördæmi, sem jeg verð að segja, að með nokkrum rjetti getur kallað sig brautryðjanda í þessu máli. Því vil jeg vekja athygli hv. þd. og hæstv. landsstjórnar á þessu, að það er mjög nauðsynlegt, að landhelginnar sje gætt þannig, að lögbrjótarnir náist sem flestir, en það er einkum nauðsynlegt og mest áríðandi, að landhelginnar sje svo gætt, að lögbrjótarnir nái sem minst til þess að brjóta lögin. M. ö. o. það sem hefir hagnýtasta þýðingu í þessu máli, er hin stöðuga gæsla, sem bægir frá landhelginni, jafnvel þó að með því móti sje spilað úr höndum sjer mörgum tækifærum til þess að standa sökudólgana að verki og grípa þá. Því að vitanlega hljóta allir að sjá það og skilja, að landhelgiseftirlitsskip, sem siglir aftur og fram um veiðisvæðið, hefir minni tækifæri til þess að grípa sökudólgana en það skip, sem hverfur burt með löngum millibilum og skeytir ekki um, þó að farið sje inn fyrir línuna, heldur liggur bara á því lúalagi að geta við og við náð í skipin, sem veiða á hinu forboðna svæði.

Hugsunarháttur manna, og það jafnvel þeirra manna, þ. e. fiskimannanna meðal þjóðarinnar, sem maður gæti eigin-

lega ímyndað sjer, að væri á móti landhelgisgæslu, jeg á við botnvörpuskipaeigendur, hugsunarháttur þessara manna hefir breyst merkilega mikið á síðari árum. Nú er ekki ótítt, að maður heyri einmitt þessa menn leggja áherslu á það, að landhelginnar verði að gæta, en um leið setja þeir fram þá rjettmætu og sjálfsögðu kröfu, að landhelginnar verði gætt á þann hátt, að einstökum mönnum, jeg vil segja ósvífnum lögbrjótum, líðist ekki að haldast við innan landhelginnar og fiska þar óáreittir í skjóli ljelegrar gæslu. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem eru vandir að virðingu sinni í þessu efni og vilja halda lög landsins, og láta skip sín því ekki fiska í landhelgi, frá þeirra sjónarmiði er það vel skiljanlegt, að þeir einmitt vilji láta gæta landhelginnar á þann hátt, að mönnum sje varnað að fara inn fyrir línuna, en ekki að mestu, eins og tíðkast hefir, með því að grípa hina og þessa sökudólga sem helst næst í.

Síðan þetta merkilega frv. um landhelgisgæsluna var fyrst flutt 1913 af þáv. þm. Ísaf., Sigurði Stefánssyni, hafa kröfur manna víðsvegar um land ávalt verið sterkar um, að alvarlega væri hafist handa í þessu máli. Hefir verið reynt að sinna þeim kröfum eftir megni, bæði að því leyti, að Danir hafa lagt sitt lið til landhelgisgæslunnar, og eins að hinu leytinu, að Íslendingar hafa gert það, sem þeir gátu, til þess að láta sín eigin skip hafa gæsluna á hendi. Hvergi hafa samt kröfur manna í þessa átt borið þann árangur í verki eins og í Vestmannaeyjum, því að þar hefir samfara björgunarstarfi verið unnið þrekvirki í þessu máli, þrekvirki, sem önnur sjávarþorp, ef unt hefði verið, hefðu átt að taka sjer til fyrirmyndar. Síðan Vestmannaeyingar hófust handa og keyptu skip til þessa, sem nú hefir starfað í liðug 5 ár, hefir reynslan leitt það berlega í ljós, að það er beinlínis hagsmunamál, að landhelginnar sje gætt sem allra best. Og fyrir land, sem flytur út eins mikið verðmæti af sjávarafurðum og okkar land, fyrir því getur það ekki verið neitt atriði, sem í á að horfa, hvort varið er ¼ eða ½ miljón árlega til landhelgisgæslu. Það er ekki aðalatriðið, hver kostnaðurinn er, heldur hitt, að landhelgin sje varin. Það hefir sýnt sig, að sú gæsla ber þann ávöxt, að veiðin á bátana og skipin vex, og okkar eigin sjómenn fá þannig endurgoldinn þann kostnað, sem landið leggur í landhelgisgæsluna, enda eru þeir best að þeim gróða komnir.

Jeg mintist áðan á það, að Vestmannaeyingar mættu kallast brautryðjendur í þessu máli, og það er framtakssemi þeirra að þakka, að nú eru til æfðir menn innlendir til þess að starfa á því skipi, sem haft er í hyggju að byggja til landvarnanna. Þetta starf er eins og að líkindum ræður talsvert annað en vanalegar siglingar, og ekki lítilsvert, að vel æfðir menn sjeu yfirmenn á slíkum eftirlitsskipum, og því gleðilegt, að til skuli vera færir menn til þess að taka við hinu nýja strandvarnaskipi, þegar það kemur.

Reynsla okkar, sem höfum staðið næst starfsemi björgunar- og eftirlitsskipsins þessi 5 ár, sem það hefir starfað, er sú, að minsta kosti að því er snertir Vestmannaeyjar, að þá er öldin nú önnur fyrir sjávaratvinnureksturinn en áður var. Og slík yrði og reynslan annarsstaðar, ef gæslan yrði þar aukin. Nú stendur svo á í Vestmannaeyjum, og mikið hefir verið um það talað í hinum miklu umr. um strandvarnamálið, að menn vilja gjarnan sam-

ræma björgunarskip og strandvarnaskipið. Þessu hefir oft verið svo óljóst blandað við aðalmálið, að ekki hefir verið hægt að sjá, hvort menn hafi átt við björgunarskip samskonar og Danir kalla „Bjærgningsskib", eða menn hafa átt við björgunarskip, sem aðallega bjargaði lífi manna í sjávarháska, eða það, sem Danir nefna „Redningsfartöj". En jeg hygg, að flestir muni samt hafa átt við þetta síðarnefnda, að strandvarnaskipið væri útbúið með tæki til þess að frelsa líf manna, ef svo ber undir. Sje um það að ræða, vil jeg lýsa því yfir sem minni skoðun og sem reynslu okkar í Vestmannaeyjum þessi 5 ár, sem e/s Þór hefir starfað, að björgunarskip af því tægi, þ. e. til þess að bjarga mönnum, og eftirlitsskip með landhelginni geti mjög vel farið saman. Jeg skal benda stuttlega á eitt atriði, sem skýrir þetta vel. Skip, sem er á sveimi um fiskimiðin og lítur eftir innl. og útl. skipum og bátum, það skip getur vel, þegar veðrið er orðið svo vont, að bátunum er hætta búin, slegið slöku við landhelgisgæsluna, því þá geta botnvörpuskipin lítið haldist við veiðar. Þar sem því hagar þess vegna svo, að bátaútvegur er mikill og bátarnir fiska á líkum slóðum og botnvörpuskipin, þar getur eftirlitsskipið vel, sjer að skaðlausu, unnið að björgunarstarfsemi. Því tel jeg alveg sjálfsagt mál, að hæstv. stjórn sjái svo um, þegar ísl. eftirlitsskipið verður bygt, að það verði útbúið með þeim nauðsynlegustu tækjum, sem með þarf til þess að veita nauðstöddum skipum og bátum hjálp. Það hefir komið til orða milli mín og reynds sjómanns, sem jeg hefi oft átt tal við um þetta mál, hvort ekki mundi heppilegt, að svona skip hefði líka björgunartæki af öðru tægi, t. d. mótordælur o. s. frv., svo að það gæti, ef svo ber undir að nauðsyn krefur, veitt hjálp skipum, sem strandað hafa eða því um líkt. Skal jeg ekkert um það segja, hvað kosta myndi að kaupa slík tæki og hafa þau á skipinu; auðvitað yrði kostnaður talsverður, ef nokkurt gagn ætti að verða af. T. d. þarf dælur til að geta tæmt skip, sem hefir strandað og orðið lekt. En yfir höfuð legg jeg ekki líkt því eins mikla áherslu á þetta atriði eins og hitt, að skipið hafi nauðsynleg tæki til þess að geta liðsint skipum og bátum í sjávarháska. Það er eins og jeg sagði, mjög mikilsvert atriði, og jeg vona, þegar farið verður að hugsa um útbúnað skipsins, þá taki hæstv. stjórn til athugunar þær óskir, sem jeg hefi fram borið í þá átt við þessa 3. umr. málsins.

Sigurður Eggerz: Það er eiginlega í tilefni af ræðu hv. þm. Vestm. (JJós), að jeg vildi leyfa mjer að leggja nú aftur áherslu á þau sömu atriði þessa máls, sem jeg mintist á við 2. umr., af því að hæstv. forsrh. (JM) var þá ekki viðstaddur. Jeg lagði þá mikla áherslu á, að hið nýja skip væri vandað sem best og að sjeð væri um, að það hefði nægan hraða. Háttv. þm. Vestm. kom með sundurgreining á landhelgisgæslunni og kvað hana fólgna í því tvennu aðallega, að halda botnvörpuskipunum utan landhelginnar og svo því, að sekta skipin, sem óleyfilega veiddu. Jeg held, að það rjetta í þessu máli sje, að bæði með því að sveima um landhelgina og með því að sekta skipin sje þeim best haldið fyrir utan línuna. Því skipin fara varlegar í það að fara inn fyrir landhelgina, ef þau eiga von á háum sektum og verða rækilega vör við lögregluleftirlitið. Það er auðvitað einnig verulegt atriði, að skipin sveimi sem mest um landhelgina. Jeg vildi aðeins sjerstaklega benda á þessa kenning hv. þm. (JJós), sem komið

hefir upp í seinni tíð og einkum í Vestmannaeyjum, vegna þess hve hægfara Þór er. Það er satt, að e/s Þór hefir reynst þeim þar vel, þó mest sem björgunarskip, en einmitt aðalgallinn á honum sem strandvarnaskipi er sá, að hann hefir alt of lítinn hraða. Og þetta mál, sem hjer um ræðir, er ekki fyrst og fremst mál neins einstaks kjördæmis, heldur er það þarfamál allrar þjóðarinnar. Og af því að það varðar svo mjög alla þjóðina, er nú verið að koma því á rekspöl, og hefði verið gert miklu fyr, ef fjárhagurinn hefði með nokkru móti leyft það hin síðari ár. Á þessu vildi jeg vekja athygli, að í þessu máli erum við ekki að vinna fyrir neitt eitt kjördæmi, heldur landið alt.

Forsætisráðherra (JM): Það er sjálfsagt, að þegar stjórnin hefst handa í þessu máli, þá tekur hún til greina það, sem hv. sjútvn. beggja hv. þd. hafa lagt ríka áherslu á, að skipið verði bygt, en ekki keypt gamalt skip. Og er ráðgert, að hið nýja skip verði af sömu gerð og togarar og sæmilega hraðskreitt. Stundum hefir verið fremur lítil áhersla lögð á hraðann, en ráðuneytið leggur töluverða áherslu á hann og mun sjá um, að skipið hafi nokkru meiri hraða að minsta kosti en hinir hraðskreiðari botnvörpungar. Annars mun verða tekið tillit til þeirra óska, sem fram hafa komið, og þá einkum frá hv. sjútvn. hv. Ed. og hv. Nd. Það er rjett hjá hv. 1. landsk. (SE) — og auðvitað var það líka meining hv. þm. Vestm. (JJós) —, að þetta mál varðar alla þjóðina, og það mun vekja almenna ánægju, að landvarnirnar sjeu auknar sem unt er. Og það því fremur, sem landhelgisgæsla e/s Þórs hefir borið svo góðan árangur, þótt það skip sje ekki svo hraðskreitt sem þyrfti að vera.

Það, hvort heldur ætti að halda botnvörpungum burtu úr landhelgi eða hegna þeim, hefir oft verið talað um. Auðvitað er mest um vert að geta haldið þeim burtu. En það má ekki búast við, að þetta takist með 3 skipum. Þeir, sem hafa fleiri skip og minna svæði að verja en við, geta ekki hindrað þetta, og þá má nærri geta, hvernig fer hjá okkur. En það fer saman, að sektir fyrir landhelgisbrot eru bæði hegning og um leið aðvörun. En jeg skal benda á það, að hagnaðurinn við að fiska í landhelgi er svo mikill, að háar sektir hafa ekki eins mikil áhrif og ætla mætti. Háttv. þm. Vestm. (JJós) nefndi þann mann, sem hefir gert mögulegt, að skipið væri bygt. Þetta hefir hv. þm. rjettilega gert, því að þessum manni er það að þakka, að þetta getur orðið. Jeg mintist þessa manns, sjera Sigurðar Stefánssonar, í hv. Nd., og geri það og hjer. Jeg vona, að á þessu þingi verði sjeð fyrir nauðsynlegu fje til þess að halda úti ekki aðeins þessu skipi, heldur og öðru.

Halldór Steinsson: Mjer er það gleðiefni, að þetta mál fór ekki umræðulaust í gegnum hv. deild, því að jeg álít það með þýðingarmeiri málum, sem liggja fyrir þessu þingi. Jeg er hv. þm. Vestm. (JJós) þakklátur fyrir það, að hann hóf umr., en þó ætla jeg að andmæla 1—2 atriðum í ræðu hans. Hann hjelt því fram, að skipið ætti fyrst og fremst að varna botnvörpungum að komast inn í landhelgi, frekar en að ná í sökudólga. Jeg er sömu skoðunar og hæstv. forsrh. (JM), að þetta sje ekki hægt með einu skipi. Hitt atriðið, sem jeg get ekki verið

hv. þm. Vestm. samdóma um, er, að þetta landvarnaskip eigi líka að hafa á hendi björgunarstarfsemi. Meðan skipið er aðeins eitt, er ómögulegt, að þessi tvenskonar starfsemi fylgist að. Skipið verður að vera á þönum í kringum alt Ísland. Jeg er ekki að andmæla því, að æskilegt væri að hafa einhver björgunartæki, en aðaltilgangurinn í þessu máli á að vera sá, að verja landhelgina. En við eigum auðvitað að keppa að því að koma landhelgisvörninni í sem fullkomnast horf, en til þess þurfum við að hafa nægan flota til varna. Og þá gæti björgunarstarfsemin orðið þessu samfara, en eins og jeg hefi tekið fram, er það ekki hægt, meðan skipið er aðeins eitt.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg tek undir með hv. þm. Vestm. (JJós), er hann segir, að landhelgisgæsla Dana sje hjer miður þökkuð en skyldi. Við höfum átt kost á frekari landhelgisgæslu frá Dönum en við höfum haft, okkur að kostnaðarlausu. Jeg vil minna á, að við Ísland hafa Danir sömu rjettindi og Íslendingar, svo að þeir hafa líka sinna hagsmuna að gæta. Þeir hafa stundað fiskiveiðar hjer, og hingað hafa verið gerð út skip frá Danmörku, þó að ekki hafi það altaf blessast. Og eftir síðustu frjettum ætla þeir að fara að gera út hingað í stærri stíl en áður. Jeg býst við, að þó að skipið sje fengið, haldi Danir áfram landhelgisgæslu hjer, og þess vegna er ekki rjett af hv. þm. Snæf. (HSteins) að segja, að við höfum aðeins eitt skip til varna.

Jóhann Jósefsson: Það gladdi mig að heyra, hvað hv. þm. Snæf. (HSteins) var djarfhuga í þessu máli. Einmitt þannig á að hugsa í máli eins og þessu. Það hefir vitaskuld aldrei verið mín tilætlun, að eitt skip ætti að anna öllu því, sem jeg nefndi. Jeg mintist á þessi atriði með það fyrir augum, að skipin væru fleiri, eins og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) tók fram. Það er auðvitað rjetta stefnan, sem hv. þm. Snæf. (HSteins) vildi fara í þessu máli, að hafa skipin mörg og láta þá björgunarstarfsemina vera samfara landhelgisgæslunni.

Hv. 1. landsk. (SE) talaði um, að þetta væri ekki mál neins sjerstaks kjördæmis. Jeg veit ekki til, að jeg hafi gefið tilefni til að minnast á það. Þetta er auðvitað alþjóðarmál, þótt það snerti kjördæmin misjafnt. Þetta vona jeg, að hv. 1. landsk., sem ávalt hefir opin augun fyrir því, hvað gera þarf í landhelgismálinu, skilji vel. Hv. þm. hefir sýnilega orðið eitthvað bumbult af því, sem jeg mintist á ýmislegt, sem á undan er farið í strandgæslu- og björgunarmálinu, t. d. flutningsmanns frv. um landhelgissjóðinn, strandgæslu Dana og athafna Vestmannaeyinga. Þarf mikla viðkvæmni til að hlaupa upp vegna þeirra ummæla, er jeg viðhafði. Nú var tíminn til þess að geta þess, sem gert hefir verið í málinu, og gefa þeim heiður, sem heiður ber.

Um hitt atriðið, sem við höfum haft tækifæri til að deila um áður, hvort heppilegri sjeu herferðastrandvarnir eða stöðug gæsla, ætla jeg ekki að deila nú. Jeg vil ekki ráðast í að metast um margt við hv. 1. landsk., en í þessu máli þykist jeg hafa betra vit og meiri reynslu en hann.

Forsætisráðherra (JM): Út af þessu nýja skipi vil jeg geta þess, að það hefir ekki verið hugsað sem björgunarskip, heldur aðeins sem landvarnaskip. En þetta skip getur líka bjargað, ef á þarf

að halda, og hefir möguleika til að draga skip eða bát í land. En það hefir ekki verið hugsað útbúið eins og t. d. Geir eða því um líkt. Ætlunin er sú, að byggja togara, sem gæti orðið sæmilegur bústaður fyrir landhelgisgæslumennina, án þess að hann væri björgunarskip, enda er ekki hægt að bera saman starfsemi Þórs í kringum Vestmannaeyjar og þessa nýja skips, sem yrði, eins og hv. þm. Snæf. (HSteins) sagði, á þönum í kringum alt Ísland. Auðvitað á að keppa að því, eins og hv. þm. Vestm. (JJós) hefir sagt, að halda botnvörpungunum burtu. Sumir foringjar landvarnaskipanna hafa og lagt kapp á það, en það kostar afskaplega mikið af kolum, ef aðeins eru 2—3 skip á svo stóru svæði.

Tillögur hv. sjútvn. verða eflaust teknar til greina. Það var ekki nema eðlilegt, að hv. þm. Vestm. benti á það fordæmi, sem Vestmannaeyingar hafa gefið í þessu máli, þar sem það hefir orðið til þess meðal annars að gefa oss hug til þess að leggja út í öflugri landvarnir.

Sigurður Eggerz: Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) fyrir að leggja áherslu á, að skipin væru nógu hraðskreið, því að það tel jeg afarmikilsvert atriði í málinu.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagðist hafa bæði meira vit og meiri reynslu í þessu máli en jeg. Reynsluna hefir hann aðeins frá Þór, og sú reynsla er aðallega reynsla um heppilegt björgunarskip, en um vitið skulum við ekki deila. Annars hefi jeg haft ekki svo lítil afskifti af landhelgisgæslunni, þar sem hún hefir heyrt undir mig um tíma. Og mjer virðist jeg ekki þurfa að bera kinnroða í þessu máli, þar sem jeg fyrstur kom hjer á algerlega sjálfstæðri íslenskri landvarnagæslu jafnhliða þeirri dönsku, en í fyrstu mætti þetta allmiklum mótmælum. Jeg vil viðurkenna dugnað Vestmannaeyinga í að fá Þór sem björgunarskip, en ótal aðrir hafa barist fastlega fyrir aukinni landhelgisgæslu, og eiga þm. ekki lítinn þátt í því, hvað því máli hefir verið hrundið áfram. Jeg hafði mjög mikla löngun til, meðan jeg fór með stjórn síðast, að ráðast í að kaupa landvarnaskip, en heimild til þess var þá til, en fjárhagurinn þoldi það ekki þá, en nú er hann kominn í betra horf, og verður nú þessu þýðingarmikla máli væntanlega hrundið áfram.

Eggert Pálsson: Jeg ætla ekki að vera langorður. Það á heldur ekki við, vegna aðstöðu minnar til þessa máls, sem mjer og kjósendum mínum kemur svo lítið við beinlínis. En hins vegar þykir mjer viðeigandi, þegar verið er að ganga frá þessu frv. og leggja á það síðustu hönd, að þá sje minst þess manns, sem lagði grundvöllinn að þessu máli, sem sje sjera Sigurðar sál. Stefánssonar. Hann var sá, sem fyrst kom fram með frv. um landhelgissjóðinn. Og sú sjóðstofnun varð vitanlega til þess, að nú er hægt að afgreiða þetta frv. sem lög frá þinginu. Hann er sá maðurinn, sem með fyrirhyggju sinni á stærsta heiðurinn fyrir það, að draumurinn um fullkomið sjerstakt íslenskt varðskip nær nú að rætast. En sem sagt, jeg ætlaði ekki að halda neina ræðu, en þótti aðeins rjett, að þetta atriði kæmi fram nú í umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 266).

9. Sektir.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sektir (stjfrv., A. 31).

Á 9. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held ekki, að jeg þurfi mikið um frv. þetta að segja, því að það liggur ljóst fyrir, hvað það fer fram á, og að nokkru leyti stendur það í sambandi við annað frv., sem kemur til umræðu hjer í dag. Það mun öllum orðið ljóst, að hinum gömlu ákvæðum um afplánun fjesekta þurfi að breyta, því að ekki getur komið til mála að halda mönnum í æfilöngu fangelsi fyrir brot, sem ekki heyra undir hegningarlögin, en það getur vel komið fyrir eftir núgildandi lögum, þegar ekki er hægt að afplána nema 5 kr. á dag. Við refsingar verður jafnan að gæta þess, að hegningin, hvort er aðalhegning eða varahegning, sje ákveðin í hlutfalli við brotið, samsvari brotinu.

Jeg þykist vita, að ekki verði um það deilt, að umræddum ákvæðum þurfi að breyta, að afplánun sekta verði ákveðin öðruvísi nú, er ekki er ótítt, að fjársekt nemi mörgum tugum — jafnvel hundruðum — þúsunda króna, þegar þess er gætt, að ákvæðin voru sett á þeim tímum, er sektir námu sjaldan meiru en 12—20 kr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 71).

Frsm. (Jón Kjartansson): Eins og sjá má á nál., hefir allshn. einróma lagt til, að frv. þetta nái fram að ganga, og telur hún felast í því ýmsar rjettarbætur frá því, sem nú er. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er það einkum þrent, sem frv. fer fram á, að breytt verði í núgildandi lögum. Fyrst er það, að hækka skal hámark sekta, sem dæma má menn í eftir hinum almennu hegningarlögum. Samkv. núgildandi ákvæðum í þeim lögum má ekki dæma menn til að greiða hærri sektir en 2000 krónur. En hegningarlögin eru orðin gömul og þetta sektarhámark óhæfilega lágt, einkum þegar þess er gætt, hversu verðlag peninga hefir breyst, svo og þegar það er borið saman við sektarákvæði í ýmsum öðrum lögum. Það eru gömul ákvæði í lögum, tekin í ts. 25. júní 1869, að sjeu sektir ekki greiddar á tilskildum tíma, þá skuli þær afplánaðar í fangelsi. Þessi vararefsing er, að því er hegningarlögin snertir, ákveðin í 31. gr. laganna, og er þar að vísu rammi, sem dómarinn skal fara eftir, þegar hann ákveður vararefsinguna. En þessi rammi er þó svo þröngur, að vararefsingin verður altaf óhæfilega há í hlutfalli við sektarupphæðina, eins og greinilega má sjá á því, að menn geta þurft að vera 60 daga í einföldu fangelsi til þess að afplána 200 kr. sekt. Slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt. En sjerstaklega kemur það betur í ljós, hversu vararefsingin er ranglát, þegar hún er ákveðin fyrir brot, sem ekki er refsað fyrir samkv. hegningarlögunum. Þá er vararefsingin fastákveðin með tölum í áðurnefndri ts. 25. júní 1869, og hefir dómarinn þar ekkert að segja um vararefsinguna. Og eins og sýnt

er í greinargerð frv., getur vararefsingin í þessum tilfellum orðið svo há, að alls engri átt getur náð. Það er ekki langt síðan mikið var talað um erlendan mann, sem hjer var dæmdur í 20 þús. kr. sekt og var byrjaður að afplána hana. Það hefði tekið þennan mann um 11 ár að afplána þessa sekt að fullu. Það sjá nú allir, að ekkert vit er í slíkum ákvæðum, þegar styttri fangelsisvist liggur við stórum glæpum, sem refsað er fyrir samkv. hegningarlögunum, heldur en brotum, sem aðeins liggja við sektir. Jeg vona, að allir hv. þdm. sjái, hveru nauðsynleg þessi breyting er.

Þá er farið fram á það í frv., að mönnum verði ekki leyft að afplána sektir í fangelsi við vatn og brauð, sem mjög hefir tíðkast undanfarið. Það er nú álit flestra refsirjettarfræðinga, að refsingu þessa eigi að nema úr lögum, þar sem hún sje svo óholl einstaklingunum. Nefndin hefir fallist á, að rjett sje, að þessi heimild sje úr lögum numin.

Í nefndinni var talsvert rætt um það að setja nýtt ákvæði í frv., er gerði það að skyldu, að gerð væri aðför fyrir sektum áður en gripið væri til vararefsingarinnar. Jeg fyrir mitt leyti hafði talsverða tilhneigingu í þessa átt, þar sem jeg varð þess oftlega var, meðan jeg var fulltrúi lögreglustjórans hjer í Reykjavík, að menn, sem vitanlegt var, að gátu greitt sektir, sem þeim var gert að greiða, færðust undan því, kusu heldur að afplána þær, þar sem það tók svo stuttan tíma, í fangelsi við vatn og brauð. Það er augljóst, hversu óheppilegt það er, að menn skuli slægjast eftir því að fara í fangelsi, og datt því nefndinni meira en svo í hug að setja allsherjarákvæði um aðför fyrir sektum í frv. En þó hættum við við þetta eftir nánari yfirvegun, sjerstaklega þegar við gættum þess, að hjer eftir verður mönnum ekki leyft að stytta fangelsistímann með því að afplána sektirnar í fangelsi við vatn og brauð. Einnig mundi það auka störf fógeta til muna, ef slíkt ákvæði yrði sett í lög. Þá má og telja það vafasamt, hvort það sje í rauninni rjett að ógna mönnum með öreign fyrir brot, sem aðeins liggja við sektir. Að öllu þessu athuguðu hætti nefndin við að gera þessa brtt. Brtt. nefndarinnar er eingöngu orðabreyting, sem hún telur til bóta. Auk þess er prentvilla í 4. gr. frv., sem að sjálfsögðu verður leiðrjett.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get verið hv. allshn. þakklátur fyrir meðferð hennar á frv., og mun jeg ekki leggjast á móti brtt. hennar, þó að jeg á hinn bóginn sje ekki sannfærður um, að hún sje nauðsynleg.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 71 samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 93).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15 fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 93).

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hygg, að það sje ofurskiljanlegt, að svona frumvarp kemur fram, og að það sje síst of snemma. Eftir hegningarlögunum mátti dæma í sektir frá 2—2000 kr. og einfalt fangelsi er þar ákveðið í hæsta lagi 2 ár. Nú hefir löggjöfin fyrir utan hegningarlögin breyst mikið, þannig, að sektir í samanburði við þetta geta orðið afarháar. Og er auðsjeð, að hegningarlögin eru orðin mikið á eftir tímanum; einkum á það sjer stað um ákvæði tilskipunarinnar frá 25. júní 1869 um afplánun sekta. Hygg jeg, að bæjarfógetinn hjer í Reykjavík hafi ekki orðið þess síst var, hve erfitt er að eiga við svo að segja fyrnd lög. Jeg skal ekki fara langt út í þetta. Aðeins benda á, að komið getur fyrir, að maður verði dæmdur í sjerlega háa sekt, t. d. fyrir að flytja bannvörur inn í landið. Vart er ætlandi, að sá maður sje sekari en annar, sem drýgt hefir mjög alvarlegan glæp, en sekt hins fyrnefnda getur verið svo há, að hann þyrfti að sitja í æfilöngu fangelsi til þess að afplána hana, þó hann væri mjög ungur, er hann byrjaði á því, en hinn máske aðeins fá ár. En svona eru ákvæði gömlu tilskipunarinnar. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir áður sýnt ljóslega fram á það hjer í þessari hv. deild, hversu óhafandi slík lög eru. Og þess vegna eru nú þessar breytingar bornar fram, og eru þær að miklu leyti gerðar í samráði við hann.

Jeg vænti þess, að jeg þurfi ekki að mæla frekar með þessu frv. Hv. Nd. hefir samþykt það með einni örlítilli orðabreytingu, og vildi jeg óska, að það fengi jafngóða meðferð hjer. Enda mun mjer óhætt að segja, að þetta sje alveg sjálfsögð lagabreyting.

Að umr. lokinni vil jeg mælast til þess, að frv. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 252).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Þetta frv. er stjfrv. Það hefir verið samþykt í hv. Nd. með nokkrum orðabreytingum á 4. gr. Frv. á að koma í staðinn fyrir 31. gr. hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869. En þar sem ákvæðin eru sett 1869, eru þau orðin úrelt, m. a. af því, að gildi peninga hefir breyst mjög á síðari árum. Aths. við frv. eru ítarlegar og upplýsandi, og vil jeg því vísa til þeirra. Hingað til hefir verið munur á sektum, eftir því hvort dæmt hefir verið eftir hegningarlögunum eða öðrum hegningarákvæðum. Þegar sektir eru nú dæmdar eftir hegningarlögunum, er jafnan í sama dómnum ákveðin vararefsingin, er koma skal í stað sektarinnar, ef hún er ekki öll greidd innan ákveðins tíma. En þegar sektum hins vegar er beitt utan hegningarlaganna, koma til framkvæmda fyrirmæli tilskipunarinnar frá 25. júní 1869, sem tiltekur, hve mikið skuli afplána af sektinni með hverjum degi fangelsisvistar, og má það aldrei vera meira en 5 krónur á dag. Þegar þessi ákvæði voru sett í lög, voru peningar í háu verði og kaup-

gjald þar af leiðandi lágt, og var þetta því sanngjarnt þá, enda voru sektir allar lágar, er hæsta sekt, sem dæma mátti í samkvæmt hegningarlögunum, var 2000 kr. En á síðari tímum hafa verið sett ýms lög með ákvæðum um miklu hærri sektir, svo sem lögin um bann gegn botnvörpuveiðum og einkasölulögin, sem færa sektarhámarkið upp í 20 þús. kr., og á ófriðarárunum giltu lög og tilskipanir, sem varðaði alt að 100 þús. kr. sektum að brjóta gegn ákvæðum þeirra. Tilskipunin frá 25./6. 1869 er því orðin úrelt og óviðunandi, því samkvæmt henni hefði erlendur togaraskipstjóri, er nýlega var hjer dæmdur í háa sekt, orðið að sitja 11 ár í fangelsi, áður en hann hefði afplánað alla sektina, ef hann hefði ekki verið leystur út með því, að sektin var greidd fyrir hann. Nú er í þessu frv. svo ákveðið, að um leið og sektin er ákveðin, skuli vararefsingin einnig tiltekin, og er ætlast til, að til 200 kr. sektarupphæðar komi aldrei meira en 20 daga fangelsi. Er því ekki hægt að afplána minna en 10 kr. á dag samkvæmt þessum ákvæðum, en í framkvæmdinni verður venjulegast afplánað miklu meira, þar sem fangelsistíminn má ekki fara fram úr 3 árum alls. Samkvæmt núgildandi lögum má dæma í alt að 30 þús. kr. sekt fyrir ýms lögreglubrot, en er vararefsingin getur ekki farið fram úr þriggja ára fangelsi, svarar það til þess, að 10 þús. kr. verði afplánaðar á ári, í stað 1800 kr. samkvæmt tilskipuninni frá 1869. Þá er hjer eitt nýmæli í þessu frv., að bannað skuli að leyfa mönnum að afplána sektir í fangelsi við vatn og brauð. Með þeim hætti var afplánað 6 sinnum meira, eða 30 kr. á dag, en nú er í öllum nýrri tíma hegningarlögum horfið frá þeirri tegund refsingar og hún ekki viðhöfð lengur, og þykir því rjett að taka þetta einnig í lög hjer hjá okkur. Jeg mun svo ekki fjölyrða frekar um mál þetta, en jeg get þess, að vararefsingin má aldrei vera harðari en það, að minst sjeu afplánaðar 10 kr. á dag, en það má ákveða, að miklu meira sje afplánað með hverju dagsfangelsi, enda verður svo, er um hærri sektir er að ræða.

Í frv. er svo ákveðið, að ákveða skuli í dómi, úrskurði eða sátt frest til sektargreiðslu. Lít jeg svo á, að þessi frestur eigi að vera mun lengri en aðfararfrestur í sakamálum og lögreglumálum, því hann myndi reynast alt of skammur fyrir sökunaut til öflunar fjár til sektargreiðslunnar, ef um háar sektir er að ræða. Leyfi jeg mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra, hvort hann sje mjer ekki sammála um þetta.

Aðfararfresturinn í lögreglumálum — 3 sólarhringar — væri t. a. m. alt of stuttur ef um nokkra verulega sektarupphæð væri að ræða.

Þá er enn það nýmæli í þessu frv., að sýslumenn og bæjarfógetar skuli annast um afplánun sekta. Þetta hefir ekki verið ákveðið í lögum hjer til þessa, en var þó venjan, eins og segir í athugasemdunum við 5. gr. frv.

Meðan landsyfirdómurinn var við lýði, var venjan sú, að hann sendi dómsmálaráðuneytinu ágripsútskriftir af sektardómum einnig í einkamálum, er dómsmálaráðuneytið svo sendi hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta til fullnustugerðar, en síðan hæstirjettur var settur á stofn, hefi jeg ekki orðið þess var, að þessari reglu væri fylgt, og tel jeg það skaða, því hætt er við, að ekki komi öll

kurl til grafar að því er hæstarjettardómana snertir.

Jeg skil þessa grein frv. svo, að það sje sá dómari, sem ákveður sektina ásamt vararefsingunni, sem skuli annast um afplánun sektarinnar, en ekki sá valdsmaður, sem sökunautur var fyrst fluttur til. Um sektir í einkamálum vil jeg taka það fram, að jeg efast um, að allar þær sektir, sem þannig hafa verið gerðar á hendur mönnum og ekki hafa fengist greiddar, hafi verið afplánaðar. Jeg hygg, að þar muni ekki ætíð hafa komið öll kurl til grafar, og mundi því vera rjettara að taka upp þá gömlu venju, er hjer tíðkaðist áður við landsyfirdóminn, að hjer eftir yrðu afrit hæstarjettardómanna send dómsmálaráðuneytinu, er síðan tilkynti undirdómurunum úrslit málanna og fæli þeim á hendur að annast fullnustu dómanna.

Forsætisráðherra (JM): Yfirleitt hefi jeg ekki neitt sjerstakt um þetta mál að segja, annað en jeg þakka háttv. nefnd fyrir móttöku hennar og meðferð á þessu frv., enda um frv. sjálft fátt fleira að segja en það, er háttv. frsm. nefndarinnar hefir tekið fram, og er jeg honum samþykkur í aðalatriðum öllum. Háttv. frsm. talaði um það, að það þyrfti að ákveða sjerstakan sáttafrest í hvert skifti, en þegar við erlenda menn er að eiga, verður þessi frestur að vera stuttur. Þetta verður að vera undir dómaranum sjálfum komið og á hans valdi, og er það tíska víða á þessum tímum að leggja mikið á vald dómaranna.

En um ídæmdar sektir er það að segja, að það mun eflaust rjett vera, að þar hafa ekki öll kurl til grafar komið, ekki eingöngu í einkamálum, og jeg held það hafi líka átt sjer stað þó um sakamál hafi verið að ræða. Jeg felst á það, að rjett væri að hafa þá sömu reglu um slíka dóma hæstarjettar og fylgt var við landsyfirrjettinn, að undirdómarar fengju afrit af sektardómum öllum og heimti þeir þær sektir, ella annist um afplánun. Um hæstarjett er það að vísu svo, að ætlast er til, að allir viti um úrslit dóma þar, og ættu eiginlega allir dómarar í landinu að fá hæstarjettartíðindi, svo þeir viti, um hvað þeir eiga að annast. Hitt hefi jeg áður getið um, að þetta eru aðeins lágmarksákvæði um 10 kr. dagsafplánun, og mun ekki verða notað þannig nema um lágar lögreglusektir sje að ræða, enda væri annars hæpið, að refsingin svaraði til brotsins, og sama hygg jeg, að verði uppi um hámarksákvæðið 3 ár. Áður var hámarkið 2 ár, og jeg hygg sennilegast, að varla verði dæmt í harðari vararefsingu en sem því svari, og mjög sjaldan svo hátt. En þar eð undantekningartilfelli geta ávalt komið fyrir og að dómararnir þurfi að ákveða þyngri refsingu, er ekkert hættulegt við að hafa þetta í lögum. Það verður ávalt að miða þetta við, hvað hæfilegt sje að ákveða fangelsishegningu í samanburði við þrotið, en ekki í samanburði við sektina eins mikið og brotið. Þetta er í samræmi við hegningarlögin; þar er þetta lagt í hendur dómaranna, og eins ætti að vera í þessu atriði, að þeim væri vel treystandi að taka ekki of linlega á þessum sökum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 282).

---

10. Smjörlíkisgerð.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m. (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Í ástæðunum fyrir þessu litla frv. er gerð full grein fyrir rjettmæti þess, og þykir mjer því engin ástæða til að fara um það mörgum orðum. Frv. er borið fram til þess að bæta úr misrjetti, sem eigendur Áslækjarrjómabúsins í Hrunamannahreppi hafa orðið fyrir, og get jeg ekki ímyndað mjer, að hv. Alþingi hafi neitt á móti að bæta úr því.

Þótt frv. sje lítið, er þó líklega rjettast að setja það í nefnd, og ætti þá allsherjarnefnd að fá það til meðferðar. Geri jeg það því að till. minni, að því verði til hennar vísað, er þessari umr. lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÁF, Á-J, BSt, BL, IngB, JAJ, JK, JÞ.

nei: KlJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, Á-Á, BJ, HStef, JakM, JBald, JS, BSv.

Tveir þm. (HK, JörB) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 40).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það var svo að heyra á hv. þdm. við 1. umr. þessa frv., sem hjer væri um fremur einfalt mál að ræða, þar sem ýmsum þeirra þótti ekki taka því að vísa frv. til nefndar. Og það er nú að vísu svo, að hjer er ekkert stórmál á ferðinni, þó að veita eigi stjórninni heimild til að undanþiggja það eða þau rjómabú, sem framleiddu bæði smjör og smjörlíki sumarið 1923, banni því, sem sett er í 5. gr. laga nr. 38, 1923, gegn slíkri framleiðslu.

Ástæður fyrir þessu frv. eru greinilega skýrðar í greinargerð þess. Hefir landbn. fallist á þær og leggur til, að frv. verði samþykt. Það væri kannske helst athugandi í sambandi við frv. þetta, að það kunni að raska öryggi því, sem nefnd lög eiga að veita fyrir því, að rjómabússmjör sje ekki svikið vegna þess að smjörlíkisgerð sje leyfð í rjómabúunum jafnhliða smjörgerðinni. En það er hvorttveggja, að allar aðrar öryggisráðstafanir laganna frá 1923 standa eftir sem áður, þó að frv. þetta verði samþykt, og auk þess er hjer aðeins um heimild að ræða, er stjórn-

in þarf ekki að nota, ef henni þykir það varhugavert.

Loks er þess að geta, að í frv. felst atriði, sem hefir dálitla fjárhagsþýðingu fyrir ríkissjóð, eins og tekið er fram í greinargerðinni. Er vel skiljanlegt, að varla verður fært að neita hlutaðeigandi rjómabúi, Áslækjarbúinu, um uppgjöf á láni því, sem það hefir fengið úr viðlagasjóði til kaupa á smjörlíkisgerðartækjum, ef því verður synjað um undanþágu þá, sem í frv. þessu felst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 13).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 13).
Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta litla frv. hefir gengið ágreiningslaust gegnum Nd. Tilgangur þess er að bæta úr misrjetti, sem eitt rjómabú landsins, Áslækjarrjómabúið, hefir orðið fyrir af hálfu Alþingis, þótt óviljandi væri. Jeg get að öðru leyti vísað til aths. við frv. þetta og býst við, að deildin taki því vel og loki því að halda leiðar sinnar. Því var vísað til landbn. í Nd., og ef hv. deild fyndi ástæðu til að vísa því til nefndar, ætti það heima þar, en jeg tel málið svo einfalt, að slíks ætti ekki að þurfa.

Sigurður Eggerz: Jeg vona, að háttv. deild láti nefnd athuga mál þetta. — Eins og hv. þm. mun kunnugt, var bannað með lögum 1923 að nota sömu tæki til smjör- og smjörlíkisgerðar. Álít jeg því varasamt að heimila nú að blanda þessu saman aftur, eins og frv. þetta gerir. Fyrir smjörbúin er freistingin mikil til að drýgja mjöðinn með lakari efnum, og það gæti haft óþægilegar afleiðingar fyrir orðstír smjörmarkaðarins út í frá. Hitt væri í lófa lagið, að smjörbú það, sem hjer er um að ræða, flytti tæki sín til smjörlíkisgerðar t. d. til Eyrarbakka. Þar eru vitanlega langtum betri söluskilyrði en uppi til sveita, og þá betri framleiðsluskilyrði jafnframt. Hjer er um hreint stefnuatriði að ræða, sem ekki má hrapa að. Jeg vildi því mælast til, að hv. landbn. kynti sjer mál þetta vel og vandlega, áður en hún kveður upp sinn dóm um það. Ekki veldur sá, er varar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekkert á móti því, að landbn. fái mál þetta til meðferðar og kynni sjer það til hlítar. En jeg hygg þó, að frv. stjórnarinnar muni bera sigur úr býtum, enda mun það ekki vera vanalegt, er lög eru sett, sem iðnrekstur varða, að þau nái til þess iðnrekstrar, sem fyrir er, þegar þau ganga í gildi. Gangur þessa máls er sá, sem kunnugt er, að á árinu 1923 var Áslækjarrjómabúinu veitt lán úr viðlagasjóði til þess að koma á fót smjörlíkisgerð í sambandi við rjómabúið, en sama ár

voru sett lög, sem bönnuðu smjörbúum að framleiða á sama stað smjörlíki og smjör. Þessi meðferð er ekki sanngjörn, og því er í frv. farið fram á, að smjörbúum sje veitt heimild til að nota tæki þessi eins og áður var. Að vísu kann það satt að vera hjá hv. 1. landsk. (SE), að smjörlíkisgerðin geti flutt sig, t. d. til Eyrarbakka, en bæði er það, að óvíst er, að menn vilji taka að sjer fyrirtækið með því móti, og þar að auki yrði smjörbúið að afla sjer nýrra tækja til smjörgerðar að einhverju leyti. Það er alveg rjett hjá hv. 1. landsk. (SE), að fullkomin ástæða er til að sýna varúð í þessu efni og gera alt, sem hægt er, til að hindra, að smjör verði falsað; en í þessu tilfelli álít jeg hættuna enga og ekki ástæðu til að gruna slíkt. En eigendur rjómabúsins verða hjer fyrir fjárhagslegu tjóni, ef heimildin er ekki veitt, og þar að auki er það ekki venja, eins og jeg þegar hefi sagt, að lög um iðnrekstur nái til þeirra stofnana, sem fyrir eru við setning laganna.

Sigurður Eggerz: Það er hverju orði sannara hjá hæstv. atvrh. (MG), að það er einkennileg aðferð að styrkja fyrst fyrirtækið með láni og banna það svo. En ástæðan er auðvitað sú, að þegar lánið var veitt, þá var mönnum ókunnugt um, að smjörbú og smjörlíkisgerð eru ósamrýmanleg eftir þeim reglum, sem gilda hjá þeim, sem reynslu hafa fengið í þessum málum. Hæstv. atvrh. (MG) talaði um óþægindi þau, sem af því leiddu, að sum tækin væru bæði notuð til smjörlíkis- og smjörgerðar, og yrði því að afla sjer nýrra tækja, ef smjörlíkisgerðin flytti sig. En þar sem nú eftir þeirri reynslu, sem fengin er annarsstaðar í þessum málum, og eftir vorri eigin löggjöf er bannað að nota sömu tækin, þá verður þetta smjörbú að beygja sig fyrir því eins og aðrir.

Enginn má skilja orð mín svo, að jeg vilji ekki láta sýna smjörbúi þessu fullkomna sanngirni. En þá álít jeg þá leið langtum heppilegri, að gefa beinlínis upp þetta 5000 kr. lán, heldur en veita heimild þá, er frv. fer fram á. Ef hún yrði veitt, gæti það orðið til þess að spilla smjörmarkaðinum, og þá væri áreiðanlega meira í húfi heldur en þessar 5000 kr. Eins er jeg sannfærður um hitt, að það yrði ekki til tjóns fyrir smjörlíkisgerðina að flytja sig til Eyrarbakka, heldur þvert á móti. Mikil framleiðsla er aðalskilyrðið fyrir smjörlíkisgerðina, en eftir því sem hún er afskektari, eru minni skilyrði til þessa fyrir hendi.

Það, sem landbn. þarf fyrst og fremst að athuga í máli þessu, er það, hvort þessi heimild geti ekki haft spillandi áhrif á íslenskan smjörmarkað.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get vel fallist á þá skoðun hv. 1. landsk. (SE), að rjett sje að athuga, hvort heppilegra sje að gefa upp lánið eða veita heimildina. En aðrahvora þá leið verður að fara, því að þingið getur að öðrum kosti ekki verið þekt fyrir afskifti sín af þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti held, að það sje alveg óhætt að veita heimildina. Þeir, sem náttúrlega hafa helst ástæðu til að beinast gegn því, eru smjörlíkisframleiðendur, og fyrir þeirra tilstilli er bannákvæðið fram komið. Það kann að vera rjett hjá hv. 1. landsk. (SE), að heppilegra sje að hafa þessar verksmiðjur í kauptúnum, en í þessu tilfelli getur það þó orkað tvímælis. Það smjörlíki, sem þar hefir verið framleitt, hefir einkum verið notað til viðbits þar eystra í sparnaðar-

skyni og þótt betra en annað smjörlíki, enda er þar völ á efnum, eins og t. d. mjólk, sem örðugra er að afla sjer í kaupstöðum. Annars er vandinn ekki annar fyrir smjörbúið — ef það vildi smeygja sjer undan banninu — en að reisa annað hús við hliðina á hinu, og það geta engin fyrirmæli bannað. Ef tilætlunin væri að beita svikum, er ákaflega erfitt að koma í veg fyrir það. En hjer hygg jeg, að slíkt komi ekki til mála, og í því trausti hefi jeg borið fram frv. þetta.

Sigurður Eggerz: Yfirleitt hefi jeg ekki fundið nein rök í ræðu hæstv. atvrh. (MG). Mjer skildist helst, að eigendur þessara fáu smjörlíkisgerða í landinu væru svo voldugir orðnir, að þeir hefðu sett þessi lög eða látið setja þau. *(Atvrh. MG:* Þetta hefi jeg aldrei sagt). Jeg held, að þingið mundi aldrei hafa gengið inn á þá braut af öðru en að menn með sjerþekkingu hafi bent því á, hvað rjeði annarsstaðar í þessum málum. Og að gefnu tilefni frá hæstv. atvrh. (MG) skal jeg taka það fram, að jeg er einn af þeim mönnum, sem hlut eiga í smjörlíkisgerð, og get jeg fullvissað hæstv. atvrh. um, að framleiðsla þessarar verksmiðju er svo lítil, að það munar engu fyrir smjörlíkisgerðina hjer í Reykjavík. Annað mál, ef smjörlíkisgerðin flytti niður á Stokkseyri eða Eyrarbakka, eins og jeg hefi bent á, að hagur væri fyrir smjörlíkisgerðina þar eystra.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist það á ræðu hv. 1. landsk. (SE), að hann telji mig hafa komið með getsakir í sinn garð, en það er alveg ástæðulaust; jeg sagði ekkert, sem hv. þm. hafði ástæðu til að skilja þannig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., mánudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 167).

Frsm. (Eggert Pálsson): Þó jeg hafi tekið að mjer framsögu í þessu máli, er því þannig varið, að það þarf ekki langrar ræðu við. Málið er svo skýrt, að engra frekari skýringa er þörf en þeirra, sem standa í greinargerð frv. sjálfs. Þar er alt það tekið fram, sem með þarf til að skýra tilgang frv. og nauðsyn þess.

Þessu máli er svo varið, að árið 1923 veitti Alþingi í fjárlögum Áslækjarrjómabúi í Hrunamannahreppi 5 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til þess að standast kostnað af kaupum á tækjum til smjörlíkisgerðar í sambandi við smjörgerð búsins. En litlu síðar á því sama ári samþykti þingið lög, sem banna tilbúning á smjörlíki á sama stað og af sama fyrirtæki, sem framleiði smjör. Þingið er þarna komið í mótsögn við sjálft sig, mótsögn, sem því ber skylda til að leiðrjetta á einhvern hátt. Það er augljóst, að það er ekki rjett, að þingið veiti lán til að kaupa fyrir áhöld til þess að framleiða með vöru, sem það svo bannar að búa til. Eigi þetta bann að haldast áfram, verður þingið að sjálfsögðu að bæta viðkomandi fyrirtæki þann halla, sem af banninu leiðir, t. d. með því að gefa eftir þetta lán að einhverju eða öllu leyti. Þess vegna var og farið fram á uppgjöf á láninu við þingið í fyrra, en það neitaði að verða við þeim tilmælum. En vegna þess, að þingið í

fyrra tók þessa stefnu, þá er nú reynt að fara þessa leið, að veita Áslækjarrjómabúinu undanþágu frá lögum nr. 38, 20. júní 1923, og lofa því að halda áfram þessari smjörlíkisgerð, sem aldrei hefir mikil verið, og verður vart meiri eftirleiðis. Framleiðslan hefir mestmegnis verið miðuð við notkun og sölu innanhjeraðs aðeins. Nefndin leit þess vegna svo á, að rjett væri að samþykkja frv., svo þessi undanþága yrði veitt Áslækjarrjómabúinu, en hinsvegar sá nefndin ekki ástæðu til, að undanþágan væri um ótakmarkaðan tíma eða eins óákveðin og frv. leggur til. Nefndin hefir því orðið ásátt um að gera till. um að breyta frv. í þá átt, að undanþágan eða framleiðsluleyfið verði ekki ótakmarkað, heldur skuli miða það við ákveðið árabil, og ekki lengra en þurfi til að endurgreiða lánið. Hversu lengi þetta leyfi þá muni standa, er auðvitað ákveðið með skuldabrjefi því, sem gefið hefir verið út fyrir láninu. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að háttv. deild samþykki frv. með þeirri breytingu, sem nefndin hefir stungið upp á og er á þskj. 167. En samkvæmt þeirri breytingu gildir undanþágan ekki fyrir önnur lík fyrirtæki en þau, sem fengið hafa lán á sama hátt til þessarar framleiðslu, og er þá vitanlega ekki um að ræða nema þetta eina rjómabú, Áslækjarrjómabúið. Hinsvegar getur vel verið, að einhver önnur rjómabú hafi einnig búið til smjörlíki án þess að fá slík lán til þess, og gildir þá þessi undanþága ekki fyrir þau, er frv. er samþykt eins og nefndin leggur til. Annars gæti þetta ef til vill náð til fleiri rjómabúa, ef frumvarpsgreinin væri orðuð svo sem hún er nú.

Sigurður Eggerz: Við 1. umr. þessa máls beindi jeg þeirri málaleitun til þeirrar nefndar, sem fengi málið til meðferðar, að hún leitaði sjer álits sjerfróðra manna í þessum málum, og eins skyldi hún afla sjer upplýsinga um, hvaða stefna væri ríkjandi erlendis í þessu máli, einkum hjá þeim þjóðum, sem lengst væru komnar í þessum iðnaðargreinum, t. d. Dönum. En við athugun nál. verður ekki sjeð, að nefndin hafi gert neitt í þessa átt, og tel jeg það illa farið. Þegar jeg sá, að nefndin hafði ekkert aðhafst í þessa átt, fór jeg til sjerfróðs manns og leitaði álits hans í þessu máli, og ennfremur bað jeg hann um upplýsingar viðvíkjandi því, hvort erlendis væri ekki álitið verulegt atriði í þessum iðnaði, að haldið væri aðgreindri smjörlíkisgerð frá smjörgerð. Maður sá, sem jeg leitaði til, var hr. Trausti Ólafsson efnafræðingur, forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins.

Þau svör, sem jeg fjekk, voru þess efnis, að alstaðar erlendis væri það talið mjög þýðingarmikið atriði í þessum málum, að smjör- og smjörlíkisgerð væri haldið vel sundurgreindri. Jeg fjekk hjá honum lista yfir mörg lönd, sem öll hafa mjög ströng ákvæði hjá sjer í lögum um það, að smjör- og smjörlíkisgerðir skuli vera aðskildar, og sýnir það ljóst, að þessar þjóðir allar álíta það raunverulegt atriði að aðskilja þessar iðnaðargreinir, og jafnvel eru í sumum löndum ákvæði í lögum, sem banna að selja smjör og smjörlíki í sömu verslunum. Hjer leyfi jeg mjer að lesa upp þau lönd, sem hafa leitt í lög hjá sjer aðgreining á smjör- og smjörlíkisgerð:

1. Þýskaland +, 2. Austurríki, 3. Belgía +, 4. England, 5. Danmörk, 6. Frakkland +, 7. Holland +, 8. Ungverjaland +, 9.

Luxemburg, 10. Noregur, 11. Portúgal, 12. Rússland +, 13. Finnland, 14. Sviss, 15. Svíþjóð, 16. Ítalía.

Síðasttalda landið er þó undantekning að því leyti, að þar er ekki lögleitt að sundurgreina þessar tvær iðnaðargreinir, en það hefir eins og þessi lönd öll lögboðið eftirlit með smjörlíkisgerð. Í þeim löndum, sem á listanum eru merkt með +, er einnig bönnuð sala á smjöri og smjörlíki í sömu verslun.

Þetta var það, sem háttv. landbn. hefði átt að leita sjer upplýsinga um.

Nú er sú hreyfing að vakna með þjóðinni að efla landbúnaðinn meir en gert hefir verið undanfarið, og ætti sú hreyfing að hafa byr undir báða vængi hjer á þingi sem annarsstaðar. Nú er verið að gera tilraunir til þess að koma á fót lánsstofnunum landbúnaðinum til styrktar, og yfirleitt er þjóðin að vakna til þess að gera meira en áður hefir verið gert fyrir landbúnaðinn. En þá skýtur nokkuð skökku við, ef við förum þá að brjóta grundvallarreglur annara þjóða, sem lengra eru komnar í öllum búnaðarmálum en við, og um leið raska með því grundvelli þeim, sem framtíðarmarkaður íslenska smjörsins hvílir á. Það var yfir höfuð mjög óheppilegt, að þingið 1923 skyldi veita þetta lán, og sýnir bæði það, og eins stefna þess í fyrra, er það neitaði eftirgjöf á láninu, hversu einmitt vanþekking þess er og hefir verið mikil í þessum málum. Og það var því síður ástæða til að veita þennan styrk, þar sem smjörlíkisgerð er nálega ávalt gróðafyrirtæki. En þó að þetta misstig hafi nú átt sjer stað, er þó minni ástæða til þess að halda lengra áfram á þessari skökku braut. Það er því miklu betra að gefa heldur eftir lánið að fullu en að stofna smjörmarkaðinum í voða. Það er vissulega óheyrilegt, ef það á að vinna til fyrir einar vesælar 5 þús. krónur! Auk þess hefi jeg þegar við 1. umr. um þetta frv. sýnt fram á það, að jafnvel þó lánið yrði ekki eftirgefið, en smjörlíkisgerðin flytti sig á braut í næsta kauptún, t. d. Eyrarbakka, yrði það samt gróði fyrir þetta fyrirtæki. Þá fyrst fengi það tækifæri til þess að græða svo nokkru næmi. Þetta bann er því í raun og veru alls ekki ilt fyrir smjörlíkisiðnaðinn.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál, en vil aðeins benda á í þessu sambandi, að það er ekki takandi svo mikið mark á því, þótt frv. fengi svo greiða afgreiðslu í Nd. sem það fjekk, því að þar eru nú allmargir þm., sem þegar eru farnir að sjá eftir þessu, er þeir hafa fest augu síðar á því, sem rjett er í þessu máli, og vita um þá reynslu, sem fengin er um þetta annarsstaðar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get tekið það fram, að jeg hefi í sjálfu sjer ekkert að athuga við brtt. nefndarinnar, en jeg geng út frá, að hún hafi ekki neina „praktiska“ þýðingu, og standi því á sama, hvort verði samþykt, hún eða frv. Því að þótt nefndin geri ráð fyrir, að til kunni að vera einhver önnur rjómabú, sem líkt standi á um, þá veit jeg ekki til þess. Jeg get vel gengið inn á breytingu nefndarinnar að því leyti, að leyfið standi ekki lengur en t. d. 15—20 ár, því að lánið mun vera veitt til þess tíma. Við búum yfir höfuð ekki til lög til lengri tíma en svo, og ættu hlutaðeigendur vel að geta verið ánægðir með þetta tímatakmark. Mjer þykir vænt um, að nefndin hefir viljað veita rjómabúi Hrunamannahrepps þessa undanþágu, þar sem eigendur þess hafa orðið fyrir sýnilegum

örjetti, með því að þeim er fyrst veitt lán til ákveðins atvinnurekstrar, en um sama leyti og lánið er veitt er þessi sami atvinnurekstur bannaður.

Jeg skal ekki rengja upptalningu hv. 1. landsk. (SE) á löndum, sem banni að framleiða saman smjör og smjörlíki, en hann gleymdi einu landinu, og það er Ísland, því að það er ekki rjett, sem hann er að gefa í skyn, að það eigi ekki að vera í lögum hjer að banna slíkt. Hjer er aðeins um mjög lítilfjörlega undantekningu að ræða frá reglunni. Og hefði hv. 1. landsk. (SE) ætlað sjer að sanna nokkuð með upptalningu allra þessara landa, þá hefði það átt að vera það, að hvergi væru undanþágur veittar, en um það gat hv. þm. ekkert, enda geng jeg út frá, að hann viti ekkert um það.

Aðalatriðið í mínum augum er að sýna sanngirni í þessu máli, og þá er ekki um aðra leið að gera en þá, sem ráðgerð er í frv., því að síðasta þing var beðið um uppgjöf lánsins, en neitaði, og því er ekki að vænta, að sú uppgjöf fáist fremur nú, þótt eftir yrði leitað í annað sinn. Þá get jeg heldur ekki sjeð, að þetta geti haft svo mikla þýðingu fyrir smjörmarkað okkar erlendis. Jeg get t. d. ekki skilið, að það verði talið sem heimsviðburður, þótt Áslækjarrjómabú framleiði eitthvað lítið eitt af smjörlíki, enda er allótrúlegt, að farið yrði að „agitera" gegn íslensku smjöri erlendis af þeim ástæðum. Þeir verða sjálfir að fá að ráða, hversu þeir haga smjörlíkisgerðinni hjá sjer, ekki síst er þeir framleiða það nær eingöngu handa sjálfum sjer, til þess að geta flutt út þess meira smjör, en reka enga verslun með smjörlíkið. Þess vegna verður ekki sjeð, að ísl. smjörmarkaði erlendis geti stafað nokkur hætta af þessari undanþágu.

Jónas Jónsson: Mjer sýnist alls ekki örvænt um, að fram úr þessu máli megi ráða án þess að samþykkja þetta frv. stjórnarinnar. Mjer virðist svo, að hafi það verið rjett yfir höfuð að banna að hafa þessa tvennskonar framleiðslu, þá hlýtur það einnig að vera rjett í einstökum tilfellum. Verður því sú krafa að fá að standa óhögguð, að þetta skuli vera sundurgreint. Hinsvegar eru hjer allir sammála um, að ljetta verði af láninu, og tel jeg það vel fært og vil skjóta því til háttv. nefndar að athuga, hvort ekki gæti komið til mála að taka málið út af dagskrá í bili og leita á meðan hófanna við fjvn. þingsins, hvort ekki fengist nú eftirgefið lánið, ef smjörmarkaðurinn sýndist vera í hættu vegna þessarar undanþágu. Þó ekki fengist eftirgefinn nema nokkur hluti lánsins, væri það þó betra en að þurfa að veita þessa undanþágu.

Frsm. (Eggert Pálsson): Hv. 1. landsk. beindi nokkrum ásökunum að nefndinni fyrir það, að hún hefði ekki leitað álits og umsagnar sjerfróðra manna í smjör- og smjörlíkisgerð. En jeg sje enga ástæðu til þess að beina slíkum ásökunum á hendur nefndarinnar, þar sem nefndinni datt ekki í hug að raska að neinu leyti grundvelli þeirra laga, sem um þetta gilda. Hefði svo verið, hefði verið sjálfsagt að leita álits sjerfróðra manna.

Fyrir nefndinni vakti ekkert annað en að reyna að leysa þetta spursmál, þar sem hvað rekst á annað. Og þó að umrædd undanþága yrði gefin, þá er það

engin röskun á grundvallaratriðum laga nr. 38, enda lítur ekki út fyrir annað en þingið álíti þessi lög á rjettum rökum bygð.

Háttv. 1. landsk. lagði fram skýrslu frá sjerfróðum mönnum um það, að þannig væri þessu hagað í öllum menningarlöndum, að smjör- og smjörlíkisgerð væri ekki látin fara saman, og fór mörgum orðum um það, hve stórhættulegt það gæti orðið fyrir markað íslensks smjörs, ef sömu reglu væri ekki að öllu leyti fylgt hjer. En álíta verður, að ef þessi undanþága gæti orðið hættuleg smjörmarkaðinum yfirleitt, að þá mundi hún og verða hættulegust þessu smjörbúi sjálfu, þar sem það hætti þá að fá markað fyrir sitt smjör. Nú er það vitanlegt, að smjörframleiðslan er stórum arðvænlegri en smjörlíkisgerðin, og liggur þá í augum uppi, að smjörlíkisgerðinni mundi þegar verða hætt hjá þessu búi, er það kæmi í ljós, að hinni arðvænlegri framleiðslu væri hætta búin af henni. Þess vegna er engin hætta á ferð, eins og líka er gerð grein fyrir í nál.

Hv. 1. landsk. þm. kvaðst heldur leggja það til, að lánið yrði gefið upp en þessi leið væri farin. Jeg efast mjög um, að byrlegar blási fyrir því máli en á síðasta þingi, og jeg efast einnig um, að hv. þingmenn geti þannig greitt atkv. ofan í sjálfa sig, því að ástæður hafa naumast breyst svo síðan í fyrra.

Viðvíkjandi því að taka málið út af dagskrá og bera það undir fjárveitinganefnd, þá er mjer það alveg sama. En hinsvegar er það engan veginn víst, að þingið fjellist á tillögur hennar, þótt hún fyrir sitt leyti vildi gefa lánið upp. Annars má láta málið bíða þingloka fyrir mjer. Því liggur vitanlega ekkert á. Fyrir mjer vakir ekkert annað en sanngirni; þar er um enga eiginhagsmuni að ræða frá minni hálfu. Og gæti það stuðlað að því, að heppilegri lausn fengist í þessu efni en sú, sem gert er ráð fyrir í frv., þá er jeg fús til þess að taka málið af dagskrá.

Sigurður Eggerz: Mjer heyrist á hv. frsm. (EP) og öðrum þm., að þeir telji það óheppilegt, að jeg hefi viljað slá því föstu, að varhugavert væri, að smjörlíkisgerð og smjörbú störfuðu í sameiningu. Þeir hafi enga rödd heyrt um það.

Jeg tel það rjett í þessu máli, sem byggja má á reynslu annara landa og sem sjá má af löggjöf vorri. Og ef það skyldi nú reynast svo, að það væri hættulegt smjörmarkaði vorum að gera slíkar undanþágur, er þá ekki harla lítilmótlegt af þinginu að hætta á slíkt fyrir einar 5000 kr.? Fyrir 5000 kr. á að setja markaðinn í hættu! Jeg verð að segja, að í þessu sambandi eru 5000 kr. hjegómi — ekkert annað.

Þótt þessi eftirgjöf gengi ekki fram á síðasta þingi, er ekki að marka það. Menn vissu ekki um málið þá. Þeir kunna að hafa áttað sig síðan. Jeg hefi t. d. átt tal við þm. úr Nd., og þeir sögðust álíta mjög athugavert, að þessi undanþága næði fram að ganga.

Hvað myndu sjávarútvegsmenn segja, ef eitthvað væri gert til að skemma markaðinn fyrir þeim? Jeg er hræddur um, að þá mundi heyrast hljóð úr horni, og varla mundu 5000 kr. þykja vega mikið þá. Hæstv. atvrh. ætti að gæta þess til samanburðar, og varla er þetta mál þannig vaxið, að ástæða sje til að gera háð að því.

Eitt aðalatriði fyrir oss verður jafnan það að útvega vörum vorum markað. Og þó langt sje frá oss til annara landa, þá

er það þó ekki svo langt, að ekki myndi frjettast, ef brotnar væru grundvallarreglur um trygging vörugæða. Hvort mundi ekki fljótlega frjettast til Englands, ef Danir gerðu annað eins?

Háttv. frsm. sagði, að það mundi sýna sig, að búið hætti við smjörlíkisframleiðslu, ef það sýndi sig, að hún spilti fyrir smjörsölu þess. En þess gleymist að gæta, að þetta gæti spilt fyrir sölu á öllu ísl. smjöri, ef til útlanda bærist. Svo mikillar varúðar er sumstaðar gætt um þessa hluti, að bannað er að selja hvorttveggja í sömu búðum, til þess að girða fyrir þá hættu, að saman sje blandað.

Viðvíkjandi því, er hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að taka málið út af dagskrá, þá hefi jeg ekkert við það að athuga. Það mætti gjarnan ganga til fjhn. og bíða þingloka.

Jeg get að lokum ekki annað en endurtekið það, að ef stofna á markaðinum í hættu fyrir einar 5000 kr., þá er misviturlega ráðið. Og jeg hefi leitt að því rök, — ekkert annað en rök, að með því að hafa smjörlíkisgerðina og smjörbúið saman er markaðinum stofnað í hættu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla ekki að gera þetta mál að kappsmáli; það er ekki svo stórvægilegt. En vegna þess, sem hv. 1. landsk. þm. (SE) sagði um hættu þá, er stafaði af því yfirleitt, að þessar tvær iðngreinir störfuðu í sameiningu, þá verð jeg að taka það fram, að þar með er engan veginn sannað, að þær megi aldrei vera saman. Og benda má á, að það er venja, þegar ný atvinnulöggjöf er sett, að leyfa þeim iðnstofnunum, sem þegar eru fyrir hendi, að halda áfram atvinnu sinni. Það er talin sjálfsögð sanngirni, og ætti því ekki við að láta þetta smjörbú sæta harðari kostum.

Það hefir verið talað um að gefa skuldina eftir, en þingið hefir þegar neitað því. Og satt að segja sýnist harla lítil ástæða til þess að gefa þetta eftir, einungis til þess að fyrirbyggja, að þessar tvær vörutegundir sjeu framleiddar á sama stað. Hið eina, sem getur mælt á móti þessu frv., er það, að Hrunahreppsmenn misbrúki undanþáguna og svíki smjörið, sem þeir selja. En mjer dettur ekki í hug að halda, að þeir geri það, enda væri þeim það verst sjálfum. Hjer er því, að mínu áliti, alls ekki um það að ræða að stofna smjörmarkaðinum í hættu fyrir 5000 kr., eins og hv. 1. landsk. (SE) sagði. En segjum að undanþágan yrði misbrúkuð. Hvað þá? Þá verður hún strax afturkölluð.

Hjer er því engin hætta á ferðum, og önnur lönd munu ekki standa á öndinni, þótt frv. verði samþykt.

Jeg sje enga ástæðu til þess að taka málið af dagskrá. Ef það verður látið bíða fram í þinglok, þá er það aðeins tilraun til þess að koma málinu fyrir kattarnef.

Það er ekkert vit í því í þessu sambandi að bera saman smjörútflutning frá Danmörku til Englands, vegna þess að smjörútflutningur Dana er stór liður fyrir Englendinga, en okkar alls ekki.

Jónas Jónsson: Á milli mín og hæstv. atvrh. er ekki mikill meiningamunur í aðalatriðinu, þar sem við erum báðir sammála um það, að girða beri fyrir það, að Áslækjarbúið bíði tjón. Mjer þykir ekki útsjeð um það, að háttv. þing vilji ekki gefa eftir skuldina, heldur en veita undanþágu, og fyrst hv. frsm. hefir tekið

liðlega í málið, að fresta megi 3. umr., þá fell jeg frá ósk minni um að taka málið af dagskrá, en legg til, að 3. umr. verði frestað.

Frsm. (Eggert Pálsson): Hv. 1. landsk. (SE) er altaf að hamra á þessu, að ekki megi brjóta grundvallarreglur laganna. Hann virðist ekki geta skilið, að hjer er að ræða um undanþágu fyrir eitt sjerstakt bú, sem var búið að fá leyfi þings og stjórnar til þess að starfa á þennan hátt, með því að fá lán til áhaldakaupanna. Og hvaða sanngirni er svo í því að banna búinu að nota áhöldin, og neita því jafnframt um eftirgjöf lánsins?

Háttv. þm. gerði mikið úr þeirri hættu, sem af þessu gæti leitt fyrir ísl. smjörmarkaðinn erlendis. Jeg get ekki skilið þessa hættu. Jeg get ekki skilið, að þetta bú færi að blanda saman smjöri og smjörlíki og gera sig þar með sekt í stórkostlegri óráðvendni í viðskiftum. Og enda þótt svo yrði gert, þá er hættan mest fyrir það sjálft, en ekki aðra. Alt útflutt smjör er nákvæmlega merkt frá hverju búi fyrir sig, og mundi það því fljótt sýna sig, ef smjör þessa bús væri verra en annara, og það þá ekki seljast. Að þessi undanþága kæmi til að spilla fyrir sölu á ísl. smjöri yfirleitt, kemur því ekki til mála.

Annað er það, að þótt skuldin væri gefin eftir, eins og hv. 1. landsk. vill vera láta, þá eru þó áhöldin kyr eftir, og hv. þm. hefir þá enga trygging fyrir því, að þau verði ekki notuð áfram. Jeg er ekki að væna hreppsmenn um slíka óráðvendni; en mjer finst, að háttv. þm., sem gerir ráð fyrir að hreppsmenn muni leika sjer að því að blanda smjöri og smjörlíki saman og selja sem smjör, geti búist við því, að þeir hjeldu áfram að nota áhöldin til smjörlíkisgerðar, þótt þeim væri gefið eftir lánið. Möguleikinn til þeirrar óráðvendni er ekki síður til heldur en hinnar, sem háttv. þm. hefir gert ráð fyrir, að hreppsmenn mundu beita, ef frv. yrði samþykt.

Viðvíkjandi því að fresta 3. umr. málsins, hefi jeg, eins og jeg áður tók fram, ekkert á móti.

Sigurður Eggerz: Hæstv. atvrh. sagðist ekki skilja, hvað það kæmi málinu við, að einhversstaðar væri bannað að selja smjörlíki og smjör saman í búðum. Jeg sagði þetta aðeins vegna þess, að jeg vildi sýna, hve varhugavert þykir að hafa þetta saman.

Hv. frsm. sagði, að þó komið hefðu vond „kvartil" frá einu smjörbúi, þá hefði það ekki mikil áhrif á markaðinn yfirleitt, því sú synd væri færð á reikning þess eina bús. En það er fjarstæða. Það er enginn vafi á því, að það verður sett á reikning íslenska smjörsins, en ekki Áslækjarrjómabúsins. Og þess er að vænta, að háttv. þing hafi skilning á því að láta ekkert ógert, sem stuðlað fær að því, að íslenskar afurðir reynist sem bestar.

Sigurður Jónsson: Jeg hefi ekki mikið um þetta mál að segja. Sú till., að fresta þessu máli, hefir ekki sætt neinni mótspyrnu í hv. deild, en út af því vil jeg taka það fram, að ef á að draga afgreiðslu þessa máls fram í þinglok, þá þykir mjer eins líklegt, að það komist alls ekki fram.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, að gallar á smjöri frá einu búi yrðu skrifaðir á reikning íslenska smjörsins *yfirleitt*, þá ber þetta aðeins vott um, að hann er algerlega ókunnugur starfs-

tilhögun í samvinnufjelögunum. Vörur frá hverju búi eru auðvitað merktar sjerstaklega, og því skellur þetta á þeim, sem smjörið senda. Að það hafi áhrif á heildina, er helber ímyndun hjá hv. þm. (SE).

Að lokum vil jeg vona, að háttv. deild greiði atkvæði um málið nú strax og samþykki till. nefndarinnar, því eins og jeg áður tók fram, er ekki sjeð, hvernig um málið kann að fara, ef draga á það fram í þinglok.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins árjetta það, að jeg tel mjög vanhugsað að draga málið fram í þinglok, og vil jeg mælast til þess við hv. nefnd, að hún sjái um, að málið komi í tæka tíð á dagskrá, svo að hægt verði að afgreiða það með góðu móti.

Annars fer jeg ekki að svara háttv. 1. landsk. (SE), þar sem hann er þegar svo steindauður, að hann má ekki bera hönd fyrir höfuð sjer, og allar staðhæfingar hans auk þess marghraktar.

Forseti (HSteins): Jeg vil aðeins geta þess, út af umræðum þeim, sem hjer hafa orðið, að ekki kemur til nokkurra mála að draga afgreiðslu þessa máls, og mun jeg sjá um, að það verði tekið á dagskrá að fáum dögum liðnum. Það er hvort sem er ekki svo flókið, að mjög langan tíma þurfi til undirbúnings.

ATKVGR.

Brtt. 167 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 35. fundi í Ed., föstudaginn 20. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 192).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg skal ekki halda hjer langa ræðu. En viðvíkjandi því, sem kom til tals við 2. umr., hvort ekki væri hægt að liðsinna aðstandendum Áslækjarrjómabúsins með því að gefa þeim eftir viðlagasjóðslánið, sem á þeim hvílir, að upphæð 5 þús. kr., þá er því að svara, að landbn. leitaði fyrir sjer til hv. fjvn. beggja deilda með tilmælum um, að þær gerðu till. í þá átt, en fjekk afsvar. Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta (HSteins), lesa upp brjef nefndarinnar til hv. fjvn. Nd. og svarið, sem hún gaf:

„Að gefnu tilefni leyfir landbn. efri deildar sjer virðingarfylst að beina þeirri fyrirspurn til hv. fjvn. neðri deildar, hvort hún sjái sjer fært að flytja tillögu um, að Áslækjarrjómabúi í Hrunamannahreppi verði gefið eftir viðlagasjóðslán það, að upphæð kr. 5000,00, sem því samkv. heimild í fjárlögum fyrir árið 1923 var veitt til þess að koma upp smjörlíkisgerð við búið."

Brjef þetta er dagsett 17. mars. Sama dag fær nefndin svo hljóðandi svar:

„Fjárveitinganefnd neðri deildar sjer sjer ekki fært að flytja till. um, að Áslækjarrjómabúi verði gefið eftir viðlagasjóðslánið."

Samskonar brjef var fjvn. Ed. sent, og kom þaðan samskonar svar. Það má þannig telja útsjeð um, að ekki verður hægt að koma á móti sanngjörnum kröfum þessa rjómabús með öðru móti en að samþykkja þetta frv. En hinsvegar væri það hin mesta óbilgirni að ætlast til þess, að búið endurgreiði þessar 5 þús. kr. án þess að það megi njóta þeirra áhalda, sem fyrir það hafa verið keypt — en öðruvísi verð-

ur ekki tekið atkvæði þeirra manna, er greiða það á móti frv. þessu.

Sigurður Eggerz: Mig furðar satt að segja á þeim litla skilningi á þessu máli, sem liggur í svari hv. fjvn. Því þetta er ekkert smámál, sem hjer er um að ræða, þó að það hafi verið látið í veðri vaka hjer. Það er ekkert hjegómamál, þegar um það er að ræða, hvort veita eigi einu rjómabúi einkaleyfi í 20 ár til þess að skemma og eyðileggja íslenskan smjörmarkað. Jeg hefi áður sýnt fram á það, að um 30 menningarríki fordæma aðferð sem þessa, og jeg hefi einnig sýnt fram á, að allir þeir menn hjer, sem mest skyn bera á þessa hluti, fordæma þetta sömuleiðis, og öll löggjöf er mótuð af því gagnstæða. Og þó vilja fjvn. fremur taka þann kostinn, að leggja smjörmarkaðinn í hættu, fremur en gefa eftir 5000 kr. Og ennþá furðanlegra er það, að hv. landbn., sem er þannig skipuð, að ætla mætti, að hún sjerstaklega væri vörður landbúnaðarins, skuli sýna jafnmikla ljettúð eins og hún gerir í þessu máli. Hefði fiskmarkaður vor átt hjer hlut að máli, þá myndi annað hljóð hafa komið í strokkinn, sem betur fer. Svo mikinn skilning hafa menn á síðari tímum öðlast á því, hve mikilsvert það er að forða fiskmarkaðinum frá öllu, sem orðið getur honum til skemda; svo mikinn skilning, að menn myndu ekki vilja fórna honum fyrir einar 5000 kr. Þetta er „princip"-mál, sem menn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir taka afstöðu til þess. Og jeg skýt því til hæstv. forseta (HSteins), að hann láti fara fram nafnakall um málið, svo hægt verði síðar meir að sjá, hvaða hv. þm. það eru, sem tóku þátt í þessu flani.

Sigurður Jónsson: Jeg verð að segja, að mjer var ekki auðið að sjá, að hv. 1. landsk. (SE) kæmi fram með nokkuð nýtt í þessu máli, sem hann hefir ekki sagt við fyrri umr. þess. En jeg get ekki skilið, hvernig stendur á þeim mjög svo hörðu orðum, sem hann ljet falla í garð landbn. og fjvn. Áhugi hans á þessu máli virðist vera svo sterkur, að hann hleypur með hann í gönur. Það er ennþá jafnósannað mál og það hefir áður verið, að með þessu sje verið að stofna smjörmarkaðinum í hættu. Og jeg endurtek það, sem jeg sagði í upphafi, að mjer finst öll framkoma hv. 1. landsk. í þessu máli harla óskiljanleg.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg bjóst ekki við, að hv. 1. landsk. (SE) tæki enn upp öll sömu orðin, sem hann hefir áður haft í þessu máli. Hann þykist sjá betur, hvað landbúnaðinum sje fyrir bestu en við, sem eigum sæti í landbn. og höfum allir verið bændur og verðum að teljast fylstu vinir bændastjettarinnar. Háttv. þm. held ur því fram, að þessi undanþága, sem hjer um ræðir, leiði til eyðileggingar á íslenskum smjörmarkaði. Hann gætir þess ekki, að hvert smjörbú hefir sitt sjerstaka merki, sem ekki verður vilst á, svo það kemur niður á því, og því einu, ef varan reynist illa. Ef smjörið frá Áslækjarrjómabúinu yrði blandað með smjörlíki eða líkaði að einhverju leyti illa, þá verður það til þess, að það hættir að seljast, en það leiðir svo að sjálfsögðu til þess, að búið hættir að framleiða slíkt smjör. Verði reyndin hinsvegar sú, að smjör frá Áslækjarbúinu verði, þrátt fyrir undanþágu þessa, 1. flokks vara, þá er vitanlega hættan sú fyrir dyrum, að það verði

fordæmi fyrir önnur bú að heimta sömu rjettindi. Og væru slík rjettindi veitt fleiri búum, eða lög nr. 38, 20. júní 1923, alveg afnumin, þá væri það skiljanlegt, að þeir, sem bera fyrir brjósti hag þeirra smjörlíkisverksmiðja, sem nú eru til, yrðu á nálum. En meðan þetta litla bú er eitt um þessa undanþágu, er lítil hætta á slíku.

F. h. landbn. leyfi jeg mjer að vísa á bug öllum ásökunum, sem hv. 1. landsk. (SE) ljet falla í hennar garð. Hv. þm. er áreiðanlega ekki einn um það að bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti, og allra síst að hann geri það frekar eða heitar en þeir menn, sem sæti eiga í landbn.

Sigurður Eggerz: Hv. 2. landsk. (SJ) sagði, að jeg hefði hlaupið í gönur í þessu máli. Slíkt og þvílíkt er hægt að segja, en hvers vegna færði hv. þm. (SJ) engar sannanir fyrir því? Enn þá er alt óhrakið, sem jeg hefi sagt í þessu máli. Jeg hefi vitnað í skoðanir ýmsra fræðimanna, og þær standa óhraktar. Einnig það stendur óhrakið, að 20—30 menningarríki fylgja sama „principi" og jeg í málum sem þessum. Sömuleiðis að þeir, sem mest skyn bera á þessi verslunarmálefni hjer á landi, líta á þetta sömu augum og jeg. Sá þm., sem talar út frá þeirri reynslu, hann er ekki að hlaupa í gönur. (*SJ:* Hann hleypur í gönur, þegar hann ásakar nefndina). Nei, jeg hefi afskaplega litla tilhneigingu til þess að víkja óþægilega að háttv. nefndarmönnum, og jeg bað nefndina að rannsaka þetta mál, vísaði henni á mennina, sem hún gæti spurt, og bað hana sjerstaklega að taka ekkert tillit til þess, sem jeg segði um málið frá mínu sjónarmiði, — og hvað gerði hún? Hún hefir ekki spurt einn einasta af þessum mönnum, — og af hverju? Jeg er hræddur um, að nefndin hafi ekki þorað að rannsaka málið vegna þess, að hún hafi óttast, að hún þyrfti að taka afstöðu öfugt við sannfæringu sína. Og hv. nefnd hefir verið mjög stöð í þessu máli; jeg verð ekki sannfærður um annað. Háttv. frsm. (EP) kom aftur með þá merkilegu athugasemd, að það væri ekki mikil hætta við það, þótt smjörið væri blandað; það kæmi þá aðeins á reikning smjörbúsins sjálfs, með því að hvert smjörbú hefði sjerstakt merki á sínu smjöri. En ætli það yrði nú ekki svo, að allar sendingar, sem á markaðinn kæmu, yrðu að bera það? Það þýðir t. d. ekki neitt að segja við fiskútvegsmann á Norðurlandi: Þú mátt verka fiskinn þinn þvert á móti öllum reglum, sem gefnar eru um fiskverkun yfirleitt, — því að þeir góðu menn vita það, að einn illa verkaður fiskfarmur verkar illa á allan markaðinn. (*EP:* Þetta er alt öðruvísi). Það þýðir alls ekki að segja þetta, því að ef það væri rjett, að smjörbúið ræki sig á, að það gæti ekki selt, og yrði að hætta, þá þyrfti ekki að setja það í lög, að ekki megi blanda smjörlíki í smjörið, og þá ætti hv. frsm. (EP) að koma með till. um, að þessi óþarfa löggjöf yrði upphafin. Nei, það er enginn leikur að gera þá hluti, sem geta stofnað markaði heillar þjóðar í hættu.

Þá sagði hv. frsm. (EP), að þetta væri ekki hættulegt fyrir smjörgerðina; það væri hættulegra fyrir smjörlíkisgerðina. En þetta er sú mesta fjarstæða. Nú eru komnar þrjár smjörlíkisverksmiðjur hjer á landi, tvær hjer í Reykjavík og ein á Akureyri, og þetta lítilræði, sem þessi litla verksmiðja þarna langt uppi í sveit framleiðir, er svo mikill hjegómi, samanborið við framleiðslu hinna, að það getur ekki gert framleiðslunni neitt, enda mun sú frjálsa samkepni, sem jeg mun ávalt vera

talsmaður fyrir, ráða öllu þar um. Nei, fyrir smjörlíkisgerðinni þurfa menn ekki að bera neinar áhyggjur, því að það er framleiðsla, sem borgar sig vel, og þótt framleidd sjeu nokkur tonn af smjörlíki af Áslækjarrjómabúinu, þá er engin ástæða til að það geri nokkuð eða hafi nokkur áhrif á markaðinn.

Því hefir verið hvíslað í krókunum hjer, að jeg væri svo fastur fyrir í þessu máli af því að jeg væri hluthafi í smjörlíkisgerðinni hjer. Jeg sýndi fram á, að ef þessi smjörlíkisgerð væri færð, gæti hún orðið öðrum keppinautur, en hún getur aldrei orðið það, af því hve erfitt er að koma vörunni á markaðinn. En, segi jeg, væri hjer talað af eigingirni, þá skulu hv. þm. ekki taka neitt tillit til míns persónulega álits, en aðeins til þeirra rannsókna, sem jeg vísa til. Það getur ekki verið fyrir mín áhrif, að 30 ríki í Evrópu hafa sett svona löguð ákvæði, og ekki er það heldur fyrir mín áhrif, að bæði formaður efnarannsóknarstofu Íslands og formaður Búnaðarfjelags Íslands eru alveg á mínu máli. Þessum aðdróttunum get jeg því alveg vísað á bug, og jeg hefi fært svo sterkar sannanir mínu máli til stuðnings, að ekki er hægt fyrir neina nefnd eða þing að komast framhjá þeim, nema með því að fara í nýjar gönur.

Hjer er um stórt „princip"mál að ræða, og ef þingið samþykkir þetta, þá er það sama og að leyfa þessu smjörbúi 20 ára „monopol" til að spilla fyrir smjörmarkaðinum íslenska, en þó að það verði kannske gert á þessu þingi, þá skal það ekki haldast lengi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hæstv. atvrh. (MG) er bundinn við umr. í hv. Nd., og vil jeg því segja fyrir hans hönd þau fáu orð, að hv. 1. landsk. (SE) gerir alt of mikið úr þessari lítilfjörlegu undanþágu, sem hjer er ekki verið að veita, heldur að heimila.

Jeg þykist vita, að það muni hafa komið fram við fyrri umr. þessa máls, að þetta er ekkert annað en það, að ríkið vill efna lítið loforð, sem búið var að gefa áður en núgildandi löggjöf um smjörlíki var sett. Ríkið var á formlegan hátt búið að leyfa það, að þetta eina rjómabú mætti búa til smjörlíki, og það er sjálfsagt yfirsjón, þegar þessi löggjöf var gefin, að ekki skyldi þá um leið sett í hana, að ríkið skyldi standa við áðurgefið loforð gagnvart þessu rjómabúi.

Jeg skil ekki í því, að þessi undanþáguheimild verði misnotuð á nokkurn hátt, enda gefur að skilja, að það ráðuneyti, sem veitt er heimild til að gefa undanþágur, getur þá sett skilyrði fyrir því, að undanþágan verði ekki misnotuð. Það er hægt að benda á, hverjar ráðstafanir mætti gera til þess. Það væri hægt að setja framleiðslu af útflutningssmjöri frá þessu rjómabúi undir sjerstakt eftirlit, til þess að tryggja það, að þaðan væri ekki flutt út smjör, sem væri smjörlíki blandað. Það er ofurljett að framkvæma þetta, þar sem þetta rjómabú sendir ekki til útlanda nema sárfáar sendingar á ári, og auðgert að taka sýnishorn af hverri sendingu, ef mönnum þykir þörf á því.

Jeg held, að jeg megi fullyrða, að við, þrátt fyrir þessa undanþáguheimild, höldum áfram að vera í tölu þeirra 30 ríkja, sem hv. 1. landsk. (SE) nefndi, að sniðið hefðu löggjöf sína eins og við, og að við föllumst á skoðanir sjerfræðinga þeirra, sem halda því fram, að ekki sje rjett, að þessum tveim framleiðslugreinum sje blandað saman. En mjer finst það óþarft,

að ríkið fari að gera sig sekt um brigðmælgi við einn einstakling fyrir þessa breytingu á löggjöfinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, BK, EP, EÁ, GÓ, HSn, IHB, JJós, JM, HSteins.

nei: SE, IP, JóhJóh.

Einn þm. (JJ) fjarstaddur.

Frv. endursent Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 192).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. mars, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 192, n. 222).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Eins og segir í framhaldsnál. landbn. á þskj. 222, þá hefir Ed. breytt frv. þessu lítilsháttar. Gengur breyting sú í þá átt að takmarka enn meir heimild þá, sem hjer er um að ræða, og þar sem það má teljast heldur til aukinnar varúðar gagnvart því, sem helst hefir þótt varhugavert við frv., þá getur nefndin fallist á breytingartill. hv. Ed. og væntir, að hæstv. stjórn og hv. deild geti einnig fallist á þær.

Í frv. hæstv. stjórnar er heimildin bundin við bú, sem framleiða bæði smjör og smjörlíki, en hv. Ed. hefir takmarkað undanþáguna ennþá meir og bindur hana við þau bú ein, er hafa fengið lán úr ríkissjóði til þeirrar framleiðslu, og fellur þá aðeins eitt bú undir þessi lög. Nú er ekki vitað um nema eitt bú, sem framleiðir bæði smjör og smjörlíki, og er frv. því að efni til eins og áður, en orðalaginu aðeins breytt. Þá hefir hv. Ed. ennfremur sett tímatakmark fyrir undanþáguna, þannig að hún gildir ekki lengri tíma en þarf til að endurgreiða lánið. Fellur þá undanþágan úr gildi af sjálfu sjer.

Einn nefndarmanna (HK) hefir skorist úr um fylgi við frv. og vill láta fella það. Um ástæðuna fyrir því er mjer ókunnugt, en tel víst, að hann muni sjálfur gera grein fyrir henni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg verð að játa þá yfirsjón mína, að jeg hefi fylgst illa með gangi þessa máls. En þar sem það er nú komið aftur fyrir hv. deild, finst mjer rjett að gera stutta fyrirspurn til hæstv. stjórnar. Geri jeg það ekki með það fyrir augum að spilla fyrir frv.

Það, sem jeg vildi forvitnast um, var aðeins það, hvort mál þetta hefir verið borið undir Búnaðarfjelag Íslands. Minnist jeg þess ekki, að það hafi verið gert meðan jeg hefi átt sæti í stjórn þess fjelags, en máske það hafi verið gert áður, eða skotist framhjá mjer. Er það sjerstaklega eitt atriði í þessu sambandi, sem gerir það að verkum, að rjett hefði verið að leita álits og ráða Búnaðarfjelagsins. Svo er mál með vexti, að ostagerð hefir aukist hjer mjög í seinni tíð, en það er vitanlegt, að smjörlíkisgerð í sambandi við rjómabúin hlýtur að spilla fyrir ostagerðinni. En hvort hagkvæmara sje, læt jeg ósagt, en það er atriði, sem kemur til athugunar í sambandi við þetta mál og Búnaðarfjelagið væri bærast að dæma um.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get verið þakklátur hv. nefnd fyrir að vilja samþykkja frv. með áorðnum breytingum.

Því jeg er þess fullviss, að ef farið yrði á ný að breyta frv., þá gæti það orðið hættulegt fyrir framgang málsins.

Út af fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ) get jeg lýst yfir því, að málið hefir ekki verið borið undir Búnaðarfjelagið. En sá maður, sem mestan hlut hefir átt að þessu máli, mun hafa átt tal um það við búnaðarmálastjóra. Annars sje jeg ekki, að þetta mál snerti Búnaðarfjelagið mikið. Frv. er borið fram til að ráða bót á því ranglæti, er Áslækjarrjómabúið hefir orðið fyrir af þinginu, sem veitti því lán til að kaupa vjelar til smjörlíkisframleiðslu, og bannar því skömmu síðar að nota þær. Það er heldur engin þörf að setja þetta mál í samband við ostagerð eða smjörbúin alment, því umrætt bú mun aðeins hafa í hyggju að framleiða smjörlíki til heimanotkunar, svo þeir bændur, sem hlut eiga að máli, geti selt meira smjör. Þeir eru búnir að leggja mikið fje í vjelar til þess, en þær yrðu þeim verðlitlar, ef þeir fengju ekki að nota þær á tilætlaðan hátt.

Út af tímatakmörkuninni, sem hv. Ed. hefir sett inn í frv., þá get jeg sagt það, að jeg tel hana ekki til bóta, þó jeg hinsvegar geti vel gengið inn á hana, enda eru venjulega ekki sett lög, er standa lengur en 10—15 ár. — Að lokum vona jeg, að ekki verði tafið lengi fyrir þessu frv., því yfirleitt gengur nú afgreiðsla mála heldur seint.

Hákon Kristófersson: Það má vel vera, að einhverjum komi það undarlega fyrir, að jeg skuli ekki hafa getað fylgt háttv. meiri hl. nefndarinnar að málum. Skal það og játað, að jeg hafði lítilla upplýsinga aflað mjer viðvíkjandi þessu máli, þá er það lá hjer fyrir í hið fyrra sinnið, en síðan hefi jeg snúið mjer til Trausta Ólafssonar efnafræðings, er mun manna bærastur til að dæma um þessi efni, og hefir hann tjáð mjer, að slíkt muni hvergi tíðkast, að rjómabú hafi jöfnum höndum smjör- og smjörlíkisgerð, og telur hann málið mjög varhugavert. Og því hefi jeg nú snúist á móti frv., að jeg tel ekki ósennilegt, að þessi undanþága, ef hún gengi fram, verði til þess að koma óorði á íslenskt smjör, sem hefir sannarlega ekki of gott álit fyrir, þó fremur væri hlynt að því heldur en hitt.

Það hefir verið talið, að þetta væri nauðsynlegt vegna lánsins, sem búinu hefir verið veitt. Jeg held nú, að það sje ekki einsdæmi, að einstaklingar eða fjelög ráðist í fyrirtæki, sem seinna verður þeim til óhagræðis. Og jeg gæti frekar fallist á, að búinu yrði gefið eitthvað eftir af láninu heldur en lagt yrði inn á þessa braut.

Jeg er sammála hv. þm. Str. (TrÞ) í því, að rjett hefði verið að bera mál þetta undir Búnaðarfjelagið. Og þegar það var afgreitt seinast í landbn., þá var formaðurinn þar staddur og taldi mjög varhugavert af nefndinni að fara þessu fram. Jeg lái raunar ekki hv. meðnefndarmönnum mínum, en það tek jeg undir með hv. þm. Str., að ósannað muni vera, hvort ekki sje notadrýgra að taka upp ostagerð heldur en smjörlíkisgerð, ef um það er að ræða að afla búinu tekna. Það er heldur ekki af því, að jeg vilji gera þeim, sem að búinu standa, illar getgátur, þótt jeg segi, að oft hafi það borið við, að ófyrirleitnir menn hafa blandað vörutegundir með öðrum verðminni efnum til að græða á því. Og þó að þeir menn, sem nú eru mestu ráðandi hinu svo nefnda Áslækjarbúi, sjeu vafalaust vandaðir menn og lausir við slíkt, þá er ekki hægt að segja, að svo verði altaf. Það er langt þangað til lánið verður að fullu endurgreitt, en á meðan hefir búið rjett-

inn til smjörlíkisgerðar. Og það er víst ekki langt síðan það notaði vjelarnar í heimildarleysi. Mjer finst því allra hluta vegna heppilegast að fella þetta frv. nú, en vildi þá gjarnan, ef slíkt þætti sanngjarnt, veita búinu fjárhagslega aðstoð á annan hátt í staðinn.

Það má vel vera, að svo reynist, að jeg hafi rangt fyrir mjer. En jeg vil engan hlut eiga í samþykt þessara laga, og get vel unnað þeim mönnum, sem berjast fyrir þessu máli, sómans af framgangi þess.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrst og fremst fyrir það, að hafa borið þetta frv. fram, og í öðru lagi fyrir meðmæli hans og stuðning í málinu fyr og síðar.

Eins og hv. deild man, þá gekk málið hjer í gegn umræðulítið. Það var fyrst, er frv. kom til hv. Ed., að bera tók á mótspyrnu gegn því. Sá mótþrói var víst sama eðlis og líkt rökstuddur og nú hjá hv. þm. Barð. (HK), og er því ekki úr vegi að athuga mál þetta nokkru betur.

Jeg vil þá fyrst taka það fram, að hjer er alls ekki um það að ræða, hvort hagkvæmara sje að taka upp ostagerð eða smjörlíkisgerð. Búið hefir sem sje þegar aflað sjer vjela og tækja til smjörlíkisgerðar, þó í smáum stíl sje og aðeins til heimilisnotkunar. Að strokknum einum undanteknum er ekkert þessara tækja notað við smjörgerðina, og sjálfur er strokkurinn svo einfalt áhald til hreinsunar, að óhugsandi er, að smjörið dragi dám af því smjörlíki, sem strokkað yrði í honum. Sömuleiðis er byggingu hússins svo háttað, að óhugsanlegt er, að smjörið geti úr loftinu orðið fyrir nokkrum áhrifum af smjörlíkinu.

Mjer fanst það koma fram í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), að hann byggist við, að ef eitthvað yrði aðfinsluvert við smjörgerðina, þá myndi það koma niður á öllu íslensku smjöri, sem kemur á erlendan markað. *(TrÞ:* Jeg hefi ekkert sagt í þessa átt). Þetta eru alt veigalitlar ástæður. Þó að þetta kynni að koma fyrir, sem jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ekki verði, þá lendir sú sök hjá því rjómabúi einu, sem smjörið er frá. Smjörið frá hverju rjómabúi er merkt, og ef um einhvern galla á vörunni er að ræða, þá tilkynnir það firma, sem smjörið hefir fengið, það þegar því rjómabúi, sem hlut á að máli. Og til hvers er háttv. þm. Barð. (HK) þá að spyrja? Það getur ekki þýtt annað fyrir þá, sem til þekkja, en að hann vilji á þennan hátt koma málinu fyrir kattarnef, úr því að búnaðarmálastjórinn er andvígur málinu, en jeg hygg, að andstaða hans og annara sje algerlega af misskilningi sprottin og að íslenska smjörið haldi því áliti, sem það hefir unnið, og meira að segja, þrátt fyrir það þótt mistök kynnu að verða á smjörgerðinni frá þessu eina rjómabúi, sem jeg vona, að ekki komi fyrir. Þetta kom einnig fram í hv. Ed., en þar var frv. samþykt með 9 eða 10 atkv. á móti 1. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. drap á, að rjettara væri að fá eftirgjöf á láni því, sem rjómabúið fjekk 1923, vil jeg minna hv. þm. (HK) á, að á síðasta þingi var farið fram á eftirgjöf, en að þessi hv. deild feldi þá málaleitun með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Ennfremur hefir nú verið leitað til fjvn. beggja deild um það, hvort þær vildu mæla með þessari eftirgjöf, og hafa þær sagt, að þær vildu það ekki. Jeg vænti því, að háttv. deild samþykki þetta frv., því að fyrir þeim andmælum, sem hjer eru borin fram, eru ekki svo veiga-

miklar ástæður, að þær ættu að verða frv. að falli.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil taka það fram aftur, að það var ekki eitt orð af andmælum í minni ræðu, og ef hv. 2. þm. Árn. (JörB) hefir skilið það svo, þá er það af því, að honum hefir misheyrst. En jeg játa það, að jeg hefi vanrækt skyldu mína um að fylgjast vel með málinu, þegar það var hjer fyr, og vildi því athuga það nú. Jeg get sagt það til hæstv. atvrh. (MG), að jeg kannast við tilgang hans, og er honum þakklátur fyrir. En jeg get bætt því við, að einn starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands hefir snúið sjer til mín og æskt þess, að fjelagið fengi að láta álit sitt í ljós um þetta mál, og þess vegna ber jeg fram þá ósk, að þetta fáist, og jeg skal bæta því við sem einn úr stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að það skal ekki verða nema örlítil töf, því að á morgun er fundur í stjórn fjelagsins, svo að hæstv. ráðherra þarf ekki að óttast, að þetta tefji fyrir málinu. Jeg ber fram þessa ósk vegna þess, að það á svo að vera, að stjórn fjelagsins fái að leggja álit sitt um þetta mál fyrir þingið.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg vildi svara þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. Str. (TrÞ) bar fram um það, hvort frv. hefði verið borið undir stjórn Búnaðarfjelagsins. Það hefir ekki verið gert. Þó ósannar þetta ekki það, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, að nefndinni hafi verið kunnugt um persónulegt álit búnaðarmálastjóra. Jeg verð að segja það, að ef Búnaðarfjelag Íslands hefði haft sjerstakan áhuga fyrir þessu máli, þá var stjórn fjelagsins jafnauðvelt að koma til landbn. eins og henni að bjóða því að fyrra bragði að athuga frv. Og því frekar hefði stjórn Búnaðarfjelagsins átt hægt með að bera þessa ósk fram, þar sem einn úr stjórn fjelagsins er þingmaður, og hefir því gott tækifæri til að vita, hvað málum líður í þinginu. Annars er þetta mál ekki svo flókið, að landbn. þættist ekki einfær að ráða áliti sínu um það.

Hv. þm. Str. var að tala um, hvort það væri nokkuð æskilegra fyrir þetta fjelag að reka þarna smjörlíkisgerð heldur en ostagerð. Má vel vera, og það væri betur að svo væri, segi jeg. En það snertir í raun og veru ekkert þetta mál, því að frv. hamlar ekki því, að búið snúi iðju sinni svo sem því sýnist um það að leggja stund á ostagerð í staðinn fyrir smjörlíkisgerð, og ef ostagerð væri ábatavænlegri, þá er því búi opin sú leið sem öðrum smjörbúum.

Þá ætla jeg með fáum orðum að víkja að því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, þótt þess sje naumast þörf, því að hann mun hafa borið fram þær ástæður, sem helst þykja mæla á móti þessu frv., en þeim hefir nokkuð verið hnekt hjer áður af öðrum. Jeg vil þá aðeins benda á það, sem jeg hefi sagt hjer áður, að búið sjálft á mest á hættu, ef það misnotar þetta leyfi. Hvert smjörbú hefir sitt sjermerki, og ef það kemur í ljós, að smjör frá þessu búi er verra en frá öðrum, þá gengur það algerlega út yfir sölu þess sjálfs. Í öðru lagi vil jeg benda á, að þetta eru aðeins heimildarlög, sem hægt er að nota eða láta ónotuð, ef ástæða þykir til, og stjórnin getur, hvenær sem hún vill, tekið í taumana; og í þriðja lagi álít jeg mjög litla tryggingu í því einu, að ekki megi reka smjörgerð og smjörlíkisgerð saman í búinu, eins og það væri eini möguleikinn til þess að geta falsað vöruna. Það væri

líklega ekki afartorvelt að fá smjörlíkið að fyrir þann, sem vildi blanda smjör með því. Jeg hefi þess vegna litla trú á þessu atriði sem nokkurs nýtu tryggingarákvæði, og þótt það sje tíðkað í öðrum löndum að banna þetta, þá mun það þó ekki undantekningarlaust, eins og hv. þm. Barð. (HK) benti líka á, og það sannar ekki meira en það, að menn hafa talið það æskilegast að hafa það svo, enda sennilega engum árekstri valdið — eins og hjer — að skipa svo til.

Þar sem hv. þm. Barð. sagði, að sjer væri kunnugt um, að búið hefði til þessa óleyfilega notað áhöld sameiginlega fyrir smjör og smjörlíki, þá kemur það ekki við nefndinni að athuga það, heldur hæstv. stjórn. Jeg vil þá út af því benda á, að það gæti verið ástæða til fyrir stjórnina, af því að þetta er eina smjörlíkisgerðin, sem starfar í sveit, að láta athuga, hvort hún starfar ekki að öllu leyti eftir fyrirmælum laga, sem henni hafa verið sett.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, vildi jeg aðeins benda á það, að það er ekki tilgangur þessa frv. að innleiða það sem reglu, að það megi hafa saman smjör og smjörlíkisgerð, heldur aðeins leyfa það í þessu eina tilfelli, leyfa þeim að halda áfram atvinnu, sem byrjað hafa á henni áður en lögin komu, af því að þess var ekki gætt, þegar lögin voru sett, að veita þessa undanþágu; hefði þess verið gætt þá, er jeg viss um, að það hefði þótt sjálfsagt. Ef þessir menn vildu nú fara að svíkja sína vöru, þá kemur það niður á þeim sjálfum, því að varan er merkt, og jafnvel þó að þessi undanþága væri gerð, þá kemur mjer ekki til hugar að halda, að það fljúgi eins og eldur í sinu út um öll lönd, að Áslækjarrjómabúið hafi nú fengið þessa undanþágu og að öllu íslensku smjöri sje hætta búin af þessu á erlendum markaði. Auk þess er þetta aðeins smáframleiðsla, er bændur hafa þarna til þess að geta selt meira að smjöri; þeir eru ekki að selja smjörlíki út um alt eða að bjóða það hjer í Reykjavík.

Hv. þm. Str. (TrÞ) kvaðst hafa fylstu samúð með þessu frv., og fyrst svo er, að hann vill láta bæta rjómabúinu skaðann, þó ekki með eftirgjöf lánsins frá 1923, því að þeirri leið var hann mótfallinn í fyrra, þá sje jeg ekki annað en hann hljóti að fylgja þessu frv., en ef hann gerir það, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann vill fá umsögn Búnaðarfjelagsins um málið. En jeg þekki líka annan mann í stjórn Búnaðarfjelagsins; hann veit um þetta frv. og er ekkert á móti því. Jeg hefi líka talað við búnaðarmálastjóra; hann var nokkuð hikandi, þótt hann virtist ekki eindreginn á móti málinu, svo að það mundi fara svo í stjórn Búnaðarfjelagsins, að tveir menn þar myndu vera með því, svo að jeg veit ekki, til hvers á að senda frv. þangað. Og ef það kemur umsókn frá þessu rjómabúi, þá skal jeg senda hana Búnaðarfjelaginu til umsagnar, svo að það geti komið fram með þær athugasemdir, sem það kynni að vilja gera. Annars vil jeg segja það, að hvað sem Búnaðarfjelagið kynni að segja um þetta, þá myndi jeg samt sem áður fylgja fram þessu frv., því að þótt jeg vilji gjarnan sækja ráð til Búnaðarfjelagsins, og geri það oft, þá get jeg ekki látið binda mig við álit þess, enda er hjer ekki um neitt landbúnaðarmál að ræða. Hjer er aðeins um sanngirnismál að ræða, rangindi, sem þarf að leiðrjetta, og hættan er engin, því að ef þessum mönnum dettur í hug að fara að svíkja smjör sitt, sem mjer dettur ekki í hug að halda, þá

verður það verst fyrir þá sjálfa og afleiðingarnar af því bitna á þeim einum.

Hákon Kristófersson: Jeg skal taka undir þau orð, sem hv. þm. Str. (TrÞ) mælti; aðeins vil jeg lýsa yfir því, að jeg er sannfærður um, að hæstv. atvrh. (MG) gengur ekki annað en gott til að því er framkomu hans snertir í þessu máli. Hæstv. atvrh. var að tala um það, eins og reyndar fleiri háttv. þm. hjer í deildinni, að þetta væru aðeins heimildarlög, en heimildarlög, sem vitanlega verða notuð, og í því skyni að fá lagalegt innsigli fyrir það, sem gert er í heimildarleysi. *(Atvrh. MG:* Það er hægt að kippa leyfinu aftur). Já, það er nú svo, en jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. atvrh. lítur svo á, að frv. þetta megi endilega til með að verða að lögum í dag, þar sem það er vitanlegt, að þetta mál er eitt af þeim fyrstu, og jeg býst þar á ofan við, að ekkert verði fyrir því tafið. Hvers vegna má þá ekki taka málið út af dagskrá í dag til að gefa Búnaðarfjelaginu kost á að segja álit sitt um það? Það eru tekin stærri mál af dagskrá í líkum tilgangi.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði, og mjer virtist hæstv. atvrh. taka undir það, að þessi smjörlíkisgerð væri ekki meiri en svo, að það væri aðeins fyrir sveitina, en það sannar ekkert, að hún geti ekki orðið meiri í framtíðinni. Því hefir verið haldið fram, að það kæmi niður á viðkomandi búi, ef missmíði fyndust á smjörinu, en mjer er það mjög óskiljanlegt, því ef smjörið er sent til útlanda og líkar illa, þá verður naumast sagt, að smjörið sje frá Áslæk, heldur verður alment sagt, að íslenska smjörið reynist illa, og jeg held, að það næði alveg eins til þeirra, sem ættu engan skylduhlut að máli, auk þess sem mætti búast við, að þetta yrði misnotað gagnvart innanlandssölu. Mjer er þegar sagt, að íslensku smjörlíki sje hnoðað saman við smjörið, og einmitt frá þessu búi, en það á að heita svo, að það sje gert til þess að koma sveitamönnum, sem hlut eiga að máli, til að eta smjörlíkið. En jeg skil ekki í því og vil ekki trúa þeim orðrómi, sem þá mundi leggjast á okkur bændur, enda hygg jeg, að slíkt mundi fljótt koma niður á okkur sjálfum, á þann hátt, að illa gengi að fá fólkið til að vinna fyrir sig, að minsta kosti held jeg, að jeg gæti ekki gert slíkt, þótt jeg, efnahagslega sjeð, gæti haft sömu tilhneigingar og aðrir bændur. Jeg get því ekki sjeð, að með þessum orðum mínum hafi á nokkurn hátt verið hneigt að því, að þetta eina rjómabú hefði alt á hættu, og jeg held því fram, að þessi hætta geti í flestum tilfellum náð yfir alla.

Jörundur Brynjólfsson: Það er leiðinlegt, hvað það virðist ætla að ganga illa að sannfæra háttv. þm. Barð. (HK) um það, að þótt einhver galli kæmi í ljós á smjöri frá þessu búi, þá ætti það ekki að ná til alls landsins, heldur aðeins til þess bús, sem sendingin er frá. En það lítur helst út fyrir, að hv. þm. (HK) viti ekki, hvað gerist í viðskiftum hjer nje erlendis. Þau firmu, sem fá sendingar hjeðan, snúa sjer til þeirra, sem selja þeim hjer heima, og færa þeim sitt lof og last. Og geta má nærri, hvort þeim mönnum, sem að þessu búi standa, er fremur öðrum svo ósýnt um hag sinn, að þeir reyni ekki að vanda smjörgerð sína sem best þeir geta. Þetta er því algerlega óþarfur ótti hjá hv. þm. (HK), því að ekki síst vegna þess, að þeir hafa smjör- og smjörlíkisgerð saman, munu þeir gæta allrar varúðar. Reyndar eru farnar að berast sögur um búið inn í þingið, um að það misnoti þau tæki, sem

það hefir, en með því að þessar sögur eru eftir ónefndum mönnum, eru þær ekki að nokkru hafandi. Annars vildi jeg taka hjer inn í eina athugasemd til hv. þm. Str. (TrÞ), því að það er svo lítið, sem jeg hefi að svara honum. Jeg skil ekkert í þeim ástæðum hv. þm. (TrÞ), sem hjer hafa fram komið, að nauðsynlegt sje að leita nú álits Búnaðarfjelagsins, einkum þegar þess er gætt, að það er fyrirfram vitað, hvert álit þess er á þessu máli. Jeg vona, að það gangi fram, hvert sem álit þess annars kann að verða. Og einkum á jeg hágt með að skilja þessa ástæðu hv. þm. (TrÞ), þar sem mjer virðist hann í sjálfu sjer vera frv. fylgjandi. Ennfremur er það upplýst, að annar maður úr stjórn Búnaðarfjelagsins er frv. meðmæltur. Hvað er þá unnið við að senda Búnaðarfjelaginu frv. til umsagnar? Að vísu mun búnaðarmálastjóri vera ragur við að veita þessa undanþágu. *(HK:* Hann er eindregið á móti því). Gott og vel! Látum hann vera ákveðinn á móti frv. Það er samt sem áður engin ástæða til að fá mótmæli hans á annan hátt en þau eru þegar fram komin. Jeg tek hv. þm. Barð. (HK) fullkomlega trúanlegan í þessu efni og get alveg látið mjer nægja, að hann hefir nú skýrt frá afstöðu búnaðarmálastjóra til málsins. Hinsvegar þykist jeg vita, að andstaða hans gegn frv. sje bygð á svipuðum rökum og þegar eru fram komin í hv. Ed. og hjá hv. þm. Barð. (HK), og þau rök rjettlæta ekki einu sinni, að málið verði nú tekið af dagskrá, hvað þá heldur meira.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, að smjörlíkisframleiðsla þessa rjómabús myndi aukast með tímanum, þá er þess að gæta, að það er útilokað fyrir þá sök, að tækin eru svo smávaxin. Það eru engar líkur til þess, að búið geti framleitt meira smjörlíki en til notkunar innansveitar og í hæsta lagi miðlað einni eða tveim næstu sveitum örlitlu í viðlögum.

Þá drap hv. þm. (HK) á það, að merkur maður hafi sagt honum, að smjörlíki væri blandað saman við smjör þar eystra. Jeg held að þetta sje ekki svo saknæmt á þann hátt sem það er gert, sem sje eingöngu til þess þannig að drýgja íslenska smjörið til heimilisnotkunar. Því jeg þykist vita, að hv. þm. vilji ekki væna bændurna þess, að þeir blandi smjörið, sem þeir selja, á þennan hátt. *(HK:* Jeg tók það fram, að þeir notuðu smjörið, sem þeir blanda, heima). Það kemur bændunum einum við, hvernig smjör þeir nota heima fyrir, og fæ jeg engan veginn sjeð, hvað þetta getur snert hjúahald þeirra yfirleitt, eins og háttv. þm. var að tala um.

Það ætti þó ekki að vera lakara að nota smjör og smjörlíki samblandað heldur en óblandað smjörlíki, eins og dönsku bændurnir gera að mestu leyti. Danir, sem eru einhver mesta landbúnaðarþjóð, sem sögur fara af, flytja smjörið úr landi, sökum verðmætis þess, en bændurnir nota aftur á móti mjög mikið smjörlíki heima fyrir. Jeg get ekki betur sjeð en að okkur sje alveg óhætt að taka Dani til fyrirmyndar í mörgu því, er að búskap lýtur. Ef við værum svo efnum búnir, að við gætum látið það eftir okkur að nota eingöngu íslenskt smjör, þá væri það mjög ánægjulegt, bæði fyrir húsbændur og hjú. En því miður, efnahagur bænda leyfir ekki annað en að þeir gæti allrar ráðdeildar og hagsýni í búskap sínum. Mjer sýnist það koma úr hörðustu átt, að fulltrúi bændakjördæmis, sem sjálfur er og bóndi, skuli telja viðeigandi að hnýta í bændur fyrir þetta.

Hv. þm. (HK) lauk ræðu sinni með

því að slá því föstu, að alt íslenskt smjör hlyti að gjalda þess á erlendum markaði, ef í ljós kæmi, að þetta eina rjómabú misnotaði heimild sína til að framleiða smjörlíki. Þetta eru auðvitað ekkert annað en getgátur, sem reynslan mun ósanna á sínum tíma.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bjóst alls ekki við að þurfa að tala enn í máli þessu, allra síst þrisvar sinnum, eins og nú er komið á daginn.

Jeg verð að játa, að mjer þykir leitt og jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. atvrh. (MG) og hv. nefnd geta ekki orðið við hinni sanngjörnu beiðni Búnaðarfjelagsins að fá málið til umsagnar, og það því fremur, þegar jeg hefi lýst yfir því, að jeg skuli ábyrgjast, að þetta skuli ekki tefja mikið fyrir málinu.

Því til sönnunar, að jeg fari ekki fram á þetta af illvilja til frv., skal jeg geta þess, að enda þótt neitað verði að taka málið af dagskrá að þessu sinni, þá mun jeg samt ekki greiða atkv. á móti frv.

Jeg þykist vita, að hæstv. atvrh. (MG) hermi rjett frá því, að jeg hafi verið á móti því í fyrra að gefa Áslækjarrjómabúinu eftir viðlagasjóðslánið, og í samræmi við það er jeg nú samþykkur þeirri hugsun hæstv. ráðh. (MG) að rjetta hag þeirra manna, sem hjer eiga hlut að máli, á einhvern hátt; ef ekki á annan hátt, þá þann, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að annar maður úr stjórn Búnaðarfjelagsins, skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, væri sömu skoðunar á máli þessu sem jeg, vildi sem sje láta frv. þetta ná fram að ganga, eftir atvikum. Jeg efa ekki, að þetta er rjett hermt, en það ætti miklu fremur að hvetja hv. fylgjendur frv. til þess að leyfa Búnaðarfjelagsstjórninni að fjalla um málið.

Annars skal jeg geta þess, eins og hæstv. atvrh. er kunnugt, að þegar stjórn Búnaðarfjelagsins fær eitthvert mál til umsagnar, þá lætur hún ekki einungis í ljós álit stjórnarnefndarmannanna, heldur ber hún málið einnig undir sjerfræðinga þá, sem vinna í þjónustu fjelagsins.

Það er rjett, sem hv. frsm. (HStef) sagði, að þessar óskir Búnaðarfjelagsins hefðu getað komið fyr, enda hefi jeg áður viðurkent þetta. En annir mínar hjer á þingi — og ýms önnur atvik — hafa valdið því, að svo varð ekki. En þá hefði landbúnaðarnefnd átt að taka þetta upp hjá sjálfri sjer.

Ef hv. nefnd og hæstv. atvrh. (MG) geta ekki orðið við þeim tilmælum að taka málið af dagskrá í dag, þá vil jeg að lokum vænta þess, að hæstv. forseti sjái sjer fært að gera annað tveggja, að taka málið af dagskrá upp á eigið eindæmi, eða a. m. k. bera það undir hv. deild, hvort svo skuli gert.

Þessari beiðni fylgir loforð mitt um, að málið skuli ekki tafið lengi hjá stjórn Búnaðarfjelagsins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekki sagt, að jeg myndi setja mig þvert upp á móti því, að mál þetta yrði nú lagt fyrir Búnaðarfjelagsstjórnina, en hinsvegar sje jeg enga knýjandi ástæðu til þess. En satt að segja er mál þetta ekki lengur beinlínis undir minni umsjón, heldur háttv. landbn., og ef vill, þá hefi jeg ekkert á móti því, að það verði nú tekið af dagskrá, sjerstaklega þegar hv. þm. Str. (TrÞ) hefir lofað, að enginn verulegur dráttur skuli verða á málinu við

það, að stjórn Búnaðarfjelagsins fái það til umsagnar.

En um leið vil jeg beina því til háttv. þm. (TrÞ), að hann sjái svo um, að öll stjórn Búnaðarfjelagsins fjalli um málið, en ekki búnaðarmálastjóri einn. *(TrÞ:* Það skal gert). Hann fjallar oft einn um þau mál, sem stjórn Búnaðarfjelagsins fær til umsagnar, en slíkt tel jeg ekki borið undir stjórnina. Get jeg og ímyndað mjer, að búnaðarmálastjóri muni leggjast á móti þessu frv., ef hann á einn að segja álit Búnaðarfjelagsins á því.

Forseti (BSv): Þar sem fram hafa komið eindregnar óskir frá tveim háttv. þm., sem eru forvígismenn landbúnaðarins, um að taka málið af dagskrá að þessu sinni, og þar sem óskir þessar hafa ekki sætt andmælum hæstv. atvrh. (MG), enda ekki sjáanlegt, að málið bíði skaða við að verða athugað af þeirri stofnun, sem veitir búnaðarmálum þjóðarinnar forstöðu, þá tek jeg málið hjer með af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta frv. hefir fengið rækilega athugun. Það er stjórnarfrv. og er búið að ganga í gegnum 3 umr. í hvorri deild og hefir verið athugað af landbn. beggja deilda. Það hefir verið andstöðulaust að kalla, þar til einn maður úr landbn. Nd. fjekk æðri þekking og skarst úr fylgi við það. Þetta mun hafa orðið til þess, að frv. var tekið út af dagskrá, til þess að leita umsagnar Búnaðarfjelags Íslands um það. Er það nú komið úr þeim hreinsunareldinum óbrunnið enn, er reynslan sker nú brátt úr, hvort hv. þdm. eru svo sannfæringarliðugir, að þeir vilji nú bera það á bál.

Álit Búnaðarfjelags Íslands hefir landbn. sjeð, og ræður það frá að samþykkja frv. Landbn. hefir athugað mótmælaástæður Búnaðarfjelagsins, og jeg má lýsa yfir því fyrir hennar hönd, að afstaða hennar er óbreytt. Hún mælir með frv. sem áður, að undanskildum hv. þm. Barð. (HK).

Mótmælaástæður Búnaðarfjelagsins eru alveg þær sömu, sem hv. þm. Barð. bar hjer fram í deildinni — hvorki fleiri eða ítarlegri. Eina ástæðan, sem fram er færð gegn frv., er sú, að það gæti vakið tortryggni utanlands og innan gagnvart rjómabúunum. Þessar ástæður eru margbraktar áður, og get jeg ekki verið að hafa það upp aftur. Jeg vil aðeins taka það fram, að sú skoðun kom eindregið fram, þegar frv. var samþykt 1923, að þær tryggingarráðstafanir, sem felast í 5. gr., væru einskisvirði. Jeg get þar einkum vísað til ummæla háttv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hann segir svo:

„Jeg ætla að minnast örlítið á 5. gr. þessa frv. Mjer virðast ákvæði greinarinnar vera hreinn barnaskapur og engu með henni náð. Smjörið getur verið blandað með smjörlíki eftir sem áður, ef menn á annað borð vilja gera slíkt. En þó þetta sje gagnslaust, þá er það ekki meinlaust ....“

Þetta eru sömu ástæður, sem nú hafa verið bornar fram, og sýnir það ljóslega, að menn hafa komið auga á þegar í upphafi, að tryggingarákvæði 5. greinar eru einskisverð. Þegar svo hjer við bætist, að farið er fram á aðeins heimild fyrir stjórnina til þess að veita *einu* smjörbúi

undanþágu frá þessu einskisnýta tryggingarákvæði, þá held jeg, að lítil ástæða sje til að vera á móti frv., og þegar hjer við bætist enn, að stjórnin getur sett skilyrði fyrir undanþágunni, ef þess þykir þörf, verður ástæðan gegn frv. enn minni, ef hún getur minni verið. Stjórnin gæti t. d. sett sjerstakt eftirlit með þessu búi; hún gæti gert því að skyldu að láta rannsaka útflutningssmjör þess efnafræðilega, og jafnvel sett þau skilyrði, að smjörið yrði eingöngu selt innanlands, enda munu smjörbúin selja smjör sitt engu minna innanlands en utan og við engu lægra verði.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja fleira að sinni.

Pjetur Þórðarson: Þessi hindrun á vegi frv. hefir komið fram í því formi, að slík ákvæði sem þessi væru hættuleg smjörframleiðslunni og sölu afurðanna á erlendum markaði. Þessi hætta á að vera fólgin í því, að smjörið geti verið svikið, þegar svo stendur á, að það er framleitt í sömu húsum og smjörlíki er framleitt í. En þessi hætta er áreiðanlega lítils virði, og ekki nærri þess virði, sem sjálfsagt er að greiða þessu smjörbúi, ef frv. verður ekki samþykt. Það er engin hætta á, að slík verksmiðja fari að taka upp á því að svíkja smjör. Hv. þm. Barð. (HK) sagði um þessa ímynduðu hættu, að ef smjörið flyttist gallað til Englands, þá yrði — að því er mjer skildist — slegið upp auglýsingu um, að rjettast mundi að kaupa ekki smjör oftar frá Íslandi. Þetta er fjarstæða. Þeir, sem taka við því þar, hafa líka sinna hagsmuna að gæta í þessu efni og eru ekki svo grannvitrir að fara að auglýsa það, þó það kæmi fyrir, að smjörið væri gallað. Jeg veit þess dæmi, að komið hefir fyrir, að ull, kjöt, gærur og fleiri vörutegundir hafa að einhverju leyti reynst skemdar, en það hefir ekki haft þær afleiðingar í för með sjer, sem hv. þm. Barð. (HK) er svo hræddur um. Frá þessu sjónarmiði eru því framkomnar mótbárur lítils virði. Þegar tveir háttv. þm. vilja nú leggja sig svo langt til að leita að mótbárum eða ímynduðu tjóni, geri jeg ráð fyrir, að þeir fari eftir áliti sjerfræðinga í þessu efni. Þetta álit sjerfræðinga hjer í Reykjavík er nefndinni löngu kunnugt. Það var kunnugt, þegar þessi lög voru til meðferðar í þinginu á sínum tíma. Hinsvegar gæti þessi útlistun á hættunni aðeins átt við þar, sem mikið er fjölmenni, en síst hjer, þar sem framleiðsla er rekin af fáum mönnum uppi til sveita. Öðru máli væri að gegna, ef í hlut ættu menn, sem gætu notað vísindalega þekkingu sína til að svíkja. En að ætla íslenskum bændum það, nær engri átt. Nei, það er dálítið annað á ferðum. Jeg held, að þessi hindrun nú á síðustu stundu stafi af öðru. Og jeg get varla hugsað mjer, að það hafi farið fram hjá nokkrum hv. þdm., að mennirnir, sem hjer reka smjörlíkisgerð, eru hræddir við, að þessi litli atvinnurekstur bænda sje hindrun fyrir framleiðslu þeirra. Mjer finst menn geta verið fljótir að átta sig á, að þetta er fólgið í smávægilega ímynduðum hagsmunamissi fyrir fáeina atvinnurekendur hjer í Reykjavík. En þrátt fyrir þetta þarf framleiðsla bænda ekki að vera í hættu stödd. Íslenskir bændur eru of ráðvandir og hagsýnir til þess að svíkja sjálfa sig á að senda út skemdar vörur. Mig furðar á því, að stjórn Búnaðarfjelags Íslands skuli geta fengið sig til að leggja á móti þessu, sem aðeins er hagnaður fyrir örfáa bændur í sveit, en engum til miska. Jeg vona, að ekki verði miklar umr. um þetta mál og menn verði

fljótir að átta sig á, að ekki er vert að eyða miklum tíma til þess.

Hákon Kristófersson: Það var rjett hjá hv. frsm. (HStef), er hann sagði, að jeg hefði upprunalega verið með þessu máli, og mjer þykir engin skömm að játa, að jeg hafði þá ekki nægilega þekkingu á málinu, og fór því eftir áliti manna, sem jeg vissi, að höfðu betra vit á þessu en jeg. Þess vegna frábið jeg mjer ummæli hv. frsm. Það er betra að geta farið að hygginna manna ráðum en að vera sá stirðbusi að halda því fram, að sín skoðun sje sú eina rjetta, og vilja engu öðru sinna. *(HStef:* Hver hefir sagt það?). Hann sjálfur. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að mín skoðun væri sú eina rjetta, en jeg lít þannig á, að Alþingi megi ekki gera neitt í þessu máli. Jeg hefi átt tal um þetta við mjer færari menn, og nú vill svo einkennilega til, að Búnaðarfjelag Íslands virðist vera mjer alveg sammála, og þess vegna vil jeg segja, að þetta eru órökstudd brigslyrði frá háttv. þm. Mýra. (PÞ), sem jeg ekki bjóst við úr þeirri átt, því að hv. þm. (PÞ) hefir mjög forðast að bera slíkt fram hingað til. Jeg verð að segja það, að það er ekki rjett hjá hv. þm. (PÞ), að jeg væri að benda neitt til þess að slá upp auglýsingu, hvorki í Englandi nje annarsstaðar, svo að þetta er ekki annað en útúrsnúningur. Sami hv. þm. (PÞ) sagði, — það hefir átt að vera dularklædd aðdróttun, en dulan fór af henni —, að það væru smjörlíkisgerðarmenn í Reykjavík, sem hefðu haft þau áhrif á mig, að jeg snerist í þessu máli. Það er hægt að slá svona nokkru fram, en það vantar rökin fyrir því, og það er verst þegar það eru menn, sem þektir eru að því að vera vandaðir bæði til orða og verka, eins og hv. þm. Mýra. (PÞ), og vil jeg því vísa slíkri sendingu heim aftur, því að jeg hefi ekki stungið svona til hv. þm. (PÞ), og því er engin ástæða til að beina slíku til mín. Jeg vil algerlega mótmæla því, að jeg hafi gengið götur þeirra manna hjer í Reykjavík, sem kunna að hafa hagsmuni af því, að þessi smjörlíkisgerð fái ekki að starfa, og hafi lagst á móti rjettu máli bygðarlaga þessa lands. En jeg ímynda mjer, að jeg geti fært til betri vegar það, sem fyrir háttv. þm. Mýra. (PÞ) vakir, en eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá hefi jeg aldrei slegið neinu föstu um, að þetta væri, heldur aðeins sagt, að það gæti átt sjer stað, og það veit hv. þm. (PÞ), að það hefir mjög svo oft komið fyrir, að ýms óráðvendni hefir átt sjer stað í þeim tilfellum, þegar vörur eru seldar, og þarf ekki annað en að minna hv. þm. (PÞ) á, að það hefir stundum verið send hingað kæfa ofan úr sveitum, sem hefir verið mjög svo óhæf til neyslu, svo að það er ekki að beina neinni aðdróttun að mönnum, þótt bent sje á, að þetta geti átt sjer stað.

Þá vildi jeg segja nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. frsm. (HStef) sagði, að þær ástæður, sem hefðu komið frá mjer og Búnaðarfjelagi Íslands, hefðu verið marghraktar. En þær sannanir, sem menn hafa komið með, eru ekki aðrar en þær, að þeir segjast vona, að þetta komi ekki fyrir, en sönnunargögn getur hv. þm. (HStef) ekki lagt á borðið frekar en jeg, um að þetta komi ekki fyrir. Annars býst jeg við, að sönnunargögn mín sjeu svo sterk, að hv. deild geti fallist á þau. En jeg vildi aðeins segja mína meiningu um málið, og vonast jeg til að hafa sett hana svo leiðis fram, að engir hv. þm.

þurfi að leggjast djúpt til þess að leita að brigslyrðum til mín fyrir það.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það má segja um þetta, að oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Jeg hjelt ekki, að þetta litla frv. mundi vekja svona skarpar deilur milli hv. þm. Barð. (HK) og hv. þm. Mýra. (PÞ). Jeg veit ekki nema jeg ætti að bjóðast til að gerast sáttasemjari milli háttv. þm. *(HK:* Sælir eru þeir, sem friðinn semja). En mín aðstaða er óbreytt, þrátt fyrir andmæli einstakra þingmanna og Búnaðarfjelags Íslands. En út af því, sem hv. frsm. (HStef) sagði, vil jeg benda á það, að leyfið er hægt að taka aftur, ef brotið er á móti þeim skilyrðum, sem sett eru, og rjómabúið er ekki tryggt, nema því að eins, að það haldi þessi skilyrði. En það skal jeg taka fram, að jeg finn ekki ástæðu til að setja skilyrði um sjerstakt eftirlit, vegna þess að mjer finst það útilokað, að bændur þar eystra fari að blanda útflutningssmjör sitt með smjörlíki. Annars sýnist mjer andstaða Búnaðarfjelagsins bygð á því, að það hefir leitað álits smjörlíkisgerðarmanna í Reykjavík. *(PÞ:* Vill ekki hv. þm. Barð. (HK) taka eftir því, sem hæstv. atvrh. (MG) segir? — *HK:* Vill ekki hv. þm. Mýra. (PÞ) muna, að það er hæstv. forseti (BSv), sem stjórnar hjer í deildinni en ekki hann? — *Forseti BSv:* Jeg hjelt, að hv. þm. mundu gefa hljóð á meðan sáttasemjarinn talar). En það er ekki það, sem hjer er um að ræða, hvort smjörlíkisgerðarmenn hjer í Reykjavík vilja hafa þessa smjörlíkisgerð þar eystra. Það er um það að ræða, hvort hjer sje nokkur hætta á ferðum fyrir smjörmarkaðinn, en um það geta smjörlíkisverksmiðjurnar hjer í Reykjavík ekki sagt frekar en við, og bak við þessa mótstöðu manna gegn frv. liggur ekkert annað en samkepni þeirra. Það er fyrir mínum augum algerlega útilokað, að bændur eystra fari að finna upp á að blanda smjör sitt. Vona jeg, að ekki þurfi frekari umr. um þetta frv. og að það geti orðið samþykt á þessum degi. En jeg skal geta þess, í tilefni af brjefi Búnaðarfjelags Íslands, að það var rjett af þinginu að gefa ekki eftir þetta lán, því að verkfærin eru töluvert mikils virði, svo að eigendurnir hefðu stórgrætt á því, ef lánið hefði verið gefið eftir. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en sættirnar milli þessara tveggja hv. þm., sem jeg talaði um, ætla jeg að gera „privat", en ekki hjer í heyranda hljóði.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get sagt það aftur við frh. þessarar umr., sem jeg sagði við fyrri hluta hennar, að mjer ber að biðja afsökunar á því, að jeg lagði það ekki fyrri til, sem jeg þá gerði, því að jeg álít rjettara, að það hefði komið fyr fram á þinginu; en hinsvegar þótti mjer það sjálfsagt, þegar jeg fjekk tíma og tækifæri til að hugsa um það. Jeg ætla ekkert að leggja til þeirrar deilu, sem hjer á sjer stað, því að jeg vil ekki hella olíu í þann eld, en aðeins gefa frekari upplýsingar um málið og lýsa því, sem vakti fyrir Búnaðarfjelagi Íslands.

Það er eitt atriði, sem jeg vildi taka fram, að jeg lít töluvert öðruvísi á en hv. frsm. (HStef), og það er töluvert þýðingarmikið atriði í þessu sambandi, nefnilega það, að þessi lög eru komin hingað inn í þingið frá bændunum sjálfum, og má af því sjá, að þeir telja þetta þýðingarmikið atriði, og í frv. því, sem hjer er um að ræða, er það skýrt fram

tekið, að þessi undanþága má ekki taka lengri tíma en á meðan verið er að endurgreiða lánið, eða meðan verið er að rjetta hlut þessa rjómabús fyrir austan.

Þá er annað atriði í þessu máli, það, að þeir hv. þm., sem hafa haldið þessu máli fram, hafa haft algerlega á rjettu að standa, því að þeir hafa aðeins haldið því fram, að það bæri að rjetta hlut rjómabúsins, því að það er alveg ófyrirgefanlegt að veita fyrst lánið og banna síðan að vinna að því, sem lánið er veitt til. Slíkt má ekki eiga sjer stað. Þess vegna var hin leiðin farin á síðasta þingi, stungið upp á, að þingið gæfi eftir þetta lán, en þar sem þingið neitaði að gera það, lagði hæstv. atvrh. (MG) það til — og það vil jeg segja honum til hróss — að fara þessa leið, að veita búinu undanþágu, til þess að rjetta hlut manna fyrir austan. Þess vegna er ekki rjett að áfellast stjórnina; en það er kominn nýr grundvöllur fram í málinu, sem þó kemur ekki nógu greinilega fram. Það er brjef Búnaðarfjelags Íslands. Til þess að þessir menn þar eystra fái fullan rjett sinn, þá eiga þeir samt ekki kröfu á því að fá alt lánið upp gefið, þessar 5000 kr., sem þeir fengu lánaðar úr ríkissjóði; þrátt fyrir það, þó leyfið yrði tekið af þeim, svo að þeir yrðu að hætta við smjörlíkisgerðina, þá yrði ekki jafnmikið verðmæti ónýtt fyrir þeim. Það fyrsta er strokkurinn, sem þeir nota við smjörlíkisgerðina; þann sama strokk nota þeir líka við smjörgerðina. Með öðrum orðum, þeir þurfa hvort sem er að hafa þennan strokk, og það er nú upplýst, að þessi strokkur mun vera sá besti, sem til er á öllu landinu. Auk þess er það upplýst, að þar er töluvert af öðrum áhöldum, sem mætti koma í peninga, t. d. ketillinn. Það er einnig upplýst, að hann mætti nota til tveggja eða þriggja annara atvinnugreina. Það er með öðrum orðum upplýst, að það tjón, sem þetta bú biði, ef því yrði bannað að stunda smjörlíkisgerð, yrði ekki 5000 kr., heldur eitthvað frá 2000—3000 kr. Þingið í fyrra neitaði að gefa því eftir 5000 kr., en nú er það upplýst, að það hefir ekki rjett til að fá meira uppgefið en sem svarar 2500 kr., ef leyfið væri tekið af því. Út frá þessu leit stjórn Búnaðarfjelagsins svo á, að þar sem ekki væri um meiri upphæð að ræða, væri það mjög varhugavert að víkja frá þessari meginreglu. Jeg vildi benda á þetta, af því að það kom ekki nógu skýrt fram í brjefi Búnaðarfjelagsins.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að það væri ekki undarlegt, þó að stjórn Búnaðarfjelagsins kæmist að þessari niðurstöðu, vegna þess að það hefði ráðgast um við smjörlíkisgerðarmenn. En þá er nú ekki nema hálfsögð sagan. Búnaðarfjelagið ráðgaðist auðvitað um við þá konu, sem er ráðunautur stjórnarinnar um smjörbúin, og í öðru lagi við þann mann, sem er sjerfræðingur í þessari grein. Stjórn fjelagsins ráðgaðist ekki um við aðra menn en þessa, en hitt er tilviljun, að þessi kona og maðurinn eru jafnframt riðin við smjörlíkisgerð. En þriðja persónan, sem leitað var ráða til, er efnafræðingur ríkisins, sá maður, sem á að hafa eftirlit með því, að framkvæmdar sjeu yfirleitt fyrirskipanir löggjafarinnar um þessi mál. Hann var þess vegna sjálfsagður, og veit jeg ekki til, að hann sje á nokkurn hátt riðinn við smjörlíkisgerð. En jeg geri þetta ekki að kappsmáli. Það er alveg sjálfsagt, að þessir menn fyrir austan verði ekki fyrir tjóni við þetta, en hjer er kominn alveg nýr grundvöllur. Þeir eiga ekki sanngirniskröfu til að fá eftirgjöf á 5000 kr., heldur á 2500 kr. En hvort heldur þing-

ið gerir í þessu máli, það legg jeg ekkert kapp á. Jeg vildi, sem sagt, gefa upplýsingar um það, sem komið er fram í málinu.

Pjetur Þórðarson: Það er ekki mikið, sem jeg ætlaði að segja, jeg ætlaði aðeins að geta þess, viðvíkjandi skeyti frá mjer, sem kallað var dularklædd aðdróttun, að jeg stefndi því ekki eingöngu að hv. þm. Barð. (HK), heldur átti hv. þm. Str. (TrÞ) alveg eins mikið af því, en jeg skal játa það, að mjer hafi ef til vill tekist þetta svo ófimlega, að það hafi kannske eingöngu hitt háttv. þm. Barð. (HK), í stað þess að það átti að hitta tvo í senn. Annars er um þetta að segja, sem hv. þm. Str. (TrÞ) lagði svo mikla áherslu á og taldi vera nýjar upplýsingar, að hjer er ekki um neitt nýtt að ræða, ekki um neitt annað en það, sem nefndinni var fullkunnugt um. Jeg hefi álitið, að þetta frv. væri svo einfalt og að hættan, sem af því stafaði, gæti á engan hátt kostað ríkið 5000 kr. nje 2500 kr. Hún er svo lítilfjörleg, að hún má heita sama sem engin. Annars ætla jeg ekki að biðja neinn afsökunar á því, sem jeg sagði. Jeg gæti reyndar beðið afsökunar, ef það hefði verið ógætilega sagt, en á meiningunni ætla jeg ekki að biðja neinnar afsökunar, en get þakkað hv. þm. Str. fyrir það, að hann viðurkendi það rjett vera, sem aðallega var fólgið í þessari svokölluðu ásökun frá minni hálfu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins fáein orð til hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg get ekki fundið, að þetta mál heyri undir Búnaðarfjelag Íslands í eins ríkum mæli og hann segir. Mjer skilst aðeins, að hjer sje um það að ræða að leiðrjetta það misrjetti, sem þessir menn hafa orðið fyrir, og ekkert annað. Hv. þm. Str. stóð á móti því í fyrra að veita þessa eftirgjöf, eins og jeg, og enginn efast um það, að þessir hlutir sjeu einhvers virði, þegar þeir eru keyptir fyrir fáum árum á 5000 kr., og sömuleiðis, að þessa hluti verði hægt að selja fyrir eitthvað. Sömuleiðis vissum við í fyrra, að þessi tæki átti að nota bæði við smjör- og smjörlíkisgerð. Það eru því engar nýjar upplýsingar, að þau sjeu notuð til smjörgerðar. En það er annað, sem er spilt hjá þessum mönnum, og það er það, að það var búið að leyfa þeim að hafa þetta tvent saman, og ef það leyfi er tekið af þeim, þá er það skaði, sem þeim er gerður að nauðsynjalausu. Það er því ekki um neinn nýjan grundvöll að ræða, og það er alveg rjett, sem hv. þm. Mýra. (PÞ) sagði, að það er enginn nýr grundvöllur kominn fram í málinu. Eftir stjfrv. því, sem hjer liggur fyrir, er það ekki meiningin að láta smjör- og smjörlíkisgerð vera saman eftirleiðis, heldur er ætlast til, að það sje leyft þarna, af því að búið hafði fengið þetta leyfi áður en lögin komu, og það er venjan, þegar ný atvinnulöggjöf er sett, að leyfa þá atvinnu áfram, sem hafin er áður en hin nýju lög eru sett.

Það særði hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg benti á það, hve óheppilega þessir menn voru valdir, sem Búnaðarfjelagið leitaði ráða hjá. En jeg held fast við það, sem jeg sagði, að þessi kona, sem var ráðunautur fjelagsins, fæst við smjörlíkisgerð hjer í bæ. Jeg veit að vísu ekki, hvort hún er núna ráðunautur fjelagsins, en jeg skal ekki rengja, að svo sje, fyrst hv. þm. Str. segir það. En það er ekki heppilegt, að sú kona sje ráðunautur fyrir smjörbúin. Jeg hefði getað viðurkent, að það væri eitthvað rjettmætt í því, ef stjórn Búnaðarfjelagsins hefði snúið sjer til þeirra

manna, sem hafa á hendi smjörsölu til útlanda, farið til þeirra og spurt þá; en annars er hægur vandi að setja það skilyrði fyrir því, að smjörið sje flutt út, að það verði rannsakað hjer í Reykjavík. En jeg skal taka það fram, að það er engin þörf á slíkri varúðarráðstöfun, því að mjer dettur ekki í hug að halda, að bændur þar eystra fari að svíkja smjör sitt, og ef smjörið þaðan er jafngott og annarsstaðar frá, þá er alls ekkert við þessu að segja, og þingið hefir þá aðeins uppfylt rjettlætiskröfu, sem þessir menn áttu á það.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það er út af orðaskiftum okkar hv. þm. Barð. (HK), sessunautar míns, að jeg vil gera grein fyrir því, sem jeg tók fram í ræðu hans. Jeg sagði það ekki um hv. þm. (HK), að hann væri sannfæringarliðugur, en jeg hafði þetta orð í öðru sambandi. Hv. þm. hafði einhvern veginn fengið þá hugmynd, að jeg hefði sagt þetta um hann, og kom til mín og spurði, hvað orðið þýddi, og við það, sem hv. þm. sagði út af því, hefi jeg ekkert að leiðrjetta.

Hv. þm. Str. (TrÞ) þarf jeg litlu að svara. Hv. þm. sagði, að þetta frv. væri komið frá bændunum sjálfum; það er að vísu rjett að forminu til, því að landbúnaðarnefnd bar málið fram í upphafi. *(TrÞ:* Búnaðarþingið samdi frv.). Það er jeg ekki viss um; hjer segir í greinargerðinni fyrir upphaflega frv., að það sje samið af Trausta Ólafssyni og Önnu Friðriksdóttur, eftir þýðingu Gísla Guðmundssonar gerlafræðings úr þýsku. Viðvíkjandi því, að breytingar hv. Ed. beri það með sjer, að það hafi ekki þótt óþarft að setja strangari takmörk, já, það má kannske segja svo. En við hefðum eins getað gengið að frv. eins og það var borið fram af stjórninni, en gengum að þessum meiri takmörkunum í því skyni, að það yrði meira til að friða þá menn, sem í ímyndun sinni hafa gert svo mikið úr þeirri hættu, sem af samþykt frv. gæti stafað.

Tryggvi Þórhallsson: Það hefir verið veist þó dálítið að mjer, svo að jeg verð enn að taka til máls, en það verður aðeins stutt aths.

Jeg tók alls ekki til mín það, sem hv. þm. Mýra. (PÞ) sagði, og þykkist alls ekki við hann að heldur, þótt hann hafi nú lýst yfir því, að jeg hafi átt sumt af.

En viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að þetta kæmi ekki beinlínis Búnaðarfjelagi Íslands við, þá þykja mjer það undarleg orð af manni, sem átt hefir um tíma sæti í stjórn fjelagsins. Jeg skal aftur minnast á þessa þrjá menn, sem Búnaðarfjelagið ráðgaðist við. Einn af þeim er efnafræðingur landsins, annar Gísli Guðmundsson, er reglurnar samdi á meðan hæstv. atvrh. átti sæti í Búnaðarfjelagsstjórninni, og þriðja persónan var Anna Friðriksdóttir, er allan þann tíma, sem hæstv. atvrh. sat í Búnaðarfjelagsstjórninni, hefir verið ráðunautur rjómabúanna og ferðast á milli þeirri til leiðbeiningar um smjörgerð. *(Atvrh. MG:* Er hún það enn, og hvaða laun hefir hún?). Já, hún er það enn, en um launin man jeg ekki; hygg þó, að hún fái aðeins kaup þann tíma, sem hún starfar, um sumarmánuðina.

Jörundur Brynjólfsson: Það er vegna þess, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, að engin sönnun væri fyrir því, að Áslækjarrjómabúið hefði ekki misnotað smjörlíkistækin við smjörframleiðsluna, þá vil jeg benda honum á, að við höfum einmitt fullkomna og ábyggilega reynslu fyrir

því, að svo hefir ekki verið. Sumarið 1923 var framleitt jöfnum höndum hvorttveggja, smjör og smjörlíki, og búið hefir selt smjör og flutt út og ekki komið að neinni sök.

Hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg segja það, að það sje mikið mein, hvað hann hefir athugað þetta mál seint, ekki aðeins á þessu þingi, heldur í fyrra, þegar um uppgjöf á láninu var að ræða. Jeg flutti í fyrra brtt. um, að Áslækjarrjómabúinu yrðu gefnar eftir 5 þús. kr., og það var felt. Þá flutti jeg aðra brtt. um, að 3000 kr. yrðu eftir gefnar, og sú till. var feld. Og loks flutti jeg till. um 2500 kr. eftirgjöf, eða helming lánsins, og það var líka felt.

Þegar svo málið kom hjer fyrir í vetur, lagðist hv. fjvn. á móti því, að rjómabúinu yrði nokkuð gefið eftir af láninu, og þess vegna fór frv. þetta til hv. Ed. og án þess, að nokkur ágreiningur yrði um það.

Jeg verð nú að segja það, að þó að hv. þm. Str. vilji hverfa svo af hólmi, að greiða atkv. móti frv. og snúast þannig, þá trúi jeg vart, að hv. deild fylgi dæmi hans.

Að lokum skal jeg geta þess, að allur kostnaður, sem Áslækjarrjómabúið hafði af að koma á þessari smjörlíkisgerð sinni, mun hafa numið um 7000 kr., svo að þegar strokkverðið, 1500 kr., er dregið frá, verður hann þó altaf hátt á 6. þús. króna.

Frekar ætla jeg ekki að orðlengja um þetta, en læt skeika að sköpuðu um atkvæðagreiðsluna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 288).

11. Skráning skipa.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um skráning skipa (stjfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Ástæðan til þess, að ráðuneyti mitt tók lögin um skráning skipa til endurskoðunar, var sú, að ákvæði gildandi laga þar að lútandi hafa ekki þótt nægilega trygg til þess að þau gætu fyrirbygt það, sem þeim er ætlað að gera, að erlendir menn og aðrir, sem ekki hafa rjett til þess, geti fengið skip sín skráð hjer. Þess vegna varð að taka öll hjer að lútandi ákvæði í lögum til endurskoðunar, til þess að hægt verði að fyrirbyggja ólöglega skráningu skipa, svo nefnda „leppmensku“ á þessu sviði. Það kom brátt í ljós, að lögin öll yfir höfuð að tala mundu batna við það að verða endurskoðuð öll í heild, þar sem þau í ýmsum atriðum voru ekki nógu ákveðin eða nógu ljós. Því varð það úr, að öll lögin voru endurskoðuð, og naut ráðuneytið við það aðstoðar sjerfróðra manna. En þetta frv. lýtur aðallega að þessu eina atriði, að útiloka ólöglega skráningu, þ. e. leppmensku. Þetta er gert til verndar fiskimönnum vorum við strendur landsins, til þess að halda fiskimiðunum fyrir landsmenn sjálfa, eftir því sem lög standa til.

Sigurður Eggerz: Það er kannske ekki viðfeldið að játa það um leið og jeg stend upp, að jeg hefi alls ekki lesið þetta frv. En jeg stend aðeins upp til að spyrja hæstv. fjrh. (JÞ), hvort það fyr-

irkomulag hafi yfirleitt gefist vel, sem nú er og hefir verið að undanförnu, að yfirstjórn skipaskráningar sje hjá stjórnarráðinu, eða hvort engrar óreglu við skipaskráning úti um land hafi orðið vart. Jeg segi þetta aðeins til að vekja athygli væntanlegrar nefndar á þessu atriði, og er langt frá mjer, að jeg vilji álasa neitt núverandi hæstv. fjrh. í þessu efni, því hann er enn ungur í stjórnarsessi.

Jeg hefi á fyrri þingum borið fram frv. um að koma þessu máli í betra horf, með því að setja á stofn sjerfræðilega skráningarstofnun. Jeg tek þetta aðeins fram til þess að spyrja, hvort stjórnin muni ekki þarfnast meiri sjerfræðilegrar aðstoðar. Erlendis tíðkast að hafa sjerfræðilegar stofnanir til þessara starfa.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það skal fúslega játað, að fyrstu árin hefir skráning skipa verið í nokkru ólagi, og ber að leita að ástæðunum fyrir því bæði hjá lögreglustjórum úti um land og hjá yfirstjórn þessara mála — hjá fjármálaráðuneytinu. En jeg held, að jeg megi fullyrða, að aðalvandkvæðin, sem á þessu hafa orðið, sjeu hjá lögreglustjórunum. Það er aðallega eitt atriði, sem hefir valdið vandkvæðum í þessu máli, og það er mælingar skipanna. Ráðuneytið hefir haft til þessa sjerfróðan mann, utan stjórnarráðsins, og hefir lengi notið við hans aðstoðar. Þar við bætist og, að eftir lögunum um eftirlit með skipum eru til tveir fastir menn hjer í bænum, sem veita þessu framkvæmd, en yfirstjórn þessara mála er hjá stjórnarráðinu. Ennfremur er til hjer annar maður, einnig utan stjórnarráðsins, sem stjórnin hefir oft haft gagn af að leita til í þessum efnum.

Nú upp á síðkastið hefir verið gerð gangskör að því að koma mælingunum í lag og afgreiða þær jafnótt frá stjórnarráðinu og hægt hefir verið. Úti um land veit jeg til, að þetta hefir gengið tregar, einkum áður fyr. Nú sem stendur liggur ekkert óafgreitt hjá stjórnarráðinu. Hvað viðvíkur sjerfræðilegri skráningarstofnun, held jeg að hennar þurfi naumast við. En hinu ber ekki að neita, að skráningu skipa hefir verið nokkuð ábótavant, og er álitið, að þess muni dæmi, að hinn rjetti eigandi hafi ekki verið skráður fyrir sínu skipi. En til þess að bæta úr þessu hefir skort heimild í núgildandi löggjöf til þess að fá upplýsingar með opinberri rannsókn.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi gera að tillögu minni, að máli þessu yrði vísað til sjútvn. Þar mun kostur á þeirri sjerþekkingu í þessum efnum, sem allshn. hefir að líkindum ekki til að bera.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg tek hjer með þá tillögu aftur, að vísa málinu til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 147).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og þskj. 147 ber með sjer, hefir sjútvn. haft þetta frv. til athugunar og fallist á það eins og það er, en þykir viðkunnanlegra, að tilkynt sje um leið, að lög frá 1919, nr. 70, sjeu numin úr gildi, af því að

auðsætt er af þessu frv., að þeim er ekki ætlað að gilda lengur. Eins og talað er um í greinargerð þessa frv., eru lögin frá 1919 ekki nógu glögg til þess, að hægt sje að hafa nógu nákvæmt eftirlit með því, að alt sje í lagi viðvíkjandi skráningunni. Að sektarákvæðin sjeu hækkuð, tel jeg rjett. Það er rjett, að gengið sje sem best frá því, að skráning skipa undir íslenskan fána sje ekki yfirborðs-„ceremoniur" einar. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt, en leyfir sjer að koma með brtt., eða raunar viðauka, við 27. gr., að lög nr. 70, 28. nóv. 1919, um skráning skipa, sjeu úr gildi numin. Þykir henni vissara, að þetta sje tekið fram, svo að enginn vafi geti leikið á, hvaða lög um þetta efni eru í gildi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að þakka hv. sjútvn. góðar undirtektir. Jeg er öldungis samþykkur því, að þessum litla viðauka sje bætt aftan við 27. gr.

Jeg vil sjerstaklega lýsa ánægju minni yfir því, að hv. nefnd hefir fallist á aðaltilgang þessa frv., að skýra og herða ákvæðin um skráningu skipa, svo að auðveldara sje að koma í veg fyrir, að skip sjeu skrásett hjer, sem ekki eiga hjer að vera skrásett, og njóta þeirra rjettinda, sem íslensk skip ein eiga að njóta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 147 samþ. með 10 shlj. atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 158).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 158).

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) er nú sem stendur í hv. Ed., þá þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir frv. þessu. Það hefir þegar gengið umræðulaust og breytingalaust í gegnum Ed. og var þar í sjútvn., og sama leyfi jeg mjer að óska eftir, að gert verði við frv. þetta hjer í hv. deild.

Um innihald þessa frv. get jeg verið fáorður. Lögin um skráning skipa, þau sem nú gilda, eru frá 1919. Þau eru sumstaðar illa orðuð og ekki sem nákvæmust, enda voru þau sett í flýti og feld inn í þau eldri lagaákvæði. Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er væntanlega bætt úr þessum annmörkum, og sjerstaklega hefir áhersla verið lögð á það að fyrirbyggja, að erlend skip verði skrásett hjer *pro forma* sem íslensk eign.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 258).

Frsm. (Ágúst Flygenring): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir til umr., hefir hlotið samþykki hv. Ed., og hefir einungis ein lítil breyting verið á því gerð, sem er í því fólgin, að núgildandi lög um þetta efni — verði frv. samþykt — verða numin úr gildi, er þessi taka við, og er það ekki nema sjálfsagt og samkv. venju. Eins og vikið er að í nál. frá sjútvn., er með frv. þessu bætt úr þeim göllum á gildandi lögum, sem hafa að baga orðið og búast má við, að framvegis þurfi að óttast, en það eru falsaðar heimildir til þess að komast undir skrásetningu. Í fyrirliggjandi frv. eru sett afarströng ákvæði um skrásetningarskilyrði og mjög háar sektir fyrir misbrúkun þeirra. Skýlaus heimild er veitt til opinberrar rjettarrannsóknar. Skilyrði aðilja samkv. 1. gr. eru þannig, að komist verði fyrir allan grun og sjeð fyrir því, að auðvelt verði að framfylgja því, að þeim verði fullnægt eins og lögin ætlast til; m. ö. o. það er reynt að girða fyrir, að farið sje í kringum lögin með fölsuðum skilyrðum. Samkv. 7. gr. getur fjrh. ónýtt skrásetning, þegar honum býður við að horfa, og heimtað frekari rannsókn á skilyrðum fyrir skráningu. Mun þetta ákvæði líklega vera algert nýmæli um skráning skipa. Að minsta kosti held jeg, að það sje ekki í dönskum lögum. Öll þessi ströngu refsiákvæði í frv. eru vitanlega fram komin af ótta við það, og honum ekki ástæðulausum, að framvegis eins og að undanförnu verði reynt að fara kringum lögin. Það er vitanlegt, að ýms svik hafa verið höfð í tafli, þegar skip hafa verið skrásett hjer. Sjerstaklega hefir kveðið að þessu á Norðurlandi um síldveiðitímann, þegar hinum og öðrum aðskotadýrum hefir legið á og verið leyft að koma skipum sínum undir íslenskt flagg. Jeg álít, að þessi lög, svo framarlega að lögreglustjórar láta ekki sitt eftir liggja, nægi til þess að koma alveg í veg fyrir, að þetta hneyksli eigi sjer stað framvegis.

Annars má geta þess, að í öðrum atriðum er þetta frv. alveg sama efnis og þau lög, sem nú gilda hjer á landi; og reyndar sama efnis og löggjöf allra Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði; aðeins er gengið nokkru lengra að rannsaka þau skilyrði, sem þurfa að liggja fyrir, þegar hlutaðeigandi vill fá skráning á skipi. En það er hvergi brugðið út af allsherjarreglu um þetta efni, og ekkert heimtað annað en það, sem er sjálfsagt og sanngjarnt. Lögin eru vel og greinilega samin, og vil jeg fyrir nefndarinnar hönd mæla hið besta með því, að þau nái samþykki.

Jón Baldvinsson: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Jeg skal játa, að það er ekki neitt sjerstakt ákvæði í lögum þessum, sem jeg hefi sett fyrir mig, heldur er það þetta, sem mjer finst dálítið athugavert, að vera nú að semja upp þennan spánnýja lagabálk frá 1919, og það því fremur, sem jeg veit ekki til, að neitt það hafi komið fram, er mælt geti með slíkri breytingu. Hinsvegar er ekki á þingbekkjum það tækifæri til að brjóta til mergjar öll ákvæði í svo stórum lagabálk um þetta efni, að menn geti gengið úr skugga um, að ekki sje að einhverju leyti vikið frá því, sem telja mætti alþjóðareglur. En svo mikið er víst, að hjer mun gengið svo langt sem hægt er í þessu efni, og jafnvel lengra en aðrar Norðurlandaþjóðir gera, eins og hv. frsm. (ÁF) upplýsti. Jeg skil ekki annað en að eftir lögunum frá 1919 megi vel girða fyrir leppmensku, ef nægilega örugglega er gengið

eftir af yfirvöldunum. En yfirvöldin hafa ekki nægilega stranglega gengið eftir, að þessum lögum væri hlýtt, og það er það, sem er sjerstaklega aðfinsluvert í þessu efni.

Mjer skilst líka, að með framkvæmd þessa frv. verði nokkru meira sett undir fjármálaráðuneytið heldur en áður, og geri jeg ráð fyrir, að þar komi til nýtt starf handa einum manni, að minsta kosti fyrst í stað.

Þegar hinsvegar er verið að fella úr gildi lagabálka, sem til þess eru að tryggja eftirlit með viðskiftum í landinu, t. d. lögin um mælitæki og vogaráhöld, þá sje jeg ekki ástæðu til þess nú að vera að semja þessi lög upp á ný; því mjer vitanlega hafa ekki komið neinar kvartanir fram. Hvort sem hjer er gengið lengra en gerist erlendis, þá höfum við þó annarsstaðar farið út fyrir alþjóðareglur. Jeg á við fiskiveiðalöggjöfina frá 1922. Þar er ákaflega langt seilst, og miklu lengra en flestar þjóðir hafa gert. Er ekki hægt að finna þeim lögum fyrirmynd annarsstaðar en í einu hjeraði í Noregi.

Nú má vel vera, að ekkert sje athugavert við frv. En það er það, sem jeg hefi ekki treyst mjer til að ganga úr skugga um á þeim stutta tíma, sem frv. hefir verið á ferð. En það er ekki ósjaldan, að í lögum, sem fljúga gegnum þingið, sjeu ákvæði, sem reynslan sýnir, að verða altaf til skaða. Jeg er ekki með þessu að mæla þá undan refsingu, sem kynnu að fara kringum lögin, eða mæla bót leppmensku. En jeg álít bara, að með lögunum frá 1919 megi fullkomlega halda uppi eftirliti, ef vel er á haldið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er ekki á neinu bygt, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) gerir ráð fyrir, að þessi lagasetning mundi kosta aukið mannahald í fjármálaráðuneytinu. Það er ekki eftir þessum lögum neitt verk, sem þar á að vinna umfram það, sem nú er, nema að taka ákvörðun um rannsókn, sem þá aðrir auðvitað framkvæma, lögreglustjórarnir, ef vafi þykir leika á, hvort maður, sem beiðist skráningar á skipi, hafi eftir íslenskum lögum rjett til skráningar. Að öðru leyti kemur ekkert aukið starf á fjármálaráðuneytið, eða að minsta kosti gerist þess vegna engin þörf fyrir aukið mannahald. Það, sem hv. þm. hafði á móti frv. að öðru leyti, get jeg ekki fallist á heldur. Það getur vel verið, að okkar löggjöf um rjett erlendra manna til fiskiveiða hjer við land sje strangari heldur en löggjöf annara þjóða, flestra eða allra. Jeg skal ekki um það segja. En ef svo er, þá hygg jeg, að það sje ekkert óviljaverk löggjafarinnar hjer, heldur gert með fullkomlega ráðnum huga. Og mjer vitanlega hefir ekkert komið fram um það, að við höfum farið lengra í löggjöf þeirri heldur en við höfðum góða heimild til eftir alþjóðareglum. Í þessum lagabálki er raunar ekkert nýtt á þessu sviði. Þau nýju ákvæði í frv. beinast eingöngu gegn íslenskum ríkisborgurum eða öðrum mönnum hjer búsettum, sem hafa rjett til þess að halda úti skipi undir íslenskum fána. Og það getur ekki orkað tvímælis, að þessir menn og þeirra athafnir eru alveg innan verksviðs þess íslenska löggjafarvalds. Ef þessi ákvæði þykja ströng, t. d. sektarákvæðin, þá er ekki um það annað að segja en það, að þau eru í fullu samræmi við okkar löggjöf á þessu sama sviði. Og úr því við höfum talið okkur nauðsynlegt að gera hana stranga, þá sýnist rjett, að svipaður strangleiki komi

fram í öllum þeim atriðum hennar, sem verulega máli skifta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.

2.—27. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 158).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 295).

---

12. Styrkveiting til ísl. stúdenta erlendis.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla (stjfrv., A. 21).

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get raunar látið mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar fyrir þessu frv. Jeg vænti þess, að hv. þdm. hafi þegar kynt sjer það, og sje því óþarfi að fara um það mörgum orðum. Jeg held, að þetta litla frv. sje til gagns bæði fyrir stúdentana og þingið. Að það sje betra, að fastákveðið sje, hve marga stúdenta skuli styrkja erlendis. Það sparaði a. m. k. umr. eftirleiðis hjer í þinginu. Jeg vil þegar láta þess getið, að þar sem í frv. stendur, að styrkurinn skuli vera alt að 1200 kr., þá er gert ráð fyrir því, að þessi styrkur verði framvegis eins og hingað til sambærilegur við Garðstyrkinn. En hann hefir nýlega verið hækkaður vegna gengismunar, og getur vel farið svo, ef jafngengi kemst á peninga, að hann lækki. Að miða styrkinn við verð á gullkrónu er ekki hyggilegt, eins og við horfir. Aftur getur verið ástæða til þess að athuga, hvort hjer sje gert ráð fyrir styrk til nógu margra stúdenta, eða hinsvegar, hvort nauðsynlegt sje að styrkja jafnmarga og hjer er gert ráð fyrir. En mitt álit er, að frv. stilli því vel í hóf.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði farið að eins og Njáll og látið segja mjer þrisvar, að annað eins frv. og þetta væri lagt fyrir Alþingi, ef sjálfur mentamálaráðherrann hefði ekki verið búinn að segja mjer frá því áður, að það mundi koma fram. Nú verð jeg að trúa því, einkanlega er jeg sje það prentað, að í ráði sje, að Alþingi ákveði með lögum að veita alt að 4 mönnum á ári styrk til þess að stunda nám við erlenda háskóla. Hverjum mundi hafa dottið í hug, að það yrði ákveðið af Alþingi með lögum, hve margir stúdentar skyldu stunda nám erlendis? Þetta frv. er eitt hið allra lakasta, sem fram hefir komið af öllum ráðagerðum um sparnað: að ætla að útiloka menn frá því að nema erlendis fræði, sem ekki er kostur á að nema hjer, alla nema eina 4. Jeg skil ekki, að hv. þm. verði lengi að átta sig á því, hvað gera eigi við þvílíka tillögu. Þeir skilja tilgang stjórnarinnar, þann að spara, af því að hún hefir heyrt ýmsa hv. þm. stagast á því í fyrra, og síðan hefir

það verið bergmálað í blöðum og á þingmálafundum. Allir tala um að spara. Hvað er það, sem á að spara? Aura landssjóðs. Hver á þá aura? Þjóðin á þá sjálf. Hverjir eiga þá sonu, sem hjeðan fara til náms í önnur lönd? Þjóðin á þá! Og það er óhæfa að vilja halda í fje þjóðarinnar við hennar eigin sonu, svo hún geti ekki sent þá utan til þess náms, sem þeir óska og hennar eigin nauðsyn krefur. Það er yfir höfuð skökk grundvallarregla að ákveða tölu slíkra náms manna, sem styrk skuli fá af almannafje. Það dettur engum manni í hug, að námsmennirnir láti sjer slíkt lynda, nje foreldrar þeirra, en þeir eiga að vísu tilkall til þess sjóðs, sem hjer á að ráðstafa. Hitt er ekki nema rjett og samkvæmt loforði þingsins, að hver þeirra fái 1200 kr. á ári. Því þegar Íslendingar keyptu sjer fullveldi gegn því að gefa eftir danska styrki til íslenskra námsmanna, þá var það fyrirheit gefið hjer á Alþingi, að þessir menn skyldu fá eftirleiðis sem næst jafnháan styrk. Garðstyrkur var þá 1400 kr.. en eyðslubelgirnir hjerna ljetu sjer nægja, að þeir fengju 1200 kr.

Jeg tel 2. gr. frv. góða, og ef breytt yrði 1. gr. þannig, að ákvæðið um tölu námsmanna fjelli burtu, en í þess stað tekin upp skilyrði þau fyrir styrknum, sem standa nú í fjárlögum, og raunar eru hin sömu og áður voru fyrir Garðstyrk, svo sem það, að námsmaðurinn hefði ekki 3. einkunn og sýndi vottorð um iðni o. s. frv., þá hefði jeg ekkert á móti því, að 2. gr. stæði óbreytt. Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta að sinni. En því vil jeg þegar lýsa yfir, að mitt atkvæði fæst aldrei til þess að ákveða með lögum tölu íslenskra námsmanna við erlenda háskóla. Og það er von mín, að þingið skoði vandlega hug sinn áður en það láti slíkt fara frá sjer.

Forsætisráðherra (JM): Mjer var kunnugt um það, að hv. þm. Dala. (BJ) líkaði ekki þetta frv. En jeg held satt að segja, að mótstaða hans stafi nokkuð af misskilningi. Jeg álít einmitt, að rjettur námsmanna sje miklu betur trygður með þessu frv. en nú er, þar sem Alþingi telur sig geta svift þá námsstyrknum hvenær sem því sýnist. Jeg held jeg megi fullyrða, að stúdentarnir sjálfir telji frv. til bóta. Jeg hefi talað við einn stúdent, sem bæði jeg og aðrir bera mikið traust til, og taldi hann frv. skynsamlegt. Það var auðvitað sagt í gamni, er háttv. þm. Dala. kvað tölu stúdenta eftir frv. 4 í alt. Auðvitað verða þeir 16 á ári, sem frv. gerir ráð fyrir að styrktir verði. Annað atriði var sýnilega rangt hjá hv. þm. Dala. Það er alls ekki útilokað, að fleiri menn stundi nám erlendis en þeir, sem ríkið styrkir; þó það styrki ekki nema 4 nýja menn árlega erlendis, þá eru þeir menn til hjer á landi, sem færir eru til þess að styrkja sonu sína til náms sjálfir. Því fer fjarri, að jeg fái sjeð, að frv. sje svo ófært sem hv. þm. Dala. lætur í veðri vaka. Jeg tel hjer mörgu vel stilt í hóf og gagnlegt að samþykkja frv. eins og það er. Það nær auðvitað engri átt að segja, að hjer sje ákveðið, hvað margir stúdentar megi stunda nám við erlenda háskóla. Það er aðeins ákveðið, hve margir geti orðið styrks aðnjótandi. En svo var einnig áður um Garðstyrk. Það voru til svo og svo margir skamtar, en eftir því sem sjóður Garðs óx, þá fjölguðu skamtarnir. En þó styrkurinn væri þannig takmarkaður, þá var vitanlega ekki þar með ákveðið, að fleiri mættu ekki stunda

nám en þeir, sem styrkinn fengju. Hjer kemur það ekki til greina, að Íslendingar höfðu ótakmarkaðan aðgang. Það er að nokkru leyti rjett hjá hv. þm. Dala., að það lítur svo út, sem þingið hafi að undanförnu bygt fjárveiting sína á þeirri meginreglu, að veita öllum stúdentum styrk, sem þess æsktu, og að svo ætti að vera. Jeg verð að segja, að jeg hefi aldrei skilið það svo, að sjálfsagt væri, að í stað Garðstyrksins kæmi eins ótakmarkaður rjettur til styrks frá ríkinu handa ísl. stúdentum.

Jeg vona, að hv. deild taki vel í þetta mál og láti það ganga til nefndar. Seinna mun það sýna sig, hvernig menn líta á einstök atriði í frv. Að lokum skal jeg minnast á það, er háttv. þm. Dala. (BJ) taldi það of lítið, að ríkið styrkti til náms 16 menn á ári. Jeg hygg þetta nægilegt. Jeg hefi nokkuð athugað, hve margir eru við nám erlendis, sem stunda það nám, er segja má, að nauðsynlegt sje, að þeir stundi erlendis, eða eðlilegt og gagnlegt landsins vegna. Jeg veit með vissu um 18, sem styrktir eru nú til náms; þeir eru eitthvað fleiri, því að skýrslur eru ekki komnar frá öllum. Þar af stunda 8 verkfræði, 4 hagfræði, 1 vátryggingar, 1 dýrafræði, 1 eðlisfræði, 1 stærðfræði, 1 germönsk fræði og 1 sagnfræði. Jeg get hugsað, að til væri einstöku maður, sem væri í vafa um það, hvort nauðsynlegt væri fyrir landið að hafa fleiri verkfræðinga við nám ytra í einu en átta, eða fjóra hagfræðinga. Sem sagt, hjer verður að líta á allar ástæður, og vænti jeg, að mönnum sýnist frv. hóflegt. Það hefir að vísu komið fyrir, að námsmenn ytra hafa verið í einu nær 30. Það er hægt að reikna út, hvað slíkt kostar. En hætt er við, að styrkur til stúdenta hjer heima verði fremur skorinn við neglur, þegar svo ríflega er veitt til þeirra, sem ytra nema. Því takmörk eru sjálfsagt fyrir því, hvað mikið fje menn vilja veita til stúdenta yfirleitt.

Bjarni Jónsson: Hæstv. forsrh. (JM) þurfti ekki að haga orðum sínum svo sem hann gerði, er hann kvað mig hafa sagt, að með þessu frv. væri mönnum bannað að sækja nám við erlenda háskóla á eigin kostnað. Hjelt jeg, að orð mín yrðu ekki misskilin svo herfilega. Hitt sagði jeg, að ekki væri landinu til heiðurs, ef Alþingi neitaði að styrkja menn til náms erlendis í þeim fræðum, sem þeim væri ekki gefinn kostur á að nema hjer heima. Það má telja víst, að sú verði aðalregla um sinn, að menn muni ekki geta kostað sonu sína til náms erlendis af eigin rammleik, nema þá einstöku menn úr „auðvaldsflokknum", eða menn, sem geta komið sonum sínum á framfæri erlendra kommúnista. Það er því sama sem að ákveða með lögum, ef þetta frv. nær fram að ganga, að fleiri skuli ekki stunda nám við erlenda háskóla en það greinir. Það má vel vera rjett hjá hæstv. forsrh., að tala stúdenta erlendis verði aldrei hærri en nú. En þá er líka engin þörf á lögum þessum. En þeir gætu og mættu vel vera fleiri. Hjer voru taldir nemendur í sagnfræði og stærðfræði, en enginn í málfræði nje náttúrufræðum. Jeg held, að æðimörg sæti yrðu auð við skóla landsins, ef enginn kæmi nýr málfræðingur; nema teknir yrðu stúdentar eða kandidatar af prestaskóla til þess að fylla þau. Mætti þá svo fara, að eitthvað líkt kæmi fyrir því, sem gerðist við lærða skólann í tíð Jóns Þorkelssonar rektors, er annar maður var tekinn til þess að kenna grísku í stað sjálfs grískukennarans, en sá maður þurfti daglega að fá tilsögn hjá Jóni Þorkelssyni.

Hæstv. forsrh. skildi mín orð um Garðstyrkinn ranglega. Hann veit, að það var gengið beint að því 1918 af þingi og stjórn, að stúdentar skyldu í engu bíða halla, þótt eftir yrði gefinn Garðstyrkurinn. Það er augljóst, að ekki getur það með neinum rjetti komið niður á einstökum mönnum, námsmönnum ytra eða foreldrum þeirra, er gefin voru upp einkarjettindi vor í Danmörku gegn fullveldi landsins. Slíkt á ekki að vera skaði neinna flokka eða einstaklinga.

Jeg get vel fallist á, að þeir sjeu ekki nema 18 íslensku stúdentarnir, er nám stunda erlendis sem stendur. En að miða eingöngu við það, að einir fjórir námsmenn sæki utan árlega, er fjarstæða. Þeir geta orðið færri, en þeir geta líka orðið fleiri. Að utanför íslenskra námsmanna geta orðið áraskifti. Þess vegna er frv. í grundvelli sínum rangt, að ákveða tölu þeirra námsmanna, er styrkja beri.

Jeg endurtek það, sem jeg áður mælti, að jeg vil halda mjer við skilyrði þau, er áður giltu um styrk til þeirra manna, er sækja nám sitt út úr landinu.

Jeg hefi ekki sagt þessi orð í því skyni að drepa frv. á þessu stigi málsins, heldur vildi jeg þegar láta sjást, að jeg fengist ekki til að drýgja slíkt athæfi, sem hjer er farið fram á.

Vona jeg svo, að frv. fái að ganga til nefndar og verði þar athugað vel og rækilega.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held jeg hafi ekki sagt, að það væru aðeins 18 menn, er nám stunda erlendis, heldur að þeir væru 18, er jeg vissi um, hvaða nám þeir stundi. Hitt mun rjett, að þeir sjeu 22, er lesa við erlenda háskóla, en einn þeirra stundar dýralækningar, og má því draga hann frá, því að honum er veittur styrkur sjerstaklega.

Það er ekki rjett, sem háttv. þm. Dala. (BJ) sagði, að Alþingi hefði lofað að styrkja ótakmarkað þá stúdenta, er úr landi vilja leita til frekara náms. En hinsvegar lítur svo út, sem fjárveitinganefnd hafi stundum bygt á þessari skoðun og talið Alþingi skylt að styrkja þessa menn. Jeg fyrir mitt leyti hefi aldrei skilið lögin svo, að Alþingi bæri skylda til ótakmarkaðra styrkveitinga, og mun þess vegna ekki telja það nein svik við stúdenta, þó að skipað verði með lögum, hvað marga stúdenta skuli styrkja árlega. Enda virðist það lítill hagnaður Háskóla Íslands að styrkja ótakmarkað stúdenta til náms erlendis, en takmarka tölu þeirra, sem styrks njóti innanlands.

En það var eitt atriði, sem hv. þm. Dala. mintist á og mjer finst, að sjálfsagt væri að taka til greina, t. d. ef eitt ár sæktu ekki nema tveir stúdentar um utanfararstyrk, þá mætti t. d. næsta ár styrkja 6 nýja stúdenta til utanfarar, svo að talan fyltist aftur, m. ö. o. að þeir, sem styrktir eru árlega, verði 16.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 68).

Frsm. (Björn Líndal): Eins og nál. mentmn. ber með sjer, hefir nefndin að mestu leyti fallist á till. stjórnarinnar í þessu máli. Þó hefir nefndin viljað gera

þá breytingu á frv., sem getur að líta í nál. og gengur í þá átt, að styrkurinn sje veittur samkv. till. nefndar, sem skipuð er sem þar segir. Þótt ekki sje á það minst í nál., þá er þó til þess ætlast, að sparist styrkurinn að nokkru eitt eða fleiri ár, þá megi nota þá upphæð, sem afgangs hefir verið, næst, er þörf krefur. Þó er ætlast til, að ekki njóti fleiri en 16 menn styrksins í senn.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki annað en verið nefndinni þakklátur fyrir meðferð hennar á þessu máli. Nefndin fer ekki fram á aðra breytingu en þá, að farið skuli að till. sjerstakrar nefndar við úthlutun styrksins, og við það hefi jeg ekkert verulegt að athuga, enda þótt jeg hefði kosið, að starfstími nefndarinnar hefði verið nokkru lengri en ákveðið er í nál. Jeg tel heppilegra, að kjörtími nefndarinnar yrði nokkur ár, t. d. sex ár. Annars skal jeg ekki orðlengja þetta meira. Jeg býst annars við, að hvaða mentamálaráðherra sem væri myndi leita sjer upplýsinga um stúdenta, er um styrk þennan sækja, áður en hann er veittur.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg held, að mjer sje óhætt að segja það fyrir hönd nefndarinnar, að hún muni ekki gera það að kappsmáli, þótt starfstími þessarar fyrirhuguðu nefndar yrði lengdur nokkuð. Mentmn. stakk þó upp á að hafa tímann ekki lengri, með tilliti til samvinnu við stúdentaráðið, sem oftast breytist eitthvað árlega. En sem sagt mun jeg ekki gera þetta að neinu ágreiningsatriði og myndi vel geta greitt atkv. með þeirri breytingu, að setutími nefndarinnar yrði 3 eða 4 ár.

Bjarni Jónsson: Jeg var nú meira en lítið hissa, þegar jeg varð þess var, að stjórnin bæri þetta frv. fram, en þó undraðist jeg enn meira, er hv. mentmn. tók það upp á arma sína og bjó jafnvel til kryppu á það, sem ekki var á því í fyrstu.

Fyrst og fremst er mjer það óskiljanlegt, hvers vegna á að fara að takmarka tölu stúdenta við erlenda háskóla. Eins og liggur í augum uppi, hljóta jafnan að verða mikil áraskifti að tölu þeirra manna, er þangað sækja, og liggja til þess ýmsar ástæður, sem hjer er óþarft upp að telja. Það er því versta handahóf, sem hægt var að finna upp á, að fara að takmarka *töluna* á ári hverju. Þetta er því kynlegra, þar sem hæstv. mentamálaráðherra (JM) hefir lýst því yfir, að þetta væri næstum því hin sama tala og undanfarin ár hefði stundað nám erlendis. Hvaða ástæða er þá til að setja þvílík lög sem þessi? Eina afleiðingin, sem þau geta haft, er að ríða undir menn að sækja þessa erlendu háskóla, enda þótt það sje þveröfugt við þann tilgang, sem fyrir frv. vakir. Ef nokkuð ætti að ákveða um þetta atriði, væri skárra að skömminni til að ákveða tölu þeirra, er námsstyrks mega njóta við erlenda háskóla, en að binda slík ákvæði við hvert einstakt ár, nær ekki nokkurri átt. Eins og jeg hefi tekið fram, verða altaf mikil áraskifti að tölu þessara manna. Eitt árið fer ef til vill aðeins einn, annað árið tveir, þriðja árið þrír o. s. frv. Sum árin getur staðið svo á, að margir sigli til náms í einstökum greinum, vegna þess að sjerfræðinga vantar í þeim eða eru komnir á fallanda fót. En þótt svo yrði, að ákveðin yrði hámarkstala allra þeirra, er styrksins mega njóta, gæti það einnig að öðru leyti haft hvimleiðar afleiðingar fyrir stjórn og

þing. Það er svo sem auðvitað, að á hverju ári yrðu bornar fram styrkbeiðnir, ef til vill af flokksmönnum hæstv. stjórnar, sem færu fram á viðbætur. Eina bótin við frv. þetta er sú, að stúdentar fá tryggingu fyrir því að vera ekki með öllu sviknir um fjárstyrk, eins og gert hefir verið áður, bæði af þingi og stjórn, þvert ofan í gefin loforð. En mjer finst, að óþarft ætti að vera að setja sjerstök lög til að hindra það, að börn kjósenda sjeu svikin ár eftir ár um þennan styrk.

En svo undrandi sem jeg er á þessu frv. stjórnarinnar, finnast mjer þó afskifti hv. mentmn. af málinu öllu kynlegri. Hún leggur sem sje til, að styrkur þessi verði veittur af forsrh. eftir till. sjerstakrar nefndar. Það er vissulega engin nýlunda, að stjórnin vilji hafa sem flestar nefndir sjer til aðstoðar, til að velta af sjer erfiði og ábyrgð, en hitt er meiri furða, þegar þingið vill fara lengra inn á þessa braut. Þessi nefnd er heldur engu hæfari en stjórnin sjálf til að gera till. um þessar styrkveitingar, enda væri það stjórninni engin ofætlun að leita sjer upplýsinga, t. d. hjá rektor mentaskólans.

Þetta er að vísu ekki stórmál, en jeg hefi þó ekki getað látið það fara framhjá mjer án þess að láta í ljós álit mitt á því. Jeg vildi því leggja til, að því væri lofað að sofna hjer í þinginu, uns það vaknaði aftur „með eilífð glaða í kringum sig“ næst þegar lómurinn hefir nógu hátt og vill með öllu sálga þessum ungu mönnum.

Forsætisráðherra (JM): Það er alveg rjett hjá hv. þm. Dala. (BJ), að óheppilegt gæti verið, að stjórnin mætti ekki færa styrkinn dálítið á milli ára, en ef gengið er mjög langt í því efni, mundi þó frv. ekki ná þeim tilgangi sínum, að ekki yrðu fleiri en 16 stúdentar styrksins aðnjótandi í einu. Annars held jeg, að þetta sje atriði, sem myndi lagast í hendi. Hv. þm. Dala. hafði eftir mjer, að nú væru aðeins 16 menn við nám við erlenda háskóla. Þetta er ekki rjett. Jeg taldi upp 18 stúdenta, sem mjer var kunnugt um, hvaða nám stunduðu, en í alt munu þeir vera nokkuð yfir 20. Stjórnin bar þetta frv. fram fyrst og fremst vegna stúdentanna **sjálfra, til að** veita þeim tryggingu fyrir styrknum. Hinsvegar þótti sjálfsagt að takmarka töluna, vegna háskólans hjer meðal annars. Jeg hefi þegar tekið fram, að jeg er þakklátur háttv. mentmn. fyrir það, hvernig hún hefir tekið í málið, og get ekki sjeð, að nefnd sú, er hún leggur til að skipuð verði, geti nokkurn skaða gert. Annars hefi jeg áður í dag látið í ljós álit mitt á henni. Jeg sje ekki, að neitt sjerstakt hafi komið fram í málinu síðan við háttv. þm. Dala. töluðum um það seinast við 1. umr., og sje því ekki ástæðu til að fara lengra út í það að sinni.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg vildi leiðrjetta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Dala. (BJ), er hann talaði um, að þessi styrkveitinganefnd ætti að veita lögákveðinn styrk til lögákveðinna manna. Satt er það, að styrkurinn verður lögákveðinn, en mennirnir alls ekki, og getur oft verið vandi að velja þá úr, svo vel sje. Það er ekki nema sjálfsagt, að kenslumálaráðherra leiti sjer upplýsinga hjá þeim, er skyn bera á þetta mál. Líka mætti jafnan búast við því, ef stjórnin rjeði hjer ein öllu, að henni yrði brugðið um pólitiska hlutdrægni í valinu, þótt alveg væri ástæðulaust, og væri þá betur farið en heima setið, ef þetta frv. gæti komið í veg fyrir slíka tortryggni. Jeg

fæ heldur ekki sjeð, að óeðlilegra sje, að stjórnin hafi nefnd sjer til aðstoðar við styrkveitingu handa stúdentum heldur en til svo margs annars, t. d. til að veita lán úr bjarðráðasjóði. Þessi tilhögun miðar að því, að þeir menn, er sjerþekkingu hafa á slíkum málum, geti þar nokkru ráðið, og jafnframt að því að draga einveldi í þessum vandamálum úr höndum stjórnarinnar í fleiri manna hendur. Þetta er hið demokratiska fyrirkomulag. *(BJ:* Fylgir þm. því?). Jeg geri það a. m. k. að því leyti, að jeg tek það fram yfir einveldi, þar sem einn ræður öllu illa. *(BJ:* Ætli þm. vildi nú samt ekki vera konungur?). Jeg vil ekki vera konungur, sem engu ræður, og ekki heldur einvaldskonungur, því að jeg treysti mjer ekki til þess að ráða vel og viturlega fram úr öllum málum. Annars ætla jeg ekki að fara að tala um þjóðfjelagsskipulag í sambandi við þetta mál, og get að sinni látið þetta nægja.

Bjarni Jónsson: Það er undarlegt, að eftir því sem jeg heyri fleiri tala um þetta, þess ljósara verður mjer, hvað lítilmótlegt og nauða ómerkilegt það er í alla staði. Og það er næsta hart, að heil mentmn. og gáfaður mentamálaráðherra skuli ekki geta flutt neinar sjerstakar ástæður fyrir því, hvers vegna þetta frv. er fram borið. Ætla mætti nú, að þær væru einkum tvær. Annaðhvort að vernda ætti stúdenta fyrir þinginu með lögunum, en það næst trauðla, því þingið getur eins afnumið lögin næsta ár eins og sett þau nú. Í öðru lagi kynnu sparnaðarástæður að ráða, en svo er í rauninni ekki, því að stundi nú aðeins 18—20 menn nám erlendis, þá er harla lítið unnið við að takmarka styrkinn við 16 menn. Og úr því játað er, að áraskifti megi verða á tölunum og mennirnir geti orðið 16—20 einhver árin, þá ætti það að standa í lögunum, en ekki aðeins í þingræðunum, því vel mætti svo fara, að þau ummæli gleymdust, þegar þessi stórmerkilegu lög eru gömul orðin.

Hv. frsm. (BL) talaði auðsjáanlega fyrir hönd nefndarinnar, en ekki sína. Hann ætlaði að sannfæra mig um, að ástæða væri til að hjálpa stjórninni með nefndarskipun til þess að velja úr mönnunum, er um styrkinn sæktu, því ekkert væri í lögunum ákveðið, hvaða stúdentar ættu að fá styrkinn. Þetta er rjett, að engir eru nafngreindir, enda ilt að telja nöfn þeirra manna, sem enginn veit hvað heita. En jeg vil minna hv. þm. (BL) á gamla tímann. Hversu færir heldur hann, að skólastjórinn í hans eigin skóla og aðrir þeir, sem tilnefndir eru til þessarar nefndar, hefðu í þann tíð verið til þess að gera mun á honum og öðrum, sem tóku próf með honum? Því þeir menn, er hjer um ræðir, koma beint frá prófborðinu, og veit þá ekki einu sinni skrattinn sjálfur, hver þeirra muni efnilegastur. Heldur segir skólastjóri og hinir aðrir nákvæmlega það eitt um þá, er í prófvottorðinu stendur. En svo heimska ætla jeg enga stjórn, að hún þurfi hjálp heillar nefndar til að geta lesið það. Og hitt hygg jeg líka, að til þess sjeu dæmi í veraldarsögunni, og jafnvel í Íslandssögu, að betur hafi ræst úr þeim, er stóðu sig illa, en hinum, sem altaf „brilleruðu". Auðvitað rýri jeg mína eigin hátign með þessu, því að jeg var altaf dux, en jeg þekki til þess, að margir af mínum skólabræðrum, sem stóðu sig mun lakar, hafa reynst ennþá miklu duglegri í lífinu en jeg. Ætla jeg því, að prófin úrskurði ekki neitt um framtíð

manna, enda þess að gæta, að menn eru mjög misgamlir í skóla og sinn á hverju þroskastigi. Því er það helber heimska að binda sig við þessar próftölur, og þessi nefndartill. aðeins aukaskraut við frv., sem var ekki of fagurt fyrir. Og lítill sparnaður mun að henni. Hvaða kaup eiga nú þessir menn að fá, því enginn þeirra er skyldugur að vinna að þessu kauplaust? *(MG:* Dagsbrúnartaxta). Það má vera, en þá fer það allmikið eftir, hverjir ráða í landinu, bolsevikarnir eða íhaldið. Því ef bolsevikarnir taka völdin, mun taxtinn að sjálfsögðu hækka, og getur þá nefndin orðið fulldýr, að sumra dómi. Yfir höfuð að tala, þeg sje enga ástæðu til, að þessi lög sjeu sett, nje heldur að þau geti orðið nema til ills eins.

Hv. frsm. (BL) sagði, að þessi nefndarskipun væri ekki til þess að ljetta störfum af stjórninni, heldur til hins, að firra hana ámæli og tortryggni. Það er þá orðsýki f. h. stjórnarinnar, sem veldur þessari till. En konung skal hafa til frægðar og ekki til langlífis. Jeg skil ekki í, að neinn sje svo vesall, að hann bjóði sig fram til þess að stjórna heilu landi og vilji síðan losa sig við ábyrgðina og skella á aðra. Og því síður ætla jeg, að neinn ráðherra gerist svo lítilmótlegur, að hann af flokksástæðum eða pólitík láti efnilegan og góðan stúdent missa styrksins, en veiti hann öðrum, er hann veit að er ljelegri. Og, ef hann gerir það, þá á hann líka að bera fulla stjórnmálaábyrgð á því og verða krafinn og krufinn fyrir það frammi fyrir dómstóli almennings. Hitt má honum ekki líðast, að skjóta sjer þá að baki einnar eða neinnar nefndar. Nei, hann á sjálfur að bera ábyrgðina og ekki að fá að kasta henni á aðra. Nema til þess sje ætlast, að þetta smámál, sem svo er nauðaómerkilegt, verði til þess að sanna, að „af mjóum þvengjum læra hundarnir að stela". Sá ráðherra, sem ekki þyrði að taka á sig þá ábyrgð, er hjer um ræðir, myndi sjálfsagt reyna engu síður að skjóta henni af sjer í stórmálunum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta er ekki fjármál nema að litlu leyti, en ýmislegt hefir gerst á þessu sviði undanfarin ár, sem tekur til fjármálanna, þó í litlu sje. Fyrst eftir að íslenskir stúdentar mistu rjettinn til Garðstyrksins, virtist stjórn og þing líta svo á, að þeir íslenskir stúdentar, sem utan vildu fara og stunda nám í þeim greinum, er ekki voru kendar hjer við háskólann, ættu rjett á að fá til þess styrk úr ríkissjóði, sem samsvaraði Garðstyrknum. Og þetta mátti heita, að framkvæmt væri fyrstu árin, þó ekki væru í fjárlögunum áætlaðar meira en 8 þús. kr. til þessa. En er svo var komið á þinginu 1922, að hin raunverulega upphæð, sem til þessa fór, var orðin 30 þús. kr., eða því sem næst, þá bar jeg fram brtt. þess efnis að hækka fjárveitinguna úr 8 þús. kr. upp í þessa upphæð, sem auðsjeð var, að notuð yrði, til þess að áætlun fjárlaganna væri ekki vísvitandi röng. En þetta var felt, og vissi jeg ekki gjörla ástæðurnar fyrir því þá. En þær komu í ljós á síðasta þingi. Þá var að tillögu fjvn. fjárframlaginu breytt svo, að stjórnin hafði ekki meira til úthlutunar en hinar upphaflegu 8 þús. kr. En sú upphæð var svo lág, að ekki nægði til þess að greiða styrk þeim stúdentum, sem þegar voru byrjaðir að njóta hans. Með þessu er nú augljóst, að þingið taldi sjer ekki skylt að fylgja þeirri reglu um styrk þennan, sem hv. þm. Dala. (BJ) telur eina rjetta samkv.

gefnu loforði, er jeg á bágt með að trúa, að nokkru sinni hafi gefið verið, því jeg get ekki samrýmt það stjórnskipulagi voru, að bindast slíku án opinberra samþykta. En hvað sem því viðvíkur, þá skar síðasta Alþingi úr um þetta, því að eftir að fjárlögin voru sett fyrir árið 1925, þá varð ekki sjeð, fyrirfram, hve marga stúdenta mætti styrkja erlendis á ári. Og hitt gat stjórnin ómögulega tekið upp hjá sjálfri sjer, að veita þeim stúdentum, sem sigla vildu, fyrirfram styrk t. d. til 4 ára. Svona stendur þá málið, að stúdentarnir geta ekki vitað nje haft neina trygging fyrir, að þeir fái 4 ára styrk, ef þeir stunda nám erlendis. Fleira er það í þessu máli, sem snýr að stúdentunum, og skal jeg ekki um það ræða; aðeins benda á þetta, að undanfarið hafa stúdentarnir ekki getað fengið að vita það áður en þeir fóru út, hvort þeir fengju styrkinn, nje byrjað að njóta hans fyr en um næsta nýár eftir að þeir tóku stúdentsprófið. Þetta vitum vjer, sem ytra höfum lesið, hversu afaróheppilegt er, og eins er hitt ilt fyrir stúdentinn, að vita ekki strax um haustið, hvort honum muni kleift að stunda nám erlendis. En úr þessu hvorutveggja er bætt með frv. Að því er snertir tölu þeirra stúdenta, er styrkinn eiga að fá, þá myndi jeg skilja mótspyrnu hv. þm. Dala. (BJ) gegn frv., ef hann vissi, að Alþingi liti svo á, sem allir, er sigla vildu, ættu heimtingu á að fá styrk. En að þessi skilningur er síst ríkjandi á þingi, það sýna fjárlögin 1925 skýrt. Koma þau að vísu í bág við vilja hv. þm. (BJ), en fyrir þeim verðum við að beygja okkur.

Þá er annað atriði, sem ekki snertir fjárhagshliðina, heldur skifting styrksins. Það kann að reynast óheppileg tilhögun að segja við stúdentana, að svo og svo margir megi utan fara og styrks njóta, ef þeir aðeins stundi þær greinar, sem ekki eru kendar hjer. Því að svo kynni að fara, að þá legðu flestir stúdentarnir stund á þær greinar, sem ekki er þörf fyrir, að lærðar sjeu af svo mörgum. Er þetta þegar sjáanlegt, og sýnist það því rjett hagnýting fjárins að stilla svo til, að dálítið verði farið eftir því, hve mikill nemendafjöldi er fyrir í viðkomandi grein, og eins hvort sótt er um að nema námsgreinar, sem mannaþörf er í. Og þetta er hægt eftir frv.

Annars lít jeg aðallega á þetta frv. sem trygging fyrir stúdenta fyrir því, að utanfararstyrkjunum verði ekki fækkað úr því, sem lög standa til, og eins að þeir, sem styrkinn hljóta, megi vera öruggir um að halda honum, því ekki er jafnauðhlaupið að því að nema svona lög úr gildi eins og að færa niður upphæðir í fjárlögum.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að byrja á því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) endaði á. Hann heldur, að það sje erfiðara að færa 4 niður í 3 eða 2 en að breyta fjárlögum. En þetta er ekki erfiðara en svo, að ef einhverjum þóknast að fara fram á að gera þessa fækkun á næsta þingi, þá fæst það nefndarlaust í gegnum báðar deildir, með allra samþykki, nema ef til vill mínu. En að því er snertir minn skilning á máli þessu, sem hæstv. fjrh. talaði um, þá er hann ekki myrkur. Því þegar verið var 1918 að semja um samband landanna, þá var með samþykki allra flokka gefinn eftir Garðstyrkurinn af vorri hálfu, en það fylgdi með, að landið tæki að sjer sömu skyldu gagnvart stúdentunum. Var þetta að vísu ekki opinber samþykt, en alment þingloforð, sem var á allra vitorði, og ekki síst samninganefndarinnar. Og sá,

sem segir öðruvísi frá þessu, segir blátt áfram ekki satt. Og skal jeg leiða að þessu svo mörg vitni sem menn vilja. Hæstv. fjrh. vildi bæta úr þessu frv. með því að minnast á, að upphaflega hefðu 8 þús. kr. staðið í fjárlögunum í þessu augnamiði. Sú upphæð var lítil, en hún var altaf aðeins áætlunarupphæð, því óvíst var, hvað margir sæktu um styrkinn; en til þess var ætlast, að hver stúdent, sem utan færi, fengi 1200 kr. á ári. Þetta var ekki framkvæmt fyrst í stað, og stóð á nokkru að koma þinginu í skilning um, að stúdentarnir ættu að fá þetta, og sýnir það, hve mikið gagn er að því að segja hitt og annað um lögin, án þess að láta það standa í þeim. Þannig eru þessir blá-fátæku stúdentar að líkindum þeir einu menn, sem bíða fjárhagslegt tjón við sambandslögin, og er kyn, að mönnum finnist það svo sanngjarnt sem raun ber vitni um. Nú vill hæstv. stjórn bæta nokkuð úr þessu, með því að fara bil beggja, skera ekki alveg niður fjárveitinguna, en brúka þó ekki meira en hófi gegnir. Jeg verð nú að segja, að mjer fyndist ekkert sjerlega voðalegt, þó 30 þús. kr. væru veittar í þessu skyni. Menn hafa sjeð það svartara í augnamiðum, sem ekki voru alveg eins göfug og þetta, að jeg ekki minnist á, hvað mönnum hefir verið ósárt um að taka lán til taps eins án þess að nokkur minsta þörf væri á því. En sannleikurinn sjest hjer sem oftar, að mest er skrafað um smáupphæðirnar og einkum um fje, sem gengur til þessara þarfa.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að með þessu móti mætti hafa hönd í bagga með, hversu margir læsu þessa og þessa grein, svo nákvæmlega megi ráða, hvað margir verði málfræðingar eða stærðfræðingar eða verkfræðingar. En jeg sje nú ekki, hvernig hægt er að girða fyrir, að þessir 16 lesi ekki allir það sama, ef þeir vilja það. Lögin ákveða ekkert um það. Það verður því að bæta því við og setja nýja nefnd til að segja fyrir um, hvað hver skuli lesa í það og það skiftið. Eins verður að sjálfsögðu t. d. um verkfræðingana að reikna út, hvað margir verkfræðingar hverfi í ráðherrastól, verði gerðir að kennurum eða borgarstjórum, til þess að sjeð verði á hverjum tíma, hvað mörgum megi leyfa að lesa þá grein. En hvernig færi nú, ef sú ágæta öld rynni upp, að allir núlifandi verkfræðingar væru dauðir, en sæmilega margir búnir að læra í staðinn, miðað við þarfir landsins, t. d. 6. Og nú kæmu þeir heim; þá verður einn ráðherra, annar borgarstjóri, þriðji kennari, fjórði dæi. Jeg sje ekki, að þá yrði annað ráð fyrir hendi en segja: Sól stattu kyr í sex ár, meðan þeir næstu eru að læra. Annars er svo gott að vita, að þrátt fyrir allan þennan fjölda, sem utan fer að dómi manna, þá hefir Alþingi orðið að styrkja mann sjerstaklega til þess að læra veðurfræði, svo að veðurfræðistofan hjer geti starfað, og eins hefir það orðið að taka húsabyggingarmeistara upp á sína arma. Og hvað halda menn, að komi þá á þingsins bak, ef þessi lög koma í gildi? Afleiðingin verður sú ein, að fleiri og fleiri mönnum verður veittur sjerstakur styrkur á hverju ári. Er því sýnt, að þetta frv. er aðeins hagkvæmt fyrir þá hv. þm., sem kjörfund vilja halda hjer í þingsalnum.

ATKVGR.

Brtt. 68 (ný 1. gr.) samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JBald, JS, JörB, KlJ, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL.

nei: JakM, JK, JÞ, MG, MJ, MT, TrÞ, ÞórJ, BJ, HStef, HK, BSv.

Tveir þm. (JAJ, PO) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 16:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv.

Á 16. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr. var frv. tekið til 3. umr. (A. 84, 85, 86).

Magnús Jónsson: Jeg get verið stuttorður um þessa brtt., sem jeg hefi flutt. Það hefir komið fram við umræðurnar, að ekki þykir heppilegt, að þessi styrkveiting sje bundin við fjóra nemendur á ári.

Mjer finst, að ef þessi styrkveiting er takmörkuð við ákveðna tölu, þá megi ekki fara lengra en svo, að ákveða að 16 njóti styrksins í einu. Það getur vel komið fyrir, að ekki þyki heppilegt að styrkja 4 nýja stúdenta sama árið. Setjum svo, að 5 sæki, en 4 þeirra ætli að nema vísindagrein, þar sem ekki verður talin þörf á nema einum. Fjelli þá styrkur niður, en þó væri ekki hægt að veita nema 4 næst. Á þessu ræður brtt. bót. Styrkinn fengju hlutfallslega fjórir nýir á ári, og er þá breytingin í því fólgin, að færa má styrkinn til milli áranna.

Brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT) gengur í sömu átt og mín og felur raunar í sjer hið sama.

Magnús Torfason: Eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir tekið fram, er mín brtt. sama eðlis og hans, gerð til þess að fram komi það, sem hv. þm. Dala. (BJ) hjelt fram, að ekki mætti minka styrkinn, þó að fáir umsækjendur yrðu eitt ár.

Þá er breytt skilyrði fyrir styrkveitingunni svo, að hún skal bundin við I. einkunn, með tilliti til núgildandi reglugerðar skólans. Virðist sjálfsagt að styrkja ekki aðra til náms við erlenda skóla en þá, sem hafa sæmilega einkunn frá þessum skóla, enda ætti að vera vandalítið að ná I. einkunn, þar sem hv. þm. Dala. (BJ) segir, að stúdentsprófið sje ekki nema nokkurskonar barnaskólapróf.

Það er alt annað að binda styrk við skóla hjer eða erlenda skóla. Það er altaf eitthvað af þeim mönnum, sem nám sækir erlendis, sem fer út í buskann og kemur aldrei aftur. Finst mjer rjett að hlúa að skólum hjer með því að þrengja heldur aðgang að erlendu námi. Það mundi síst auka veg og aðsókn skóla hjer, ef allar dyr að erlendum skólum væru opnaðar upp á gátt.

Bjarni Jónsson: Það er aðeins stutt leiðrjetting. Mjer fórust ekki svo orð, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) segir, um stúdentspróf, heldur um gagnfræðapróf.

Frsm. (Björn Líndal): Mentamálanefnd hefir að vísu ekki borið sig saman um breytingartillögurnar, en jeg hygg þó, að jeg tali fyrir munn meiri hluta hennar. Getur hún ekki mælt með brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT). Nefndin vill ekki, að einskorðað sje við I. einkunn; telur litla sönnun fyrir því, að nemendur sjeu frekar verðir styrks með I. einkunn en II. Miklu meira er um vert, að sá, sem til útlanda fer, sje svo siðferðilega þroskaður, að hann sjái fótum sínum forráð. Jeg álít ekki rjett að kosta nám margra við erlenda háskóla. Fleiri eða færri þeirra koma ekki aftur, og það er augljós sk[illegible] að kaupa unga og efnilega menn burt

landinu, en að því stuðlar alt of rífleg fjárveiting.

Hin brtt., á þskj. 86, er meinlausari. Þó er hætt við, að til að byrja með yrði farið of langt, veitt fleiri en fjórum árlega, og yrðu þá afskiftir þeir, er síðar kæmu. Ef brtt. hefði gengið í þá átt, að styrkurinn væri geymdur til næsta árs, ef ekki þætti ástæða til að veita fjórum, hefði jeg ekkert við það að athuga. Ef mentamálaráðherra gæfi yfirlýsingu um að hann skildi lögin þannig, teldi jeg það nægilegt.

Jeg mun greiða atkv. móti báðum breytingartillögunum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal ekki orðlengja neitt um það atriði, hvort fært sje að binda styrkinn við I. einkunn. Ef styrkurinn verður takmarkaður allmikið, geri jeg frekar ráð fyrir, að í framkvæmdinni muni hann aðallega ganga til stúdenta með I. einkunn. En það hlýtur að fara nokkuð eftir því, hve eftirsóknin er mikil. Þetta atriði á þskj. 85 legg jeg ekki mikla áherslu á. Vil þó heldur, að ákvæði frumvarpsins standi. Það var svo um Garðstyrkinn, að hans gátu notið stúdentar bæði með I. og II. einkunn. En þessi styrkur kemur í hans stað, og er því rjettast að láta ákvæði frv. um þetta vera óbreytt.

Benda má á, hve örðugt væri að koma styrkveitingunni fyrir, svo að ekki ræki sig á, ef farið væri eftir brtt. á þskj. 85.

Ef t. d. styrkur er veittur 6 mönnum árið 1927 og síðan fjórum á ári 1928—1930, þá yrðu styrkþegar 18 árið 1930. En tillagan gerir ráð fyrir 16. Hið sama kæmi að nokkru leyti út, ef brtt. á þskj. 86 væri samþykt. Jeg held því, að rjettast sje að láta ákvæðin í frv. standa.

Jeg geri ráð fyrir, að svo geti farið, að ráðuneytið veiti styrk fleirum en 4 eitthvert ár, ef tala stúdenta við það fer ekki fram úr 16, þeirra er styrks njóta. En þó að eitt árið væru ekki styrktir nema 14—15 nemendur, þá er þetta ekki óríflegt tillag. Verður að gæta þess, að það er óvanalegt, að ríki þurfi að kosta nemendur við erlenda háskóla. Okkur veitir fullerfitt að láta okkar háskóla hafa nóg fje, svo það er eðlilegt, að við getum ekki verið mjög ríflegir við þá, sem nema erlendis. Jeg hefi viljað gæta fullkomlega hófs á báðar hliðar, en álít ekki þörf á að styrkja fleiri en upp undir 16 á ári. Jeg hefi þóst ekki síður líta á hag stúdenta með frv.

Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla mjer ekki þá dul að fara að mæla oftar á móti þessu frv. í því skyni að hafa áhrif á hv. þingmenn. Það er hvort sem er ógerningur að fá menn til þess að hugsa um málið eftir rjettum hugsunarreglum.

Tvent vakir fyrir mönnum, — skilja þeir það, sem lagt hafa stund á hagnýta sálarfræði hv. þingmanna — að koma sjer undan skuldbindingunni, sem gefin var 1921, skera sífelt utan af þessum styrk og smáminka hann, hinsvegar þetta, að reyna altaf að gera öllum til geðs, haltra stöðugt á öllum löppum. Hvað skyldu þeir segja, kjósendur hv. þingmanna, sem eiga gáfaða og námfúsa sonu, er vilja nema eitthvað, sem ekki er kent í háskóla Íslands, þegar Alþingi hefir sagt með lögum, að það ætlaði að halda loforð við 16 menn, en svíkja hina? Hvað segja þeir, sem útundan verða?

Væri jeg kjósandi, myndi jeg biðja

hv. þm. að hafa litla þökk fyrir og senda annan á þing næst.

Það er svo með þessa fjárveitingu sem aðrar, að það eru ekki þingmenn, sem eiga peningana, heldur landsmenn sjálfir. Það er sjálfsagt að fara vel með peninga, en það á ekki að taka bitann út úr munninum á börnum landsmanna. En það er það, sem hv. þingmenn vilja.

Mjer heyrðist það á hæstv. mentamálaráðherra (JM), að hann væri að afsaka þetta með því, að það væri svo óeðlilegt, að ríki kosti syni sína til náms erlendis. Þetta er rjett þar, sem það á við. Þær þjóðir, sem eiga eða hafa komið á fót hjá sjer nægum og fullkomnum mentastofnunum, þurfa þessa ekki með. En þar, sem engar slíkar mentastofnanir eru til, eða of fáar, hvort sem það stafar af efnahagslegu getuleysi eða nísku, þá verður að senda menn utan til þess að læra. Jeg skal ekki lasta oss Íslendinga fyrir það, að vjer stofnuðum háskóla vorn svo seint, en hitt er ámælisvert, að vjer höfum ekki gert neitt til þess að auka veg eða gengi þessarar mentastofnunar vorrar eftir að hún komst á fót. Þvert á móti hefir verið reynt hvað eftir annað að draga úr þessum vísi til innlendrar vísindastofnunar, minka hann og limlesta og á allan hátt halda áhrifum hans niðri. Það yrði sparnaður fyrir þjóð vora, og metnaður hennar ætti það einnig að vera að efla háskóla vorn, svo að ekki þurfi að senda menn utan til náms. En það samrýmist illa því, sem nú er efst á baugi, að slátra kennaraembættum og fella niður þá kenslu, sem byrjað var á. Og svo er verið að slá því fram, að óeðlilegt sje að kosta menn við nám erlendis. Það er víst, að það getur vel hlotist af dvöl ísl. námsmanna erlendis, að vjer ölum þar upp góða og nýta mentamenn, sem svo ílendast þar eða hverfa hjeðan á braut, og er þetta ekkert nýtt fyrir oss. Mun þetta einnig verða svona framvegis, meðan vjer tímum ekki að greiða þeim sómasamleg laun, eða að minsta kosti svo, að þeir geti lifað af þeim. Hví varð Stefán Jónsson að fara hjeðan? Það átti að vísu að hola honum hjer niður sem einhverskonar dósent. Hvers vegna er Pjetur Bogason ekki látinn koma hingað? Það er síður en svo, að reynt sje að fá hann hingað til lands. Honum er gert að skilyrði, ef hann ætli að koma, að nema meira og fleira, til þess að fá viðtöku hjer. Þá munu og háskólakennarar vorir framvegis eins og hingað til fá tilboð hvaðanæfa, vilji þeir hverfa hjeðan. Sje það satt, sem sagt er, að Norðmenn ætli að fá um 100 kennara í íslensku og ísl. fræðum, efast jeg ekki um, að margir muni verða fúsir til að fara hjeðan heldur en að þræla hjer við sult og eftirtölur. Áður stóð jeg hjer upp í sæti mínu til þess að mæla á móti þessum lögum sem algerlega ósæmandi Alþingi, en það kom fyrir ekki, og nú stend jeg aðeins upp til þess að þvo hendur mínar af þessu máli, til þess að láta alda og óborna vita um það, að jeg hefi ekki viljað vera með í því að setja þessi lög, sem eru óþörf, gagnslaus og algerlega ósæmandi löggjafarþingi þjóðar, sem þó vill láta telja sig siðaða þjóð.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. þm. Dala. (BJ) er ennþá að tala um svikin loforð í sambandi við þetta mál. Jeg hefi áður átt tal við hv. þm. um þetta, og jeg kannast alls ekki við, að nokkurt loforð hafi verið gefið um þetta árið 1918. Og að jeg hafi aldrei skilið þetta svo, held jeg að sjáist berlega á framkvæmd

þessa máls fyrst eftir 1918. Þá voru aðeins veittar 8 þús. kr. í þessu augnamiði og alls ekki heldur borgað meira út en veiting var fyrir. Þetta ber allsæmilega vitni um það, að jeg hefi ekki álitið, að loforð um það, sem hv. þm. heldur fram, hafi verið til. En hitt veit jeg um, og jeg benti á það við 1. umr. þessa frv., að fjvn. þingsins, líklega fyrir dugnað þessa hv. þm., hafa litið á þetta, máske ekki sem loforð, en sem vilyrði fyrir því, að þetta yrði gert eins og hv. þm. Dala. vill vera láta. Og þó svo hefði nú verið, að loforð hefði verið gefið um þetta, þá gæti það loforð ekki staðið til eilífðar. Hvernig gæti þá þetta loforð hafa verið svikið? Til þess að þingið gæti ekki breytt þessu, þyrfti eitthvað að hafa verið sett í stjórnarskrána því viðvíkjandi. Hv. þm. Dala. er og stundum spaugsamur. Hann er það, er hann er að tala um það í þessu sambandi, að þetta sje tekið frá munni barna landsmanna. Það er rangt hjá hv. þm., er hann segir, að þjóðin hafi ekki tímt að koma sjer upp mentastofnunum. Því samanborið við fjárhagsgetu og fólksfjölda höfum vjer mjög margar mentastofnanir hjer á landi. *(BJ:* Hverjar?). Það er og vel gert af þjóð, sem ekki er nema 100 þús. manns, að eiga háskóla, þótt ekki sje annað talið. Háttv. þm. telur, að við hefðum getað lagt fram meira fje í þessu skyni. Jú, að vísu hefðum við getað það, en það hefði þá orðið með því að vanrækja ýmislegt jafnnauðsynlegt. Að öllu samtöldu staðhæfi jeg, að vjer leggjum mjög sómasamlega fje úr ríkissjóði til menningar.

Bjarni Jónsson: Nú þykir mjer hæstv. forsrh. (JM) vera farinn að verða spaugsamur, þegar hann er að tala um, hversu fjölmargar mentastofnanir vjer eigum. Jeg spyr þá: Hverjar eru þær? Er það hinn svokallaði mentaskóli, þessi umskiftingur fyrir lærðan skóla, sem áður var? Er það þetta brot úr háskóla, sem við höfum eignast og altaf hefir verið sveltur, síðan hann komst á fót? Sje þetta svo, þá má segja, að sannist máltækið: Litlu verður Vöggur feginn. Annars er svo að heyra, sem hæstv. forsrh. (JM) hafi ekki vitað, að lítil og fámenn þjóð gæti verið mentaþjóð. En því er nú svo varið, að það er ekki hægt að miða mentunina við mannfjölda, heldur fer hún eftir mentunarþörfinni, og hún er meiri hjer en annarsstaðar. Hjer þarf góðan mann og valinn í hvert rúm. Fjölmennu þjóðirnar, sem nægar eiga mentastofnanirnar, hafa um marga að velja til hvers sem er. Aðalkjarni þessa máls er, að þjóðin ali skilyrði fyrir mentun og menning, til þess að mennirnir geti orðið góðir; en þeir eru ekki allir jafngóðir og landið okkar, sem er með bestu löndum í heimi. Það er satt, hvað sem hæstv. forsrh. (JM) segir, loforð voru gefin um þetta, og allir flokkar og allar nefndir þingsins tóku þátt í þeim loforðum. Loforðið var ekki formlegt, af því að engum datt í hug, að svikið mundi verða. Það eru til svo föst loforð, að enginn getur hugsað sjer, að þau verði brigðuð, og svo var um þetta. Það mátti segja um þetta loforð líkt og um lög Sólons, þegar hann var spurður, hví hann hefði ekki lagt refsingu við móðurmorði; en hann svaraði, að hann vildi ekki nefna svo svívirðilegan glæp á nafn í lögunum, til þess að minna engan mann á, að slíkur glæpur gæti átt sjer stað. Þess vegna var talið óþarft 1918 að lögfesta loforð, sem engum kom til hugar þá, að nokkurntíma yrði brigðað. Þetta loforð er því lög; svo sterk lög, að löggjafarvaldinu er ekki fært að breyta þeim, — því þessu verði,

fyrir þetta loforð var sjálfstæði Íslendinga keypt. Þetta loforð er því miklu sterkari skuldbinding fyrir það þing, sem afsalaði Garðstyrknum, en þó það hefði verið sett í lög eða staðið í stjórnarskrá ríkisins, því það stendur í þeim lögum, sem allar síðaðar þjóðir telja sjer skylt að lúta, — *í lögum drengskaparins.*

ATKVGR.

Brtt. 85 feld með 16:5 atkv.

— 86 feld með 14:5 atkv.

Frv. samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, BSt, BL, EE-Stef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB.

nei: MT, TrÞ, BJ, JBald, JakM, KlJ, BSv.

Einn þm. (ÁJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 84).

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg býst við, að hv. þdm. hafi kynt sjer frv. og ástæður stjórnarinnar fyrir því, og jeg vona, að málið sæti sömu góðu meðferð hjer og það fjekk í hv. Nd. Þar hefir sú eina smábreyting verið gerð á því, að þar sem ekki var gert ráð fyrir neinni nefnd, sem kenslumálaráðherrann gæti leitað ráða hjá viðvíkjandi styrkveitingunni, þá hafa ákvæði þar að lútandi verið sett í hv. Nd. Jeg taldi þessa breytingu óþarfa, en mælti ekki móti henni.

Aðalatriði frv. eru þessi: Í fyrsta lagi er stúdentunum með því trygður hinn veitti styrkur um hinn ákveðna tíma, og á hinn bóginn er beinlínis ákveðið, hvað marga skamta skuli veita til styrktar íslenskum stúdentum við erlenda háskóla. Ætla jeg, að stjórninni hafi heppnast að gæta hófs í máli þessu og una megi við að hafa skamtana ekki fleiri, eða í mesta lagi 16 árlega. Stúdentarnir vita og, að hverju þeir mega ganga. Hitt er og ekki lítils vert, að með þessum hætti má velja úr, þannig, að þeim má veita styrkinn, sem á þeim tíma, er um ræðir, virðast hans best maklegir og hafa mesta þörf fyrir hann.

Jeg skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 278 og 297, 314).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Þetta frv. er flutt sem stjfrv. í Nd, og hafa þar verið gerðar á því lítilfjörlegar breytingar. Aðalbreytingin er sú, að nefnd skuli sett til þess að gera tillögur um það, hverjir fái styrkinn. Mentamálanefnd hefir sent þetta mál til umsagnar háskólaráðsins, og fylgir brjef þess áliti nefndarinnar. Meiri hl. nefndarinnar hefir fallist á þessar brtt.:

1. Við 1. gr. Orðin „hjer á landi“ falli burt. Það er af því, að komið hefir fyrir, að íslenskir stúdentar hafa tekið próf í öðrum löndum, og þótti ekki rjett að útiloka þá frá styrk.

2. brtt. er við 2. gr., að fyrir „4“ komi 6. Í frv. er gert ráð fyrir, að styrkurinn verði veittur fjórum stúdentum, en í brjefi háskólaráðsins segir meðal annars:

„Tölu styrkjanna treystist ráðið ekki til að breyta, en vill aðeins taka það fram, að mjög væri það æskilegt, ef Alþingi sæi sjer fært að gera hámarkið nokkru hærra, t. d. 6 styrki í stað 4, þó aldrei nema venjan yrði að veita færri. Stjórnin myndi tæpast nota slíka heimild að ástæðulausu“.

Nefndinni þótti rjett að taka þetta til greina og hækkaði töluna.

Þá er 3. brtt., við 3. gr., um það, að styrkinn skuli aðeins veita ötulum stúdentum og að á það skuli litið, hverra manna þjóðin þarfnast, ennfremur að meir skuli litið á hæfileika en efnahag.

Nefndin hefir fallist á þetta, en þykir þó rjett, að fátækur maður gangi fyrir um styrk, að öðru jöfnu.

Þessar eru aðalbrtt. meiri hl.

Það sýnist alveg sjálfsagt, að þjóðin styrki menn til náms erlendis, því að áður áttu þeir meiri rjett og betri aðstöðu, sem þeir hafa mist án saka af sinni hálfu. En þótt meiri hl. nefndarinnar hafi fallist á þessar tillögur, þá get jeg sagt fyrir mig, að jeg er frv fylgjandi, þótt þær fengju ekki þær undirtektir, sem jeg óska.

Frv. er eigi að síður rjettarbót og spor í áttina.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það hefir verið allgott samkomulag í nefndinni um þetta frv., sem kom úr hv. Nd. Það fjallar um fjölgun þeirra stúdenta, sem gefinn er kostur á að nema erlendis. Jeg er frv. að vísu ekki fylgjandi nema að sumu leyti, en ber fram brtt., sem eru nokkuð kostnaðarsamar í framkvæmd, en verða óhjákvæmilegar áður en langt um líður.

Jeg er samdóma stjórninni um það, að óhugsandi sje annað en ríkið verði að styrkja menn til náms í útlöndum. Og það hefir þann kost í för með sjer, að þessir menn mundu dreifast og ekki stunda nám í sömu borg allir. Þeir mundu fara til Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur, Þýskalands, Englands og Frakklands. Þetta er mikill ávinningur, sem felst í því að fá áhrif frá sem flestum menningarlöndum. Jeg get því látið í ljós ánægju mína yfir þessari hlið frv.

Hitt finst mjer aftur á móti ekki rjett hugsað, er stjórnin vill takmarka styrkinn við stúdenta eina. Það er ekki altaf þörf á að hafa 16 stúdenta ytra við nám, einkum ef óáran er í fólkinu og góðir kraftar við háskólann hjer.

Á því hefir borið, að þeir, sem styrks hafa notið á undanförnum árum, þykja ekki hafa hagnýtt sjer hann sem skyldi, T. d. er mjer kunnugt um það úr brjefi um einn mann, sem er í einu af Norðurlandaríkjunum, að hann vinnur fyrir sjer og nýtur þó styrks. Jeg er ekki að saka stjórnina um þetta; eftirlit með slíku er örðugt.

En samhliða þessu er fjöldi karla og kvenna, sem nám stunda erlendis og ekki eru stúdentar. Þetta fólk á ekki annars kosti en sækja um styrk til þingsins, ef það á ekki efnað fólk að, en fær oft lítið og gengur það erfiðlega.

Það er óhætt að fullyrða, að ef þörf er á að gefa 16 stúdentum kost á að nema erlendis árlega, þá er þörf á að gefa það

einnig að minsta kosti öðrum 16 konum og körlum, þótt ekki hafi þau stúdentspróf. Það eru á hverju ári meðal slíkra manna margir, sem full ástæða væri til að styrkja. Og jeg hefi borið þessa till. fram til þess að gefa tækifæri til að taka ákvörðun um þetta samtímis styrkveitingum til stúdenta. Jeg skal játa það, að með tímanum yrði að setja nánari fyrirmæli um úthlutun þessa styrktarfjár, en í fyrstu legg jeg til, að úthlutun þess sje falin stjórnarráðinu. Og það er rjettur, sem það hefir haft, t. d. um styrk til iðnnema.

Ef þessi brtt. yrði samþykt, þyrfti einnig að breyta nafni frv.

Forsætisráðherra (JM): Till. hv. meiri hl. eru fremur meinlausar og gagnslausar. Jeg held, að það sje afskaplega sjaldgæft, að veita þurfi styrk stúdentum, sem tekið hafa stúdentspróf við erlenda skóla. Þegar litið er á sögulega hlið málsins, sjest, að sá styrkur, sem stúdentum hefir verið veittur eftir 1918, kemur í stað Garðstyrksins, sem þá fjell burtu, en hafði áður verið veittur undantekningarlaust öllum íslenskum stúdentum, sem utan fóru til náms og ekki höfðu 3. einkunn. Það, sem þetta frv. gerir, er að takmarka þennan rjett þannig, að ákveðið er, að ekki fái styrk nema ákveðin tala stúdenta. Þetta er önnur hliðin. Hinsvegar tryggir frv. ákveðinni tölu stúdenta styrk í 4 ár við háskólanám erlendis. Þá getur það ekki komið fyrir framar, sem kom fyrir í fyrra, að Alþingi svo sem upp úr þurru svifti jafnvel veittum styrk af stúdentum.

Þá brtt. nefndarinnar, að veita megi styrk stúdentum, sem tekið hafa stúdentspróf erlendis, álít jeg meinlausa. Jeg neita ekki, að komið gæti fyrir, að þá heimild þætti rjett að nota, en það mundi ekki verða gert nema í einstaka tilfelli, líklega ekki oftar en 1—2 á hverjum 30 árum. En benda má á, að aðstaða þeirra Íslendinga, sem stúdentspróf taka t. d. í Danmörku, er önnur en þeirra, sem próf taka hjer á landi. Íslenskir stúdentar með dönsku stúdentsprófi eiga aðgang að Garðstyrk, ef þeir eru ástundunarsamir og efnalitlir. Í raun og veru er eðlilegast og sögulega rjett að binda styrkinn við íslensk próf, eins og gert var um Garðstyrkinn, meðan Íslendingar höfðu óbundinn rjett til hans. Þó að jeg telji breytinguna meinlausa, óska jeg heldur, að frv. gangi fram óbreytt.

Þriðja brtt. er líka meinlaus, og raunar óþörf, því að sjálfsögðu verður tekið tillit til þess, hverskonar manna þjóðin þarfnast, þegar styrkur verður veittur. Tillögunni um breyting á tölu styrkþega verð jeg að mæla á móti. Jeg tel mjög ríflega skamtað, að 16 stúdentar njóti styrksins árlega. Það verður líka að hugsa um stúdenta, sem nema hjer heima, en ef leiðin er gerð mjög greið til náms erlendis, má búast við, að nokkur hluti þeirra, sem þar nema, ílendist ytra, og þá má heita svo, að þeir sjeu þjóðinni tapaðir. Sýnist ekki ástæða til að ala þannig upp menn handa öðrum þjóðum. Jeg álít frv. fara mjög hóflega í sakirnar, og jeg tel ekki þörf á að styrkja fleiri menn en þetta. Jeg býst við, að árlega fáist nógu margir hæfir stúdentar eftir þeirri stúdentaframleiðslu, sem nú er, því í raun og veru eru þetta kostakjör og styrkurinn mjög hár í samanburði við þann styrk, sem stúdentar fá hjer heima. Þeir fá ekki svipað því helming á við þetta, og er þó víst eins dýrt að stunda nám hjer og erlendis. Jeg held, þegar að er gætt, að ekki sje ástæða til að fara lengra en frv. gerir ráð fyrir, og jeg held, að þeir, sem vilja koma skipulagi á þetta mál og tryggja

stúdentum styrk framvegis, ættu ekki að leggja kapp á að breyta tölunni. Það lítur raunar út fyrir, að nú sje einskonar útvarp á peningum úr ríkissjóði, en jeg hygg þó óvíst, að hv. Nd. mundi fallast á að hækka þessa tölu.

Hvað snertir brtt. minni hl., þá er mjer óskiljanlegt, að nokkrum skyldi geta dottið í hug að bera hana fram sem brtt. við þetta frv., sem borið er fram á eðlilegum og sögulegum grundvelli. Það var að minsta kosti sjálfsagt að hafa þetta í öðru formi. Jeg skal annars ekkert um þessa till. segja, en jeg skil ekki, að hv. minni hluti geti haft deildina með sjer í þessu.

Jeg skal svo ekki fara um þetta frekari orðum. Þingið verður að ráða við sig, hve miklu fje því þykir fært að verja til stúdenta, og gæta þess jafnframt, að þeir, sem heima nema, verði ekki ver úti en hinir.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Mjer skilst á hæstv. forsrh. (JM), að hann hafi heldur horn í síðu brtt. við 1. gr. Það, sem fyrir háskólaráðinu vakir, mun vera það, að ef fyrir kynni að koma, að íslenskur námsmaður tæki stúdentspróf í Danmörku eða annarsstaðar erlendis, væri ekki rjett að láta það standa í vegi fyrir því, að hann fengi notið styrks af íslensku fje. Brtt. er víst fram komin vegna þess, að einn sjerstaklega efnilegur ísl. námsmaður mun vera á leið til stúdentsprófs í Kaupmannahöfn. Hefir fyrv. sendiherra vor í Danmörku sagt mjer frá þeim pilti og talið hann vera framúrskarandi námsmann. Finst mjer ástæðulaust fyrir hæstv. forsrh. (JM) að ganga af kappi á móti þessari tillögu. Hann hefir áður brugðið mjer um kapp. Hjer er þó síður ástæða til að beita því.

Um næstu brtt., að fyrir 4 komi 6, getur auðvitað verið álitamál. En jeg bið hv. deild að athuga, að þó hærri talan yrði samþykt, væri það á valdi stjórnarinnar, hvort svo margir fengju styrkinn. Hann yrði sennilega ekki veittur fleiri en fjórum, nema sjerstök ástæða þætti til. Að þessi fjölgun gæti haft áhrif á styrk stúdenta hjer heima, kemur varla til mála. Upphæðin er svo hverfandi lítil, þó að tveimur væri bætt við, að það mundi engin áhrif geta haft á fjárveitingu til stúdenta hjer við skólann. Mjer finst fullkomin ástæða til að taka tillit til umsagnar þeirra manna, sem helst hafa rannsakað þetta mál og mest um það hugsað, en það er háskólaráðið. Jeg held, að rjett sje að hafa í frv. það, sem háskólaráðið vill láta koma fram, að tekið sje tillit til þess, hverskonar manna þjóðin þarfnast mest.

Um brtt. hv. minni hluta (JJ) er það að segja, að hún lá ekki fyrir nefndinni áður en hún klofnaði. Jeg skal taka það fram, að jeg teldi æskilegt, að hægt væri að veita þeim mönnum styrk. sem hv. 5. landsk. (JJ) hefir minst á. En jeg get ekki greitt því atkv. vegna þess, að það yrði til þess að setja fót fyrir þetta frv., en jeg tel nauðsynlegt og sjálfsagt, að það komist gegnum þingið. Jeg sje mjer því ekki annað fært en að greiða atkv. móti till. minni hl. nefndarinnar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi ekki skilið vel þessar umræður viðvíkjandi tölu styrkjanna. Mjer finst hjer ekki um að ræða fjölgun styrkja, heldur hitt, að 4 nemendur sjeu styrktir til 6 ára. Samkv. frv. veitist styrkurinn til fjögurra ára, en ef brtt. verður samþykt, þá til sex ára. Þessar umræður hafa því verið úti á þekju. Brtt. hefir sem sje orðið alt önnur hjá hv. meiri hl. nefndarinnar en til var

ætlast. Hæstv. forsrh. tók hana eins og hún átti að vera, en ekki eins og hún er.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Mjer þykir leitt, að hæstv. forsrh. skyldi ekki taka betur í þessa brtt. en raun varð á. Mjer komu þessar undirtektir á óvart frá mentamálaráðherra.

Landið kostar dýran háskóla, og hefir gert í nokkur ár. Kostnaður við hann fer vaxandi, eftir því sem starfsmönnum er fjölgað, en það er reynt óspart í þessari hv. deild. En samhliða því, sem kostnaður við háskólann vex, hefir þingið mjög dregið saman styrkveitingar til annara námsmanna en stúdenta. Það hefir ausið út styrk til stúdenta, þó þeir væru óreglumenn og þó engar sannanir væru fyrir því, að þeir væru að læra að gagni. Hinsvegar hefir það felt niður styrk til iðnnema og til hjúkrunarkvenna, og síðast í gær var feldur lítill styrkur til manns, sem er að ljúka vegfræðiprófi í Noregi. Hvort skyldi nú vera betra að styrkja svona fólk eða 16—20 verkfræðinga, sem búið er að kosta mikið og landið hefir enga þörf fyrir?

Hæstv. forsrh. (JM) og hv. 1. landsk. (SE) sýnast ekki hafa neinn skilning á því, að okkur vantar fólk með margskonar sjerþekkingu aðra en þá, sem háskólanám veitir. Hæstv. forsrh. (JM) var við völd, þegar mest var sukkað með fje til stúdenta. Hví kom hann þá ekki með ráð til að „kontrolera" þessar fjárveitingar? Ætli þessi styrkur hafi ekki verið feldur alveg niður til þess að reyna að koma vitinu fyrir stjórnina? Það er engin ástæða fyrir hæstv. forsrh. (JM) að vera glaður yfir því, að hafa staðið á bak við þetta gamla sukk. Þar hafa sumir verið fyr og síðar, sem duglegri hafa verið að drekka en nema. Þessir 20 verkfræðingar koma nú bráðum heim til þess að koma á stað fyrirtækjum eins og gasstöðinni til dæmis. Þá verður kannske hæstv. forsrh. þökkuð forsjónin í mentamálunum. En þegar hjer vantar menn til þess að leggja vegi, þegar ráða verður hingað danskar hjúkrunarkonur, þá fær hæstv. forsrh. líka eitthvað af þakklæti fyrir þann skilning, sem hann hefir sýnt í þessum málum.

Jeg gerði það af ásettu ráði að geyma það, þar til jeg hefði heyrt, hvernig hæstv. stjórn tók í þetta mál, að minnast á það, sem einn helsti skólamaður þessa lands hefir lagt til þessara mála, kennari við mentaskólann. Hann hefir sýnt fram á, að það væri miklu eðlilegra, að utanfararstyrknum væri breytt í lán, og jafnframt haft aðhald um það, að þetta fólk, sem lærir ítarlega, komi heim og starfi fyrir landið. Það er alveg eins og stjórnin hafi verið að leika sjer að því að kasta peningum í fólk, sem við höfum ekkert með að gera, eða sama sem ekkert, og sem svo kannske sest að í öðrum löndum. Það er t. d. um einn mann, sem jeg ekki vil nefna, sem þingið hefir styrkt með fje. Ef hann fær ekki meira, þá sest hann að erlendis og notar þetta sjernám, sem þingið hefir styrkt hann til, utanlands. En það er ekkert við þessu að segja, því að það hefir ekkert skipulag verið á þessu hingað til, og það er ekki lán, sem talað er um að veita. *(Forsrh. JM:* Það kemur fyrir, að þeir vilja fara hjeðan). Já, það kemur fyrir, en þá er jafngott, að þessir námsmenn borgi sinn styrk til landsins aftur. Jeg sje að vísu, að það væri rjettara að breyta öllum þessum styrk í lán, vaxtalaust og endurgreitt á löngum tíma, en að ríkið hefði einhverja tryggingu fyrir því, að þeir, sem að þessum mönnum standa, borguðu lánið, ef þeir kæmu ekki heim aftur. Jeg get því ekki sjeð

annað en að þetta frv. sje borið fram með algerðu skilningsleysi á þörfum þjóðarinnar, því að það veit hæstv. ráðherra (JM) vel, að ekki taka allar hjúkrunarkonur próf við mentaskólann hjer, áður en þær fara. En jeg tek það sem fylstu ástæðu fyrir því, að hæstv. ráðherra (JM) gat ekki sagt neitt um till. mína nema loðin óvildarorð, að þarna var stungið á kýli, sem viðkvæmt er. Jeg býst ekki við, að hæstv. forsrh. (JM) haldi, að iðnaðurinn standi svo hátt hjer á landi, að hann geti varið það með nokkru viti, að við þurfum ekkert að læra í þeim efnum; en jeg hefi ekkert á móti því, að það komi dálítið fram af þessari þoku, sem bólaði á hjá hæstv. forsrh. (JM), því að þegar þjóðin sjer, að það hafa verið útilokaðir allir nema stúdentar, og þegar verið er að reyna að útbúa aðganginn að mentaskólanum svo, að ekki nema Reykvíkingar geti komist þar að, þá getum við síðar talast við um það, hvernig þessi mentamálaráðherra (JM) býr að fólki úti um landið, þegar búið verður með frv. því, sem nú er á ferðinni í hv. Nd., að loka mentaskólanum fyrir aðkomumönnum, sem jeg býst við, að hæstv. forsrh. (JM) og flokkur hans hafi mikla samúð með, og þegar enginn námsstyrkur á að fást nema handa þessum útvöldu börnum Reykjavíkur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki að láta hv. frsm. minni hl. mentmn. (JJ) fá mig til að halda langa ræðu um þetta mál. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt þokukent hjá mjer, þótt jeg segi, að það sje fásinna að bera svona brtt. fram við þetta frv. En hitt sagði jeg ekkert um, hvort það gæti ekki verið rjettmætt í sjálfu sjer að veita öðrum en stúdentum styrk til að nema utanlands. Ef jeg greiði atkv. á móti því að veita eitthvað í fjárlögum til þess, þá getum við talað um það. Það er þessi tilhneiging hv. þm. (JJ) til að blanda algerlega óskyldum efnum saman; ef hv. þm. (JJ) kallar það þoku, má hann það fyrir mjer, en sú þoka er þá eingöngu í höfði hv. þm. (JJ) sjálfs.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um óreglu stúdenta. Jeg hefi spurst fyrir um það í Kaupmannahöfn og víðar, en jeg hefi altaf fengið sama svarið, að stúdentar erlendis stundi nám sitt mjög vel nú á síðari árum og sjeu reglusamir. Hvort þetta er undantekningarlaust, skal jeg ekki um segja, því að eftirlitið er dálítið óhægt, þegar þeir eru dreifðir út um allan heim, sumir í Þýskalandi, sumir í Austurríki, og jeg held í Ameríku. En um stúdenta, sem eru í Danmörku, hefi jeg sannspurt, að þeir eru bæði mjög reglusamir og ástundunarsamir, og jeg held líka, að þeirra sæmilegu próf bendi á þetta, svo að hv. þm. (JJ) talar hjer um hluti, sem hann veit ekkert um. *(JJ:* Til dæmis?). T. d. um það, að jeg hafi verið bruðlunarsamur á þennan styrk til stúdenta, því að jeg hefi fengið harðar átölur í annari deildinni fyrir það, að jeg hafi ekki látið nóg. Það voru veittar 8 þús. kr. til stúdenta erlendis í fyrstu, og jeg ljet ekki skifta nema þessu, en svo kemur fjvn. Nd. og segir, að því hafi verið lofað á þinginu 1918, að stúdentar skyldu hafa sama rjett og áður, þegar þeir höfðu Garðstyrk. *(JJ:* Fjvn. er annað en þingið). Já, en það veitti fjeð eftir till. fjvn. Auk þess get jeg sagt hv. þm. (JJ) það, að jeg hefi einmitt stöðugt haldið því fram, að í sambandi við sambandslögin 1918 eða annars hafi ekki verið gefið neitt loforð stúdentum alment, að íslenska ríkið skyldi

bæta þeim upp burtfelling Garðstyrks, en þingið virtist annarar skoðunar í því efni, svo að það er fásinna af hv. þm. að vera að deila á mig, sem einmitt stóð einn uppi með svipaða skoðun og háttv. þm. (JJ) talar um. Á hinn bóginn verð jeg að játa, að það var að sumu leyti gert ráð fyrir því við samningana 1918, en jeg skoðaði það aldrei sem loforð. Jeg væri hv. þm. (JJ) þakklátur, ef hann vildi segja mjer, hvort einhverjir stúdentar væru óreglumenn; þeir yrðu þá sviftir styrknum þegar í stað. *(JJ:* Jeg er enginn eftirlitsmaður fyrir stjórnina). Já, en jeg skora á hv. þm. (JJ) að sanna orð sín, því að það er rangt að svívirða námsmenn okkar á þennan hátt. *(JJ:* Hæstv. ráðherra (JM) veit ekkert um það). Jeg hefi það fyrir satt, að það sje yfirleitt gott eitt að segja um reglusemi og ástundun stúdenta nú, og það er ekki til neins fyrir hv. þm. (JJ) að fara að tala um óreglu stúdenta upp í opið geðið á okkur. Jeg er auk þess alveg hissa á því, að hv. þm. (JJ) skuli vilja blanda till. eins og þessari inn í frv. eins og það nú er. Að það þurfi að veita öðrum líkan styrk, má vel vera, en það verður að gera á annan hátt.

Sigurður Jónsson: Það er, eins og hv. þdm. er kunnugt, að líkindum liðinn alllangur tími af þessu þingi, og mjer þykir hætt við, að frv., sem taka breytingum í annari deildinni, nái kannske ekki fram að ganga í hinni, og það getur einnig komið fyrir þetta frv., ef það verður samþykt hjer með breytingum. Jeg mun því greiða atkv. á móti öllum brtt. og ganga að frv. eins og það kom frá háttv. Nd. Jeg er fyllilega samþykkur skoðun háttv. minni hl. (JJ), að það þurfi að styrkja fleiri menn en stúdenta, en það er einfaldast að styrkja þá í fjárlögum.

Jeg er því mótfallinn, að styrkurinn til iðnaðarmanna var tekinn af fjárlögum, og mjer finst, að það geti vel sómt þessari hv. deild að setja hann inn aftur, og jafnvel þótt ríflegri væri; og það er ekki loku skotið fyrir það, þar sem þessi hv. deild er ⅓ hluti þingsins að höfðatölu, og ef það er rjett, að hv. Nd. hafi hækkað útgjöld fjárlaganna um 120 þús. kr., þá ætti þessi hv. deild, eftir mannfjölda, að hafa rjett til að hækka þau enn um 60 þús. kr., og mun jeg greiða því atkvæði mitt, ef einhver hv. þm. vill bera fram styrk til iðnaðarmanna.

Jeg ætla ekki að lengja umr. um þetta meira. Jeg býst við að greiða atkv. á móti öllum brtt. og óska, að frv. verði samþykt eins og það kom frá hv. Nd.; það eru ekki bráðnauðsynlegar breytingar, er komið hafa fram hjá hv. meiri hl. nefndarinnar, og mjer finst, að hv. minni hl. geti líka komið sínu máli nokkuð vel fram, ef styrkur til iðnaðarmanna kemst í fjárlög.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Það er rjett, sem hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagði um brtt., en það stafar af því, að brtt. hefir af vangá orðið við 2. gr., í staðinn fyrir við 1. gr. Jeg mun þess vegna taka brtt. aftur og færa hana í rjett horf til 3. umr.

Út af því, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði um stúdentana, að þeir færu ekki vel með styrkinn, verð jeg að taka í sama streng og hæstv. forsrh. (JM). Síðustu 2 árin, sem jeg stóð fyrir ráðuneytinu, leitaði jeg upplýsinga um þá, og yfirleitt var fullyrt, að þeir væru mjög ástundunarsamir. Í svo stórum hóp má gera ráð fyr-

ir, að allir sjeu ekki eins reglusamir, en yfirleitt held jeg, að megi segja það, og með sönnu, að stúdentar hafi farið vel með styrkinn.

Því hefir verið haldið fram, að þessi styrkur væri allríflegur, en hann hefir ekki verið ríflegri en svo, að það er óhugsandi fyrir stúdenta að lifa af honum einum. Hvað það snertir að snúa þessum styrk upp í lán, þá vil jeg benda á í því sambandi, að það hefir ekki reynst heppilegt, hve stúdentar hafa oft komið skuldum hlaðnir frá námi; þeir hafa að loknu námi tekið hjer við embættum, oft illa launuðum, og oft orðið að sitja í skuldasúpunni alla sína tíð, því að þeim hefir verið um megn að losa sig úr skuldunum. Það er eins og hæstv. forsrh. tók fram, að það var áskilið, að þeir stúdentar, sem vildu sigla, fengju þennan styrk, 1200 kr., og jeg skildi það svo, að allir ættu að fá hann, og ekki man jeg betur en að jeg fengi yfirlýsingu í þinginu um það, og því er hjer ekki verið að hlaða undir þá stúdenta, sem vilja fara utan, heldur er hjer verið allmikið að þrengja kosti þeirra, og þess vegna hefi jeg viljað fara þá leið að gera þessi bönd heldur rýmri. Það getur vel verið, að skoðanir mínar á þessu máli stafi nokkuð af því, að jeg hefi sjálfur gengið þessa braut, og veit því af eigin reynd, við hvað mikla fjárhagslega örðugleika stúdentarnir eiga að berjast. Fyrir þá menn, sem langar til að nema eitthvað, hafa virkilega þrá til þess og trú á því, að þeir eigi möguleikana í sjálfum sjer, er ákaflega hart að geta ekki notað hæfileika sína. Yfirleitt hefir mjer fundist það hjá flestum þjóðum, að hið opinbera bæri hlýjan hug til stúdenta síns lands, en því ver og miður lítur ekki út fyrir, að svo sje hjá oss, því að það er ekki hægt að neita því, að hjer á Alþingi kenni stundum of mikils kulda eða of mikils skilningsleysis á lífi stúdentanna. Að því er snertir brtt. hv. 5. landsk. (JJ), þá tók jeg það fram, að jeg væri hlyntur kjarnanum í henni, en gæti ekki fallist á hana sem viðauka við þetta frv., af því að hún gæti orðið frv. að falli. En hvað snertir þær brtt., sem meiri hl. nefndarinnar hefir borið fram, þá skil jeg ekki, að þær geti orðið frv. að falli. Þó að þær verði samþyktar hjer í deildinni, þá held jeg, að frv. myndi ekki sæta neitt verri móttöku í háttv. Nd. Að minsta kosti er mjer kunnugt um, að sumir, sem greiddu atkv. á móti frv. í háttv. Nd., af því að þeim þótti það ganga of stutt, munu nú greiða atkv. með því vegna brtt. meiri hl., ef þær verða samþyktar.

Jeg vil að lokum skjóta því til hv. 5. landsk., hvort hann vilji ekki taka brtt. sína aftur og koma með hana á öðrum stað, og vísa jeg jafnframt til þeirra vingjarnlegu radda, sem heyrst hafa um kjarna till.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Sökum þess, að ákveðið hefir verið fundarhlje í þinginu vegna jarðarfarar merks manns, þá ætla jeg að geyma til 3. umr. þær athugasemdir, sem jeg annars hafði ætlað mjer að gera nú. Sömuleiðis tek jeg till. mínar aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 278,1 feld með 10:2 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 278,2 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 278,3 feld með 10:2 atkv.

3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 297 og 314 teknar aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 84, 297, 314, 327).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 327. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það urðu nokkuð skyndileg afdrif þessa máls við 2. umr., sökum þess, að fundi varð að fresta. Til þess að tefja ekki tíma háttv. deildar, tók jeg þá aftur vatill. mína, en hefi hugsað mjer, að hún gæti komið til atkv. í dag.

Áður en jeg vík að tilefni orðasennunnar milli mín og hæstv. forsrh. (JM) við 2. umr., skal jeg lítillega minnast á þann framslátt hæstv. ráðherra (JM), að Alþingi hafi, með samningnum við Dani 1918, skuldbundið sig til að kosta til náms við erlenda háskóla alla þá stúdenta, sem styrks vildu njóta og hefðu getað fengið Garðstyrk, ef forrjettindi íslenskra stúdenta til þess styrks hefðu ekki fallið niður með sambandslögunum. Jeg gat ekki betur skilið en að hæstv. forsrh. væri þessarar skoðunar. *(Forsrh. JM:* Nei, þvert á móti!). A. m. k. taldi hann sig bundinn við þennan skilning og tók það fram, að veist hefði verið að stjórninni fyrir að ausa ekki svo miklum styrk til stúdentanna fyrsta árið, en ekki varð það ljóst af orðum hæstv. forsrh., hvers vegna svo miklu fje var síðar varið í þessu skyni umfram fjárlagaupphæðina.

Í fjárlögum fyrir árið 1920—'21 er veittur 8 þús. kr. styrkur til íslenskra stúdenta erlendis, og fylgir þessi klausa, með leyfi hæstv. forseta:

„.... þó ekki yfir 1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands."

Hjer er greinilega tilgreind ákveðin upphæð og jafnframt, að enginn megi fá meira en 1200 kr. Í fjárlögum 1922 er sama aths. að heita má. Þá er því aðeins bætt við, að enginn megi njóta styrksins lengur en 4 ár. M. ö. o. þingið 1921 lítur sömu augum á málið sem þingið 1919. Og enn kemur sama skoðun fram á þingi 1922 í fjárlögum 1923.

Nú álít jeg, að hæstv. forsrh. eigi eftir að gera grein fyrir því, hvers vegna hann í sinni fyrri ráðherratíð fór svo langt fram úr þessari upphæð, 8000 kr., í framkvæmdinni, enda þótt svo virðist, sem hann hafi skilið upphæðina sem ákveðna fjárveitingu, en ekki áætlunarupphæð.

Að vísu má ef til vill segja, að þingið hafi í raun og veru til þess ætlast, að stúdentarnir fengju meira en þessar 8000 kr., en það kemur hvergi í ljós í allri meðferð þingsins á málinu.

En þar sem hæstv. forsrh. veitti svo mikið umfram fjárveitingu fjárlaganna, þá fæ jeg ekki skilið, að það hafi verið af annari ástæðu en að hann hafi verið hlunnfarinn af einhverjum, ef til vill einhverjum, sem fremst stóð í samningunum 1918, og látinn framkvæma það, sem honum var í rauninni á móti skapi. Þegar jeg sá áðurnefnda klausu svo skýlausa í fjárlögunum, þá varð jeg forviða yfir því, að hæstv. forsrh. skyldi segja, að

sjer hafi ekki verið stætt með öðru móti en að veita stúdentum svo háan styrk. Honum var sannarlega stætt, þar sem hann hafði skýlausan þingvilja að baki sjer. Umframveitingar hæstv. forsrh. voru hreint brot á ákvæðum fjárlaganna.

Þar sem hv. meiri hl. mentmn. ætlast til, að styrknjótandi stúdentum verði fjölgað frá því, sem í frv. segir, þannig, að árlega fái 24 stúdentar 1200 kr. styrk hver, þá fæ jeg ekki skilið aðstöðu sömu hv. þm., er þeir leggjast á móti jafnsanngjarnri kröfu sem felst í till. minni um að veita nokkrum öðrum efnilegum mönnum styrk til náms erlendis. Hæstv. forsrh. hjelt því fram, að sú till. mín væri ekki nógu vel undirbúin, en hann ætti að vera mjer manna þakklátastur fyrir till., því í henni felst þó a. m. k. traust til hæstv. stjórnar, sem hann ætti ekki að vanþakka.

Um margra ára skeið hefir í fjárlögum verið veittur ákveðinn styrkur til iðnaðarnáms erlendis, án þess að nánar hafi verið kveðið á um, hverjir skyldu þess styrks njóta. Stjórnin hefir ákveðið það og hefir getað valið þá úr, sem henni hefir þóknast. Hefi jeg ekki heyrt annars getið en þetta hafi gefist sæmilega, og þó munu þrisvar til fjórum sinnum fleiri hafa sótt um þennan styrk en gátu fengið hann. Svo mikil hefir þörfin jafnan verið. Að vísu má segja, að betra sje að ákveða slíkan styrk í fjárlögum í hvert skifti, en við vitum, hvað það kostar að rífast um hvern einstakan umsækjanda hjer á þingi, og enda er erfitt fyrir þm. að dæma um, hverjir sjeu styrksins verðugastir. Oft sækja um slíkan styrk menn, sem eru byrjaðir á námi erlendis, og er þm. erfitt að dæma um, hver skilyrði þeir hafa til að mega verða styrks aðnjótandi. Með stjórnina er öðru máli að gegna. Hún getur heimtað vottorð frá skólum og kunnugum mönnum um umsækjendur, og ef hægt er að treysta landsstjórninni til nokkurs yfirleitt, þá er hægt að treysta henni til að úthluta slíkum styrk til þeirra, sem helst þurfa hans með og helst eiga hann skilið.

Jeg get því ekki tekið mótmæli gegn till. minni öðruvísi en sem vott skilningsleysis á þessu máli. Og jeg á bágt með að sætta mig við undirtektir hæstv. forsrh., þegar jeg ber þær saman við meðferð stjórnarinnar á stúdentastyrknum undanfarin ár. Hverjum stúdent, sem hafa vildi, hefir verið veittur 1200 kr. styrkur árlega, en nú er ekki hægt að hjálpa kennurum, iðnaðarmönnum, hjúkrunarkonum o. s. frv. til utanfarar. Jeg óska, að hæstv. forsrh. vildi skýra það fyrir háttv. deild, hvers vegna hann hefir verið svo stimamjúkur, þegar stúdentarnir hafa átt í hlut, en er svo stirður nú.

Jeg er á móti því að sýna hlutdrægni í þessum efnum. Og enda þótt jeg játi, að þörf sje að styrkja nokkra efnilega stúdenta til náms erlendis, þá er þörfin þó margföld að því er annað námsfólk snertir.

Það hefir verið sagt, að íslenskir stúdentar hafi ekki fengið neitt annað í stað Garðstyrksins en þennan utanfararstyrk. Er þá háskólinn hjer heima einskis virði, þrátt fyrir alla mörgu og dýru kennarana hans? Lengstan tímann, sem við nutum Garðstyrksins handa íslenskum stúdentum, var engin slík kenslustofnun innanlands. Síðan kom fyrst prestaskólinn, þá læknaskólinn og löngu síðar lagaskólinn, og loks háskólinn. Því nær það ekki nokkurri átt, að stúdentum hafi verið gert lágt undir höfði, þar sem þeir hafa bæði fengið háskólann og námsstyrk við hann.

Þá kem jeg að öðru. Það kom ekki lítill móður á hæstv. forsrh. út af fyrri um-

mælum mínum. Honum fanst það svívirða, að jeg skyldi leyfa mjer að tala lítið eitt um þá óreglu, sem fyr og síðar hefir átt sjer stað meðal íslenskra stúdenta erlendis. Get jeg ekki komist hjá að fara nokkuð ítarlegar út í þetta nú, því að aðferð hæstv. forsrh. í svarræðu hans var alveg óviðeigandi. Í fyrsta lagi játaði hann, að töluvert hefði verið um óreglu meðal stúdenta fyr meir, og í öðru lagi kannaðist hann við, að hann viti ekki um háttalag íslenskra námsmanna nú í hinum ýmsu löndum, svo sem Þýskalandi, Noregi og Ameríku. Þó leyfir hann sjer að kalla það ósvinnu af mjer að benda á, hvernig sumir íslenskir stúdentar fyr og síðar hafi varið styrk sínum, þótt hann hafi játað aðal-„teóríunni", að mikil óregla hafi átt sjer stað hjá þeim. Nú vil jeg taka það fram, sem jeg álít, að hæstv. forsrh. eigi óhægt með að sleppa frá. Í fyrsta lagi: Einmitt það, hvernig sumir íslenskir stúdentar hafa á sínum tíma varið Garðstyrknum, gefur sjerstaka ástæðu til þess, að nú sje farið varlega í að styrkja slíka menn, nema fult eftirlit sje haft með því, hvernig þeir nota styrkinn. Jeg býst við, að hæstv. forsrh. hafi lesið grein eins hins helsta læknis hjer á landi, þar sem hann bendir á, hvernig Danir litu á Íslendinga, að orðin „islandsk Student" var að almannarómi sama sem drykkjurútur. Ekki svo að skilja, að allir íslenskir stúdentar væru óreglumenn, en hinir saklausu guldu hinna seku. Jeg er viss um, að hæstv. forsrh. þekkir það, að fjölmargir efnilegir menn hafa farið hjeðan og lagst í óreglu þegar út kom, komið síðan heim hálfeyðilagðir og orðið skömm ættar sinnar og vanrækt þau störf, er þeir tóku að sjer. Einn frægur vísindamaður með doktorsnafnbót sagði mjer eitt sinn, að hann hefði fundið fjelaga sinn í Kaupmannahöfn liggjandi í spýju sinni úti á Fælleden. Hafði hann legið úti um nóttina, var á bakinu og uppsalan rann eins og hægur hraunstraumur út um munninn og til beggja hliða niður vangana. Þessi maður kom síðan heim, gekk hjer á embættismannaskóla og var hjer jafnvel í einskonar embætti nokkur ár. Annað dæmi er „muldi vasaklúturinn". Það er sem sagt svo langt frá, að hæstv. forsrh. geti belgst upp, þótt talað sje um óreglu íslenskra stúdenta erlendis, að við hinir, sem þessi lýður hefir kastað skugga á, höfum fylstu ástæðu til þess að bera okkur upp undan því, að þótt við komum heiðarlega fram í útlöndum, þá verðum við samt að bera hluta af þeirri sekt, sem þessir menn hafa leitt yfir nafn landsins.

Hæstv. forsrh. játar, að hann viti ekki um hegðun annara stúdenta en þeirra, sem eru í Kaupmannahöfn, en segist hinsvegar hafa veitt öllum stúdentum styrk, sem um hann hafa sótt. Hvaða rjett hefir hann til þess að halda, að þeir sjeu allir reglumenn? Það, sem hann verður að játa, er það, að hann hefir í þessu efni þverbrotið fjárlögin og ekkert eftirlit haft með, hvernig með styrkinn hefir verið farið. Það er ilt fyrir hæstv. forsrh. að verja þetta, nema hann telji það gott, að menn leggist í slark, eyði fje sínu og þjóðar sinnar, kasti skugga á landið og komi heim óverkfærir flestir. Jeg er satt að segja hissa á frekju hæstv. forsrh., því að jeg verð að álíta, að það beri að gera miklar kröfur eigi síst til þessara manna, sem svo miklu er fórnað til að kosta. Og jeg tel það svívirðing, þegar þessir menn með slarki sínu óvirða bæði sitt eigið nafn og lands síns.

Í þessu frv. er engin trygging, ekkert skilyrði sett fyrir því, að þeir, sem styrkinn fá, geti ekki varið honum jafnilla og

nokkrir vörðu Garðstyrknum. Þess vegna er jeg glaður yfir að hafa haft færi á að koma fram með þessar athuganir, því að jeg álít, að nú eigi að brjóta nýtt blað í sögu landsins og engum óreglumanni lengur að veitast styrkur af landsfje. Heldur eigi aðeins að styrkja þá menn eina, sem kunnir eru að reglusemi og ætla má, að verði landi sínu til sóma meðan þeir eru erlendis, og síðan til mikilla þarfa, þegar þeir koma heim.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 5. landsk. (JJ) fer hjer enn sem endranær með tóma óra. Hann talar um þessar 8 þús. kr., sem veittar voru í fjárlögum. Fyrsta árið batt jeg mig alveg við þær og veitti ekki stúdentum erlendis meiri styrk en sú upphæð hrökk til. En þegar þingið kom saman næst eftir, var því ótvírætt lýst, að þetta væri aðeins áætlunarupphæð, og það eina, sem fast væri, væri það, að hver stúdent skyldi fá 1200 kr. á ári. Öll fjárhæðin færi alveg eftir því, hve margir stúdentar sæktu um styrk. Þetta fjárlagabrot, sem hv. þm. (JJ) er að tala um, er því sannarlega tómir órar og vaðall, og ekkert annað. Það hefir aldrei verið fundið að því við stjórnina, hvorki mig nje háttv. 1. landsk. (SE), þegar hann sat á ráðherrastóli, að hagað var styrknum þannig. Meira að segja byrjaði háttv. 1. landsk. á sínum tíma á því að borga stúdentunum út í dönskum krónum, og ljet þingið sjer það vel líka. Hv. þm. (JJ) getur því ekki neitað því, hve feginn sem hann vildi, að þingið hefir alveg skorið úr um þetta og talið þetta áætlunarupphæð, þangað til í fyrra.

Um styrk til iðnaðarmanna hefi jeg sagt það, sem jeg vildi segja um það mál, og sje enga ástæðu til að taka það upp aftur.

Háttv. þm. (JJ) sagði, að þessar styrkveitingar hefðu ekki komið fyrir Garðstyrkinn. Víst ætlaðist Alþingi til, að svo væri. Um það er enginn efi. Hitt er annað mál, að ekki hefir þingið að minni skoðun nokkurn tíma skuldbundið sig til að veita styrkinn ótakmarkað um ókomnar tíðir.

Þá ber háttv. þm. það á íslenska stúdenta, er stunda nám erlendis, að þeir sjeu óreglusamir og stundi illa nám sitt. Þetta er mjög rangt, fjarri öllum sanni. Jeg hefi það fyrir satt, og byggi það á eftirgrenslunum mínum, — frásögn trúverðugra, kunnugra manna o. fl., — að stúdentar þessir sjeu bæði reglusamir og ástundunarsamir. Auðvitað er það, að enginn ráðherra getur persónulega vakað yfir framferði þeirra allra úti um öll lönd, Danmörku, Noreg, Þýskaland, Frakkland og jafnvel Vesturheim. En eins og jeg sagði áður, eru svo miklar líkur fyrir því, að stúdentar vorir erlendis sjeu yfirleitt reglusamir og ástundunarsamir, að stappar nærri fullum sönnunum. Í Noregi er að vísu einn, sem var nokkur óreglumaður meðan hann var hjer, en er nú sagður orðinn reglumaður. Bókstaflega talað hefi jeg engan stúdent heyrt nefndan, sem ekki stundaði nám sitt að minsta kosti sæmilega. Og yfir höfuð er siðferði stúdenta bæði hjer og annarsstaðar talið mjög gott. Það er því alrangt hjá háttv. þm. (JJ) að gefa í skyn, að öðruvísi sje ástatt. Hinu neitar enginn, að það geti ekki hafa komið fyrir, að einhver stúdent hafi bragðað vín. Má háttv. þm. telja það stórsynd, ef hann vill. En hitt er honum ekki leyfilegt, að bregða stúdentum nú um syndir stúdenta fyrir 40—50 árum. Þá voru alt aðrir tímar. Var þá sú tíska, að margir ungir menn, fremur en nú, drukku vín, en það mun alveg óvíst, að hv. þm.

fari rjett með, að íslenskir stúdentar hafi þá verið yfirleitt vínhneigðari en aðrir stúdentar. En sem sagt, engin ástæða er til að tala um það hjer.

Það er ósvinna að bera upp á stúdenta nú, að þeir sjeu slarkarar og landinu til skammar. Það eru ósannindi. Stjórnin hefir fengið þverófugan vitnisburð um það frá heiðarlegum mönnum. En ef það er tilætlunin að banna stúdentum algerlega að koma á veitingastaði erlendis, þá þarf áreiðanlega að hafa sterka vörðu til að gæta þeirra. Og vænti jeg því, að háttv. þm. (JJ) muni styðja dyggilega að því, að við getum haft sendiherra í öllum þeim löndum, sem stúdentar eru, þó ekki væri til annars en að þeir gætu litið eftir stúdentunum, sem hann telur svo nauðsynlegt.

Við vitum það allir, að ekkert óorð fer af stúdentum hjer í Reykjavík, að stúdentalífið er talið mjög heilbrigt, og þó er víst, að þeir eru alveg upp og ofan eins og þeir, sem utan hafa farið. Þess vegna álít jeg, að mjer sje heimilt að krefjast þess, að hv. þm. (JJ) sanni dylgjur sínar um óreglu íslenskra stúdenta, sem nú eru erlendis. Uns hann gerir það, mun jeg trúa umsögnum heiðarlegra manna um reglusemi þeirra og ástundun. Má vera, að hv. þm. (JJ) tíni til þennan eina efnilega mann, sem var máske ekki eins reglusamur meðan hann var hjer heima. sem skyldi.

Jeg get svo ekki verið að pexa frekar um þetta við hv. þm. (JJ). Jeg hefi bent á, að íslenskir stúdentar eiga ekki ókvæðisorð hans skilið. Og þótt fundist hafi óreglumenn í þeirra hópi fyrir 40—50 árum, er ekki leyfilegt að fordæma einu sinni þáverandi stúdenta fyrir þær sakir.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Mjer virtist hv. þdm. taka nokkuð hart á þeim brtt., sem komu hjer til atkv. áður, þeim, er feldar voru hjer við 2. umr. þessa máls. Jeg hefði vænst þess, að hv. þd. myndi samþykkja, að orðin „hjer á landi“ í 1. gr. frv. fjellu burt, og þá ekki síður að veita sjerstaklega styrkinn þeim mönnum, sem þjóðin þarfnaðist mest. Nefndin bar þessar till. fram samkvæmt óskum háskólaráðsins, og þótti mjer furðu sæta, hve ónáðugar viðtökur þær fengu. Mun jeg ekki um þetta deila, en nefni það aðeins af því, að jeg býst við, að þriðja till., um að fjölga tölu stúdenta þeirra, er árlega megi fá styrk, upp í 6 úr 4, muni ekki mæta neinni hlýju, úr því að hinar tvær sjálfsögðu till. voru feldar. En jeg mun nú láta atkvgr. samt sem áður skera úr um þessa till. sem hinar. Jeg kannast fyllilega við það, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði um það, að þó aðeins stæðu 8 þús. kr. í fjárlögum, þá var ætlast til þess, að hver stúdent fengi 1200 kr. Í minni ráðherratíð var þessi fjárlagaupphæð ætíð skoðuð sem áætlunarupphæð, og fastlega minnir mig, að fyrir þeirri skoðun væru ummæli fjvn. eða frsm. hennar. Eins er jeg fús til að játa, að jeg ljet borga styrkinn til stúdentanna í Kaupmannahöfn í dönskum krónum. Stafaði það af því, að samkv. þeim upplýsingum, sem jeg fjekk frá sendiherranum og öðrum, sem kunnugir voru málum stúdenta, þá áttu þeir við mjög erfið kjör að búa og dýrtíð mikla. Því gat jeg ekki annað en orðið við þeim sanngirniskröfum að greiða þeim styrkinn í dönskum krónum. Jeg vil og í þessu sambandi geta þess, og leggja áherslu á það, að jeg hefi sömu söguna að segja og hæstv. forsrh., að

fullyrt var, að stúdentar ræktu nám sitt af mikilli ástundun. Jeg kyntist og sjálfur nokkrum stúdentum og komst að raun um, að þeir vörðu styrk sínum vel og lögðu kapp á nám sitt.

Hv. 5. landsk. (JJ) talaði mikið um óreglu stúdenta fyr á tímum. Það má vitaskuld gera slíkt, en þess verður að gæta, að víðar mun þá hafa verið pottur brotinn í því efni. Það má segja, að hver maður er meira og minna ávöxtur síns tíma, og ef bera á stúdentum fyrri tíma það á brýn, að þeir hafi verið óreglumenn, þá verður að hafa í huga, að svo mun hafa verið um marga í öðrum stjettum þjóðfjelagsins.

En hvort sem litið er til síðustu eða eldri tíma, þá er það augljóst og öllum kunnugt, að við höfum átt ótal stúdenta erlendis, sem gert hafa landi sínu sóma, bæði meðan þeir voru utan og eins eftir að þeir komu heim, og það einmitt af því, að þeir færðu sjer tímann og námið vel í nyt. Hitt er auðvitað, að þegar Garðstyrksins naut við og allir áttu kost á að fara utan, þá var engin furða, þótt í þeim stóra hópi fyndust stöku óreglumenn. En ekki munu íslenskir stúdentar hafa skorið sig neitt út úr í þeim efnum, heldur mun líkt hafa verið bæði um norska og danska stúdenta.

Nú er kunnugt, að íslenskir stúdentar rækja vel nám sitt ytra. Og það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það, að á öllum tímum hafa utanfarir stúdenta orðið til blessunar og heilla fyrir þjóðina. Því enginn neitar því, að þeir, sem utan fóru, öfluðu sjer meiri menningar og stærra víðsýnis, og mótuðu því oft þjóðina manna mest, þegar þeir komu heim. Sakir þessa get jeg fyrir mitt leyti með góðri samvisku orðið við tilmælum háskólaráðsins um að flytja þessa brtt., um að í staðinn fyrir 4 fái 6 stúdentar styrk til utanfarar á ári hverju. Undanfarið hafa allir stúdentar átt rjett á utanfararstyrk, og er því sá rjettur harla mikið takmarkaður, þó að þessi brtt verði samþykt. En sjerstaklega mæli jeg með till. af því, að þeir, sem utan fara og stunda nám sitt vel, margborga landinu styrkinn aftur með því, er þeir koma heim, að leggja drjúgan skerf til þekkingar á ýmsum mestu nauðsynjamálum þjóðarinnar.

Jeg skal ekki tala um brtt. hv. 5. landsk. (JJ). Jeg tók fram við 2. umr. málsins, að gott væri, að þessir menn, sem hann talar um, hefðu styrk og gætu aflað sjer þekkingar erlendis, en hinsvegar má ekki bera þetta fram í sambandi við þetta frv., því að það getur orðið því að falli. Þessi brtt. getur komið fram í öðru sambandi, t. d. í fjárlögunum. En það má ekki með nokkru móti fara svo, að umheiminum sje lokað fyrir stúdentum okkar, þannig að þeir fái engan styrk úr ríkissjóði. Slíkt ástand er óhafandi, sökum þess að mörg og mikil störf eru hjer óunnin, sem menn geta ekki aflað sjer nægilegrar þekkingar á hjer, en hinsvegar eru fæstir svo efnum búnir, að þeir geti kostað sig sjálfir til náms. Þó að jeg sje þannig að nokkru leyti samþykkur brtt. hv. 5. landsk. (JJ), mun jeg greiða atkvæði á móti henni í sambandi við þetta frv.

Jeg vil að lokum biðja hv. þdm. að taka til athugunar, hvort ekki mundi hægt að auka tölu stúdentanna úr 4 upp í 6, með tilliti til þess, að hvert sem maður lítur, í fortíð og nútíð, sjer maður það, að þeir menn, sem utan hafa farið til að stunda þar háskólanám, hafa yfirleitt unnið þjóð sinni ómetanlegt gagn og orðið henni til sóma í hvívetna. Og þar sem framfarirnar eru nú á öllum sviðum svo hraðfara, er ekki síður ástæða til þess nú

en áður að halda þeim dyrum opnum, sem svo margir hafa farið í gegnum og orðið íslensku þjóðinni til sóma.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JM) verður að koma með nýja en ranga skýringu á fjárlögunum til þess að verja með hegðun sína í þessu máli. Hann játar, að sumir menn hafi haldið því fram 1918, að allir stúdentar ættu að fá styrk. En afleiðingin er sú, að hann hefði átt að fara eftir fjárlögunum. Nú er ekki einn stafur, sem segir, að 8000 kr. 1920—1922 væri áætlunarupphæð. Og sjerstaklega eftirtektarvert er það, að hæstv. ráðh. (JM) skuli hafa haldið þessu fram, þar sem hann vissi, að hæstv. fjrh. (JÞ) taldi óleyfilegt að fara yfir takmörk fjárlaganna. Það er enginn vafi á því, að hjer er um óforsvaranlega eyðslu að ræða af hálfu hæstv. forsrh., þar sem hann, þvert ofan í fjárlögin, hefir látið þessa upphæð af hendi. Það kemur ekki málinu við, þó að einn þingmaður komi í stjórnarráðið og heimti þetta. Hvaða stjórn er það, sem fer eftir slíku? Jeg vona, að hæstv. forsrh. sýni ekki aftur, að hann sje svo háður einstökum þm., að hann brjóti fjárlögin ár eftir ár. Þess vegna er það alt rangt, sem hann hefir borið fyrir sig í þessu máli. En þrátt fyrir þetta trúir hann ekki á samninginn frá 1918. Hvað er þá annað eftir en að hann hafi verið kúskaður af einhverjum þingmönnum, sem hafa viljað fara þessa leið

Hið eina, sem gæti bjargað hæstv. forsrh. (JM) út úr þessum ógöngum, er, að þingið hafi meint alt annað en í fjárlögunum stendur. Ef svo hefði verið, hefði hæstv. ráðherra haft á rjettu að standa hvað snertir einkaskoðun hans. En svo kemur einhver óheillaandi, sem kúgar hann til að brjóta fjárlögin og sína eigin skoðun. Að hv. 1. landsk. (SE) hafi fylgt í fótspor fyrirrennara síns, þegar hann var ráðherra, kemur mjer ekki við Að vísu má segja, að hann hafi haft nokkuð erfiða aðstöðu, þegar þessi regla hafði gilt í 4 ár.

Við fyrri umr. þessa máls játaði hæstv. ráðh. (JM) um þessa stúdenta, sem í lagalausan hátt fengu styrk, að stjórnin vissi ekki annað um þá en að hún fengi vottorð við og við. Styrkurinn væri greiddur í skrifstofunni í Kaupmannahöfn. Jeg verð að játa, að eftir ræðu forsætisráðherra er svo að sjá, sem það sje engin ömun, þó að þeir hafi slarkað svo og svo mikið. En jeg hefi sannað, að algert skipulagsleysi hefir verið á styrknum í mörg ár, þangað til í fyrra, að þingið tók í taumana. En það sýnir ódugnað hæstv. forsætisráðherra, að hann hefir ekki borið frv. fram fyr en núna, þegar fjöldi manna er byrjaður á námi upp á von um styrk og kominn í mestu vandræði. Hefði nokkur forsjá verið í þessu, hefði engum dottið í hug að styrkja þann hóp af verkfræðingum, sem nú eru erlendis. Hvað eigum við að gera við 20 verkfræðinga? Þeir verða að leita sjer atvinnu erlendis, og þá höfum við kostað fje til þess að ala upp sjerfræðinga handa öðrum þjóðum, en höfum ekkert gagn af þeim sjálfir. Er hægt að hugsa sjer verri meðferð en þetta?

Þá er 3. atriðið, sem hæstv. ráðh. reyndi með ósönnu að halda fram. Mjer kemur ekki við, hvað margir stúdentar fara í hundana fyrir fyllirí, en jeg vil ekki, að slíkir menn fái utanfararstyrk. Ef þeir vilja slarka, geta þeir gert það á sinn eiginn kostnað og vandamanna sinna.

Hæstv. ráðh. sagði vísvitandi ósatt, til þess að bjarga sjer úr þeirri klípu, sem hann er kominn í. Hann sagði sem sje, að jeg hefði meint, að stúdentar í Reykjavík væru óreglusamir. Það nefndi jeg ekki, enda kemur það ekki þessu máli við. En þegar hæstv. forsrh. gengur svo langt að fara með vísvitandi ósannindi, þá viðurkennir hann, að farið sje að kreppa að honum. Í sambandi við þennan mikla straum af stúdentum, sem fengu að læra alt, sem þeir vildu, þvert ofan í fjárlögin, komst hæstv. ráðherra inn á það að reyna að bera í bætifláka fyrir gamla og nýja óreglu íslenskra stúdenta erlendis. Jeg býst við, að hann sje best fær um að dæma um það.

Jeg hefi altaf tekið það fram, að ekki allir, heldur nokkrir af íslenskum stúdentum erlendis hafi verið slarkfengnir. En reglumennirnir hafa goldið hinna. Jeg mæli á móti hinni skipulagslausu aðferð, sem verið hefir höfð hingað til.

Hæstv. ráðherra bjóst við, að ef óreglumenn væru erlendis, mundu þeir vera flokksbræður mínir. En jeg geri ráð fyrir, að þegar Morgunblaðið fer að skálda út af þessu, muni þessir drykkjuræflar ekki óska eftir því að vera samherjar mínir, heldur leita sáluhjálpar hjá sínum líkum. Jeg sagði þetta við Þjórsárbrú og það fylliraftana að muna eftir því, hvar þeir ættu heima, nefnilega kjósa hæstv. forsrh.

Fyrir mjer vakir það einfalda mál, að það eigi að vera goðgá hjer á Alþingi að veita öðrum en reglumönnum styrk. Og það fer að verða vandlifað, þegar stjórnin reynir að fá forsrh. til að misbeita valdi sínu til að halda þannig hlífiskildi yfir drykkjugörmum, eins og hæstv. ráðh. veit, að sumir stúdentar erlendis hafa verið. Forsætisráðherra hefir leyft sjer að hleypa þeim anda hjer inn, sem það góða væri hjá þeim, sem mælt hafa óreglunni bót. En það er mikill skaði fyrir þjóðina að fá þessa óreglusömu menn í vandastöður. Þeir verða sýkingarhætta þjóðar sinnar.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 5. landsk. (JJ) þykist altaf vera að tala um málið. Mjer datt í hug máltæki, sem haft er eftir Vigfúsi vert: „Undarlegt með tíkina.“ Það er undarlegt, þegar hv. þm. er að ráðast á mig fyrir að reyna að koma lögum á þessa óreglu, sem hann er altaf að tala um. Jeg ber fram frv. um að koma reglu á þetta, og fyrir það ræðst hann á mig. Þetta er alveg eins og í vetur, þegar gerð var gangskör að því að hafa upp á bannlagabrotum. Þá var ráðist á dómsmálaráðuneytið, lögregluna og dómara fyrir hvað mikið kæmist upp. Það er ómögulegt að tala við hv. 5. landsk. um svona mál. Styrkurinn til stúdenta var veittur sem áætlunarupphæð. *(JJ:* Það er hvergi tekið fram). Hvers vegna er hv. þm. annars stöðugt að deila við mig? Hann var í nefnd þeirri, er málinu var vísað til. Nefndin klofnaði. Hví talar hann ekkert við hinn nefndarhlutann, þann hlutann, er hv. þm. er ekki í? Það væri eðlilegt þó að gera það. Áður fyr í bardögum sáu menn ekki aðra en mestu kappana; hv. þm. sjer venjulega engan nema mig, og er þetta því sómi fyrir mig.

Hv. þm. segir, að jeg hafi sagt, að hann teldi stúdenta hjer í Reykjavík óreglusama. Jeg sagði, að hann hefði ekki þorað það, því að sumir þeirra væru hjer viðstaddir. *(JJ:* Lýgi! — Forseti hringir). Jeg sagði og, að mjer þætti ólíklegt annað en að stúdentar erlendis væru reglusamir, þegar reykvískir stúdentar væru það, þar sem þeir væru frá sömu skólum og hjeruðum upp og ofan.

Hv. þm. má gjarnan brúka þau orð, sem hann telur þingleg. *(JJ:* En bjánaskapurinn). Hefir ekki hv. þm. sagt meira en það? Hann veit ekki altaf hvað hann segir. Annars er þetta fyrir utan efnið. En hví er hann að ráðast á mig? Hvaða vit er í þesshátt umr. og tímatöf? Hv. þm. skrifar sjálfur sögu. Hann getur komið þessu inn í kenslubækur sínar, stúdentum til sóma.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Jeg hefi ekki orðið var við annað en að flestir sjeu frv. samþykkir. Jeg treysti mjer ekki til að vera með brtt. hv. þm. (JJ). Ef það er það, sem vekur reiði hans, á jeg þar sammerkt með mörgum öðrum.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JM) segir, að jeg fari út fyrir efnið. Hann byrjaði sjálfur á því að draga stúdenta í Reykjavík inn í umr. Jeg hafði ekki minst á þá einu orði, en þá ávítar hann mig fyrir að þora ekki að ávíta þá! Þá dregur hann bannlagabrotin inn í umr. Þarna eru strax 2 atriði, efninu alveg óviðkomandi, sem hann sjálfur hefir talað um.

Þá segir hæstv. forsrh. (JM), að ekki hafi verið fundið að því í landsreikningunum fyr en í fyrra, en það er nú nokkuð veik ástæða. En úr því hæstv. ráðherra (JM) minnist á dóm blaðanna um bannlagabrotin, þá man hann líklega eftir því, að þessar greiðslur voru seinast orðnar svo áberandi, að einn af flokksmönnum hæstv. ráðherra (JM) í Nd., mig minnir að það væri hv. þm. Borgf. (PO), hafði orð á því í þinginu 1921, að það væri farið að færast í vöxt, að stjórnin borgaði út án þess að hafa heimild fjárlaganna fyrir því, og upp úr þessu öllu spruttu svo fjáraukalögin miklu, sem við berum skuldasúpuna fyrir og alt, sem við verðum að líða fyrir, að þessir liðir hafa farið fram úr fjárlögunum. Annars get jeg sagt, að það er mikið farið að sljákka í hæstv. ráðherra (JM); hann heldur því t. d. ekki eins fast fram og áður, að það sje svívirðing að segja, að það sje ekki alt reglumenn, sem eigi að fá þennan styrk; og hæstv. ráðherra (JM) játar það, að stúdentar sjeu oft kendir við óreglu utanlands, og það er einmitt það, sem jeg krefst, að verði athugað, og jeg þykist vita, að þegar hæstv. ráðherra (JM) rifjar upp æskuminningar sínar frá Kaupmannahöfn, minnist hann þess, hvernig sumir þeirra eyðilögðu sig. Þetta er orð í tíma talað, því að þótt mikil nauðsyn sje á að styrkja íslenska stúdenta, þá er jafnmikil þörf á að styrkja aðra menn til utanfarar. Mjer skilst, að hv. deild ætli ekki að gera það, því að menn hafa ekki viðurkent, að við þurfum að ala okkur upp menn, sjerfróða á sem flestum sviðum; en þótt jeg standi einn uppi með þá skoðun, þá vona jeg, að hæstv. stjórn vari sig á því að ausa út fje í stúdenta fram yfir það, sem þingið ætlast til. Vona jeg, að ekki líði á löngu áður en það verður viðurkent, að við þurfum að styrkja fleiri menn til utanfarar. Og það skal jeg játa, að skuggi óreglunnar hefir á enga menn lagst eins mikið og á stúdentana, en hvort slíkir menn vinna sjer rúm í sögunni, skal jeg láta ósagt.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Jeg er viss um það, að ef farið yrði að rannsaka umr. um þetta atriði, þá myndi það koma fram, að því var slegið föstu í háttv. Nd., að hjer var um áætlunarupphæð að ræða. *(JJ:* Fjárlögin telja þetta

sem sjerstaka upphæð). Já, en það er nú ekki nýtt, að áætlunarupphæðir eru settar þannig, og má finna fleiri fordæmi fyrir því en þetta.

Hv. 5. landsk. (JJ) talaði um það, að skuggi óreglunnar hefði fylgt stúdentunum. Já, það getur verið, en jeg verð um leið að halda því fram, að ekki hafi staðið meiri bjarmi af öðrum mönnum en þeim. *(JJ:* Ekki af sömu mönnunum). Það má vera; en þeir hafa þó haft miklu meiri þýðingu fyrir líf þessarar þjóðar en nokkrir aðrir, og það er jeg sannfærður um, að það er ekki meiri óregla í þeim hóp en hverjum öðrum, því að það er löngum svo, að hver maður er ávöxtur þess tíma, sem hann lifir á.

Jeg vildi svo, áður en jeg sest niður, mælast til þess við hv. 5. landsk. (JJ), að hann taki þessa brtt. sína enn aftur, því að það getur vel farið svo, ef tillaga þessi verður samþykt hjer, að hún verði frv. síðar að falli; en það má með engu móti verða svo, því að stúdentarnir tapa á því, og ef hv. 5. landsk. (JJ) trúir á það, að það eigi að hjálpa iðnaðarmönnum um styrk til þess að geta komist til útlanda, þá trúir hv. þm. (JJ) líklega ekki síður á það, að stúdentar geti ekki síður auðgað anda sinn við utanför, og eigi því að fá styrk eins og aðrir, til þess að geta safnað sjer þekkingarauði, sem síðar geti komið þjóðinni að notum. Jeg vil þess vegna styðja að því, að þetta verði veitt, en það en heppilegast fyrir hv. þm. (JJ) að taka till. aftur og láta hana koma fram í öðru sambandi, því að jeg efast um, að það muni verða margir hjer, sem vilja standa á móti því, að ýmislegt, sem í till. stendur, verði tekið til athugunar á annan hátt og í öðru sambandi.

ATKVGR.

Brtt. 327 feld með 10:2 atkv.
— 297 feld með 9:2 atkv.
— 314 sjálffallin.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 335).

13. Fiskiveiðar í landhelgi.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi (stjfrv., A. 24).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Að svo stöddu þykir mjer ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það frv., sem hjer liggur fyrir. Það er ekki stórt, en þýðing þess er að mínu áliti mjög mikil, og jeg vildi óska, að það gæti átt greiðan gang gegnum þingið. Aðalinnihald frv. er algert bann gegn því, að þeir, sem rjett hafa til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, leigi skip til veiðanna. Og ástæðan til þess að banna þetta er vitaskuld sú, að ella er hætt við, að við verðum svo að segja kæfðir í leiguskipum. Í þessu liggur sú tvöfalda hætta, *a ð* útlendingar geti í raun og veru náð yfirráðum yfir fiskiveiðum vorum, því oft getur verið erfitt að segja um, hvort skipsleiga er raunveruleg eða til málamynda, og *a ð* markaðurinn fyrir fiskiafurðir vorar verði sprengdur með of miklu framboði.

Að öðru leyti vísa jeg til athugasemdanna við frv. og tel ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, meðan mótmæli koma ekki fram.

Þegar þeir hafa tekið til máls, sem nú kunna að óska þess, legg jeg til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar, og beini þeirri ósk til nefndarinnar, að hún lofi mjer að koma á fund til sín, þegar hún hefir frv. til meðferðar, og mun jeg þar ræða um við hana, hvort ekki mundi ef til vill ástæða til að breyta dálítið orðalagi 2. málsgr. 1. gr. Auk þess get jeg gefið nefndinni ýmsar upplýsingar um málið, sem mjer þykir ekki rjett að gefa í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 24, n. 128, 164).

Frsm. (Ágúst Flygenring): Óþarft er að fara mörgum orðum um frv. það, er hjer liggur fyrir, heldur er nóg að skírskota til þess, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði um það við 1. umr., og eins til nál. Aðeins má geta um þá litlu brtt., sem sjútvn. ber fram og fer í þá átt að strengja á undanþáguheimildinni í síðari málsgrein 1. gr. Undanþágan skal sem sje aðeins veitt um ákveðið árabil, og í öðru lagi er þess vænst, að þetta nái aðeins til ákveðins fjölda skipa. Vænti jeg, að hv. þd. þurfi enga skýringu á þessu. Jeg geri ráð fyrir, að þessarar brtt. hefði ekki þurft með, að minsta kosti er jeg fullviss um, að núverandi hæstv. atvrh. (MG) hefði hagað framkvæmd laganna svo, sem nefndin ætlast til, en það var þó talið rjett að tiltaka þetta nánar, svo enginn vafi væri á, hvert stefnt er. Jeg vil svo vona, að hv. þd. samþykki þessa brtt. og frv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla aðeins að lýsa því yfir, að jeg hefi ekkert að athuga við brtt. hv. sjútvn. og get alveg gengið inn á hana. Jeg sje ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en vil þakka hv. sjútvn. fyrir góða afgreiðslu á því.

Jón Baldvinsson: Eins og sjest af nál., er jeg ekki samþykkur hv. meiri hluta sjútvn., sem leggur til, að þetta frv. verði samþykt. Frv. fer fram á það, að lagt sje bann við því, að íslenskir ríkisborgarar geti tekið á leigu erlend skip til þess að stunda fiskiveiðar hjer við land. Á þannig að girða fyrir það, að haldið sje áfram í sömu átt og byrjað var á í Hafnarfirði í fyrra. Deilt hefir verið um, hvort hægt sje eftir fiskiveiðalögunum frá 1922 fyrir íslenska menn að leigja erlend skip til fiskiveiða. En þáverandi atvrh. (KlJ) svaraði fyrirspurn um þetta í fyrra og lýsti þar þeim skilningi stjórnarinnar, að þetta væri heimilt. Álít jeg, að hentugt sje að hafa slíkt í lögunum og varhugavert að meina það með öllu. Það hefir einu sinni komið fyrir, að hjer um bil allur stórskipaflotinn hjerna var í einu seldur út úr landinu. Finst mjer því, að varhugavert væri, ef slíkt kæmi aftur fyrir, að nýjum atvinnurekendum væri algerlega bannað að taka á leigu erlend skip sakir þessara laga. Finst mjer því ekki

rjett að samþykkja þetta frv., heldur beri að láta standa við það, sem er. Einnig má benda á það, að haustið 1923 var talið óhjákvæmilegt að gera eitthvað í þessa átt, til þess að hjálpa næststærsta kaupstað landsins, og hygg jeg, að hv. frsm. (ÁF) hafi manna best vitað, hversu nauðsynlegt það var. Líkt getur komið fyrir aftur, og ættum við því ekki í vímunni út af velgengninni í ár að loka öllum sundum. Það gæti orðið til þess eins, að brátt þyrfti að opna þau aftur. Þess vegna ætla jeg, að best sje að samþykkja ekki frv. þetta, heldur láta standa við ákvæðin í núgildandi fiskiveiðalöggjöf og skilning fyrverandi stjórnar á þeim. Mun óþarft að þrengja það meira.

Atvinnumálaráðherra (MG): Ef engin lög eiga að koma á um þetta og gengið er út frá, að leigja megi erlend skip til fiskiveiða, — en um það er nokkuð deilt, hvort heimilt sje, — þá er gefið, að svo mörg skip munu koma hingað, að þau, ef svo má að orði kveða, kæfa oss. Mun það reynast óheppilegt, bæði fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn. Mun það styðja mjög til þess að draga fólk úr sveitunum til kaupstaðanna, en því vilja flestir hv. þm. vinna á móti. Því er ekki rjett, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill, að halda status quo, heldur ber þegar að byrgja brunninn, svo að ekki verði lengra farið á þessari braut en orðið er, því hún er vissulega hál. Jeg þykist og sjá af undirtektum hv. sjútvn., að hún skilji þetta vel, og þar eð jeg mun fara nærri um vilja hv. þdm. í þessu efni, tel jeg óþarft að ræða þetta frekar.

ATKVGR.

Brtt. 128 tekin aftur.

— 164 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, IngB, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, ÞorlJ.

nei: JBald.

Fjórir þm. (JörB, MT, BSv, BJ) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 174).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 174).

Á 32. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. hefir gengið gegnum Nd. án þess að sæta andmælum, og breytingar hafa ekki verið gerðar við það, nema að orðalagi hefir lítið eitt verið breytt í 2. málsgr. 1. gr. Efni frv. er það, að hindra, að sjávarútvegur vor verði svo að segja kæfður í erlendum leiguskipum. Eins og allir vita, ásælast útlendingar mjög hin auðugu fiskimið vor og standa auðvitað langtum betur að vígi í samkepninni við oss, ef þeir koma því svo fyrir, að þeir selji skipin á leigu hingað, oftast aðeins að nafninu til, og

geta þannig lagt hjer upp aflann. Útlendingar, sem hingað sigla til veiða, njóta hinnar góðu aðstöðu heima fyrir, t. d. um kolakaup, vistir og ódýrari vinnukraft. Ef þeir svo geta lagt fiskinn á land hjer, geta þeir boðið hann ódýrara verði en vjer á heimsmarkaðinum og þannig eyðilagt markaðinn fyrir oss. Ef þeir aftur á móti verða að sigla með afla sinn til annara landa, missa þeir mikið af veiðitímanum í ferðir fram og aftur, svo að þeir standa ekki betur að vígi en vjer.

Þetta á frv. að tryggja, og vona jeg, að það þyki rjettmætt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 268).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið hingað frá hv. Nd. Það er ekki umfangsmikið, og býst jeg við. að háttv. deildarmenn hafi áttað sig á því. Sjútvn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og leggur til, að á því verði gerðar tvær lítilfjörlegar breytingar. Er þá fyrst, að nefndin leggur til, að í 1. gr. sje bætt nokkrum orðum til skýringar, eins og sjá má í áliti nefndarinnar á þskj. 268.

Mál þetta er einkareinfalt; það miðar að því að koma í veg fyrir, að útlend skip verði notuð hjer til fiskiveiða.

Önnur brtt. nefndarinnar er um sektarákvæði. Af því að þetta eru viðaukalög, er talið nauðsynlegt, að sektarákvæðið sje tekið upp í þau sjálf. En í fljótu bragði athugaði nefndin þetta ekki. Taldi, að það myndi nægja, að sektarákvæðin væru í lögunum, sem þetta eru viðaukalög við. En við nánari athugun kom það í ljós, að þetta var nauðsynlegt, og fyrir þá sök flutti nefndin brtt. þessa. Vænti jeg svo, að mál þetta gangi greiðlega gegnum deildina og að brtt. nefndarinnar verði samþyktar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get lýst því yfir, að jeg hefi ekkert að athuga við brtt. hv. sjútvn. Viðvíkjandi sektarákvæðinu skal jeg taka það fram, að jeg tel rjettara að hafa það í þessum sjerstöku lögum, þó jeg hinsvegar líti svo á, að hægt hefði verið að nota ákvæðið í lögunum, sem þessi lög eru viðauki við. Annars get jeg tekið undir með háttv. frsm. (IP), að jeg vonast eftir, að enginn fari að verða móti frv. þessu hjer. Það voru allir sammála um það í Nd., og hins sama vænti jeg hjer.

ATKVGR.

Brtt. 268,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 268,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 268,3 samþ. án atkvgr.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 294).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent **Nd.**

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 294).

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Það er aðeins ein breyting, sem gerð hefir verið á frv. þessu í efri deild, og hún er fólgin í því, að inn í það hefir verið sett sjerstakt ákvæði um sektir fyrir brot gegn lögunum, en það var ekki í stjórnarfrumvarpinu, því að búist var við, að farið yrði eftir sektarákvæðum laga þeirra, sem þetta eru viðaukalög við. Telur nefndin frv. síst verða lakara fyrir breytingu þessa, og ræður því háttv. deild til þess að samþykkja það eins og það liggur fyrir nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr., sem lög frá Alþingi (A. 342).

---

14. Gengisviðauki á ýmsa tolla og gjöld.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (stjfrv., **A. 25**).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vona, að þetta litla frv. geti gengið til nefndar umræðulítið. Það virðist liggja í augum uppi, hversu óheppilegt það er að láta endalykt slíkrar löggjafar, sem hjer um ræðir, vera undir því komna, hvort gengi á sterlingspundi er skráð einn góðan veðurdag á 25 kr. eða þar fyrir neðan. Það er sýnilega miklu rjettara að láta lög þessi gilda, þar til þau verða afnumin á venjulegan hátt, með nýrri lagasetningu.

Jón Baldvinsson: Því er venjulega svo varið með þessa almennu tolla, að þegar þeim er komið á, þá er fólki sagt, að þeir eigi aðeins að gilda til bráðabirgða. Við sama tón kvað, þegar lögin um 25% tollhækkunina voru sett hjer á þinginu í fyrra. Þá var sagt, að þessi tollhækkun ætti strax að falla úr gildi, þegar gengi á sterlingspundi yrði skráð hjer 25 kr. eða neðar. En nú kemur annað hljóð úr horni. Strax þegar einhverjar líkur eru til þess, að pundið komist niður í 25 kr., þá þykir sjálfsagt að veita stjórninni heimild til þess að láta tollhækkunina haldast áfram um ótiltekinn tíma.

Jeg álít, að allir þessir vandræðatollar, sem dembt var á í fyrra, eigi nú þegar að hverfa úr sögunni. Það hefir sýnt sig, að enginn halli hefði orðið á rekstri ríkissjóðs síðastl. ár, þó að þessum þungbæru sköttum, verðtollinum og þessum 25% gengisviðauka, hefði ekki verið komið á. Því er svo varið með þessa tolla sem aðra, að þeir koma tiltölulega ljettast niður á þeim, sem einhverju hafa úr að spila. Fátæki fjölskyldumaðurinn verður langt um harðar úti en efnaði maðurinn.

Þess vegna er ranglátt að halda slíkum tollum við. Vildi jeg því mælast til þess, að frv. þetta yrði felt nú þegar. Það sýnist lítið vit vera í því að halda dauðahaldi í slíka tolla, þar sem þeir eru augljóslega mjög ranglátir og þar sem vel er hægt að komast af án þeirra, eins og reynsla síðasta árs sýnir. Þar að auki er jeg ekkert ginkeyptur fyrir því að leggja núverandi hæstv. stjórn það vald í hendur, sem frv. fer fram á.

Bjarni Jónsson: Mig furðar að heyra þennan hv. þm. (JBald), sem nú settist niður, segja þetta, einkum af því að hann er — eftir því sem hann hefir sjálfur oft sagt — ekki þingmaður landsins, heldur aðeins nokkurra manna hjer í Reykjavík. Það er undarlegt, að sá, sem þykist vera talsmaður fátæku mannanna, skuli leyfa sjer að leggja á móti jafnsjálfsögðum hlut og þetta er. Hver hefir eiginlega verið í vafa um það, hvaðan að minsta kosti mikill hluti af tekjuhalla landsins hefir stafað undanfarin ár? Gengistap landsins hefir verið á ári hverju hálf til heil miljón. Hallinn stafar bæði af því, sem landið hefir keypt frá öðrum löndum, gengishallanum, og einnig hinu, að það, sem goldið var starfsfólki innanlands, hefir orðið að bæta upp. Ef þetta er reiknað með, má sjá, að af þessu stafar mestmegnis sá halli, sem hefir verið á landsreikningunum, af því ríkið hefir ekki tekið tekjur sínar í jafngóðum krónum og það geldur út. Þetta er svo einfalt mál, að jafnvel þingmenn ættu að geta skilið.

Menn eru að kveina yfir tekjuhalla, telja alómögulegt að styrkja nokkurn lifandi mann, ekkert skáld og engan listamann, ekki hægt að leggja vegi og ekki síma, ekki hægt að styrkja t. d. sjúkrasjóð „Dagsbrúnar" eða hjálpa verkamönnum í Reykjavík til að byggja skýli yfir höfuðið o. s. frv. Menn hafa ekki athugað það, að það er ekki til neins að ætla sjer að borga með krónu, sem er hærri en sú, sem tekin er í tekjum.

Af því tekjuhalli skapast af þessu, og hann veldur geig í mönnum við framtíðina og ótta við framkvæmdir þær, sem ríkið þarf að hafa á hendi, ættum við hvorugur að vera á móti frv.

Jeg skal og geta þess, að af öllu því fjármálaskvaldri, sem átti sjer stað á síðasta þingi, var þetta frv. um gengisviðaukann hið eina af viti.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Dala. (BJ) ætti ekki að undra, að jeg sje á móti frv. um gengisviðaukann, ef svo væri, að jeg væri þingmaður verkamanna, sem hann taldi vera og rjett er. Þessi útgjöld koma einmitt þyngst niður á fátæku fjölskyldumönnunum. Má af því sjá, hvort það er rjettlátara að skylda menn til gjalda í ríkissjóð með neysluskatti heldur en með skatti af tekjum. Þessi 25% gengisviðauki fellur á margar nauðsynjavörur, og þó svo væri, að ríkissjóður fengi tekjur af þessu hjer eftir, — tekjurnar voru, ef jeg man rjett, 570 þús. — þá geri jeg ekki ráð fyrir, að Alþingi færi næsta ár að styrkja sjóð „Dagsbrúnar"-manna eða byggja yfir verkamenn. Að minsta kosti er það ekki venja, að tekið sje ljett undir slíkar málaleitanir til þingsins. Hjer er jeg ekki að ásaka hv. þm. Dala. (BJ), því hann hefir betur brugðið við slíku en ýmsir aðrir. En jeg býst ekki við, að hlaupið verði að þessum framkvæmdum, sem hv. þm. mintist á, þó gengisviðaukinn verði samþyktur.

Bjarni Jónsson: Jeg vil ekki þrátta við hv. þm. (JBald). Jeg veit, að hann kann að margfalda 2 með 2.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 54).

Frsm. (Klemens Jónsson): Þessu máli var vísað til fjárhagsnefndar. Hefir hún komist að þeirri niðurstöðu að samþykkja frv. óbreytt.

Tveir nefndarmanna hafa skrifað undir með fyrirvara, og munu þeir sjálfir skýra afstöðu sína.

Þegar athuguð er greinargerðin, sem fylgdi, þegar frv. um gengisaukann var lagt fram í fyrra, sjest, að aðalmarkmiðið var að auka tekjur ríkisins. Það var borið fram af brýnni þörf á auknum tekjum. Íslensk króna var þá í sínu lægsta gengi, sem hún hefir nokkurn tíma komist. Sterlingspundið kostaði 33 kr. og ísl. krónan var ekki meira en 52 aura virði. Nauðsynin var brýn að fylla í skörðin, auka tekjurnar með tollum og öðrum gjöldum. Að vísu var skrefið ekki stigið fult út, en það hefði verið að heimta inn tolla með gullkrónuverði. Það þótti ekki fært að hækka meira en þá var gert. Annars læt jeg mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar, sem frumvarpinu fylgdi á síðasta þingi.

Nú má segja, að talsverð breyting sje á orðin. Sterlingspundið hefir lækkað og krónan hækkað. Þá var frv. bundið við skráningu sterlingspundsins, og var það eðlilegt, þar sem það stóð svo hátt, og var það því næsta eðlilegt, að miðað væri við gengisskráninguna, en höfuðástæðan var þó tekjuþörfin.

Það er því alveg augljóst, að hjer er um gagngerða stefnubreyting að ræða. Lögin voru áður bundin við skráning sterlingspundsins, stóðu og fjellu með henni, en eftir þessu frv. er hjer hreint og beint um tollaukalög að ræða og ótímabundin. Þetta vildi jeg skýrt taka fram, svo að enginn misskilningur geti átt sjer stað í því efni.

Aðalástæðan er hin sama og áður; þörfin fyrir tekjuaukning er enn hin sama. Það er brýn nauðsyn að borga lausaskuldirnar sem fyrst, en þeim tilgangi verður ekki náð, nema ríkissjóður haldi þeim tekjum, sem nú eru.

Sú breyting, að miða ekki við skráningu sterlingspundsins, þykir kannske óþörf, því lítil líkindi sjeu til þess, að pundið fari niður úr 25 kr. á næstunni. En færi nú samt svo, má búast við, að sveiflur yrðu á genginu, pundið yrði stundum undir og stundum yfir 25 kr. Mundi það valda miklum erfiðleikum, eins og tekið er fram í greinargerðinni. Það yrði þá undir atvikum komið, hvort heimtaður yrði tollur eða ekki, og yrði erfitt fyrir kaupmenn og kaupfjelög að vita, hvað leggja þyrfti á vöruna. En fyrir þetta er girt með því að sleppa úr ákvæðinu um skráningu pundsins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

Halldór Stefánsson: Af því að jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þykir mjer hlýða að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg lít svo á, að vörutollurinn hafi upphaflega verið pólitískt neyðarúrræði og væri fúsari að fella hann en hækk .

En þörf ríkissjóðs er mikil. Það þarf að borga skuldir ríkisins og það þarf að leggja fje til framkvæmda í landinu.

Ef fram kynni að koma brtt. um að taka vörutollinn undan þessari 25% gengishækkun, áskil jeg mjer rjett til þess að geta greitt henni atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg þakka hv. nefnd fyrir meðferð hennar á þessu máli, og sjerstaklega fyrir yfirlýsingu hv. form. nefndarinnar og frsm., sem hann gaf fyrir nefndarinnar hönd, að hún vildi fyrir sitt leyti stuðla að því, að ríkissjóður hjeldi óskertum þeim tekjustofnum, er hann hefir. Það er mjög mikilsvert að hafa fengið samkomulag um þá stefnu, svo hægt sje að greiða lausaskuldirnar á fáum árum. Um fyrirvara hv. 1. þm. N.-M. (HStef) skal jeg ekki segja margt. Jeg viðurkenni, að vörutollurinn er leiðari tekjustofn en aðrir tollar. Okkar góða gamla stefna var að tolla aðeins munaðarvörur, og það var gott á meðan tekjurnar nægðu ríkissjóði. En þeir tollar skertust, þegar bannlögin voru sett, og nægðu þá ekki lengur. Var þá tekinn upp vörutollur. Þó að jeg álíti hann verstan af tolltekjum ríkisins, má ríkissjóður ekki við því að missa hann. Vona jeg, að hv. deild fallist á till. nefndarinnar og samþykki frv. í þeirri mynd, sem það liggur fyrir.

Jakob Möller: Jeg gæti raunar látið nægja það, sem háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir sagt um fyrirvarann. Við vorum báðir í fjhn. á síðasta þingi og lögðumst þá á móti þessu máli. En þar sem þessi tollhækkun var nú samþykt, er ekki ástæða til þess að leggjast á móti breytingu þeirri, sem hjer um ræðir.

Það, sem um var að ræða á síðasta þingi, var, hvort hækka skyldi tollinn um 25%. Það var kallaður gengisviðauki. Jeg hjelt því fram í fyrra, að þetta væri rangnefni; þetta væri hrein og bein tollhækkun.

Jeg fellst á, að óhentugt sje að láta þessa tollhækkun falla úr gildi, ef sterlingspundið fer niður úr 25 kr., og svo ganga í gildi aftur, ef það fer upp í 25 krónur.

Sje því ekki, eins og sakir standa, ástæðu til að leggjast á móti frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24:1 atkv.
2. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 25, 78).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 78. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Þegar lögin um 25% gengisviðaukann voru sett í fyrra, áttu þau að miðast við gengi sterlingspunds og ekki gilda lengur en meðan það væri skráð hjer í Reykjavík 25 kr. og þar yfir. Þannig voru í lögunum sjálfum takmörk fyrir því, hve lengi þau áttu að gilda. Nú er alls ekki komið að þessu takmarki, en eigi að síður flytur stjórnin frv., sem í raun og veru er ekkert annað en tilraun til að gera þennan gengisviðauka að föstum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Er þetta þeim mun undarlegra, þegar athug-

aðar eru ástæðurnar, sem færðar voru fyrir lögum þessum í fyrra, því að þá var talið, að þetta ætti aðeins að vera til að vinna upp tap, ef krónan fjelli.

Jeg lít nú svo á, að þingið geti ekki skilið svo við þetta mál, að það geri þennan gengisviðauka að fastri heimild, sem staðið geti um aldur og æfi. Þó hægt sje að taka þetta upp á hverju þingi og ákveða, hve lengi þessi gengisviðauki skuli standa í það og það skiftið, tel jeg þó heppilegra, að í lögunum sjálfum sje ákvæði um, hve lengi þau skuli gilda, því að þegar stjórnin semur fjárlagafrv., er betra fyrir hana, að tekjustofnar þeir, sem hún þarf að byggja það á, sjeu sem vissastir. Jeg held því, að b.-liður fyrri brtt. minnar sje alveg sjálfsagður.

Hið sama er og að segja um a.-lið fyrri brtt. minnar, þar sem jeg fer fram á, að 1. janúar 1926 lækki gengisviðauki sá, sem ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eftir lögum nr. 2, 27. mars 1924, niður í 15%, þó jeg hefði vitanlega helst kosið, að þessi tollhækkun hefði alveg verið afnumin. En svo langt hefi jeg ekki gengið í till. mínum, af því að jeg bjóst við, að svo stór breyting myndi ekki ná fram að ganga. Hefi jeg því farið þennan meðalveg, að heimila stjórninni að innheimta tolla þá, er hjer um ræðir, með aðeins 15% gengisviðauka frá 1. janúar 1926. Yrði það líka miklu síður tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð en að missa allan þennan tekjuauka í einu. Mætti svo líka lækka hann aftur á næsta þingi, ef lögin yrðu látin gilda lengur en til 1. apríl 1926. Á þennan hátt myndi ríkissjóður verða þess mjög lítið var, þegar tekjuauki þessi fjelli alveg burtu.

Jeg tel því alveg sjálfsagt fyrir háttv. deildarmenn að samþykkja brtt. mínar, þó sjerstaklega b.-liðinn, því að hann er alveg óumflýjanlegur.

Frsm. (Klemens Jónsson): Fyrir hönd fjhn. get jeg ekki sagt neitt um, hvernig hún muni taka í brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), því að hún hefir ekki átt kost á að sjá þær fyr en nú, og hefir því ekki getað tekið afstöðu til þeirra. Jeg held því, ef háttv. þm. er áhugamál að koma þeim að, að hyggilegast sje fyrir hann að fá málið tekið af dagskrá nú, svo nefndinni gefist kostur á að athuga brtt.; en eigi málið að hafa framgang nú, þá verð jeg að greiða atkvæði gegn þessum brtt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þessum brtt. var útbýtt nú á þessari stundu. Skal jeg því hafa allan fyrirvara um þá útreikninga, sem gera þarf til þess að vita, hve miklu nemi fyrir ríkissjóð, ef þær verða samþyktar. Þó má telja víst, ef báðir liðir brtt. 1 yrðu samþyktir, að ríkissjóður myndi missa árið 1926 tekjur, sem nema mundu um 750 þús. kr., því að jeg lít svo á, að samkv. síðari lið till. eigi lögin að falla með öllu úr gildi 1. apríl 1926.

Ef a.-liður till. yrði aftur á móti samþyktur, en hinn ekki, myndi það svifta ríkissjóð árið 1926 tekjum, sem nema myndu frá 360—400 þús. kr. Og niðurstaðan myndi verða lík hin næstu ár á eftir. Og allur gengisviðaukinn, 900 þús. kr., tapast vitanlega, ef báðir liðir brtt. verða samþyktir.

Ef nú fylgja á þeirri stefnu, er stjórnin hefir tekið og hv. form. fjhn. hefir talið sig fylgjandi, sem sje að reyna að borga lausaskuldir ríkissjóðs á næstu árum, þá verður þegar í stað að finna annan tekjustofn fyrir ríkissjóð, ef brtt. þessar verða samþyktar, sem jeg fyrir

mitt leyti tel alls ekki rjett, þar sem tollauki þessi kemur mest niður á munaðarvörum, sem þeir geta sparað, sem spara vilja. En erfitt mun verða að bæta ríkissjóði tekjumissinn upp, nema taka hann af þeim vörum, sem nauðsynlegri eru.

Jón Baldvinsson: Jeg vil leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá, svo fjhn. geti gefist kostur á að athuga brtt. mínar.

Umr. frestað.

Á 17. og 21. fundi í Nd., dagana 26. og 27. febr., var frv. tekið til f r h. 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 25, 78, 83, 99)

Frsm. (Klemens Jónsson): Fjhn. hefir athugað brtt. á þskj. 78 og 83, og getur hún ekki gengið inn á að fallast á brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á þskj. 78. Nefndin getur ekki álitið, eins og fjárhagsástæður ríkissjóðs eru nú, að hann geti komist af án tekjuauka þess, sem lög þessi gefa honum, og fellst því ekki á, að gengisviðaukinn sje lækkaður úr 25% niður í 15%. Þegar nefndin fór vegna þessara brtt. að athuga, hvort ekki gæti komið til mála að láta tollhækkun þessa vera bundna tímatakmörkum að einhverju leyti, þá gat hún fallist á þá hugsun. Þó að lögin um gengisviðaukann væru aðallega til þess sett að afla ríkissjóði tekna, þá var þó miðað við ástandið eins og það var þá og heimildin bundin því skilyrði, að verð sterlingspunds væri meira en 25 kr. Þá þegar var gengið út frá því, að tollhækkun þessi yrði aðeins til bráðabirgða. Þegar breyta á þessu skilyrði um verð sterlingspundsins, fanst nefndinni rjettast að binda gildi laganna einhverju tímatakmarki í staðinn. Hún áleit ekki rjett, að nú yrði ákveðið, að þau skyldu standa óhögguð þangað til þingið afnæmi þau, heldur vill hún láta þingið í hvert skifti athuga, hvort tími sje til þess kominn að fella tollhækkun þessa úr gildi með öllu. Þess vegna leggur nefndin nú til, að ákveðið verði að þessu sinni, að lögin falli úr gildi við árslok 1926. Hún kaus þetta tímatakmark til þess að hæstv. stjórn gæti reiknað með þessari tollhækkun í áætlunum sínum fyrir alt næsta ár. Það er svo á valdi næsta þings, hvort lögin verða enn framlengd, ef þá verður fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður megi ekki vera án þeirra.

Í rauninni hefði ef til vill verið rjettast í þetta sinn að binda gildi laganna við 1. apríl 1926, eins og hæstv. stjórn hefir farið fram á, að gert verði við önnur tollaukalög, verðtollslögin, sem samþykt voru á síðasta þingi. En við nánari athugun fjellst nefndin þó á, að það væri of stuttur frestur og að rjettara væri, að hæstv. landsstjórn gæti nú þegar reiknað með þessari 25% tollhækkun alt árið 1926. Mælist nefndin því eindregið til þess, að brtt. hennar verði samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir leitt að þurfa að taka aftur meiri hluta þess þakklætis, sem jeg galt hv. fjhn. við 2. umr. fyrir meðferð hennar á þessu frv., þar sem hún lagði þá til, að það yrði samþykt óbreytt. Síðan hefir hv. nefnd sjeð sig um hönd og leggur nú til, að 25% tollhækkunin verði ekki ákveðin lengur en til ársloka 1926 fyrst um sinn.

Jeg verð að segja það eins og það er, að jeg hefi ekki heyrt af vörum háttv.

frsm. (KlJ) neinar gildar ástæður fyrir þessum skoðanaskiftum hv. nefndar. Hið eina, sem í mínum augum gæti rjettlætt það að binda gildi laga þessara tímatakmarki því, sem hv. nefnd stingur nú upp á, væri það, ef einhverjar líkur væru fyrir því, að ástæður ríkissjóðs breyttust svo til batnaðar, að hann mætti missa tolltekjur þessar frá árslokum 1926. En nú þegar má einmitt sjá fyrir, með svo mikilli vissu, sem yfirleitt er hægt að fá um áætlanir um ókomna tímann, að á þessu og næsta ári geta engar þær breytingar orðið á fjárhag ríkissjóðs, sem rjettlæti það, að lög þessi falli úr gildi frá lokum næsta árs. Eða hvaða útgjöld ríkissjóðs geta lækkað svo frá áætlun fjárlaganna þangað til næsta þing kemur saman, að þá þætti forsvaranlegt, að hann misti nálega einnar milj. kr. tekjustofn áður en Alþingi 1927 kæmi saman? Það er einungis einn útgjaldaliður í fjárlögunum, sem er svo háður breytingum tímanna, að nokkru verulegu geti numið. Er það dýrtíðaruppbót embættis- og sýslunarmanna landsins. En í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir árið 1926 er einmitt gert ráð fyrir, að hún lækki úr 78% niður í 60%, og má það gott heita, ef þessi áætlun fær staðist; en að ríkissjóður megi missa nokkurs af tekjum sínum á þessum grundvelli, nær ekki nokkurri átt.

Hinsvegar er það ósiður, sem hjer hefir verið innleiddur á síðustu árum, að láta mikinn hluta tekjulinda ríkissjóðs vera bundinn lögum, sem falla úr gildi, ef þau eru ekki endurnýjuð svo að segja á hverju ári. Þó má segja, að þetta sje þolanlegt, þegar um gjaldstofna eins og t. d. útflutningsgjaldið er að ræða, sem allir telja mjög hagkvæman tekjustofn, og því má gera ráð fyrir, að fáist framlengt ágreiningslaust. En þetta er ótækt um þá tekjustofna, sem altaf geta valdið ágreiningi, eins og t. d. þessa tollhækkun. Og ef stjórnin á að vera í stöðugri óvissu um, hvort ríkissjóður fái nauðsynlegar tekjur, þá hlýtur það að hafa meiri en lítil áhrif á alla afstöðu hennar til fjármála, einkum til fjárveitinga úr ríkissjóði.

Ef ganga á út frá því, að þessi tollur falli niður frá árslokum 1926 og verðtollurinn frá 1. apríl sama ár, þá geta allir sjeð, hvílík áhrif það hlýtur að hafa á afstöðu núverandi stjórnar til fjármálanna nú þegar og á allar ráðstafanir hennar á þessu ári.

Nei, það er ekki vert að láta sem til sjeu líkur, þegar öllum má vera ljóst, að svo er ekki. Þess vegna er rjettast, að mál þetta fái að ganga sinn eðlilega gang og 25% tollhækkunin látin standa þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum á venjulegan hátt. Eins og lögin eru nú, er tollhækkunin bundin því skilyrði, að verð á sterlingspundi sje hjer í Reykjavík 25 kr. eða meira. Ef jeg sem fjrh. ætti enga aðra kosti en að velja á milli þessa ákvæðis og brtt. hv. fjhn. um að tollhækkunin falli úr gildi frá árslokum 1926, þá kysi jeg hiklaust, að lögin fengju að standa óbreytt, enda þótt sýnt hafi verið með ljósum rökum fram á, hversu óheppilegt þetta ákvæði laganna er, bæði við 1. og 2. umr. málsins, í greinargerð stjórnarinnar fyrir frv. þessu og í nál. hv. fjhn., sem hún, því miður, virðist fallin frá.

Um brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) get jeg vísað til þess, sem jeg sagði við 2. umr. Þeim fylgir svo mikil skerðing á tekjum ríkissjóðs, að jeg fæ ekki sjeð, að til mála geti komið, að þær verði samþyktar. Sama er að segja um brtt. hv. 1.

þm. Árn. (MT). Jeg álít, að hún verði að falla með brtt. hv. 2. þm. Reykv., enda eru þær nátengdar.

Jeg verð því að leyfa mjer að mælast til þess við hv. deild, að hún taki sömu afstöðu til þessa máls nú sem hv. fjhn. tók við 2. umr. og með nál. sínu, sem sje að samþykkja frv. óbrevtt.

Jón Baldvinsson: Þegar jeg flutti brtt. mínar hjer um daginn, þá var orsökin til þess sú, að jeg þóttist sjá, að ekki ætti neinu að þoka frá hinu upphaflega frv. stjórnarinnar. En mjer þótti óeðlilegt að taka að kalla öll takmörkunarákvæði burtu úr lögunum og gera þau alt í einu að föstum tolllögum. Því kom jeg með brtt. mínar, að jeg vildi, að málið yrði tekið enn upp á næsta þingi og athugað, hvort tollurinn skyldi gilda áfram. Hitt atriðið, að tollurinn skuli lækka á næsta nýári, miðar til þess að gera ríkissjóði ekki eins tilfinnanlegt, ef tollurinn yrði látinn falla niður á þingi 1926. Nú hefir þessum till. verið tekið heldur illa, einkum a.-liðnum. Á hann vill hv. fjhn. ekki fallast, en í reyndinni fellst hún á b.-liðinn, þó að hún vilji hafa aðra dagsetningu en þá, sem jeg legg þar til. Get jeg þess vegna vel fallist á till. fjhn. í því atriði, þó till. mín sje raunar betri. Það er ekki meiri munur á þeim en svo.

Hæstv. fjrh. (JÞ) taldi það mikla skerðingu á tekjum ríkissjóðs, ef till. mín yrði samþykt. Það er rjett, að verði tollinum ljett af, missir ríkissjóður tekjur. En þess ber að gæta, að gjaldþol landsmanna eykst að sama skapi og vörur lækka og dýrtíðinni ljettir. Og lækki dýrtíðin, þá er það beinn hagur fyrir ríkissjóð. Það má því ekki einblína of mikið á það, að ríkissjóður missi 300—700 þús. kr. tekjur, eða heila miljón auk heldur. Það verður að athuga, hvaða fyrirkomulag í þessu efni verði happadrýgst fyrir landslýðinn.

Jeg býst við því, að till. mínar verði feldar, eftir undirtektum hv. fjhn. að dæma. En við þær hefir þó unnist það, að menn hafa athugað, að hjer átti að koma á algerlega nýjum *föstum* tolli, með því að eftir frv. stjórnarinnar urðu lögin bundin alt öðrum ástæðum en þau voru í fyrstu við miðuð. Hæstv. fjrh. vildi ekki hafa nein föst takmörk fyrir gildi þessara laga, með því að engar líkur væru til þess, að tekjuþörf ríkissjóðs minkaði um ófyrirsjáanlegan tíma, nema ef ske kynni, að dýrtíðaruppbótin ein lækkaði. Mjer ber nú ekki að svara fyrir hv. fjhn., en mjer virðist, að fleiri gjöld ættu að geta lækkað heldur en dýrtíðaruppbótin. Hæstv. fjrh. ætti þó ætíð að muna eftir einu atriði, sem þessi lög voru einmitt tengd við í upphafi. Hjer á jeg við lággengið. Á því hefir ríkið tapað miklu, en hækki gengið, þá getur það munað ríkið afarmiklu fje.

Jeg get svo látið útrætt um till. mínar, og þó þær nái ekki samþykki, þá lít jeg svo á, að þær hafi borið nokkurn árangur. En að lokum vil jeg taka það fram, að þó jeg kæmi með till. um það að lækka tollinn, þá hefi jeg samt ekki að neinu leyti gengið inn á rjettmæti hans. Enda hafði jeg sýnt það með því að greiða atkvæði móti frv. við 2. umr.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg skil ekki í því, að hæstv. fjrh. (JÞ) þurfi að taka aftur nú alt þakklæti, sem hann galt fjhn. við 2. umr. þessa máls. Eftir till. hennar fær ríkissjóður tekjur af tollinum alt árið 1926 og getur bygt sína áætlun á því. En það getur hæstv. stjórn ekki samkv. hennar eigin frv. um verð-

tollinn, sem aðeins á að framlengja til 1. apríl 1926. Það er því ósamræmi hjá hæstv. fjrh. að finna að því við fjhn., að hún láti þetta vera tímabundið á þann hátt, sem hún leggur til í brtt. sinni, en hafa þó sjálfur tímatakmark í sínu frv., sem gefur miklu minni tryggingu. Hæstv. fjrh. kvaðst ekki hafa heyrt nægar ástæður fram færðar frá fjhn. fyrir brtt. hennar. En jeg get eins spurt hann, hvað honum hafi til þess gengið sjálfum að hafa tímatakmark í verðtollsfrv. sínu. Þá spurði hæstv. fjrh., hvort við teldum nokkrar líkur til þess, að tekjuaukinn af þessum lögum mundi mega missast í náinni framtíð. Nei, jeg geri ekki ráð fyrir því. Og jeg býst heldur ekki við því, að tekjurnar af verðtollslögunum megi missast, svo framarlega sem það er alvara þings og stjórnar að greiða lausaskuldir ríkissjóðs á næstu árum. Og hví er þá verið að tímabinda gildi þeirra laga? Jeg sje heldur enga hættu stafa af því, þó þessi lög sjeu tímabundin. Það má framlengja þau á næsta þingi, alveg eins og verðtollslögin, sem jeg geri alls ekki ráð fyrir, að við megum sleppa. Hæstv. fjrh. tók það fram, að það væri ósiður að binda tekjur ríkissjóðs við lög, sem þurfa framlengingar frá ári til árs. Þetta má vera. Það hefir tíðkast að undanförnu, og má í því sambandi minna á útflutningsgjaldið. En þetta hefir oft verið gert í þeirri von, að bráðlega mundi rakna úr ástandinu, svo hægt yrði að leggja þessi gjöld og tolla niður. Jeg geri nú samt ráð fyrir, að útflutningsgjaldið sje komið svo inn í meðvitund manna sem sjálfsagt gjald, að því verði ekki bráðlega breytt, þó að það væri sett í upphafi aðeins til bráðabirgða.

Hæstv. fjrh. (JÞ) tók það fram, að svo framarlega sem þetta tímatakmark yrði samþykt, þá hlyti það að hafa áhrif á fjármál þessa þings. Þetta skil jeg ekki. Eftir okkar till. er þetta gjald trygt alt árið 1926, og óhætt að reikna með því.

Hæstv. fjrh. tók það fram, að ef hann ætti um að velja, þá vildi hann heldur lögin óbreytt en með þessu tímatakmarki, ef það næði samþykt. Jeg er honum samþykkur um það, að ekki sjeu líkur til, ef lögin verða óbreytt, að þau falli úr gildi á næsta ári; geri ekki ráð fyrir, að sterlingspundið fari niður úr 25 kr. En þá er líka frv. stjórnarinnar óþarft. Og hæstv. fjrh. er innan handar, ef hann vill heldur lögin óbreytt, að fá þá ósk sína uppfylta, með því að taka frv. sitt aftur. Jeg býst ekki við því, að neinn af háttv. þm. færi að taka það upp aftur. Honum er því í sjálfsvald sett að hafa lögin áfram eins og þau voru sett upphaflega af þinginu í fyrra.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að því var barið við, er lögin voru sett, að það væri gert vegna lággengis, enda voru þau kend við gengisviðauka. En þeirri sönnu ástæðu var rjett lýst af hv. 3. þm. Reykv. (JakM) við 2. umr. þessa máls, er hann sagði, að lögin hefðu eingöngu verið sett til þess að útvega ríkissjóði tekjuauka, sem hann vantaði. Það er rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að þegar gengið hækkar, þá minka gjöld ríkisins, en það kemur ekki fram fyr en eftir mjög langan tíma, og fyrst í stað munar það litlu, nema helst á. dýrtíðaruppbót embættismanna, er heldur ekki lækkar fyr en nokkuð löngum tíma eftir gengishækkunina.

Það er óþarfi að vera að rökræða um það við hv. 2. þm. Reykv., hvort ríkissjóður megi missa af tekjum sínum.

Mjer þótti vænt um að fá viðurkenn-

ingu hv. frsm. fjhn. (KlJ) á því, að lög þessi megi ekki falla úr gildi, nema þá að annað komi í staðinn, því hún lýsir skilningi á fjárhagsástandi landsins eins og það virkilega er. Jeg verð þó að segja hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að mjer virðist fjárhagur ríkisins lafa á tveim náströum. Tekjuafgangur ríkisins var árið 1924 hálf önnur miljón, og hann þarf að verða eins mikill næstu árin tvö, ef lausaskuldirnar á að borga. Þessi tekjuafgangur 1924 kom af því, að engu var eytt til verklegra framkvæmda, en árið annars veltiár, þannig, að tekjur af gömlu tekjustofnunum urðu 1½ milj. kr. hærri 1924 en árið á undan. Það liggur þá í augum uppi, að breyting á árferði getur ein saman svift ríkið jafnmiklum tekjum og nam tekjuafgangi síðasta árs. Og geti menn ekki þolað það lengur, að ekkert sje unnið að verklegum framkvæmdum, þá er tekjuhalli vís. Og bætist svo í þriðja lagi við niðurskurður þessara laga, samkvæmt brtt. hv. þm. (JBald), þá er komið sama ástand og ríkt hefir að undanförnu og hann hefir kunnað svo vel við.

Hv. frsm. fjhn. (KlJ) vildi ekki kannast við það, að ákvæðið um það, að lögin skuli gilda til ársloka 1926, geti haft áhrif á afstöðu manna til fjármálanna á þessu þingi. En það hlýtur að verða, nema trygt væri, að lögin yrðu framlengd á þingi 1926. Það hljóta allir að sjá, þegar það er athugað, að mörg útgjöld eru ekki bundin við eitt ár, svo sem útgjöld við opinber störf og verklegar framkvæmdir, sem oft er alls ekki lokið með eins árs fjárveitingu. Í sjálfu sjer er jeg ekki á móti því, að enn harðari hemill sje settur fyrir því, að brotið verði upp á nýjum framkvæmdum á þessu þingi. En stjórnin þarf ekki nýrra brýninga við til að ráðast ekki í stórræði á árinu 1926, með því að hafa það á oddinum, að tekjur af þessum lögum sjeu ekki vísar lengur en það árið. Háttv. frsm. (KlJ) talaði um ósamræmi hjá mjer í afstöðu minni til þessa máls og verðtollsins hinsvegar. Jeg tek það fram, að það er ekki af því, að jeg hefði ekki kosið annað, að stjórnin hefir bundið gildi verðtollslaganna við 1. apríl 1926, heldur vegna þess, að það er ljóst, að þau lög geta ekki staðið óbreytt öllu lengur. Þau lög ákveða sjálf, að þau falli úr gildi í árslok 1925, en till. stjórnarinnar er sú, að þau gildi þetta lengur, svo fresta megi að endurskoða þau til næsta þings. En sjái hv. fjhn. sjer fært að endurskoða þau að efni til nú á þessu þingi, þá álít jeg, að ákvæðið um að þau falli úr gildi verði að falla burt, en í staðinn komi hið venjulega, að lögin gildi þangað til öðruvísi verði ákveðið. Þetta er mín skoðun í því máli. Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að rökræða meira um þetta. Jeg heyri, að í rauninni er ekki að ræða um neinn meiningamun milli mín og hv. frsm. (KlJ) um þetta mál. Báðir erum við sannfærðir um það, að ríkissjóður megi ekki missa neitt af tekjum sínum á árinu 1927. En jeg vil taka fullkomna afstöðu til málsins samkvæmt þessu og ekki setja gildi laganna nein takmörk, en láta hvert þing sjálfrátt um það að taka þau til endurskoðunar, þegar tími þykir til kominn.

ATKVGR.

Brtt. 99 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BL, H-Stef, IngB, JakM, JAJ, JBald, KlJ, MJ, BSv.

nei: PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, HK, JK, JS, JÞ, JörB, MG.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Brtt. 78,1.a feld með 23:1 atkv.

— 78,1.b, 78,2 og 83 sjálffallnar.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 114).

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta er stjfrv., sem háttv. Nd. hefir fallist á með þeirri einni breytingu við 3. umr., að heimild til þess að innheimta 25% gengisviðauka skyldi tímabundin og falla niður við árslok 1926. Raunar er það viðurkent af flm. þeirrar till., að engar líkur sjeu til þess, að gjald þetta megi missast frá þeim áramótum, og vil jeg skjóta því til athugunar þeirri nefnd, sem fær frv., hvort ekki sje rjett að ganga svo frá því, að það hjeldi gildi þangað til Alþingi ákveður breytingu á venjulegan hátt. — Annars legg jeg það til, að frv. sje vísað til fjhn.

Jónas Jónsson: Jeg vil taka það fram út af niðurlagsorðum hæstv. fjrh., að mjer finst vanta skýringu á því, hvers vegna tollurinn á ekki að leggjast niður í árslok 1926. Eins og frv. ber með sjer, er frumskilyrðið fyrir því, að tollurinn haldist, að ísl. króna verði til muna lægri en sem svarar gullgengi. Jeg ímynda mjer, að þótt hæstv. fjrh. hafi skrifað bók um lággengi, geri hann samt ekki ráð fyrir því, að lággengi haldist um tíma og eilífð.

Jeg vil benda hæstv. fjrh. á það, að þar sem mikill hluti stuðningsmanna stjórnarinnar mun hallast að því að svifta ríkissjóð um ½ milj. kr. tekjum af tóbakseinkasölunni, má það heita frekja, að ætlast til þess, að Alþingi samþykki þennan almenna skatt um leið og stjórnin sýnir þá ljettúð að fleygja frá landssjóði gróða af tóbakseinkasölunni, til hagnaðar fáeinum mönnum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. þm. kvartar undan því, að það vanti öll rök fyrir því, að gjaldinu verði haldið áfram. Svo var á honum að skilja, sem lággengi mundi ljetta af fyrir árslok 1926, þar sem hann talar fyrir því, að viðaukinn falli þá úr gildi. Þessi lagasetning var af hálfu fyrverandi stjórnar borin fram í þessu formi, sem gengisviðauki vegna lággengis á ísl. krónu. En það er margsagt í hv. Nd. og viðurkent af öllum, að raunverulega ástæðan til þess, að lögin voru fram borin, var sú, að ríkissjóður hafði ekki nægar tekjur til þess að standast útgjöldin. Tekjuhallinn var hátt á 3. milj. kr. Óþarfi þykir mjer það vera hjá hv. 5. landsk. þm. að láta eins og hann viti ekki um þessar raunverulegu ástæður. Það bar nauðsyn til að víkja út af þeirri tekjuhallabraut, sem ríkissjóður var kominn inn á.

Hv. Nd. fjellst á uppástungu stjórnarinnar um að binda heimildina ekki við tiltekið gengi sterlingspundsins. Jeg gæti skilið mótstöðuna gegn því að láta gjaldið halda áfram, ef álitið væri, að ríkissjóður mætti missa þetta fje. En hann má ekki missa það, og þykir mjer í því sambandi rjett að taka fram, sem jeg hefi áður sagt í hv. Nd., að þótt tekju-

afgangur yrði 1924, er mjög hæpið að treysta á það, að tekjuafgangur haldi áfram. Tekjuafgangurinn 1924 byggist á tvennu, sem hvorttveggja var fyrir hendi þá, en hreint ekki er víst, að verði fyrir hendi í framtíðinni. Annað er það, að allar verklegar framkvæmdir af hálfu þess opinbera voru skornar niður. Ef nú á að fara að sinna þeim, má búast við skarði í þennan 1½ milj. kr. tekjuafgang, sem varð í fyrra. Einnig byggist allur tekjuafgangurinn á því, að árferði var svo gott, að sömu tekjustofnar gáfu 1½ milj. meira 1924 en 1923. Ef árferði hefði ekki verið betra en 1923, mundi ríkissjóður ekki hafa gert meira en rjett slampast tekjuhallalaust yfir árið. Þetta vil jeg biðja hv. 5. landsk. þm. vel að athuga.

Hv. 5. landsk. bauð upp á hrossakaup. Það er ofureðlilegt, að jafnverslunarfróður maður og hann er noti tækifærið til þess, þegar það gefst. Hann sagði sem sje, að ef við vildum sjá um, að frv. um afnám tóbakseinkasölunnar yrði felt, skyldi hann vera góður við stjórnina og samþykkja framlengingu gengisviðaukans. En jeg vil leyfa mjer að segja honum, að jeg er enginn verslunarmaður hjer á Alþingi og vil engin kaup við hann eiga hjer.

Háttv. 5. landsk. fór með ósannandi, er hann sagði, að farið væri fram á að svifta ríkissjóð ½ milj. króna tekjum. Eftir því sem frv. um afnám tóbakseinkasölu er borið fram í Nd., er ekki rjett, að það fari fram á að svifta ríkissjóð ½ milj. króna tekjum. Því í 1. gr. þess er farið fram á að hækka toll á tóbaki og í síðustu grein er farið fram á að afnema einkasöluna. Nú virðist hv. 5. landsk. gera ráð fyrir því, að 1. gr., tollhækkunin, verði feld, en sú síðasta látin standa. Þetta sverðshögg á hv. 5. landsk. eftir að fremja áður en ummæli hans geta komist í nánd við sannleikann, og býst jeg ekki við, að hann sje maður til þess.

Að öðru leyti en því, sem jeg hefi nú sagt, ætla jeg ekki að ræða frumvörp, sem ekki liggja fyrir þessari hv. deild nú, og læt því nægja að svara háttv. 5. landsk. þessu, og vona ennfremur, að hann gefi ekki frekara tilefni til þess, að ræða þurfi önnur mál nú en þau, sem á dagskrá eru.

Jónas Jónsson: Það er ekki eins einfalt og hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt fram, að losna við þessar nokkur hundruð þúsund króna tekjur, sem hæstv. stjórn krafðist með harðri hendi í neðri deild. Hæstv. ráðherra verður að skilja það, að tilgangur minn með umræðum á þessu stigi málsins miðast eingöngu við það að skýra aðstöðu mína til þess nú þegar, svo ekki verði hægt að segja við 2. umræðu þess, að strax hafi verið goldið jákvæði við því með þögninni.

Það var eitt í ræðu hæstv. ráðherra, sem jeg álít hann meiri mann fyrir, því að þar kvað við alt annan tón en hjá sumum öðrum stjettarbræðrum hans. Hann viðurkendi nefnilega, að það hefði ekki verið neinn kóngakraftur, sem breytt hefði fjármálaástandi landsins. Það var árferðið og þorskurinn síðastliðið ár, en ekki stjórnin, eins og Morgunblaðið og hæstv. forsrh. hafa viljað telja þjóðinni trú um.

En þegar hann kom að gengisviðaukanum, var rjettlætistilfinningin farin að dofna. Hann vildi halda því fram, að gengisviðaukinn væri ekkert viðkomandi lággenginu, en frv. bygðist á lággengi. Og þess er ekki langt að minnast, að í fyrra var lögleiddur gulltollur í Noregi, einmitt með tilliti til lággengis norsku krón-

unnar, og engum í Noregi dettur í hug, að þessi tollur verði látinn standa, ef krónan hækkar. Hið sama á sjer stað hjer. Almenningi dettur ekki í hug, að þessi gengisviðauki verði látinn standa, ef krónan hækkar. En ef hæstv. ráðherra og fylgifiskar hans geta komið því til leiðar, að hann verði látinn haldast, ætti að breyta um nafn á honum og kalla hann tollhækkun. Það er rjetta nafnið. Jeg get vitanlega ekkert sagt um, hvað gengi krónunnar verður í árslok 1926, en jeg vil halda því fram, að þessi lög þurfi að endurskoða fyrir þann tíma.

Þá leyfði hæstv. fjrh. (JÞ) sjer að tala um verslun hjer í deildinni. Jeg þakka honum þau „kompliment", sem hann gaf mjer, þó jeg búist samt við, að hann í hjarta sínu hafi ekki meint, að jeg væri honum fremri í verslunarþekkingu. Því jeg býst við, að öll hans sement- og járnverslun hafi aflað honum mikillar æfingar, að minsta kosti í álagsreikningi. Og jeg vildi óska, að hún hefði aflað honum svo mikillar þekkingar, að ef hann eftir næstu kosningar skyldi láta sjer detta í hug að mynda stjórn, þá gæti hann að minsta kosti keypt sjer eitt atkvæði, ef svo ólíklega vildi til, að hann vantaði það. Já, verslunin er svo rík í huga hæstv. ráðherra, að hún er honum alt. Hann sjer ekkert annað. Hann skilur ekkert annað. Á honum sannast því málsháttur inn: „Alt er safi hjá selveiði".

Það hefir nú sýnt sig, að stefna hæstv. stjórnar er að koma sem flestum beinum nefsköttum á þjóðina. Má þar til nefna berklavarnagjaldið, sóknargjöldin o. fl. Jafnframt á að halda dauðahaldi í gengisviðaukann og verðtollinn, samhliða því, að stjórnin vill svifta ríkissjóð mörg hundruð þúsund króna tekjum með breytingu á tekjuskattslögunum og með því að drepa tóbakseinkasöluna.

Jeg verð að leiðrjetta dálítinn misskilning, sem ennþá loðir í höfði hæstv. fjrh., þrátt fyrir 4 daga umræðu um málið í neðri deild. Það má vel líta svo á eftir reikningi einkasölunnar síðastl. ár, að tap landssjóðs verði 450 þús. Og tapið getur vel orðið meira. Og tollurinn, sem talað er um að leggja á tóbakið í viðbót, verður aðeins aukaskattur á landsmenn. Þetta er ofurskiljanlegt. Allir skilja það, nema máske hæstvirt stjórn. Það stendur því óhrakið, sem haldið var fram í Nd. um daginn, að hjer væri verið að kasta frá sjer tekjustofni, sem vel getur gefið ½ milj. króna. Hæstv. ráðherra ætti að skilja, að við Framsóknarmenn getum ekki verið með, þegar verið er að leika slíkt ljettúðarspil með fjárhag landsins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. (JJ) mintist á gulltollinn í Noregi og vildi bera hann saman við gengisviðaukann hjer. En þetta er ekki sambærilegt, því að gulltollurinn breytist eftir því, sem gengi krónunnar breytist. Hann er því altaf samsvarandi, eftir því sem krónan hækkar eða lækkar. Ef svo hefði verið hjer, hefði jeg ekki farið fram á að fá þá breytingu á lögunum um gengisviðauka, sem hjer liggur fyrir. En hann er ekki sama eðlis og gulltollurinn, því að hann er ekki hreyfanlegur.

Jeg lýsti því yfir á síðasta þingi, að jeg væri fús að taka upp gulltoll, sem væri bundinn við gengið. En það hafði ekki fylgi þá. Þetta má segja, að sje aukaatriði. En hitt er aðalatriðið, að þörf ríkissjóðs er ekki bundin við gengið nema að örlitlu leyti, heldur er hún bundin

við útgjaldakröfurnar og þær kröfur, sem þingmenn gera til fjárframlaga. Annars get jeg vel fallist á að kalla þetta tollauka, í stað gengisviðauka.

Þá verð jeg að gefa háttv. 5. landsk. (JJ) viðurkenningu fyrir því hóli, sem hann setti á mig, af því að jeg hefði ekki verið að hæla mjer fyrir hið góða árferði, en það hefðu aðrir samverkamenn mínir gert. *(JJ:* Morgunblaðið hefir gert það). Nei, Morgunblaðið hefir ekki gert það, og enginn okkar hefir gert það. Hjer skjöplast því háttv. þm. algerlega, eins og svo oft áður, og á eflaust eftir að gera oft ennþá.. Jeg hefi aldrei lagt það í vana minn að hæla mjer sjálfur, en miklu oftar fundið ástæðu til að bera af mjer oflof. Háttv. þm. þarf því ekki að halda, að jeg falli fyrir þeirri freistingu, sem hann hefir svo oft rasað um, að hæla mjer sjálfur af því að mjer finnist aðrir gera of lítið að því.

Þá fór háttv. þm. að skera tóbak, sem kallað er. En það var óþarfi af honum að fara að gera það hjer nú, því að besta útlit er fyrir, að hann fái að gera það á þinglegan hátt síðar.

Ósannindi verða aldrei neitt merkilegri, þó að þau sjeu margendurtekin. Í síðari ræðu sinni stje hv. 5. landsk. þó ofurlítið spor í áttina til sannleikans, þar sem hann færði tekjumissinn úr ½ milj. niður í 450 þús. kr. Ef hann heldur áfram ræður um þetta mál, þegar það kemur til umr. hjer í deildinni, og stígur jafnstórt spor í áttina til sannleikans í hverri, þá endar hann í miðjum sannleikanum. Þetta gæti hann með því að tala tvisvar við hverja umræðu, og fá svo leyfi til að gera stutta athugasemd. Þá eru sporin orðin 9, því að umræðurnar eru þrjár. Jeg vil nú ráða háttv. þingmanni til að gera þetta, því jeg er ekki viss um. að hann geri annað, sem betra er eða hollara fyrir sálu hans.

Út í umræður um önnur mál, sem hv. þm. hefir verið að draga inn í þessar umræður, ætla jeg ekki að fara, því jeg býst við, að síðar verði tækifæri til þess.

Út af járnbrautarmálinu, sem hann var að minna mig á, vil jeg taka það fram, að það er eitt af því skoplega, sem tilveran leggur á leiðir manns, að jeg skuli ekki hafa getað lagt því máli liðsinni síðan jeg komst í þessa stöðu. En það er nú svona fyrir bóndanum, ef kýrin hans dettur ofan í pytt, þá verður hann að draga hana upp úr áður en hann fer að mjólka hana. Eins er því farið um stjórnina; henni hefir orðið það fyrst fyrir að reyna að draga ríkissjóð upp úr þeim heljarpytti, sem stjórn hv. þm. var búin að steypa honum á kaf í.

Jónas Jónsson: Jeg get ekki sagt, að jeg gleðjist yfir því, að hæstv. fjrh. (JÞ) skuli nú hafa kastað frá sjer því eina raunverulega áhugamáli, sem hann hefir átt. En hann gerði það á svo átakanlegan hátt, að hann var alveg brjóstumkennanlegur, er hann lýsti því yfir, að hann hefði orðið að vinna það til upphefðarinnar að kasta sínum hugsjónum. Út af þessu vil jeg minna hann á ummæli Herriots forsætisráðherra Frakka, að það væru miklir stjórnmálamenn, sem framkvæmdu það þegar þeir væru komnir í meiri hluta, sem þeir hefðu haldið fram meðan þeir voru í minni hluta. Um slíkt er ekki að ræða hjá þessum hæstv. ráðherra, heldur hið öfuga. Hann hefir fyrrum látist vilja gera mikla samgöngubót hjer á Suðurlandi, leggja járnbraut austur. Nú þegir hann um það. Verður líklega að vinna það til skinvaldanna að eta ofan í sig hugsjónir yngri áranna.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er ekki vert fyrir hv. 5. landsk. (JJ) að vera að spá neinu um það, hverjir verði við stjórn, þegar járnbrautarmálið verður framkvæmt. Og jeg verð að segja það, að honum hefir oft farist fimlegar í því að umhverfa sannleikanum en nú, þegar hann vill gera það eymdarástand, sem hans eigin stjórn hefir leitt yfir ríkissjóðinn, að hugsjónarflótta hjá mjer. Þetta kemur hvað öðru harla lítið við. Jeg get geymt mínar hugsjónir og síðar lagt mitt lið til að koma þeim í framkvæmd, þegar þær eru framkvæmanlegar. Það getur verið, að hv. 5. landsk. (JJ) hafi áldrei orðið að bíða tækifæris til þess að koma hugsjónum sínum í framkvæmd, en það er þá eingöngu af því, að hann hefir aldrei átt neinar hugsjónir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., föstudaginn 13. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 114, n. 160, 170).

Jóhann Jósefsson: Það varð að samkomulagi í fjhn., þegar þetta mál lá þar fyrir til meðferðar, með því að nefndarmenn greindi á um það, hve lengi þessi umrædda tollhækkun ætti að standa, að fallast á frv. eins og það kom frá hv. Nd. En síðan hefir komið brtt. frá hæstv. fjrh. (JÞ), á þskj. 170, þess efnis að framlengja gildi laganna enn um eitt ár, eða til ársloka 1927. Nefndin hefir ekki getað haft í heild sinni sjerstakan fund um brtt. þessa. En jeg vil þó láta þess getið fyrir hönd mína og hv. 2. þm. G.-K. (BK), að við getum eftir atvikum fallist á hana.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Háttv. þm. Vestm. (JJós) hefir tekið af mjer ómakið að skýra frá meðferð málsins í fjhn. Þó er rjett að geta þess, að þegar nefndin hafði málið til meðferðar, þá var form. nefndarinnar, hv. 1. landsk. (SE), veikur og gat ekki átt þátt í afgreiðslu málsins. En jeg hefi skilið hann svo síðan, að hann væri samþykkur till. nefndarinnar um málið. En auðvitað hefir hann óbundið atkvæði. En viðvíkjandi ágreiningi í nefndinni, sem hv. þm. Vestm. (JJós) drap á, vil jeg segja fáein orð.

Eins og kunnugt er, þá er frv. þetta stjfrv. og er nú hingað komið gegnum hv. Nd. Sú hv. deild gerði þá breytingu á frv. frá því, sem stjórnin fór fram á upphaflega, að heimildin um að innheimta tolla og gjöld með 25% gengisviðauka skyldi standa til ársloka 1926 aðeins, í stað þess að stjórnin ljet það vera ótakmarkað. — Nú bæði vegna þess, að fjhn. áleit það ekki miklu varða, hvort takmörkunin um gildi laganna væri einu ári rýmri eða ekki, en breyting á því hlyti hinsvegar að leiða það af sjer, að frv. yrði að fara aftur til hv. Nd., þá varð það að samkomulagi í nefndinni, þótt menn væru ekki alveg sammála um breytingu hv. Nd., að leggja það til, að þessi hv. deild samþykti frv. óbreytt. Þess vegna kom mjer það dálítið undarlega fyrir, er einn nefndarmanna, hv. þm. Vestm. (JJós), tjáir sig fúsan að ganga frá þessu samkomulagi, því það er áreiðanlegt, að ef nokkur hluti nefndarinnar vill nú hækka takmarkið og falla frá till nál., þá mun hinn hlutinn ekki telja sig bundinn við nál. Því það er víst, að nokkur hluti nefndarinnar vildi láta takmark-

ið ná styttra. Jeg held því, eins og málið liggur nú fyrir, að það sje eðlilegast, að fjhn. verði samkvæm sjálfri sjer og haldi fast við till. sínar. Mun jeg ekki hvika frá þeim nema að gefnu tilefni. En gefist tilefni, þá er eins líklegt, að önnur brtt. komi frá nokkrum hluta fjhn., til hverra bóta sem það þykir horfa þeim, sem að hinni brtt. standa. Jeg tel því sem sagt rjett, að fjhn. haldi fast við till. sína. Eins og nál. gefur í skyn, þá er nefndin ekki sammála, en úr því samkomulag náðist, þá vil jeg óska, að það geti haldist.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eins og hv. þdm. muna, þá var farið fram á það í frv. stjórnarinnar, að þessi 25% tollhækkun skyldi standa um ótiltekinn tíma, eða þangað til tolllöggjöfinni yrði breytt af Alþingi. Jeg álít, að þegar um er að ræða jafnþýðingarmikið mál og tolllög, þá sje það rjett og eðlileg regla, að þau standi óhögguð þangað til Alþingi vill breyta þeim á venjulegan hátt, með nýrri löggjöf. Þó það nú yrði ofan á í hv. Nd. að breyta þessu og setja gildi laganna tímatakmark, þá er rjett að líta á það sem einskonar framhald af því ákvæði núgildandi laga, að tollhækkunin fellur niður, ef gengi sterlingspunds er skráð á 25 kr. eða minna hjer í Reykjavík. Þetta er líka einskonar tímatakmark, sem hv. Nd vildi ekki sleppa, og niðurstaðan varð svo sú, að miða gildi laganna við árslok 1926. Jeg mundi hafa komið með brtt. um að miða við árslok 1927, þar sem svo virðist sem menn vilji hafa eitthvert tímatakmark, en það kom ekki í ljós fyr en um seinan. En ef þetta takmark er sett, árslok 1926, þá þýðir það, að það verður að endurnýja lögin á næsta þingi. Því það má sjá það nú þegar með fullri vissu, að ekki verður unt að sleppa tekjunum af lögum þessum á næsta þingi. Þetta leiðir af því aðalviðfangsefni, sem nú kallar á þennan tekjuauka, sem er greiðslu lausaskulda ríkisins. Því verður ekki nærri lokið á næsta þingi. Þar að auki má búast við, að fram komi kröfur úr ýmsum áttum um það, að byrjað verði á einhverjum verklegum framkvæmdum, þegar lokið er greiðslu lausaskuldanna. En það er vitanlegt, að engin stjórn getur lagt til, að byrjað sje á neinu slíku, ef það vofir yfir henni að eiga að missa ca. einnar milj. kr. tekjur í árslok 1926. Það er sjálfsagt gott, að stjórnin hafi aðhald um að ráðast ekki í nein stórvirki meðan stendur á greiðslu lausaskuldanna. En jeg get sagt það um núverandi stjórn, að hún er nógu vel á verði í þessu efni, og þarf ekki það keyri á sig að eiga að missa 1 milj. kr. þegar í árslok 1926. Það er fyrst í árslok 1927, að þess má vænta, að sú breyting verði orðin á hag ríkissjóðs, að komið geti til tals, að hann megi missa þennan tekjustofn. Þá eru fyrstu vonir, að lokið verði greiðslu lausaskuldanna. Það er því ekki óeðlilegt, að lögin verði endurskoðuð 1927, en það verður að gera samkvæmt brtt. minni. Það er satt að segja dálítið óviðkunnanlegt, ef þingið í mörgum málum skapar þá reglu að endurnýja löggjöfina á hverju þingi. Það er þýðingarlaust, þegar verið er að setja löggjöf um nýja tekjustofna, annað en að láta breytingar á þeim bíða þangað til ný lög eru sett, sem koma í stað hinna eldri. Nú er fyrirsjáanlegt, að ef till. hv. fjvn. verður samþykt, sú að afgreiða frv. eins og það kom frá hv. Nd., þá leiðir það til þess, að endurskoða verður frv. á næsta þingi. Þess vegna legg jeg til, að frv. verði breytt þannig, að ekki þurfi að hrófla við því fyr en á þingi 1927. Jeg held, að mjer sje óhætt að full-

yrða, að þessi brtt. muni ekki sæta mótstöðu meiri hl. í hv. Nd., því sumir hv. þm., sem þar greiddu atkv. með 1926 sem tímatakmarki, mundu fremur hafa greitt atkv. með 1927, ef till. um það hefði legið fyrir. En það fórst fyrir vegna þess, að það varð ekki fyr en við 3. umr., að brtt. við frv. var sett inn.

Sigurður Eggerz: Jeg get sagt fyrir mitt leyti, að mjer virðist ekki skifta miklu máli, hvort tímatakmarkið er sett 1926 eða 1927. En jeg heyri það, að í fjhn. hafi verið lögð áhersla á 1926, og samkomulag nefndarinnar bygt á því. Af því jeg var lasinn, var jeg ekki á fundi í nefndinni, þegar málið var afgreitt, en hinsvegar veitti jeg ekki athygli brtt. hæstv. fjrh. (JÞ) í morgun, svo að jeg gat ekki skotið á fundi í nefndinni til þess að hún yrði athuguð þar. Nú vil jeg skjóta því til hæstv. forseta (HSteins), hvort ekki megi fresta málinu nú og reyna að fá samkomulag um það í nefndinni. Mætti það verða til þess að spara miklar umræður að óþörfu. Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje ekki á móti því, að málið verði í þessu skyni tekið af dagskrá.

Forseti (HSteins): Jeg felst á till. hv. form. fjhn. (SE), og er málið hjer með tekið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., mánudaginn 16. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. A. 114, n. 160, 170).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 170 samþ. með 8:4 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 191).

Jónas Jónsson: Jeg skal láta þess getið, að jeg var ekki viðstaddur 2. umr., og vil því aðeins bæta nokkrum orðum við það, sem jeg sagði við 1. umr. Það varð að samkomulagi í nefndinni að samþykkja frv. eins og það kom frá háttv. Nd. Þó skal þess getið, að form. var veikur, og vorum við aðeins fjórir á fundi. Jeg var heldur tregur til þess að samþykkja frv., skoðaði skattinn sem neyðarúrræði, en þó varð það að samkomulagi að láta svo standa til ársloka 1926. Síðan hefir sú breyting orðið á, að tveir af nefndarmönnum hafa breytt afstöðu sinni og greitt atkv. með brtt., sem gengur í aðra átt. Mjer þykir þetta miður vegna mannanna sjálfra, að þeir skuli ekki hafa sjeð sjer fært að fylgja nál. sínu.

Viðvíkjandi málinu sjálfu er það að segja, að ef þetta á að vera varanlegur og almennur tollur, þá er nafn frv. skakt. Og þess verður að krefjast, að því verði breytt, til þess að það segi rjett til um eðli og innihald frv., hver sem næst verður fjrh., því að nú eru þær ástæður ekki fyrir hendi, sem voru orsök frv. í fyrra.

Við 1. umr. urðu nokkrar hnippingar milli mín og hæstv. fjrh., sakir þess að hann vildi ekki, að þetta frv. væri sett í flokk með öðrum tekjuaukafrv., sem fyrir liggja. Hæstv. stjórn hefir samt sem áður engar skýringar gefið á þeim mun, sem þar er á milli, og það er því

einkennilegra, að hún skuli vilja framlengja þetta, en svifta ríkissjóð samtímis stórtekjum í afnámi tóbaksverslunarinnar.

Það er alveg óþarfi af hæstv. fjrh. að tala um hrossakaup við mig nú eða endranær. Jeg er lítið fyrir þá verslun. Sú stjórn, sem kastar burt stórtekjum til þess að hjálpa vissri stjett manna, þeirri, sem best er stödd, hún má ekki kippa sjer upp við það, þó að þeir menn, sem aðeins fylgja henni að þeim málum, sem góð eru og rjettlát, sjeu tregir til þess að samþykkja nefskattinn.

Jeg verð að leiðrjetta eina rangfærslu hæstv. fjrh., sem fram kom við 1. umr. Jeg mintist á tóbaksverslunina og gat þess, að tekjur hennar hefðu numið um hálfri miljón króna. Nákvæmlega talið var gróðinn í fyrra 450 þús. kr. Hann gaf það í skyn, að jeg hefði vísvitandi rangfært þetta, og mætti þannig halda áfram að fella töluna um 50 þús., uns ekkert yrði eftir. En stjórnin græðir ekkert á að láta mikið yfir sjer í tóbaksmálinu. Þegar á það er litið, að gróði tóbaksverslunarinnar hefir farið vaxandi og að sá vöxtur er mikill, má gera ráð fyrir því, að hann verði 500 þús. kr. á næstu árum. Því að nú eru þær birgðir því sem næst uppseldar, sem fyrir hendi voru í landinu, þá er einkasalan byrjaði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. beindi orðum sínum aðallega til mín og deildi jafnframt á meðnefndarmenn sína í fjhn. Hann sá enga ástæðu til þess, að meðnefndarmenn sínir greiddu brtt. atkv., eftir að hafa skilað áliti sínu. En brtt. kom ekki fram fyr en eftir að álitinu var skilað. Hjer er því ekki að ræða um breytta afstöðu, heldur nýja afstöðu til nýs málsatriðis. Og það nær engri átt að álíta nefnd svo bundna við álit sitt, að það taki einnig til þess, er síðar kann að koma fram. Auk þess er brtt. miðlunartilraun milli tillögu nefndarinnar og þess, sem deilt var um í hv. Nd. Nefndin vildi láta takmarka tímann til ársloka 1926, en í deildinni greindi á um það, hvort nokkurt tímatakmark bæri að setja.

Mjer þótti undarlegt að heyra talað um gengisviðaukann sem nefskatt. Að vísu má líta svo á, sem tóbakstollur sje nefskattur í mjög óeiginlegum skilningi. Hann er nefskattur á þá, sem „taka í nefið". En vínfangatollur, tóbakstollur og kaffitollur eru að málvenju ekki taldir nefskattar. Annars er nefskattur það gjald, sem öllum ber að greiða jafnt eftir lögum.

Þá fór hv. þm. að vekja upp aftur ummæli sín frá 1. umr. um tilraunir til þess að rýra tekjur ríkissjóðs. En þar sagði hann ekkert annað en það, sem jeg var búinn að gagnhrekja þá, og jeg fer ekki að lengja Alþingistíðindin með því að endurtaka þá hrakningu. Jeg skal þó geta þess, að gróði ríkisins af tóbakseinkasölunni hefir aldrei verið 450 þús., ekki einu sinni veltiárið 1924. Hann var þá 350 þúsund, og þó hefir þessi stofnun sloppið við að greiða tekjuskatt. *(JJ:* En útsvarið). Jeg tel það ekki til gróða, þótt jeg ynni mjer inn tekjur til þess að standast lögboðin gjöld, og þó bent sje á varasjóðinn, er það ekki til nokkur hlutar, því þá kem jeg með skuldalið einkasölunnar, sem sýnir það ljóslega, að varasjóður er ekki nema fyrir afföllum á skuldum. Hver sem vill má trúa því, að gróðinn vaxi, þ. e. a. s. að árferði fari batnandi. Það er barnaskapur að taka eitt veltiár sem fyrirheit um annað meira. Jeg byggi ekki fjárhagsáætlanir mínar á slíku.

Um tilraunina til þess að breyta tekjuskattslögunum er það að segja, að frv. er eins komið frá flokksbræðrum hv. þm. í Nd., og hafa þeir fallist á öll þau atriði, er helst kynnu að draga úr tekjum ríkissjóðs. Hann ætti því að senna um það við þá á flokksfundi, en ekki þeyta því hjer framan í mig.

Forseti (HSteins): Áður en lengra er haldið umr. verð jeg, að gefnu tilefni, að biðja hv. þm. að halda sjer betur við það mál, sem er til umræðu, því að slíkar ræður, sem hjer hafa farið fram utan við efnið að miklu leyti, fara í bága við þingsköp, en þeim ber að fylgja.

Jóhann Jósefsson: Hv. 5. landsk. þm. sagði, að sjer þætti leitt vegna okkar tveggja, mín og hv. 2. þm. G.-K. (BK), að við hefðum gengið inn á brtt. hæstv. fjrh. um framlenging á gengisviðauka. Jeg held hann hafi sagt, að við hefðum gert það tilefnislaust. Þetta vildi jeg leiðrjetta og einnig benda honum á það, að hann verður að teljast tæpast bær um að dæma um þau tilefni, þar sem hann var fjarverandi við 2. umr. málsins, og heyrði því ekki þau rök, er færð voru fyrir nauðsyn þessarar framlengingar. Það liggur í augum uppi, að þörf ríkisins fyrir þetta fje verður ekki lokið 1926, og jeg sje ekki, hvað ætti að hamla þessari framlengingu, þegar ljós rök hafa verið leidd að því, að hennar er þörf. Jeg fæ ekki sjeð, að það hefði minstu þýðingu, því að það yrði þá að gera það á þinginu 1926. Það eina, sem ynnist, yrði það, að sú stjórn, sem á að gera fjárhagsáætlun fyrir 1927, vissi ekki, hvort hún mætti gera ráð fyrir þessum tekjuauka áfram.

Hv. þm. talaði um nefskatt. Það má að vísu kalla alla skatta nefskatta, en málvenja er það ekki um slíkan skatt, er hjer ræðir um. Hv. þm. hlýtur því að hafa átt við eitthvað annað.

Það var við nánari athugun og að gefnu tilefni, sem við fjellumst á brtt.

Það mun sýna sig, að tekjur ríkissjóðs verða minni af atvinnuvegum 1925 en árið sem leið. Verð á afurðum er lægra, svo miklu sem nemur gengismun að minsta kosti, og þá er það næsta ljóst, að ríkið hefir fulla þörf fyrir þennan tekjuauka, sem sum nærliggjandi ríki fá í miklu fyllri mæli frá sínum gjaldendum. Jeg held því, að ekki sje ástæða til fyrir hv. þm. (JJ) að láta sjer þykja þetta leitt okkar vegna, mín og hv. 2. þm. G.-K. (BK).

Jónas Jónsson: Það var rjett af hæstvirtum forseta að halda áminningarræðu yfir hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir að fara út fyrir efnið. En það kom dálítið ranglátlega niður, þar sem jeg varð að gjalda synda hans.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að hv. þm. Vestm. (JJós). Það er auðvitað alveg á hans ábyrgð og fjelaga hans, hv. 2. þm. G.-K. (BK), hvenær þeir snúast í málum og hvernig. Þeir hafa dæmin fyrir sjer, og það jafnvel meðal háttsettra manna í íhaldsliðinu, og nægir að minna á umræður í fyrra hjer í deildinni um, hvort prenta skyldi þingtíðindin. Jeg get tekið undir með hv. þm. (JJós), þar sem hann segist hafa gert þetta að gefnu tilefni. Það var svo sem auðvitað, fyrst stjórnin vildi láta líta svona á málið, að hann teldi það nægilegt tilefni, enda kom það skýrt fram hjá honum. Háttv. þingmaður (JJós) hjelt því fram, að þörf ríkissjóðs væri svo mikil, að hann gæti ekki mist þessar tekjur. En hvorki þessi háttv. þm. nje hæstv. fjrh. (JÞ) hafa svarað

því, hvers vegna á að kalla þetta gengisviðauka, ef því er haldið áfram aðeins af því, að ríkissjóður þarf á tollinum að halda. Jeg hefi bent á, að ein ástæðan til þess, að þessi álagning má ekki halda áfram undir nafninu gengisviðauki er sú, að það kom fram hjá aðstandendum frv., að þetta væri hugsað sem varanlegur tollur.

Hæstv. fjrh. (JÞ) taldi ekki rjett að nefna gengisviðaukann nefskatt. En í mæltu máli mun þó venja í öllum löndum að kalla nefskatt þau gjöld, sem hvíla svo að segja jafnt á öllum fjölskyldum, hvort sem ríkar eru eða fátækar. Það má kannske segja um kaffi- og sykurtoll, að menn sjeu sjálfráðir um þau útgjöld. En hvaða heimili hjer notar ekki kaffi t. d.? Eða á Englandi, þar sem allir drekka te, frá konungi til kotungs. Skyldi ekki mega kalla tetollinn þar nefskatt? Þar sem því er svo varið, að meginið af tolltekjum okkar, svo sem kaffi-, sykur-, tóbaks- og vörutollar eru í eðli sínu nefskattar, þá er gengisviðauki á þessum tollum líka nefskattur. Annars hefir hæstv. fjrh. fallið frá að útskýra þá nauðsyn að halda gengisviðaukanafninu óbreyttu, þó gert sje ráð fyrir, að tollurinn haldist þrátt fyrir verðbreytingu krónunnar.

Þá mintist hæstv. fjrh. á tvent, sem jeg þarf að mótmæla stuttlega. Hann sagði, að Framsóknarflokkurinn í Nd. hefði í aðalatriðum gengið inn á tekjuskattsfrv. stjórnarinnar. Það er ekki rjett. Aðalatriðið í þessu frv. er að koma togurunum undan skatti, og það eru aðeins stjórnarþingmennirnir, sem fylgja því.

Hitt var um útsvörin. Það er álit margra merkra manna, að ríkisstofnanir eigi ekki að bera útsvör. Mun hæstv. fjrh. kunnugt, að þær skoðanir ríkja víða um lönd.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. sagði, að jeg hefði fallið frá að útskýra, hvers vegna halda yrði gengisviðaukanum. Jeg geri það ekki nú, af því að jeg gerði það við 2. umr. Jeg verð að vísa þm. á að lesa ræðu mína um þetta í lestrarsalnum eða í þingtíðindunum. Jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka hana.

Af öðru vil jeg aðeins leiðrjetta, að landsverslun hefir ekki greitt útsvar eftir lögum, sem gengu í gildi í fyrra, heldur eftir lögum, sem giltu áður.

Um togarana fæ jeg tækifæri til að tala síðar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, SE, BK, EP, EÁ, GÓ, HSn, IHB,* JJós, HSteins.

nei: JJ, SJ, IP.

Frv. endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 191).

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 17. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 191, 352).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 352. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta litla frv. tók þeim breytingum í hv. Ed., að gildi laganna var lengt um eitt ár, eða til ársloka 1927, ef löggjafarvaldið breytir því þá ekki áður á venjulegan hátt. En þegar frv. fór hjeðan, var gildi þessara laga miðað við árslok 1926.

Þessi eins árs framlenging er gerð til

þess að tryggja betur, að ríkissjóður njóti þessara tekna, sem hjer er um að ræða, á meðan verið er að losa ríkissjóð úr lausaskuldum þeim, sem hlaðist hafa á hann að undanförnu. Mjer hefir virst það vera vilji þessarar hv. deildar, að ríkissjóður greiddi sem fyrst lausaskuldir þessar, og vona því, að hv. þdm. geti fallist á frv. eins og það nú kemur frá hv. Ed.

Frsm. (Klemens Jónsson): Þetta frv. er upphaflega stjfrv. og hafði fjhn. þessarar deildar það til meðferðar á öndverðu þingi. Gerði fjhn. þá breytingu á því, að tímabinda það við 1926, en í upphafi var það ótímabundið. Og út úr þessari hv. deild fór það með þessari breytingu, að gildi laganna var bundið við árslok 1926. Hv. Ed. hefir nú lengt þetta um eitt ár, eða til 1927, og hefir frv. þannig breytt legið nú til athugunar hjá fjhn. Þó að nefndin hafi ekki sent út framhaldsnál., hefir henni hinsvegar ekki fundist ástæða til að lofa því ekki fram að ganga eins og það er, og leggur meiri hl. því til, að frv. verði samþykt óbreytt, eða í því formi, sem það er nú.

Jeg skal játa, að fyrir mjer er þetta ekkert kappsmál, hvort gildi laganna sje bundið við 1926 eða 1927, enda mun það vera álit meiri hl., að engin líkindi sjeu til þess, að ríkissjóður geti verið án þessara tekna næstu tvö árin, eins mikið og hann þarf að greiða af skuldum sínum, og þess vegna viðurhlutamikið að neita um þetta nú.

Í byrjun fundarins var útbýtt brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um að færa frv. í sama horf og það var, er það fór hjeðan. Nefndin hefir ekki haft tíma til að taka ákvörðun þar um, en þar sem meiri hl. hefir komið saman um að leggja það til að samþykkja frv. óbreytt, þá leiðir þar af, að hann muni ekki fallast á brtt. á þskj. 352.

Jón Baldvinsson: Mjer virðist, þegar litið er á brtt. þær, sem komið hafa fram við þetta litla frv., að það sje skoðun hv. þm. yfirleitt, að þetta eigi ekki að verða fastur skattur, þó að stjórnin vilji svo vera láta. Þessi hv. deild gekk svo frá frv., að skattur þessi ætti ekki að gilda lengur en til ársloka 1926, vegna þess að meiri hl. þdm. gat ekki fallist á að láta lögin gilda til 1. apríl 1926. Þótti það of lítið svigrúm fyrir næsta Alþingi að athuga lögin.

Nú vona jeg, að hv. deild sje sama sinnis og áður og álíti sjálfsagt, að þetta mál verði tekið til frekari athugunar á næsta þingi.

Upphaflega var skattur þessi settur vegna verðfalls íslensku krónunnar. Og þegar sterlingspundið er komið niður í 25 krónur, sem vonandi verður ekki langt að bíða, þá er skattur þessi rangur, hvað þá ef pundið heldur áfram að falla.

Mjer finst eðlilegast að smálækka tollinn, eftir því sem sterlingspundið fellur, t. d. að næsta ár yrði hann 15% og fjelli svo alveg niður. Mjer virðist þetta rjettara, því skattur þessi er of hár, eins og nú er komið, en hinsvegar þykir mjer sennilegt, að þm. fallist ekki á, að ríkissjóður megi við að missa hann nú þegar, eða á næsta ári, að öllu leyti. Þess vegna er eðlilegast, að skatturinn fari smálækkandi.

En sje það ætlunin, að þetta eigi að verða fastur skattur, þá hefir háttv. Ed. gert sitt til þess, þar sem hún bindur gildi laganna við árslok 1927. En eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá finst mjer sjálfsagt, að næsta þing taki þetta til athugunar. Þess vegna hefi jeg nú á síð-

ustu stundu borið fram brtt. á þskj. 352, um að færa frv. aftur í sama horf og þessi hv. deild afgreiddi það. Að jeg kom ekki fyr með brtt. þessa, stafaði af því, að jeg gat engan veginn búist við, að hv. fjhn. hefði snúist svo í málinu, eins og skilja mátti á ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hv. fjhn. Ed. var og samþykk frv. eins og það kom hjeðan og rjeði til, að það yrði samþykt óbreytt. En það var hæstv. fjrh. (JÞ), sem þröngvaði hv. Ed. til þess að framlengja gildi laganna um eitt ár. Jeg segi, að hann hafi þröngvað deildinni, því að hjer hreyfði hann hinu sama, en það var ekki tekið til greina, enda var honum bent á, að það væri næsta þing, sem ákveða ætti um, hvort lögunum skyldi framlengt eða ekki. En skyldi nú næsta þing fallast á að fella skatt þennan niður, þá er hægra um vik fyrir það, ef lögin eru bundin við árslok 1926. Hitt er að festa skattinn, að binda hann með lögum til 1927. En vitanlega veit hæstv. fjrh., hvað hann er að gera, þegar hann vill hamra í gegn að framlengja lögin til ársloka 1927. Fyrir honum vakir ekkert annað en að halda tollinum út kjörtímabilið. Hann vonast eftir að halda þessum virðingarsess, er hann hefir hlotið, að minsta kosti til næstu kosninga, og vill því halda þessum tolli þangað til.

En eins og jeg hefi margtekið fram, þá tel jeg rjett og sjálfsagt, að næsta þing taki þetta mál upp og geri þær breytingar, er nauðsynlegar þykja, en skjóti því ekki á lengri frest.

Að svo mæltu orðlengi jeg ekki frekar um málið, en bæti því við, að jeg á bágt með að trúa því, að svo margir hv. þdm. hafi snúist í máli þessu, að frv. nái samþykki eins og það er nú.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er auðvitað sjálfsagt, að næsta þing getur tekið þetta mál til athugunar, þó að nú sje svo ákveðið, að lögin eigi ekki að verða sjálfdauð fyr en við árslok 1927.

En þó að næsta þing taki málið til athugunar, þá verður það naumast á þeim grundvelli, er hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill vera láta, að lækka tollauka þennan smám saman, enda tel jeg það misráðið á meðan ekki er fært að ljetta af tollum þeim, er hvíla á ýmsum aðfluttum nauðsynjavörum.

Jeg tel alveg vafalaust, að byrjað verði að lækka tolla á nauðsynjavörum, en láta þá halda áfram að hvíla óbreytta um stund á öllum óþarfavarningi eða munaðarvörum, og þá vitanlega að viðbættum gengisviðaukanum.

Mjer dettur síst í hug að neita því, að jeg hafi ekki verið þess vel vitandi, hvað jeg var að gera, er jeg bar fram brtt. mína í hv. Ed., enda hafði jeg tekið það fram hjer í þessari hv. deild. Jeg taldi ríkissjóði tryggara að fá að njóta þessara tekna á meðan þörf hans væri mest, og þeirri skoðun fær enginn mig til að breyta.

Jón Baldvinsson: Nokkuð af þeim vörum, sem gengisviðaukinn hvílir á, eru einmitt nauðsynjavörur. Þess vegna er það ekki rjett, eins og hæstv. fjrh. vildi nú gefa í skyn, að það væri eingöngu á óþarfavarningi, sem hann hvíldi. *(Fjrh. JÞ: Jeg sagði það ekki)*. Jeg hefi ekki hreyft því á þessu þingi að afnema hina föstu tolla á nauðsynjavörunum; það eru bráðabirgðatollarnir, gengisviðaukinn og verðtollurinn, sem á að byrja á og sjálfsagt er að ljetta af þjóðinni sem fyrst að einhverju leyti, eða helst með öllu. Jeg tel líka rjett að ljetta tollum af nauðsynjavörum, og ekki mun vanta mitt at-

kv. til þess, þó jeg þykist vita, að það muni bíða enn um stund að afnema gamla tolla, sem staðið hafa svo lengi, að þjóðin er farin að venjast þeim og menn hættir að taka eftir, hvað þungir þeir eru í raun og veru og órjettlátir.

En þessi bráðabirgðaskattur, gengisviðaukinn, á engan rjett á sjer. Eða á að halda honum, þótt t. d. sterlingspundið komist niður í 18 kr. og íslenska krónan komist í fullvirði móts við gull?

Að lokum vil jeg aðeins skjóta því fram, að jeg hefi ekki trú á því, að byrjað verði að leggja til að afnema vörutollinn á undan ýmsum bráðabirgðatollum. Vitanlega mun jeg ekki verða því mótfallinn, en býst alls ekki við, að svo verði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer datt aldrei í hug að segja, að þessi 25% gengisviðauki hvíldi ekki á nauðsynjavörum, en hitt sagði jeg, að jeg teldi vafalaust, að byrjað verði að ljetta tolli af nauðsynjavörum, og jeg get bætt við, að áður en þessi tollhækkun sje numin af óþarfavarningi væri líka rjett að fara lengra og ljetta bæði gengisviðaukanum og öðrum tollum af nauðsynjavörum. Enda skil jeg ekki annað en allir sjeu mjer sammála um það, að eigi að ljetta þessum tolli af munaðarvörunum, þá eigi þó nauðsynjavörurnar að ganga fyrir.

Annars virðist mjer mál þetta vera svo þrautrætt, að ástæðulaust sje að tefja lengur atkvgr. þess.

ATKVGR.

Brtt. 352 feld með 16:8 atkv.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 355).

15. Fiskifulltrúi á Spáni og Ítalíu.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að af útfluttum framleiðsluvörum vorum fer til engra landa eins mikið bæði að vöxtum og verðmæti og til Miðjarðarhafslandanna. Eftir verslunarskýrslunum fyrir árið 1921, sem er síðasta árið, sem verslunarskýrslur eru fyrir hendi um, hefir til þessara landa flust meira en helmingur allrar útfluttrar framleiðslu vorrar að verðmæti, og auk þess hefir eflaust miklu meira flust þangað af vörum vorum gegnum England og Danmörk. Þetta sýnir greinilega, að í Miðjarðarhafslöndunum höfum vjer meiri fjárhagslegra hagsmuna að gæta en víðast annarsstaðar. Reynslan hefir og sýnt hin síðustu árin, þegar enginn fastur íslenskur starfsmaður hefir verið þar syðra, að nauðsyn hefir þótt á því að senda þangað mann til þess að gæta þar hagsmuna vorra. Svo var þetta árið 1923 og einnig 1924, og mun sendiför þessi bæði árin hafa verið að tilhlutun bankanna hjer, sem töldu sjer svo nauðsynlegt að hafa mann þar, að þeir vildu borga þriðjung kostnaðar hvor þeirra, og hvorki fyrverandi nje núverandi stjórn sá sjer fært að skorast undan þessum sendiferðum. Og á síðastliðnu ári kom það fyrir tvívegis, er sendimaðurinn var búinn til heimferðar, að símað var til

hans að fyrirlagi bankanna og hann beðinn að dvelja þar lengur.

Þetta ætti að sýna nauðsynina á að hafa sendimann í þessum löndum, og kostnaðurinn af því fyrir ríkissjóð getur ekki talist sjerlega mikill, þar sem gert er ráð fyrir, að bankarnir borgi ⅔ kostnaðarins.

Jeg vona því, að hv. deild taki máli þessu vel, enda er áreiðanlega affarasælast fyrir alla, að þessu sje skipað með lögum, þegar af þeirri ástæðu, að hæpið er, að hægt sje að fá hæfan mann í sendiferð þessa, nema hann viti, að hann megi reiða sig á, að förin sje til meira en bráðabirgða einna.

Að lokinni þessari umr. legg jeg til, að þessu máli verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 107 og 110).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það gladdi mig, eins og eflaust fleiri sjávarútvegsmenn, er það vitnaðist, að stjórnin ætlaði að leggja frv. um fulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum fyrir þetta þing. Þeir, sem sannfærðir eru um, að erindrekstur í Miðjarðarhafslöndunum sje nauðsynlegur fyrir okkar land og hafa sannfærst enn betur um nytsemi þessa starfs eins og það hefir verið framkvæmt hingað til, munu sannarlega verða ánægðir yfir því að sjá nú þessu máli komið á fastan grundvöll; a. m. k. er þetta skoðun meiri hl. sjútvn. Það er að því er svona starf snertir mikill munur á því, hvort farið er suður í lönd endrum og eins eða að sendimaðurinn er látinn hafa þar fastan bústað.

Aðstaða búsetta mannsins verður alt önnur en ferðamannsins til að fylgjast með gangi þeirra mála, er okkur varðar suður þar.

Nú er gengið út frá því, að við höfum aðeins einn fulltrúa þar syðra fyrst um sinn, og jeg býst við því, að mörg ár muni líða áður en þeim verði fjölgað. Enda má gera ráð fyrir, að þegar þarna er maður, sem er búsettur í landinu og getur gefið sig allan og óskiftan við þessum starfa, að hann geti leyst hann svo af hendi, að nægilegt sje nú í bili, og máske hin næstu ár. Vonandi er, að stjórnin verði svo heppin í vali á manni til þessa starfs, að það sýni sig í framtíðinni, að það hafi orðið til verulegra hagsbóta okkar landi að hafa fulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum. Annars er óþarft að fjölyrða um þessa skoðun mína og meiri hl. nefndarinnar, því jeg tók þetta skýrt fram í umr. um fjárlagafrv. hjer í þessari hv. deild á þinginu í fyrra. Það er aðallega þetta, sem meiri hl. nefndarinnar leggur mesta áherslu á, og sem alt ríður á, bæði í þessu starfi og öðru, að vel verði vandað til manns í þessa stöðu, ef frv. verður samþ. Jeg mintist einnig á það í fyrra í umr. um þetta hjer í deildinni, að almenningi hjer á landi væri ekki eins kunnugt um starfsemi erindreka vors suður þar eins og vænta mætti og álíta yrði nauðsynlegt. Jeg veit ekki, hvort það sje beinlínis nauðsynlegt að taka það fram hjer, en jeg hefi heyrt því haldið fram, lítt rökstuddu þó, að of mikið kynni að verða bygt á þessum skýrslum, sem búast megi við frá erindrekanum. Jeg held það verði þó, er til lengdar lætur, heppilegast öll-

um almenningi hjer á landi að fá sem gleggstar skýrslur þar sunnan að. Jeg hygg það verði betra fyrir almenning en að ganga þess máske algerlega dulinn, hvernig viðhorfið er þar suður frá, hvort það er gott eða ilt okkar viðskiftum og atvinnurekstri. Jeg hefi heyrt því haldið fram, að þessar skýrslur (um markaðshorfur og fleira) frá erindreka vorum kynnu, ef þær yrðu birtar jafnóðum, að hafa þau áhrif, að menn gerðu ráðstafanir, bygðar á augnablikshvötum, miður heppilegar fyrir markaðinn, t. d. keptust of mjög við að bjóða út fisk á óhentugum tíma og feldu hann meira í verði en nauðsynlegt væri. Eða á hinn bóginn færu eftir frjettum um stígandi verð og hjeldu í vöru sína sjer til skaða. Það kann að vera, að eitthvað sje hæft í þessu, en á hinn bóginn hygg jeg það að öllu leyti best almenningi að vita að staðaldri sem mest og nákvæmlegast um alt, sem viðkemur viðskiftum vorum við Suðurlönd, og ekki síst þegar þessi erindrekstur er kostaður af almannafje að mestu leyti. Þá á árangurinn af starfi þessa erindreka vors að vera sem aðgengilegastur til afnota almenningi, sem njóta á góðs af störfum hans. Að vísu veit jeg ekki betur en þær upplýsingar, sem komið hafa frá erindreka vorum þar suður, hafi hingað til verið notaðar af þeim, sem til náðu, en til almennings yfir höfuð hafa þær ekki getað náð með því fyrirkomulagi, sem verið hefir. Sjútvn. gat ekki orðið sammála um þetta frv., en þó held jeg, að ekki sje eins mikill skoðanamunur og ætla mætti, er nefndin hefir klofnað. Háttv. minni hl. kannast vel við og hefir fallist á, að það hafi mikla þýðingu fyrir okkar land að hafa erindreka þar suður frá við og við, og að það hafi haft góðan árangur. Hið eina, sem á milli ber, þegar á alt er litið, er það, að háttv. minni hl. vill ekki gera þetta að fastri stöðu. En jeg held því fram, að það hljóti að vera rökrjett afleiðing af viðurkenning þess, að góður árangur hafi þegar orðið af starfi erindrekans, að árangurinn verði framvegis ennþá betri, þegar hann er orðinn búsettur þar suður frá og hefir ekki annað um að hugsa, en má gefa sig allan við þessum starfa. Og þetta á ekki síst við, þegar þau lönd eiga í hlut eins og Spánn og Ítalía, sem eru svo nauðaólík okkar landi að öllu leyti. Staðhættir allir, siðir og venjur eru þar allir aðrir en hjer. Þegar þetta er athugað, munu að minsta kosti þeir, sem til þekkja í okkur nálægari löndum, þar sem þær þjóðir búa, sem oss eru skyldari, kannast við, að þess muni síst vanþörf, að erindrekinn sje búsettur þar suður frá, þar sem um fjarlægari lönd og ólíkari þjóðir er að ræða. Meira að segja, við þurfum í framtíðinni að ala upp menn og menta til að hafa þennan starfa á höndum. Þetta er ennþá á byrjunarskeiði hjá okkur; við eigum enga hæfa menn, sem uppaldir eru við eða mentaðir til að reka erindi síns lands erlendis, eins og þetta frv. ætlast til að verði gert. Hæstv. stjórn verður því að sjá fyrir því, að einn eða tveir ungir menn eigi kost á að búa sig undir slíkt starf. Þetta mætti best verða á þann hátt, þegar íslenskur erindreki er orðinn búsettur á Spáni, að ungur og efnilegur íslenskur maður væri settur honum til aðstoðar, með það fyrir augum að kynnast þjóðinni, tungu hennar, siðum og landsháttum, og ætti þá þessi maður síðar að hafa góða aðstöðu til þess að verða sjálfur erindreki fyrir land sitt, ef þörf væri á. Jeg bendi á þetta í þessu sambandi vegna þess, að það er vitanlegt, að nú eru aðeins sárafáir menn til, sem gætu

komið til greina að verða skipaðir í slíkar stöður, sem hjer um ræðir. Það hefir heyrst ýmislegt í þá átt, að erindreki okkar, sem verið hefir þar syðra, hafi átt við ýmsa örðugleika að stríða í sínu starfi og aðstaða hans öll verið erfiðari en átti að vera, vegna þess að stjórn Íslands hafi ekki búið hann út með þau gögn, sem hann hefði þurft að hafa í höndum sem sendimaður landsins, til þess að geta notið sín til fulls í starfinu. Það er því ósk meiri hl. nefndarinnar, sem treystir núverandi stjórn fyllilega til þess, ef það verður ofan á, að búsettur erindreki skuli skipaður í Miðjarðarhafslöndunum, að þá muni stjórnin leitast við eftir megni að kosta kapps um, að hann hafi þau gögn í höndum, sem nauðsynleg verður að telja til að bæta aðstöðu hans. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að það er mjög nauðsynlegt, að maður, sem er fulltrúi Íslands á Spáni og Ítalíu, hafi þau skilríki, sem tekið verði mark á þar suður, bæði af hinum æðri stjórnarvöldum og öðrum, sem hann þarf að eiga skifti við. Meiri hl. nefndarinnar lætur þess getið í nál., að hann óski þess, að fulltrúinn geti komið fram sem opinber sendimaður hins íslenska ríkis. Þetta er gert í því skyni, að það geti haft praktiska þýðingu, og við leggjum því áherslu á, að stjórnin komi því svo fyrir, að ef um örðugleika er að ræða á þessu sviði, þá geri hún sitt til að ryðja þeim örðugleikum úr vegi.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Sú hugsjón hefir vakað fyrir oss öllum, þótt vjer sjeum „fáir, fátækir og smáir", að vernda vort unga sjálfstæði eftir mætti, og það ekki aðeins í orði eða með ytri merkjum, eins og t. d. sendiherrastöðu, heldur að standa sem þjettast saman gagnvart óskyldum, erlendum þjóðum, svo að þær hlutist ekki til um innanlandslöggjöf vora eða setji oss stólinn fyrir dyrnar á einn eða annan hátt. Þetta er þó einmitt það, sem Spánverjar hafa gert í viðskiftum sínum við oss. Minni hl. nefndarinnar hefir því fyrst og fremst lagt áherslu á það í þessu máli, að aðalstarf þessa fyrirhugaða erindreka sje í því fólgið að afla oss nýs fiskmarkaðar utan Spánar. Meiri hl. lítur öðrum augum á þetta. Hann leggur fyrst og fremst áherslu á stöðuna sjálfa, vill gera erindrekann að hálfgildings sendiherra og bendir á, að stofna þurfi þetta embætti þannig, að sá maður, sem gegnir því, beri það með sjer, að hann sje umboðsmaður íslensku stjórnarinnar, og sje svo stimplaður af henni, að hann eigi greiðan aðgang að spönskum stjórnarvöldum og geti mjög nálgast sendiherra annara ríkja.

Munurinn er sá — og hann er mikill — að minni hl. leggur aðaláherslu á starfið, en meiri hl. á stöðuna. Og í þessu sambandi vildi jeg leyfa mjer að minna þá hv. þm., sem hjer áttu sæti, þegar Spánarsamningurinn var samþyktur, á, að þá gáfu þeir yfirlýsingu um það, að þeir gengju nauðugir að þeim kjörum, er þar voru ákveðin, og vildu gera alt sitt til að koma í veg fyrir, að slíkt ástand hjeldist til lengdar. Meiri hluti þjóðarinnar stóð á öndinni meðan á samningunum stóð. Þetta virðist líka hafa verið háttv. þm. ljóst, er þeir gáfu þessa yfirlýsingu. Jeg efast ekki um, að þeim hafi verið alvara, og sje enn, að stuðla á allan hátt að því að bæta úr þeim hnekki, sem sjálfstæði vort óneitanlega beið við samning þennan.

Ef þessi er vilji þm., sem jeg efast ekki um, þá verður fyrst og fremst að forðast að gera nokkuð það, sem torveldi

þessa leið. Er hv. þm. gáfu út yfirlýsinguna, hugsuðu þeir sjer — og með rjettu — að eina leiðin úr ógöngunum væri sú, að vinna íslenskum fiski markað utan Spánar. Og jeg trúi því, að sú leið sje fær, enda þótt það muni ef til vill taka langan tíma að finna hana. Starfsemi fiskifulltrúans á aðallega og fyrst og fremst að beinast að því að finna þessa leið. Tilætlunin hefir líka ávalt verið sú, uns sú till. kemur fram á þessu þingi að gera hann að föstum embættismanni á Spáni, og þannig beinlínis að torvelda að draga fiskmarkaðinn úr höndum Spánverja, enda er margt í nál. hv. meiri hl., sem bendir til, að svo myndi fara. Þetta er líka fullkomlega eðlilegt, þar sem augljóst er, að þessi maður myndi verða fyrir áhrifum frá Spánverjum við umgengni sína við þá og dvöl þar í landi. Þetta er einmitt það, sem jeg vil forðast. Jeg vil, að alt starf fulltrúans sje í vora þágu unnið og beinist fyrst og fremst að því að losa oss undan helsi Spánverja.

Jeg býst við, að þegar hv. deild athugar þessi ummæli mín, þá muni menn sjá, að það er ekki svo lítið, sem á milli ber. Ef svo verður ákveðið, að skipaður verði fastur embættismaður á Spáni, tel jeg oss hafa hvikað frá þeirri hugsjón, sem fólst í yfirlýsingu þingmanna 1922 og vakti og vakir enn fyrir öllum þorra þjóðarinnar. Því hefir minni hl. nefndarinnar lagt til, að stofnun þessa embættis verði frestað, en fiskifulltrúastarfið verði með svipuðu fyrirkomulagi og undanfarið. Jeg mun á engan hátt telja eftir það fje, sem varið er til að bæta fiskmarkað vorn, en jeg er sannfærður um, að hægt er að nota þessar 30 þús. kr., sem áætlað er, að embættið kosti árlega, á miklu hagkvæmari hátt en að stofna þetta fasta embætti á Spáni.

Jeg vona nú, að hv. deild skilji, hvað vakir fyrir minni hl. í þessu máli. Það er ekki fjárhagsatriðið, er hann telur mestu skifta, heldur hitt, að hann álítur, að með stofnun slíks embættis sje verið að hvika frá þeirri stefnu, er bæði þjóð og þing hafa heitið fylgi sínu.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara ítarlega út í ræðu hv. frsm. meiri hl. (JJós). Við erum sammála um sum atriði, enda þótt munurinn á skoðunum okkar á þessu máli sje sá, sem jeg hefi þegar tekið fram. Hann segir, að mikil þörf sje að koma málum þessum á fastan grundvöll. Jeg er honum alveg sammála um það, og því vil jeg ekki, að sá grundvöllur sje rangur. Hann sagði líka, að ekki væri nema um einn fiskifulltrúa að ræða. Jeg er þar á sama máli, og því vil jeg ekki, að þessi eini sje búsettur á Spáni. Að endingu gat hv. frsm. (JJós) þess, að við þyrftum að ala upp menn í þessa stöðu. Hann taldi og, að fáir hjer myndu kunna málið nægilega til slíks starfs. Jeg er nú ekki kunnugur þessum málum, en jeg þekki þó a. m. k. 2 menn hjer í Reykjavík, er vel gætu tekið að sjer starfið hvað tungumálakunnáttuna snertir, og einn á Austfjörðum. Við erum því ekki svo illa staddir í því efni. Hann gaf í skyn, að þetta embætti ætti að vera einskonar skóli fyrir tilkomandi fiskifulltrúa vora. Jeg er alveg mótfallinn þessu, af sömu ástæðum og jeg hefi áður tekið fram, að jeg vil ekki, að fulltrúinn sje búsettur á Spáni; og því síður vil jeg, að við ölum okkar fiskifulltrúaefni upp þar, því að jeg tel, að fulltrúinn eigi að gæta íslenskra hagsmuna, en ekki spanskra. Þessi ágreinings-

atriði dýpka ekki alllítið djúpið milli nefndarhlutanna.

Hitt er satt, að samvinna hefir verið góð í nefndinni, og get jeg verið meiri hl. þakklátur fyrir samvinnuþýðleik hans.

Jeg lýk nú máli mínu að sinni með þeirri ósk, að hv. deild taki til athugunar ástæður þær, sem jeg hefi borið fram gegn frv. þessu, og sjái, að enn er ekki tími til kominn að afgreiða málið á þennan hátt. Jeg þykist hafa skýrt málið frá mínu sjónarmiði eins og atvik lágu til, og get jeg því látið hjer staðar numið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get verið þakklátur hv. meiri hl. fyrir afskifti hans af málinu og hefi ekkert við hans niðurstöðu að athuga. En jeg vildi taka fram til skýringar, að hjer er alls ekki um „diplomatiskt" embætti að ræða. Það sjest líka þegar á því, af hverjum fulltrúinn er launaður. Auðvitað verður alt gert, sem hægt er, til að veita honum sem besta aðstöðu til að koma fram sem sendimaður Íslands.

Út af ummælum hv. frsm. meiri hl. (JJós) um birtingu skýrslna skal jeg geta þess, að auðvitað er sjálfsagt, að þeir, sem hlut eiga að máli, hafi jafnan aðgang að skýrslunum, enda mun svo hafa verið hingað til. Hinsvegar getur oft staðið svo á, að ekki sje heppilegt, að allur almenningur fái að vita alt, sem í skýrslum sendimannsins stendur.

Jeg var dálítið hissa á ræðu hv. frsm. minni hl. (IP), einkum er jeg ber hana saman við nál. minni hl. Hann viðurkendi, að Gunnar Egilson hefði gert gagn með erindrekstri sínum þar syðra, en vill þó leggja embættið niður. *(IP:* Jú, jeg vil hafa hann áfram). Já, á hlaupum, 2—3 mánuði á ári. Sje litið á fjárhagshlið þessa máls, kemur það á daginn, að þessar stuttu ferðir hleypa kostnaði ríkissjóðs mikið fram, svo að munurinn á kostnaði við þær og föstum árslaunum mun ekki vera mjög mikill. Fargjöld eru há og dvöl á gistihúsum dýr. Auk þess munu það vera fáir, sem gefa kost á sjer til slíkra hlaupastarfa. Jeg tel mjög ómaklegt í garð hv. meiri hl. að segja, að hann leggi mesta áherslu á stöðuna, en minni áherslu á starfið. Mjer finst hann líta engu síður á það en hv. minni hl.

Hv. minni hl. blandar inn í þetta mál Spánarsamningunum, sem er alveg ástæðulaust. Það er ekki með þessu frv. verið að taka neina afstöðu til þeirra. En oss er skylt að halda við markaði vorum á Spáni eins lengi og unt er, því þrátt fyrir þó markaður aukist annarsstaðar fyrir fiskinn, þá mun langur tími líða þangað til við getum verið án markaðsins á Spáni. Þannig opnaðist á síðastliðnu ári góður markaður á Ítalíu, en fiskiframleiðslan vex líka hröðum skrefum, og því þarf markaðurinn ekki aðeins að haldast við, heldur einnig að aukast, og af sömu ástæðu getum vjer ekki hætt að flytja fisk til Spánar, þó vjer höfum líka einhvern markað annarsstaðar.

Nú er það líka svo, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) telur þess þörf að hafa mann á Spáni til að gæta þar hagsmuna Íslands. Það, sem þá ber á milli, er það, að hann vill ekki hafa hann fastan og álítur, að styttri ferðir geti komið að fullu gagni. En hann tekur ekki tillit til þess, að sje þessi sendimaður vor búsettur á Spáni, þá er honum innan handar að hafa eftirlit með Ítalíumarkaðinum. Gæti þá vel farið svo, að markaðurinn þar ykist svo, að heppilegra væri, að sendimaðurinn

flyttist þangað. Það sjest auðvitað alt á sínum tíma.

Að aðalstarf sendimannsins á Spáni eigi að vera það að draga úr fiskmarkaðinum þar, eins og er álit hv. 2. þm. S.-M. (IP), það get jeg ekki fallist á, og vona, að hann sje einn um þá skoðun.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta að svo búnu. Vona, að hv. deild samþykki frv. óbreytt eins og hv. meiri hl. nefndarinnar hefir lagt til.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg þarf ekki að vera langorður að þessu sinni, þar sem hæstv. atvrh. (MG) hefir þegar andmælt flestu því hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem andmæla þurfti. Satt að segja kom mjer á óvart margt í aðstöðu hv. minni hl. til þessa máls. Jeg man ekki til, að neitt það hafi fram komið við umræður um málið í nefndinni, sem gefið gæti háttv. 2. þm. S.-M. (IP) átyllu til að ætla, að meiri hlutanum væri það mest áhugamál að stofna sem glæsilegast embætti, en hirti á hinn bóginn minna um nytsemi þess eða starfið, sem væntanlegum sendimanni væri ætlað að vinna. Í nál. meiri hl. er beinlínis lögð áhersla á það, að sendimaðurinn geti haft sem besta aðstöðu, til þess að hann geti látið sem mest gott af sjer leiða í stöðu sinni. Þykist jeg vita, að hv. þm. (IP) muni líka við nánari íhugun unna meiri hlutanum sannmælis í þessu efni. Fyrir okkur öllum, og hv. minni hl. efalaust líka, vakti ekkert nema það að koma þessu máli í það horf, að sem mests árangurs mætti af því vænta.

En hv. minni hl. er Spánn þyrnir í augum vegna ágreiningsmáls, sem verið hefir milli þess ríkis og Íslands, en það er alveg óþarft og ástæðulaust að setja þau ágreiningsatriði í samband við þetta mál, eins og hæstv. atvrh. (MG) hefir bent á. Hinsvegar hafa ekki ósjaldan þær skoðanir verið látnar uppi, beinlínis eða óbeinlínis, að ekki væri mikill vandi að losna við markaðinn á Spáni, oss að skaðlausu. Vjer gætum með því að senda einn eða tvo menn eitthvað út í lönd útvegað alt í einu markað fyrir íslenskan fisk. Jeg tek það fram, að jeg hefi ekki heyrt hv. 2. þm. S.-M. (IP) halda fram þessari skoðun, sem jeg er satt að segja hissa á, að nokkurn tíma skuli hafa komið fram. Það tekur lengri tíma og er meiri erfiðleikum bundið að breyta þannig til um markað en menn alment gera sjer grein fyrir. Jeg held því, að best sje að fara varlega í það að óska, að fiskmarkaður vor flytjist frá Spáni. Enn sem komið er höfum vjer mest saman við Spán og Ítalíu að sælda hvað þetta snertir, og þá er bráðustu þörfina mest að meta. Því er ætlast til, að fulltrúi vor gæti hagsmuna Íslendinga í báðum þessum löndum.

Það er auðvitað svo, að flestar þjóðir neyta fiskjar, en ekki nema fáar, sem neyta hans eins og vjer tilreiðum hann. Kaffanegrar í Afríku borða t. d. fisk, en einkum ósaltaðan hertan. Einkennilegt mætti því virðast að fara t. d. að senda fulltrúa þangað fyrir land, sem eins og vort framleiðir eingöngu saltaðan fisk, en ganga fram hjá vorum gömlu og reyndu markaðsstöðum.

Vjer erum heldur ekki einir um markaðinn í Miðjarðarhafslöndunum. Englendingar, Norðmenn og New-Foundlendingar keppa þar við okkur. Það getur því ekki talist ónauðsynlegt, þótt vjer höfum einn búsettan mann þar suður frá til að gæta hagsmuna vorra.

Hv. þm. (IP) taldi, að ef frv. yrði samþykt, þá myndi það tefja fyrir því,

að markaðurinn flyttist frá Spáni. Það tel jeg vel farið. Jeg skil ekki þá menn, sem í alvöru óska, að þessi elsti og stærsti markaður fyrir íslenskan fisk glatist, eða að Spánverjar á nokkurn hátt dragi sig í hlje. — Hv. þm. (IP) varð tíðrætt um þá tíma, þegar þjóðin öll stóð á öndinni út af viðskiftum Spánar og Íslands. Það er alveg rjett, að þjóðin var áhyggjufull og hafði ástæðu til að vera það, því það var þá ágreiningur milli landanna, sem annar höfuðatvinnuvegur vor gat átt á hættu að bíða stórfelt tjón af. En miklu áhyggjufyllri hygg jeg, að þjóðin, og ef til vill hv. þm. (IP), hefði verið nú, hefðu þau mál ekki skipast og ísl. fiskur því verið sama sem útilokaður frá Spánarmarkaðinum. — Það, sem nú liggur fyrir, er það að halda sem best í vora gömlu markaði, reyna að rýmka þá og, ef hægt er, að útvega nýja. Slíkt er gömul og heilbrigð kaupmannaregla.

Það var engin fjarstæða, þótt jeg segði, að vjer hefðum fáum hæfum mönnum á að skipa til þessa starfa. Þó hægt sje að benda á einn eða tvo menn, sem kunni spanska tungu, þá sannar það ekkert um aðra hæfileika þeirra í þessa átt. Það er margt fleira en málakunnátta, þó góð sje og nauðsynleg, sem sendimaðurinn þarf að hafa til að bera, ef hann á að koma ár sinni vel fyrir borð.

Hv. atvrh. (MG) mintist á skýrslurnar, og er jeg honum samdóma um það, að í mörgum tilfellum muni nauðsyn bera til, að vinsað sje úr þeim áður en þær sjeu birtar almenningi. Það getur líka haft áhrif í þá átt að gera skýrslugjafann varkárari í því að segja frá öllu, sem hann kemst á snoðir um, en hann má til að láta vita um alt, sem hann veit, að hefir áhrif á sölu fiskjarins. En að öðru leyti finst mjer mjög æskilegt, að skýrslurnar verði birtar jafnóðum og þær koma.

Jeg held, að hv. þm. (IP) geri of mikið úr því djúpi, sem hann kveður vera á milli skoðana okkar í þessu máli, þegar það er skoðað ofan í kjölinn. Báðum kemur okkur saman um nauðsynina á því að hafa sendimann á Spáni, og aðalatriðið sjálfsagt hjá báðum, að árangur verði sem mestur af starfi hans.

Meiri hlutinn hyggur, að þessu verði heppilegast náð með því að samþykkja frv. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg býst ekki við, að jeg fái tíma til að fara ítarlega út í alt, sem hjer hefir verið sagt í garð minni hl. í þessu máli. Get jeg enda látið mjer nægja gagnvart hæstv. atvrh. (MG) að segja það, að jeg hefði óskað og enda búist við því af honum, að hann hefði lesið hvorttveggja nál. með svipaðri velvild. En mjer finst, að á því hafi verið nokkur brestur, að því er af ræðu hans mátti ráða.

Hann kveður mig hafa sagt, að jeg legði aðaláhersluna á starfið, en ekki stöðuna, og er það alveg rjett. En þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer ekki fram á annað en að staðan verði stofnuð og lögfest. Jeg er hinsvegar alveg fylgjandi því, að sendimaður verði sendur til Spánar með erindisbrjefi frá stjórninni, svo sem gert hefir verið að undanförnu. Um það eru báðir hl. nefndarinnar sammála. Það, sem þá ber á milli, er það, að hv. meiri hl. vill fá stöðuna festa.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að engin afstaða hefði verið tekin um það, hvort maður þessi yrði opinber starfsmaður eða ekki. En það, sem liggur í loftinu, og enda má lesa á milli línanna í nál., er

það, að þessi staða verði með tíð og tíma gerð að ræðismannsstöðu. En það er steinn á veginum fyrir því, að við getum í náinni framtíð sagt við Spán: Nú breytum við okkar innanlandslöggjöf. Gerið svo vel og leggið toll á fisk okkar, ef yður þóknast. Jeg veit, að þið álítið, að hjer sje um templaraöfgar að ræða, og mjer er engin launung á því, að jeg er bindindismaður. En stærsta atriðið í þessu máli frá mínu sjónarmiði er það, að jeg álít Spánarsamninginn stærsta rothöggið, er sjálfstæði hins unga, ísl. ríkis hefir fengið. Og verði ekki fyr en síðar ráðin bót á því, þá má guð vita, hvort sjálfstæði vort verður nokkurntíma til nema á pappírnum. Jeg vil ekkert spor stíga, sem tefur fyrir því, að sjálfstæði vort geti orðið sem traustast og öruggast. Það má kannske segja sem svo, að ekki sje mikil þörf á hugsjónum hjer á hinu háa Alþingi, en mjer er nú samt svo varið, að jeg tek margt fram yfir þorskinn, þó hann hafi verið mjer þarfur.

Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að ekki væri ástæða til að fara að blanda Spánarsamningunum í þetta mál. Þetta get jeg ekki skilið öðruvísi en svo, að hæstv. ráðherra (MG) sje ánægður yfir þeim málum. Því hvar á að tala um Spánarsamningana, ef ekki í sambandi við þetta mál, þegar vjer erum að tryggja áframhaldandi markað á Spáni og minka þar með líkurnar fyrir því, að vjer getum losnað við hann og það helsi, er hann leggur á sjálfstæði vort? Og þó hægt sje að færa til væntanlegan fulltrúa — sem þá verður að líkindum orðinn ræðismaður —, þá er það lítilla þakka vert. En það dugir ekki að tala um þetta mál eins og við börn. Fram hjá því verður ekki komist, að þetta embætti verður til þess að festa markaðinn á Spáni, en ekki það, að gera mögulegt að losna við Spánarsamningana.

Mál þetta hefir tvær hliðar. Það er bannmál, og jeg geri engar kröfur til hv. þm., að þeir fylgi mjer þar. En allir ættu að geta sjeð þá hættu, sem sjálfstæði hverrar þjóðar er búin, þegar önnur þjóð óviðkomandi setur henni reglur um það, hvernig hún skuli haga sjer í sínum innanlandsmálum.

Það hefir verið sagt, að ferðirnar milli Spánar og Íslands sjeu dýrar. Jeg játa, að jeg er því ekki kunnugur. En varla trúi jeg því, að ferð fram og til baka þurfi að kosta meira en 1500 kr. Og talað hefi jeg við mann, sem dvaldi þar syðra í tvo mánuði, og eyddi hann ekki meiru til ferðarinnar en 3000 kr. Má vel vera, að hann hafi lifað sparlegar en fulltrúa eins ríkis sæmir.

Jeg fyrir mitt leyti legg ekki svo lítið upp úr því, að bæði þing og stjórn hafi sem víðtækust áhrif á þennan mann, því að með því móti vinnur hann að hagsmunum Íslands, en ekki Spánar; þess vegna á hann ekki að hafa fast aðsetur þar syðra. En eigi hann að bera hagsmuni Spánverja fyrir brjósti, þá er búsetan þar suður frá í Miðjarðarhafslöndunum honum nauðsynleg. Þar er jeg á því hreina.

Þess vegna tel jeg hagsmunum Íslands betur borgið með því móti, að maðurinn komi sem oftast heim til skrafs og ráðagerðar, svo þingi og stjórn gefist kostur á að tala við hann.

Þá virtist háttv. frsm. meiri hl. (JJós) vilja halda því fram, að okkur væri sjerstaklega nauðsynlegt að tryggja fiskmarkað okkar í Miðjarðarhafslöndunum, einkum þó á Spáni, enda væru Spánverjar elstu og bestu viðskiftavinir okkar. Ójá, það er nú svona eins og það er tekið. Elstir viðskiftamenn eru þeir, því verður

líklega ekki neitað, en um gæðin finst mjer óþarfi að tala, og því síður finst mjer ástæða að hæla þeim fyrir það, þó að þeir borgi fiskinn. Þeirra er þágan að kaupa, engu síður en okkar að selja. Þó höfum við orðið að láta af hendi við Spánverja það dýrmæti, til þess að þeir keyptu fiskinn, sem ekki verður metið til neinna peninga, og fer hann þá að skerðast hagnaðurinn, sem okkur er að því að vera bundnir Spánverjum.

Jeg held jeg hafi þá svarað því helsta; þó er eitt atriði enn, sem jeg verð að minnast lítilsháttar á. Hv. frsm. meiri hl., þm. Vestm. (JJós), sagði nú í seinni ræðu sinni, að hann hefði ekki lagt sjerstaka áherslu á málakunnáttuna, og þó gaf hann fyllilega í skyn, að við hefðum aðeins einn mann nú, sem svo væri fær í spönsku, að hann gæti tekið þennan starfa að sjer. Það getur verið, að jeg hafi misskilið þessi orð hans, en þó held jeg ekki. En hitt er líka víst, að í nefndinni lagði hann mikla áherslu á málakunnáttuna og taldi það fyrsta skilyrðið, að sendimaðurinn skildi vel spönsku, og það tel jeg auðvitað mikils virði líka. Þá hjelt hann því einnig fram, að við hefðum svo fáum mönnum á að skipa, er kynnu málið til hlítar, líklega ekki nema tvo eða þrjá hjer í Reykjavík. Jeg er nú ekki svo kunnugur hjer í Reykjavík, en þó þykir mjer sennilegt, að ef vel væri leitað, myndu þeir finnast fleiri. Og austur á fjörðum veit jeg þó um einn mann, sem er prýðilega vel að sjer í spönsku, talar hana ágætlega og ritar að sama skapi vel. Svo að ef við legðumst báðir á eitt um að leita slíkra manna, gæti jeg trúað, að við fyndum 20—30 menn á landinu, sem spönskukunnáttunnar vegna gætu vel tekið að sjer þennan starfa. Það, sem mjer finst tortryggilegt í þessu efni, er það, að með frv. sje verið að stofna embætti handa ákveðnum manni. Það má vera, að svo sje ekki, en hví er þá svo nauðsynlegt að stofna embættið með lögum, ef við höfum úr fleiri mönnum að velja? Enda er spá mín, að ef embættinu verður slegið upp — og það geri jeg ráð fyrir, að verði gert, svona til málamynda — að þá komi fleiri en 4 eða 5 menn úr pokahorninu, og trúlegt, að allir væru að einhverju leyti starfinu vaxnir.

Mjer var bent á það af tveim hv. þm., þegar nál. mínu var útbýtt hjer í háttv. deild, að jeg hefði í nál. titlað hr. Gunnar Egilson skipamiðlara í staðinn fyrir konsúl; hann væri sem sje spanskur ræðismaður hjer á landi. Jeg skal viðurkenna fávisku mína í þessu efni, því jeg vissi ekki betur, og bið því velvirðingar á því, sem mjer er ábótavant í þessu efni. En einmitt þessar upplýsingar, að þessi ákveðni maður sje spanskur konsúll, urðu þess valdandi, að jeg varð ennþá ákveðnari á móti frv., einkum þó vegna þess, að flest, sem fram hefir komið í þessu máli, virðist benda til þess, að embætti þetta sje einmitt ætlað þessum ákveðna manni.

Jeg er þeirrar skoðunar, að jeg tel það heldur ekki alveg víst, að heppilegt sje landinu að stofna embætti handa fyrirframhugsuðum embættismanni. Að vísu geta stundum verið þær ástæður fyrir hendi, að það sje nauðsynlegt, en í þessu tilfelli, eða eins og sakir standa nú, tel jeg það hvorki heppilegt nje nauðsynlegt, enda hafa að því hnigið rök þau, er jeg hefi borið fram í móti frv.

Jeg sje nú ekki ástæðu til að þæfa öllu lengur um mál þetta. Hv. deild ætti að fara að skiljast, hvað á milli ber. Fyrir mjer vakir það eitt að flytja fiskmarkað okkar frá Spáni, og það er ekki eingöngu vegna bannmálsins, heldur miklu

fremur vegna sjálfstæðis okkar unga ríkis, sem er í voða alla þá stund, sem Spánverjar skipa fyrir um innanlandslöggjöf okkar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. minni hl. (IP) var að kvarta um það, að jeg hefði ekki lesið bæði nál. með sama velviljanum. Jeg skal að vísu játa, að mjer líkar nál. hv. meiri hl. að öllu leyti betur. En þó hefir hann víst tekið eftir því, að jeg las einmitt upp úr hans nál. áðan, — eða kannske honum hafi fundist jeg ekki lesa rjett?

Jeg hefi einmitt fulla reynslu fyrir því, að það er erfitt og ýmsum vandkvæðum bundið að fá hæfa menn til þessara skyndiferða. *(IP:* Kannske jeg eigi að útvega mann?). Því ráða þeir menn, sem þessum málum eiga að skipa. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir þar engu að ráða enn, en getur vitanlega gefið bendingar, og munu þær eflaust vel þegnar, ef nokkurt vit er í þeim. Hv. 2. þm. S.-M. talar eingöngu um starfið; hann vill að það haldi áfram, en stöðunni vill hann sleppa. En við hinir leggjum mikla áherslu á stöðuna, því með henni er trygt, að starf fulltrúans komi að fullum notum. Þetta er það, sem aðallega skilur meiri og minni hl. Hv. meiri hl. hefir einmitt í nál. sínu og framsögu fært ljós rök fyrir því, að starfið verði ekki vel af hendi leyst, nema fulltrúinn sje fastur embættismaður ríkisins og búsettur þar syðra, svo öll ummæli hv. minni hl. eru ekki á neinum rökum bygð.

Hv. frsm. minni hl. (IP) var líka að tala um, að fulltrúinn ætti að verða ræðismaður síðar, og virtist því mótfallinn, en um það er engin þörf að ræða nú, því að engin ákvörðun er um það tekin. Annars finst mjer óþarfi að vera að endurtaka það, sem jeg sagði áðan, og sje ekki heldur neina ástæðu til að blanda Spánarsamningunum inn í þessar deilur. Á meðan við seljum Spánverjum mikinn hluta fiskjar vors, er það skylda okkar að fullnægja þeim skilyrðum, er þeir setja okkur um vörugæði og vöruvöndun, svo að við berum ekki skarðan hlut frá borði í viðskiftunum við þá. Og til þess er fulltrúinn sendur, að hann gæti rjettar okkar á allan hátt og gefi okkur sem bestar og glöggastar skýrslur um ástandið þar syðra og markaðshorfurnar. Og að hjer sje um nauðsynjastarf að ræða, sjest best á því, að báðir bankarnir eru þess fulltrúa, að óhjákvæmilegt sje að hafa sendimann þar syðra, og bjóðast til að borga honum. Jeg skal nefna sem dæmi, að sendimaður þessi ætlaði tvisvar í vetur að leggja af stað heim, en þá fóru bankastjórar annars bankans þess á leit við stjórnina, að hún ljeti sendimanninn dvelja lengur þar syðra. Stjórnin varð við því og sendi hraðskeyti í bæði skiftin, svo það drógst, að sendimaðurinn kæmi, og svo þegar hann er kominn, þá þykir bönkunum, að hann hafi komið alt of fljótt.

Jeg get ekki samsint því, að Spánarsamningurinn sje rothögg á sjálfstæði okkar Íslendinga. Því sje svo, þá verður að álítast, að Norðmenn hafi líka glatað sjálfstæði sínu með samningi þeim, er þeir gerðu við Spánverja. En því held jeg þó, að enginn haldi fram í alvöru um Norðmenn.

En hitt má kannske segja, að Spánverjar hafi að nokkru leyti skipað fyrir um innanlandslöggjöf. Eða með öðrum orðum, að þeir hafi sagt: ef þið hagið löggjöf ykkar svona og svona, þá breytum við okkar löggjöf eftir því. Og sama gildir þá vitanlega um Norðmenn. En það er satt, uppsögn Spánverja á sínum

tíma kom okkur illa, og því neitar enginn, að það var leiðinlegt að hverfa að því ráði að slaka á bannlögunum. En hjer sannaðist sem oftar, að taka verður minna bölið til þess að forðast hið meira.

Þá sagði hv. frsm. minni hl. (IP), að margt væri þarfara en þorskurinn. Það er nú svo, en mikið gagn hefir hann gert samt, þorskurinn, og sýnt hefir það sig hjer, að mikið er lagt í sölurnar til þess að ná í hann.

Þá sagði sami hv. þm., að með því að tryggja markaðinn á Spáni væri unnið að því að halda í samningana. En þetta er ekki rjett. Við getum slitið samningunum við Spánverja hvenær sem við viljum, en á meðan við gerum það ekki og á meðan við verslum við þá, er báðum fyrir bestu, að gott samkomulag sje um viðskiftin.

Um ferðakostnaðinn skal jeg ekkert segja. Jeg hefi aldrei farið þessa leið, en finst hinsvegar ekki of mikið þó að gert sje ráð fyrir, að ferðin kosti 1500 kr. *(IP:* Eru það ekki um 200 kr. á dag?). Jeg veit það ekki; eins og jeg sagði, hefi jeg aldrei ferðast þessa leið og veit ekki, hvað marga daga ferðin tekur.

Þá veit jeg ekki, hvað hv. sami þm. var að fara, þegar hann sagði, að þessi sendimaður ætti fremur að vinna í hag Spánverja en okkar. Þetta eru óviðeigandi getsakir og lítt sæmandi neinum hv. þm. að bera á borð hjer í hv. deild. Hann ætti þó að vita það, að erlendar þjóðir, sem senda slíka menn til annara þjóða, gera það sinna eigin hagsmuna vegna, en ekki annara, og að allir konsúlar og sendimenn eru embættismenn þeirrar þjóðar, sem sendir þá, en ekki hinna, sem þeir dvelja hjá.

Það er vitanlegt, að stöðu þessari verður slegið upp, og það er ágætt, að margir sæki um hana. Þá er hægra fyrir stjórnina að velja úr besta manninn, og er þá sennilegt, að góðar bendingar frá hv. 2. þm. S.-M. (IP) geti komið að notum.

Að síðustu vil jeg lýsa því yfir, að það er fjarstæða, að embætti þetta eigi að stofna handa ákveðnum manni, eða Gunnari Egilson, eins og gefið er í skyn. Embættið á að stofna landsins vegna og eingöngu með hagsmuni þess fyrir augum.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg hafði nú tæplega búist við, að hv. frsm. minni hl. (IP) yrði svona harðorður í garð okkar meirihlutamanna í mótmælum sínum, eins og raun ber vitni. Hann er að kvarta undan því, að við sig sje talað eins og barn í þessu máli. Þetta er því undarlegra, sem liggur við að næsta mikils barnaskapar gæti í skrafi hans öllu, — eða hvað er það annað en barnaskapur að berja það blákalt fram, að meiri hl. vilji „tryggja það helsi, er Spánarsamningarnir lögðu á þjóðina", með því að ráða til að samþykkja frv. *(IP:* Þetta er nú útúrsnúningur). Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að mótmæla þessu; jeg skrifaði þessi barnalegu orð hans um leið og þau flutu af vörum hans. En hann hefir ef til vill ekki ætlað að segja þetta, og leiðrjettir það þá vonandi. Það er fjarri því, að hjer sje um nokkurt helsi að ræða, sem lagt sje á þjóðina; hjer er aðeins um praktiskar ástæður að tala, sem snerta hagsmuni Íslands og fiskmarkað okkar á Spáni, og þetta veit hv. 2. þm. S.-M. (IP) mætavel, þó hann — ja, jeg hafði nú rjett að segja nefnt barnaskap aftur — haldi öðru fram.

Það getur verið gott að vera hæfilega tortrygginn á stundum, en það er lítt

sæmandi fulltrúum þjóðarinnar að láta tortryggnina hlaupa með sig í gönur.

Það er næsta líklegt, að hjer á landi sjeu enginn sá, er ekki vildi vera laus við Spánarsamningana landsins vegna, væri þess nokkur kostur. Það voru engin svik við bannlögin, að við gengum inn á þá skuldbindingu Spánverja að flytja ljettu vínin inn í landið. Þingið sá, að þessi atvinnuvegur þjóðarinnar þoldi ekki tollstríð við Spánverja. Og til þess að bjarga honum og landinu var undanþágan gefin.

Og þó að við höfum búsettan mann þar syðra, þá er það vegna þess, að landið hefir þar svo stórra hagsmuna að gæta, en alls ekki á neinn hátt til þess að tryggja Spánarsamningana eða viðhalda þeim. Annars finst mjer það óþarfi að bendla ákveðinn mann við þessa væntanlegu stöðu, eins og gert hefir verið. Það er ekkert undarlegt, þó að til þeirra sje leitað í þessu efni, sem betur vita. Þess vegna var það, að nefndin kvaddi Gunnar Egilson konsúl á fund sinn til skrafs og ráðagerðar. Þetta veit hv. 2. þm. S.-M. (IP) mætavel. Nefndin var ekki að ráða þennan mann sem fulltrúa á Spáni, þó að hún talaði við hann um fyrirkomulag þessara mála utanlands og markaðshorfur þar syðra.

Hinsvegar finst mjer, að þessi tortrygni komi úr hörðustu átt, þegar þess er gætt, að í nál. minni hl. stendur, að utanferðir Gunnars „virðast hafa haft allmikla þýðingu og gefið góðan árangur", enda er hvergi vikið að því í nál., að maður þessi hafi ekki staðið vel í stöðu sinni, heldur þvert á móti viðurkennir hv. minni hl., „að sendimaður þessi hafi unnið fisksölunni gagn og geti gert það framvegis"

Það er ekki rjett fyrir hv. þingmann, þegar um svona mikið hagsmunamál þjóðarinnar er að ræða, að láta bannlagahugsjónir eða óþarfa tortryggni leiða sig í gönur; afleiðingin verður sú, að hann með því móti, þó óviljandi kunni að vera, skaðar rjettan málstað.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Það er aðeins örstutt aths. um *helsið*, eða eins og háttv. þm. Vestm. (JJós) vildi skilja orð mín.

Orð mín fjellu á þá leið, að stofnun þessa embættis leiddi til þess að halda við þessu helsi, sem laumað hefði verið á okkur með Spánarsamningunum. Mig varðar ekkert um, hvað hv. þdm. hafa heyrt, en þetta sagði jeg og svona koma orðin til að standa.

Hitt er ástæðulaust að vera að sakast um, þó að jeg hafi dregið ákveðinn mann inn í umr. Á því ber jeg ábyrgð, þó jeg hinsvegar viðurkenni ekki, að það hafi verið að ástæðulausu, því ræður hv. andstæðinga minna gefa það fyllilega í skyn, að staðan, sem um er þráttað, sje fyrirfram ákveðin handa þessum eina manni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 110, frá minni hl. sjútvn., feld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJ, EÁ, GÓ.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, SJ, BK, EP, HSn, HSteins.

1. gr. samþ. með 8:3 atkv.

2. gr. samþ. með 8:3 atkv.

3.—5. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 24. fundi í Ed., föstudaginn 6. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12, 140).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 140. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að mæla nokkur orð fyrir þeirri brtt. við frv., sem fyrir liggur, sem jeg flyt nú við 3. umr. Í henni felst ekki mikil breyting, en varúðarráðstöfun.

Viðvíkjandi fyrri liðnum er það að segja, að mjer hefir skilist á hæstv. atvrh. (MG) við 2. umr., að hann mundi ekki veita embættið manni, sem væri í þjónustu Spánar. En allur er varinn góður, þar sem einn af þeim mönnum, sem helst koma til greina, mun nú vera í þjónustu Spánverja. En fulltrúi Íslendinga á Spáni má alls ekki vera um leið háður öðru ríki.

Viðvíkjandi síðari liðnum vil jeg taka það fram, að þegar ríkið hafði áður fulltrúa í Genúa — sællar minningar — varð töluverð óánægja hjer meðal útgerðarmanna; maðurinn, sem sendur var, væri ekki jafnóháður öllum fiskseljendum. Endirinnn varð sá, að ræðismenskan var lögð niður. Þó mikið fje væri veitt til þess, fór alt út um þúfur. Það var jafnvel ástæða til að halda, að þetta hafi verið „diplomatiskur" ósigur fyrir ríkið. Hefir það aldrei verið útskýrt að fullu af hæstv. forsrh., hvers vegna við fengum ekki að hafa ræðismann í Genúa, hvort það var Dönum að kenna eða að einhverju leyti íslensku stjórninni.

Í till. er ekki farið fram á annað en það, að maðurinn, sem veitt verður embættið, eigi ekki að vera í þjónustu annars ríkis eða skuldugur íslenska ríkinu. En það hefir komið fyrir, að landið hefir haft í þjónustu sinni sem fulltrúa erlendis mann, sem var ríkinu stórskuldugur. Þetta er velsæmisbrot og má ekki koma fyrir aftur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er rjett, sem hv. flm. brtt. (JJ) tók fram, að jeg sagði við 2. umr., út af því, að Gunnar Egilson var nefndur sem væntanlegur sendimaður, að fái hann embættið, verður hann að hætta við að vera spanskur konsúll hjer. Það liggur og í hlutarins eðli, að um leið og maðurinn er búsettur á Spáni getur hann ekki verið spanskur konsúll á Íslandi. Jeg held, að ekki sje nein hætta á, að hann færi að starfa fyrir önnur ríki, t. d. Danmörku, Svíþjóð eða Noreg, og því sje fyrri hluti brtt. með öllu óþarfur, enda verður aðalefni þessa hluta till. sennilega tekið upp í erindisbrjef ráðunautsins eða skipunarbrjef. Vitaskuld á hann að starfa eingöngu að okkar málefnum, enda kemur annað ekki til mála.

Svo er hitt atriðið, að sendimaðurinn skuli vera fullkomlega óháður ríkinu. Jeg skil ekki, hvers vegna það er svo ósköp hættulegt, þó maðurinn skuldi ríkinu eða ríkisstofnunum. Jeg hefði betur skilið ástæðuna til þessa ákvæðis, hefði það hljóðað um skuldir við prívatmenn, því að það eru engar líkur til, að ríkið misnoti aðstöðu sína, en það gætu einstakir menn gert.

Annars er best fyrir hv. 5. landsk. (JJ) að sýna meiri hreinskilni en hann nú gerir í þessum umræðum, en fyrst hann vill ekki vera hreinskilinn, þá verð jeg að skýra nánar, hvað hann á við með brtt. sinni. Hann veit, að sá maður, Gunnar Egilson, sem flestir telja standa nærri því að fá þessa stöðu, skuldar landsverslun síðan hann var sendimaður í Ameríku, og mjer er kunnugt um, að hann hefir samið um afborgun á þessari skuld við landsverslun, þannig, að hann borgi 1 þús. kr. á ári. Þetta vill hv. 5. landsk. (JJ) láta varða því, að þessi maður megi ekki fá stöðuna, og til þess er síðari hluti brtt. fram bor-

inn, og er engin ástæða til að fara kringum þann sannleika eins og köttur í kringum heitan graut, þótt hv. 5. landsk. geri það. En jeg sje ekki, að þessi skuldaskifti sjeu nein bönd á manninn eða blettur. Annars vil jeg geta þess, að það er óráðið, hvort hann fær embættið og hvort hann sækir um það. En hann stendur vitanlega flestum mönnum nær að fá það, ef hann sækir um það. Það er ómögulegt að skoða manninn óhæfan til þessa starfs vegna þessarar skuldar, sem hann er að afborga. Jeg sje því ekki, að brtt. eigi þann rjett á sjer, að hana beri að samþykkja.

Þá mintist hv. þm. á sendiferðina til Genúa hjer um árið. Sú sendiferð var gerð eftir ákvörðun þingsins. En ef háttv. þm. (JJ) hefir ekki fengið nægar skýringar hjá hæstv. forsrh. (JM) um utanríkismálin, þá ætla jeg mjer ekki þá dul að koma honum í skilning um það mál.

Jónas Jónsson: Mjer var það undrunarefni, að hæstv. atvrh. (MG) skyldi ekki geta gengið inn á þessa till. Fyrri liður hennar er samkvæmt því, sem hann hefir áður lýst yfir, að hann teldi sjálfsagt. Hann er aðeins til varúðar, svo ekki geti átt sjer stað, að maður, sem starfið er fengið, yrði að nokkru leyti í þjónustu annara þjóða. Till. þessi hefði þó ekki komið fram, hefði ekki verið búið að gefa í skyn við fyrri umr. þessa máls, að starfið væri miðað við vissan mann, og hefðu ekki komið fram þau atvik gagnvart manni þessum, sem gera það, vægast sagt, ærið óviðkunnanlegt, að hann sje í þjónustu ríkisins, ekki síst erlendis.

Jeg ætla að leyfa mjer að fara um þetta fáum orðum, fyrst hæstv. atvrh. (MG) hefir skýrt frá nokkrum atriðum viðvíkjandi Gunnari Egilsyni.

Það mun hafa verið á stríðsárunum, sem Gunnar Egilson var trúnaðarmaður landsins í Ameríku. Það var talið rjett, að landsverslun, sem þá hafði mikinn innflutning á hendi, skyldi borga erindrekanum. Nú þóttust kaupmenn þurfa að hafa mann út af fyrir sig. Árangur varð sá, að landið varð að svara út tugum þúsunda meira til þessara mála fyrir það, að Gunnar Egilson var sendur í viðbót, án þess nokkur þörf væri fyrir fleiri en þann, sem fyrir var.

Nú lendir Gunnar þessi í skuld við landið á þann hátt, að hann þurfti meira fje en hann fjekk í laun. Hefir hann staðið síðan í allstórri skuld, sem þar á ofan hefir verið afborgunarlaus tímum saman. Nú vil jeg fá að vita það með nafnakalli í dag, hverjir þeir eru hjer í hv. deild, sem vilja tryggja það, að maður, sem á þennan hátt hefir staðið fyrir málum landsins og hefir innbyrt fje framar en samningar stóðu til, meðan hann var í þjónustu landsins, — tryggja það, að honum sje veitt fyrirhugað embætti á Spáni. Þetta mun koma í ljós við atkvgr. um till. mína. Þá mun sjást, hvort embætti þetta er miðað við ríkisins hag og heiður, eða hvort það er ekki öllu heldur miðað við einstakan fjeþurfandi mann. Um þetta þarf ekki að ræða; atkvgr. sker úr. Jeg þykist vita, hvernig fylgismenn hæstv. stjórnar hagi sjer í þessu. Hæstv. atvrh. hefir líka sagt skýrum orðum, að hann vilji halda opnum þeim möguleika, að maður, sem hefir lent í skuld við landið, verði gerður trúnaðarmaður ríkisins, og að hann gefi skýrslurnar og hann sje önnur hönd fiskseljenda suður í löndum. Ef þetta er takmarkið, þá skilur maður allan gang málsins.

Mjer er ekki kunnugt um samninga í þessu skuldamáli. *(Atvrh. MG:* Mjer eru

þeir kunnir, því jeg samdi um skuldina). Ekki gæti jeg hugsað mjer betri kosti með mínar skuldir en hæstv. atvrh (MG) hefir gefið þessum manni. Má vera, að slíkt atvik sem þetta geri það dálítið skiljanlegra, hvernig haldið var á ríkissjóði, þegar hæstv. atvrh. (MG) var fjrh. Það sýnir líka röggsemina, að vera ekki búinn að innheimta þessa skuld ennþá.

Það er öllum ljóst, hvað er hjer á ferð. Ef þessi till. er feld, er það af því, að verið er að búa til embætti handa manni, sem stendur í óbættri skuld við ríkið og hefir misnotað sitt traust. *(Forseti* (hringir): Jeg vil biðja hv. þm. að tala varlega). Það geri jeg, og það er sannleikur, sem jeg segi. Það mundi víðast þykja illur viðskilnaður, ef maður eyddi opinberu fje úr sjálfs sín hendi og stæði ekki í skilum öðruvísi en með akkorði eins og þessu. Það verður að tryggja það, að maður með þessari fortíð geti ekki fengið embætti sem trúnaðarmaður erlendis.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi aðeins benda hv. 5. landsk. (JJ) á það, að það er ekki rjett hjá honum, er hann sagði, að jeg hefði ekki á sínum tíma gert skýra grein fyrir málalyktum viðvíkjandi konsúlnum í Genúa.

Á þingi 1921 var mál þetta mjög rætt og frá ýmsum hliðum. Vil jeg því vísa hv. 5. landsk. (JJ) á þingtíðindin 1921 D-deild, þar sem eru umr. út af þáltill. um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna. Þar getur hv. þm. fundið alt, sem er að finna um þetta mál. En þó jeg hafi bent hv. þm. á þetta áður, hefir hann víst ekki gert sjer það ómak að lesa þessar umr. En jeg vil komast hjá því að endurtaka það, sem jeg hefi einu sinni sagt fullglögglega.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 5. landsk. (JJ) misskildi mig dálítið út af fyrri hluta brtt. Það er rjett, að jeg hefi ekkert við hann að athuga, ef hann væri borinn undir atkv. út af fyrir sig, en þar sem hv. þm. (JJ) mun ætlast til, að till. sje borin upp í einu lagi og jeg er alveg á móti síðari hluta hennar, hlýt jeg að vera á móti henni í heild, enda mun fyrri parturinn tekinn upp í erindisbrjef eða skipunarbrjef sendimannsins.

Hv. þm. (JJ) kvað Gunnar Egilson hafa verið nefndan við 2. umr. í sambandi við þetta embætti. Það gerði hv. 2. þm. S.-M. (IP), en jeg ekki.

Hitt er auðvitað mjer og öðrum ljóst, að hann stendur nærri því að fá embættið, ef hann vill það, sökum þess að hann er búinn að fara slíkar ferðir margsinnis og er manna kunnugastur þessum málum; og jeg geri ennfremur ráð fyrir því, að bankarnir, sem við höfum í ráðum um þetta, kjósi hann framyfir aðra.

Mjer skilst á hv. 5. landsk. (JJ), að hann álíti Gunnar Egilson óheiðarlegan mann. *(JJ:* Hvernig eru fjárreiður þessar?). Jú, maðurinn er enn í skuld, sem kom þannig til, að honum var of mikið útborgað meðan hann var í Ameríku, af því að laun hans voru ekki ákveðin fyrirfram. Jeg skil því ekki, að hv. 5. landsk. hafi leyfi til að bera slíkar sakir á þennan mann sem hann hefir gert hjer.

Hv. 5. landsk. þykir jeg hafa komist að góðum samningum við landsverslunarforstjórann fyrir Gunnar Egilson, en jeg vil minna hann á, að í þeim samningum var jeg málafærslumaður landsverslunarinnar, en ekki Gunnars Egilsonar, svo að ef hv. þm. (JJ) þykir vel samið af hálfu Gunnars, er rjett fyrir hann að finna að því við landsverslunarforstjórann, sem sam-

þykti þessa samninga. Annars er það náttúrlega rjett hjá hv. þm. (JJ), að jeg er duglegur og góður samningamaður, og jeg skal gjarnan reyna að hjálpa honum síðar, ef hann kemst í þrot og á örðugt með að ráðstafa skuldum sínum.

Háttv. þm. kallar mig altaf fjrh. *(JJ:* Það er svo frægt). Það er sjálfsagt af því, að það er ávalt tungunni tamast, sem hjartanu er kærast. Hann hefir sjálfsagt verið mjög ánægður með fjármálastjórn mína, enda ekki ástæða til annars, því það *var* vel á haldið, að landið jók ekki skuldir sínar árin 1920 og 1921 nema um tæpa ½ milj. kr., en næstu 2 árin, 1922 og 1923, sem voru miklu betri ár, ukust þær um margar milj. kr. Jeg á því skilið lof hv. þm. (JJ).

Jónas Jónsson: Jeg vildi aðeins með örstuttri aths. láta í ljós ánægju mína yfir því, að þessi málaflutningsmaður Gunnars Egilsonar og ágæti samningamaður hefir játað, að þegar þessi maður var áður í þjónustu landsins, myndaðist skuld, sem hann gat ekki borgað á skemri tíma en nærri því mannsaldri. *(Atvrh. MG:* Jeg var málaflutningsmaður landsverslunar, en ekki Gunnars Egilsonar).

Sigurður Jónsson: Jeg sje ekki, að brtt. fari fram á annað en það, sem eðlilegt er að hlíta, hver sem í hlut á. Hitt er útrætt mál við Gunnar Egilson. Hjer er aðeins um það að ræða, hvað leggja eigi til grundvallar við ráðningu til svona starfs. Jeg greiði því atkv. með brtt.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg gæti greitt fyrri hluta brtt. atkv. En jeg tók svo eftir við 2. umr., að hæstv. atvrh. lýsti því skýlaust yfir, að ef til þess kæmi, að spanski konsúllinn yrði skipaður fiskifulltrúi á Spáni, þá yrði hann að leggja niður konsúlsembætti sitt. Það er auðvitað algerður óþarfi að taka þetta fram með lögum, því að það er sjálfgefinn hlutur, að spanskur konsúll á Íslandi getur ekki verið fiskifulltrúi okkar búsettur á Spáni. En það er nú víst ekki þetta, sem hv. þm. liggur mest á hjarta, heldur hitt, að einum ákveðnum manni verði bægt frá þessu starfi, af því hann skuldi landsverslun. *(JJ:* Hann skuldar landinu. — *Atvrh. MG:* Landsverslun á skuldina). Jeg játa, að jeg er nú ekki eins kunnugur landsverslun og háttv. 5. landsk. Hann hefir gefið í skyn, að þessi skuld sje til orðin á óeðlilegan hátt. *(JJ:* Jeg hefi sagt, hvernig hún myndaðist). Jeg hefi engar sannanir fengið fyrir því, að maðurinn geti ekki verið hæfur í þjónustu landsins sem fiskifulltrúi, þó hann skuldi landsverslun samningsbundna upphæð. Jeg sje enga ástæðu fyrir hv. deild að bægja honum frá starfinu þess vegna. Jeg tók svo eftir við 2. umr., að hæstv. atvrh. lýsti því yfir, að mönnum yrði gefinn kostur á að sækja um starfið, og svo yrði valið úr. Mjer þykir það nokkuð nýstárlegt, að koma skuli tillaga um að útiloka einn ákveðinn mann frá að gegna þessu starfi. Eftir brtt. mætti fulltrúinn ekki skulda Landsbankanum. Í brtt. stendur: „Hann skal og vera fullkomlega óháður fjárhagslega ríkinu og ríkisstofnunum".

Jeg er hræddur um, að þetta gæti náð til nokkuð margra. Hv. þm. sagði, að hjer væri verið að tryggja, að maður með þeirri fortíð að hafa komist í skuld við landið, kæmist að. Jeg get ekki sjeð af frv. eins og það liggur fyrir, að verið sje að tryggja neinum einstökum manni stöðuna. Það má vel vera, að þessi maður sæki og fái starfið. Að minsta kosti ættu

þessar dylgjur ekki að valda útilokun hans. Þessi maður, sem brtt. stefnir að, hefir verið fulltrúi landsins á Spáni, og Alþingi hefir ekki sjeð sjer fært að setja lög um það, að hann mætti ekki vera þar áfram. Mjer sýnist, að eftir orðalagi þessarar brtt. mundi verða nokkuð erfitt að finna mann, sem hefði skilyrði til að sækja. Það stendur fullum stöfum, að maðurinn eigi að vera „fullkomlega óháður fjárhagslega ríkinu og ríkisstofnunum". En það þýðir meðal annars, að hann má ekki skulda Landsbankanum svo mikið sem smávíxil.

Hæstv. atvrh. hefir annars lýst yfir því, að um þessa umræddu skuld væri þegar samið og því máli ráðið til lykta. Og jeg skildi hv. 2. landsk. (SJ) svo, að honum væri kunnugt um, að það mál væri klárað. *(JJ:* Skuldin er óborguð). Það kemur ekki þessu máli við, hvort hún er borguð eða ekki. *(JJ:* Þarf þá ekki að borga hana?). Hjer er ekki verið að ræða um greiðslu á skuldum manna við landsverslunina. Brtt. fer fram á, eftir forsendum hv. flm., að útiloka einn mann frá þessu starfi. Það er ekki deildarinnar að gera ráðstafanir um það. Stjórnin mun sjálf geta dæmt um, hver hæfastur þykir til þessa starfs.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg skal ekki tefja mikið tímann. En jeg vildi taka það fram, að þó að jeg fylgi ekki frv., þá tel jeg rjett, af því fyrirsjáanlegt er, að það kemst fram, að slá þann. varnagla, sem brtt. fer fram á. Fyrri hluti brtt. er viðurkendur rjettmætur, en um seinni hlutann er deilt. En því verður ekki neitað með rökum, að það hefir þýðingu yfirleitt, að maðurinn sje fjárhagslega óháður. Jeg tel því seinni hluta brtt. rjettan líka og mun greiða honum atkvæði, þó að jeg sje á móti frv. Að endingu get jeg lýst yfir því, að það gleður mig, að við þessa 3. umr. hefir komið fram sönnun fyrir því, sem jeg staðhæfði við 2. umr., að meiri hl. nefndarinnar liti meir á *stöðuna*, en minni hl. á *starfið*. Umr. hafa sýnt, að þetta er satt, og það gleður mig, að þetta kemur í þingtíðindunum og sannar mál mitt.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. 2. þm. S.-M. (IP) telur sig gleðjast yfir því, að eitthvað sje að koma fram við 3. umr., sem hann hafi spáð eða sagt fyrir við 2. umr. Jeg get ekki komið auga á skynsamleg rök hjá honum frekar nú en þá. Þessi brtt., sem komin er fram, er stíluð gegn einum manni í landinu. *(JJ:* Gegn öllum þeim skuldugu). Hvers vegna leggur þá hv. þm. ekki til, að enginn embættismaður megi skulda?

Þetta hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), að hjá meiri hl. nefndarinnar væri staðan, en ekki starfið aðalatriði, var sagt alveg út í loftið. Það er ef til vill rjettast að benda á, hvað það er, sem virðist vaka fyrir þessum hv. þm. og hv. flm. brtt. Það er auðlesið milli línanna, að þeim er ekki kappsmál að fá þarna fiskifulltrúa. En reynslan mun skera úr um það, hvort heppilegra reynist að hafa þarna búsettan mann eða einhverja hlaupaskyttu. Það er alveg rangt að gera okkur upp þær sakir, að við leggjum mest kapp á, að staðan sje glæsileg. Hv. þm. (IP) fagnar því, að þessar umr. koma í þingtíðindunum, en jeg held, að það, sem hann hefir látið frá sjer fara um þetta mál, geti alveg eins verið gagnrýningu undirorpið eins og það, sem við hinir höfum lagt til málsins.

Það var eitt, sem hv. 5. landsk. mintist á, sem mjer fanst hafa við talsverð rök að styðjast. Hann sagði, að ekki væri gott,

að fiskifulltrúinn væri háður atvinnurekendum. Jeg er honum alveg samdóma um þetta. Jeg teldi mjög ilt, ef hann væri háður t. d. fiskútflytjendum. En þó að hann skuldi landsverslun, get jeg ekki sjeð, að það þurfi að vera neinn Þrándur í Götu fyrir því, að hann ræki sitt starf vel, og þar sem upplýst er, að samið er um skuld þessa umtalaða manns, er ennþá minni ástæða til að ætla, að hún hefði nokkur áhrif á starf hans. Það hefði verið miklu rjettara fyrir hv. 5. landsk. að hnýta því aftan við, að hann vildi bara ekki hafa þennan ákveðna mann, því að þetta ákvæði hans nær til svo margra, að það gæti beinlínis valdið því, að enginn yrði skipaður í stöðuna.

Einar Árnason: Mjer virðist umræðurnar um þetta frv. hafi nú verið alleinkennilegar. Það hefir komið fram nokkuð glögt, að ýms ákvæði frv. sýnist eiga að miða við einstakan mann. Það hefir verið talað persónulega um einn mann. Jeg þekki þennan mann ekki neitt og hafði enga hugmynd um, að hann skuldaði landsverslun, fyr en nú. Það skiftir mig líka ákaflega litlu, hvort þessi maður skuldar, og yfirleitt hvort hann er til eða ekki. En þegar um lagasetning er að ræða, sem tryggja á hagsmuni landsins og þjóðarheildarinnar, er sjálfsagt, að hagsmunir einstaklingsins verði að víkja. Hvað brtt. viðvíkur, þá er í henni tryggingarákvæði, og mun jeg hiklaust greiða henni atkvæði. Þeir, sem gegna opinberum embættum, eiga að vera svo sjálfstæðir og óháðir sem kostur er á. Fjárhagslegt sjálfstæði hlýtur altaf að verða grundvöllur skoðanasjálfstæðis og framkvæmdasjálfstæðis.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. er alls ekki miðað við ákveðinn mann, og það er alveg ástæðulaust að blanda þessum manni inn í umr. Það er auðvitað gott og nauðsynlegt, að menn sjeu óháðir. En ef út í það er farið og allir kallaðir öðrum háðir, sem skulda, þá erum við nú víst allir meira og minna háðir. Jeg er sannfærður um, að það er rjett, eins og líka hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) tók fram, að fjárhagslegt sjálfstæði er nauðsynlegt í þessu sem öðru, en ef þeir einir eiga að teljast fjárhagslega sjálfstæðir, er hvergi skulda, hygg jeg, að þeir muni þá ekki vera margir, sem fyrirfinnast slíkir.

Að síðustu vil jeg endurtaka það, að brtt. hv. 5. landsk. (JJ) er aðeins fram komin til þess að útiloka frá starfi þessu ákveðinn mann, sem honum er illa við, en ef allir ættu að vera útilokaðir, sem einhverjum skulda eitthvað, þá gengju margir frá, og það er vitaskuld mjög heimskulegt að álíta, að verra sje í þessu efni að skulda ríkinu eða ríkisstofnunum en einstökum mönnum.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Háttv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að það væri ekki rjett að gera mönnum upp getsakir í þessu máli. Jeg kannast ekki við að hafa gert hv. meiri hl. nefndarinnar getsakir í þessu máli. Jeg hefi aðeins skýrt frá málavöxtum eins og þeir eru, en háttv. þm. Vestm. ljet sjer sæma að gera mjer getsakir, er hann sagði, að jeg væri á móti öllum framkvæmdum til að greiða fyrir fiskmarkaði vorum á Spáni, og tel jeg því rjettara fyrir þennan háttv. þm. að moka fyrst frá sínum eigin dyrum, áður en hann átelur aðra. Hæstv. atvrh. (MG) sagði það ekki veikja gildi manna, þótt þeir skulduðu ríkinu, því það

mundi ekki verða misnotað; og getur vel verið, að þetta sje að einhverju leyti rjett; vil jeg að óreyndu trúa honum til þess að misnota ekki slíka aðstöðu. Hæstv. atvrh. (MG) veit ekki, hversu lengi hann heldur áfram að gegna því embætti, er nú hefir hann. Það virðist óneitanlega geta haft allmikil áhrif, hve há skuldarupphæðin er. Hugsanlegt er, ef um ótrygga skuld er að ræða, að það gæti haft úrslitaáhrif á veitingu embættisins, að þann veg væri auðveldara að innheimta skuldina en ella, með því að viðkomandi yrði þá færari um að greiða árlegar afborganir. Jeg veit ekkert um upphæð þeirrar skuldar, sem hjer ræðir um, en hitt veit jeg, að það geta komið fyrir þau tilfelli, sem brtt. gerir ráð fyrir, og nauðsynlegt er að koma í veg fyrir þau, ef kostur er.

ATKVGR.

Brtt. 140 feld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJ, SJ, EÁ, GÓ.

nei: JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, HSn, H-Steins.

Tveir þm. (IHB, SE) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 12).

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. gekk breytingarlaust gegnum hv. Ed., og jeg vona, að það fái eins góðar undirtektir hjer í deildinni.

Það er öllum kunnugt, að við höfum svo mikilla hagsmuna að gæta á Spáni og Ítalíu, að nauðsynlegt er að hafa þar fulltrúa. Tvö síðustu árin hefir að tilhlutun stjórnarinnar og beggja bankanna verið sendur maður suður þangað, til þess að grenslast um fiskmarkaðinn. En það fyrirkomulag verður ekki talið hagkvæmt, enda má búast við því, að ekki fáist ætíð hæfur maður í slíkar skottuferðir, og mun betra að maðurinn sje þar búsettur. Það hefir tvívegis komið fyrir, að sendimaðurinn hefir verið ferðbúinn heim, en þá fengið skeyti frá bönkunum hjer um að vera lengur. Þeir vildu hafa hann lengur þar syðra síðast, en hann var þá bundinn við störf hjer heima, sem hann varð að sinna.

Jeg leyfi mjer að óska, að máli þessu verði vísað til sjútvn. hjer, eins og gert var í hv. Ed.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að spyrja hæstv. atvrh. um tilhögun þessa starfs áður, þegar fiskifulltrúinn var á Spáni. Það er sagt, að þær skýrslur, sem hann sendi heim, hafi verið vendilega grafnar. Vil jeg leyfa mjer að spyrja, hvort meiningin er að halda því fyrirkomulagi áfram. Ef svo á að vera, skilst mjer, að þetta muni verða fulltrúi fárra manna, en ekki landsmanna í heild. Af því að þetta hefir komið fram m. a. á fiskiþinginu, finst mjer rjett að gefa hæstv. atvrh. ástæðu til að svara því. Annars finst mjer hæpið, að rjett sje að lögfesta þetta embætti, þar sem svo mikill sparnaðarandi ríkir, og það ekki síst hjá íhaldsliðinu. Og þó eru víst fleiri embætti, sem sá flokkur vill gjarnan fá lög-

fest. Rjettara held jeg væri að veita fje í fjárlögunum til þessa starfs, án þess að stofna lögfast embætti.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get ekki kannast við, að þessar skýrslur, sem sendar voru, hafi verið „vendilega grafnar", eins og hv. 2. þm. Reykv. komst að orði. Jeg veit raunar ekki með vissu, hvernig þessu hefir verið hagað á fyrra ári. Það getur hv. 2. þm. Rang. (KlJ) upplýst. En skýrslurnar voru að minsta kosti sendar þinginu, og það kalla jeg ekki að „grafa vendilega". En að birta skýrslurnar opinberlega í heild teldi jeg misráðið, þó auðvitað mætti birta úr þeim útdrætti. Fulltrúinn á að geta sagt trúnaðarmál, en væru skýrslurnar birtar opinberlega, mundi hann segja færra, og því minna gagn verða að. Það er líka allur fjöldinn, sem ekkert hefir með skýrslurnar að gera. Þeir, sem málin varða, hafa fengið að vita alt, sem máli skifti, og jeg býst við, að það verði eitthvað svipað í framtíðinni.

Hv. þm. fanst hæpið, að rjett væri að lögfesta embætti þarna syðra. Jeg veit ekki, hvort honum þykir þá betra að hafa þar mann tíma úr árinu; það verður víst lítið ódýrara.

Að bankarnir hafa boðist til að kosta manninn, sýnir, hve nauðsynlegt þeir álíta þetta embætti.

Háttv. þm. var að tala um sparnað. En hjer er svo mikilla hagsmuna að gæta, að það væri alveg óforsvaranlegt að hafa ekki þarna umboðsmann. Til Spánar og Ítalíu fer meira en helmingur af ársframleiðslu okkar. Þar eru staðhættir, verslunarhættir og hugsunarháttur mjög á annan veg en hjer, og jeg tel mjög mikilsvert að hafa þar fulltrúa, sem getur gefið rjettar skýrslur um ástand og horfur. Mjer skilst á hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hann álíti, að frv. sje komið fram vegna hagsmuna ákveðinna manna. En það er ekki rjett. Það er fram komið vegna fiskmarkaðsins yfirleitt, og sjest það best á ráðgerðri hluttöku bankanna í launagreiðslunni.

Jón Baldvinsson: Mjer heyrðist nú hæstv. atvrh. ekki vera alveg viss um nema þessar skýrslur kynnu að hafa verið grafnar. En þó að þær sjeu ekki grafnar fyrir þinginu og því sendar ársskýrslur, þá er það ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er, að það sje birt á hverjum tíma, hvernig markaðshorfurnar eru þar syðra. Ef það er ekki gert, þá er aðeins fáum mönnum gefið tækifæri á að kynna sjer skýrslurnar á kostnað annara landsmanna. Það má vel vera, að frá einhverju kunni að vera skýrt, sem ekki þykir hentugt að birta, en um markaðshorfurnar þurfa allir að vita. Þó skýrslurnar liggi í stjórnarráðinu, veit hæstv. atvrh., að ekki nota þær nema fáir menn þar. Þá talaði hæstv. atvrh. um það, að þeir, sem þessi mál varða, gætu fengið að sjá skýrslurnar. En hverja varðar þetta þá? Auðvitað alla landsmenn. Það er alveg eins og þetta væri gert fyrir fáeina menn, og svo varðaði aðra ekkert um það.

Annars geta þessar upplýsingar, sem hæstv. atvrh. hefir gefið, ekki teygt menn til þess að greiða frv. atkv., þó að þörf sje kannske fyrir manninn. Jeg skal ekki neita því, að svo kunni að vera. En nú bjóða bankarnir að greiða hluta launanna. Gæti þá ekki komið til mála, að þeir greiddu þau öll? Hæstv. ráðherra talaði um, að þetta væri nauðsynlegt starf. En maðurinn má þá ekki aðeins verða fulltrúi fárra manna.

Í sambandi við þessi lög mætti minna

á deilur, sem orðið hafa á fyrri þingum, er ákveðnir menn hafa með lögum verið settir í embætti. Hjer vita allir, að átt er við ákveðinn mann, sem þetta starf er ætlað. Svo var einnig um Guðmund Finnbogason, og sama máli er að gegna um grískudósentsembættið. En svo þegar á að fara að hrófla við þessum mönnum, þá kemur þetta sama, — sem raunar hefir nokkuð til síns máls, — að þetta sjeu svik við mennina.

Ágúst Flygenring: Það var út af þessu, sem hneykslaði hv. 2. þm. Reykv., að þessi sendimaður virtist eiga að vera fulltrúi aðeins fárra manna. En þó svo kynni að vera, að hann væri fyrir fáa menn, þá verður að líta á það, að hjer er um að ræða annan aðalatvinnuveg landsins, og þetta snertir meira en helming allra útfluttra vara, og þá er það fyrir landsmenn alla, hvernig sem á er litið. Það væri víst hægðarleikur að upplýsa, að ef þessi maður hefði verið á Spáni undanfarið, hefði hann getað afstýrt mörgu, sem komið hefir óþægilega við útflytjendur. Að þessu hafa ekki verið gefnar eins góðar gætur og vera bar. Hafa útflytjendur yfirleitt verið of tómlátir í þessum efnum. Þessi fulltrúi verður einmitt ekki fyrir stærstu útflytjendurna; það er mesti misskilningur, því þeir hafa sína umboðsmenn og fá upplýsingar beint frá þeim. Þetta fulltrúastarf verður beinlínis fyrir almenning og verður í framkvæmdinni þannig, að reynt verður að gera fiskmarkaðinn öruggari, vara við ýmsu, gefa matsmönnum upplýsingar um ýmislegt, t. d. hvernig varan þyrfti að breytast að því er snertir verkun, aðgreining, umbúðir o. s. frv., sem kunnugur maður einn getur gefið, maður, sem er kunnugur öllu, er að fiskveiðum og fiskverkun lýtur hjer, og sömuleiðis neytendum á Spáni. Þetta embætti er því mjög mikilsvert, og stjórnir þær, er hjer hafa verið undanfarið, hefðu sjálfsagt viljað koma því á, ef hægt hefði verið kostnaðarins vegna; á þá hliðina hefir um of verið einblínt undanfarið. Nú hafa bankarnir sjeð, að þetta mál snertir þá mjög, og fyrst þeir vilja taka þátt í kostnaðinum, er sjálfsagt að koma embættinu á.

Það þarf enginn að hneykslast á því, þó að starfið kunni að vera ætlað vissum manni. Það er sjálfsagt ekki um marga að velja, og þessi maður, sem flestir telja sjálfsagðan, hefir reynst ágætlega undantekningarlaust til þessa starfa.

Hvað skýrslurnar snertir, þá finst mjer sjálfsagt, að því sje hagað svo, að þeirra fái sem flestir að njóta, og ef eitthvað í þeim snertir allan almenning, t. d. hugsanleg breyting á fiskverkun eða þvílíkt, þá komi það fram opinberlega.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði alls ekki gert ráð fyrir, að jeg mundi taka til máls við þessa umræðu, og jeg ætla heldur ekkert út í efni frv. En orðaskiftin milli hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) út af birtingu skýrslnanna valda því, að jeg stend upp. Jeg býst við, að ekki hafi allir lesið fundargerð Fiskifjelagsins, sem birt er í febrúarblaði Ægis þ. á. Þar kemur fram merkilegt gagn í þessu máli, þar sem Magnús Sigurðsson bankastjóri ber fram viðaukatillögu, svo hljóðandi:

„og að skýrslur erindrekans verði birtar jafnóðum og þær berast hingað".

Þetta er samþykt af aðalfundi Fiskifjelagsins. Virðast hjer renna styrkar stoðir undir það, að birta beri skýrslurnar, þegar aðalfundur Fiskifjelagsins og banka-

stjóri Landsbankans eru á einu máli um, að svo skuli vera.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að jeg hefði viðurkent, að skjölin hefðu verið grafin. Jeg var nýbúinn að segja, að svo hefði ekki verið, og það kallar hann að viðurkenna. Það er ekki gott að deila við svona menn.

Jeg tók fram, að mjer væri ekki kunnugt um þetta í tíð fyrv. stjórnar, en nú hefir hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagt mjer, að verslunarráðið og Fiskifjelagið hafi fengið útdrætti. Ef þetta á að koma mjer við, þá getur það aðeins verið um síðustu ferðina fyrir áramótin. Jeg álít, að af stjórnarinnar hálfu þurfi ekki meira en að láta Fiskifjelagið hafa útdrátt. Fyrst það gefur út sjerstakt rit, ætti að vera hægt að birta þar það, sem þörf þykir á.

Hv. þm. hneykslaðist á því, að jeg taldi ekki upp, hverja þetta varðaði, og gekk út frá, að jeg meinti aðeins fáa menn. En þetta mál varðar alls ekki alla landsmenn. Margir bændur t. d. munu telja sjer það alveg óviðkomandi. En það væri auðvitað rjett að birta í Ægi það helsta úr skýrslunum. En jeg tek fram aftur, að sumt í skýrslunum er þess eðlis, að ekki er fært að birta það. Og jafnvel þó að bankastjóri Landsbankans komi fram með tillögu um, að skýrslurnar sjeu birtar, þá held jeg því fast fram, að ekki má birta þær í heild. Jeg get getið þess, að í síðustu ferð kom fram mál þannig vaxið, að alls ekki mátti birta það, og er efamál, hvort það má enn.

Hver stjórn gerir sína skyldu, ef hún lætur af hendi útdrátt, sem hún telur að eigi og megi birta. Svo ætti Fiskifjelagið að sjá um birtinguna.

Hv. þm. skaut því fram, að rjettast væri, að bankarnir borguðu öll launin. Mjer finst þeir gera vel að borga sinn þriðjunginn hvor. Það er svo sem ekki eingöngu í þágu bankanna, að þessi maður er sendur.

Hv. þm. gekk út frá, að frv. væri borið fram fyrir einstakan mann. En svo er ekki. Starfinu verður slegið upp og maðurinn ráðinn í samráði við bankana.

Annars kemur það glögt fram hjá hv. þm., að hann álítur ekki um nema einn mann að ræða, — ekki nema einn mann í landinu þessu starfi vaxinn, og skal jeg með ánægju taka tillit til þessara óbeinu meðmæla.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál, en þótt undarlegt megi virðast, eigum við hv. 2. þm. Reykv. (JBald) dálitla samleið hjer. Jeg vil skjóta því til væntanlegrar nefndar og hæstv. atvrh. (MG), hvort ekki muni vera hægt að hafa frv. á þann hátt, að stjórnin hafi heimild til að ráða til starfans mann, sem hefði samning segjum til 5—6 eða 8 ára. Það væri ekki lögfesting á stöðunni, og mætti því leggja hana niður, ef hæfa þætti, en kæmi þó í sama stað niður. Jeg treysti hæstv. núverandi landsstjórn til þess að ganga svo vel frá þessu máli, að góðum mönnum líki, en hinsvegar get jeg vitanlega ekkert um það sagt, hvernig næstu stjórnir mundu í því reynast.

Ef frv. verður að lögum, eins og sennilegt er að verði, verður að taka upp í fjárlögin nú fjárveitingu. Kann jeg betur við, að svo yrði gert, með því að ekki er sjáanlegt af lögum þessum, hvað ætti að borga. Þegar embættinu er slegið upp, vita menn um ákveðna stöðu, en ekki

ákveðin laun. Jeg skil það svo. En rjettara hefði jeg talið, að launaupphæðin hefði staðið í frv., því venjulegast mun það vera, enda líka sjálfsagt.

Án þess að jeg sje að setja mig á móti þessu máli, enda skifti það ekki miklu, til þess hefir það of öflugan stuðning hjer í hv. deild, hefði jeg kunnað betur við, eins og jeg hefi þegar tekið fram, að frv. gerði frekar ráð fyrir heimild fyrir stjórnina til samninga, en ekki öðruvísi. Jeg býst við, að málið verði borið undir báða bankana, þótt ekki sje sýnilegt af aths. við frv. annað en að það sje aðeins borið undir Íslandsbanka. Þó hv. Alþingi hafi máske vald til að leggja þessa kvöð á Landsbankann án hans samþykkis, hefði jeg þó kunnað betur við það, að umsögn bankastjórnar þess banka hefði legið fyrir, jafnhliða umsögn Íslandsbanka. Um það, sem háttv. 2. þm. Reykv. sagði um, að bönkunum bæri að borga alt, álít jeg rjettara, að landið borgi ⅓.

Þá kem jeg að atriðinu um skýrslurnar og verð þá að segja það, að ef landsmenn vita ekki um jafnþýðingarmikið atriði og markaðshorfurnar eru, fyr en eftir dúk og disk, þá hverfur það þýðingarmesta, sem talið er því til gildis að stofna þetta embætti.

Jeg skal nú láta útrætt um málið að þessu sinni. Jeg býst við, að það fari til nefndar, en það er ekki gott að segja, hvort það á frekar heima í sjútvn. en í fjhn. Jeg býst líka við, að það sjeu vel glöggskygnir menn í fjhn. engu síður en í sjútvn., en tel það þó aukaatriði, til hvaða nefndar því er vísað, en því verður ekki neitað, að frv. felur í sjer ekki svo lítið fjárhagsatriði.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að þetta varðaði ekki bændur. en mjer finst skýrslurnar varða alla. Ýmsir bændur hafa áhuga á útvegsmálum og eiga jafnvel fje sitt í útvegi. Og til eru líka útvegsbændur. Jeg álít, að skýrslurnar eigi að birta undir eins í dagblöðunum hjer í Reykjavík. Um Ægi ber þess að gæta, að hann kemur út aðeins einu sinni í mánuði, og ef skýrslurnar væru birtar þar, er hætt við, að þær kæmu nokkuð seint. Jeg hefi ekki haldið því fram, að skýrslur sendimannsins ætti að birta orði til orðs. Þetta atriði, skýrslubirtingin, er að sjálfsögðu þess eðlis, að landsmenn eiga heimtingu á að fá að vita um það, en ekki einungis fáeinir menn.

Hæstv. atvrh. (MG) sagðist mundu slá upp þessu embætti, og svo yrði það veitt hæfasta manninum, sem völ væri á. En honum þýðir ekki þessi skollaleikur, hæstv. atvrh., því að vitanlegt er, að einn ákveðinn maður fær þetta starf, og þó að jeg nefndi þetta, þarf hæstv. atvrh. ekki að taka það sem nein meðmæli. Jeg gerði hvorki að lofa manninn nje lasta.

En hvað kostar nú þetta alt saman? Jeg hefi ekki tekið eftir, að hæstv. atvrh. hafi getið um það. Það mætti þó ætla, að það væri talsvert þýðingarmikið atriði, þó að jeg leggi ekki áherslu á það við þessa umr., ef hæstv. atvrh. er ekki tilbúinn að svara.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Barð. (HK) óskar samnings til 5—6 ára, en vill ekki að lög sjeu sett um þetta. En það er verra fyrir landssjóð, því að ef samningurinn er gerður, er hann bundinn, en á hinn bóginn getur Alþingi breytt lögum þegar það vill.

Háttv. þm. Barð. (HK) bjóst við, að launahlutinn yrði tekinn upp í fjárlögin nú. Mig minnir, að teknar væru upp 10 þúsund krónur eins og áður. *(HK:* Er

það sá hluti?). Jeg vil benda hv. þm. á það, að ef lög eru sett á þingi, er hafa aukin útgjöld í för með sjer, má greiða þau útgjöld úr ríkissjóði af tekjum næsta árs, sbr. 26. gr. fjárlagafrv. Það er rjett, að engin yfirlýsing hefir komið frá Landsbankanum út af launagreiðslunni, heldur aðeins frá Íslandsbanka, og er það vegna þess, að gengið var út frá því, að hann greiddi sinn hluta, þótt embættið verði fest með lögum, eins og þegar maður var hafður í því á hlaupum.

Hv. þm. Barð. (HK) talaði um, að sjer fyndist eðlilegast, að málið færi til fjhn., en þingsköp mæla svo fyrir. að hvert mál fari til sömu nefndar í báðum deildum. Nú var þetta í sjútvn. í Ed. Þá á það eins að fara til sjútvn. hjer.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann hneykslaðist á því, að jeg hafi sagt, að þetta varðaði ekki bændur yfirleitt. *(JBald:* Varðaði ekki bændur, en ekki bændur yfirleitt). Nú, jeg játa, að þetta „yfirleitt" hefði átt að vera. Það var þá gott fyrir hv. 2. þm. Reykv., að nú gat hann fengið snaga til að hengja hattinn sinn á. Jeg efast um, að hann vilji lýsa því yfir, að hann taki skýrslurnar í það dagblað, sem vænta má, að honum standi næst, enda efast jeg um, að það hafi rúm til þess, og dreg jeg það af því, að jeg veit ekki betur en að það blað flytji stundum útlendar frjettir viku eftir að þær koma. Ef svo væri einnig með aflaskýrslurnar, verður það litlu betra en þótt Ægir flytti þær.

Mjer er sama, hvað hv. 2. þm. Reykv. segir um að það sje einn ákveðinn maður, sem fái embættið. Jeg hefi tekið það fram, að um það er ekkert ákveðið enn. Og þótt hv. 2. þm. Reykv. hafi gefið meðmæli sín í ógáti, þá skulu þau verða tekin til greina eins fyrir því.

Enn er kostnaðurinn ekki ákveðinn. En jeg get upplýst, að þessi maður hefir haft £ 100 á mánuði. Frekari upplýsingar get jeg ekki gefið um það atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 279, 329).

Frsm. (Jakob Möller): Eins og nál. ber með sjer, er öll nefndin sammála um aðalefni frv., það, að brýn nauðsyn sje á að hafa fulltrúa þar syðra. Ágreiningur er hins vegar um aukaatriði.

Meiri hl. lítur svo á, að úr því að viðurkend er full nauðsyn á að hafa mann í þessari stöðu, þá sje sjálfsagt, að staðan sje föst. Með þeim hætti einum virðist fengin fullkomin trygging fyrir því, að hæfur maður fáist í embættið, sem annars er óvíst um að fáist, og jafnvel að nokkur fáist í stöðuna.

Þótt veitt sje fje til þessarar stöðu í fjárlögum, verður að gæta þess, að sá maður, er í stöðuna kynni að fást, hefir ekkert til að byggja á. Starfið er mjög þýðingarmikið, þar sem þessi maður myndi verða milliliður milli ísl. fiskframleiðenda og spánskra fiskkaupenda og gefa upplýsingar um markaðshorfur. Hefir reynslan þegar sýnt, að starf þessa manns hefir komið að góðu gagni, enda þótt það hafi aðeins verið rækt á hlaupum. Þá er það og ekki síður þýðingarmikið að kynna sjer kröfur neytenda um vörumeðferð, sem annars kynni að taka þeim breytingum, er vjer fylgdumst ekki með í. Þótt

fiskimatsmenn sjeu sendir út öðruhvoru, kemur það ekki að fullu gagni, þar sem langt líður á milli. Þó tel jeg sjálfsagt, að þeir færu þessar ferðir eftir sem áður. En annars er enginn ágreiningur um nytsemi þessarar stöðu, og þarf jeg því ekki að fara fleiri orðum um það atriði.

Eins og menn sjá, hefir einn nefndarmanna borið fram brtt. við frv. Fer hún fram á, að ákveða skuli laun fulltrúans í frv. Meiri hl. nefndarinnar vildi þó ekki bera slíka till. fram, þótt nefndarmenn hafi annars óbundin atkv. um hana. Meiri hl. gat ekki sjeð, að ákvæði þetta væri nauðsynlegt, enda þótt hann gæti viðurkent, að vel færi á því. En þess er að gæta, að gert er ráð fyrir, að manni þessum verði greidd laun sín af þrem aðilum, ríkissjóði, Landsbankanum og Íslandsbanka. Það virðist því langeðlilegast, að launaupphæðin verði samningsatriði milli þessara aðilja. Ennfremur virðist skorta nægan undirbúning og upplýsingar um það, hve há launin þurfa að vera. Að vísu má afla sjer vitneskju um laun erlendra sendimanna, en óvíst er, hvort þau væru sambærileg. Verksvið þessa sendimanns yrði allvíðtækt og auk þess yrði hann ekki bundinn við ákveðinn stað. Þingið ætti og að geta treyst því, að þessir þrír aðiljar semdu með sjer um launin, svo að allir mættu vel við una.

Ásgeir Ásgeirsson: Eins og hv. frsm. nefndarinnar (JakM) tók fram, er lítill ágreiningur um þörf þessa embættis. Þess er þörf bæði til þess að fylgjast með verðbreytingum á Spáni og kröfum um vörugæði og kvörtunum, sem fram kunna að koma, og eins til þess að stuðla að aukinni fisksölu bæði á gömlum stöðum og nýjum.

Álits stjórna Landsbankans, Íslandsbanka og Fiskifjelagsins hefir sjávarútvegsnefnd leitað um þetta mál, og hafa svör borist frá öllum. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr svörum þessum, þar eð þau hafa ekki verið birt í nefndarálitinu. Stjórn Landsbankans segir svo í svari sínu.

„Landsbankastjórnin er þeirrar skoðunar, að það sje hin mesta nauðsyn fyrir landið að hafa verslunarfróðan erindreka á Spáni og Ítalíu, þeim löndum, sem kaupa meginhluta af fiskafurðum vorum. Að voru áliti ætti hlutverk slíks verslunarerindreka eigi aðeins að vera það að útvega ábyggilegar markaðsfrjettir, heldur einnig að *vinna að aukinni sölu fiskjarins* á gömlum neyslustöðum og reyna að koma honum inn á nýjum stöðum. Frá honum ættu að koma leiðbeiningar um þær breytingar, sem kynnu að vera æskilegar á verkun fiskjarins, sendingarmáta o. fl. þ. h. Þá mætti ennfremur búast við, að hann gæti greitt fyrir endurbótum á sjálfri fisksölunni, og væri það eigi þýðingarminst. Reynsla undanfarinna ára sýnir, að á því sviði er mikil umbótaþörf".

Vil jeg því næst leyfa mjer að lesa upp ummæli Fiskifjelagsstjórnarinnar, sem ganga í svipaða átt:

„Vjer álítum, að það geti haft mjög mikið að þýða fyrir fiskmarkað vorn í Miðjarðarhafslöndunum, að þar væri búsettur maður, sem stöðugt gæfi upplýsingar um þær breytingar, sem verða þar með verð og innflutning á fiski þangað, og sömuleiðis kynni sjer þær kvartanir, sem kaupendur þar öðruhvoru eru að gera yfir förmum, sem hjeðan koma. Þetta er því nauðsynlegra, þar sem fiskimatsmenn vorir eiga sjaldan tækifæri til að fara

þangað og kynnast þeim framförum, sem aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, eru að gera viðvíkjandi framleiðslu sinni.

Starf þessa manns er að miklu leyti gagnslaust, ef ekki aðrir en bankarnir og einstakir menn eiga kost á að kynnast skýrslum fiskifulltrúans, og ætti því að gera þá kröfu jafnframt, að skýrslur hans væru birtar opinberlega framleiðendum til leiðbeiningar.

Ennfremur teljum vjer sjálfsagt, að fiskifulltrúanum beri að svara fyrirspurnum frá Fiskifjelagi Íslands um þau atriði, er snerta fiskmarkaðinn".

Af því, sem jeg nú hefi lesið, sjest, að ekki er neinn ágreiningur um nauðsyn þess að hafa fulltrúa þar syðra. Um kostnaðarhliðina er öðru máli að gegna. Landsbankinn skorast undan að taka þátt í að launa fulltrúann, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa ummæli bankastjórnarinnar:

„Landsbankinn hefir að vísu tekið þátt í kostnaði við, að erindreki hefir verið sendur til Spánar tvö undanfarin ár, og dvaldi hann þar þó aðeins 3—4 mánuði hvort árið. Þessi þátttaka bankans bygðist á því, að þessi ár var markaðurinn sjerstaklega varhugaverður, og þar sem eigi virtist með öðru móti hægt að koma málinu í framkvæmd, tók bankinn þátt í kostnaði við þessa sendiför sem bráðabirgðaúrræði. Hitt hefir oss aldrei komið til hugar, að til frambúðar yrði málinu ráðið til lykta á þennan hátt, að Landsbankinn tæki þátt í að greiða kostnað við erindrekastarfsemina. Hjer er að ræða um starf, sem er í þágu þjóðarinnar í heild, þótt það sje sjerstaklega í þágu annars aðalatvinnuvegs landsmanna. Oss virðist því augljóst, að kostnaðinn við þetta starf beri að greiða úr ríkissjóði. Þó virðist oss, að komið gæti til mála að leggja sjerstakt viðbótarútflutningsgjald á sjávarafurðir til þess að standast kostnað við starfið. Þessi leið er þó með öllu ný og gæti átt við fleiri opinberar stöður, og mætti þá svo fara, að erfitt yrði og vandasamt að skifta þeim kostnaði á rjetta hlutaðeigendur.

Vjer fáum ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til, að Landsbankinn taki þátt í kostnaði við þessa stöðu frekar en ýmsar aðrar opinberar stöður, sem eru bankanum óviðkomandi, og getum því eigi fallist á ákyæði greinarinnar í þessu efni."

Þessi ummæli Landsbankastjórnarinnar hefi jeg ekki, fremur en aðrir nefndarmenn, fallist á. Enda þótt segja megi, að fje Landsbankans og ríkissjóðs sje úr sama vasa, virðist þó heppilegra til samræmis við þátttöku Íslandsbanka í kostnaðinum, að Landsbankinn greiði og sinn hluta. Stjórn Íslandsbanka færir góð rök fyrir þessu, þar sem hún segir svo:

„Upplýsingar þessar eru sjerstaklega nauðsynlegar fyrir alla fiskframleiðendur og geta haft mikil áhrif á fiskverðið. Þær eru framleiðendum trygging fyrir því, að fiskkaupendurnir geri hæfilegt boð í fiskinn.

Þátttaka landsins í kostnaðinum byggist á þessari hlið málsins, hagsmunum þegnanna, en þátttaka bankans eða bankanna byggist auk þeirra hagsmuna, sem þeir kunna að eiga að gæta hjá framleiðendum, einkum á því, að það er oft og tíðum bráðnauðsynlegt vegna fisksölunnar að hafa á Spáni og Ítalíu mann, sem bankarnir, er svo ber undir, geta falið að sjá blátt áfram um sölu á fiski, svo sem þegar erlendur kaupandi getur ekki eða vill ekki uppfylla gerða samninga við íslenska fiskikaupmenn, sem hafa fengið peningana að meira eða minna leyti að láni hjá bönkunum hjer",

Jeg verð fyrir mitt leyti að fylgja ákvæðum frv. í þessu efni. Efni brtt. minnar er um annað. Þar sem jeg felst á, að kostnaðurinn skiftist í þrjá staði, tel jeg og heppilegt, að fulltrúinn sje skipaður eftir tillögum þeirra þriggja aðilja, sem kostnaðinn greiða, og Fiskifjelags Íslands, sem þessum málum er kunnugast. Þá hefi jeg og lagt til, að fulltrúinn verði aðeins skipaður til 5 ára fyrst um sinn. Vil jeg því til stuðnings leyfa mjer að benda á ummæli Fiskifjelagsins:

„Vjer álítum, að skipun fiskifulltrúa ætti að vera bundin við eitthvert vist tímabil, t. d. 4—5 ár.“

Það er vandi annara þjóða, er þær senda nýja fulltrúa, að ákveða, hve langan tíma þeir skuli sitja fyrst um sinn. Úr því að Danir láta sjer sæma að senda sendiherra eða Charge d'affaires til fimm ára, ættum vjer að geta gert það sama um fiskifulltrúa. Auk þess mundi ekkert tjón verða að því, þótt fulltrúinn hefði nokkurt aðhald á þennan hátt. Ef hann leysir starf sitt vel af hendi, svo að stjórnir bankanna og Fiskifjelagsins sjeu ánægðar með, er hann eins fastur í sessi eins og þótt staða hans væri þegar gerð að föstu embætti. Jeg vil því leggja áherslu á, að tíminn sje ekki ákveðinn lengri en þetta.

Þá kem jeg að brtt. um laun fulltrúans og leyfi mjer þá að lesa upp það, sem stjórn Landsbankans segir um það atriði í brjefi sínu. Hún fer um þetta svofeldum orðum:

„Í 3. gr. er ákveðið, að laun fulltrúans skuli ákveðin af landsstjórninni að fengnum till. bankanna. Hver sem úrslitin verða um það, á hvern hátt launin greiðast, þá virðist oss alveg sjálfsagt, að launin sjeu *ákveðin í lögunum sjálfum.*“

Það er rjett hjá Landsbankastjórninni, að óhæfilegt er að setja engin föst launaákvæði í lögin. Það er svo jafnan þegar embætti eru stofnuð, að um leið er ákveðið um launakjörin. Alþingi setur embættið á stofn og ákveður launin, sem venjulega fara eftir sjerþekkingu mannsins og kostnaði við að framfleyta lífinu á hverjum stað, og á þessi regla eins við, hvort sem ríkið launar manninum að öllu leyti sjálft eða ekki. Hinsvegar er því ekki að leyna, að mörgum finst kostnaður við þennan sendimann undanfarið hafa verið nokkuð hár, þar sem honum hafa verið greiddar 20 þús. kr. í 4 mánuði, eða sem svarar 60 þús. kr. yfir árið. Sendiherra Norðmanna á Spáni, sem vegna stöðu sinnar hefir þó meiri skyldur, kostar ekki nema 45—50 þús. kr. á ári. Jeg þykist hafa farið allhátt, er jeg legg til, að árslaunin verði 12000 kr. að viðbættri upphæð, sem Alþingi ákveður árlega, og miða jeg till. mína við kjör „generalkonsúla“ Norðmanna, sem hafa 13 þús. kr. í föst laun. „Generalkonsúll“ þeirra í Genua hefir þar að auki 6000 kr. staðaruppbót, auk nokkurs skrifstofufjár. Það er óviðkunnanlegt, að föst laun einfalds fiskifulltrúa fari fram úr ráðherralaunum. — Annars hafa Norðmenn engan slíkan fulltrúa sem þennan á Spáni, svo hægt sje að miða við laun hans. Aftur á móti hafa þeir þar sendiherra, sem hefir 20 þús. kr. í föst laun og 10 þús. kr. staðaruppbót. Auk þess má geta þess, að Norðmenn greiða sínum mönnum í viðbót 50% af staðaruppbótinni, ef þeir eru kvæntir, og ennfremur 10% af sömu uppbót fyrir hvert barn, sem þeir eiga. Ættum við hjer líka að taka tillit til framfærslukostnaðar.

Jeg skal ekki um það segja, hvort jeg hefi hitt á það rjetta í till. mínum, en væntanlega láta þeir þá til sín heyra, sem

betur sjá. — En því verð jeg að halda fram, að það sje engu meiri vandi fyrir þingið að ákveða laun þessa fulltrúa heldur en fyrir hæstv. stjórn. Von bráðar þarf hún að fara að semja um þetta, og því ættu eins nú allar upplýsingar þessu viðvíkjandi að geta legið fyrir þinginu.

Það hefir verið sagt, að öðru máli sje að gegna um þennan sendimann en sendimenn annara ríkja yfirleitt, þar sem verksviðið væri miklu stærra. Þetta er að vissu leyti rjett, en þess má geta, að sumar þjóðir hafa þó einn sendimann fyrir mörg ríki. Auk þess kemur þetta ekki til greina, þar sem gert er ráð fyrir, að ferðakostnaður greiðist sjerstaklega og af sömu aðiljum og launin. Raunar hefi jeg heyrt því haldið fram, að ráðlegast myndi vera að semja við fulltrúann um föst laun, og láta hann svo bera allan kostnaðinn af ferðum sínum. En þessu er jeg mótfallinn. Jeg vil ekki láta það verða eiginhagsmunahvöt fyrir fulltrúann að ferðast sem minst, heldur á hann að ferðast hvenær sem nauðsyn krefur. Því á allur slíkur kostnaður að greiðast af ríkinu og þeim öðrum, sem kaupið greiða.

Að lokum vil jeg geta þess, að í nál. hv. Ed. virðist vera ætlast til þess, að sendimaðurinn verði á sínum tíma gerður að sendiherra, og er í því sambandi vitnað til 7. gr. sambandslaganna. En það er misskilningur hjá hv. nefnd, ef hún heldur, að sú grein gefi nokkra heimild til slíks. Munu og flestir játa, að þessi sendimaður okkar sje ekki skipaður af „diplomatiskum" ástæðum, heldur vegna atvinnuveganna. Hann er ekki fulltrúi vor á sama hátt og Sveinn Björnsson var það í Kaupmannahöfn, enda myndi það aðeins auka kostnaðinn, en ekki gagnið af embættinu, að fara að gera það „diplomatiskt"

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þykir vænt um, hvern veg háttv. nefnd hefir tekið í frv. þetta og þakka henni fyrir það. Er mjer kunnugt um, að það hefir verið mikið áhugamál allra þeirra, sem hlut eiga að máli, að fá fulltrúa þarna syðra. Út af ræðu háttv. frsm. meiri hl. (JakM) hefi jeg lítið að segja. En mjer skildist hann halda því fram, að ferðir fiskimatsmanna til Spánar gætu haft áhrif á fiskverkunina, og er jeg því samdóma, að gott væri, að þeir gætu brugðið sjer suður eftir á hverjum 5—10 árum til að kynna sjer óskir Spánverja í þessu efni og afla sjer upplýsinga um þær breytingar, sem kröfur þeirra kynnu að taka. Háttv. meiri hl. nefndarinnar telur vel fara á því, að launin sjeu ákveðin í lögunum, en hann hefir samt ekki treyst sjer til að ákveða þau. Annars liggur það í augum uppi, að þar sem þrír aðiljar eiga að greiða launin, þá fer ekki vel á því, að einn aðilinn ráði þeim, jafnvel þó það sje sterkasti aðilinn. Annars er nauðsynlegt, að þessu máli sje flýtt. Líður varla sá dagur, að jeg sje ekki spurður, hvort ekki sje hægt að fara að senda fulltrúann suður eftir, og jeg veit, að Íslandsbanki telur mjög nauðsynlegt, að það sje gert fljótt vegna yfirvofandi trufluunar á fiskmarkaðinum.

Um birtingu skýrslnanna, sem fulltrúinn sendir heim, þá tel jeg sjálfsagt, að „Ægir" fái útdrátt úr þeim, en hinsvegar kemur ekki til mála, að þær verði birtar allar, þar sem það myndi leiða til þess, að fulltrúinn segði miklu minna en ella, eða m. ö. o. það, sem allir mega vita. En það er ekki hentugt, að alt komi til al-

mennings, sem hann á að geta trúað stjórninni fyrir.

Þá er það gefinn hlutur, að fulltrúinn muni svara fyrirspurnum Fiskifjelags Íslands og annara, eftir því sem hann kemst yfir og tími vinst til, þó ekki sje hægt að skuldbinda hann í þessu efni. — Hvað viðvíkur mótmælum Landsbankans, sem háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) las, þá er því að svara, að úr því að annar bankinn telur sig hafa hag af sendiförinni, þá má telja víst, að hinn hafi það líka og geti þá eins staðið sig við að borga nokkurt tillag í þessu skyni, þó hann skiljanlega vilji ekki til langframa binda sig í því efni. En það lítur svo út í mínum augum, að ekki sje varhugavert að leggja þessa kvöð á bankann. Mun það sýna sig, að fje það, sem til þessa fer, mun koma margfalt aftur. Er sýnilegur hagur að því fyrir báða bankana að hafa á þessum slóðum kunnugan mann, sem þeir geta jafnan leitað upplýsinga hjá um það, hvort viðskiftamenn þeirra eigi að selja fisk sinn eða ekki. Það er að vísu satt, að starfið er í þágu alþjóðar, enda er það viðurkent með því, að ríkið tekur á sig ⅓ kostnaðarins. En það teldi jeg varhugaverða braut að fara inn á, að gera sjerreikning fyrir hvern atvinnuveg og kostnað út af þeim. Jeg get ekki skilið, að það geti leitt til neins góðs, hvorki fyrir atvinnuvegina sjálfa nje gott samkomulag í landinu yfirleitt.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um, hve kostnaðurinn hefði verið mikill af sendiförinni þessi síðustu tvö ár. En það er auðsætt, að kostnaðurinn verður hlutfallslega miklu minni, ef fulltrúinn dvelur um kyrt alt árið, bæði vegna þess, að alt uppihaldið verður mun dýrara hlutfallslega, ef um stuttar dvalir er að ræða, og auk þess skiftist þá ferðakostnaðurinn á færri mánuði. Um brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um að fulltrúinn skuli skipaður eftir till. Landsbankans og Íslandsbanka, þá vil jeg aðeins segja það, að till. má ekki vera þannig orðuð, — því hvernig fer, ef bankarnir tilnefna ekki sama manninn? Þá er miklu nær að láta stjórnina skipa fulltrúann, en láta hana ráðgast við bankana. Hitt er ekki hægt. Eigi t. d. Fiskifjelag Íslands líka að koma með sína till. um valið, þá geta komið fram óþægilega margar skoðanir. Stjórnin hefir þó ekki alveg óbundnar hendur, þar sem til þess er ætlast, að hún ráðgist um við bankana, og ættu menn að láta það nægja. Þá skil jeg ekki heldur, hvers vegna nauðsynlegt er að binda skipun fulltrúans við vissan árafjölda. Það er ekki alveg víst, að á honum þurfi að halda í mörg ár, þó jeg reyndar telji útilokað, að við þurfum hans ekki í 5 ár, og landssjóðs vegna er ekki betra að binda skipunartímann. Tel jeg því ekki ástæðu til að setja ákvæði um þetta í lögin.

Þá segir háttv. þm. V.-Ísf., að það sje jafnan siður, er embætti eru sett á stofn, að ákveða jafnframt launakjörin með lögum. En þetta á sjer samt ekki nærri altaf stað. Auk þess stendur hjer líka svo á, að ríkið er ekki eitt um að ákveða launin. Háttv. þm. (ÁÁ) hefir heldur ekki komið fram með ákveðnar till. um þetta í sinni brtt. Er þar aðeins ákveðið, að föstu launin skuli vera 12 þús. kr. og síðan skal viðbætt staðaruppbót í fjárlögum. Vita og allir, að fulltrúinn kemst ekki af með 12 þús. kr. á ári, en fyrst hámarkslaunin eru ekki ákveðin, þá hefir þetta ákvæði enga þýðingu. Verð jeg því að mæla á móti brtt. hv. þm. (ÁÁ) og óska eftir, að frv. gangi óbreytt til 3.

umræðu eins og það fór í gegnum háttv. efri deild.

Helst myndi jeg kjósa, að laun og ferðakostnaður væru ákveðin í einu lagi, svo sjeð yrði, hvað kostnaðurinn yrði mikill allur. Annars er ekki víst, að ríkið greiði allan ferðakostnað fulltrúans. Má vel vera, að hann fari stundum í erindum fyrir einstaka menn vissar ferðir, og þá myndu þeir að sjálfsögðu bera kostnaðinn af þeim. Annars verður hann að haga ferðum sínum eftir því, sem hann sjer nauðsyn bera til. Yfirleitt verð jeg að álíta, að þessum málum sje best borgið með samkomulagi milli mannsins annarsvegar og stjórnar og banka hinsvegar.

Bjarni Jónsson: Jeg mundi ekki hafa viljað þreyta hv. deild með því að tala um þetta mál, ef jeg þyrfti ekki að leiðrjetta misminni, sem mjer varð um daginn, þegar jeg talaði um sendiherrann, að hann hefði farið til Spánar í samningserindum. Það var ári fyr, 1921, sem afstýrt var aukaþingi, sem hefði leitt af því, hefði tollurinn á Spáni komist á. En það var ekki sendiherrann, sem var þar staddur fyrir Íslands hönd, heldur var það Gunnar Egilson. Koma því þær 7 milj. kr., sem spöruðust í tolli, á 1921, en ekki 1922.

Auðvitað hefir minn útreikningur það sönnunargildi, þótt annar maður hafi átt þarna í hlut, að sýna, hversu það er oss nauðsynlegt að hafa sendimenn erlendis. Auðvitað voru með Spánarsamningum á hverju ári sparaðar 7—10 milj. kr., miðað við það, hefði tollurinn komist á.

Þetta misminni mitt vildi jeg aðeins leiðrjetta, til þess að menn haldi ekki, að mjer hafi verið þetta ókunnugt. Enda hefi jeg skrifað í „Andvöku“ áður um þessa sendiferð Gunnars Egilsonar. Annars hefi jeg ætíð verið fylgjandi því, að Ísland hefði sendimann í Miðjarðarhafslöndunum. En jeg hefi líka haldið hinu fast fram, og geri enn, að samkv. sambandslögunum, 7. gr. 3. lið, eigi að vera sendimaður erlendis til þess að annast sjerstaka samninga og önnur störf. En hann á að vera eftir eðli þeirra starfa stjórnmálasendimaður eða „diplomat“. Ef það er sendiherra, sem hefir slík erindi með höndum, á hann hvarvetna greiðari aðgang og þjóðirnar meta hann meira heldur en sendimann frá einhverju fyrirtæki, hlutafjelagi, banka eða þvílíkum stofnunum. Og jeg skil ekki, hvers vegna stjórnin hefir látið sjer koma í hug að senda mann í þessi lönd með öðrum hætti en þessum. Þegar við vorum að semja 7. gr., var einmitt gert ráð fyrir slíkum tilfellum. Jeg þykist vita, að menn segi, að maðurinn þurfi að vera meira en um stundarsakir og geti því ekki heyrt undir þennan lið. En það er misskilningur. Hann getur þurft að vera einn tímann á Spáni, Ítalíu og svo Grikklandi, ef menn kunna að meta markaðinn þar. Þess vegna getur hann verið altaf í Miðjarðarhafslöndunum, og þó um stundarsakir.

Á þetta er bent til þess að sýna, hvernig á að nota 7. gr., einmitt þennan lið hennar. En í stað þess að gera það, gerir stjórnin út mann, sem er hvorki fugl nje fiskur. En af því að jeg mun í fyrirspurn minni til utanríkisráðherrans koma inn á þetta, rek jeg það ekki lengur nú; en jeg ákæri hæstv. stjórn og Alþingi fyrir ranga meðferð á 7. gr. sambandslaganna.

Einn háttv. þm. sagði, að þessi maður ætti að vera atvinnuerindreki, en ekki eins og sendiherrann í Kaupmannahöfn hefir verið. Hann var líka atvinnuerindreki. Hann fór til Spánar og gerði samn-

inga um atvinnumál; hann fór til Noregs og gerði samninga um verslunarviðskifti. Yfirleitt eru allir þessir sendimenn einkum atvinnuerindrekar. Það er ekki á hverju ári, sem sendiherrar þurfa að semja um stjórnarmál. Auðvitað hafa þeir fleiri störf með höndum; og það er aðalstarf allra sendimanna að vera atvinnuerindrekar. Svo þetta sker ekki neitt úr hjer.

En auk þessarar miklu vanrækslu á 7.. gr. sambandslaganna er líka annað atriði í þessu sambandi, sem er allfurðulegt. Það er furðulegt, að það skuli koma fyrir, að frv. sje lagt fram um það að stofna opinbert embætti, þar sem ríkissjóður eigi að greiða ⅓ launa, en svo eigi tvær stofnanir í landinu að greiða hina ⅔. Það er þó hóti skárra með Landsbankann, af því að ríkið á bankann og á rjett á þessu, ef það vill heldur taka fjeð úr þeim vasa heldur en ríkissjóðs vasa. En það er hálfundarlegt, þegar er nefndur banki, sem er hlutafjelag og löggjafarvaldið hefir ekki neinn rjett til að skipa á þennan hátt frekar en hverjum einum manni í landinu. *(Atvrh. MG:* Hann hefir boðið þetta fram). Það mætti því búast eins við, að á næsta ári kæmu lög um það, að þetta og þetta embætti skuli stofna, og borgi ríkissjóður $^1/_{10}$ launa, en 9 útgerðarmenn hver sinn hlut, eða þá 9 bændur.

Hæstv. atvrh. tók fram í og sagði, að bankinn hefði boðið þetta fram. Getur verið, að hæstv. stjórn viti, að þetta verður ekki gert ónýtt; en aðferðin og útlitið á pappírnum og það, sem í sjálfu sjer er farið fram á, er jafnandstyggilegt fyrir því. Ríkið er að láta einstaka menn og stofnanir borga kostnað við starfsmannahald, sem eingöngu á að hvíla á þjóðfjelaginu í heild. Því þetta embætti, sem um er að ræða, er til gagns öllum þegnum ríkisins. Og ágóði er enginn af þessu, því það mætti vafalaust finna aðrar leiðir til þess að hafa þetta upp á bankanum. Það væri þó skárra að leggja á sjerstakan sendimannaskatt og láta svo heita, að ríkið launaði sínum mönnum. Líka mætti auka útflutningstollinn. Þeir voru nú að segja það að gamni sínu, að hvað sem fyrir kæmi, væri það altaf fangaráðið að hækka útflutningsgjald. Það mætti þó hafa einhver önnur ráð til þess að borga sendimönnum en að ákveða með lögum, að sjerstakar stofnanir taki þær byrðar á sig, hvort sem þeim kynni að líka betur eða ver. Ágóðinn af því er enginn, en skömmin mikil.

Þetta segi jeg ekki af því, að jeg ætli að leggjast á móti frv. stjórnarinnar. Jeg skal segja hv. deild, af hverju jeg greiði atkv. með frv., þó að jeg álíti það illa úr garði gert. Það er af því, að jeg hefi enga von um að geta nokkurntíma sannfært háttv. þm. um það, sem rjett er í þessu máli. Það er nefnilega svo einfalt, að þeir koma víst ekki auga á það nú fyrst um sinn.

Jón Baldvinsson: Jeg þarf ekki að segja mikið að þessu sinni, því að við 1. umr. málsins gerði jeg grein fyrir afstöðu minni. Jeg get ekki fallist á að samþykkja frv., sem liggur fyrir. Þegar fyrst var rætt um að veita fje til erindreka í Miðjarðarhafslöndunum í fjárlögum, þá vildi jeg samþykkja það, af því að hann átti fyrst og fremst að vera til þess að útvega nýjan markað. En jeg skal játa, að jeg hefi ekki heyrt, að mikill árangur hafi orðið í því starfi að bæta markaðinn. En þó svo sje, mundi jeg ekki hafa á móti að veita einhverja fjárhæð til slíks starfs í fjárlögum; en jeg tel ófært að lögfesta starfið. Enda er það nokkuð óviðfeldið fyrir hæstv. stjórn að bera fram þessu

lík frv., þar sem hún og flokkur hennar hefir talað svo hátt um sparnað fyrir ríkissjóðinn og móti því að stofna ný embætti.

Þegar um það var að ræða hjer í þinginu, að ríkið tæki í sínar hendur að öllu leyti verslun á fiski, voru menn því andstæðir yfirleitt og frv. var felt með mjög miklum meiri hluta. Nú vilja þeir veita stóra fjárhæð til þess að hjálpa þeim mönnum, sem fiskverslun stunda, með því að kosta fyrir þá erindreka og embættismenn suður á Spáni. Ekki vil jeg segja, að þetta verði til einskis gagns, en gagnið verður áreiðanlega minna, ef eins verður farið að og gert var með þann árangur af sendimenskunni undanfarið, að þær skýrslur, sem gefnar voru, voru svo að segja grafnar niður, svo menn höfðu enga hugmynd um, hvað kom frá þessum sendimanni. Það bætir lítið úr, þótt embættið verði stofnað, úr því hæstv. atvrh. (MG) vill ganga frá þessu á sama hátt og verið hefir. Hann sagði það reyndar áðan, að hann myndi láta þær skýrslur, sem prenta mætti, koma út í riti Fiskifjelagsins. Eins og kunnugt er, kemur það út einu sinni í mánuði. Vil jeg því skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort hann vilji ekki láta dagblöðunum í tje samskonar skýrslur og Fiskifjelaginu, en jafnóðum og þær koma. Því aðeins koma skýrslurnar að gagni. Ef skýrslurnar eru ekki birtar og aðeins örfáir menn hafa aðgang að þeim, þá er það auðvitað hagur þeirra fáu manna, sem í Reykjavík sitja, en allir smærri útvegsmenn víðsvegar á landinu verða útundan.

Jeg fer ekki fram á, að skýrslurnar verði birtar eins og sendimaðurinn gengur frá þeim, en verð á afurðum og markaðshorfur ætti að vera óhætt að láta dagblöðin hafa, en grafa það ekki eins og verið hefir.

Þá vil jeg víkja að skiftingu launanna, sem farið er fram á. Sannast að segja finst mjer nokkuð langt gengið, ef þingið krefst þess, að Landsbankinn taki á sig hinar og þessar útgjaldabyrðar. Jeg aðhyllist þó ekki þá skoðun hæstv. fjrh. (JÞ), sem kom fram á dögunum, að Landsbankinn eigi sig sjálfur og ríkið hafi ekki yfir honum að segja. Jeg álít, að ríkið geti lagt höfuðlínurnar fyrir starfsemi bankans, en jeg álít ekki, að það geti gripið inn í daglega starfsemi hans og skipað honum að lána eða leggja til fjárhæð til hins og þessa, t. d. borga fiskifulltrúa á Spáni, húsaleigu fyrir ræktunarsjóð o. s. frv. Því er líka svo varið, að Landsbankinn hefir neitað að greiða þessa fjárhæð, í brjefi til sjútvn., dags. 27. mars 1925. Í aths. við stjfrv. verður ekki beinlínis sjeð, hvort þetta atriði hefir verið borið undir Landsbankann eða ekki.

Samkv. frv. getur embætti þetta haft í för með sjer ótakmörkuð útgjöld. Í brjefi eða skýrslu Landsbankans, er jeg nefndi, er kostnaður tvö undanfarin ár við sendimann á Spáni, fyrra árið (1923) 15 þús. kr. og síðara árið rúm 20 þús. kr., í alt að 4 mánuði á ári. Væri nú um heilt ár að ræða, gætu útgjöldin orðið 60—70 og jafnvel 80 þús. kr. Sjerstaklega ef lögð væri áhersla á, að hann væri í eilífum ferðalögum, svo hann dveldi kannske ekki nema mánuð í hvert sinn í hverju landi þar syðra.

Nei, jeg held háttv. deild ætti að fella frv. þetta; en ef mönnum sýndist svo, mætti heldur veita eitthvað í fjárlögum. Hitt skal jeg ekki segja, hvernig jeg snýst við brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Jeg skal játa, að þær finst mjer mun aðgengilegri en frv. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sjer ekki fært að skifta atkvgr. um þskj. 329 þannig, að

fyrst sjeu borin upp sjerstaklega orðin: „Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar.“ Það treysti jeg mjer ekki til að samþykkja, þótt jeg kannske gæti greitt atkv. með því, sem þar fer á eftir.

Út af þeim ummælum háttv. þm. Dala. (BJ) í síðustu ræðu, þar sem hann vildi láta svo líta út, sem sendimaðurinn 1921 hefði sparað okkur aukaþing og 7 milj. kr. í tolli, vildi jeg aðeins segja það, að nokkuð eru skiftar skoðanir þar um. Þeir eru ekki færri, er svo líta á, að sendimaðurinn hafi þá orðið til fult svo mikils ógagns sem gagns.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Dala. (BJ) þarf jeg litlu að svara. Hann var óánægður yfir því, að það er ekki sendiherra, sem á að senda. En það þarf ekki annað en að benda á það, að bankarnir eiga að launa manninn að ⅔, og það er ein ástæðan fyrir því, að maðurinn *getur ekki* verið sendiherra. En mjer kemur það allundarlega fyrir, að hann, sem er í yfirstjórn Íslandsbanka, skuli ekki vita, að bankinn bauð þetta fjárframlag. Það er undarlegt að liggja stjórninni á hálsi fyrir að vilja þiggja það tilboð. Einmitt af því að annar bankinn bauð þetta fram, þá hefir stjórnin álitið, að hinn bankinn mundi með sanngirni verða krafinn um það sama, þar sem starfið miðar báðum bönkunum til hags.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) kvartaði um það, að ekki hefði heyrst um neinn árangur ferðar þessa manns í hitteðfyrra. Það er svo um slíkar ferðir, að það er ekki hægt að sýna neinn beinan árangur, en hann getur verið mikill fyrir því. Og auðsætt er, að það er sönnun fyrir því, að Íslandsbanki hefir í öllu falli litið svo á, að sendiferðin hafi gert gagn, að hann á ný vill leggja fje til slíkrar starfsemi framvegis. Að öðrum kosti hefði hann ekki boðist til þess.

Hv. þm. álítur það hart fyrir stjórnina að bera fram frv., sem gengur út á að stofna nýtt lögfest starf. En því hefir aldrei verið lýst yfir af Íhaldsflokknum, að ekki mætti stofna þörf embætti. Þetta er heldur ekki annað en það, sem þingið ákvað í fyrra, að senda mann; því í fjárlögum 1925 eru veittar 10 þús. kr., gegn tvöfaldri upphæð annarsstaðar frá, nefnilega frá bönkunum. Hjer er því ekkert nýtt á ferðinni. En til þess að tryggja, að hægt væri að fá hæfan mann í þetta starf, þá er ákveðið, að hann geti fengið nokkurskonar veitingu eða skipun í starfið, en að það verði ekki hlaupastarf eins og hefir verið.

Jeg skal gjarnan athuga þá till. háttv. þm. (JBald), að dagblöðin fái útdrátt úr skýrslunum; en jeg get ekkert ábyrgst um það, hvort þau vilji birta slíka útdrætti.

Háttv. þm. kvað of nærri gengið bönkunum með því að ákveða þeim þessi útgjöld. Jeg spyr: Var þetta ekki ákveðið í fyrra, þegar fje var veitt í þessu skyni? *(JBald:* Jú, en af frjálsum vilja). Frjálsum vilja! Það liggur ekkert fyrir um það. Það er heldur ekki sagt, að Landsbankinn láti ekki fjeð af frjálsum vilja, þótt hann óski heldur að vera laus við að greiða það.

Háttv. þm. sagði, að það mætti ekki grípa inn í stofnanir ríkisins. Það er dálítið undarlegt. Þessi háttv. þm. vill koma öllu undir ríkisrekstur, en svo má ríkið ekki hafa afskifti af störfum stofnananna. *(JBald:* Þetta er misskilningur. Jeg sagði, að það mætti ekki grípa inn í þeirra daglegu störf). Nei, það er ekki misskilningur; hv. þm. sagði, að það væri óviðkunnanlegt að ákveða bönkunum þetta

gjald. Háttv. þm. kvaðst vera ósamþykkur því, sem hæstv. fjrh. sagði um þetta efni, en í reyndinni er hann því samþykkur. Því það tilheyrir ekki daglegum framkvæmdum, þótt látin sje ákveðin fúlga til ákveðins manns á ákveðnum stað í ákveðnum tilgangi. En það er víst meining þessa háttv. þm. að reisa ríkisstofnanir, sem svo ráði sjer algerlega sjálfar, og ríkið hafi þar ekkert að segja.

Háttv. þm. álítur kostnaðinn geta orðið 60—80 þús. kr. Jeg geri ráð fyrir honum miklu minni. Það má ekki gera ráð fyrir tiltölulega eins miklum kostnaði eins og við stuttar ferðir, og er margoft búið að skýra það. Jeg veit vel, að háttv. þm. skilur, hvernig á þessu stendur, þó hann látist ekki skilja það.

Það er mjög óviðeigandi að kasta því á þann mann, sem sendur var til Spánar 1921, að hann hafi unnið ógagn, en ekkert gagn. Jeg er sannfærður um, að hann vann þjóðinni vel. Það eru líka til skjallegar sannanir fyrir því, að hann vann mjög mikið gagn.

Björn Líndal: Hæstv. atvrh. (MG) hefir í síðustu ræðu sinni tekið fram flest af því, sem jeg vildi sagt hafa; en til þess að gera grein fyrir, hvers vegna jeg greiði atkv. á móti brtt. á þskj. 329, ætla jeg að segja nokkur orð.

Fyrir mjer er það auðvitað altaf nokkuð þýðingarmikið, hvað eitt og annað kostar; en mjer þykir þó ætíð þýðingarmeira, að hagnaður fáist af kostnaðinum, hvort sem kostnaðurinn er meiri eða minni. Þess vegna er það í mínum augum meira vert að fá verulega góðan sendimann á Spáni heldur en það, hvort hann kostar nokkrum þús. kr. meira eða minna. Ef launin eru svo lág, sem gert er ráð fyrir í brtt., er það fyrirsjáanlegt, að enginn dugandi maður til slíkra starfa getur tekið það að sjer án þess það verði fjárhagslegt tjón fyrir hann. Þetta verður áreiðanlega ekki fjárhagslega eftirsóknarverð staða, ef brtt. verður samþykt. Jeg vil heldur borga manni 60 þús. kr., eins og talað var um áðan, til þess að gera þar verulegt gagn, sem getur numið tugum og hundruðum þúsunda eða jafnvel miljónum, vil það heldur en borga 12 þús. kr. til manns, sem ekkert gagn gerir, heldur jafnvel ógagn. Vitanlega kemur engum til hugar í alvöru, að laun þessa manns verði 60 þús. kr. á ári. Það getur verið gott að ákveða launaupphæð í sumum kringumstæðum, en hitt er líka gott, að geta hagað sjer eftir því, hvort völ er á góðum manni í það embætti, sem nauðsynlegt er, að sem best sje af hendi leyst. Þess vegna er betra í slíkum tilfellum, að stjórnin hafi nokkuð óbundnar hendur af lagastafnum. Það kemur oft fyrir hjer á landi, að embætti eru miklu ver skipuð en vera þyrfti, þjóðinni til stórtjóns, — ekki vegna þess, að góða menn vanti, heldur af því, hve lágt þau eru launuð.

Í stuttu máli er mín skoðun í þessu efni sú, að betra sje autt rúm en illa skipað; en þar sem það er nauðsynlegt að halda uppi þessu starfi, þá horfi jeg ekki í nokkrar þúsundir króna, ef hægt er að fá virkilega góðan mann.

Ásgeir Ásgeirsson: Það kom bert í ljós hjá háttv. þm. Ak. (BL), hvað liggur á bak við hjá þeim, sem leggjast á móti brtt. minni við 3. gr. á þskj. 329. Hann vantreystir þinginu. Enda er leikurinn til þess gerður að komast framhjá þinginu, að frv. er borið fram í þessari mynd og að staðið er á móti þessari brtt. minni.

En jeg held því fram, að slíkir hlutir sem launakjör starfsmanna ríkisins eigi

að heyra undir valdssvið þingsins. Og landið á ekki að hafa þá menn í þjónustu sinni, sem ekki er trúandi til að gera svo sanngjarnar kröfur, að þingið geti sannfærst um rjettmæti þeirra.

Hv. þm. Ak. (BL) segir það fyrirsjáanlegt, að ekki muni fást hæfur maður í stöðu þessa, ef brtt. mín verður samþykt, en hæstv. atvrh. (MG) sagði, að í till. væri alls ekki ákveðið, hve há launin skuli vera. Þetta er að vissu leyti rjett. Það er aðeins fastákveðinn launastofn, 12 þús. kr., en síðan skal þingið ákveða uppbót launanna fyrir eitt ár í senn. Þannig er slíkum málum skipað víða, enda er ekki hægt að ákveða uppbótina fyrir lengri tíma í einu.

Brtt. mín er fram komin vegna þess, að þingið á að hafa úrskurðarvald í þessu máli eins og öðrum, sem snerta launakjör opinberra starfsmanna, og þingið verður að treysta sjer til að fara sæmilega með það vald.

Jeg skal benda háttv. þm. Ak. á það, að enda þótt einhver krefjist hærri launa en þingið hefir ákveðið, þá er mögulegt að taka þann mann eigi að síður, ef bankarnir vilja fá hann í stöðuna fremur en einhvern annan, sem býðst fyrir lægri laun. Bankarnir þurfa ekki annað en bæta við nokkru úr sínum sjóði. Jeg er því alls ekki hræddur við, að brtt. hafi þau áhrif, að síður fáist hæfur maður til að gegna starfinu.

Hæstv. atvrh. (MG) segir, að meiri hl. sjútvn. hafi ekki treyst sjer til að ákveða laun fulltrúans. Jeg er sjálfur í þessum meiri hl. og get jeg því sagt, að þetta er ekki rjett hjá hæstv. ráðh. (MG). *(Atvrh. MG:* Hv. þm. er ekki allur meiri hl.). Hitt mun rjettara, að nokkur hluti nefndarinnar vildi láta það ógert að fast-ákveða launin, en jeg læt ósagt, hvort hann hefir ekki treyst sjer til þess. Ef ekki má treysta sjútvn. til að ákveða laun þessa fulltrúa, þá er hæstv. stjórn ekki heldur treystandi til þess. Ekki af því, að sjútvn. sje jafngöfug eins og hæstv. stjórn, heldur vegna þess, að hæstv. stjórn gat aflað og látið sjútvn. í tje allar þær upplýsingar, sem hún ætlar sjálf að fara eftir, þegar hún endanlega ákveður launin. Og það er í rauninni skylda þingsins að afgreiða ekki þetta mál, fremur en önnur, eins og hálfvitar, án þess að leita nauðsynlegra upplýsinga um kostnaðarhliðina. Mörgum málum er svo varið, að leita þarf mikilla skýringa og upplýsinga um þau, áður en ákvörðun verður um þau tekin, og fæ jeg ekki betur sjeð en að þing og stjórn standi nokkurn veginn jafnt að vígi með að afla sjer þessara upplýsinga.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að í brtt. væri ekkert launahámark, og að því leyti væri hún jöfn frv. óbreyttu. En munurinn er samt mikill, vegna þess að brtt. fer fram á, að þinginu sje geymt ákvörðunarvaldið.

Í stjfrv. er kveðið svo á, að stjórnin skuli ákveða upphæð launanna. Síðan á að taka upphæðina upp í fjárlög, eftir að hún er samningsbundin og ef til vill þegar greidd.

Þarna er valdið í raun og veru tekið úr höndum þingsins; nema það geri það, sem óþekt er áður, að neita stjórninni um fjárveitingu, sem þegar hefir verið greidd samkv. samningi. Það er því alls ekki óviðkunnanlegt, að ekki skuli vera ákveðið hámark í till. minni. Launin er ekki hægt að ákveða nema fyrir skamman tíma í senn, og sá ákvörðunarrjettur á að vera í höndum þingsins.

Hæstv. ráðherra (MG) sagði ennfrem-

ur, að óviðeigandi væri, að þingið ákvæði launin, þegar af þeirri ástæðu, að fleiri aðiljar ættu að greiða þau. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sje nægileg mótbára, enda hefir hæstv. stjórn borið fram frv., þar sem Landsbankanum er gert að skyldu að greiða ⅓ launanna, að bankastjórninni fornspurðri, eða, ef hún hefir verið spurð ráða, þá þvert ofan í till. hennar. Ennfremur hefir Íslandsbanki lýst yfir því, að hann sje fús til að greiða ⅓ launanna, án þess að vita, hversu mikil þau verði. Að vísu má segja, að bankinn ætti að taka þátt í ákvörðun upphæðarinnar, en það getur hann eftir sem áður, þó að tillaga mín verði samþykt, því hann hefir altaf sitt atkvæði á sameiginlegum fundi bankanna og stjórnarinnar, sem á að gera till. um upphæð launanna. Nei, það er engan veginn óviðeigandi, að Alþingi neyti þess valds, sem því ber.

Hæstv. atvrh. (MG) taldi þau vandkvæði við brtt. mína við 1. gr., að ef Landsbankinn, Íslandsbanki og Fiskifjelagið tilnefndu hvert sinn manninn, þá gæti stjórnin engan skipað í embættið. *(Atvrh. MG:* Ekki ef farið er eftir strangasta bókstaf brtt.). En jeg býst við, að lögfræðingar sjeu vanir því að fást við jafnóbrotna skýringu og þá, sem verður að gefa á þessari till. Ef aðiljar þeir, sem hjer eiga hlut að máli, geta ekki orðið ásáttir um, hvern skipa skuli, þá hefir stjórnin vitanlega óbundnar hendur og getur gert hvort hún heldur vill, að skipa einhvern þeirra, sem tilnefndur hefir verið, eða tekið einhvern 4. mann, ef henni líst það ráð vænna. Þetta er ofurauðskilið mál og kemur þráfaldlega fyrir um embættaveitingar.

Þá sagði hæstv. ráðh. (MG) það óviðfeldið að binda veitingu starfans við 5 ár, m. a. vegna þess, að ekki sje víst, að þörf verði á þessu embætti í full 5 ár. Ef slíkt getur komið til mála, hefði hæstv. stjórn sparað sjer ómakið að bera frv. fram. Frv. er vitanlega fram borið vegna þess, að hæstv. stjórn hefir álitið þess fulla þörf að hafa þarna fastan fiskifulltrúa, og á þá nauðsyn hefir sjútvn. fallist.

Þá spyr hæstv. ráðherra (MG), hvernig fara skuli að, ef fulltrúann þyrfti að kalla heim áður en ráðningartíminn væri úti. Jeg hygg, að skilja megi brtt. svo, að enda þótt fulltrúann skuli skipa til 5 ára, þá megi eigi að síður kalla hann heim hvenær sem vill, áður en þessi tími er útrunninn, alveg með sama hætti og ef fulltrúinn væri skipaður um óákveðinn tíma. Í till. stendur ekki, að semja skuli við fulltrúann til 5 ára, heldur að hann skuli skipaður til 5 ára í senn, svo að þetta ákvæði ætti ekki að saka.

Að því er ferðakostnaðinn snertir, gat hæstv. atvrh. (MG) þess, að komið gætu fyrir þau tilfelli, að ekki væri rjettlátt að láta ríkissjóð og bankana bera hann. Þetta er rjett. T. d. getur vel komið fyrir, að fulltrúinn taki sjer ferð á hendur eingöngu í þágu einhverra útgerðarmanna eða fiskútflytjenda. Í slíkum tilfellum er rjett, að hlutaðeigandi útgerðarmaður greiði sjálfur kostnaðinn við förina, en ekki ríkissjóður eða bankarnir, enda gæti stjórnin lagt svo fyrir fulltrúann, að hann færi ekki slíkar ferðir, nema þeir, sem ferðirnar eru farnar fyrir, greiði kostnaðinn.

Annars er till. mín um ferðakostnað fulltrúans auðvitað ekki flutt í þeim tilgangi að hvetja hann til ferðalaga meira en nauðsyn krefur. Hún er flutt til þess, að fulltrúinn þurfi ekki af fjárhagsástæðum að láta undir höfuð leggjast ferðalög, sem annars eru nauðsynleg, og við verðum að treysta honum til þess að eyða

ekki fje að óþörfu í ferðakostnað. Þessum fulltrúa verður trúað fyrir meiru en svo, að ekki megi gera ráð fyrir, að hann fari samviskusamlega með fje til ferðalaga.

Yfirleitt byggist þessi starfi á mjög mikilli tiltrú til þess manns, sem hann hlýtur.

Loks skal jeg drepa á það, að ef erindreki þessi ætti að vera sendiherra, væri útilokað, að hann gæti unnið margt það, sem honum nú er ætlað að vinna, því að þeir eru of háttstandandi embættismenn til að vinna sjálfir slík störf. Sendiherra þyrfti að sitja í Madrid, halda þar veislur og sitja í veislum, en senda sendimenn sína til þeirra starfa, sem þessum fulltrúa er ætlað að vinna.

Embætti þetta er ekki stofnað af diplomatiskum ástæðum, heldur vegna verslunar- og viðskiftaþarfar landsmanna, og er því rjett, að sendimaðurinn heiti fulltrúi, en ekki sendiherra, enda er hæpið, að annað sje heimilt samkv. sambandslögunum.

Ef slíkur sendimaður þarf að hafa einhvern „stimpil", þá væri sennilega hægt að fá skipaðan dansk-íslenskan generalkonsúl, er þá hefði aðsetur í Barcelona eða einhverri annari hafnarborg á Spáni. En sá generalkonsúll myndi þá hafa yfir sjer dönsku sendisveitina í Madrid, enda þyrfti það ekki að koma að sök, þar sem hagsmunir okkar þar suður frá eru sjerstæðir og fara ekki í bága við hagsmuni Dana.

Björn Líndal: Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) þóttist geta leitt út úr orðum mínum, að jeg treysti Alþingi illa. Jeg skal játa, að jeg treysti Alþingi illa til þess að láta vera með að breyta því í ár, sem gert var á síðasta þingi, en aftur á móti treysti jeg því mjög vel til þess að umturna öllu, sem það hefir áður nýlega samþykt. Mín reynsla er sú, að þingið sje ekki við eina fjölina felt í nokkru máli. En ef stofna á slíkt embætti sem sendimannsembætti á Spáni, og til þess er ætlast, að góður maður verði í það skipaður, þá verður hann að vera óháður öllum veðrabreytingum hjer á þingi. Það má ginna mann með fögrum loforðum í ár, en færa launin síðan niður þegar á næsta þingi. En góður sendimaður má ekki eiga slíka hættu yfir höfði sjer. Það eru engin illmæli um Alþingi, þó að ráð sje fyrir því gert, að slíkt geti komið fyrir. Þingsaga síðustu ára sýnir, að við öllu má búast. Og það sýnir líka till., sem fram hefir komið í máli þessu á yfirstandandi þingi og var flutt af manni, sem verður að álíta einn aðalforingja annars stærsta þingflokksins. Sú till. er á þskj. 140 og hljóðar svo:

„Fulltrúinn má ekki vera í þjónustu annars ríkis. Hann skal og vera fullkomlega óháður fjárhagslega ríkinu og ríkisstofnunum."

Nei, menn þurfa ekki að verða hissa á neinu, þegar þeir hafa lesið þessa tillögu. Ef þessi till. hefði verið samþykt, væri á einskis manns færi, nema stóreignamanna, að taka við þessu embætti. T. d. gætu fáir menn, sem við atvinnurekstur hafa fengist síðustu árin, tekið að sjer embætti, sem þannig væri skilorðsbundið, því þeir skulda flestir meira og minna hjer í bönkunum. Enginn samvinnumaður gæti samkvæmt þessari till. tekið embættið að sjer, því að þeir eru, eins og kunnugt er, allir í stórfeldum samábyrgðum gagnvart bönkunum, einkum Landsbankanum. Og enginn almennilegur maður mundi vilja líta við embættinu, ef hann ætti á hættu, að slík vitleysa, eða jafnvel önnur verri, yrði samþykt hjer á Alþingi eftir að hann

hefði tekið við starfanum. En við því mætti altaf búast, ef launakjör fulltrúans ættu að vera til umræðu á hverju þingi, og er þá mjög hætt við, að reynt yrði að gera úr máli þessu pólitískt bitbein, en það verður að forðast sem unt er.

Hv. þm. (ÁÁ) sagði, að enda þótt till. sín yrði samþykt, gæti stjórnin samt sem áður ráðið mann til starfans fyrir hærri laun en tekin hefðu verið upp í fjárlög, ef hún tæki hann fram yfir aðra umsækjendur, er byðust fyrir lægra kaup, og samþykki bankanna fengist til þess.

Þetta er að vísu ekki útilokað, en hitt er og vitanlegt, að stjórnin og bankarnir munu ógjarnan vilja greiða meiri laun en fjárlögin segðu til. En þó að slíkt samþykki fengist eitt ár, þá er ekki sagt, að svo yrði framvegis, og gæti þá svo farið, að sendimanninum yrði haldið í úlfakreppu suður á Spáni, því ekki er víst, að hann eigi hægt um vik að komast heim eftir að hann er kominn suður, enda má jafnframt gera ráð fyrir, að hann eigi þá að litlu að hverfa hjer heima, þar sem hann verður að kasta frá sjer atvinnu sinni hjer um leið og hann leggur í suðurförina.

Ennfremur liggur opið fyrir að gera embættið að pólitískum bitlingi, ef þingið á að fjalla um launin á hverju ári. Er þá alls ekki óhugsandi, að einhver byðist til að gegna því fyrir tiltölulega sáralitla þóknun, vegna þess að hann ætti að baki sjer öflugan pólitískan flokk, sem væri fær um að hækka launin stórlega þegar á næsta þingi.

En við megum ekki ganga svo frá stofnun embættisins, að það geti orðið að leiksoppi pólitískra spekúlanta á Alþingi, og þess vegna er jeg á móti brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ).

Frsm. (Jakob Möller): Mjer finst, að óþarflega langar umr. hafi orðið um þetta mál, ekki meira en ágreiningsefnið er.

Samkv. því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir talað fyrir brtt. sinni við 3. gr., ætlast hann í rauninni til þess, að í framkvæmdinni verði farið eins að eftir sem áður, þó að till. verði samþykt.

Eins og hv. þm. (ÁÁ) sagði, er ómögulegt að ákveða hámarkslaun fyrirfram, nema þá til örskamms tíma, og þess vegna er alveg sama, hvort 12 þús. kr. lágmarkslaun standa í lögunum eða alls ekkert launaákvæði.

Eftir sem áður verða launin ákveðin þannig, að embættinu verður „slegið upp" og síðan semur stjórnin við þann, sem skipaður verður í embættið. Ef sá umsækjenda, sem stjórninni líst best á, gerir svo ósanngjarnar launakröfur, að stjórnin geti ekki að þeim gengið, þá hlýtur hún að reyna við annan. Útkoman verður altaf sú, að launin verða ákveðin með samningi milli stjórnarinnar og hlutaðeigandi umsækjanda.

Ef brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) verður samþykt, verður sú upphæð launanna, sem er fram yfir 12 þús. kr., sett í fjárlög. Hver er nú munurinn? Formlega ákveður þingið launin að vísu, en í raun og veru verður búið að ákveða þau áður.

Úrræði háttv. þm. (ÁÁ), að bankarnir greiði það, sem á vantar, ef fulltrúinn verður ráðinn fyrir meira kaup en fjárlög heimila, kemur varla til álita. Ef annar bankinn vill fá ákveðinn mann fyrir hærri laun, þá strandar á því, að hinn bankinn vill ekki taka þátt í kostnaðinum, og myndi því ekki greiða meira en hann væri beinlínis skyldaður til með lagafyrirmælum.

Þess vegna yrði það aðeins annar bank-

inn, sem yrði að bæta við launin því, sem á vantaði, en á því myndi alt stranda.

En til þessa mun reyndar ekki koma, heldur yrði uppbótin tekin upp í fjárlög eftir sem áður. En hvað er þá unnið við að samþykkja brtt. hv. þm. (ÁÁ)? Það eitt, að síðar er hægara að gera embættið að pólitísku bitbeini. Þá er auðveldara að leggja embættið niður þegar á næsta þingi, með því að neita um fjárveitingu til þess. Og hætt er við, að meðferðin verði eitthvað svipuð og með sendiherrann í Kaupmannahöfn. Að vísu stóð svo á um það embætti, að altaf var deilt um nauðsyn þess, en nú virðast allir vera nokkurn veginn sammála um þörf fiskifulltrúans. En þó ekki sje nú deilt um nauðsyn þessa embættis, þá veit enginn, hversu lengi sá friður helst.

Þegar það ráð var tekið að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, var af meiri hl. þings talin nauðsyn embættisins, en nú er sú skoðun breytt.

Ef það er af viðkvæmni fyrir virðinga þingsins, að hv. þm. (ÁÁ) vill taka stofnlaunin upp í lögin, en síðan ákveða uppbótina í fjárlögum á hverju ári, þá er að gætandi, að í rauninni ræður þingið launaupphæðinni samkv. frv., þó að það láti annan fara með valdið fyrir sína hönd. Ef þinginu þykir misráðið, hvernig launin eru ákveðin, þá er því innan handar að taka í taumana.

Um brtt. hv. þm. (ÁÁ) við 1. gr., að láta ráða fiskifulltrúann um ákveðið tímabil, er líkt að segja.

Hv. þm. (ÁÁ) sagði, að þessum manni væri sýnd ákaflega mikil tiltrú. Þetta er rjett, og einmitt þeirra hluta vegna er rangt að ráða hann til ákveðins tíma. Vel er hugsanlegt, að maðurinn reynist ekki eins hagsýnn og menn gerðu sjer vonir um, án þess þó að næg ástæða væri til að svifta hann starfinu, ef hann er skipaður til ákveðins tíma. Til þess myndi óhagsýni hans þurfa að nálgast beinan fjárdrátt, en fyr er nauðsynlegt að taka fram fyrir hendur mönnum en svo sje. Þess vegna hygg jeg það vera óheppilegt að skipa fulltrúann til fastákveðins tíma.

Þegar einstakir menn eða einkafyrirtæki þurfa að ráða mann í mikilsvarðandi stöðu, eru launin aldrei ákveðin fyrirfram og kylfa síðan látin ráða kasti, hvort hæfur maður fæst fyrir þessi laun, en ef hann fæst ekki, þá tekinn einhver ónytjungur af götunni. Þetta myndi þykja allsendis óhæfileg ráðstöfun hjá einkafyrirtæki, en sama er að segja um ráðningu manns í opinbera stöðu, sem alt veltur á, að vel takist valið. Þar má ekki stranda á 1000—2000 kr., ef verulega hæfur maður er í boði.

Hv. þm. (ÁÁ) segir, að ekki sje meining sín, að samningar eigi að stranda á svo lágri upphæð, heldur skuli fulltrúanum síðar bætt upp það, sem á vantar. En þá fer sjerstaða hv. þm. (ÁÁ) að verða nokkuð óákveðin og lítt skiljanlegt, hversu mjög hefir tognað úr umræðunum um hana.

Viðvíkjandi afstöðu Landsbankans hefir hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) gefið þær upplýsingar, að bankinn mótmæli að taka þátt í launagreiðslu til þessa manns. En það liggur beint við að svara því svo, að þessi maður er engu síður sendur til þess að sjá hag Landsbankans borgið en t. d. Íslandsbanka. Og þó bankinn sje ríkisstofnun, er engin ástæða til þess að undanskilja hann þessu. Aðrir atvinnurekendur, sem hjer eiga hagsmuna að gæta, borga einnig sinn hluta í sköttum, þó ekki sjeu lagðir sjerstakir skattar á í þessu tilefni.

Skal jeg þá loks viðvíkjandi ræðu hv. þm. (ÁÁ) taka það fram, að það er ekki

svo auðvelt að ákveða laun þessa fulltrúa. Þó að hægt sje að fá upplýsingar um laun aðalræðismanna annara þjóða, þá er það ekki sambærilegt. Starfi þessa manns mundi verða svo ólíkt háttað. Þeir hafa t. d. alveg fastan bústað. En þessi fulltrúi getur ekki haft fast aðsetur, ef hann á að geta unnið verk sitt; hann verður að flytja eftir horfum og ástæðum. Hinu má að vísu halda fram, að hann geti haft fast heimili, en ferðast sjálfur. En mundi það ekki draga úr hvöt hans til að vinna, ef hann væri staðbundinn með launakjörum?

Það er því augljóst, að ekki má einskorða launin við það, sem gerist um ræðismenn annara ríkja.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er að vona, að umræðurnar fari nú að styttast úr þessu. Að minsta kosti skal jeg gera mitt til að svo verði.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði sem fyr, að launaákvæði ætti að vera í frv. En hans tillaga bætir ekki úr þessu, því hún vísar til ákvæða hinna árlegu fjárlaga. Þegar hámark launa er ekki ákveðið, þá eru launin ekki ákveðin, því að það er ekkert sagt með einhverri lágmarksfjárhæð, sem tilnefnd kann að vera. Það er auðvitað enginn vandi að ákveða part af laununum neðan frá. Það er alt undir því komið, hvaða hámark skuli setja.

Annars vildi jeg óska þess, að frv. yrði ekki hrakið milli deilda og tafið að ástæðulausu.

Um þá brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að fiskifulltrúinn skuli skipaður „eftir tillögum" þriggja aðilja, vil jeg benda á, að þótt jeg telji lögin ekki ónothæf með því ákvæði, þá getur það þó verið óvinsælt fyrir stjórnina að skera úr, ef t. d. 3 tillögur koma um, hver skuli skipaður. Jeg tel nægilegt að lofa bönkunum að benda á, hvern þeir óski skipaðan, en að stjórnin eigi að ráða, hver valinn verður.

Mjer heyrðist á hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hann gæfi í skyn, að jeg hefði sagt, að þetta starf mundi ekki þurfa lengur en 5 ár. Það voru ekki mín orð. En jeg sagði, að svo gæti staðið á, að ástæða væri til að kalla manninn heim áður mjög langt liði, og þótt engar líkur sjeu til, að það verði innan 5 ára, þá sje jeg tæpast, að ástæða sje til að taka þetta tímatakmark upp í lögin, ef frv. tekur annars engum breytingum.

Mjer skildist að lokum hv. þm. (ÁÁ) vera mjer sammála um það, að svo gæti staðið á, að einstakir menn greiddu ferðakostnað fulltrúans. Um þetta vil jeg láta laust og óbundið, úr því svigrúm er gefið, og tel líklegt, að svo fari oft, að einstakir menn greiði hann. Ríkið yrði auðvitað að gera það stundum. Jeg vona að lokum, að umræður fari að styttast. Það er oft sorglegt, hve þær dragast á langinn hjer í þinginu.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki vera margorður, aðeins gera grein fyrir atkvæði mínu með tilliti til þeirra athugasemda, sem jeg gerði við 1. umr., og þess, er vænta má í þessu máli eftir því, sem þessar umræður hafa leitt í ljós.

Með brtt. á þskj. 329 er svo ákveðið, að laun fulltrúans skuli vera 12 þús. kr. En þarna er aðeins átt við nokkurn hluta þeirra. Með þessu er því ekki frekar ákveðið en þótt engar tölur lægju fyrir. Launin geta hlaupið upp svo og svo mikið, þótt þessi brtt. yrði samþykt; væri því að mínu viti á engan hátt bætt við ákveðnum ákvæðum í frv. *(ÁÁ: Þingið á að halda aftur af).* Ójá. Það má vera, að það geri það. En þar sem stöðu þessari er þannig háttað, að hún verður að vera

samningsbundin hvað launin snertir, þá virðist auðsætt að fela þá samninga stjórninni; að ákveða upphæð í þessu skyni, sem fyrirsjáanlega er of lítil, virðist ekki til neins. Þessi samningagerð er ekki nema lítill þáttur úr framkvæmdarvaldi því, sem þingið óhjákvæmilega verður að fela stjórninni.

Samkvæmt brtt. á þskj. 329 er gert ráð fyrir, að fulltrúann skuli skipa eftir till. þriggja aðilja. Ef svo væri alment ákveðið í löggjöfinni, að ýmsir aðiljar hefðu tillögurjett um veitingu hinna ýmsu sýslana, þá væri ekkert um þessa brtt. að segja; en eins og hjer stendur á, virðist hún alveg óþörf. Þá ættu þeir, sem búa eiga við aðra embættismenn, t. d. sýslumenn, að fá að skipa þá.

Jeg lít svo á, að bankarnir og Fiskifjelagið megi hlíta vel við sinn hlut, þar sem þeim stofnunum er ætlaður rjettur til þess að gera tillögur. Hvernig ætti líka stjórnin að fara að, ef hún væri skyldug að lögum að hlíta till. þessara stofnana, en þær kæmu sjer ekki saman?

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) skal jeg taka það fram, að þær virðast ekki vel samrýmanlegar frv., og geta því tæplega verið vel fallnar til samþyktar.

Þá hefir verið bent á, að rjett væri, að hvor banki borgaði nokkuð. Annar hefir nú þegar boðist til þess, og þegar þess er gætt, hve mikið bankarnir eiga undir þessu starfi, þá er það ekki ófyrirsynju, þótt þeir tækju þátt í þessu. Og þótt jeg sæi það ekki í aths. frv., þá þykist jeg mega fullyrða, að það hefir verið borið undir stjórn Landsbankans.

Þá kem jeg að skýrslunum. Jeg get ekki verið sammála hæstv. atvrh. (MG) um það, að vafasamt væri, hvort blöð fengjust til þess að taka það úr skýrslum þessa manns, sem nauðsynlegast væri og stjórnin teldi að birta mætti. Það ætti að koma í vikublöðunum. Hin eru í fárra höndum og koma seint.

Jeg mun því, í trausti til hæstv. stjórnar, greiða frv. atkv., en ekki brtt. Þær eru til engra bóta. Jeg vænti þess, að launaupphæðin fari ekki fram úr því, sem hæstv. atvrh. (MG) drap á.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) var eitthvað að tala um, að jeg væri fylgjandi ríkisrekstri, en mætti þó ekki heyra nefnt, að ríkið skifti sjer af opinberum stofnunum.

Þetta er alger útúrsnúningur á orðum mínum. Það er alveg sitt hvað, að þingið hafi afskifti af bönkunum, og hitt, að sletta sjer fram í daglega starfsemi þeirra. *(Atvrh. MG:* Þetta er ekki dagleg starfsemi). Jú, það er margt, sem fram hefir komið á þessu þingi um það, að Landsbankinn skuli borga hitt og þetta. Hann á að leggja ræktunarsjóðnum til ókeypis hús o. fl. *(HK:* Er það lögfest?). Nei, en það er samþykt í frv., og þeir, sem knúðu það fram þá, munu vart taka það aftur síðar. Jeg álít þetta rangt og til stórskaða. Þingið á ekki að láta ýmsar sjerstakar stofnanir ríkisins borga hitt og þetta, sem ríkissjóður á að borga, eins og t. d. landsverslunin var látin kosta erindreka í Ameríku á stríðsárunum. Þetta er að villa sýn um kostnað ríkissjóðs, sýna hann minni en hann í raun og veru er. Það er ekkert á móti því, að Íslandsbanki greiði eitthvað, þar sem hann hefir boðist til þess. En að öðru leyti á ríkið að greiða laun þessa manns, ef lögin verða samþykt. Annars væri mjer kærast, að frv. þetta yrði felt, þótt jeg hinsvegar búist við, að hæstv. stjórn þvingi það fram. Það er þó í harla litlu samræmi við stefnu hennar! En skjóta vildi jeg því til hæstv. atvrh.

(MG), að svo lítur út, sem umsóknarfrestur eigi ekki að verða langur, ef síma á lögin út til staðfestingar og senda manninn þá þegar. Mjer skilst, að þá eigi ekki margir að fá tækifæri til að sækja um starfið.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Barð. (HK), því hann hefir síðan síðustu umræðu samþykt svo margar brtt. við sínar eigin skoðanir, að það er ekki von, að hann geti líka samþykt brtt. mínar.

Hv. frsm. nefndarinnar (JakM) talaði um málið fram og aftur. Því hefi jeg flestu svarað áður. Það er ekki örðugra að ákveða laun þessa manns en samskonar starfsmanna annara ríkja. Og laun þessa manns mættu vera mun lægri en þeirra, því að á honum hvílir ekki sú skylda að „representera" þjóð sína, heldur vinna að verslunar- og viðskiftamálum einum. Ef vandræði eru orðin vegna þess að manninn vantar, þá er það stjórn og bönkum að kenna. Það er til heimild um, að veita megi fje í þessu skyni, og þá heimild átti að vera búið að nota, ef þörf hefir verið. Slík mál sem þetta þarf vel að athuga. Þetta eru fyrstu spor okkar í utanríkismálum. Af því getur stafað stór hætta og ókleif útgjöld, ef fyrstu sporin eru ekki vandlega athuguð. Þessar umr. eru sorglegar, en ekki vegna þess, hve langar þær eru, eins og hæstv. atvrh. vildi meina, heldur hins, að svo er sem binda eigi fyrir augu þingsins. Og þegar það er kunnugt um miklu stærri ríki, t. d. Finnland og Noreg, að þau stynja undan útgjöldum til utanríkismálanna, þá ætti það heldur að hvetja oss til að stíga fyrstu sporin varlega.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skal jeg svara því, að hann misskilur alveg, hvað daglegur rekstur er, ef hann heldur, að það sje að blanda sjer í daglegan rekstur Landsbankans að skylda hann til að leggja fram fje til fulltrúans á Spáni. Hjer á þinginu hefir engin till. komið fram um að blanda sjer í daglegan rekstur bankans, enda væri það rangt.

Um umsóknir um starfið hefi jeg lýst yfir því, að því verður slegið upp, en frestur getur ekki orðið langur.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) skal jeg svara fáu. Hann gaf í skyn, að verið væri að binda fyrir augu þingsins, en það er hin mesta fjarstæða. Hann er að reyna að villa þinginu sýn. Það er alt og sumt. Og þegar verið er að tala um það, að ef vanti mann þarna suður eftir, þá sje um vanrækslu að ræða af stjórnarinnar hálfu, þá er það heldur ekki rjett. Það eru rúmir tveir mánuðir síðan þetta frv. var lagt fram, og það hefir verið reynt að flýta afgreiðslu þess, en hv. þm. (ÁÁ) meðal annara hefir dregið málið eftir megni. Veit hann best sjálfur um ástæður sínar fyrir því. Svo er og það, að ilt eða ómögulegt er að fá nokkurn mann, sem vilji fara án þess að hann viti, hvort starfið á að vera til frambúðar, enda er, eins og hv. þm. (ÁÁ) veit, miklu dýrara hlutfallslega að senda mann þannig heldur en til langframa. Og þegar jeg talaði um langar umr., þá átti jeg ekki aðeins við umr. um þetta mál, heldur umr. nú yfirleitt. Því að það veit jeg, að hv. þm. (ÁÁ) bæði sjer og skilur, að þegar hv. þm. tolla ekki í sætum sínum og ekki helmingur eða jafnvel þriðjungur þeirra sjest í þingsalnum, þá kemur það af því einu, að

umr. eru alt of langar og málin þvæld svo, að þm. verða leiðir og leita burtu. Get jeg ekki annað en vorkent þeim það.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg finn raunar ekki ástæðu til þess að svara aths. háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), því að hann sagði það eitt, að jeg hefði sagt ýmislegt, en hann hefir hvorki fyr nje síðar svarað neinu af því, sem jeg hefi sagt, með nokkrum rökum. Hann hefir ekki afsannað, að ekki sje öðruvísi ástatt með þennan fulltrúa en sendimenn annara þjóða, heldur hefir hann viðurkent það. En hvernig hann hyggur að hrekja það, sem jeg hefi sagt, með því að viðurkenna það, það er „logik," sem er víst alveg sjerstök fyrir þennan háttv. þm. (ÁÁ). Það eina, sem hann í rauninni færði fram, var það, að þessi sendimaður þyrfti minni laun af því að hann hefði enga „representation", en viðurkendi hinsvegar, að hann hlyti að þurfa að fá meiri laun af því að hann hefði ekkert fast aðsetur. Mjer er nú spurn: Er háttv. þm. (ÁÁ) viss um, að maðurinn geti sloppið við „representation"? Jeg er ekki viss um það. Og það þarf meira til að sannfæra mig en segja út í loftið: Hann þarf enga „representation" að hafa. Það er þó gefinn hlutur, að maðurinn þarf að hafa allmikil viðskifti og samninga við aðra, og jeg skil ekki, hvernig menn geta hugsað sjer, að hann hafi þessi viðskifti og samninga við aðra án þess að kosta nokkru til sem „representation". Nei, jeg ætla, að meiri líkur sjeu til, að hann hafi talsverða „representation". Framsláttur háttv. þm. (ÁÁ) var alveg út í hött.

Hv. þm. gerði mikið úr, hve mikla þýðingu þetta hefði sem utanríkismál og að vel þyrfti að athuga, að byrjunin væri góð. Ekki neita jeg því, en þess ber að gæta, að svo er ekki, sem hjer sje verið að binda ríkinu neinn voðabagga um aldur og æfi, þótt ætlast sje til þess, að það borgi ⅓ af launum þessa manns. Hinsvegar er það viðurkent af öllum, að starf þessa manns geti haft svo mikla þýðingu fyrir ríkið, að það skifti miljónum árlega, hvort það verður ríkara eða fátækara, en um það, sem verið er að ræða, kostnaðinn við för sendimannsins — hann skiftir náttúrlega minstu af því fje. Það er óviturlegt að horfa í hann.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. atvrh. (MG) var að kvarta yfir löngum umr. Það hefir nú fyr heyrst úr því horni, að það væri best, að þingið segði sem fæst. Mun öllum hv. þm. það nú fullljóst, að hæstv. stjórn vill fá sem fríastar hendur gagnvart þinginu. En jeg þarf varla að taka það fram, að jeg ber ekki slíkt traust til hæstv. stjórnar, að jeg kjósi, að hún sje einráð. Annars get jeg sagt það, að hvað þetta mál snertir, þá hefir aðeins einn maður talað um það úr þeim flokki, sem jeg tilheyri. Minna má nú varla vera en að einn tali um málið af heilum flokki, og er því ekki hægt að bera okkur Framsóknarmönnum á brýn, að við höfum að óþörfu lengt þessar umr. Jeg get nú fyllilega skrifað undir alt, sem þessi samflokksmaður minn hefir sagt, en þar sem nú vill svo til, að hann hefir talað sig dauðan, þykir mjer rjett að taka nokkuð fleira fram í framhaldi af ummælum hans.

Jeg verð að segja, að mig furðar ekki á, þótt nokkrar umr. verði um þetta mál, einkanlega þegar það kemur á daginn, hvernig hæstv. landsstjórn snýst við þeim skynsamlegu og sjálfsögðu till., sem háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) ber fram. Í þessu sam-

bandi vil jeg einkanlega minnast á þrjú atriði.

Till. háttv. þm. V.-Ísf. miða aðallega að tvennu. Fyrst því, að hindra það, að stofnað sje mjög dýrt embætti fyrir alla framtíð, heldur takmarka þegar þann tíma, sem það skuli standa, enda er það vitanlegt, að ástæður allar geta breyst, svo að þessa embættis gerist ekki þörf. Hæstv. atvrh. (MG) legst þunglega á móti þessu, en berst mjög fyrir að binda embættið með lögum. En hinsvegar segir hæstv. atvrh. í öðru orðinu, að hægt sje að kalla þennan mann heim hvenær sem vill. En það liggur í augum uppi, að þegar þessi leið er valin, að stofna embættið með lagafrv., þá er ætlast til, að það verði föst framtíðarstaða. Og mjer er sem jeg sjái framan í háttv. þdm., ef embættið er nú stofnað með sjerstökum lögum og svo síðar er farið fram á það að taka manninn úr því í miðju kafi og fleygja honum út á gaddinn. Ætli þá heyrist ekki nóg hljóð um þingsvik til þess að slíkt nái ekki fram að ganga? Þess vegna er það fyrirspurn mín til hæstv. atvrh. (MG), hvaða tryggingar hann getur gefið fyrir því, að ef ekki er sjerstök ástæða til að hafa þarna mann, þá verði hægt að leggja embættið niður, án þess að veita þeim, er það hefir á hendi, fullar sárabætur. Slíkt hefir aldrei verið gert hingað til.

Þá vildi jeg víkja að öðru atriði. Það er fyllilega ljóst af till. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hann vill, að þingið hafi það fullkomlega á sínu valdi, hve mikið fje gangi til þessa. En af öllum ummælum hæstv. stjórnar er það víst, að hún óskar að hafa óskorað vald á fjárveiting í þessu skyni og geta eytt til þessa eins miklu fje og verkast vill að þinginu forspurðu. Stingur þetta mjög í stúf við aðra framkomu hæstv. stjórnar í fjármálum, og þó einkum hæstv. fjrh. (JÞ). Hann hefir borið fram margar till. þess efnis, og það hefir orðið að samkomulagi með honum og fjvn., að setja allar upphæðir í fjárlögin, svo að þau gæfu sanna mynd af fjárhagsástandinu. Nú vil jeg spyrja hæstv. atvrh. (MG): Ef þetta frv. verður, eins og líkindi eru til, samþykt innan fárra daga, ætlar hann þá að koma með till. um ákveðna upphæð til þessa við eina umr. fjárlagafrv. hjer í hv. deild? Ef hann gerir það ekki, skil jeg ekki, hverju sætir. Jeg verð að halda því fast fram, að þingið á að hafa fulla hugmynd um, hve mikið fje gengur til þessa. Jeg sje enga ástæðu til, að farið sje á bak við þingið með það. Jeg tek fyllilega undir það með háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að það er óheilbrigt að fela slíka fjárveiting fyrir þinginu. En ef hæstv. atvrh. vill nú gefa yfirlýsingu um það, að hann ætli að koma með till. um þetta, þegar fjárlögin koma aftur hingað, þá er jeg því feginn og þykir betur rætast úr en orð hans hafa bent til hingað til.

Þriðja atriðið, sem jeg vildi víkja að, er það, að Landsbankanum er gert að skyldu að greiða ⅓ af launum mannsins. Nú liggja fyrir mótmæli Landsbankans gegn þessu. Þá kem jeg að atriði, sem töluvert hefir verið rætt um hjer, en það er, hvort þingið geti yfirleitt skipað Landsbankanum að gera þetta eða hitt. Virðist mjer sem svo fari fyrir hæstv. ráðherrum nú eins og segir í vísunni:

— einn rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.

Hæstv. atvrh. (MG) segir, að þingið geti skipað Landsbankanum að gera þetta, en hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sagt alveg gagnstætt um afstöðu bankans til löggjafarvaldsins. Jeg er nú sammála hæstv. atvrh. um það, að þingið hafi vald til að

skipa bankanum að gera hitt og þetta. Og þegar þingið álítur, að annar aðalatvinnuvegur vor hafi ekki borið þau lán úr býtum frá bankanum, sem skyldi, þá finst mjer sjálfsagt, að þingið noti vald sitt á þessu sviði. En hjer er alt öðru máli að gegna, þegar rætt er um að skipa bankanum að greiða ákveðnum manni laun. Ef þingið gerir það, álít jeg, að það misnoti vald sitt. Jeg er því í „principinu" samþykkur hæstv. atvrh., en í þessu eina atriði, sem hjer um ræðir, er jeg sammála áliti hæstv. fjrh. á þessum efnum.

Jeg býst nú við, að jeg hafi ef til vill helt olíu í eldinn, en jeg geri ráð fyrir, að jeg fái skýr svör og góð hjá hæstv. atvrh. (MG), enda þótt það lengi ofurlítið umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg tók það fram strax, að þegar jeg talaði um langar umr., þá ætti jeg ekki sjerstaklega við umr. um þetta mál, heldur yfirleitt við umr. á þinginu nú. Það er nú svo komið, að mörg mál, sem nefndir hafa fjallað um og afgreitt nál. um, komast ekki til umr. fyrir öðrum málum, sem eru tafin með löngum umr. En þetta, að nefndirnar, þrátt fyrir það að þær oft hafa haft þrengri tíma til fundahalda en ætlast er til, vegna langra funda, eru samt á undan afgreiðslu mála við umr., sýnir ljóslega, hvort umr. er í hóf stilt eða ekki. Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að stjórnin hefði brugðist illa við sjálfsögðum till. Það er nú svo. Till. eru sjálfsagðar í hans augum, og meira getur hann ekki sagt, en það er nú eitthvað annað en að þær sjeu sjálfsagðar í augum stjórnarinnar. Það eru þær einmitt alls ekki, því getur hann ekki vænst annars en að stjórnin snúist á móti þeim. Það er svo sem auðvitað, eins og margtekið hefir verið fram, að þessi lög er hægt að afnema hvenær sem þinginu sýnist svo, og hver sendimaður, sem stöðunni gegnir, verður að leggja hana niður án nokkurra biðlauna, ef embættið er talið óþarft. Hv. þm. (TrÞ) veit þetta ósköp vel. Um það, hvað þingið kynni að gera þá gagnvart manninum, hvort það veitti honum bætur fyrir stöðumissinn eða ekki, get jeg ekkert sagt. Hv. þm. (TrÞ) getur ómögulega látið mig ábyrgjast þær gerðir. Jeg geri ráð fyrir, að það fari eftir því, hvort þingið álítur, að maðurinn hafi verið gabbaður eða ekki. Jeg álít, að maðurinn eigi engar bætur að fá, ef staðan er talin allsendis óþörf. En ef embættið er lagt niður til þess að koma manni frá, sem rækt hefir það sæmilega, tel jeg, að hann eigi rjett á bótum. Hv. þm. (TrÞ) sagði, að stjórnin vildi hafa fríar hendur til fjárbruðlunar í þessu máli, en hún hefir alveg eins óbundnar hendur til þess eftir till. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann ætlast til þess, að stjórnin geri samning við manninn, og hefir ekki treyst sjer til að ákveða launin. Hv. þm. V.-Ísf. hefir farið líkt og manni, sem ætlaði að ákveða laun embættismanna hjer á landi og ákvæði þau þannig, að allir skyldu hafa 1000 kr. á ári og svo sanngjarna uppbót. En hver mundi telja þetta ákvörðun launa? Enginn, því að launaákvörðun er fólgin í hámarki launa, en ekki lágmarki. Nei, háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir alveg gefist upp við að ákveða launin, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti rjettilega á.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) spurði ennfremur, hvort jeg við eina umr. fjárlagafrv. ætlaði að koma með till. um laun þessa manns. Það geri jeg auðvitað ekki, því þau felast í 26. gr. fjárlagafrv. Þar segir svo: „Ef lög þau verða staðfest, er af-

greidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.“ Þess vegna kemur þessi upphæð auðvitað ekki inn í fjárlög nú, en hún kemur þar næsta ár, ef maður verður skipaður. Það er því síður en svo, að hjer sje verið að fara neitt á bak við þingið, þó farið sje að hjer eins og altaf er farið að, þegar svona stendur á og fjárlagafrv. sjálft gerir ráð fyrir.

Hv. þm. (TrÞ) segist vera mjer sammála um, að bankinn sje skyldugur til að greiða hluta af launanum, en sje þó á móti því, að hann geri það. Þetta skil jeg nú ekki, nema hann álíti, að það sje rangt að láta bankann gera það, en þá er háttv. þm. (TrÞ) á móti nefndinni í heild og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem skýrt og skorinort hefir lýst yfir því, að það sje rjett, að bankinn greiði þennan hluta af launanum. Og jeg lít svo á, að bankanum sje ekki gert ilt með þessu, því meira mun hann hafa upp úr manninum en þessu nemur. Það liggur í augum uppi, fyrst hinn bankinn, sem er eingöngu gróðafjelag, er svo fús til að greiða sinn hluta launanna. Hann er ekki hræddur um, að það borgi sig ekki fyrir sig, og hinn þarf ekki að kvíða því heldur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Str. (TrÞ) var að gera ráð fyrir ósamkomulagi milli mín og hæstv. atvrh. (MG) út af ákvæðum frv. þessa um þátttöku Landsbankans í launum mannsins. Notaði hann máli sínu til skýringar vísu, sem var í algeru samræmi við smekkvísi og sæmdartilfinningu hv. þm. (TrÞ). En það fór nú ekki betur en svo, að hrútarnir fóru að stangast í hans eigin höfði. Hann lýsti því sem sje yfir, að hann í „principinu“ væri sammála hæstv. atvrh., en í þessu atriði samt fylgjandi mjer, sem hann gerði ráð fyrir, að væri á gagnstæðri skoðun. Jeg veit nú ekki, hvernig hrútar geta betur stangast en hv. þm. í þessu efni stangast við sjálfan sig eftir öll sín undangengin orð. En hvað þetta mál snertir, sem hjer um ræðir, er rjett að geta þess, að jeg er um það alveg sammála hæstv. atvrh. (MG). Jeg hefi altaf í umr. um afstöðu löggjafarvaldsins til Landsbankans tekið það fram, að löggjafarvaldið ætti að löggefa um starfsemi bankans sjálfs, en aftur á móti mætti löggjafarvaldið ekki leggja á bankann byrðar, sem væru starfi hans óviðkomandi, nje þær, sem ætla mætti, að spiltu áliti hans út á við. Hjer lít jeg svo á, að verið sje að löggefa um starfsemi bankans sjálfs, enda hefir stjórn Landsbankans hvað eftir annað farið þess á leit við landsstjórnina, að sendimaður yrði látinn fara til Miðjarðarhafslandanna, og boðist til að taka þátt í kostnaðinum, sem af för hans leiddi, því hún telur það hag fyrir bankann, að svo sje gert. Hjer er því ekki um annað að ræða en það að koma meiri festu á þessa ráðstöfun, sem er í þágu bankans og bankastjórnin hefir sjálf hvað eftir annað óskað, að gerð yrði. Það eina, sem greinir á um, er það, að bankastjórnin vill ekki binda þetta eins mikið fyrir framtíðina og gert er í frv. En þegar slíkur ágreiningur verður, er ekki um það að villast, hvor aðilinn á úr að skera. Það á löggjafarvaldið að gera. Það á að ráða, hve laust eða fast skipulag skuli vera á þessu máli, sem landsstjórn og bankastjórn telja báðar jafnnauðsynlegt. Því er það vafalaust, að það eru langar leiðir frá því, að hagur Landsbankans sje fyrir borð borinn í máli þessu. Það er stórkostlegt hagsmunamál

fyrir bankana, eins og Íslandsbanki líka skilur. Og það er nauðsynlegt að koma föstu skipulagi og sniði á þetta, svo að hæfur maður fáist til að vinna það verkefni, sem hjer liggur fyrir. Hv. þm. Str. (TrÞ) getur því hvorki talað um ósamlyndi ráðherranna í þessu máli nje um ósamræmi hjá mjer, þó jeg haldi því fram, eins og allar stjórnir hafa gert, að Landsbankinn eigi að njóta verndar og stuðnings löggjafarvaldsins til þess að vinna að sínum verkefnum.

Tryggvi Þórhallsson: Örfá orð. Það var gaman, að hæstv. ráðherrar spruttu upp hvor af öðrum til að sanna samlyndi sitt. Má vera, að þeir geti gert það í orði, en jeg ætla, að enginn hv. þdm. gangi þess dulinn, að þeir hafa fyllilega ólíkar skoðanir í þessu efni, þótt þeir kynoki sjer við að játa það. Annars er jeg hissa á, að jafnskýr maður og hæstv. fjrh. (JÞ) er skuli halda því fram, að skoðanirnar sjeu að stangast í höfðinu á mjer, þótt jeg segi, að „principielt" megi skipa bankanum að gera þetta, en það sje samt rangt að gera það. Hæstv. fjrh. (JÞ) veit, að þetta er ekkert ósamræmi. Hæstv. atvrh. (MG) segir, að hægt sje að afnema lögin, en hann vill ekki benda á afleiðingarnar að því er snertir manninn, sem stöðunni gegnir. Hvernig á að losna við hann? Jeg er viss um, að tugir, já, hundruð radda hrópa gegn því, að honum verði kastað út á gaddinn og honum engu bættur stöðumissirinn. Þess vegna á að ákveða strax, hve lengi lögin eigi að gilda.

Hæstv. atvrh. (MG) lýsti skýrt yfir, að upphæðin ætti ekki að koma inn í fjárlögin. Vill hann þá ekki bera fram brtt. við 26. gr. um að þetta skuli ekki koma gjaldamegin? Annars er enn nógur tími til þess að setja þetta í fjárlögin fyrir 1926 — eða heldur hæstv. ráðherra, að konungur neiti að staðfesta lögin?

Hvers vegna má þessi upphæð ekki standa í fjárlögunum, ef hún á að greiðast hvort sem er? Jeg held því fram, að annaðhvort eigi þetta að standa í fjárlögum eða ekki greiðast.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hygg, að ekki þurfi annað til þess að sannfæra hv. þm. Str. (TrÞ) en að lesa upp 26. gr. fjárlaganna, en þar stendur:

„Ef lög þau verða staðfest, sem afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum."

Það er altaf svo, þegar lög eru samþykt, sem hafa gjöld í för með sjer, að þau eru ekki tekin upp í fjárlögin það ár. Þetta ætti hv. þm. Str. (TrÞ) að vera kunnugt um, en annars eru í fjárlagafrv. fyrir 1926 tekin upp 10 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer er vel kunnugt um þessa grein fjárlaganna. En þegar búið er að samþykkja að veita þetta fje, því þá ekki að taka það upp í fjárlögin nú? Jeg skírskota til hæstv. fjrh. (JÞ), sem er svo ant um að hafa í fjárlögunum alt, sem greiðast á, hvort hann vill ekki að þetta sje tekið upp.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Str. (TrÞ) spyr, hví ekki megi taka þetta upp í fjárlögin 1926. Jeg veit ekki enn, hvort þetta frv. verður samþykt áður en fjárlögin verða samþykt. Hvernig væri þá hægt að lofa slíku? Það er ekki hægt nema hv. þm. (TrÞ) ætli sjer að halda þinginu hjer í alt sumar, sem reyndar lítur helst út fyrir.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir aldrei sagt, að taka ætti upp í fjárlögin öll gjöld, sem samþykt væru á þinginu. Það er misskilningur hjá hv. þm. Str. (TrÞ).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að segja, að mjer þykir hart, að hv. þm. Str. (TrÞ), sem verið hefir 2 ár í fjvn., skuli ekki enn hafa komið auga á ákvæði 26. gr. fjárlaganna og gert sjer grein fyrir, hvað það þýðir. Mjer þykir leitt að hafa verið svo óskýr um þetta, að einn þm. skilur ekki. Það, sem jeg hefi sagt, að væri misbrúkun á þessu ákvæði, er að færa undir þessa grein útgjöld, sem stafa af löggjöf fyrri þinga en þess, sem setur fjárlögin. Mjer þykir leitt, ef þetta hefir verið skilið svo, að jeg vildi ekki að greinin væri notuð til þess, sem hún er ætluð til.

Jeg skal benda á, að jeg hafði búist við, að hv. þm. Str. (TrÞ) væri svo kunnugur þessu fjárlagafrv., að hann vissi, að þessi upphæð stendur þar í 16. gr. 20. lið: Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum 10 þús. krónur. Jeg verð að segja, að þó að nota þyrfti lítið eitt meira eða minna en þessa áætlunarupphæð, þá veit jeg ekki til þess, að hv. þm. Str. (TrÞ) hafi orðið var þeirrar smámunasemi hjá mjer, að jeg mundi gera rekistefnu út úr því. Auðvitað er honum frjálst að koma með brtt., ef hann vill.

Tryggvi Þórhallsson: Það var góð upplýsing þetta síðasta hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að mjer væri heimilt að gera brtt. við þetta frv. Ef hæstv. fjrh. (JÞ) treystir sjer ekki til þess að bera þetta fram, skal jeg taka til athugunar, hvort ekki er hægt að láta fjárlögin fá rjetta mynd.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess hjer áðan, að þessu frv. lægi mjög mikið á, af því að maðurinn þyrfti að fara sem fyrst. Nú segir hann, að ekki sje hægt að gera samningana fyr en einhverntíma. Jeg segi: Þetta er *viljaleysi* hjá hæstv. stjórn. Hún *vill fela,* hve miklum peningum hún eyðir í þetta starf.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er, eins og annað hjá hv. þm. Str. (TrÞ), misskilningur eða rangfærsla, að jeg hafi sagt, að maðurinn ætti að fara að fara. Jeg sagði, að um það hefðu heyrst harðar raddir, að hann yrði látinn fara sem fyrst. Jeg sagði líka, að jeg mundi slá starfinu upp, og því væri ekki hægt að láta manninn fara strax. Af þessum ástæðum býst jeg alls ekki við, að samningar við sendimanninn verði fullgerðir áður þingi slítur, og þess vegna mun ekki verða hægt að taka nákvæma fjárhæð í fjárlögin 1926, enda býst jeg við, að þær 10 þús. krónur, sem í fjárlagafrv. 1926 standa í þessu skyni, muni vera nærri lagi. Það er því ósatt, að hjer sje um viljaleysi eða feluleik að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 329,1 feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald.

nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JakM, JAJ, BSv.

1. gr. samþ. með 17:6 atkv.

2. gr. samþ. með 17:4 atkv.

Brtt. 329,2 feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef.

nei: JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, BSv.

3. gr. samþ. með 16:6 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSv.

nei: HStef, IngB, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12, 350, 358).

Sveinn Ólafsson: Jeg á hjer örlitla brtt. á þskj. 350, sem jeg tel vel við eiga að minnast á, og vonast jeg til þess, að háttv. þdm. sjái, að hún geymir í sjer sjálfsagða umbót á frv.

Brtt. mín er við 1. gr. frv. og fer fram á, að manni þeim, sem ætlað er að fá þennan starfa, verði sett þau skilyrði, að hann hafi ekki á hendi störf fyrir útlend ríki og einskiskonar millilíðastarfsemi eða verslun fyrir eiginn reikning. Mjer finst engin ástæða til að mæla með tillögunni, því að það gerir hún sjálf, og tel jeg hana ómissandi og sjálfsagða. Það er vitanlegt, að jeg hefi borið þessa tillögu fram meðfram fyrir þá skuld, að maður sá, sem til er ætlast að taki við þessum starfa, er spánskur ræðismaður hjer. Mjer finst ekki viðeigandi, að hann hafi slíkt umboð, eftir að hann hefir tekið við fulltrúastarfinu. Sama gildir vitanlega þótt annar taki við starfa þessum, að hann á að vera óháður.

Fleira hefi jeg ekki að segja um brtt. þessa, enda býst jeg ekki við, að um hana geti orðið ræptog.

Magnús Torfason: Jeg á hjer brtt. á þskj. 358, við brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), og er hún fram komin til þess, að það sjáist glögt, hvað meint er með þeirri tillögu.

Brtt. mín er fólgin í því, að maður sá, sem á að vera fiskifulltrúi á Spáni og Ítalíu, megi engin störf hafa nje haft hafa á hendi fyrir útlend ríki. Það, sem sjerstaklega kom mjer til þess að koma fram með brtt. þessa, var hin hjartnæma hugvekja háttv. þm. Dala. (BJ) í gær, þar sem hann setti utanríkismálin í öndvegi og dró ekki úr, að þau væru merkustu mál þjóðanna.

Háttv. þm. gat þess líka, að ekki væru önnur mál, sem meiri vandi væri með að fara, vegna þess, að mest hætta væri fyrir okkur, að meðferð þeirra tækist illa. Þetta get jeg undirstrikað og bætt því við, að því minna sem ríkið er, því meira á það á hættu í þessu efni. Því að í þessum viðskiftum sem öðrum verður sá, sem minni háttar er, að fara varlegar en hinn, sem getur haft reiddan hnefann á lofti. Enda held jeg, að utanríkismálasaga okkar bendi ótvírætt í þá átt, að best sje að fara varlega; því að hún er ein óslitin raunasaga. Má þar fyrst til nefna bresku samningana frægu, og mun það vera upphaf utanríkissamninga, er við sjálfir höfum farið með. Þá má og nefna Spánartollinn, sem líka er raunasaga. Loks má nefna kjöttollinn norska; þar urðum við sömuleiðis að ganga að neyðarkjörum. Þetta bendir alt í þá átt, að sjálfsagt sje fyrir okkur að fara varlega og athuga vandlega hvert fótmál, sem við stígum á utanríkismálasviðinu, og ekki síst þegar undirstaða sú, sem við höfum á að byggja, er mjög veik.

Þegar við fengum ríkisvaldið í okkar hendur, áttum við engan mann, sem

fengist hafði við utanríkismál, og ennþá eigum við ekki nema einn mann, sem nokkuð kann við þau að fást. Okkur vantar því tilfinnanlega læringu í þessum efnum, og er því best fyrir okkur að fara varlega, því að víst er, að við höfum engan Franklín til þess að bera fyrir okkur.

Jeg hjelt, að mál það, sem nú er til umræðu, ætti ekki við hið hærra „diplomati", heldur væri hjer aðeins að ræða um brot af verslunarfulltrúa, þar sem fiskifulltrúinn er, sem alveg eins mætti kalla þorskfulltrúann okkar. Annars mun óhætt að segja að því er snertir þessa fulltrúa, að ekki sje kunnugt um, að þeir hafi komið að miklu gagni. Að minsta kosti er það mál flestra, að gagnið hafi verið ekkert eða sáralítið t. d. að gamla fiskifulltrúanum á Spáni og Ítalíu, svo jeg tali ekki um Ameríkulegátana, sem munu hafa kostað upp undir 200 þús. kr. Sumir, sem til þekkja, bera það upp í sjer, að þeir hafi ekki komið að neina eða sama sem engu gagni. En hitt er víst, að hvernig svo sem þessu er varið, þá er það álit almennings hjer á landi, að fjarskalega lítið gagn hafi orðið að þessum sendimönnum hingað til. Nú veit jeg það, að öllum hv. þdm. er mjög ant um það, að utanríkismálin fari vel úr hendi. Og í gær var því haldið fram hjer í deildinni, að ekki mætti skera fjárveitingar í þessu efni of mjög við neglur sjer, ef von ætti að vera til þess að ráða þessum málum vel til lykta. Jeg játa fúslega og fullkomlega, að þar sem þörf er á sendiherra, og þegar við höfum völ á manni, sem treysta má til þess að gera gagn, þá er sjálfsagt að gera sæmilega til slíks manns og slíkra manna í alla staði, enda er það alþjóðaregla að sjá um, að þeir menn, sem eru fulltrúar þjóðar sinnar í útlöndum, þurfi engar fjárhagslegar áhyggjur að hafa. En jeg er ósköp hræddur um það, að ef ekki tekst betur til um val á þessum sendimanni, sem hjer er um að ræða, en hingað til hefir tekist — hjer undanskil jeg sendiherrann í Kaupmannahöfn —, þá muni þjóðin verða treg til þess að láta fje af mörkum til slíkra hluta. Þess vegna er ver farið en heima setið, ef nú mishepnast um þessa sendiferð.

En svo að jeg að lokum komi að efninu í brtt. minni, þá gengur hún út á það, að þeir menn, sem verið hafa sendimenn annara ríkja, eigi ekki að verða okkar fulltrúar; því mjer er sagt af mönnum, sem bera skyn á slíkt, að það eigi sjer hvergi stað og hjer sje um að ræða brot á alþjóðavenjum. Við vitum allir, að þessi lög eru búin til fyrir sjerstakan mann, og hann hefir verið fulltrúi þessa lands í öðrum löndum. Síðan hefir hann verið fulltrúi annara ríkja og nú á aftur að gera hann að fulltrúa okkar. Það er þetta hneyksli, sem brtt. mín á að koma í veg fyrir.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, þá held jeg, að jeg verði að drepa ögn á 2. gr. frv. Er það vegna þess ákvæðis, sem þar stendur og gerir bönkunum hjer að skyldu, að hvor þeirra um sig leggi fram ⅓ af kostnaðinum við sendiför þessa, móti ⅓, sem ríkissjóður greiði. Meðan þetta er gert með fúsum og frjálsum vilja bankanna, þá er ekkert um það að segja. En nú hafa verið lesin upp hjer í deildinni mótmæli frá öðrum bankanum gegn þessu, og verð jeg því að segja, að það er ákaflega varúðarvert að leggja honum þessa skyldu á herðar, af sömu ástæðu og fram var færð hjer áður í þessari háttv. deild í sambandi við önnur lög, og bygð-

ust á því, að það væri óhæfilegt að seilast ofan í vasa bankans að honum fornspurðum. Það hefir verið fært fram sem ástæða fyrir þessu, að sendiför þessi væri gerð vegna hagsmuna bankanna og þeir mundu græða á henni. Jeg skal nú ekki fara neitt út í þær sakir að öðru leyti en því, að það er að sjálfsögðu mikið komið undir sendimanninum, hvernig hann rækir sitt embætti. Það er alt undir því komið, og jeg skal ekki segja af eða á um það, hver von sje til þess, að hann ræki það vel eða illa. En að því er þetta atriði snertir, ef skifta á kostnaðinum með tilliti til hagsmuna bankanna, þá tel jeg ekki rjett hlutfall, að Landsbankinn borgi jafnmikið og Íslandsbanki, því Íslandsbanki er banki sjávarútvegsins og hefir hjer því miklu meiri hagsmuna að gæta en Landsbankinn. En hvað sem því líður, þá skilst mjer, að þetta, að skylda bankana til þess að leggja fje fram í þessu augnamiði, skjóti langt yfir markið. Rökrjett hlýtur þetta að ganga svo langt, að ef svo verður litið á, að þingið geri einhverja ráðstöfun, sem sje til hagsmuna fyrir bankana, þá beri þeim að taka þátt í kostnaðinum. En ef svo er, þá ber ekki að miða það við sjerstök lög, sem allir vita, að eru gerð fyrir sjerstakan mann, heldur taka það beint upp sem reglu. Ber þá bönkunum að kosta utanríkismálin til jafns við ríkissjóð eftir því „principi", sem gefið er í þessu frv. Jeg rek þetta svona vegna þess, að þetta fordæmi, sem gefið er með þessum lögum, er í mínum augum alveg afskaplegt. Og ef það ætti að geta skert traust bankans, að hann gæfi út bankavaxtabrjef með háum vöxtum, þá verð jeg að segja það, að ef hægt er að benda á önnur eins ákvæði og þetta, þá kippir það ekki síður fótum undan trausti bankans en hitt. Jeg dreg enga dul á það, að jeg lít svo á, sem líka er mál margra manna, að í þessu frv. kenni talsverðrar bitlingapólitíkur. Og ef fara á að draga bankana inn í slíkt, þá er skörin farin að færast upp í bekkinn. Jeg get ekki fylgt því nje látið vera að mótmæla slíkum aðförum.

Bjarni Jónsson: Jeg þarf ekki að deila mjög á háttv. 1. þm. Árn. (MT), því hann hefir sýnt fullan skilning á því, hve utanríkismálin eru merkileg mál og hættuleg. Jeg gæti auðvitað þráttað við hann um gagnið af hverri einstakri sendiför, sem mjer virtist hv. þm. (MT) líta nokkuð svart á, en jeg vil ekki tefja með því tíma þingsins.

Viðvíkjandi 2. gr. frv. hefi jeg áður lýst yfir því, að jeg tel hana raunar óframbærilega. En jeg býst samt við því að greiða frv. atkv. mitt, vegna þess, að eins og þingið er nú samansett, þá er engin von til þess að meiri hluti fáist með rjettum skilningi á þessu atriði. En jeg lít svo á, eins og hv. þm. (MT), að það sje ósæmilegt að láta einstakar stofnanir greiða kaup til manna, sem beinlínis eru og eiga að vera embættismenn ríkisins. En þar sem þessi sendimaður á að gæta hagsmuna landsins og skoða má bankana sem landsmenn, þá vil jeg ekki leggja á móti þessu. Hinsvegar er jeg ekki samdóma hv. þm. (MT) um það hlutfall, sem vera ætti milli bankanna í þessu efni. Landsbankinn er nú alveg eins mikill útgerðarbanki og Íslandsbanki, og varðar þetta mál hann engu minna.

En hvað snertir meðferðina á bönkunum í þessu máli, sem hv. þm. (MT) talaði um, þá er það satt, að ekki er hægt að heimta fje af Íslandsbanka og ekki

rjett að heimta það af Landsbankanum. En jeg lít á það sem *malum necessarium* — illa nauðsyn.

En aftur er jeg algerlega mótfallinn till. hans um það, að sá maður, sem þetta starf fær, megi ekki hafa gegnt neinu slíku starfi áður. Þó þessi maður hefði verið konsúll áður fyrir eitthvert ríki, þá á það alls ekki að gera hann óhæfan til þess að verða starfsmaður Íslands, hvorki í því landi nje öðru. Það mætti fremur halda því fram, að hann stæði betur að vígi um að gera Íslandi gagn í því landi, sem hann hefði áður gert greiða og þekkir eitthvað til manna og mála. En jeg lít svo á, að þetta geri hvorki til nje frá, hvort maðurinn hafi gegnt einhverju slíku starfi eða ekki, og mundu fáir menn fást til að gegna störfum fyrir ríkið, ef svo strangt ætti að líta á fortíðina. En hitt er sjálfsagt, að hann sje ekki hvorttveggja í einu, starfsmaður annars ríkis og fulltrúi Íslands, og tel jeg víst, að stjórnin geri svo ráð fyrir í erindisbrjefi hans. Jeg man svo langt, að jeg var sendur út í lönd sem sendiherra og verslunarerindreki, og raunar alt í öllu. En jeg hafði erindisbrjef, sem bannaði mjer að fara með verslun, hvort heldur fyrir sjálfan mig eða í annara umboði, og einnig störf fyrir önnur ríki. Alt var þetta tekið fram í erindisbrjefinu; og það er líka nægilegt, að það standi. þar, og þarf því ekki að gera þessa breytingu við frv. Þetta er sjálfsagt, og jeg býst við því, að hæstv stjórn muni lýsa því yfir, að hún ætli og hafi altaf ætlað að koma þessu þannig fyrir.

Loks vil jeg geta þess, að sá maður, sem till. hv. 1. þm. Árn. (MT) eru stíluðar gegn, hefir reynst hinn nýtasti og ágætur embættismaður. Og gæti jeg fengið vitnisburð þeirra manna, sem notið hafa starfa hans, því til sönnunar, að hann hafi unnið mikið gagn. Mun svo enn verða.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hafði hugsað mjer og vil hjer með fara bónarveg að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að hann taki aftur brtt. sína, af þeirri ástæðu, að það er gefinn hlutur, að sá maður, sem skipaður verður til þessa starfs, verður skyldaður til þess að hafa ekki önnur störf á hendi, hvorki verslun fyrir eigin hönd nje umboðsverslun eða neitt slíkt. Og ef hv. þm. (SvÓ) tekur aftur sína tillögu, þá skal jeg lofa því, að hún skal verða tekin upp orði til orðs í erindisbrjef eða skipunarbrjef þess manns, er stöðuna fær. En ástæðan til þess, að jeg óska, að till. sje tekin aftur, er sú einungis, að jeg vil, að málið komist áfram sem allra fyrst, með því að margar og sterkar raddir láta til sín heyra um að senda manninn sem fyrst. Jeg skil ekki, að það geti verið neitt aðalatriði fyrir neinn, hvort manninum eru bönnuð þessi störf með lögum eða t. d. í erindisbrjefinu, því að fyrir hann gildir erindisbrjefið og skipunarbrjefið sem lög.

Út af brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT) vil jeg geta þess, að hún gengur að einu leyti lengra en till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þar sem hann vill, að sá, sem stöðuna fær, megi ekki vera eða hafa verið í þjónustu annars ríkis. Jeg get vísað til orða hv. þm. Dala. (BJ) um þetta. Jeg get ekki sjeð, að það sje nokkurn hlut verra, þó maðurinn hafi einhverntíma gegnt einhverjum störfum fyrir annað ríki, ef hann hefir þau ekki með höndum meðan hann gegnir þessu starfi. Það er vitaskuld, eins og hv. þm. Dala. (BJ) tók fram, að þessi till. er stíluð gegn ákveðnum manni, sem jeg heyri, að búist er við að fái þetta

starf. Þessi maður er nú spanskur konsúll, og auðvitað verður það gert að skilyrði, að hann sleppi því embætti, ef hann fær þessa stöðu. En jeg get ekki sjeð, að það sje nokkuð verra, þó að hann hafi áður gegnt þessu konsúlsstarfi fyrir Spán. Það ætti fremur að gefa honum álit þar syðra og frekar ljetta honum starfið en torvelda það. Að öðru leyti er mjer illa við miklar umr. um þetta mál nú. Það hefir þegar verið svo mikið rætt, og einkum verð jeg að telja óviðeigandi að ræða um einstakar greinar frv. við 3. umr. En því vil jeg neita, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að þetta væri bitlingamál. Það er alls ekki svo, heldur er frv. fram komið eftir beiðni bæði sjávarútvegsmanna og Íslandsbanka. Og það líður varla svo dagur, eins og jeg gat um við 2. umr. málsins, að einn bankastjórinn við Íslandsbanka spyrji mig ekki eftir því, hvað málinu líði. Það er því ekki að furða, þótt bankinn vilji leggja nokkuð í sölurnar, þegar svo mikil áhersla er á það lögð, að málið nái fram að ganga. *(MT:* Hvaða bankastjóri er það?). Það er víst, að það er ekki sá bankastjórinn, sem háttv. þm. (MT) metur minst. Það er hv. 1. landsk. (SE), sem jeg á við.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 1. þm. Árn. (MT) mintist hjer á samninga vora við önnur lönd og þar á meðal bresku samningana. Jeg þarf ekki að verja þá samninga fyrir mína hönd. Jeg tel ómaklega mælt að telja þá óheppilega. Þeir voru einmitt heppilegir að minni ætlun. Að vísu voru sumir óánægðir með þá í byrjun, en jeg held, að menn hafi sannfærst um það síðar, að þeir hafi verið í raun og veru góðir, enda var fyrsti samningurinn gerður fyrir hönd stjórnarinnar af mjög vel færum manni. Og hjer í þessari háttv. deild er a. m. k. einn maður, sem getur borið um það, hvort hægt hefði verið að fá betri kjör síðar. Mönnum fanst þrengja að sjer, sem ekki var óeðlilegt á þeim tímum, en árangurinn varð samt sá, að við höfðum mikið gott af samningnum. Þá held jeg, að ekki sje hægt að segja, að sendiferðin til Ameríku hafi verið árangurslaus, eða halda því fram, að sendiferðirnar þangað hafi ekki borið góðan árangur. Með fyrstu ferðina held jeg að allir hafi verið ánægðir. Af dvöl umboðsmanns eða umboðsmanna okkar þar síðar verður ef til vill ekki hægt að sýna beinan árangur á borði, en líklega hefði það komið fram í einhverju, ef ekki hefði farið verið. Og það hefir oft verið sagt, að við hefðum átt að hafa sendimann í London fram á þennan dag.

Jeg vildi ekki láta þessu ómótmælt, þó það ef til vill verði til þess að lengja enn umræðurnar, sem jeg vildi þó alls ekki, enda er þess engin þörf. Hjer er aðeins um það að ræða, hvort þurfi að senda mann eða ekki. Þetta er ógnarlega einfalt og þarf ekki langra útlistana. En það er eins og einhver sjerstök tilhneiging í mönnum nú að lengja umr. von úr viti.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg vil geta þess, að sjútvn. hefir ekki haft tækifæri til þess að bera sig saman um þær brtt., sem hjer eru nú fram komnar, og get jeg því ekki með fullri vissu sagt neitt um þær fyrir hennar hönd. Það mætti ef til vill líta svo á, að það hafi verið vangá af nefndinni að gera ekki till. í líka átt og till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 350, en það stafar eingöngu af því, að nefndin taldi sjálfsagt, að það yrði áskilið við manninn. Það er svo sjálfsagður hlutur,

að hann gegni ekki slíkum störfum, enda kom það fram við 2. umr., er talað var um launin, að það er ekki ætlast til þess, að hann hafi neitt annað starf en þetta. Jeg fyrir mitt leyti — og jeg hygg jeg tali þar um leið fyrir hönd meiri hluta sjútvn. — geri mig vel ánægðan með yfirlýsingu hæstv. atvrh. (MG), að þetta verði sett í erindisbrjef eða skipunarbrjef fulltrúans.

Um till. hv. 1. þm. Árn. (MT) er það að segja, að jeg sje ekki ástæðu til að áskilja neitt um fortíð mannsins, hvort hann hafi haft með höndum störf fyrir útlend ríki eða ekki. Það er nærri mjer að líta svo á, að það sje fremur meðmæli með honum en hitt.

Sveinn Ólafsson: Hæstv. atvrh. mæltist til þess, að jeg tæki aftur till. á þskj. 350; sagðist þó vera efni hennar samþykkur. Kvað hann efni hennar geta komist að í erindisbrjefi fulltrúans og bauð að sjá um það, að skilyrðin yrðu þar sett. Hafði hann það eitt móti till., að breyting frv. tefði málið, sem þá þyrfti að fara aftur til hv. Ed.

Fljótt á litið virðist ekki miklu skifta, hvort skilyrðin komast að í lögum eða erindisbrjefi. En dálítið meira er utan um það að taka brtt. aftur heldur en ennþá er fram komið við umr. þessa. Því a. m. k. er um leið kipt burtu annari till., sem nú liggur fyrir og er brtt. við mína till. Þetta gerir mjer erfiðara að taka till. aftur en ella.

Jeg gæti að vísu látið mjer lynda, að sama efni yrði tekið upp í erindisbrjef fulltrúans og felst í till. minni, en þó sje jeg, að styrkara er og betra að hafa ákvæðið í lögunum sjálfum. Lögin eru í allra höndum og allir eiga á því kost að kynna sjer efni þeirra, en svo er ekki um samninginn við væntanlegan fulltrúa, eða erindisbrjef hans.

Þess vegna gildir ekki alveg einu, hvort ákvæðið er tekið upp í lögin eða aðeins í erindisbrjefið.

Og enn kemur eitt til greina. Þótt jeg taki brtt. aftur, þá tel jeg alveg víst, að einhver hv. þm. muni taka hana upp, og myndi jeg þá finna mig knúðan til að greiða henni atkv., því jeg er sannfærður um, að ákvæðinu er betur komið í lögunum en erindisbrjefinu einu.

Að því er töfina snertir, sem verða mundi á afgreiðslu málsins, ef brtt. mín verður samþykt, þá fæ jeg ekki sjeð, að hún þurfi að verða lengri en til næsta mánudags eða þriðjudags, og er þá ærinn tími til stefnu.

Jeg geri mjer sem sje alls ekki í hugarlund, að háttv. Ed. muni amast við þessari breytingu, ef þessi hv. deild vill samþykkja hana.

Út frá þessum aths. verður svar mitt við tilmælum hæstv. atvrh. (MG) á þá leið, að jeg treysti mjer ekki til að taka till. aftur.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekki mörgu að svara að þessu sinni.

Hvað það atriði snertir, að hafður sje fulltrúi í framandi ríki maður, sem áður hefir verið fulltrúi þess sama ríkis hjer á landi, þá vil jeg halda fast við þá skoðun mína, að þetta sje óheppilegt í „principinu“, enda þótt það geti blessast í einstaka tilfellum.

Jeg get ekki betur sjeð t. d. en úr því að maður, sem verið hefir fulltrúi Íslands á Spáni, er gerður að spönskum konsúl hjer á landi þegar eftir heimkomu sína, þá felist í því velþóknun Spánverja á

hlutaðeigandi manni. En þar af má aftur draga þá ályktun, að hann hafi ekki verið Spánverjum slæmur ljár í þúfu í samningagerðum fyrir okkar hönd.

Háttv. þm. Dala. (BJ) vildi halda því fram, að þessi fiskifulltrúi yrði jafnframt að hafa „diplomatisk" störf með höndum, ef vel ætti að vera. Þessu verð jeg enn að mótmæla algerlega, jafnvel þó að hv. þm. (BJ) hafi stundum farið út fyrir sitt afmarkaða svið þegar hann var verslunarerindreki okkar erlendis hjerna um árið. Jeg verð að taka mjer í munn latneska málsháttinn:

Quod licet Jovi,
non licet bovi,

því enda þótt hann hafi ekki gert skaða, en ef til vill gagn í sínum erindrekstri, þá er ekki öllum trúandi fyrir slíkum störfum.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að jeg hefði talað um bitlingasýki í sambandi við þetta mál. Það gerði jeg reyndar ekki, heldur mintist lítilsháttar á bitlingapólitík. En vel má vera, að heppilegra sje að tala um bitlingasýki. Um það skal jeg ekki deila við hæstv. ráðh. (MG), enda mun hann þeim hnútum kunnugri en jeg.

Út af ummælum hæstv. forsrh. (JM) skal jeg geta þess, að auðvitað var ekki meining mín að gera árás á bresku samningana í þessu sambandi. Hæstv. forsrh. ætti að muna, að jeg var einmitt frsm. þingnefndar, sem rannsakaði þá samninga á sínum tíma, og þegar af þeirri ástæðu, hvernig jeg leysti það starf af hendi, hlýtur hann að vita, að mjer er fjarri skapi að ráðast á, hvernig samningarnir voru gerðir.

Hæstv. forsrh. sagði, að þeir samningar hefðu reynst heppilegir þjóðinni. En mjer var kunnugt, að samningarnir vöktu megna óánægju, einmitt einkum meðal flokksmanna hæstv. ráðherra (JM). Og það er víst, að í þeim samningum urðum við að sæta afarkostum, en við það varð ekki ráðið, og fer fjarri því, að jeg vilji hið allra minsta áfella þann mann, sem gerði samningana fyrir okkar hönd. En það er undanfari þessara bresku samninga, sem vel hefði mátt koma til umr. nú, einmitt í sambandi við þetta frv., þó að jeg skuli ekki fara frekar út í þá sálma að sinni. Jeg held, að sá undanfari, sem samningarnir voru leiddir af, sje ef til vill eitt hið fyrsta, sem við höfum framkvæmt í utanríkismálum upp á eigin spýtur, og er sú saga ekki glæsileg, ef hún er krufin til mergjar.

Þá átaldi hæstv. forsrh. (JM), að jeg skyldi minnast á, hvernig sendiferðirnar til Ameríku á stríðsárunum hefðu hepnast. Jeg gerði þetta vegna þess, að í gær var óátalið farið mjög óvirðulegum orðum um aðrar sendiferðir, sem farnar hafa verið fyrir ríkið. T. d. var sagt um einn stórtemplar, að hann hafi verið sendur til að „smakka" spönsku vínin áður en þeim yrði hleypt inn í landið. Þess vegna hjelt jeg, að mjer væri óhætt að drepa örlítið á Ameríkuferðirnar frægu. En viðkvæmni hæstv. forsrh. (JM) var meiri þar.

Loks vil jeg mótmæla þeim ummælum hæstv. forsrh., að jeg hafi teygt þessar umr. úr hófi fram, en hinsvegar get jeg skilið, að hann sje ekkert ánægður yfir umr. í þinginu yfirleitt. Hann er ekki vanur því að sækja gull í greipar andstæðinga sinna, og vill því skiljanlega vera laus við alla viðureign við þá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vill ekki taka till. sína aftur, og er þá ekkert við því að segja. En þá vil jeg skora á hv. deild að fella hana og læt þess jafnframt getið, að hún

skal orði til orðs verða tekin upp í erindisbrjef þess, er skipaður verður, svo að enginn þarf að óttast að greiða atkv. gegn henni.

Jeg hafði misheyrt, hvað háttv. 1. þm. Árn. (MT) sagði. Mjer heyrðist hann tala um bitlingasýki, en hann kvaðst hafa nefnt bitlingapólitík. En það skiftir ekki máli, því að hvorttveggja er jafnrangt, eins og við er að búast úr þeirri átt.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT), þar sem hann var að tala um það, sem gengið hefði á undan bresku samningunum, nema því aðeins, að það sje ófriðurinn mikli, er fyrir honum vakir. Ófriðurinn eða byrjun hans var auðvitað undanfari samninganna. En ekki átti stjórnin sök á honum.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. forsrh. (JM) ásakaði þdm. fyrir það áður, að þeir hjeldu of langar þingræður. En ræðuhöld hjer eru ekki þdm. að kenna, heldur því, að stjórnin hefir vanrækt sitt starf um að undirbúa þingmálin og borið fram fáránlegri frv. en áður hefir gert verið. Hún vill hækka nefskatt á efnalausum mönnum, en lækka skatt á stóreignamönnum. Og af einu frv. hennar verður ekki betur sjeð en að hún vilji gera ráðstafanir til þess, að uppreist verði í landinu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er undarlegt, að hv. þm. Str. (TrÞ) skuli nú koma með slíka ræðu og ætla sjer að innleiða eldhúsdag á stjórnina. En út af þessu frv. hefir hann enga ástæðu til þess, því að enn hefir ekki verið breytt staf í frv. Önnur stjfrv. eru hjer ekki til umr.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vjek ekki einu orði að þessu frv. Hæstv. atvrh. (MG) veit vel, hvaða frv. stjórnarinnar jeg átti við.

ATKVGR.

Brtt. 358 feld með 16:4 atkv.
— 350 feld með 15:11 atkv.

Frv. samþ. með 15:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 359).

16. Íslenskudósent

Á 15. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands (stjfrv., A. 101).

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Frv. þessu samhljóða hefir komið hjer fram á þingi áður og er nú lagt fram öðru sinni eftir áskorun frá heimspekideild háskólans, sem leggur mikla áherslu á, að kensla í íslenskri tungu fari fram við háskólann.

Um nauðsyn þessa, að íslensk tunga sje kend í íslenskum háskóla, þykist jeg ekki þurfa að tala mikið. Jeg býst við, að menn viðurkenni, að það sje sjálfgefið, að menn eigi þar fyrst og fremst að geta notið fræðslu um íslenska tungu. Hygg jeg og, að það sje viðurkent, að svo mikið sem þjóðin á að þakka bókmentum íslenskum að öðru leyti, þá sje það þó íslensk tunga, sem hefir mest hjálpað til að halda við okkar þjóðerni. Það er ekki farið fram á meiri útgjöld en áður voru

greidd í þessu skyni, því eins og kunnugt er, var fje veitt alt til síðustu ársloka til þessarar kenslu, og það jafnt og við slíkt embætti, sem farið er fram á að stofna. Því ber ekki að neita, að hjer er jafnframt hugsað um ákveðinn mann í þetta embætti, þann hinn sama, sem hefir haft þessa kenslu á hendi nú um nokkur ár við háskólann.

Það er í mínum augum nokkuð svipað um þetta frv. eins og annað frv. á dagskrá í dag, um styrkveitingu til stúdenta erlendis. Það frv. var fram komið til þess að tryggja það, að stúdentar, sem hafa og munu treysta upp á styrk til náms erlendis, verði ekki sviftir styrknum. Svipað er um þetta frv.

Eins og jeg hefi oft tekið fram áður, var bæði af fjvn., svo mikið sem auðið var, og af tveimur stjórnum búið að gefa mjög ákveðnar vonir um, að þetta yrði frambúðarstaða fyrir manninn, sem kendi, dr. Alexander Jóhannesson. Og það stappar nærri að bregða loforðum, ef á að hrekja þennan mann frá háskólanum. Þar að auki er það ekki minkunarlaust, að enginn sje til að kenna íslenska tungu við háskólann. Jeg býst ekki við, að um það þurfi að deila. Það er mjög leitt, ef hægt sje að segja, að löggjafarþingið, þó það hafi ekki bundið sig með beinum lögum, gangi á bak orða sinna og að nokkru leyti verði til þess, að stjórn ríkisins verði að gera undir það hið sama.

Það mætti kannske eitthvað um þetta segja, ef maðurinn, sem starfið er ætlað fyrst um sinn, væri ekki til þess hæfur. En það er mjög fjarri því. Jeg hygg, að það sje viðurkent nú, að þessi maður sje reglulegur vísindamaður, sá eini eflaust hjer á landi, sem er fyllilega svo fær í ísl. tungu, að hann geti kent hana við háskólann. Mjer er sagt, að til þess þurfi maðurinn meðal annars að hafa lagt stund á gotnesku og ýms önnur skyld mál, sem hann hefir og gert. Þar að auki hefir hann sýnt með margvíslegum ritum sínum, að hjer er um sannan vísindamann að ræða. Þeir, sem á þessu hafa vit, hafa lokið mjög miklu lofsorði á starfsemi hans einmitt í þessari grein, og ritdómar um rit hans hafa allir verið mjög lofsamlegir.

Jeg ætla ekki að tala frekar um þetta mál að sinni; vona, að hv. deild athugi málið með velvild. Tel jeg sjálfsagt, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til háttv. mentmn., sem jeg treysti, að geti gefið því meðmæli. Máske hefði verið hægt að halda kenslunni áfram með því einu að veita fje í fjárlögum, hefði ekki síðasta þing mjög svo ómakkega skorið fjárveitinguna niður. Nú verðum við að segja ákveðið, hvort við viljum hafa íslenskukenslu við háskóla vorn eða ekki.

Jónas Jónsson: Jeg hefi ekki fyllilega sannfærst af ræðu hæstv. forsrh. (JM) um nauðsyn þessa máls og vildi leyfa mjer að segja fáein orð, sem ef til vill geta orðið til þess, að frekari skýringar komi frá hæstv. stjórn um málið.

Jeg verð að leyfa mjer að víkja lítið eitt að forsögu þessa embættis, sem verið er að stofna, og hverjar ástæður voru fyrir því í fyrra, að kenslustarfsemi þessi var lögð niður með einróma samþykki beggja deilda Alþingis. Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að fyrst þegar sá maður, sem um er að ræða, kom að háskólanum, var hann kennari í þýsku, en ekki íslensku. Hann er sjerfræðingur í þýsku. Einnig held jeg óhætt að fullyrða, að það hafi á engan hátt verið eftir beiðni háskólans eða fyrir nokkra sjerstaka íslenska þörf, að þýskukensla var tekin

upp í háskólanum, heldur verið líkt og gerist við háskóla, þegar ungir menn fá leyfi til að sýna sig við háskóla sem prívatdósentar, er kenna árum saman án launa til að koma á sig orði og til þess seinna að fá stöðu hjá háskóla og ríki. Það var nokkurn veginn auðsætt, að ekki gat komið til mála að kenna þýsku við háskólann.

Jeg held mjer sje óhætt að staðhæfa, að það hafi verið hv. þm. Dala. (BJ), sem aðallega bar þetta fyrir brjósti og kom fjárveitingunni inn í þingið. Þetta verður dálítið skiljanlegra við það, að háttv. þm. Dala. mun hafa látið í ljós, að þróun háskólans gæti ekki verið okkur samboðin sem fullvalda þjóð, nema nýju embætti væri bætt við á hverju ári. Samkv. þessari hugsjón hv. þm. er það ofureðlilegt, að hann vildi fara að bæta við einhverju, og býst jeg við, að hann eigi sinn þátt í því, að þetta frv. er fram komið.

Af því að þessi þýskukensla, sem ekkert var með að gera og þjóðin bað ekki um — en styrkur var veittur til fyrir tilstilli háttv. þingmanns Dala. (BJ) —, var lögð niður, þá hefir þessi maður og hans velunnarar fundið upp á, að nú þyrfti endilega að fara að kenna gotnesku við háskólann. Engum datt í hug meðan Björn Ólsen var annað en að kenslan við háskólann væri aðeins fyrir merka vísindamenn.

Þegar háskólinn var stofnaður, var settur einn maður til að kenna íslensku, maður með mikilli vísindafrægð, og tók hann við starfi sínu eins og þingið hafði ætlast til, miklu frekar sem skrifandi maður en kennari. Á sinni tíð var það svo um grískudósentinn, að það embætti var ekki stofnað vegna þarfar háskólans, heldur vegna þarfar eins manns til að komast að háskólanum. Þannig er þetta hjer. Af því dr. Alexander getur kent gotnesku, gæti nú farið ofurvel á því að kenna hana í háskólanum. Þá á að verja styrknum, sem fyrst var veittur til þýskukenslu, til þessa, og reyna að stofna fast embætti og fullnægja kenningunni um að stofna eitt embætti við háskólann á hverju ári.

Þegar Björn heitinn Ólsen fann endi sinna daga nálgast, rjeði hann því, að hinn álitlegasti maður, sem hann hafði mesta trú á, var fenginn til að taka við embætti hans. Sá maður hafði mjög gott próf og álit á sjer utanlands og innan, eins og sjest af því, að aðrar þjóðir hafa óskað eftir að fá hann til vísindastarfa þar. Þar sem nú svo stendur á, að þingið í fyrra hækkaði laun þessa manns, sýnist í sjálfu sjer ekkert því til fyrirstöðu, að hann taki að einhverju leyti á sig aukna kenslu. Jeg hefi að vísu ekki átt tal um þetta við hann, en þetta sýnist sanngjarnt, og jeg veit, að margir álíta, að þetta sje leiðin, sem á að fara í okkar embættismálum, að hafa fáa en færa embættismenn og launa þeim ekki svo lágt, að þeir neyðist út í aukavinnu.

Jeg á hægt með að skilja það, að prófessorar í íslenskri sögu og bókmentasögu álíti ekki í sjálfu sjer rjett að mæla á móti, að embættið sje stofnað, og vilji heldur hlynna að því. Ofurskiljanlegt, að þeir vilji það eins vel og að bæta á sjálfa sig meiri kenslu.

Það var þing og stjórn, sem stofnaði til þessa embættis upphaflega, en ekki háskólinn. Hann hafði ekki beðið um neitt nýtt embætti, og þó að hann sje því hlyntur nú, eftir að styrkur hefir staðið í mörg ár, getur það ekki ráðið neinum úrslitum. Hæstv. forsrh. var mjer samdóma um það í fyrra, að það gæti ekki

ráðið úrslitum í hæstarjettarmálum, þó að dómendur sjálfir vildu hafa sjerstakan skrifara og 5 dómara, og hjer er alveg sama máli að gegna.

Í fyrra tók við sparnaðarstjórn. Þá var það sjálfur formaður þess flokks, sem við stjórninni tók — þó ekki hepnaðist honum að verða forsætisráðherra —, sem vildi eyðileggja alveg heimspekideildina. Þá var sú stemning í Íhaldsflokknum, og að nokkru leyti í Framsóknarflokknum, að taka þetta að einhverju leyti til greina. Jeg gerði tilraun til að leggja niður eitt embættið í heimspekideild, en háttv. 1. þm. Rang. (EP) hjálpaði ásamt öðrum til að bjarga því embætti. Hann hefir þó ekki ennþá borið fram neitt sparnaðarfrv. til að bæta fyrir þetta.

Þetta sparnaðarstríð endaði með því, að starf Alexanders Jóhannessonar var lagt niður í fjárlögum, og það var gert með „Fynd og Klem". Einn hv. íhaldsþm fór í Nd. mjög hörðum orðum um þennan mann, og Nd. leit á málið líkt og þessi maður. Starfið var lagt niður með greinilegum þingvilja háttv. Nd. Hjer í deildinni vildi hæstv. forsrh. bjarga málinu, en hlutaðeigandi lýsti því yfir við fjárveitinganefnd Nd., að hann kærði sig ekki um starfið, og fjárveitinganefnd Ed. sá ekki ástæðu til að halda við starfi handa sjerstökum manni, sem ekki óskaði eftir því sjálfur.

Forsrh. gaf persónulega skýringu um manninn og að hann sjálfur sem ráðherra hefði átt þátt í að binda þessa fjárveitingu. En straumurinn í deildinni var á móti og var skírskotað til yfirlýsingar dr. A. J. sjálfs, og það voru sárfáir flokksmenn hæstv. forsrh., sem þá studdu hann. Jeg hjelt því, að hann mundi ekki fara að fitja upp á þessu máli aftur. Því hafði verið lýst yfir af Íhaldsflokknum fyrir kosningarnar, að þetta starf ætti að leggjast niður, og þingið vildi ekki hafa það. Þetta var eina sparnaðarlaufið í lárviðarsveig Íhaldsflokksins í fyrra, og nú vill hæstv. forsrh. fara að tína þetta lauf úr kransinum.

Hvað hefir þá gerst síðan? Formaður Íhaldsflokksins setti á „prógram" sitt í fyrra að eyðileggja heimspekideildina. Þetta embætti var þá eitt hið lausasta þar, og lá því næst að leggja það niður.

Ekkert hefir breyst annað en það, að hlutaðeigandi maður, Alexander Jóhannesson, hefir sjeð sig um hönd og vill nú fá þetta embætti fast. Jeg get skilið um hæstv. forsrh., af því hann telur sig bundinn, að hann vilji vera með í þessu. En hann hlýtur þá að bera þetta fram sem þingmannafrv., því að það er óhugsandi, að stjórnin öll geti verið með því, þar sem ⅔ hennar voru móti því í fyrra. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að stjórninni snúist svo fljótt hugur. Og það er óhugsandi, að Íhaldsflokkurinn, sem var á móti þessu í fyrra, sje nú snúinn.

Nei, ein ástæða hefir víst komið fram. Það er álitið, að landsstjórnin styðjist við 22 menn, og það er sá minsti stuðningur, sem hún kemst af með. Það er álitið, að síðasta atkvæði í stuðningsliðinu sje atkvæði Bjarna frá Vogi, og er hann þannig þrautavaralífakkeri stjórnarinnar. Þá verður skiljanlegt, að frv. kemur fram. Bjarni er stefnufastur maður og vill ekki láta á sig ganga, og hæstv. forsrh. gerir það fyrir þetta þrautavaraatkvæði sitt að flytja frv.

Er það þá ekki svo, að gamla sparnaðarbandalagið sje nú að hnýta síðasta lárviðarsveiginn að höfði Bjarna frá Vogi? Jeg get ekki sjeð aðra ástæðu fyrir þess-

um stórsnúningi en að líf sjálfrar stjórnarinnar hljóti að liggja við. Öll meðferð máls þessa frá byrjun hefir verið svo, að það væri ósæmilegt fyrir þingið og alveg óviðunandi að samþykkja frv., þar sem þingið hefir látið ákveðna skoðun í ljós og ekki hægt að gera ráð fyrir, að menn hafi snúist síðan. Vil jeg nú leyfa mjer að lesa upp rökstudda dagskrá, sem jeg óska að verði samþykt.

Með því að fjárveiting til málfræðikenslu við háskólann var feld í fyrra með miklum atkvæðamun í báðum deildum, og þar sem ástæður eru óbreyttar, má telja víst, að frv. verði felt, þykir ekki ástæða til að eyða tíma þingsins í árangurslausa meðferð þess, og tekur deildin þess vegna fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg hefi leitt rök að því, hvernig þetta embætti er orðið til fyrir skiljanlega þörf ungs manns og dugnað eins þingmanns, hv. þm. Dala. (BJ), hvernig þingið í fyrra snerist á móti þessu, og að sama skoðun hlýtur að gilda enn. Þó jeg sje venjulega með því, að mál fari til nefnda, er jeg á móti því um þetta mál, þar sem auðsjeð er, að það getur ekki gengið fram.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að minna á, að þegar fjárlögin voru hjer til umræðu síðast, þá mintist jeg m. a. á meðferðina á dr. Alexander Jóhannessyni. Skaut jeg þá til hæstv. forsrh. þeirri ósk, að stjórnin leitaðist við að gera ráðstafanir til þess að leiðrjetta það ranglæti, sem sá maður hefði orðið fyrir. Með frv. þessu sýnir hæstv. stjórn, að hún hefir tekið ósk mína til greina; og þakka jeg henni hjer með fyrir það.

Það eru tvær hliðar á þessu máli. Þessi maður hefir sýnt mikinn dugnað í vísindagrein sinni. Hann hefir unnið sjer traust og álit meðkennara sinna, og þeir telja hnekki fyrir háskólann að missa hann. Þessi maður hafði fulla ástæðu til að ætla, að hann fengi að halda þessari fjárveitingu og gæti helgað vísindunum starf sitt. Í fyrsta lagi er því með frv. þessu bætt úr ranglæti. En það er ekki aðalatriðið. Með því að stofna þetta embætti er verið að lyfta undir háskólann á því sviði, sem hann helst getur vakið á sjer eftirtekt út á við. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þegar Sigurður Nordal fjekk launaviðbót á síðasta þingi, þá var það af því að þingið áleit, að háskólinn mætti ekki við því að missa jafnágætan mann, heldur væri nauðsynlegt, að hann hjeldi áfram starfi sínu, m. a. til þess, að erlendir menn yrðu varir við, að þessi hlið háskólans væri rækt sem best. Með stofnun þessa embættis er það treyst enn betur, að ekki verði vanrækt kensla í íslenskri tungu, og mun jeg því fylgja málinu fast. Það væri blátt áfram móðgun við heilbrigða skynsemi að halda ekki uppi kenslu í tungunni. Eða hvað á sú þjóð að gera með háskóla, sem ekki hefir ráð á að láta kenna þar sína eigin tungu? Mjer finst, að allir ættu að geta verið sammála um þetta, hvaða flokki sem þeir tilheyra.

Því verður ekki neitað, að síðasta þing lagðist á móti þessu máli, bæði í hv. Nd. og hjer. En hv. 5. landsk. (JJ) þarf ekki að furða sig á því. Jeg er þess fullviss, að ýms þau mál, sem menn úr Sjálfstæðisflokknum hafa haldið fram, eiga eftir að sigra. Þau hljóta að sigra.

Hvað halda menn t. d., að langt verði þangað til einróma krafa kemur um það, að aftur verði skipaður sendiherra í Kaupmannahöfn? Þegar við verðum þess fullkomlega varir, að Danir eru farnir að líta niður á okkur fyrir að kippa til baka

þessu embætti, þá munu menn sjá sóma sinn í að kippa þessu í lag. Og fleira mætti nefna. Sparnaðurinn á hæstarjetti t. d. er ekki orðinn mikill ennþá. Þar sitja ennþá 5 menn, og þeir munu sitja þar næsta ár og væntanlega þangað til okkar stefna sigrar og lögunum verður breytt aftur. Sú krafa verður svo sterk, að ekki munu margir þora að mæla á móti.

Jeg vil leyfa mjer að átelja háttv. 5. landsk. (JJ) fyrir það, hvernig hann talaði um háttv. þm. Dala. (BJ), að fylgi hans við stjórnina væri undir þessu máli komið. Jeg tel það mikið ranglæti gagnvart hv. þm. (BJ) að gera honum þær getsakir, að hann láti fylgi sitt við stjórnina vera komið undir þessu eina máli. Mjer finst ástæða til þess að taka þetta fram, af því að háttv. þm. Dala. er hjer ekki viðstaddur.

Skal jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en mun veita frv. óbilugt fylgi mitt.

Eggert Pálsson: Jeg verð að biðja afsökunar á því, að jeg tek til máls, jafnóáheyrilegt sem mál mitt hlýtur að verða. Jeg er allveikur af inflúensu eða kvefi, og á því erfitt um að tala. En úr því að hv. 5. landsk. blandaði mjer inn í þetta mál, verð jeg að tala nokkur orð, en skal ekki verða langorður.

Hv. 5. landsk. fann ástæðu til að blanda inn í þessar umræður meðferð grískudósentsembættisins í fyrra, en það var nú algerður óþarfi. Við vorum búnir að tala nægilega saman um það mál áður, m. a. í blöðum.

Jeg skal taka það fram, að jeg geri ekki mikið að því að unga út frv., sem auðsjeð er, að ekki muni komast fram. Á háttv. 5. landsk. meiri sök á því en jeg, eins og raun ber vitni um. Og þess vegna kemur mjer ekki til hugar að eyða tíma og fje í það að bera fram á þessu þingi frv. um afnám grískudósentsembættisins, þar sem það er fyrirfram augljóst, að slíkt hefði alls enga þýðingu. En til þess að gera háttv. þm. nokkur skil, skal jeg lofa honum stuðningi mínum, ef hann vill bera fram till. um að afnema hina ósanngjörnu launaviðbót til Sigurðar Nordals, sem samþykt var á síðasta þingi. Og því fremur mundi jeg ljá liðsinni mitt til þess, sem jeg er sannfærður um, að sú ótilhlýðilega launaviðbót hefir orðið til þess, að þessi maður, sem hjer á hlut að máli, var sviftur þeim styrk, sem hann hefir um mörg ár haft í fjárlögum til að kenna íslensku við háskólann. Hann var, eins og kunnugt er, strikaður út úr síðustu fjárlögum þessi styrkur, einungis eða aðallega í þeim tilgangi, að hægra væri að standa á móti hinni óforsvaranlegu launaviðbót til Nordals. En eins og menn muna, mistókst það, vegna þeirra föstu taka, sem hv. 5. landsk. hafði á flokksmönnum sínum.

En hvernig sem um þetta frv. kann að fara að lokum, þá finst mjer þó hjer um svo þýðingarmikið mál að ræða, kenslu í íslenskri tungu, að jeg tel óforsvaranlegt að afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Málið á heimtingu á að vera rannsakað í nefnd. Enginn veit, hvernig þar kann að skipast. Hv. 5. landsk. á sæti í nefndinni, og jeg efast ekki um, að hann muni leggja þar til það eitt, sem honum þykir sanngjarnast vera.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að minna á, að þegar fjvn. í fyrra lagði til, að styrkurinn til dr. Alexanders

Jóhannessonar yrði feldur, þá lá við borð, að annað aðalembættið við heimspekideildina losnaði, og var þá búist við, að dr. A. J. mundi fá það, og halda þannig áfram að starfa við háskólann. Þetta gerði mjer, að jeg greiddi ekki atkv. með því að halda honum kyrrum í fjárlögunum. En svo snerist Nordal hugur, og tel jeg það vel farið, því að háskólanum verður jafnan sómi að því að hafa svo ágætan mann í kennarastöðu þar.

En háskólinn má ekki heldur missa dr. Alexander, sem er eini sjerfræðingur í sögu íslenskrar tungu og málfræði við háskólann, og jeg held sá eini á þessu landi. Jeg mun því greiða atkv. óhikað með þessu frv. nú, þó að jeg greiddi ekki í fyrra atkv. með fjárlagaveitingu honum til handa, af því að útlit var fyrir, að hlutaðeigandi yrði samt kyr.

Jónas Jónsson: Jeg vildi mæla fáein orð út af ræðu hv. 1. landsk. (SE). Jeg skal taka fram strax, að hann hefir ekki snúist í þessu máli. Hann hefir altaf verið stuðningsmaður þessa embættis, svo að það er ekkert athugavert við hans framkomu, og það má telja hann meiri mann fyrir það, að hann snýst ekki. En samkv þeirri röksemdaleiðslu verða þeir þá að teljast minni menn, sem snúast um sjálfa sig.

Að A. J. hafi orðið fyrir ranglæti, finst mjer dálítið slæm hugsunarfræði. Það hefir ekki verið reynt að hrekja mína sögulegu skýrslu, enda er það ekki hægt, því að hún er rjett. Það, sem verður uppi á teningnum, er þá þetta, að þingið hefir veitt manninum atvinnu í nokkur ár. Sá, sem er í þakklætisskuld, er A. J., en ekki brauðveitandinn. Það hlýtur hv. 1. landsk. að sjá. Alt málið frá byrjun sýnir ljóslega, að starfið er búið til fyrir manninn. Það er byrjað með þýsku, svo gotnesku og þá íslenskri málfræði. Svo kemur þetta vanalega. Það er talið, að landið sje orðið bundið fyrir hjálpina. Má í þessu sambandi minna á mál Árna Theódórs Pjeturssonar. Það lítur því út fyrir, að allir, sem skifta við ríkissjóðinn, fái kröfur á hendur honum. Þá sagði hv. 1. landsk. (SE) ennfremur, að undarlegt væri, að ekkert ætti að gera til þess að halda uppi kenslu í íslenskri tungu við háskólann. En jeg leyfi mjer að mótmæla þessu, því jeg veit ekki betur en þeir mætu menn dr. Sigurður Nordal og dr. Páll E. Ólason geri það. Er því með öllu óverðskuldað að gera lítið úr því starfi þeirra, þar sem líka þetta eru og mjög ágætir rithöfundar, sem á þann hátt verða líka almenningi að notum. Þá vil jeg beina því til hæstv. forsrh. (JM), hvort ekki væri hugsanleg leið, ef kenna þyrfti málfræði við háskólann fram yfir það, sem þessir tveir prófessorar geta komist yfir að kenna, að fá til þess vel hæfa menn í tímakenslu, og greiða þeim vel fyrir, t. d. 10 kr. um tímann. Er sist skortur slíkra manna hjer, sem vel væru hæfir til að taka þessa kenslu að sjer, og má þar til nefna t. d. Einar Jónsson o. fl. Ef háskólinn væri prívatstofnun, myndi hann heldur gera þetta en stofna með öllu óþarft embætti, eins og hjer er verið að fara fram á að gera.

Þá kom allmikill vígamóður í háttv. 1. landsk. (SE), þegar hann mintist á sendiherrann. Jeg get vel skilið, að háttv. þm. brosi gleiðu brosi, ef þingið næsta ár jetur jafngreiðlega ofan í sig allar gerðir sínar í því máli í fyrra eins og háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) virðist gera í þessu. Sendi það aftur sendiherra til Kaup-

mannahafnar, og jafnvel fleiri landa, er það á kostnað þeirra, sem snúast. Jeg frábið mjer slíkan heiður.

Þá var háttv. þm. hróðugur yfir því, að ekkert væri ennþá farið að sparast við breytingu þá, sem gerð var á hæstarjettarlögunum í fyrra. En eftir hinu góða samkomulagi, sem var milli mín og hæstv. forsrh. (JM) í því máli, vænti jeg, að þess verði ekki langt að bíða, að hann framkvæmi þann sparnað, er þau lög fara fram á. Og eins og háttv. 1. landsk. mun standa ósnúinn í sendiherramálinu eftir daginn í dag, eins mun jeg standa óbreyttur við hlið hæstv. forsrh. meðan hann er að koma þeim breytingum á; og það þótt nokkur ár þurfi til þess.

Þá var þessi sami háttv. þm. að taka upp fyrir háttv. þm. Dala. (BJ). En þess gerðist engin þörf, því að jeg talaði um þann háttv. þm. með hæfilegri virðingu. Og er það niðrun, þó jeg segði, að hann, til þess að koma áhugamáli sínu fram, hefði ef til vill lagt síðasta lóðið á vogarskálarnar með stjórnarstuðninginn og í staðinn fengið von um embætti þetta handa skjólstæðing sínum? Hvernig í ósköpunum er hægt að telja þetta meiðyrði? *(BJ:* Það er ekki venja að vera að tala í aðrar deildir). Aðrar deildir eiga að þegja hjer.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Rang. (EP). En þar sem hann er veikur nú, mun jeg geyma til 2. umr. þessa máls sumt af því, sem jeg annars hefði drepið á. Háttv. þm. neitaði ekki, að hann hefði verið með í að fella sjálfsagt sparnaðarfrv. hjer í fyrra. En í stað þess að þiggja hjálp mína til þess að bera slíkt frv. fram nú, bauð hann fram hjálp sína til þess að svíkja ótvíræðan samning, sem þingið gerði við Sigurð Nordal í fyrra. Þetta er drengileg framkoma.

Hæstv. forsrh. (JM) vil jeg spyrja þess, hvernig það verði samrýmt, að telja það svik við dr. Alexander Jóhannesson, að þingið í fyrra veitti ekki fje til þess, að hann kendi við háskólann, þegar hans var ekki lengur þörf, en kalla það ekki svik, sem jeg sje, að hæstv. stjórn hefir látið sjer sæma í fjárlagafrv. því, er hún hefir nú lagt fyrir þingið, en það er að lækka upphæð þá, sem þingið í fyrra ákvað Sigurði Nordal, sem beinlínis var miðuð við það, að hann yrði hjer kyr og afsalaði sjer góðri stöðu, er honum var boðin erlendis. Þessu er hæstv. stjórn til með að breyta og skoðar sig ekkert siðferðilega bundna að standa við þetta loforð þingsins, þó hjer væri beinlínis um lífstíðarákvörðun að ræða fyrir prófessor Nordal.

Þá kem jeg að háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Jeg sá með gleði, að sú kenning, sem jeg hefi haldið fram um tilorðning þessa frv., fjekk þar góðan stuðning; því að háttv. þm. skýrði þá stefnubreyting, sem hjá honum hefir orðið í þessu máli frá því í fyrra, á þann hátt, að hann hefði vonast eftir, að ef dr. Sigurður Nordal yrði flæmdur frá háskólanum, þá myndi dr. Alexander Jóhannesson fá embætti hans. En jeg býst nú við, að á því hefði getað orðið bið, því að ennþá hefir dr. A. J. ekki gert þau afrek í bókmentasögu, að vænta hefði mátt, að honum hefði verið veitt þetta embætti, eða hann verið þess maklegur. Það sýnir sig því, að háttv. þm. Seyðf. hefir skoðað þetta „business" frá upphafi, því ef hann hefði ekki gert það, þá hefði fjárveitingin til íslenskukenslu við háskólann verið látin standa í

von um að hægt yrði að fá mann í stað Nordals. Jeg er því þakklátur þessum hv. þm. fyrir hreinskilnina, því að hann hefir látið það uppskátt, sem aðrir hafa vakað fir og vonast eftir.

Vænti jeg svo, að dagskrá mín verði samþykt.

Jóhannes Jóhannesson: Það var misskilningur hjá háttv. 5. landsk. (JJ), að jeg áliti, að fá þyrfti annan mann til þess að kenna íslenska tungu og málfræði við háskólann, ef próf. Sigurður Nordal færi, því að jeg áleit, ef S. N. færi, stæði enginn nær að fá prófessorsembættið en dr. Alexander Jóhannesson. En þá hefði þurft að fá mann til að kenna bókmentasögu við háskólann í stað Nordals prófessors.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki að fara mikið út fyrir efni þessa frv. Hv. 5. landsk. (JJ) fór mjög á víð og dreif í ræðum sínum, eins og hann er vanur. Hv. þm. veit vel um nauðsyn þá, sem á því er að kenna íslenska tungu við háskólann, þó að hann vilji ekki viðurkenna hana nú. *(JJ:* Er kannske ekki kensla í íslensku við háskólann?). Alls ekki. Og jeg veit, að hann hlýtur að gera aðrar kröfur til íslenskukenslu við háskólann en hann lætur uppi hjer, því að það sjá allir, að ekki nægir að taka einhvern óvalinn kennara frá öðrum skólum til þess að láta kenna þar, þar sem kenslan verður að vera vísindaleg. Og ef jeg hefði vitað það í upphafi, að þingið ætlaðist ekki til, að kensla væri í íslenskri tungu við háskólann, hefði jeg aldrei verið með stofnun hans.

Jeg er að nokkru alinn upp hjá dr. Jóni Þorkelssyni rektor, sem var viðurkendur íslenskumaður, og það veit jeg, að hann hefði ekki talið kenslu þeirra prófessoranna P. E. Ó. og S. N., eins og hún er framkvæmd, kenslu í íslenskri tungu. Og svo lágar kröfur get jeg ekki gert til íslenskukenslu við háskólann, að taka Einar Jónsson, sem annars er ágætur kennari, til þess að kenna íslensku þar í stundakenslu.

Hv. þm. getur nú alls ekki borið mjer það á brýn, að jeg hafi snúist í þessu máli frá upphafi.

Það kemur ekkert þessu máli við, hvernig það atvikaðist, að dr. A. J. komst að háskólanum í upphafi. Heldur er hitt spurningin: þarf háskólinn mann, sem getur kent og rannsakað íslenska tungu vísindalega? Ef þeirri spurningu er ekki svarað neitandi, er nauðsyn á að hafa þennan mann kyrran, því að þótt hv. 5. landsk. (JJ) spyrði hina ágætu prófessora S. N. og P. E. Ó., hvort þeir gætu tekið slíka kenslu að sjer, myndu þeir verða svo hreinskilnir að svara því neitandi, því að þeir myndu ekki vilja setja sinn vísindalega heiður í þá hættu. Nei, þeir gera meiri kröfur til slíkrar kenslu, og háttv. þm. veit þetta vel, en af öðrum ástæðum vill hann ekki fallast á frv. þetta.

Það er broslegt, þegar hv. þm. er að bera heimspekideild háskólans á brýn, að hún sje að biðja um þetta embætti svona hinsegin. Jeg hjelt, að háttv. þm. vissi, að prófessorar háskólans væru vandaðri að virðingu sinni en svo, að þeir væru að biðja um slíkt embætti, ef þeir teldu það óþarft.

Þá gat þessi háttv. þm. þess, að einn mikilsmetinn maður úr Íhaldsflokknum hefði farið óvirðandi orðum um dr. A. J. í nefndaráliti í fyrra. Þetta er alls ekki rjett, og það mun háttv. þm. hafa lesið eins og sagt er, að viss persóna lesi biblíuna. Þarf jeg því engu að svara.

Það er eflaust að nokkru leyti rjett, að

dr. A. J. hafi átt sinn þátt í, að svona fór í fyrra. Hefir hann líklega í bræði sinni sagt, að hann kærði sig ekkert um, að verið væri að hugsa um styrk handa honum við háskólann, þegar hann var svo mjög talinn eftir. Þetta er ofurskiljanlegt, því að maður eins og dr. A. J. getur tæplega þolað slíka meðferð, sem höfð var á fjárveitingunni til hans í fyrra. Enda á hann sannarlega betra skilið. Og það er þessum hv. þm. (JJ) fyllilega kunnugt, að niðurstaðan í þessu máli í fyrra var hjer í deildinni alt önnur en margur hefði óskað.

Að frv. þetta sje frekar þingmannafrv. en stjórnarfrv., nær engri átt. Og það mun sýna sig, hvernig stjórnin stendur að því sem heild. Annars var, þegar stjórnarskráin var samin, gert ráð fyrir, að hægt væri fyrir einn ráðherra að bera fram frv., þó hinir ráðherrarnir væru því ekki samþykkir. Jeg tek þetta aðeins fram til skýringar.

Að frv. þetta sje borið fram fyrir þingmann Dalamanna, er hin mesta fjarstæða. Jeg hefi borið það fram af því að jeg taldi það skyldu mína, þar sem jeg leit á málið eins og jeg þegar hefi tekið fram.

Að þeir sjeu minni menn, sem ekki greiða altaf eins atkvæði, er hin mesta fásinna. Jeg tel, að þeir sjeu mestu mennirnir, sem altaf greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni, þó aldrei nema þeir hafi einhverntíma haft aðra skoðun áður. Annars er ekki um slíkt að tala hjer, því að þetta mál horfir alt öðruvísi við núna en í fyrra.

Jeg hefi ekki talað nánara um það hingað til, hvers vegna jeg tel það sjerstaklega rangt við dr. Alexander að láta hann fara frá háskólanum. Orsökin er sú, að árin 1919 eða '20 átti hann kost á að fá stöðu, sem töluvert gaf í aðra hönd. Kom því sú spurning fyrir fjárveitinganefndir þingsins, hvort ekki mundi betra að fá hann að háskólanum en tapa honum í þessa stöðu. Varð það því úr, að honum var veittur styrkur með því skilyrði, að hann tæki ekki stöðu þá, er honum bauðst. Svona gekk það til. Og hafa allar stjórnir síðan bygt á þessum grundvelli og skoðað þetta sem fast dósentsembætti. Eftir að svo hafði verið fyrir lagt af báðum fjvn., án þess þó að full veiting væri tekin upp í fjárlögin, þá heimtaði jeg, að dr. Alexander segði af sjer starfa sínum í þýska konsúlatinu, sem seinna var breytt í veglegt embætti. Jeg gerði það beint að skilyrði, að hann tæki ekki að sjer þann starfa. Þetta á jeg við, er jeg tala um, að hann hafi verið gabbaður.

Jónas Jónsson: Jeg vil, af því að jeg má aðeins tala stutt, enda á því síðasta. Ef fjvn. og fyrverandi stjórnir hafa lofað dr. Alexander einhverju, þá eru þeir menn persónulega skyldir til þess að standa við það, en ekki þingið. Ef þingið hefir ætlast til, að þetta yrði fast embætti, þá hefði það búið það til.

Hæstv. forsrh. (JM) vildi halda því fram, að engin kensla yrði í málfræði, ef dr. Alexander færi, og mælti í því sambandi orð, sem erfitt verður fyrir hann að standa við, svo sem það, að dr. Sigurður Nordal kunni ekki málfræði. Jeg hygg, að honum muni reynast erfitt að standa við slíkar niðrandi aðdróttanir. Björn M. Ólsen var líka mikilsvirtur lærdómsmaður í íslenskum fræðum, en hann kendi enga málfræði þau árin, sem hann var við háskólann, heldur eingöngu bókmentafræði. Gekk það vel og virtist ekki ástæða til að breyta um. Jeg vil líka, úr því hæstv. forsrh. (JM) fór út í þetta, benda á rit-

gerð eina um fegurð kvenna, sem dr. Alexander hefir látið í tímaritið Eddu, og vildi jeg gjarnan, að hann fengi umsögn lærðra málfræðinga erlendis um hana. Greinin hefir blátt áfram gert manninn hlægilegan meðal erlendra vísindamanna. Hefði jeg hlífst við að minnast á þetta, ef hæstv. forsrh. (JM) hefði ekki farið ósæmilegum orðum um miklu hæfari mann. Það er hægt að telja ekkert íslensku nema málfræði, nje engan íslenskan málfræðing annan en dr. Alexander.

Hvernig gekk það á 15., 16. og 17. öld? Þá voru engir lærðir málfræðingar, og lifðu bókmentirnar þó, enda eru þær líf og sál málsins.

Forsætisráðherra (JM): Það tekur því varla að mótmæla þessu. Þegar hv. 5. landsk. (JJ) talar um, að jeg niðri mikilhæfum vísindamönnum, svo sem dr. Sigurði Nordal og dr. Páli Eggert Ólasyni, þó að jeg segi, að þeir sjeu ekki sem stendur færir til að kenna ísl. tungu við háskólann, þá er þetta alls engin niðrun fyrir þá. *(JJ:* Sigurður Nordal hefir lagt fyrir sig íslensku vísindalega). Það hafa fleiri gert; jeg hygg til dæmis, að Einar Jónsson sje vel að sjer í henni, en jeg ætla, að dr. Sigurður Nordal hafi snemma snúið sjer gersamlega að bókmentunum, og að hann myndi svara því sjálfur til aðspurður, að hann teldi sig ekki færan til að kenna íslenska tungu vísindalega við háskólann. *(JJ:* Það vottorð vantar). Það vottorð er til, því að það er sannað með því, að maðurinn hefir í engu sýnt, að hann hafi sint þeirri grein sjerstaklega í mörg ár. Jeg neita því alls ekki á hinn bóginn, að dr. Sigurður Nordal sje mikilhæfur vísindamaður, en það er engin minkun manni, sem hefir lagt bókmentasögu aðallega fyrir sig, þó hann sje ekki fær um að kenna málfræðina vísindalega.

Jeg vil bæta því við, að til eru margir ágætismenn, sem eru vel að sjer í íslenskum fræðum, en þeir eru ógn fáir, sem jeg þekki til, að sjeu vísindalega vel að sjer í íslensku. Kannske í mesta lagi 4—5 menn á seinni tíma. Er það rangt hjá hv. þm. (JJ), að jeg niðri öðrum, þó jeg segi þann sannleika.

Munurinn á okkur háttv. þm. (JJ) er sá, að jeg geri kröfurnar miklu hærri að því er þetta snertir en hann segist gera, en jeg veit, að hann meinar í raun og veru annað en orð hans bera vott um.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 5. landsk. þm. (JJ) feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJ, SJ, EÁ, GÓ.

nei: JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, H-Sn, IHB, HSteins.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., fimtudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 208 og 233).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Um þetta mál hefir nú svo mikið verið rætt, að ekki ætti að vera þörf á öllu meiri umræðum um það. Jeg tek það aðeins fram, sem vikið er að í nál. á þskj. 208, að sjálfsagt er, að áhersla sje lögð á íslenskukenslu í háskólanum, en nú sem stendur er hún engin. Sú hlið háskólans ætti helst að geta haldið uppi vísindaframa hans og varðveitt álit háskóla vors

utan lands og innan. Ennfremur má líta svo á, að dr. Alexander Jóhannesson hafi loforð fyrir þessari stöðu, og ætti þetta tvent að nægja til þess að frv. yrði samþykt.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg sný mjer fyrst að nál. hv. meiri hl. Skal jeg ekki verða langorður, en vil benda þar á eitt atriði, sem jeg held, að ekki hafi verið nægilega gaumgæfilega athugað. Í nál. er sagt svo: „— þykir meiri hlutanum sjálfsagt, að íslensk tunga sje kend við háskólann, en engin slík kensla fer fram eins og stendur". Er þetta í samræmi við upphaflegan flutning frv. af hendi hæstv. forsrh. (JM), þar sem hann lítur svo á, að engin kensla í íslenskri tungu fari fram við háskólann, ef þetta embætti er lagt niður. Eftir þeirri kenningu mætti halda, að enginn lærdómur í íslensku gæti átt sjer stað nema í málfræði. Rökrjett ályktun af því er þá líka sú, að í raun og veru hafi ekki verið nein kunnátta í íslensku allan þann tíma, sem málfræði var ekki kend. Kunnátta í málfræði var ekki til fyrri en ritöld hófst, en síðan kom langt tímabil, sem menn lögðu aðeins stund á latnesk fræði. Þannig hefir tungan lifað í margar aldir án þess að kenslu í málfræði hafi verið haldið uppi, og á sama hátt býst jeg við, að henni sje enn engin hætta búin, þó þetta dósentsembætti væri ekki stofnað. — Þessi röksemd hæstv. stjórnar er því ekkert nema þrotayfirlýsing.

Jeg skal þá víkja ofurlítið að sögu þessa máls, og hefi jeg farið dálítið inn á hana í nál. mínu á þskj. 233. Jeg vil þá byrja að segja frá því, er skeði á þinginu 1922. Þá flytja þrír leiðandi menn Íhaldsflokksins brtt. við fjárlagafrv. um að leggja styrkinn til þessarar kenslu niður. Segir einn þessara manna í ræðu, að engar kvartanir um vöntun á kenslu í þessari grein hafi komið fyrstu ár háskólans og enginn óskað eftir aukakennara í henni, uns dr. A. J. kom upp 1915 og sótti um styrk til að kenna þýsk fræði við háskólann. Þá fyrst kom þörfin á embættinu í ljós. Sami hv. þm. segir þá ennfremur, að þó ekki sje um mikla upphæð að ræða, þá sje þó þess vert að spara hana, enda sje ekki svo miklu niður slept, þar sem maður sá, er hjer um ræðir, kenni aðeins 4 stundir í viku og haldi enga fyrirlestra.

Nú liða 2 ár. Þá ber fjvn. Nd., að því er virtist óskift, fram till. um, að styrkur til þessa manns skuli endanlega feldur niður. Er saga þess máls rakin þá í nál. og þótti hv. nefndarmönnum sem kennari þessi hefði unnið fremur lítið, þó þeir vilji ekki neita því, að hann hafi gert eitthvert gagn, og telja þeir, að einhversstaðar sje meiri þörf starfskrafta hans en við háskólann. Var og þessi brtt. hv. fjvn. samþykt í báðum deildum. Má það því telja furðulega dirfsku af hæstv. stjórn að fara að koma með frv. þetta, eftir að flokksbræður hennar hafa barist svo rækilega á móti því embætti, sem það gengur út á að stofna. Ætti hæstv. stjórn að minsta kosti að varast að eyða tíma þingsins í slíkt að óþörfu.

Jeg mun við 3. umr. komast nánar inn á, hve harla veik sú heimild er, sem hæstv. stjórn byggir á. Og á þinginu 1922 var því af íhaldsmönnum rækilega mótmælt, að ríkið væri nokkrum samningum bundið við þennan mann. Enda mun það vera eftir ósk og af stöðugri ásókn þessa manns, að frv. þetta er komið inn í þingið, og sýnir það, hve það er mikið einka-

mál dr. A. J. Sjálfur hefir hæstv. forsrh. orðið að játa það.

Jeg vil ennþá víkja að því, sem jeg hvarf frá áðan, og spyr nú hæstv. forsrh., hvort hann haldi, að það sje engin kensla í íslensku í því fólgin að fara t. d. yfir bókmentasögu Íslands, sem nær yfir 1000 ár, með nemendunum, og leiðrjetta ritgerðir þeirra í 5—6 ár. Og fróðlegt væri að heyra hann lýsa skoðun sinni á þessu dálítið glöggar.

Það væri heldur ekki ófróðlegt að heyra nánar um það, hvernig hæstv. forsrh. (JM) telur sig bundinn við þennan mann með loforðum, sem ekki virðast liggja í öðru en því, að fjvn. hefir stundum mælt með því, að hann fengi styrk. — Samhliða þessu er feldur af núverandi stjórn úr fjárlögunum ritstyrkur til aðalkennarans í heimspekideildinni, sem meiri hluti þingsins í fyrra veitti þeim manni. Ætti hæstv. forsrh. (JM) að skýra fyrir þessari hv. deild, hvers vegna Sigurði próf. Nordal var ekki veitt dýrtíðaruppbót af upphæð þeirri, sem þingið ákvað honum í fyrra. Hafi samningar þingsins við próf. Nordal ekki verið lagalega bindandi, er þó ólíku meira vit í því en að hlaupa eftir því, sem einhver nefnd kann að hafa einhverntíma í pukri hugsað sjer eða látið á sjer skilja. Og þegar þingið marglýsir því yfir, að það telji sig óbundið, þá fer slíkt loforð að verða ljett á metunum.

Þá er ekki úr vegi að minna á, að það að koma dr. A. J. í fast embætti hefir lengi verið aðaláhugamál tveggja manna, dr. Alexanders sjálfs og eins hv. þm. í Nd., sem hefir verið sverð og skjöldur þessa embættis. Og skilst þá betur stökk íhaldsins í þessu máli og sá mikli greiði, sem svonefndur heiðursfjelagi Íhaldsflokksins gerði hæstv. stjórn í Krossanesmálinu. Sjest nú best, hverju hæstv. stjórn vill launa lífgjöf sína á þessu þingi.

Til stuðnings því vil jeg benda á það, að þessi vinna er, eftir því sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði árið 1922, og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) 1924, ekki nema 4 stundir á viku, þannig að þó að maður borgaði 10 kr. um tímann, sem yrði 40 kr. á viku, 160 kr. á mánuði, og yfir allan veturinn yrði þessi borgun, sem er meira en þreföld á við það, sem mestu vísindamönnum hjer, t. d. dr. Helga Jónssyni o. fl., er greitt fyrir kenslu. Jeg hygg þess vegna, þegar maður ber það saman, hvað hægt væri að gera með því að borga heiðarlega fyrir svona aukakenslu, miklu betur en ríkisstjórnin gerir við landsskólana, mönnum, sem máske hafa meiri vísindalega frægð en þessi maður, þá er það auðsjeð, að það er ekki verið að ráða fram úr þessu eins og gert yrði í „prívat"-skóla. Jeg er alveg viss um, að ef hæstv. kenslumálaráðherra væri skólastjóri í „prívat"-skóla eins og jeg, og hv. 6. landsk. (IHB) er ennþá, þá mundi hæstv. ráðherra fara þá leiðina, að fá sjer tímakennara og spara sjer ¾ af því, sem hjer á að veita, aðeins til þess að koma vissum manni á ríkissjóð, en þetta er ein af ástæðunum fyrir því, að það er í mörgum tilfellum svo ákaflega dýrt fyrir landið; þegar búið er að koma stofnunum á ríkissjóð, þá er farið að borga 5 kr. fyrir það, sem hægt var að fá jafnvel gert fyrir eina kr. Jeg vildi spyrja hæstv. forsrh. (JM), hvernig hann hugsar sjer að samræma þann afskaplega sparnað, sem flokkur hans ætlaði að beita sjer fyrir í fyrra, við þetta. Það er prentað í Alþt., að ætlað var að leggja niður part af háskólanum, til þess að rjetta við fjárhaginn. Er þetta ekkert nema leikur? Á að samþykkja þetta í hv. Ed. til þess

að gera fáeinum mönnum úrlausn, og svo að drepa það í hv. Nd? Er stefnufestan ekki meiri í stjórnarflokknum en svo, að hægt sje fyrir hæstv. stjórn að hringla með þm. sína eins og henni sýnist? Alt það, sem hægt er að gera til þess að breiða yfirskyn vísindanna yfir þetta, verður ekki nema gagnsæ gríma, en undir niðri er þetta aðeins sú fasta leið til þess að koma ákveðnum manni á ríkissjóð, eins og verið hefir síðan 1920. Og það er sannanlega rjett, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði 1922, að þetta embætti er gamall kunningi, og mjer finst það ekki rjett gert af hæstv. kenslumálaráðherra, og þar á ofan ár eftir ár, að vera að þreyta þingið með þessu nauði, sem þó líklega verður aldrei annað en manninum, sem hlut á að máli, til angurs, og þeim, sem fyrir því berjast, til skapraunar.

Forsætisráðherra (JM): Jeg er þakklátur meiri hl. nefndarinnar fyrir það, hvernig hann hefir tekið í þetta frv., og jeg ætla ekki að orðlengja mikið um það hjer; vona, að þess þurfi ekki. Þetta mál var talsvert rætt við 1. umr., og er óþarfi að taka það upp aftur, einkum eftir að hv. frsm. minni hl. (JJ) hefir lýst því yfir, að hann ætli við 3. umr. að taka þetta alt upp aftur. Get jeg þess vegna ekki verið að gera hv. frsm. (JJ) það til geðs að svara þeim fyrirspurnum, sem hjer er tekið fram, að eigi að koma aftur við 3. umr. Vil jeg heldur halda mjer til þingskapanna. Skal jeg aðeins geta þess, sem jeg hygg, að ekki hafi komið fram við 1. umr. Jeg fjekk hv. mentamálanefnd Nd. til að bera fram samskonar frv. fyrir nokkrum árum, af því að jeg hefi altaf haft þá skoðun, að þessi kensla í íslenskri málfræði og sögu hennar væri alveg nauðsynleg, og fyrsta skylda að hafa kenslu í þeirri vísindagrein við íslenska háskólann. Hvort mjer tekst að koma þessu fram, skal jeg ekkert um segja, en þetta er svo fast hjá mjer, að jeg get ekki annað en endurtekið það. Jeg tel þetta svo sjálfsagt, og jeg hefi sagt það áður, að hefði mjer dottið í hug, að háskólinn ætti ekki að hafa kenslu í íslenskri tungu, hefði jeg ekki greitt atkv. með því í fyrstu að stofna háskóla. Jeg sagði, að það væri engin kensla í íslenskri tungu eins og nú er, því að það kalla jeg ekki vísindalega kenslu í íslensku, þó að farið sje í gegnum gamlar bækur og kvæði til að skýra þau. Það fyrsta er málfræði og samanburður við aðrar tungur, og því þarf háskólinn að hafa mann, sem virkilega er vísindamaður í þeirri grein, og það er ekki hægt að mótmæla því, að dr. Alexander Jóhannesson er sá eini í þessari sjerstöku grein. Jeg veit vel, að það eru margir menn, sem geta kallast góðir í íslensku, eins og t. d. próf. Sigurður Nordal. Hann lærði íslensku meðal annara námsgreina við háskólanám, eins og margir hafa gert, en það var ekki aðalnámsgrein, og því verður ekki sagt, að hann sje neinn sjerfræðingur í þeirri grein. Og þegar hv. þm. (JJ) er að bera það saman að hafa fast embætti og að hafa tímakenslu, þá þykir mjer langt farið. Jeg hefi ekki sjeð kensluskrá háskólans fyrir þetta missiri, og get því ekki sagt, hvað marga tíma aðrir háskólakennarar hafa á viku, t. d. Páll Eggert Ólason og fleiri. *(JJ:* Jeg vitnaði aðeins í Íhaldsmenn í Nd.). En þessi samanburður er óheppilegur. Það er ekki einasta starf kennara við háskóla að flytja þar fyrirlestra og kenna þar. Engu minna

ríður á, að þeir rannsaki verkefnin, brjóti þau til mergjar. Annars þætti mönnum það ekki nóg, að háskólakennarar kenni svo sem 4—6 stundir á viku. Og hvernig stendur á því, að engum dettur í hug að skipa fyrir um það, hvað skuli kent marga tíma á viku í háskólanum? — Hv. þm. (JJ) vill ekki láta auka tímafjölda hjá neinum skólum hjer, þótt það sje gert alstaðar annarsstaðar. — Og hvernig stendur á því, að háskólakennarar eru alstaðar undanskildir? Það er af því, að starfsemi þeirra á að vera fult svo mikið fyrir utan skólann sem í honum. Háttv. þm. (JJ) var dálítið að spyrja um samanburð á loforðum, sem gefin voru Sigurði Nordal og dr. Alexander Jóhannessyni. Jeg benti þá þegar á það, og jeg vil nú snúa því til hv. þm. (JJ), að ef þetta er bundið hvað snertir Sigurð Nordal, er það þá ekki alveg eins með dr. Alexander? Því vill þá ekki hv. þm. (JJ) halda því fram frá sinni hálfu; hann getur ekki heimtað það af öðrum, sem hann ekki vill viðurkenna sjálfur. Háttv. þm. (JJ) heldur, að þetta frv., sem er komið fram fyrir 6—7 vikum, sje þakklæti fyrir það, sem skeði fyrir fáeinum dögum. Ja, það er afskaplega spámannlegt, ef svo er, frá stjórnarinnar hálfu, en annars hefði maður eiginlega ekki getað látið sjer detta í hug, að það væri svo röggsamlega þakkað fyrir þess háttar greiða. Og jeg get sagt hv. þm. (JJ) það, hvers vegna það er, að jeg fylgi þessu svo fast. Það er af því, að jeg er alinn upp að nokkru hjá þeim manni, sem setti íslenska tungu hæst af öllum vísindagreinum.

Jeg ætla annars ekki að fara að taka það upp aftur, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, og býst heldur ekki við að tala neitt frekar um þetta. En það er ekki til neins fyrir háttv. þm. (JJ) að bera það fram, að dr. Alexander sje ekki reglulegur vísindamaður. Um það hafa þeir menn dæmt, sem eru okkur báðum hæfari til þess.

Þá telur hv. þm. (JJ) það fífldirfsku af mjer að bera það frv. fram, sem jeg hafi áður borið fram og felt hafi verið. En jeg geri það af því, að jeg álít frv. nauðsynlegt, og jeg segi, að það verður að skeika að sköpuðu, hvort þetta þing samþykkir frv. nú eða ekki, en jeg mun stöðugt reyna að styðja að því, að það verði virkilega vísindaleg kensla í íslensku við háskólann hjer, og það þarf ekkert í því sambandi að vera að tala um sparnað. Jeg hefi aldrei álitið, að sparnaðurinn þyrfti að ganga svo út í ystu æsar, að ekki mætti kosta til þess, sem er algerlega sjálfsagt og nauðsynlegt, og að mínu áliti væri nær að sleppa því að prenta Alþt. heldur en að láta ekki kenna íslensku á þessum stað; og þótt það sje ekki flokksmál í Íhaldsflokknum, þá kemur það ekki neitt þessu máli við. Jeg býst við, að það sjeu mismunandi skoðanir hjá ýmsum mönnum í ýmsum flokkum, og þó að slíkar skoðanir komi fram, þá álít jeg, að það varði ekki flokkinn, því að ekki má kúga menn svo, að ætlast til, að þeir verði sammála um öll mál, hvort sem þau eru pólitísk eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Hv. frsm. minni hl. (JJ) sagði, að það væri ekki rjett í nál., að það væri engin kensla í íslenskri tungu í háskólanum, en hæstv. dómsmálaráðherra (JM) hefir staðfest þetta, og þarf þá ekki frekar vitnanna við. Jeg á, satt að segja, erfitt með að skilja andstöðu háttv. frsm. minni hl. móti málinu, því að hann lætur sjer ant

um margt, sem víkur að mentamálum þjóðarinnar. En hvernig getur hann litið hornauga til íslenskukenslunnar við háskólann, sem altaf hlýtur að verða metnaðarmál fyrir þessa þjóð?

Mjer virðist háttv. frsm. minni hl. beita ýmsum mönnum úr stjórnarflokknum allfast fyrir sig í þessu máli, og þykir mjer hann nú taka meira tillit til þeirra en venja hans er. En jeg verð nú að segja, að þótt þessir hv. þm., sem hjer eru nefndir, hafi staðið á móti þessu máli á síðustu þingum, þá virðist mjer það betra, ef þeir falla nú frá sinni skoðun og styðja stjórnina í þessu, því engin minkun er að því að sannfærast fyrir góð rök og snúa að góðum málstað frá vondum.

Þá vil jeg benda á það, að þótt hjer sje aðeins um 4 stundir á viku að ræða, þá er þess að gæta, að undirbúningur undir slíka kenslu getur oft kostað lífsstarf, því að satt að segja hygg jeg, að enginn maður geti verið kennari við háskóla í fagi eins og tungu þjóðarinnar, svo að það megi sóma skólanum, nema með því að hann geri það hreint og beint að lífsstarfi sínu.

Að því er snertir þann mann, sem starfið er ætlað, þá skal jeg ekki endurtaka það, sem jeg hefi sagt um hann áður, en mjer dylst það ekki, eftir því sem jeg þekki til málsins, að hann hafi fulla ástæðu til að skoða bæði þing og stjórn bundið, eftir því sem áður er fram komið í málinu. Það getur vel verið, að þingið sje ekki „juridiskt" bundið, en það er siðferðilega bundið, og það er nóg. Dr. Alexander hefir varið allmörgum árum af æfi sinni til þess að búa sig undir þetta starf, og það er því hart fyrir hann að þurfa að hlaupa frá því; en þó er hjer annað og verra. Það er óheppilegt fyrir stofnunina að missa manninn frá því starfi, sem hann hefir lagt svo mikla rækt við.

Jeg vona, að ekki þurfi meiri umr. um þetta mál og að stjórninni megi takast að koma því í gegnum þingið. Jeg trúi ekki öðru en samkomulag náist um að skipa íslenskunni í hásætið hjer við háskólann, svo að erlendir menn, sem leita að sem fullkomnastri þekkingu í íslensku, leiti fyrst og fremst til háskólans hjer í því efni. Þjóðarmetnaður vor krefst, að vjer sjeum forgöngumenn á þessu sviði.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 27. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Í gær hjelt hæstv. forsrh. (JM) langa ræðu um þetta dósentsmál, og vil jeg nú gera fáeinar aths. við þá ræðu.

Fyrsta atriðið, sem hæstv. ráðh. (JM) vildi sanna, var það, að engin kensla væri í íslenskri tungu við háskólann, ef þessari kenslu dr. Alexanders yrði ekki haldið áfram. Jeg hefi áður hrakið þessa fullyrðingu, en þó vil jeg nú enn víkja að henni nokkrum orðum. Þá er rjettast að vitna fyrst í þau ummæli nokkurra stuðningsmanna hæstv. forsrh. í hv. Nd., að þessi kennari kenni aðeins 4 stundir á viku við háskólann. Ef þetta er eina kenslan, sem nemendur norrænudeildarinnar fá í íslenskri tungu, þá er jeg hræddur um, að þeir verði ekki sjerlega þykkir á barðið í móðurmálinu hvort eð er, þegar þeir útskrifast úr deildinni. Nei, hæstv. forsrh. veit vel, að þessi fullyrðing er tóm endileysa. Hann veit fullvel, að þegar háskólinn var stofnaður, var lögð aðaláhersla á aðra hlið kenslunnar í

íslenskum fræðum, nefnilega bókmentasöguna, og var svo til ætlast, að hæfasti maðurinn, sem völ væri á á hverjum tíma, gegndi þessu embætti og legði jafnframt rækt við vísindaiðkanir í ísl. málfræði, eftir því sem hugur hans hneigðist til.

Það er rjett, sem hv. 2. þm. Skagf. (J-S) hefir haldið fram, að fyrstu ár háskólans heyrðust engar umkvartanir, þó að enginn sjerstakur kennari væri í íslenskri málfræði. Fyrsti prófessorinn í íslenskum fræðum fjekst aðallega við bókmentaskýringar, og hið sama hefir eftirmaður hans, sem nú er prófessor, gert. Það hefir því aldrei verið þörf háskólans, heldur þörf Alexanders Jóhannessonar, sem hefir valdið því, að hann hefir haft þessa kenslu á hendi. Hann hefir sjálfur beðið um, að þetta embætti verði stofnað, og það ætti þá að stafa af því, að þessi maður hafi fundið svo brennandi þörf á því að auka málfræðikensluna, að hann hafi ekki getað stilt sig um að bjóða fram krafta sína í þessu skyni.

Í þessu sambandi má geta þess, að hæstv. forsrh. hefir enn ekki svarað þeirri fyrirspurn minni, hvort menn hafi ekki kunnað íslensku á söguöldinni, þó að engin væri málfræðin kend. Eða kunni enginn maður íslensku á miðöldunum? Nei, svona röksemdir verða ljettvægar fundnar. Það má líkja þeim við orð nafngreinds manns, sem sagði, að menn gætu ekki hugsað án þess að læra áður hugsunarfræði. Eftir því hefir enginn maður, að undanteknum örfáum, sem fengu mentun sína við erlenda háskóla, kunnað að hugsa rökrjett hjer á landi alt fram á allra síðustu ár, er byrjað var á kenslu í hugsunarfræði eða rökfræði hjer á landi. Þetta eru hliðstæðar firrur og jafnframbærilegar og sóma sjer fremur illa í munni kenslumálaráðherra. Menn munu engu síður læra og kunna íslenska tungu, þó að þetta dósentsembætti verði ekki stofnað.

Það eru ekki aðeins ósannindi, heldur gat á allri rökrjettri hugsun, að menn geti ekki kunnað fullvel íslenska tungu án þess að kunna skil málfræði aftur í svörtustu fornöld. Við þyrftum að vera horfnir aftur að „scolastik" miðaldanna, til þess að skynsamir menn gætu tekið slíkt alvarlega.

Þá sagði hæstv. forsrh. (JM), að prófessorinn í íslenskum fræðum væri ekki fær um að kenna ísl. málfræði við háskólann, en aftur á móti væri þessi sjerfræðingur, sem fyrir rás viðburðanna og kraft stórveldanna er kominn í þetta embætti, fær um það.

Prófessorinn í ísl. fræðum við háskólann hefir fyrst og fremst tekið próf í norrænu við Kaupmannahafnarháskóla. Síðan varð hann doktor í íslensku við sama háskóla. *(Forsrh. JM:* Í íslensku?). Já, í íslensku. Jeg þekki doktorsritgerð hans, og ef hún heyrir undir nokkra sjerstaka fræðigrein, þá heyrir hún undir íslensk fræði. Eða heldur hæstv. forsrh. (JM), að hann hafi „dispúterað" við sagnfræðideild háskólans? Eða heldur hann kannske, að ritgerðin sje úr þýsku?

En hvernig er sjermentun hins mannsins, sem nú á að gera að íslenskukennara, varið? Að því er menn best vita, hefir hann enga íslensku lært, nema í latínuskólanum, eins og aðrir, sem hafa tekið stúdentspróf. Í Kaupmannahöfn las hann þýsku og tók þar próf við háskólann í þeirri fræðigrein. Síðan fór hann til Þýskalands og tók þar eina af þessum ljettu doktorsgráðum, sem m. a Greifswald er frægur staður fyrir í öðru sambandi.

Það er því rangt alt frá undirstöðunni, sem hæstv. forsrh. hefir sagt um þetta atriði.

Prófessorinn hefir lokið sjernámi, sem hjer á Norðurlöndum er talið leiða til þess, að geta talist sjerfræðingur í norrænum fræðum, og hefir ennfremur staðist þá vísindalegu raun, sem venjulega er talin nauðsynleg til þess að geta tekið við slíku embætti.

Hinn maðurinn hefir lært þýsku, og ef hann er sjerfræðingur í einhverju, þá er hann það í þýsku, enda byrjaði hann á að kenna þýsku, þegar hann fyrst kom að háskólanum. En þegar hann sá, að engar líkur voru til þess, að kennaraembætti í þýsku yrði stofnað hjer við háskólann, þá sneri hann við blaðinu og bauðst til að kenna gotnesku, síðan samanburðarmálfræði og loks íslenska málfræði.

Þá hefi jeg gengið frá því, hvernig sjermentun þessara tveggja manna er varið. Annar hefir eðlilegan og sjálfsagðan rjett til þess að vera talinn sjerfræðingur í norrænu, en hinn hefir engan slíkan rjett, enda viðurkent af honum sjálfum með því að byrja að kenna þýsku, þegar hann kom heim að afloknu námi.

Af því af hæstv. forsrh. (JM) gaf í skyn, að frægir vitnisburðir lægju fyrir um íslenskukunnáttu dr. Alexanders, þá væri fróðlegt að heyra, hvort íslenskuprófessorinn við Kaupmannahafnarháskóla, Finnur Jónsson, hafi gefið honum meðmæli, sem hæstv. ráðh. (JM) byggir á.

Jeg sá, að hæstv. forsrh. varð forviða, þegar jeg sagði, að prófessor Nordal væri doktor í norrænu, en ekki í sagnfræði; en ef hann vill halda því fram, að söguprófessorarnir við Hafnarháskóla hafi dæmt um ritgerð Nordals, þá væri mjer sönn ánægja að hlusta á þá fullyrðingu. Ef hinsvegar norrænufræðingar hafa dæmt um ritgerðina, þá verður það ekki hrakið, að jeg fór með rjett mál, og jeg held líka, að það verði ekki hrakið.

Þá var það að heyra á hæstv. forsrh., að jeg hefði farið með einhverja dómadagsfjarstæðu, þegar jeg talaði um tímakenslu við háskólann, að jeg skyldi leyfa mjer að stinga upp á því, að maður, sem kennir 4 stundir á viku, eftir því sem mektar-Íhaldsmenn segja, verði gerður að tímakennara.

Jeg skal nú leyfa mjer að slá upp fjárlögunum. Í 12. gr. þeirra er m. a. veittur styrkur læknunum Ólafi Þorsteinssyni, Vilhelm Bernhöft og augnlækni, með því skilyrði, að þeir segi nemendum læknadeildar til, hver í sinni sjerfræðigrein. Hvað er þetta annað en tímakensla? Og þessir menn fá einmitt viðlíka upphæð að launum eins og jeg stakk upp á, að tímakennara í íslenskri málfræði yrði greidd. Ennfremur fær hjeraðslæknirinn í Reykjavík þóknun í fjárlögum fyrir aukakenslu í lyflæknisfræði. Hvers vegna er hann ekki gerður að dósent? Er ekki vísindunum herfilega misboðið með því að launa þennan mann sem tímakennara? En það er ekki alt búið enn. Fyrst tekur nú út yfir allan þjófabálk, þegar kennara í rjettarlæknisfræði eru greiddar einar 500 kr.! Það er engu líkara en að verið sje að hleypa barnaskólakennurum að háskólanum, svo lágar eru slíkar upphæðir, en verður ekki sjeð, hvernig vísindin geti þolað slíkt og annað eins. Nei, menn komast ekki í kringum það, að háskólinn hefir notað tímakennara og gefist vel. En nú þarf að setja upp hátignarsvip til þess að framfylgja sparnaðinum, sem útverðir íhaldsins hafa sett sjer að marki, þegar þeir eru að gæta pyngju ríkissjóðs.

Hæstv. forsrh. (JM) vildi álíta, að mjer bæri að sanna, að loforðið, sem prófessor Sigurði Nordal var gefið í fyrra, væri bindandi fyrir þingið. En þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Hann flytur nú

frv. um að stofna embætti, sem skorið var niður í báðum deildum þingsins í fyrra, og færir sem ástæðu fyrir frv. loforð, sem fjvn. Nd. á að hafa gefið fyrir löngu síðan. Jafnframt fellir hann niður dýrtíðaruppbót Nordals, sem þingið í fyrra lofaði honum. Hvers vegna heldur hann ekki bæði loforðin? Það er hann, sem verður að sanna, að þau sjeu ekki bæði jafnbindandi. Jeg hefi altaf sagt, að jeg áliti hvorugt loforðið lagalega bindandi. Jeg held, að hæstv. forsrh. muni ganga illa að sannfæra menn um, að halda beri loforð nefndar, ef ekki á að virða nokkurs loforð alls þingsins.

Þá vil jeg segja nokkur orð um afstöðu hæstv. forsrh. til þessa máls á síðasta þingi. Hann var óánægður með afdrif dr. Alexanders, og fórust honum svo orð út af meðferð þingsins á honum:

„Finst mjer það bera vott um hörku hjá Alþingi og alllítinn skilning; því maðurinn hefir fengið hálfgert ef ekki algert loforð fyrir þessum launum og hefir búið sig undir að helga líf sitt vísindunum. Þegar hann er búinn að vinna nokkur ár, er þeim kipt af honum. Er manni þessum sýnd mikil óbilgirni. Má vera, að ýmsar slíkar misfellur stafi nokkuð af því, að hv. Nd. hefir ekki átt neina áhugamenn í mentamálum í fjvn. Þyrfti að hugsa fyrir því á næsta þingi.“

Það virðist nokkuð undarlegt, ef stærsti flokkur þingsins hefir af ásettu ráði valið áhugalausa menn í mentamálum í fjvn.

En þetta dósentsmál er alt borið fram til að þóknast vissum þm., hv. þm. Dala. Jeg hefi áður sýnt, hversu afarnauðsynlegur þessi hv. þm. (BJ) hefir reynst dr. Alexander til framdráttar í máli þessu, og benti jeg á, að ekki væri ólíklegt, að hæstv. forsrh. (JM) vildi nú stofna þetta embætti, í trássi við áðurnefndar íhalds stoðir í hv. Nd., hv. þm. Dala. (BJ) til geðs, enda hefir þessi mentafrömuður nýlega gert hæstv. stjórn stórmikinn greiða, þar sem hann gerðist lífgjafi hennar og lausnari í Krossanesmálinu, sællar minningar. *(Forsrh. JM:* Þetta frv. var borið fram í byrjun þings, en Krossanesmálið var til umræðu fyrir örskömmu síðan). Já, að vísu; en jeg get bent á það, að til er nokkuð, sem heitir að ráða menn fyrirfram til allskonar starfa, og er ekkert því til fyrirstöðu, að hæstv. stjórn hafi gefið sumum stuðningsmönnum sínum fyrirskipun um að jeta ofan í sig alt, sem þeir hafa áður um þetta mál sagt, til þess eins að fullnægja menningaráhuga þessa mæta mentafrömuðar (BJ), gegn því að hæstv. stjórn fengi haldið líftórunni missiri lengur.

Hæstv. forsrh. (JM) fór mörgum fögrum orðum um frelsið í Íhaldsflokknum. Hann mun þar eiga við, að flokksmönnum sje frjálst að skifta um skoðun, þegar stjórnin krefst þess og líf hennar liggur við. Enda gerði hann lítið úr ummælum þeirra trúnaðarmanna Íhaldsins í fjvn. Nd., sem jeg hefi vitnað í, og vildi sem minst um það tala, að þeir hafi um margra ára skeið barist fyrir að fella þessa fjárveitingu niður og loks tekist það í fyrra.

Jeg held jeg hafi þá gengið í gegnum ræðu hæstv. forsrh. (JM), og hefi jeg ekki meira að segja að sinni.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi nú að fara í hv. Nd., og vil því ljúka mjer hjer af, enda vona jeg, að ekki þurfi margt að taka fram fleira við þessa umr., ekki síst fyrir þá sök, að hv. frsm. minni hl. (JJ) hefir nú heitið mikilli ræðu eða ræðum um málið við 3. umr. Gefast þá sjálfsagt nóg tækifæri til að

taka það fram, sem nú kann að falla niður. Hv. þm. (JJ) var bæði í gær og í dag að tala mikið um það, að dr. Alexander kendi ekki nema 4 stundir á viku. En hv. þm. verður að gæta þess, að finna má dæmi til þess, að prófessorar hafi ekki meiri kenslu hjer við háskólann.

Hv. þm. (JJ) talaði um, að enginn hefði kvartað, þó að vantað hefði kennara í þessari grein fyrstu árin, sem háskólinn starfaði. Það kemur málinu harla lítið við. Vitanlega var alt þar sem annarsstaðar minna í byrjun og búist við, að við yrði bætt síðar, er tök yrðu á.

Jeg veit eiginlega ekki, hvers vegna hv. þm. (JJ) talar nú um mentamálin eins og hann skilji þar ekkert upp nje niður. Það getur varla komið til af öðru en því, að hann vill ekkert skilja, en hyggur, að hann muni með þessum hætti fá kastað ryki í augu manna. Hv. þm. (JJ) sagði, að menn hefðu kunnað fullvel íslensku á söguöldinni, og hefði þó enginn þá kent íslensku, og hann virtist vilja draga þá ályktun af þessu, að því væri ekki fremur ástæða til þess að kenna íslensku nú. En þá má eins spyrja, hvers vegna á þá nú að kenna sögu og bókmentir íslenskar? Kunnu menn þetta ekki líka á söguöldinni án þess að kent væri í háskóla? Hv. þm. (JJ) má ekki tala svo bjánalega um þessi mál nje hyggja, að hann slái ryki í augu manna með því.

Hv. þm. (JJ) var að tala um það eins og fullkomna sönnun fyrir sínu máli, að einhver samflokksmaður minn hefði í fyrra viljað leggja þennan kennarastól niður. Jeg vil minna hv. þm. á það, að hann var að heimska mig fyrir það í gær, að jeg hefði verið á móti því, að alþýðuskólinn í Þingeyjarsýslu yrði reistur, sjerstaklega fyrir þá sök, að það væri alveg óhugsað mál, hvernig koma ætti alþýðuskólunum fyrir í landinu. En hver hefir reyndin á orðið? Sú, að þessi skóli er að vísu reistur, mikið til fyrir skuldir, að jeg held, en alveg er enn ósjeð, fyrir hve mikinn hluta Norðurlands skólinn verður. Í því sambandi má geta þess, að Árnesingar eru að hugsa um að reisa annan slíkan skóla, en málum háttar svo þar, að Rangæingar vilja alls ekki taka neinn þátt í þessu, og verður skólinn því aðeins sýsluskóli. Og hvernig fer? Einn úr flokki hv. þm. (JJ), sá, sem þar hefir einna best vit á þessum málum, ber fram frv. nú um það, að alþýðuskólarnir skuli vera 4—5 á landinu, tala þeirra alveg óákveðin. Sá maður sjer það vel, að athugavert er að reisa þessa skóla án þess að athuga, hve margir þeir skuli vera og hvernig þeim skuli haga; má segja, að frv. sje yfirleitt þannig, að það byggi á því, sem jeg sagði áður um það, hvernig þessum málum skyldi skipa. Jeg held því, að hv. þm. (JJ) ætti að athuga það, þegar hann er að tala um, að mínir samflokksmenn sjeu mjer ekki sammála, að svo er engu síður um hann og flokksbræður hans.

Mjer þykir næsta undarlegt, að maður, sem þykist vera jafnmikill mentafrömuður og hv. þm. (JJ) telur sig vera, skuli geta lagt jafnmikið kapp á að reyna að fyrirbyggja það, að ísl. tunga verði kend við háskólann. Hann ber mjer stundum það á brýn, að jeg hafi ekki mikinn áhuga á þessum málum, en sjálfur vill hann ekki, að kvenfólkið fái neina sjerskóla, nema þá húsmæðraskóla, að engin íslenska sje kend og alt eftir þessu. Annaðhvort er því, að hv. þm. talar hjer á móti betri vitund, eða þá af hinu, að fyrir honum er þetta alt óljóst, svo sem í þoku á köflum. En ef til vill kemur þetta af þeirri

blindni, sem jeg hefi tekið eftir, að háttv. þm. (JJ) er stundum haldinn. Og þegar svo er, getur hann aldrei sjeð nema svolítinn part af hlutunum. Háttv. þm. (JJ) var dálítið seinheppinn, eins og stundum hendir hann, þegar hann var að tala um launin fyrir það að bjarga stjórninni fyrir fáeinum dögum, sem verið væri að greiða með þessu. Hann sagði í gær, að þau laun hefðu verið greidd með því að bera þetta frv. fram viku áður en nokkur vissi með vissu, að það mál kæmi fram, sem frv. átti að vera borgun fyrir, að stjórninni var bjargað í. Í dag segir hann, að farið hafi verið að borga þetta miklu fyr. Þannig hafi þegar fyrir ári síðan stjórnin gefið í skyn, að hún myndi koma þessum manni inn í fjárlögin. Las hv. þm. því til sönnunar kafla úr ræðu, sem hann sagði eftir mig. Mjer þótti mjög ólíklegt, að jeg hefði sagt þau orð, enda var það ekki jeg, heldur háttv. 1. landsk. (SE). Svo að það er þá háttv. 1. landsk., sem farið hefir að borga fyrir stjórnina svo löngu fyrirfram!

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal ekki vera langorð, en af því að svo stendur á, að nafn mitt stendur undir nál. meiri hl. mentmn., þykir mjer hlýða að segja örfá orð.

Vil jeg þá byrja á því að lesa upp nokkur orð úr nál. sama meiri hl. sömu nefndar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 3. apríl 1909, um stofnun háskóla.

Þar segir svo m. a. (með leyfi hæstv. forseta):

„Í sambandi við tillögurjett háskólans yfirleitt vill meiri hl. taka fram, að honum virðist, að það ætti að vera föst regla, að engin embætti yrðu stofnuð við háskólann nema eftir beinni kröfu frá honum.“

Nú stendur einmitt svo á hjer, að bein krafa hefir komið fram frá heimspekideildinni um, að þetta umrædda embætti verði stofnað, og því er meiri hl. mentmn. í algeru samræmi við skoðanir sínar og afstöðu til málsins í fyrra, þegar hann leggur nú til, að embættið verði stofnað.

Jeg lít svo á, að kenslan í íslensku í háskóladeildinni sje hjegómi einber, ef málfræðikennarann í íslensku vantar. Dr. Alexander hefir nú haft þessa kenslu á hendi undanfarin ár og kent 4 stundir á viku. Hefir hann hagað stundunum þannig, að hann hefir látið eina ganga til málfræðikenslu, eina til fornnorrænu og í tvær stundir hefir hann kent gotnesku og samanburðarmálfræði. Eins og drepið hefir verið á hjer í umr., hefir hann og leyst mikil ritstörf af hendi. Hann hefir samið frumnorræna málfræði, sem komið hefir út bæði á íslensku og þýsku. Eins hefir hann ritað mjög merka ritgerð um rúnaristur og fornt rím. Og nú síðast hefir hann gefið út bók, sem nefnist Íslensk tunga í fornöld, og er í tveim bindum. Er hún, eftir því sem fróðir menn segja, bygð á áliti merkustu manna um þau mál, og liggur þar ærið starf til grundvallar. Hefir dr. Alexander orðið að fara yfir allar þær ritgerðir, sem birst hafa um þetta efni frá því um 1900 og þar til bókin kom út 1922—'23. Ýmsar þær ritgerðir, sem bókin byggir á, finnast ekki hjer á landi, og varð því höfundur að fara utan 1922—'23 til þess að kynna sjer þær. Ekki er það mitt meðfæri að dæma um slíkt rit, en fróðir menn í þeim greinum segja, að það sje einkar vel af hendi leyst, og víst er um það, að stúdentar fá þar gott og glögt yfirlit yfir þær bækur og ritgerðir, er um þessi mál fjalla.

Málfræði dr. Alexanders er nú notuð við kensluna í háskólanum í íslenskri tungu. en áður en hún kom út varð að nota til þess þýska bók; og var þá gott, að einhverjir skildu þýsku hjer á landi.

Hvorugur hinna kennaranna í deildinni, hvorki dr. Páll Eggert Ólason nje dr. Sigurður Nordal geta tekið nje vilja taka að sjer þá kenslu, sem dr. Alexander hefir á hendi. Mega menn gjarnan spyrja dr. Sigurð Nordal að því, hvort hann telji ekki fulla þörf á því, að þessi umræddi kenslustóll sje stofnaður. Hygg jeg, að þeir muni fá góð og greið svör.

Við umr. 1924 vorum við, sem nú erum í meiri hl. mentmn., hv. minni hl. (JJ) fyllilega samhent, þegar verið var að tryggja hina miklu og góðu starfskrafta Sigurðar Nordals háskóla vorum. En þá datt okkur ekki í hug, að viðlit væri að leggja á hann þetta kenslustarf í viðbót við það, sem hann hefir. Jeg held, að mig minni það rjett, að þetta hafi komið til tals í nefndinni og að öllum nefndarmönnum hafi komið fyllilega saman um, að ófært væri að hlaða þessu á hann og tefja hann þannig frá vísindastarfsemi sinni.

Háttv. minni hl. (JJ) var að ræða um, að nægja myndi að hafa tímakenslu í þessari grein. En hv. 1. landsk. (SE) hefir nú hrakið það svo vel, hve ógerlegt og ófært væri að halda uppi kenslu í íslenskri tungu við háskólann með tímakenslu einni, að jeg treysti mjer ekki að bæta þar neinu við.

Hv. 1. landsk. (SE) benti ennfremur á, hve nauðsynleg kenslan í íslenskri tungu væri, þar sem það væri einmitt sú vísindagreinin, sem líklegust þætti til þess að láta hinn litla og unga háskóla vorn skara fram úr öðrum háskólum á einhverju sviði. Þegar af þessu er full ástæða til þess að leggja fram sem mest fje og krafta til þessarar deildar, ef það gæti orðið til þess, að háskóli vor hlyti þar af hróður meðal annara mentastofnana heimsins. Þess vegna get jeg aldrei orðið til þess að leggja stein í götu þess, að íslensk tunga, saga og málfræði verði til þess að varpa ljóma yfir háskóla vorn.

Annað og meira vildi jeg ekki segja en það, sem jeg nú hefi sagt, að jeg hefi í engu breytt skoðun síðan jeg taldi það æskilegt, já, lán fyrir háskóla vorn, ef hægt væri að tengja próf. Sigurð Nordal sem fastast við hann. Vona líka, að á því verði engin breyting frá því, sem nú er. En jeg vildi og taka fram, að mentmn. þessarar hv. deildar í fyrra fanst ógerlegt að demba á hann þessari kenslu, sem hjer um ræðir. En ef svo á ekki að fara, að það verði gert, sje jeg ekki, að komist verði hjá að stofna kennarastól í þessum greinum, eins og stjfrv. það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JM) er því miður ekki sem stendur í deildinni, og vil jeg því fyrst snúa mjer að hv. 6. landsk. (IHB) með fáeinum orðum. Það liggur ekki fyrir að tala hjer um það, sem skrafað var í mentmn. í fyrra, enda er það hvergi skráð nje vottfest. Þá lá annað mál fyrir; það, að allstór hluti þingsins ljet sig litlu skifta, að álitlegasti fræðimaður færi frá háskólanum, og voru þar einmitt fremstir í flokki nokkrir þeirra, sem nú sækja fastast, að þetta embætti sje stofnað.

Jeg verð að játa, að jeg er nokkuð gamaldags í þessu máli; jeg lít sömu augum á heimspekideildina nú og gert var þegar hún var stofnuð. Jeg efast um, að

þá hefði nokkur prófessor verið þar í íslensku, ef dr. Björn M. Ólsen hefði ekki lifað. En þar sem slíkur yfirburðamaður var til, vildu menn gjarnan gera hann að prófessor, og þá auðvitað til þess fyrst og fremst, að nafn hans skyldi kasta ljóma yfir háskólann.

Mjer finst eðlilegt, að svo var gert, og var þetta líkt og víða tíðkast annarsstaðar, t. d. í Frakklandi, þar sem í College de France eru menn, sem hafa prófessorstign, en kenna ekkert að ráði, heldur fást aðallega við vísindastörf. Mætti hafa þetta eins hjer, þegar þeir menn finnast, sem þess eru maklegir.

Þegar nú Björn M. Ólsen fann endi daga sinna nálgast, rjeð hann því, að próf. Sigurður Nordal var valinn í hans stað. Finst mjer nú skrítið eftir kenningu hæstv. forsrh. (JM), að hann skyldi ekki, þar sem hann eins átti kost á að velja dr. Alexander, gera það. Ef taka ætti trúanlega þá lýsingu hæstv. forsrh. (JM) á yfirburðahæfileikum dr. Alexanders, þá var það vitanlega vanræksla af Birni M. Ólsen að finna ekki þennan kraft, því að hinum manninum stóðu allir vegir opnir til þess að koma sjer áfram erlendis. Hann kom aðeins heim eftir ráði Björns M. Ólsens.

Jeg lít nú þeim augum á heimspekideildina eins og hæstv. fjrh. (JÞ) gerði að sumu leyti, er hann bar fram frv. um að leggja hana við aðra deild í fyrra, að sú deild eigi ekki að vera stærri en það, að þar sje valinn maður í hverju rúmi. Og jeg hefi margsannað það, og það hefir ekki verið hrakið af hv. 1. landsk. (SE) nje hæstv. forsrh. (JM) og Íhaldinu, að það, sem hjer um ræðir, er það eitt, að á knýr maður, sem laginn er að pota sjer áfram og á stuðningsmenn og einn vin í þessari hv. þd. Og þetta er því ekki sprottið af umhyggju fyrir mentamálunum, heldur er það blátt áfram algengur bitlingur.

Jeg vil minna hæstv. ráðh. (JM) á það, að í fyrra sagði þessi maður nefndinni, að hann vildi ekki þiggja stöðuna áfram. Þá skyldi maður ætla, að fenginn hefði verið nýr maður og fjárveitingin staðið áfram. Nei, fjárveitingin var feld niður. Hvaða meining var í því? En það sannaðist við 1. umr. af orðum hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að það lítur út fyrir, að velunnari þessa manns búist við, að aðalembættið losnaði, og því hefir ekki verið hugsað um að fá annan.

Jeg býst við, að það sjeu ekki að öllu leyti þingleg orð, sem hæstv. forsrh. (JM) viðhafði í ræðu sinni, er hann talaði um bjána, en jeg ætla að leggja þau inn í sjóð hjá hæstv. forseta, til þess að aðrir geti miðað við það orðbragð sitt. Það, sem ráðherranum leyfist í þessu efni, mun öðrum leyfast. Annars er það ljóst, að hæstv. ráðh. er kominn í þrot með sína kenningu. Fjárveitingin var gerð vegna þessa manns, enda hafði honum verið lofað því. Hæstv. forsrh. hefir sagt, að sjer kæmi ekki við, þótt farið væri hörðum orðum um manninn; hann færi ekki á gaddinn. Hví leggur hæstv. ráðherra ekki áherslu á að lækna sína menn, hví hefir hann ekki reynt að snúa þeim til að segja ekki það, sem hann sjálfur álítur fjarstæðu? En mjer finst, þó að jeg fylgi ekki þeim mönnum að málum, að þeir hafi miklu meira til síns máls en forkólfurinn, hæstv. forsrh. Og sá maður, sem er talinn sjerfræðingur í íslensku, hefir aldrei lært íslensku, enda var það játað, Ennfremur var játað, að sá maður, sem hæstv. forsrh. telur ekki færan til þess að kenna þetta, er doktor í norrænni málfræði. Það er ekki hægt að neita því,

að það eru tómar vífilengjur, sem hæstv. ráðh. hefir sagt, og rökþrot.

En nú kem jeg að því, sem hæstv. ráðh. sagði um þingeyska skólann, sem sje, að það væri jafnfjarlægt af mjer, að jeg vildi ekki greiða atkv. með því, að kvennaskólinn væri gerður að ríkisskóla, eins og þegar hann vildi fella niður fjárveitingu til þingeyska skólans. Jeg segi nei. Það er tvent ólíkt að fella niður fjárveitingu til skóla, svo að hann getur ekki starfað, eða að greiða atkv. móti því, að einkaskóli verði gerður að ríkisskóla, þegar ekki er hægt að sýna fram á, að nein breyting verði á honum nema þessi eina, að hann verður dýrari. Ef það er sama að vilja drepa skóla og reyna að sporna við því, að skóli verði dýrari fyrir ríkissjóð en hann þyrfti að vera með sama árangri, þá hefir hæstv. ráðh. rjett að mæla; annars fer hann með lokleysu. Enn sagði hæstv. ráðh., að það hefði verið óhugsað fyrir 2 árum, hvernig ætti að koma alþýðuskólum fyrir, en játar þó að þeir geti verið 5. Þetta er því sagt alveg út í loftið. Svo segir hann, að ekki sje hægt að vita, fyrir hvað mikinn hluta landsins skólinn væri, og því sje ekki hægt að stofna hann. Þetta er líka lokleysa. Fyrir hve mikinn hluta landsins er Eiðaskólinn? Eða gagnfræðaskólinn á Akureyri? Það er ekki hægt að segja fyrirfram, hvaðan lærisveinar koma.

Þá leyfði hæstv. ráðh. sjer að halda því fram út af frv. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að ósamlyndi væri innan flokksins, en ef svo væri, væri það ekki nema hliðstætt við ástandið í Íhaldsflokknum. En það er ekkert ósamlyndi í Framsóknarflokknum út af skólunum. Við viljum allir styrkja þá, án smásálarlegrar íhugunar um, hvar þeir eiga að standa.

Hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr mjer með því að segja, að jeg væri enginn mentafrömuður. Það tek jeg mjer ekki nærri. En það felst annar dómur í þessu. Hvað á að segja um hv. samherja hans, sem ár eftir ár hafa reynt að leggja niður embættið, ef á að áfella mig? Þetta er því snoppungur á stuðningsmenn hæstv. ráðh., en ekki mig.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að jeg hefði mislesið í þingtíðindunum, og það hefi jeg því miður gert. En það er margt líkt með skyldum, og jeg held, að hæstv. forsrh. hafi í fyrra gert gott úr þessu. Hann endar með orðum, sem voru alveg eins að efni. Hann gerði að sínum orðum alt, sem hv. 1. landsk. hafði sagt um málið.

Jeg get ekki láð hæstv. ráðh., þó að hann vilji láta líta svo út, sem hv. þm. Dala. (BJ) sje ekkert við þetta riðinn, en það hefir samt verið hann, sem hefir borið þetta uppi og hefir á einhvern leyndardómsfullan hátt komið þessum áhuga inn í hæstv. stjórn. Það hefir verið reynt að sanna, að ekki væri samband hjer á milli, en það er engin synd að segja það, að stjfrv. kom í þingbyrjun, og þá vildi þessi hv. þm., sem þá var í Sjálfstæðisflokknum, ekki kjósa sinn eiginn flokksmann, ef það kom sjer ekki hjá Íhaldsmönnum. Og það er ekkert því til fyrirstöðu, að hann hafi með dugnaði sínum gefið stjórninni vilyrði um, að hún mætti hanga, ef hún bjargaði vísindunum við háskólann, þ. e. a. s. þessum manni, sem Íhaldsmenn höfðu skorið niður.

Að síðustu mun hæstv. forsrh. hafa ætlað að vera fyndinn með því að segja, að jeg væri í mentamálum blindur og heyrnarlaus. En þetta mun vera lánað úr ádeiluræðu, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ)

hjelt í Krossanesmálinu og sagði þar um hæstv. ráðh. sjálfan, að það liti út fyrir, að hann vantaði bæði sjón og heyrn.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Hv. frsm. minni hl. (JJ) mintist á þann mann, sem gert er ráð fyrir, að fái þetta embætti, og dró í efa, að hann væri fær um að gegna því. Jeg játa, að jeg hefi ekki þekkingu til að dæma um, hver sje fær og hver ekki í þessa stöðu, en það er einn hæstirjettur í þessu máli, og það er háskólinn sjálfur, og hann hefir dæmt, að dr. Alexander Jóhannesson sje fær um þetta. Jeg verð að segja, að þessi dómur vegur svo þungt í mínum augum, að jeg er ekki í vafa um, að hann hefði ekki mælt með honum, ef það hefði ekki verið víst, að hann væri fær til starfsins.

Hv. 5. landsk. talaði um, að dr. A. J. væri sjálfur að olnboga sig áfram. En jeg vil geta þess, að þó að hann fengi ekki þessa stöðu við háskólann, yrðu engir erfiðleikar fyrir hann að draga fram lífið, því að hann er mjög duglegur maður einnig á öðrum sviðum. En það, sem gerir, að hann vill gjarnan fá þessa stöðu, er það, að hann er búinn að verja mörgum árum af æfi sinni til að rannsaka þessa fræðigrein, og þá er skiljanlegt, að hann vilji gjarnan halda áfram á þeirri braut.

Jeg álít því, að hjer í hv. deild þurfi ekki að deila um það, hvort maðurinn hafi hæfileika eða ekki; um það er dómur kominn frá háskólanum, og mjer virðist háskólinn hafa sýnt það á ótal sviðum, að hann á fullkomlega skilið, að álit hans verði tekið til greina í slíku máli sem þessu.

Hv. 5. landsk. hneykslaðist á því, að haldið var fram af meiri hl., að engin kensla í íslensku hefði farið fram síðan á nýári, og leit svo á, að við tækjum íslenska tungu í of þröngum skilningi. En um þetta atriði hefi jeg umsögn manna, sem vit hafa á því.

Jeg hjelt því fram í gær, að ekki kæmi til mála að hafa tímakennara til að kenna íslenska tungu við háskólann og rökstuddi það þannig, að enginn, sem kastaði höndunum til þess og hefði ekki sjerstaklega lagt það fyrir sig sem lífsstarf, væri fær um að kenna á þann hátt, sem háskólanum sæmdi, og jeg er sannfærður um, að jeg hefi farið rjett með. Það þarf mikið til þess að geta kent íslensku á vísindalegan hátt. Hv. þm. vildi hrinda þessu, með því að benda á, að tímakensla færi fram við háskólann í öðrum greinum. Það er rjett, að bæði Ólafur Þorsteinsson, Thoroddsen, Bernhöft tannlæknir og Jón Hj. Sigurðsson hjeraðslæknir eru tímakennarar við háskólann. En svo stendur á með þessa menn, að þeir kenna það, sem þeir eru sjerfræðingar í, og svo vill til um hjeraðslækninn, sem kennir lyfjafræði, að þegar í Kaupmannahöfn þótti hann sýna sjerstaka hæfileika í þá átt og kennarar hans litu svo á, að hann væri mikið efni í vísindamann. Það er óhugsandi að gera það að skilyrði fyrir hjeraðslækni hjer að vera jafnframt háskólakennari. Það er bara sjerstök tilviljun, að hægt er að njóta aðstoðar hans, og það sýnir óeigingirni núverandi hjeraðslæknis að taka þessa kenslu að sjer fyrir svo litla borgun. Jeg held það sje ekki ofsögum sagt, að hann er afburðamaður á sínu sviði.

Jeg vil bæta því við, sem jeg hefi oft lagt áherslu á, að það á að vanda sjerstaklega til kenslu í íslenskri tungu, sem skipar öndvegið við háskólann.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að vísa til þess, sem stendur í áliti meiri hl. ment-

mn. Vildi jeg svo óska, að mönnum skildist, að við verðum að verja þetta andlega vígi okkar og megum ekki gleyma, að við höfum skyldur gagnvart háskólanum, sem við verðum að rækja, ef vel á að fara.

Forsætisráðherra (JM): Hv. frsm. minni hl. (JJ) reiddist mjer og sagði, að jeg hefði kallað sig bjána. Jeg sagði, að hann hefði talað um ákveðið mál eins og bjáni, og það tek jeg ekki aftur.

Það er rjett, að loforðið, siðferðilega bindandi, er til, en jeg hefi ekki lagt sjerlega áherslu á það, heldur á málið sjálft.

Honum þótti hart, að jeg skyldi ekki viðurkenna hann sem mentafrömuð, en það get jeg ekki eftir framkomu hans hjer í gær og í dag. Hans sjón er ábótavant, þar sem hann sjer ekki nema lítinn hluta af því, sem allir heilvita menn ættu að sjá. Og þar sem hann hafði eftir hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), fer hann ekki með rjett mál. Jeg hefi talað við hann sjálfan, og hann sagðist ekki hafa sagt það, sem hv. frsm. minni hl. hafði eftir honum.

Hv. frsm. minni hl. var altaf að segja, að hv. þm. Dala. (BJ) hefði komið þessu af stað. Honum hefir altaf verið ant um þetta, en hv. frsm. minni hl. hefir einnig sagt það, með rjettu, að jeg hefði borið fram samskonar frv. fyrir nokkrum árum. Ætli jeg hafi þá verið farinn fyrir mörgum árum að borga fyrir atkvæði í Krossanesmálinu nú?

Við háskólann hefir bæði saga og bókmentasaga verið kend, en íslensk málfræði að mestu gleymst eða orðið útundan, og virðist það þó lítt sæmandi eða viðeigandi.

Þegar háttv. 5. landsk. (JJ) segir, að þessi maður, sem um er deilt og embættið á að fá, verði frv. þetta að lögum, sje ekki fær um að taka að sjer þessa kenslu við háskólann, þá er það fjarstæða ein, sem ekki er orðum að eyðandi. Dr. Alexander er viðurkendur vísindamaður beint á því sviði, eini viðurkendi sjerfræðingurinn.

Annars ætti mál þetta að vera útrætt í bili.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, HSn, HSteins.

nei: IP, JJ, SJ, EP, EÁ, GÓ.

2. gr. samþ. með 7:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 101).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg gat þess við 2. umr., að jeg mundi leggja fram nokkur ný gögn í þessu máli við 3. umr. En áður en jeg kem að þeim lið, ætla jeg að minna lítið eitt á nokkur atriði, sem jeg þykist hafa fullsannað við 1. umr.

Jeg benti á það ósamræmi hjá hæstv. stjórn að bera fram þetta frv. nú, þar sem stuðningsflokkur hennar vildi leggja þetta starf niður 1922 og kom þeim vilja í framkvæmd 1924. Jeg benti líka á það ósamræmi, að hæstvirt stjórn, sem ber þetta frv. fram, hefir á þingi í fyrra borið fram frv., sem fer í gagnólíka átt. Á jeg þar við frv. hæstv. fjrh. (JÞ) um háskólann. Í greinargerð þess frv. kemur glögt fram, hvað fyrir honum vakir. Hann segir:

„Fjárhag landssjóðs er nú svo komið, að telja má ókleift að rjetta hann við nema gripið sje til allra þeirra úrræða samtímis, sem nota mætti í því skyni. Þótt reynt sje í bili að stöðva tekjuhallann með því að fella niður allar verklegar framkvæmdir, þá er einsætt, að þjóðin muni ekki geta unað því til langframa, en þá verður líka nú þegar að hugsa fyrir niðurfærslu útgjaldanna á öðrum sviðum, svo sem með fækkun embætta. Þótt sú leiðin geti ekki leitt til stórkostlegs sparnaðar þegar í stað, þá verður engu að síður að taka nú þegar ákvarðanir í því efni, til þess að landssjóður geti aftur byrjað verklegar framkvæmdir og aukið þær eftir því, sem sparnaðurinn af embættafækkuninni kemur fram. ....“

„.... Stungið er upp á sömu kenslukröftum í íslenskum fræðum, sem ákveðnir voru í lögunum frá 1909, er háskólinn var stofnaður.“

Það er þá, sem sagt, að hæstv. fjrh. hefir í fyrra lagt það til, að skipulagið í íslenskudeildinni yrði á sama veg og var 1909, að þar yrði einn prófessor og einn dósent. Nú er gert ráð fyrir að bæta við einum manni, svo að í deildinni verði 2 prófessorar og 1 dósent.

Í þessari greinargerð kemur skýrt fram sú hugsun, að viðreisn ríkissjóðs verði að byggjast á fækkun embætta og stöðvun verklegra framkvæmda. Ef þetta frv. er borið fram með samþykki hæstv. fjrh., þá hefir honum snúist hugur. En sje það borið fram í trássi við hann, þá hlýtur það að vera þvert ofan í skoðun hans.

Jeg hefi sannað það, að frá byrjun hefir þetta starf verið bundið við ákveðinn mann. Og jeg get bent á eitt, sem raunar kemur betur fram síðar, að velgengni þessa frv. hefir altaf farið eftir gengi stjórnarinnar. Gengi Alexanders hefir verið mest, þegar gengi stjórnarinnar hefir verið minst. Eða með öðrum orðum, það er öfugt hlutfall milli velgengni dr. A. J. og hæstv. forsrh.

Þá skal jeg víkja að nokkrum liðum, sem deildinni koma við. Það er ómótmælanlegt, að fyrst var aðeins einn kennari í íslenskudeildinni, Björn M. Ólsen, þar til A. J. kom 1917—18. Með öðrum orðum: nálega helmingur af æfi háskólans líður svo, að í íslenskudeildinni er aðeins einn kennari. En ef það lof er verðskuldað, sem hjer hefir verið borið á Alexander Jóhannesson, að hann væri jafnvel mesti núlifandi málfræðingur á íslenska tungu, þá virðist dálítið undarlegt, að Björn Ólsen skyldi ekki mæla með honum sem eftirmanni sínum. Þá hefir verið deilt um það, hvort leyfilegt væri að hugsa sjer starfandi menn við háskólann, sem ekki væru fastir kennarar. Jeg hjelt því fram, að nota mætti tímakenslu við íslenskudeildina, en þetta hefir verið vefengt og jafnvel gert gys að því. En jeg hefi bent á, að við læknadeildina eru tímakennarar, sem kenna fyrir ákveðna þóknun án þess að hafa föst embætti. Viðvíkjandi því, að vansæmandi sje fyrir háskólann að hafa tímakennara, skal jeg benda á, að þessi nafntogaði vísindamaður, Alexander Jóhannesson, er í vetur tímakennari við mentaskólann. Ef hann getur það án þess að saurga sig, hví getur hann þá ekki eins verið tímakennari við háskólann? Jeg óska, að hæstv. forsrh. (JM) svari þessu snúningalaust.

Jón Ófeigsson mun hafa kent margar aukastundir við mentaskólann. Jeg sje ekki, að háskólanum væri nein vansæmd að slíkum manni, þótt hann kendi þar eitthvað án þess að vera settur á föst laun. Og það vill svo vel til, að við mentaskólann er norrænufræðingur frá

Kaupmannahafnarháskóla, sem kennir þar íslensku. Hann mun líka hafa aukatíma. Hvað væri þá á móti því, að hann kendi við háskólann? Hefði átt að telja það vansæmd fyrir háskólann að njóta tímakenslu frá dr. Jóni Þorkelssyni eða dr. Birni Ólsen, ef þeir hefðu lifað? Nei, alt þetta skraf um vansæmd fyrir háskólann er endileysa, sem varla þarf að eyða orðum að. Jeg skal síðast benda á orðabókarhöfundinn, Jóhannes L. L. Jóhannsson, sem hjer hefir verið hælt svo mikið og enn er á háum launum. Væri óhugsandi, að hann kendi við háskólann? Ef hann er ekki fær um það, virðist undarlegt, að hann skuli vera fær um að semja þessa stóru orðabók.

Jeg gat þess við 2. umr., að jeg mundi rekja þetta mál nánar við þessa umr. og sýna frekar, hvernig til þess er stofnað. Í áliti fjvn. Ed. 1915 stendur:

„Dr. Alexander Jóhannesson sækir um 2000 kr. styrk á ári til að halda fyrirlestra við háskólann í ýmsum þýskum fræðum. .... Nú stendur svo á, að Þjóðverji sá, er hingað var sendur í fyrrasumar til þess að kenna þýsk fræði við háskólann, varð að hverfa heim, en engin von um, að annar Þjóðverji komi í hans stað fyrst um sinn.“

Þetta segir fjvn. Ed. Það er skýrt tekið fram, að dr. Alexander vill byrja sem varamaður fyrir þýskan mann heimansendan, sem varð að hverfa heim vegna stríðsins. Á sama þingi segir Bjarni frá Vogi:

„Jeg stóð upp til að flytja háttv. Ed. þakkir, ... en þó einkum fyrir meðferð hennar á þeim tillögum, sem jeg hefi borið fram í hv. Nd. Þær voru ekki svo fáar, en svo skelegglega var að verið í Nd., að þær voru allar skornar niður. .... Hún (Ed.) hefir bjargað fyrir mig tveim efnilegum ungum mönnum, Alexander Jóhannessyni og Jakob Jóhannessyni, og dregið þá upp úr hinu víða sláturtrogi Nd.“

Af þessum tilvitnunum sjest tvent: Upphaf málsins er það, að Alexander sækir um styrk til að komast að háskólanum sem kennari í þýskum fræðum. Í öðru lagi tekur Bjarni frá Vogi þetta sem sína tillögu og hælist um yfir samþykki Ed. Það sjest, að enginn hefir barist betur með þessu en hann, að undanskildum Alexander sjálfum.

Við sömu umræðu í Sþ. segir einn af leiðandi mönnum í Nd., Magnús Pjetursson, að þeir, sem óttist, að styrkurinn til A. J. verði vísir til nýs embættis, skuli gæta að því, að hann sje einmitt settur í 15. gr. til að fyrirbyggja þann ótta.

Meðhaldsmenn styrksins leiða þannig rök að því, að þetta eigi ekki að vera framhaldsstyrkur. M. a. segir Pjetur Jónsson fyrir hönd fjvn., að hún geti ekki aðhylst að veita Alexander styrk til þýskra fræða.

Þá kemur það, sem Bjarni frá Vogi segir:

„Ber það til sjerstaklega, að hann veit, að óþektar eru hjer kenningar Sivers og rannsóknir um áhrif ýmsra vöðva á röddina; gætu þessar kenningar verið mjög gagnlegar fyrir alla þá, sem starfa að listum, og eins ræðusnillinga, svo að ekki er ólíklegt, að þingmenn, er þeir hefðu hlustað á þennan pilt í einn vetur, gætu talað af miklu meiri snild og hljómfegurð. .... Væri það ekki ómerkilegt atriði, að löggjafarnir yrðu raddfegri, þegar þeir halda líkræðurnar yfir nauðsynjamálum þessa lands.“

Hjer er málið enn sett á nýjan grund-

völl. Það er ekki lengur aðeins þýska, sem um er að ræða, heldur á nú einnig að fara að kenna mælskulist, sem jeg síðar mun víkja að, og ef til vill hefir borið einhvern árangur. En þetta hafði ekki meiri áhrif en svo, að Pjetur Jónsson segir:

„Nefndinni fanst hjer vera vísir til nýs dócentsembættis í háskólanum og hjelt heppilegra, að sá vísir væri gróðursettur að tilhlutun háskólaráðsins, en nefndin veit ekki til, að það hafi gert neitt í því skyni.“

Hjer er ný sönnun fyrir því, að háskólinn átti ekki frumkvæði um þetta mál, og það virðist ekki hafa verið leitað álits hans, enda hefi jeg áður leitt rök að því, að þetta er ekki frá honum komið upphaflega.

Þá segir Bjarni frá Vogi:

„Sumir eru hræddir um, að hjer sje stofnað til fasts embættis, en það er hvorki tilgangur minn nje hins unga manns, er styrksins æskir. Hann ætlar sjer að lesa fyrir við háskólann þessi tvö ár.“

Hjer liggur þá fyrir bein yfirlýsing frá aðalflytjanda málsins, að þetta eigi aðeins að vera til tveggja ára. Grunur Pjeturs Jónssonar er að engu gerður.

Nú skyldi maður ætla, að ekkert hefði verið í þessu gert eftir 2 ár og styrkurinn fallið niður. En það er öðru nær. Þá er Bjarni frá Vogi frsm. fjvn., og í fjárlögunum koma nú tveir styrkir sameinaðir til þessa manns. Jeg hygg, að núv. forsrh. (JM) hafi samið fjárlagafrv. fyrir 1917, en þar standa þessi orð:

„Til kennara í gotnesku og engilsaxnesku 1000 + 1000.“

Nú er breytingin orðin sú, að fyrir þýsku fyrst og síðar mælskulist er komin gotneska og engilsaxneska.

Svo líða tvö ár. Þá er það enn hæstv. núv. forsrh., sem undirbýr fjárlögin. Þar stendur:

„Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum 2800.“

Breytingin er sú, að komin eru germönsk fræði í viðbót, en íslensku er ekki minst á enn sem komið er.

Árið 1920 var stutt þing, en á því gerðist þó nokkuð mjög merkilegt í þessu máli, án þess þó að hægt sje að sjá það af þingtíðindunum það ár. Það kemur eiginlega ekki fram fyr en við meðferð þessa máls í fjárlögunum 1921. Þá er það sami ráðherra (JM), sem hefir undirbúið stjfrv. að þessu leyti, sem þegar kemur nokkuð fram. Á þinginu kemur mentmn. Nd. með frv. shlj. því, sem nú liggur fyrir. Það er mjög stutt athugasemd fyrir frv. (með leyfi hæstv. forseta):

„Aukakennarinn í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum við háskólann hefir farið þess á leit, að dósentsembætti það, er ræðir um í frumvarpi þessu, verði stofnað. .... Frekari grein verður gerð í framögu. Kenslumálaráðherra hefir hana á hendi, því að hann hefir samið frv. og greinargerðina, en nefndin ber málið fram fyrir hann.“

En það liggur í þessu greinileg játning um það, hvernig þetta mál frá byrjun er sótt. Maðurinn sjálfur, sem hlut á að máli, hefir beðið um, að frv. sje flutt, en ekki háskólinn, og mentamálaráðherra gerir þetta að vísu, en of seint til þess að geta gert það að stjfrv. Mentmn. flytur það fyrir hann, en er þó svo óviljug að flytja það, að hún vill ekkert um það segja, svo að ráðherrann sjálfur verður að hafa framsögu. Það er því ljóst, hvernig alt þetta er bundið við baráttu mannsins sjálfs. Ráðherrann sjálfur er leiður á því, og hefið því komið of seint með frv., og nefndin enn leiðari og greiðir að ein-

hverju leyti atkv. á móti því, sem jeg mún koma að síðar. Þegar ráðherra svo hefir framsögu í málinu, kemst hann svo að orði, að mentmn. 1920 hafi gengið að því að semja um sömu laun handa dr. Alexander Jóhannessyni eins og hann væri dósent. Þarna kemur þá nýr þáttur inn í málið. Það er gerður samningur í þessu máli á þinginu 1920, en ekki af þinginu sjálfu, ekki af stjórninni, að því er virðist, heldur af fjvn. þingsins, eða líklega helst af fjvn. Nd. En einmitt þetta, að það er hvorki þingið eða stjórnin, sem gerir þennan samning, gerir hann mjög haldlítinn, eins og von var og fram kom í fyrra. Þá, við þessa sömu umr., flytur núverandi fjrh. (JÞ) þá brtt. að binda fjárveitingu þessa við nafn mannsins sjálfs, og flm. (JÞ) útskýrði það svo (með leyfi hæstv. forseta):

„.... af því að mjer var tjáð, að þessi maður hefði fengið loforð fyrir stöðunni hjá stjórn og þingi. .... Jeg hafði vænst þess, að við 1. umræðu hefði verið frá því skýrt, hvernig loforð þetta var til komið, en það var ekki gert.“

Það er auðsjeð, að núverandi fjrh. (JÞ) er töluvert efablandinn hvað þetta snertir, sem og sjest af því, að hann tekur þá aðferð að borga ekki annað út en það, sem stendur í fjárlögunum, og hefir ekki kunnað við þessa aðferð. Þessu svarar svo mentamála- og dómsmálaráðherra núverandi með þessum orðum:

„Það er rjett athugað, að það má líta svo á, að ekki hafi komið neinn löglegur samningur í þessa átt. En aðallega kom þetta til milli dr. Alexanders og fjárveitinganefnda beggja deilda.“

Hjer með er þá af hæstv. forsrh. (JM) slegið föstu, í ræðu, sem hann heldur á þinginu 1921, að þetta sje ekki löglegur samningur, og hann hefir um það þau skrítilegu orð, að þetta hafi aðallega „komið til“, eins og þegar menn eru að tala um trúlofanir, á milli hlutaðeiganda og fjvn. beggja deilda; reynir sem sagt að gera það ljóst, að það hafi ekki verið stjórnin, sem þar hafi átt hlut að máli; síðan bætir sami háttv. ræðumaður við, að þetta hafi orðið svo áberandi af því, að sú spurning hafi komið upp, hvort þessi maður ætti að fá fulla dýrtíðaruppbót, og bætir því við, að háttv. þm. Dala. (BJ) muni muna það vel, því að hann hafi verið frsm. að þeim kafla fjárlaganna. Það er hjer vel og rjettilega tekið fram hjá hæstv. ráðherra (JM), hver hafi verið kunnugastur þessu öllu saman og verið pottur og panna í því öllu, því að það kemur síðar fram í umr., mig minnir að hæstv. forsrh. (JM) segi, að það hafi komið til í þinglok 1921, og var þá ekki ástæða til annars en að leyfa nefndinni að gera þetta. En ástæðan til þess, að þetta er gert þar, en ekki á fjárlagaþingi, er sú, að maðurinn þarf að fá dýrtíðaruppbót. Nú mætir þetta mótstöðu í Nd., sjerstaklega af einum stuðningsmanni stjórnarinnar, hv. þm. Borgf. (PO); hann vítir stjórnina fyrir að hafa borgað út án leyfis þingsins, og bætir svo við:

„Mest brögð hafa verið að þessu á síðastliðnu ári, og má ekki láta slíka aðferð vera óvítta.“

Þá mun, sem sagt, hafa verið náð hámarki í þeim sið að borga eftir till. fjvn., án þess að þingið samþykti það. Þá segir háttv. þm. (PO) ennfremur, að háttv. þm. Dala. (BJ) og hæstv. dómsmálaráðherra (JM) hafi báðir sagt, „að fjvn. hafi ráðið þennan kennara, sem nú á að gera að föstum embættismanni. .... Jeg mótmæli slíkri verslun.“ Þá segir sá háttv.

þm., sem nú er fjrh. (JÞ), nokkur orð í sömu átt:

„Þessu frv. hefir, samkvæmt því, sem nú er fram komið, að ófyrirsynju verið troðið upp á mentamálanefnd til flutnings. ..... Það er sitt hvað að veita hæfum manni styrk til einhvers starfa eða stofna nýtt, fast embætti. ..... Mun jeg greiða atkv. gegn frv., því að jeg álít stefnu þess ekki heppilega, og jeg býst við, að jeg sje ekki einn um það álit.“

Það koma, sem sagt, alveg skýr og skörp mótmæli gegn þessu frá núverandi fjrh. (JÞ), og gerir hann mikinn mun á því og segir það sitt hvað að styrkja með fjárveitingu um stundar sakir, eins og þarna átti að vera, eða að vera með því að stofna nýtt embætti.

Nú kemur það enn í ljós, hve óheilt fylgið við frv. þetta var á þinginu 1921, því að einn úr mentmn., þáverandi 1. þm. Árn. (Eiríkur Einarsson) segir, að mentmn. sje alveg óbundin við frv., og bætir síðan við (með leyfi hæstv. forseta):

„Hjer er haft að yfirvarpi, að verið sje að styrkja norrænu, en ef það væri af heilindum mælt, mundi í embættið valinn sjerfræðingur í norrænu, en maðurinn, sem um er að ræða, er sjerfræðingur í þýskum fræðum, og er þar tekið af öfugum enda.“

Þetta er eitthvað af því síðasta, sem sagt er um málið á þinginu 1921, og endar svo með því, að frv. er felt með 15:10 atkv. í Nd., að viðhöfðu nafnakalli, og vil jeg leyfa mjer að lesa upp nöfn þeirra manna, sem þar áttu hlut að máli, og gefa stutt yfirlit yfir það, hvernig flokkarnir stóðu að málinu. Þeir, sem atkv. greiddu á móti frv., voru þessir: JAJ, JBald, JS, JÞ, MG, PJ, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EÞ, EE. Af þessum 15 mönnum eru 11 eða hafa verið viðurkendir Íhaldsmenn, 3 Framsóknarmenn og 1 verkamannasinni. Með frv. voru þessir 10 menn: GunnS, HK, JakM, MJ, MK, MP, PÞ, ÞorlG, ÞorlJ, BJ.

Af þeim þingmönnum, sem þá voru í fjvn. af Framsóknarmönnum, er einn eftir á þingi; hinir eru ekki þingmenn lengur, og þessi eini, núverandi þm. A.-Sk. (ÞorlJ), hefir vafalaust verið bundinn af samstarfi sínu við höfuðflytjanda málsins (BJ) í fjvn.; en það er alveg áberandi í þinginu 1921, að nálega allir Íhaldsmenn, og þar á meðal báðir stjettarbræður hæstv. dómsmálaráðherra, eru á móti frv. og fella það umsvifalaust, og þar sem yfir þetta mál hefir gengið þessi dómur 1921, og síðan á þinginu í fyrra, fer það að verða nokkuð ljóst, að það, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að það væri allmikil dirfska, sem stjórnin sýndi, að koma með þetta mál inn á þingið.

Nú hefi jeg rakið þráðinn fram að þeim tíma, sem jeg hafði áður skýrt frá, nefnilega fram að þingunum 1921 og 1924, og held jeg þá, að það sje fullsannað af mjer, að flokksmenn hæstv. forsrh. (JM) hafa gengið ósleitilega fram í því að firra landið þeim kostnaði, er af þessu frv. leiddi, og haldið fram að því er háskólann snertir þeirri stefnu, er fram kom hjá hæstv. fjrh. (JÞ) í fyrra, að allar verklegar framkvæmdir, sem byrja eigi innan skamms, verði ekki að litlu leyti að byggja á sparnaði af embættafækkun.

Þá hefir því verið haldið uppi af hæstv. forsrh. (JM) og öðrum samherjum hans í þessu máli, að hjer væri um svo óvenjulegan mann að ræða á vísindanna sviði, að sú ástæða ein væri nægileg. En nú býst jeg ekki við, að hæstv. ráðherra (JM) hafi vitað um það, sem hv. þm. Dala.

(BJ) sagði á þinginu 1915, að þessu væri ætlað að vera til eins eða tveggja ára, því að þá hygg jeg, að hann hefði ekki viljað gera þann merkilega mann ómerkan orða sinna. En af því að svo mikið hefir verið talað um vísindi, og af því að jeg hefi svo takmarkaða þekkingu á þeim, skal jeg ekki leggja neinn dóm á þá hlið málsins sjálfur.

Jeg hefi áður vikið að því, að það liggur eftir þennan mann allfræg ritgerð, sem heitir Um fegurð kvenna í nýíslenskum skáldskap. Þessi ritgerð er í tímaritinu Eddu, 5. bindi, 1916; þar segir svo á bls. 364 (með leyfi hæstv. forseta):

„Augun eru í íslenskum skáldskap annaðhvort blá eða dökk.“

Þetta er þá ein af þeim uppgötvunum í þágu vísindanna, sem um er að ræða, og þetta er ein af þeim setningum, sem hafa orðið mjög frægar erlendis, og jeg get þess vegna viðurkent, að hæstv. ráðherra (JM) hafi rjett fyrir sjer í því, að með þessari vísindalegu sönnun, sem hjer er slegið fastri, er það sannað, að augun í kvenfólki, í íslenskum skáldskap, eru ekki hvít, græn eða gul, eða með neinum öðrum höfuðlitum.

Nú muna hv. þm. enn, að jeg hafði vitnað í hv. þm. Dala. (BJ), þar sem hann segir á þinginu 1915, að þessi dósent geti kent hv. þm., ráðherrum og háskólakennurum mælskulist o. fl., og finst hjer kannske skýring á því, hvers vegna hæstv. ráðherra (JM) fylgir þessu máli svo fast fram, því að í Skírni 1916, bls. 395—396, er ítarleg grein um þessa miklu þýsku uppgötvun, og af því að þetta er loforð til þingsins um mælskulist, og af því að jeg býst við, að þetta valdi því, að stjórnin vill festa þennan mann við háskólann, þá ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa dálítinn kafla úr greininni. Þar er verið að tala um þessa rannsókn á vöðvunum í sambandi við röddina. Þar segir svo meðal annars:

„Einkenni 1. aðalflokks er það, að kviðurinn er nokkuð framsettur; má sannfærast um það, ef menn setja kviðinn nokkuð fram og brjóstið inn og taka síðan til máls, verður þá röddin dimm og mjúk. Einkenni 2. aðalflokks er, að brjóstið er nokkuð þanið, en herping hleypt í lendarnar þversum, verður þá röddin björt og mjúk. Einkenni 3. aðalflokks er, að herping kemur í lendarnar til beggja hliða og niður á við, og verður þá röddin björt og hörð. Er þetta vanarödd Íslendinga og hefir einn íslenskur ræðumaður skýrt mjer frá, að hann hafi eitt sinn flutt ræðu, er stóð yfir í nær 2 tíma; hafi hann að henni lokinni ekki kent neinnar þreytu í raddfærunum, en aftur á móti aftast í lendunum og mjóbakinu. Einkenni 4. aðalflokks er, að herping verður til beggja hliða upp á við, og verður þá röddin dimm og hörð. Þannig hyggur Sievers, að t. d. Jónas Hallgrímsson hafi talað, vegna þess að kvæði hans njóta sín best, ef þau eru lesin upp með dimmum og hörðum málróm (auk ýmissa annara hljómbrigða, er sjerkennileg eru fyrir kvæði hans).“

Síðan eru fáein orð til þess að skýra þetta betur:

„Hljómblærinn getur ennfremur orðið greinilegur eða ógreinilegur, eftir því hvort depill nokkur skamt fyrir ofan nafla gengur út eða ekki. Ennfremur er gerður greinarmunur á svo nefndum dramatiskum eða lyriskum hljómblæ raddarinnar, ef hans gætir; að öðrum kosti er talað um marklausan hljómblæ (neutral, þ. e. a. s. hvorki lyriskan eða dramatiskan). Er það vöðvasamdráttur, er á sjer stað í kviðnum neðarlega frá depli fyrir neðan nafla til beggja hliða aftur á bak. Fer samdráttur þessi eftir því, hvort

hljómblærinn er heitur eða kaldur (þensla eða samdráttur á kviðbein): Heitur hljómblær 1. og 2. aðalflokks verður dramatiskur, ef þessi vöðvasamdráttur verður frá miðdeplinum fyrir neðan naflann til beggja hliða aftur á bak, en er nefndur lyriskur, ef samdrátturinn fer í öfuga átt, frá bakinu beggja megin að miðdeplinum. Kaldur hljómblær 1. og 2. aðalflokks verður dramatiskur, ef samdráttur þessi gengur frá bakinu beggja megin að miðdeplinum, en lyriskur, ef hann gengur frá miðdeplinum til beggja hliða aftur á bak. Sjest af þessu, að lyriskur og dramatiskur hljómblær lagar sig eftir heitum og köldum hljómblæ."

Það er nokkuð meira í þessa átt, en jeg vil ekki þreyta hv. deild á meiru af þessu, enda geta hv. þm. lesið frekar um þetta í Skírni 1916. *(Forsrh. JM:* Eða hjá Sievers sjálfum). Já, þeir, sem hafa notið nægilegrar kenslu við háskólann í þýskum fræðum til þess að komast í hann sjálfan.

Nú hefi jeg áður leitt rök að því, að þessu hafi verið lofað áður af flm. málsins (BJ), að það væri hægt fyrir háttv. þm. að auka ræðukraft sinn með því að nema þessi fræði, og þessi fræði hafa einmitt komið fram í Skírnisgreininni 1916. Nú efast jeg ekki um, að svo lærður maður sem hæstv. forsrh. (JM) muni hafa fylgst með í þessu, og einmitt þar sem þessu hefir verið svo nákvæmlega lýst árið 1916, þá hefir mjer dottið í hug, að fylgi hæstv. forsrh. (JM) í þessu máli, þvert ofan í harðsnúna mótstöðu flokksbræðra hans, muni stafa af því, að hann sjálfur og einhverjir samherjar hans hafi einmitt notfært sjer þetta vísindalega kerfi Sievers, sem flutt er hjer, og það er einkennilegt, að svo að segja sama árið sem þessi grein kemur út, þá fer formælandi þessa máls (JM) að stíga og verður ráðherra. Og jeg vil nú skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort hann geti ekki litið svo á, og ef svo er, hvort hann vilji þá ekki skýra þinginu frá, að hann sem áhrifamikill maður í þjóðlífinu standi í meira en lítilli þakklætisskuld við þann mann, sem hefir innleitt þessi vísindi eða mælskufræði hjá þjóðinni.

Jeg hefi tæpt á því áður, að það er, að því er virðist, öfug velgengni milli þessa dósents og stjórnar þeirrar, sem fer með þetta frv. Á þinginu 1915 gekk erfiðlega að koma þessum styrk í gegn, en tókst þó. Síðan siglir þetta alt vel og rólega frá 1917—1920, á blómatíma þessa ráðherra, en svo þegar stjórnin var tekin að hallast 1921 og þurfti hjálparmanna, þá kemur einmitt dósentinn upp, og er þá þvertekið fyrir hann á þinginu í fyrra. Þegar ráðherrann er í uppsiglingu, þá er hann altaf drepinn, en þegar svo aftur fer að blása á móti stjórninni, þá kemur dr. Alexander aftur ljóslifandi, og á nú að verða dósent. Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á þessu, til þess að það verði útskýrt.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala langt mál við þessa umr.; mjer finst það vera svo ógnarlega þýðingarlítið að vera stöðugt að tyggja upp hið sama aftur og aftur. Mjer dettur ekki í hug, að hv. frsm. minni hl. (JJ) leggi svo mikið kapp á að vera á móti frv. af öðru en því, að honum sje fremur í nöp við manninn, sem gert er ráð fyrir, að fyrstur fái embættið, því að málefninu getur hann ekki haft neitt á móti. *(JJ:* Jeg þekki manninn ekki neitt). Jeg skal ekki trúa því, að hv. þm. (JJ), sem oft kemur með háar kröfur um ýmislegt til mentamála, geti verið á móti þessu máli, er ekki skiftir miklu í fjármálum lands-

ins, og skil jeg ekki í því, að það komi málinu neitt við, hvort jeg er í ósamræmi við fleiri eða færri af mínum flokksmönnum, því ef jeg álít málið rjett, hefi jeg leyfi til þess að bera það fram. Allur vaðall hv. þm. (JJ) um það, hverjir af þingflokkunum hafi staðið með eða á móti frv. — þegar hann var að telja þá upp á þinginu 1921 — er óþarfur. Jeg skal þá leyfa mjer að benda hv. þm. (JJ) á það, að á þinginu 1921 var meiri hl. Framsóknarmanna með frv., en meiri hl. Íhaldsmanna á móti því, svo að hv. þm. (JJ) er þá í fullkominni andstöðu við sína flokksmenn frá þeim tíma. *(JJ:* Jeg var ekki á þinginu þá). Jeg vil ekki einu sinni trúa því, að hv. þm. (JJ) skipi þeim að greiða atkv. eins og honum sýnist í svona máli. *(JJ:* Jeg hefi ekki sagt það). Hv. þm. (JJ) sagði: „Jeg var ekki á þingi þá.“ En jeg vildi ekki gera mínum flokksbræðrum svo mikla minkun, eins og háttv. þm. (JJ) hefir gert sínum, með slíkum dylgjum.

Háttv. 5. landsk. (JJ) talaði um frv. það, er hæstv. fjrh. (JÞ) flutti í fyrra um háskólann. Hvað stendur þá þar? Hæstv. *ráðherra* vill hafa kennara í íslenskri tungu við háskólann, þegar til þess er hægt að fá hæfan mann. Og nú höfum við einmitt hæfan mann.

Það þýðir ekki neitt fyrir hv. 5. landsk. (JJ) að vera að tala um það, að maður þessi hafi lagt sjerstaklega stund á þýsku og gotnesku, en ekki íslensku. Þar er einmitt grundvöllurinn fenginn til samanburðar við rannsókn íslenskrar tungu. Því að þegar dr. Alexander hafði lokið prófi í þýskunni, snýr hann sjer að íslenskri málfræði og rannsókn sögu íslenskrar tungu. Jeg er því sannfærður um, að hv. 5. landsk. (JJ) stendur einn uppi með þá skoðun, að dr. A. J. sje ekki sjerfræðingur í íslenskri málfræði og sögu íslenskrar tungu.

Þá fór þessi háttv. þm. ennþá að tala um tímakensluna. Sýnir allur hans vaðall um hana, að þekking háttv. þm. er ekkert nema á yfirborðinu, þegar hann getur ekki greint á milli tímakenslu og fastakenslu sjerfræðinga við háskólann. Jeg veit ekki til, að háskóli *noti* tímakenslu, eins og háttv. þm. vill. Hitt dettur mjer ekki í hug, að háskólakennara sje það minkun að hafa tímakenslu á hendi um stund í lægri skóla, en jeg verð að segja, að það er vandræði, að svo skuli þurfa að vera, því að vitanlega dregur slíkt frá eiginlegri vísindalegri starfsemi. Annars er hv. þm. eins og endranær að tala um ýmislegt annað en málið sjálft. Segir hann, að það sje merki á meistaranum að vaða úr einu í annað, en það sje heimskra manna að takmarka sig. Alt það, er hv. þm. hefir sagt nú um sjálft málið, er margbúið að segja áður og svara. Það, sem liggur bak við allan þennan vaðal, virðist helst vera það að reyna að sverta þennan merka mann, sem embættið vitanlega er ætlað í fyrstu. Sagan, sem hv. þm. var að segja, átti víst að vera einhver ný upplýsing í málinu. En hún sannaði bókstaflega ekki neitt.

Hvort dr. Alexander hafi í upphafi sóst eftir þessari stöðu, kemur málinu ekkert við; heldur hitt, og því hefir hv. 5. landsk. (JJ) ekki getað neitað, að 1920 bauðst honum annað starf, sem lá við borð að hann tæki. En þá kom fjvn. og vildi festa hann við háskólann. Það er vitanlega rjett, að þetta var ekki gert á formlegan hátt, en þessi háttv. þm. vill stundum láta halda slík loforð. Á þinginu 1921 fæ jeg nefnd til að bera fram frv., í samræmi við gerðir þingsins (þ. e. fjárveitinganefnda) 1920. Að jeg bar það ekki fram sjálfur, var einungis fyrir þá sök, að jeg vildi

forðast símskeytakostnað, sem af því hefði leitt að fá samþykki konungs símleiðis. Mátti því skoða þetta sem stjfrv.

Jeg get nú ekki skilið, að neitt undarlegt hafi verið við það, þó jeg vildi festa með lögum það samkomulag, sem orðið var á milli fjvn., stjórnarinnar og dr. Alexanders. Heldur þvert á móti, að það hafi verið skylda hverrar stjórnar, til þess að maðurinn yrði ekki aðeins gabbaður.

Þá á þetta frv. að vera flutt fyrir þm. Dala., af því að hann hafi lagt mikla áherslu á málið og fylgt því fastlega. Þetta verð jeg að segja, að sje lítil sönnun. Er ekki hv. þm. Dala. (BJ) kunnur að því að hafa altaf fylgt og fylgja enn öllum þeim málum, sem miða að því að auka mentun, vísindi og listir? Kemur hann ekki altaf á hverju þingi með fleiri og færri till. um aukið fjárframlag til slíkra hluta? Er þá nokkuð sjerstakt, þó að hann fylgi þessu frv. nú? Jeg held ekki. Var það ekki hann, sem kom með till. um orðabókarstarfið? Jú, háttv. þm. Dala. (BJ) fylgir öllum slíkum málum. Hann hefir aldrei hvikað frá þeirri stefnu sinni. Eða veit hv. 5. landsk. (JJ) nokkur dæmi þess, að hv. þm. Dala. hafi ekki altaf fylgt slíkum málum af krafti?

Jeg get ekki skilið, að það hafi verið nein dirfska af mjer að koma með þetta frv. nú. Því eins og jeg hefi þegar tekið fram, tel jeg það beinlínis skyldu mína, fyrst af því, að jeg tel embættið nauðsynlegt í sjálfu sjer, og rjett að það sje stofnað einmitt nú, eins og á stendur.

Háttv. þm. (JJ) nefndi tvær ritgerðir eftir dr. Alexander, um fegurð kvenna og um hljóðfræði. Þykir mjer hin fyrnefnda lítið koma þessu máli við; en máske hin síðartalda. Hvað dr. A. J. hefir skrifað um fegurð kvenna, kemur ekkert því við, hvort hann er fær um að kenna íslenska málfræði við háskólann eða ekki.

Annars get jeg ekkert fundið hlægilegt við það, þótt þess sje getið, að í íslenskum ljóðum sje talað um dökk og blá augu kvenna. Hv. þm. veit það, að í skáldskap annara þjóða er einatt talað um aðra liti augna kvenna, jafnvel græn. *(JJ:* Það er brot á kenningu dr. A. J.). Og í enskum bókum er oft talað um grá augu. Jeg finn því ekki, að neitt sje hlægilegt við það, þó talað sje um, hvað sje tíðast um þetta í íslenskum kveðskap.

Þá las hv. þm. upp það, sem dr. A. J. segir um áhrif ýmsra hreyfinga líkamans á röddina. Jeg fann heldur ekkert hlægilegt við það. Það voru setningar og kenningar þeirra manna, sem mest hafa fengist við að rannsaka mannsröddina.

Jeg verð því að álíta, að alt þetta fálm og allur þessi lestur háttv. þm. stafi einungis af mentunarleysi hans sjálfs í þessum efnum. Enda hefir öll framkoma hans sýnt, að þekking hans er ekki djúptæk. Ef dr. A. J. hefði sagt einhverja vitleysu í hljóðfræði eða málfræði, hefði þessi framkoma hv. þm. verið skiljanlegri. En nú er ekki um það að ræða hjer.

Jeg hafði helst ekki ætlað mjer að segja neitt við þessa umr. málsins, því jeg lít svo á, að þessar umr. sjeu hvorugum okkar til sóma. Að minsta kosti fyrirverð jeg mig fyrir að vera núna að svara í 9. sinn sömu fjarstæðunum og jeg svaraði við 1. umr.; fjarstæðum, sem ekkert koma málinu við, því að háttv. 5. landsk. (JJ) hefir aldrei farið inn á það svið að tala um bók dr. A. J. í málfræði. Hann hefir forðast það, og í stað þess að tala á þinglegan hátt um málið sjálft hefir hv. þm. verið með tóma útúrsnúninga, sem ekkert hafa komið málinu við. En það er

býsna hart, þegar svona mál eru til umr., að ekki skuli vera hægt að fá þingmenn til að tala um málið sjálft.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Saga sú, sem háttv. 5. landsk. (JJ) rakti, sýnir aðeins, hvernig þetta mál, eins og ýms góð mál, eiga oft erfitt uppdráttar. Þannig er um mörg mál hjá þjóð vorri, sem ennþá eru í minni hluta, að þau eiga eftir að skjóta upp höfði og fá síðar mikið fylgi.

Hvað snertir þekkingu og hæfileika dr. Alexanders læt jeg mjer alveg nægja umsögn háskólans, því að um það er hann færastur að dæma.

Um augu kvenþjóðarinnar, sem hv. 5. landsk. var að blanda inn í þetta mál, skal jeg ekki fara að tala hjer, þó því verði ekki neitað, að ekkert hefir eins mikil áhrif á skáldin sem þau. Og að því leyti fer dr. A. J. alveg með rjett mál í ritgerð sinni.

Annars finst mjer þetta mál svo einfalt, að ekki þurfi um það að deila, þar sem hjer á fyrst og fremst að bæta úr órjetti gegn ákveðnum manni, og svo ennfremur jafnframt bæta úr þeim órjetti, sem íslenskri tungu er sýndur með því að kenna hana ekki við háskólann. Hjer eru því slegnar tvær flugur í einu höggi.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg get verið mjög ánægður með ræðu hæstv. forsrh. (JM), því að hann gat með engu móti hrakið þau rök, sem jeg lagði fram í málinu. Var ræða hans því ekkert annað en alment góðlátlegt spjall. Jeg get vel skilið, að hæstv. ráðherra sje ekki vel ánægður með ýmsar gerðir þessa þings og hversu það hefir tekið á stjórninni. En hverjum er þar öðrum um að kenna en hæstv. stjórn sjálfri? Hver getur kannske annar en hún sjálf gert að því, þó hún beri fram svo vitlaus frumvörp, að jafnvel hennar nánustu fylgifiskar keppast við að drepa þau? Hverjir bera ábyrgð á vali forsetanna aðrir en hún sjálf og hennar fylgifiskar? Og er það ekki henni að kenna, hversu málin koma illa undirbúin fyrir þingið? Ef málin kæmu vel undirbúin, væri alt öðru máli að gegna.

Annars get jeg verið sammála hæstv. ráðherra um, að það sje ekki gott, ef þingið stendur 4 mánuði. En það er engum öðrum um að kenna en hæstv. stjórn sjálfri, þegar hún kemur fram með frv., sem taka fleiri daga af tíma þingsins þegar við fyrstu umr., sem hún sjálf vill einu sinni ekki að gangi fram, eins og er um frv. um herinn.

Jeg leyfi mjer því að vísa aftur til föðurhúsanna þeim aðfinslum, sem hún hefir beint bæði til mín og annara, en sem hún á beinlínis sjálf.

Dæmi þess er aðstoðarlæknirinn á Ísafirði með sín 1400 brennivínsresept. Þessum manni vill hæstv. fjrh. Íhaldsins (JÞ) borga hærri laun heldur en þingið samþykti í fyrra. Er þá líklega tilgangur hans sá, að þingið borgi stóra upphæð til þessa manns framvegis vegna þeirrar lækkunar, sem á launum hans varð á þingi 1919. En ef hæstv. fjrh. (JÞ) vill hækka laun drykkjulæknis á Ísafirði, sem ljet úti nokkrar tunnur af „sprútti" til lækninga, og ef þingið telur sjer leyfilegt að ganga inn á slíkt, þá vil jeg og samflokksmenn mínir hafa leyfi til þess að mótmæla því, að stofnað sje nýtt embætti með 7 þús. kr. launum þvert ofan í yfirlýstan vilja Alþingis. Það nægir mjer. Hæstv. forsrh. (JM) má gjarnan hælast um vanmátt okkar til þess að koma í veg

fyrir þetta. Jeg öfunda hann ekkert af því. Hæstv. ráðherra (JM) var að drótta því að mjer, að jeg væri á móti frv. af persónulegu hatri. Hæstv. ráðherra hefir þó orðið að viðurkenna, að flokksmenn hans ýmsir fylgdu mínum málstað í þessu atriði í fyrra, og nú er a. m. k. háttv. 1. þm. Rang. (EP) á móti frv. Á þingmálafundum á Rangárvöllum í haust var þetta talið eitt af lakari málum. Og það er aðeins til þess að bjarga hæstv. stjórn, að fylgismenn hennar láta til leiðast nú að fylgja frv. Mjer virðist afstaða háttv. 1. þm. Rang. í þessu máli skárri en sumra flokksbræðra hans. Mjer þykir ekki óviðeigandi, að hann kemur nú um 11. stundu í víngarðinn til þess að stuðla að því með atkv. sínu, að sparnaðartill. hæstv. fjrh. (JÞ) frá í fyrra sje ekki drepin nú.

Jeg hefi ekki talað um það, að kenslan í íslenskri málfræði væri ljeleg. Það er viðurkent, að hún hafi verið sæmileg. En hún var a. m. k. jafngóð meðan Björn M. Ólsen hafði hana á hendi án dr. A. J. Þessu hefir ekki verið mótmælt, hvorki af hæstv. forsrh. (JM) nje öðrum, að unt muni vera að halda þessari kenslu uppi á fremur ódýran hátt. Ef ekki þykir viðeigandi að kalla slíkt tímakenslu, af því hún stendur í sambandi við háskólann, þá má mín vegna nefna hana öðru nafni, þó jeg fyrir mitt leyti geti alls ekki álitið tímakenslu neitt svívirðilega.

Hæstv. forsrh. sagði, að jeg hefði hjer verið að lítilsvirða merkan mann. Þetta er rangt. Jeg las hjer upp fáein orð úr viðurkendum tímaritum. Annað var hið merka bókmentarit Edda. Það mun hafa gefið hæstv. forsætisráðherra (JM) hugmyndina í þessa ágætu setningu um hin grænu augun. Hitt var Skírnir, með hinum stórmerku vísindauppgötvunum Sievers um mannsröddina. Ræða hæstv. forsrh. gaf mjer fulla heimild til þess að minnast á þessi vísindi. En í hina röndina er þetta ef til vill eini árangurinn af fjárveitingu þingsins 1915, að hæstv. forsrh. (JM) hafi á þessu lært ræðumenskuna. Styrkist jeg í þeirri skoðun af hinu makalausa fylgi hæstv. forsrh. við þetta mál alt í gegn. Mun hann hafa lært þær fettur og brettur, sem lýst er í þessari fyrnefndu vísindagrein. Þá mun hæstv. forsrh. ekki neita því, að þetta er ein grein hljóðfræði, sem liggur mjög nærri því, sem þessum manni ber að kenna. Það var því alls ekki óviðeigandi, þó að jeg læsi hjer upp örfá orð, sem sýndu þessi vísindi. Jeg kippi mjer ekkert upp við það, þó hæstv. forsrh. telji mig ekki eins greindan eins og þennan mann, sem gert hefir vísindalegar uppgötvanir bæði hjer og erlendis, og sem hann sjálfur stendur í þakklætisskuld við vegna sinna frábæru ræðumannshæfileika. En hitt er rangt hjá hæstv. forsrh., er hann kallar mig vaða elg, þegar jeg vitna til orða merkra manna í ræðu minni. Ef hann veit ekki slíkt áður, þá ræð jeg honum til að lesa ræður eftir Gladstone eða Macaulay, og mun hann þá sjá, að það var siður þessara ágætu mælskumanna að krydda ræður sínar með fróðlegum dæmum. Það getur enginn neitað gildi slíkra dæma annar en sá, sem aldrei hefir kynt sjer brúklegar ræður, því síður haldið þær sjálfur. Það er beinn skortur á mentun að geta ekki brugðið slíku fyrir sig. Hæstv. forsrh. verður að játa, að jeg hefi ekki vaðið hjer neinn elg, nema hann vilji halda því fram um ræður allra góðra ræðumanna, að þær sjeu vaðall.

Hæstv. forsrh. sagði, að jeg hefði stundum talað um loforð frá þinginu í þessu sambandi, en stundum neitað því. Jeg hefi altaf tekið það fram, að jeg skoða

fjárlagagr. alls ekki varanlega samþykt. En hitt veit hæstv. forsrh., að ef fjárlögin eiga að vera bindandi í þessu falli, þá eru þau það vitanlega í mörgum öðrum. Það dugir ekki frekar að „svíkja" aðra. Jeg álít, að skoðun hæstv. forsrh., sú, að samþyktin frá 1921 sje ekki lagalega bindandi, sje rjett. En hann tekur ekki þá rjettu afleiðingu af þessu og vill nú telja samþyktina bindandi.

Þá freistaðist hæstv. forsrh. til þess að segja setningu eins og þessa: Jeg er ekki dómsmálaráðherra —: jeg var ekki á þingi þá! — Hann var að drótta því að mjer, að jeg hefði snúist í málinu. Jeg spyr: Hvor hefir snúist oftar, hann eða jeg? Jeg hefi altaf verið á móti þessu máli, og jeg heyri því ekki undir flokk þeirra snúningslipru. Jeg hefi heldur ekki notið neins gagns af þeirri mentastarfsemi, sem þingið efndi til 1915.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal ekki vera langorð. En vegna þess að nafn mitt stendur undir nál. meiri hl., þá vildi jeg segja fáein orð. Eins og menn muna, kom hjer fyrir þingið í fyrra frv. frá núverandi fjrh. (JÞ) um heimspekideildina. Það frv. kom fyrir mentmn., sem skipuð var þá sömu mönnum og nú, og í niðurlagi nál. um þetta frv. leggur nefndin til, að ætíð verði farið eftir óskum háskólaráðsins um stofnun nýrra embætta við háskólann. Nú liggur einmitt fyrir álitsskjal frá háskólaráðinu til stjórnarinnar, þar sem það fer fram á, að stofnað verði dósentsembætti í íslenskri málfræði við heimspekideild háskólans. Það þarf ekki annað en að líta á umræðurnar um þetta í Alþingistíðindunum frá í fyrra til þess að sjá, að alt skraf hv. minni hl. mentmn. nú til að afsaka skoðanahringl sitt í þessu atriði er ekkert annað en venjuleg undanbrögð til þess að leiða athyglina afvega og rugla rjetta hugsun.

Jeg benti á það við 2. umr., hvað eftir dr. Alexander lægi af vísindaritum og vísindastarfi. Jeg get ennfremur í þessu sambandi upplýst um það, að hann hefir orð á sjer fyrir það að vera duglegur og eftirgangssamur kennari. Og ef nokkuð þykir *mega marka minn dóm*, þá vil *jeg geta* þess, að hann kendi við kvennaskólann 4—5 ár og þótti þá bera á þessum kennarakostum, sem jeg áðan nefndi. Jeg hefi líka áður getið um það, hvað hann hefir afrekað á sviði bókagerðarinnar. Háttv. þdm. hlýtur öllum að vera ljóst, hve nauðsynlegt það er að eiga á sinni eigin tungu kenslubækur í málinu, í stað þess að verða að nota þýska kenslubók. Úr þessu hefir dr. Alexander bætt mjög vel að dómi skynbærra manna, og margt fleira hefir hann gert í líka átt, sem jeg líka tók fram við 2. umr., og skal jeg ekki endurtaka það. Og bak við þetta starf liggur afarmikil vinna. Til þess að geta samið þessi málfræðiverk sín hefir dr. Alexander orðið að lesa málfræðirit og ritgerðir svo tugum skiftir og notað þær til þess að viða að sjer efni í bækur sínar.

Jeg hefi spurt hv. 5. landsk. (JJ) að því, hvort honum sýndist ekki rjett að leita álits prófessors Sigurðar Nordals, sem við bæði viðurkennum sem ágætan vísindamann og áttum nokkurn þátt í á síðasta þingi að stuðla að því, að yrði kyr hjer við háskólann. Það er beint áframhald af því, sem gert hefir verið í þessum málum, að leita nú til prófessors Nordals, hvort hann álíti ekki þetta kennaraembætti nauðsynlegt. Á meðan ekki liggur fyrir yfirlýsing frá prof. Nordal þess efnis, að embættið sje ekki nauðsyn-

legt, þá get jeg ekki breytt skoðun í þessu efni. Jeg álít starf þessa manns, sem nú er farið fram á að tengja fastar við háskólann, algerlega nauðsynlegt fyrir kensluna í íslenskum fræðum. Í öðru lagi felst í því viðurkenning fyrir það starf, sem hann hefir nú þegar leyst af hendi. Og í þriðja lagi er hjer um gamalt loforð að ræða, sem verður að uppfylla.

Jeg mun svo ekki orðlengja þetta frekar, en undirstrika það, sem háttv. frsm. meiri hl. (SE) og hæstv. forsrh. (JM) hafa flutt fram til stuðnings frv.

Eggert Pálsson: Mjer virtist hv. 5. landsk. (JJ) nokkuð kampakátur yfir því, að jeg hefði greitt atkv. á móti frv. þessu við 2. umr. og gera sjer vonir um, að jeg muni nú úr þessu fara að þiggja víngarðsþjónustu hjá honum. Jeg lái hv. þm. ekki, þó hann gleddist yfir því að fá einn í viðbót við flokk sinn, því ekki mun af veita. En það er nú samt sem áður ofboð hætt við því, að gleði hans yfir mjer verði harla stopul og hann finni sig á ýmsan hátt vonsvikinn. Hvað snertir ágiskun hans um það, hvað því valdi, að jeg greiddi þannig atkv. í þessu máli sem jeg gerði, þá sannast þar hið fornkveðna: „Sá fer oft vilt, sem geta skal.“ Hv. þm. setti atkvgr. mína í samband við það, að Rangæingar væru á móti stofnun þessa umrædda embættis. Jeg get sagt hv. þm. (JJ) það, að þó svo væri, að þeir væru þessu umrædda embætti mótfallnir — sem jeg veit ekkert um, því þetta mál kom ekkert til orða á þingmálafundum í haust, eins og hv. þm. hjelt fram —, þá mundi jeg samt hafa greitt atkvæði eftir minni sannfæringu og engu öðru. Jeg hefi fyr gert það, og kjósendur mínir látið sjer vel líka, enda þótt þeir hafi haft aðra skoðun en jeg í einstökum málum. Það hefir aðeins leitt til þess, að jeg hefi fengið orð fyrir það að vera fastur fyrir í skoðunum, og vænti jeg, að svo verði áfram. Hinsvegar þótt þetta mál hafi aldrei verið borið upp á neinum þingmálafundi í Rangárvallasýslu til samþyktar, þá er það satt, að einn af frambjóðendunum við síðustu kosningar, núverandi 2. þm. Rang. (KlJ), gat þess, að hann væri á móti þessu embætti. Og mun það vera það, sem hv. 5. landsk. á við. En það sannar engan veginn, hvernig meiri hl. Rangæinga hefir litið eða kann að líta á þetta mál.

Jeg er nú vitanlega alls ekki skyldugur til að standa hv. þm. (JJ) reikningsskap á því, á hverju jeg byggi atkvgr. mína í þessu máli. Jeg get samt lýst því, þó jeg geri það alls ekki vegna hans. Jeg geri það vegna annara hv. þdm., en ekki hans. Jeg álít þingið skuldbundið til þess að sjá dr. Alexander Jóhannessyni fyrir sómasamlegum styrk til að kenna áfram við háskólann, samkvæmt gefnu loforði fjárveitingavaldsins. Þó það sje ef til vill ekki lagalega bindandi loforð, þá er það þó siðferðilega bindandi. En jeg álít það nægja, ef þingið veitir styrkinn í fjárlögum eins og verið hefir hingað til. *(JJ:* Hvers vegna var hv. þm. á móti því í fyrra?). Í fyrra lá málið þannig fyrir, að maður þessi virtist ekki kæra sig um að halda styrknum. Og þegar svo var komið, þá var það ekki lengur bindandi að veita honum hann. Nú æskir hann aftur á móti eftir því að fá að halda styrknum áfram, og þá álít jeg, að þingið sje skyldugt til þess að veita honum hann. Og geri þingið það, taki það nú aftur upp í fjárlög styrkinn til þessa manns, þá hefir það int af hendi sína skyldu, og frekara sýnist mjer, að ekki þurfi við. En þótt jeg telji

þannig rjett, að loforð landsstjórnar og fjvn. sjeu efnd, þá er jeg á móti því að gera þessa kenslu að föstu embætti. Því var það, að jeg greiddi atkv. á móti frv. við 2. umr. Það býst jeg við að gera áfram, enda þótt jeg hafi ekki fundið í orðum háttv. 5. landsk. nein rök á móti þessu frv. Jeg get þvert á móti játað það, að allur vaðall hv. 5. landsk. (JJ) hefir sett mig í nokkurn vafa, meiri en áður, um það, hvort jeg gerði rjett í því að vera á móti frumvarpinu.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg ætla enn að gleðjast yfir einum rjettlátum, sem bætir ráð sitt, þó jeg hafi raunar gert það áður. Mjer hefir þótt hv. þm. (EP) heldur vaxa af sinni fyrri framnistöðu, þó hann nú virðist vera hálfólukkulegur yfir henni og vilji nú sjálfur draga úr sinni eigin dygð. Það verður ekki dulið, að hann er í mótsögn við hv. aðalflm. frv. hjer í deildinni, því hæstv. forsrh. (JM) segir, að samþykt fjvn. og þingsins 1921 sje ekki bindandi samningur. Hv. þd. leit líka svo á í fyrra, og þar á meðal ýmsir samherjar hv. 1. þm. Rang. (EP), að þessi samþykt væri hvorki lagalega nje siðferðilega bindandi fyrir þingið. Jeg skal líka geta þess, að þrír samherjar hv. þm. (EP) í fjvn. Nd. telja þetta alls ekki bindandi, og býst jeg ekki við því, að háttv. 1. þm. Rang. vilji drótta því að þessum mönnum, að þeir vilji svíka loforð. Ennfremur er það upplýst, að hv. þm. (EP) var samþykkur foringja flokksins, hæstv. fjrh. (JÞ), er hann vildi í fyrra leggja þetta starf niður, því þá gerði hann ekki ráð fyrir nema tveim prófessorum við heimspekideildina, og þessi maður, sem nú er verið að stofna embætti fyrir, var lagður niður. Mjer þykir leiðinlegt, að hv. þm. (EP) skuli hafa afsalað sjer þeirri dýrð, að hafa fylgt þessu í sparnaðarskyni, því hann játar að vera til með að eyða þessu fje, ef það sje aðeins látið standa í fjárlögunum. Jeg sje ekki betur en að hv. þm. sje í mótsögn við flokksbræður sína í Nd., sem ekki vilja hafa þetta í fjárlögunum, með því þeir telja það hvorki lagalega nje siðferðilega nauðsyn. Hann er líka í mótsögn við hæstv. forsrh., sem vill gera starf þetta að föstu embætti með lögum. Og loks er hann í mótsögn við formann flokks síns, hæstv. fjrh. (JÞ), sem vildi leggja starfið niður til þess að tryggja verklegar framkvæmdir í landinu. Þetta þykir mjer alt leiðinlegt vegna hv. þm. (EP). En hann má sjálfum sjer um kenna.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal ekki deila um það, hverjum það sje að kenna, að þingið gengur svona seint. En mjer þykir það leiðinlegt, að hv. 5. landsk. skyldi finna ástæðu til þess að brjóta þá allsherjarreglu, sem hingað til hefir þótt skylt að halda hjer í þinginu, að skýra ekki frá því, sem gerist í nefndum, og allra síst á þann hátt, sem hv. þm. (JJ) gerði nú. Hann segir, að fylgismenn stjórnarinnar í Nd. geri þetta og þetta og segi þetta og þetta á nefndarfundum. Það hefir jafnan þótt einstök ósvinna að segja frá slíku. Og svo er það ekki einu sinni satt, sem hann segir. En þó það væri satt, þá er það ósæmilegt að skýra svona frá, og þegar þm. leyfir sjer slíkt, þá tel jeg, að nokkuð langt sje gengið. Hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að jeg hefði játað, að sá samningur, sem gerður var af fjvn. 1921 og ekki hefir verið mótmælt, sje ekki löglega bindandi. Jeg sagði og segi enn, að hann sje siðferðilega bindandi og siðferðileg skylda þingsins að

standa við hann. Hv. þm. (JJ) má reyna að gera eins lítið úr þessu og hann frekast getur.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um prentun þingtíðindanna. Það skaðar mig ekki, þó hann tali um þetta, því í þessu máli hefi jeg ætíð verið í fullu samræmi við sjálfan mig. En auðvitað var það rangt hjá þm., að ekki ætti að prenta atkvgr. í þinginu.

Þá þóknaðist hv. þm. (JJ) að draga inn í umr. aðstoðarlækninn á Ísafirði. Mjer virðist heldur ósmekklegt af hv. þm. að ráðast á hann eins og hann gerði í þessu sambandi. Hann hefir gert það áður í öðru sambandi, sem var skiljanlegra, en hjer gafst engin ástæða til slíks. Jeg vil mótmæla því, að rjett sje að tala um alla heima og geima, hvaða málefni sem fyrir liggur.

Hv. þm. (JJ) kann ekki að greina málefnin hvort frá öðru. Í 10 ræðum hefir hann altaf verið að taka upp hið sama, með miklum málalengingum, og verð jeg að segja, að jeg skil ekki slíka framkomu.

Jeg hefi aldrei haldið því fram, að ekkert vit væri í kenningum Sieverts, en hitt duldist engum, að hv. þm. (JJ) reyndi að lítilsvirða þann mæta mann. En honum tókst það ekki, heldur sýndi það sig enn einu sinni greinilega, að hann veit ekki sjálfur, hvað hann fer með.

Þá var sami hv. þm. (JJ) að tala um ræðumensku mína og sagði, að jeg væri enginn ræðumaður. Jeg veit það vel, að jeg er enginn ræðumaður, en hv. þm. (JJ) er það ekki heldur. Hann er ekki neitt verri maður fyrir því, en það hefir hvorugur okkar öðrum neitt að segja í því efni. Hvorugur er ræðumaður, og ekki neitt í áttina að vera það.

Þá mintist háttv. þm. (JJ) á það, að hæstv. fjrh. hefði í fyrra verið að tala um sparnað, vegna þess að ríkið væri í fjárhagsþröng. Nú skal jeg segja honum, hvað einn af hans flokksmönnum sagði í háttv. Nd. í gær, einn helsti sparnaðarmaðurinn. Hann sagði, að það gerði ekkert til þótt fjárlögin væru samþykt með ½ milj. króna tekjuhalla. *(JJ:* Áætlunin er svo lág). En sje nú ekkert athugavert við að afgreiða fjárlög með ½ milj. kr. tekjuhalla, hvaða vit er þá í því að vera að tala svo mikið um þessar fáu þúsundir króna, sem hjer er um að gera?

Jeg skil ekki háttv. 5. landsk. (JJ), er hann segist gleðjast af því, að hv. 1. þm. Rang. (EP), sem hann telur hinn eina rjettláta af Íhaldsflokknum hjer, bæti ráð sitt. Jeg skil ekki, hvernig hv. 5. landsk. gleðst af því, að rjettlátur bæti ráð sitt, nje hvers vegna rjettlátur þarf að bæta ráð sitt.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Kjarninn í þessu máli er í fyrsta lagi sá, að nauðsynlegt er, að íslenska sje kend við háskólann, og í öðru lagi, að sá maður, er þetta starf er ætlað, er að dómi háskólans mjög vel fær um það. Í þriðja lagi er það siðferðileg skylda þingsins að sjá þessum manni fyrir því, að hann geti haldið starfinu áfram. Það er að vísu rjett, að um það eru ekki neinir bindandi samningar, en þingið hefir þó siðferðisskyldu í þessu máli. Maðurinn hefir verið kostaður ár eftir ár af Alþingi til þess að gegna þessu starfi og þingið er búið að draga hann inn á þessa braut. Hefir hann því kastað frá sjer öðrum störfum, því að honum var gefið undir fótinn með það, að hann fengi að halda starfinu áfram.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta. Þetta er kjarni málsins, og það er ljóst. En ekki nær neinni átt að ætla sjer að gera það að stórpólitísku máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, SE, BK, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: JJ, SJ, EP, EÁ, GÓ, IP.

Frv. afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 101).

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Þetta mál er svo kunnugt hv. deild, að jeg álít ekki vert að tefja tímann með því að halda að svo komnu neina ræðu um það. Ætla að láta mjer nægja að fara fram á það við háttv. deild, að þetta mál verði látið ganga til 2. umr. og til hv. mentmn., en umræður um málið verði geymdar þangað til væntanlegt nál. er komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 1. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 399 og 403).

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Jeg geri ekki ráð fyrir, að það muni þurfa langa framsöguræðu í þessu máli. Það er gamalkunnugt hjer á Alþingi, og gerð er líka allítarleg grein fyrir því í greinargerð frv. og nál. Jeg er ekki fagmaður í þessu máli og veit, að háttv. þm. Dala. (BJ) hefir miklu meiri þekking á því en jeg. Ætla jeg honum því að taka nú við af mjer og færa rök fyrir málinu, betri en jeg er fær um að gera.

Bjarni Jónsson: Jeg vil ekki rekja sögu málsins lengra fram en til þess, er heimspekideild háskólans skoraði einróma á kenslumálastjórnina nú í vetur að leggja fyrir þingið frv. til laga um kennara í íslenskri málfræði og að fylgja því fram til sigurs. Deildinni er full nauðsyn á þessu, því að það er langsamlega of mikið starf fyrir einn mann að kenna bæði bókmentir og sjálfa tunguna. Menn vitna þó til þess, að Björn heitinn Ólsen hafi kent hvorttveggja. En þess er að gæta, að þetta var í upphafi háskólans og að þá var engum ætlað að ganga undir fullnaðarraun í þessum fræðum. Nú er þetta á annan veg. Nú stunda allmargir þetta nám á hverju ári og ganga undir meistararaun í íslenskum fræðum. Auk þessa alls segir Sigurður mjer, að menn hafi nálega allir valið sjerfræði sína í bókmentum og málfræði, en enginn í sögu. Ef svo verður framvegis, sem líklegt er, og ef menn vilja eigi verða við þörf og bón háskólans um þetta kennarastarf, þá lendir það á stúdentunum með þeim hætti, að þeir fá aðeins eins manns kenslu í fjórum fimtungum náms síns. Hefir því Sigurður háskólakennari Jóhannesson æri inn starfa þar við kensluna. Ef hann ætti og að bæta hinum kenslustarfanum á sig, þá væri honum ætlað tveggja manna verk. Og þó meira en það. Menn halda sjálfsagt margir, að menn komi fullskapaðir vísindamenn frá prófborðinu og sjeu jafnsnjallir í öllum greinum fræði sinnar. Þessu er þó farið á alt annan veg. Margir eru þó þá komnir út á vísindabrautina í einkanámsgrein sinni eða sjer-

grein, og er þá vel, ef þeir geta framvegis gefið sig sem mest við henni. Í hinum öðrum greinum fræði sinnar hafa þeir auðvitað fengið næga undirstöðu til þess að byggja vísindastarfsemi, ef svo snýst. Nú er bókmentafræðin sjergrein Sigurðar og þar liggur vísindastarfsemi hans hingað til. En ef nú á að heimta af honum kenslu í málvísindum að auki, þá kostar það hann eigi aðeins kenslustundafjöldann. heldur og erfitt, tímafrekt og umfangsmikið vísindastarf. Hlyti það því að dreifa kröftum hans. — Í fyrra og í ár hefir þingið sýnt, að það metur þennan vísindamann svo mikils og starf hans í sjergrein þeirri, sem hann hefir lagt stund á, að það hefir veitt honum sjerstakt fje til ritstarfa, auðvitað um sjergrein hans. En því mundi víkja undarlega við, ef það vildi samtímis svifta hann tíma og tækifæri til þeirrar vinnu, sem það vill þó greiða honum fje fyrir. Það gerir þingið þó, ef það vill eigi setja þetta embætti á fót. Auk þessa verður kenslan ónóg, ef einn maður á að annast hana, hversu góður sem hann er, enda væri þar með lagður óyfirstíganlegur Þrándur í Götu hans á vísindabraut hans. En það var jafnan höfuðtilgangur vor í háskólamálinu, að hann yrði sá viti í íslenskum fræðum, er lýsti víða um heim. Ef vjer gerum það ekki, þá verður háskólinn dýrt kák og ekki annað, en í stað virðingar annara þjóða og vísindaauðs og þjóðargagns og gleði kemur fyrirlitning og meðaumkun annara þjóða, blygðun í hug sjálfra vor fyrir kákið, og auðnuleysi á allan hátt.

Það er því ekki að undra, þótt heimspekideildin vilji reyna að halda þessu máli í rjettu horfi og biðji um næga kenslukrafta. Það er því eigi að undra, þótt bæði sögukennarinn, Páll Eggert Ólason, og einkum Sigurður Jóhannesson Nordal leggi mikla áherslu á, að þetta mál gangi fram. — Og enginn getur annað sagt en að stjórnin hafi gert skyldu sína, er hún varð við ósk háskólans um þetta.

Það eitt sætir undrum, að mál þetta hefir mætt mótspyrnu í hv. Alþingi.

Jeg vil biðja menn að taka eftir því, að þetta frv. kveður ekkert á um það, hver eigi að fá þetta embætti. Það gegnir því hinni mestu furðu, að umr. í hv. Ed. snerust um tiltekinn mann, dr. Alexander Jóhannesson, og þó er það ennþá fáránlegra, að gersamlega hlutlaus vísindamaður verður fyrir óvingjarnlegum árásum af þingmönnum.

En úr því umræðunum hefir verið snúið svo, þá er mjer skylt að gefa hv. deild skýrslu um þennan mann, meðfram einnig af því, að jeg tel hann sjálfsagðan í þetta embætti. Jeg þekki nákvæmlega allan námsferil og vísindaferil þessa manns og get fullvissað hv. þm. um, að alt frá því er hann kom í 1. bekk lærðaskólans og fram á þennan dag hefir nám hans og vísindastarf borið vott um framúrskarandi ástundun og dugnað. Og verk þau, er hann hefir þegar samið og gefið út, bera þess ljósan vott, að hann er nú orðinn fullþroska vísindamaður af besta tægi. Hann hefir lagt einstaklega mikla alúð við málfræði, og skal nú vikið að því með nokkrum orðum. Vona jeg, að hv. deild taki mjer það ekki illa upp, því að jeg fæ sjaldan tækifæri til þess á Alþingi að minnast á mína eigin fræðigrein, sakir þess, að mjer er meinað að dansa með utan um þann gullkálf, sem nefndur er af hv. þm. grískudósent.

Þess er þá fyrst að geta, að tunga þjóð-

arinnar er höfuðnámsgrein í háskólum hvers einasta ríkis. Jafnframt verð jeg að geta þess, að málfræðin hefir tekið geysimiklum framförum á síðasta mannsaldri, svo að vart má þekkja, að það sje sama vísindagreinin. Nú er lögð svo mikil rækt við hljóðfræði, að jafnvel Ólafur hvítaskáld mætti vera ánægður. Og auk þess er nú blásið lifandi anda í nasir málfræðinnar, að ættir málanna eru raktar saman eftir hljóðlögmálum og sett saman frummál forfeðra allra frændþjóða þeirra, er kallaðar eru indgeirmenskar þjóðir. Og eigi síður með hinu, að lifnaðarhættir þessara þjóða og saga löngu fyrir alla söguöld eru rakin eftir sömu hljóðlögmálum. Tunga vor, íslenskan, er grein á geirmenska málastofninum, sem og gotneska, engilsaxneska, fornháþýska og fornsaxneska og fornnorræna. En frumtunga Geirmanna er systir latneskunnar, hellenskunnar, keltneskunnar, slafneskunnar og sanskrittungunnar. Því fleiri þessara tungna, sem málfræðingurinn kann, því betur er hann settur. Þá er einkum mikils vert að kunna þær tungur, sem eru nákomnastar þeirri, sem rannsaka á. Í hv. Ed. var það talin höfuðástæða á móti dr. Alexander, að íslenska hefði eigi verið prófgrein hans, heldur þýska. En þar sem um það er að ræða að rekja sögu íslenskrar tungu, hljóðbreytingar hennar og skyldleika við frændmál hennar, þá er þetta miklu fremur kostur en ókostur. Því að einmitt þess vegna stendur hann betur að vígi en íslenskufræðingar gera að jafnaði. Hann las til meistaraprófs í Danmörku gotnesku, fornháþýsku og fornsaxnesku, auk miðháþýsku og miðlágþýsku, og undir doktorspróf sitt í Halle bætti hann við sig engilsaxnesku. Til þess að skýra nauðsyn þess að þekkja þessi skyldu mál, má geta þess, að í máli voru eru um þúsund orð úr skyldum málum, og eru nokkur hundruð þeirra úr lágþýsku. Nú yrði eigi sýnt fram á, hvenær og eftir hverjum lögum þessi orð hafa verið tekin, ef málfræðingurinn þekti ekki öll þessi fornu frændmál tungu vorrar. Nú hefir Alexander meðal annars byrjað á rannsókn um uppruna íslenskra orða, og er þar á nógu verkefni að taka, því að þau íslensk orð skifta mörgum þúsundum, sem enn er ókunnugt um uppruna þeirra. Veit jeg ekki af neinum manni færari til þessa. Í hollenskum og þýskum tímaritum hefir hann birt skýringar á ýmsum orðum, t. d. ábrystir = á(a)-brydd-tir, af *broddi*, en *brydd-tir* varð *brystir* af hljóðsprenging milli samhljóðenda.

Hann gaf út fyrir fjórum árum frumnorræna málfræði, sem hlotið hefir góða dóma hjá sjerfræðingum víða um heim, og hefir hún þegar verið gefin út á þýsku. En höfuðverk hans er „Íslensk tunga í fornöld". Þar hefir hann nýtt og mikilsvert skipulag á samning slíkra rita. Hann hefir sett íslenskuna í samband við forngeirmensku málin (gotnesku, engilsaxnesku, fornháþýsku og fornsaxnesku) og skýrt allar breytingar orðmynda og hljóða með samanburði við þær systurtungur, og hefir enginn gert þetta áður, þeirra er hafa ritað um íslenska tungu hingað til, annar en hann. Þessum mikla kosti bókarinnar sem kenslubókar hafa einmitt erlendir menn veitt athygli og hafa óskað, að bókin yrði gefin út á erlendum tungum, enda mun ensk útgáfa vera í undirbúningi. Höf. hefir tekist á þennan hátt að rekja hvert hljóð málsins og hverja beygingarmynd til frummáls geirmenskra þjóða, sem talað var lö:gu fyr-

ir Krists burð. Þetta frummál sýnir hann hvarvetna í bókinni, en það er sem menn vita sett saman eftir samanburði hinna skyldu mála. Hefir Alexander auðgað þetta gervimál um fjölda orða með samanburði þessara fimm höfuðflokka eftir aðferðum helstu málfræðinga nútímans. Hefir hann og stuðst við alt það, er ritað hefir verið um þessi efni síðustu 20 árin, og farið yfir 300 rit um þetta efni, notað það, sem hann fann þar gott, en deilt á þá höf., er hann taldi fara með rangt mál. Hann hefir í bók þessari rakið sögu tungu vorrar um 3000 ára skeið, eða frá því 1500 f. Kr., og auk þess rakið fram til indgeirmensku, til máls frumþjóðarinnar.

Jeg mun að lokum nefna nokkur dæmi, er sýna, að Alexander er glöggur og sjálfstæður vísindamaður á sínu sviði. Höf. hefir fundið sjerstakt lögmál, er skýrir breytingar á tvíhljóðum í íslensku: Tvíhljóð missir síðari hlutann, ef áherslan var ofurljett í setningu: lauðr varð löður, t. d. sjávarlöður; Gunnlaugr varð Gunnlögur í framburði. Lögmál þetta nær yfir öll tvíhljóð: ai, ei, eu, og kemur þetta fram í endingum orða og í miðsamstöfum sagna. Alexander hefir af þessu og öðru komist að þeirri niðurstöðu, að framburðurinn á íslensku landnámsmanna hafi verið líkari nútíðarmáli en málfræðingar hafa talið; t. d. hefir *au* verið borið fram öu (en ekki = *á*), sbr. lauðr = löður. Svíi einn, Wessén að nafni, hefir nýlega sett fram það lögmál, að stutt sjerhljóð *i*, *e* verði *u* undan *m*, eða varamyndist, t. d. erumk, upprunal. er mik, varð ermk = erumk. Með þessu lögmáli skýrir Alexander þágufall fleirtölu a-stofna og þágufall eintölu lýsingarorða o. fl. Hefir hann því aukið lögmál Wesséns.

Höf. notar 4—5 þúsund orð íslenskrar tungu til þess að skýra hljóðlögmál og beygingar, og hefir hann orðtekið og safnað úr fornu máli, einkum skáldamáli, allverulegum hluta þessara orða.

Ýmsir merkir málfræðingar hafa lokið lofsorði á þessa bók, t. d. R. C. Boer, háskólastjóri í Amsterdam, George Flom í Illinois, sem telur þessa bók eina hina merkustu málfræðibók, er hann hafi sjeð um langt skeið.

Þetta veit jeg sannast og rjettast um þennan mann og verk hans, og hygg, að því verði eigi í móti mælt. Hefi viljað gefa mönnum færi á að heyra og sjá það, sakir þeirra árása, sem gerðar hafa verið á Alexander í þinginu.

Um sjálft málið, óskir og þarfir heimspekideildar, talaði jeg í upphafi ræðu minnar og vænti þess fastlega, að háttv. deild fallist á þær og samþykki frv.

Forsætisráðherra (JM): Jeg sagði við 1. umr., að þetta mál væri í sjálfu sjer kunnugt í þessari hv. deild, og ætla jeg mjer því ekki að segja nú neitt sem heitir um það. Jeg leyfi mjer að þakka hv. meiri hl. nefndarinnar fyrir till. hans í málinu og þann skilning, sem þessi hv. hluti nefndarinnar hefir sýnt á því, hve sjálfsagt og nauðsynlegt er að leggja sjerstaka áherslu á, að íslensk tunga sje sem best kend við háskólann. Jeg hefi getið þess annarsstaðar, að þegar háskólinn var stofnaður, var jeg því ekki neitt sjerlega fylgjandi, því að jeg óttaðist, að við með því kynnum að reisa oss hurðarás um öxl. Og hefði mjer þá dottið í hug, að nokkurntíma yrði tregða á því, að þar yrði kend íslensk tunga svo vel sem skyldi, þá hefði jeg verið enn tregari. Mjer finst þetta svo sjálfsagt, að háskólinn hafi kenslustól í sögu tungunnar og málfræði, að jeg get ekki hugsað mjer, hvernig það

á eða má vera öðruvísi. Jeg hefi altaf fylgt þessu fram eftir megni og mun berjast fyrir því meðan jeg get. Vonast jeg til, að hv. deild geti samþykt þetta frv. Þetta er mál, sem eigi ætti að þurfa langar umr. um. Það ætti að vera skiljanlegt hverjum manni.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Á síðasta þingi kom fram frv. um breyting á háskólalögunum, en náði ekki fram að ganga. Aftur á móti var samþykt sú breyting í sambandi við fjárlögin, að fella niður fjárveitingu til málfræðikenslu í háskólanum. Jeg skal játa það, að háskólinn var hart leikinn, er þetta var niður felt, og viðurkenni, að við háskólann er full þörf á kennara í íslenskri málfræði. Minni hluti mentmn. leggur því til, að fjárveitingin, sem niður var feld í fyrra, verði aftur upp tekin í fjárlögin.

Ástæðan til þess, að minni hl. fylgir ekki frv. þessu um stofnun nýs embættis í þessum greinum, er sú, að það væri full þörf á að gera nýja skipun á um kenslu ísl. fræða við heimspekideildina. Fræðimenn hafa bent á, að ýms embætti mætti tengja þar við, svo sem þjóðskjalavörð og þjóðminjavörð. Teljum við því ástæðu til, að hæstv. stjórn sjái fyrir því, að háskólaráðið geri ítarlegar tillögur um fullnaðarskipulag á kenslu og rannsókn íslenskra fræða við háskólann, hvernig gera megi deildina sem best úr garði, og þó svo, að ríkissjóður hljóti þar af sem minsta útgjaldaaukning. Má vel vera, að hægt verði að komast af með þá starfsmenn, sem þegar hljóta laun úr ríkissjóði og þeim störfum gegna, sem skylt eiga við þjóðleg fræði. Tillaga þessi hefir komið fram utan þings og ætti öllum að vera kunn. Minni hl. óskar nýrrar skipunar, en svo framarlega sem þetta frv. verður felt, munum við fylgja því, að gamla fjárveitingin verði aftur tekin upp í fjárlögin.

Bjarni Jónsson: Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) virtist velviljaður þessu máli, en jeg skil ekki, hvernig þeir ráða því, hvað tekið er inn í fjárlög. Það er undir atkv. allra þm. komið.

Vísindamenn nútímans eru það betur settir en í minni ætku, að þeir eru eigi svo þrælbundnir, að þeir þurfi að vera milli tannanna á þm. ár eftir ár. Þeir geta fengið sjer önnur störf, en þá getur orðið leit fyrir háskólann að mönnum.

Jeg sje ekkert á móti því að tengja önnur störf við háskólann, en jeg ímynda mjer, að hver fræðslumaður geti nú fengið þar fyrirlestraleyfi og að háskólinn telji sjer ávinning að því, svo að þingið þurfi ekki um það að tala.

Þetta er ekki mitt mál, nema hvað jeg er á einn hátt bundinn við eina deild háskólans, en jeg vil fylgja málum hans, þegar þess er kostur.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Dala. (BJ) spurði, hvaða vald minni hlutinn hefði til þess að koma nýjum fjárveitingum í fjárlögin. Það er auðvitað, að ef atkvæði minni hl. verða þess valdandi, að frv. fellur, þá eru þau líka nógu öflug til þess að koma fjárveitingunni að með tilstyrk þeirra, sem frumvarpinu fylgja.

Bjarni Jónsson: Jeg skal aðeins svara því, að þótt þeir kunni að hafa ráð á Nd., þá er ekki víst, að þeir hafi ráð á hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:7 atkv.
2. gr. samþ. með 15:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:9 atkv.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 101).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 451).

---

17. Landsreikningur 1923.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1923 (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr,, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv. er öldungis í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa samþykt verið á Alþingi. Landsreikningnum ásamt athugasemdum og spurningum yfirskoðunarmanna hans og svörum stjórnarinnar við þeim verður útbýtt meðal þingmanna næstu daga. Vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.
Að svo mæltu finst mjer óþarfi að orðlengja frekar um þetta frv., en legg til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 2, n. 343).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 2).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 2).
Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed. mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 431).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um frv. þetta hefi jeg ekki mikið að segja. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að engar athugasemdir þyrfti að gera, og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 2).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

---

18. Bannlagabreyting.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (stjfrv., A. 29).

Á 9. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Í greinargerð frv. þessa er gerð allítarleg grein fyrir þeim breytingum, sem ætlast er til, að gerðar verði á núgildandi bannlögum, og vona jeg, að þær þyki ekki óskynsamlegar.

Aðaláherslan er fyrst og fremst lögð á það að taka ómjúkum tökum á þeim, sem gera það að atvinnu að flytja inn og selja áfengi, því að svo munu flestir líta á, að slíkum mönnum eigi ekki að hlífa. Um útfærslu landhelgislínunnar vona jeg, að ekki verði skiftar skoðanir. En um það get jeg látið vera að tala nú, því að í greinargerðinni fyrir frv. þessu hygg jeg, að það atriði sje nægilega skýrt.

Þá er eitt ákvæði í frv. þessu, sem jeg hygg vera í samræmi við almenna heilbrigða rjettartilfinningu, en það er, að þeir menn, sem ekki geta beinlínis talist framkvæma brotin, heldur eru aðeins hlutdeildarmenn, sleppi ekki við refsingu. En eins og lögin eru nú, er í almennum lögreglumálum varla hægt að fá þeim refsað, en slíkir menn eru oft í raun og veru miklu sekari en þeir, sem verkið framkvæma.

Að vísu eru reglur þær, sem hjer eru teknar upp, ekki eins víðtækar og í hegningarlögunum, en eigi að síður hygg jeg, að þær taki sæmilega yfir það, sem til er ætlast, svo að þeir geti ekki sloppið, sem hegninguna eiga skilið.

Jeg vona nú, að hv. allshn. taki mál þetta til nákvæmrar yfirvegunar, og er jeg mjög fús til samvinnu við hana, ef henni þykir þörf að breyta einhverju frekara.

Jeg get hugsað mjer, að sumir telji, að hækka megi meir sektarákvæðin við fyrsta brot, en það tel jeg vafasamt.

Loks vil jeg benda á ákvæði, sem jeg tel hafa mikla þýðingu, en það er, að skip, sem flytur hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, megi gera upptækt með dómi. Það mætti segja, að rjettara væri að

ákveða, hve mikill hluti farmsins þyrfti að vera áfengi til þess, að gera mætti skipið upptækt. En jeg tel heppilegast að hafa ákvæðið eins og það er, enda ekkert athugavert að láta það koma undir mat dómarans.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að láta örfá orð fylgja frumvarpi þessu í þetta sinn.

Jeg efa ekki, að það geti orðið að ýmsu leyti til bóta. En jeg veit hinsvegar, að mikill hluti bannmanna í landinu er óánægður með það og telur, að hjer sje ekki gengið nógu langt um að bæta bannlögin. Má þar til nefna, að þrátt fyrir þessa breytingu er læknum heimilt að gefa út áfengislyfseðla. Er þó margsannað, að þeir hafa stórkostlega misnotað þetta leyfi. Og einmitt nú nýlega eru tvö dæmi alkunn orðin, sem ábreifanlega sanna þetta. Þá má í annan stað minna á samþykt læknaþingsins á Akureyri síðastl. sumar, þar sem læknarnir sjálfir krefjast þess, að heimild þessi sje af þeim tekin.

Að lokum vil jeg tjá háttv. allshn., sem eflaust fær mál þetta til meðferðar, að jeg mun síðar koma fram með ítarlegar tillögur um breytingar á bannlögunum, því að jeg hefi, ásamt öðrum þingmanni, fengið uppkast að frv. í þessa átt frá Stórstúku Íslands. En ennþá höfum við ekki fastráðið, hvort við flytjum þær sem sjerstakt frv. eða afhendum allshn. þær til athugunar með frv., er hjer liggur fyrir.

Vænti jeg svo, að háttv. nefnd fari ekki með þetta frv. eins og tvö slík frv., er hún hafði til meðferðar í fyrra og afgreiddi ekki fyr en rjett fyrir þinglok.

Forsætisráðherra (JM): Það var rjett hjá háttv. þm. Str. (TrÞ), að læknaþingið á Akureyri síðastl. sumar samþykti tillögu um að taka af læknum rjett þann, er þeir hafa til að gefa lyfseðla út á áfengi. Þetta er mál, sem mikið er deilt um og örðugt er að koma í framkvæmd, meðan áfengi er notað til lyfja. En þetta athugar allshn. vitanlega ásamt öðrum breytingum. Og jeg sje ekki ástæðu til að taka afstöðu til þessarar breytingar fyr en málið kemur frá nefndinni, eða hún óskar að tala við mig um hana.

Annars held jeg, að í frv. þessu felist ýms ákvæði, sem mikla þýðingu geta haft fyrir bannmálið, breytingar, sem beinlínis eru sprottnar af reynslu við framkvæmd á bannlögunum hin síðustu ár, þó sjerstaklega sje það af reynslu ársins 1924. Vona jeg því, að þær nái greiðlega fram að ganga. En hinsvegar er jeg hræddur um, ef miklar breytingar koma fram, sem ágreiningi valda, að þær geti orðið til þess að hindra það, að þessar nauðsynlegu breytingar nái fram að ganga.

Jón Kjartansson: Jeg vil aðeins taka það fram, út af því, sem háttv. þm. Str. bar á allsherjarnefnd neðri deildar í fyrra, að hún tók málin til afgreiðslu í þeirri röð, sem þau komu til hennar, og alls afgreiddi hún 38 mál. Hún skilaði þessu máli frá sjer, eins og öðrum, og gerði enga tilraun til þess að setjast á það. Hygg jeg því, að ekki sje með rjettu hægt að bera henni á brýn, að hún hafi reynt að setjast á málin.

Magnús Torfason: Jeg skal játa, að mjer hefði ekki komið á óvart, þó að í

frv. þessu hefðu verið einhver ákvæði, sem lagt hefðu að einhverju leyti hemil á áfengislyfseðlasölu læknanna, og það því fremur, þegar uppskátt er látið, að einn læknir landsins hefir gefið út svo marga lyfseðla, að ekki varð tölu á komið. Varð því rannsóknardómari sá, er með málið fór, að láta sjer nægja að punda þá.

Annars stóð jeg upp til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM), hvað meint væri með því ákvæði 4. gr. frv. þessa, þar sem segir, að skip megi gera upptækt, ef verulegur hluti farmsins sje áfengi. Þetta finst mjer næsta óákveðið. Eins og kunnugt er, kom hingað til Reykjavíkur síðastliðið haust skip, sem eigandinn hafði áskilið sjer 15 tonn af flutningsrúmi í, til þess eins að flytja í áfengi. Og á því leikur nú enginn vafi, að annan flutning tók skipið sem aukaflutning, því að ferðin mun hafa verið gerð einungis til að koma áfenginu.

Jeg er nú í engum efa um, að í slíkum tilfellum sem þessum á að gera skipið upptækt; en eftir frv. þessu er jeg í vafa um, að það sje hægt, að minsta kosti ef miða á við rúmmálið. Fyrir nefndarinnar hönd óska jeg því, að hæstv. forsætisráðherra ákveði nánar, hvernig skilning hann leggur í nefnt ákvæði, „verulegur hluti farmsins".

Forsætisráðherra (JM): Jeg bjóst ekki við, að jeg þyrfti að gera grein fyrir þessu, og jeg er sannfærður um, að hv. þm. (MT) verður ekki í vandræðum, þegar hann á að dæma svona mál. Því það er svo þráfaldlega, eins og hann veit vel, að dómarinn verður að meta marga hluti, sem ómögulegt er að setja skýr ákvæði um, enda væri það ekki heppilegt, ef honum væri ekki ætlað eitthvert rúm, sem hann gæti hreyft sig innan. Jeg held satt að segja, að þetta verði ekki orðað nje ákveðið betur en gert er í frv., og að það nái þó tilgangi sínum. Mat dómarans í þessu efni verður ekki örðugra en í svo mörgum öðrum tilfellum.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins örlítil kvittun til hv. þm. V.-Sk. (JK) fyrir ummæli hans áðan í minn garð, er jeg kvartaði undan, að allshn. hefði afgreitt þetta mál seint í fyrra. Hann sagði, að nefndin hefði tekið málin fyrir og afgreitt þau í sömu röð og þau komu. Einmitt það! — Jeg hefi sótt málaskrá Nd. í fyrra og upplýsist þá þetta samkvæmt henni: Allshn. hefir fengið frv. um aðflutningsbann á áfengi 19. mars og skilað því 28. apríl, þ. e. minni hlutinn, sem hv. þm. (JK) var í. Degi síðar, eða 20. mars, fær allshn. frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði. Það afgreiðir hún 29. og 31. mars, eða tæpum mánuði áður en aðflutningsbannsfrv. Sama dag og frv. um bæjarstjórnina fær nefndin frv. um sveitarstjórnarlögin. Það afgreiðir hún 22. og 24. mars, eða rúmum mánuði áður en aðflutningsbannsfrv. 12 dögum síðar, eða 31. mars, fær nefndin enn frv. um skattfrelsi fyrir Eimskipafjelag Íslands. Því er skilað 12 dögum á undan frv. um aðflutningsbannið, eða 15 apríl. Jeg ætla ekki að taka fleira. Þetta nægir til að sýna, að hv. þm. (JK) hefir farið algerlega með rangt mál.

Jón Kjartansson: Það er óþarft að deila við hv. þm. Str. (TrÞ). Hann ætti að skilja, að þetta stórmál hefir þurft lengri tíma til athugunar en önnur smámál, sem hann nefndi, þótt það væri í sinni röð tekið fyrir. Enda var og lögð áhersla á, að hinum málunum væri flýtt.

En vilji hv. þm. (TrÞ) athuga málið, þá mun hann verða að játa, að nefndinni kom síst til hugar að setjast á það, heldur vildi hún aðeins rannsaka það svo vel sem völ var á.

Tryggvi Þórhallsson: Hjer er ekki um stórmál nje smámál að ræða, heldur hitt, að hv. þm. V.-Sk. (JK) hefir áður lýst því yfir, að nefndin í fyrra hafi afgreitt málin í þeirri röð, er hún fjekk þau. Nú hefi jeg sannað með besta vitninu, sem til er, að þetta er ekki rjett. Nú vill hann skjóta sjer á bak við hjalið um stórmálin. Það er ekki til neins. Það er formlega sannað, að hv. þm. (JK) hefir leyft sjer að fara með algerlega rangt mál hjer í þingsalnum.

Jón Kjartansson: Jeg nenni ekki að setja hv. þm. Str. (TrÞ) hjer á skólabekkinn, þótt ekki væri óþarft, því að hann skilur ekki, að það er munur á því að afgreiða málin frá sjer og taka þau fyrir í nefndinni til rannsóknar og afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 29, n. 163 og 178).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Um bannlögin hefir verið deilt að heita má á hverju þingi síðan þau voru sett, enda gefur svo að skilja, þar sem hjer eigast við tvö andstæð öfl. Annarsvegar eru þeir, sem vilja breyta lögunum, svo að þau komi að enn meira gagni, en hinsvegar aftur aðrir, sem gjarnan vilja fleyga lögin og á þann hátt draga úr nytsemi þeirra. Það er öllum kunnugt, að bannlögin voru sett samkv. þjóðaratkvæði. Meiri hluti þjóðarinnar tjáði sig því fylgjandi, að þau yrðu sett, og meiri hl. alþm. hefir jafnan, eða a. m. k. altaf, þegar kosningar hafa staðið fyrir dyrum, talið sig eindregið fylgjandi bannlögunum. Þó verða menn að játa, að þeim, sem heldur vilja spilla lögunum en bæta þau, hefir orðið betur ágengt á síðustu árum, enda þótt mönnum hafi jafnan fundist þeir færri við kosningar. Þessu til sönnunar þarf ekki annað en benda á nokkrar breytingar, sem gerðar hafa verið á bannlögunum frá því þau voru sett, svo sem þegar svonefnt læknabrennivín og konsúlabrennivín var í lög sett.

Þegar nú hjer við bætist, að eftirlitið með lögunum hefir vægast sagt verið mjög slælegt, þá er vel skiljanlegt, að gagnið, sem þau hafa gert, sje minna en þjóðin ætlaðist til í upphafi, er hún stofnaði til þessarar lagasetningar.

Margir líta svo á, að embættismenn þjóðarinnar, sumir hverjir, hafi ekki framfylgt bannlögunum sem skyldi, og væri jafnvel ástæða til að fara frekar út í þá sálma við einhverja umræðu bannlaganna hjer á þingi, þó að jeg leiði það hjá mjer að þessu sinni, enda er hátíð harla nærri.

En þess má nærri geta, að þjóðin hefir ekki heimtað lögin til þess, að þau væru krossbrotin um land alt, þeim stórspilt og ljelega framfylgt af embættismönnum þjóðarinnar. Hún hefir auðvitað heimtað þau til þess, að af þeim mætti hljótast alt

það gagn, sem til var stofnað. Og fyrstu árin mun þeim hafa verið sæmilega framfylgt víðasthvar á landinu. Menn litu svo á í upphafi, að þau væru til þess sett, að þeim væri fylgt sem öðrum lögum.

En fyrir sterkan andróður gegn lögunum, sem jafnvel hefir gengið svo langt, að menn hafa verið hvattir til þess opinberlega í blöðum að brjóta þau, hefir árangurinn ekki verið svo góður sem menn vonuðu. En þó að árangur bannlaganna hafi ekki orðið svo góður sem menn gerðu sjer bestar vonir um, þá er ekki hægt að neita því, að hann er stórmikill eigi að síður. En framkvæmd laganna hefir orðið sjerstaklega erfið síðan Spánarvínunum var veitt inn í landið, enda má segja, að þá hafi verið slept öllu taumhaldi á innflutningi vínfanga, eða eftirlitið með því gert afarerfitt.

Í stjfrv. þessu eru einkum tvö ákvæði, sem tvímælalaust eru til bóta. Annað er það, að færa út landhelgislínuna með tilliti til eftirlits með vínsmyglun, svo sem segir í 1. gr. frv., en hitt, að ákveða hlutdeildarmönnum refsingu, ef til þess hefir ekki verið nægileg heimild áður í lögum.

Að öðru leyti byggir stjfrv. á bannlögunum eins og þau eru og ætlast ekki til, að þeim ákvæðum, sem mestum deilum hafa valdið, svo sem leyfi lækna til að gefa út vínlyfseðla, verði breytt. Að vísu er þar hert á refsingunni fyrir misnotkun þessa leyfis og það þrengt að nokkru leyti, en þó mun mörgum finnast, að ekki sje nægilega langt gengið.

Við, meiri hl. allshn., höfum nú lagt til, að þetta leyfi lækna til að gefa út áfengislyfseðla verði úr lögum numið og brtt. okkar á þskj. 163 miða langflestar að því að nema burtu, sumpart úr frv. og sumpart úr lögunum sjálfum, þau ákvæði, sem lúta að þessu leyfi læknanna.

Eins og gefur að skilja, hefir þetta ákvæði allajafna verið ákaft deiluatriði. Og þegar leikmenn eiga að skera úr þessu máli, þá verða þeir að hafa hliðsjón af því, sem læknarnir segja sjálfir um það.

Nú hefir það jafnan verið svo, að ýmsir ágætustu læknar hafa ekki talið þess neina nauðsyn, að læknum væri veitt slíkt leyfi, og er þess skemst að minnast, að á aðalfundi Læknafjelags Íslands, sem haldinn var á Akureyri síðastl. sumar, var samþykt áskorun um að nema þessa heimild úr gildi.

Það er því ekki að undra, þó þessi till. sje nú upp borin, þar sem fulltrúar læknanna sjálfra hafa rætt þetta mál og samþykt með miklum atkvæðamun, — að mig minnir voru einir tveir á móti, — að rjett væri að fella úr lögum heimild þeirra til að gefa út áfengislyfseðla.

Hinsvegar liggur einnig fyrir önnur ályktun, sem Læknafjelag Reykjavíkur hefir gert og fer í gagnstæða átt. Eins og sakir standa nú, stendur því ályktun á móti ályktun, og þá verður leikmaðurinn að hafa þá skoðun, sem hann vill og telur bestar ástæður vera fyrir.

Væri svo, að allir læknar teldu óhjákvæmilegt, að þeir hefðu áfengi til lækninga, þá mætti segja, að óforsvaranlegt væri að svifta þá þeim rjetti. En þegar svo er komið, að meiri hluti þeirra telur slíks enga nauðsyn, þá verður ekki með rökum haft á móti því, að þessi leið verði farin, að heimildin verði af þeim tekin.

Því er ekki að leyna, að þetta vínseðlaleyfi hefir sorglega oft verið herfilega misnotað. Jeg veit ekki betur en að nú standi yfir tvær rannsóknir út af brotum

á þessari heimild, svo stórkostlegum, að furðu sætir. *(MJ:* Þá er eftirlitið ekki mjög slælegt). Eftirlitið með bannlögunum hefir verið mjög slælegt; því er ekki að leyna. En þessi brot læknanna sýna, að rjett er að nema burtu þessa hneykslunarhellu, úr því að þeir eru ekki svo miklir menn, margir hverjir, að gæta sín á henni.

Meiri hl. allshn. á ýmsar aðrar brtt., t. d. viðvíkjandi áfenginu, sem látið er til iðnaðar samkv. bannlögunum.

Það er sama um þetta áfengi að segja sem um læknabrennivínið; það hefir líka verið misnotað, þó að jeg búist við, að minni brögð hafi verið að misnotkun á þessu sviði. Til þess nú að draga úr misnotkun áfengis, sem veitt er til iðnaðarþarfa, hefir meiri hl. nefndarinnar talið rjett að auglýsa á hverju misseri, hverjir fái spiritus afhentan í þessu skyni og hversu mikið hver hafi fengið. Það er trú okkar, að menn muni frekar skirrast við að taka út meiri spiritus en þeir nauð synlega þurfa til iðnrekstrar síns og a. m k. veigra sjer við að fá miklar birgðir til að versla með, ef slík skrá verður birt. *(ÁÍ:* Verða þetta ekki áfengisauglýsingar?). Nei, þetta eru ekki áfengisauglýsingar, heldur mun slíkt einmitt draga úr ólöglegri áfengissölu.

Þá gerir meiri hl. enn eina brtt., sem snertir eftirlit með ólöglegri vínsölu. Það er alkunna, að í Reykjavík er hinn mesti fjöldi áfengislaunsala, sem lögreglunni gengur misjafnlega að klófesta. Þeir eru slungnir mjög og hafa öll brögð í frammi, en lögreglunni er óheimilt að fara inn til þeirra og hefja leit eftir áfengi, jafnvel þó hún sje viss um, að leitin beri árangur. Til þess þarf dómsúrskurð eða sjerstaka lagaheimild, eins og hjer er farið fram á. Í Reykjavík er lögregluvaldið og dómsvaldið aðskilið, eins og kunnugt er, og getur lögreglustjóri því ekki úrskurðað húsleit upp á eigið eindæmi, heldur þarf að fá sjerstakan úrskurð bæjarfógeta í hvert skifti, en það veldur lögreglunni óþægindum, því að oft getur staðið svo á, að húsleit þoli alls enga bið, ef hún á að bera árangur. Lögreglumenn hjer í bænum hafa margoft haft á orði við mig, að þeir teldu ver farið, að þeir megi ekki gera húsrannsókn eftir áfengi hvenær sem ástæða þykir og án nokkurrar tafar. Þetta ákvæði er að vísu frábrugðið því, sem gildir í öðrum lögum, en þó fer það engan veginn í bága við 62. gr. stjórnarskrárinnar. Ennfremur er minni hætta á því, að heimilisfriði manna verði alment raskað, þó að ákvæði þetta verði samþykt, þar sem það nær einungis til þeirra, sem sekir hafa orðið við 1. málsgr. 12. gr. bannlaganna.

Þá er það ennfremur till. meiri hl. að fella niður konsúlaáfengið. Virðist honum sjálfsagt, að þeir sendimenn annara þjóða. er hingað koma í bannlandið, hlíti þeim lögum, sem landsmenn eiga við að búa. Er þessi undanþága fleygur í lögunum. og skil jeg ekki í því, að neitt ríki þykkist við það, að hið sama gangi yfir sendimenn sína og landsmenn þá, er þeir búa á meðal.

Loks er sú brtt. meiri hl. nefndarinnar að fella niður undanþágu þá, er veitt var fólksflutningsskipum íslenskum, sem fara landa á milli, í því efni, að þau mættu hafa áfengi til sölu. Var þetta gert vegna skipa Eimskipafjelags Íslands. Töldu menn óhæft, að þau hefðu ekki sömu heimild og önnur skip erlend, er sigla hjer á milli landa, og ætluðu, að það myndi spilla fyrir þeim, ef áfengi mætti ekki veita um borð. En illa kann jeg og aðrir við, að svo þurfi að vera, að þessi skip, sem koma

frá bannlandinu, sjeu eins og fljótandi knæpur, og ekki virðist það sem fegurst auglýsing um bannið. Getur vel verið, að nokkur skaði hlytist af, ef bannað væri að selja áfengi í skipunum, en miklu held jeg ekki að hann næmi. Trúi jeg vart, að margir myndu hætta að ferðast með þeim fyrir þær sakir, og eins gæti jeg hugsað, að aðrir myndu fremur kjósa að fara með þeim, ef þeir vissu, að þá væru þeir lausir við öll drykkjuskaparólæti á ferðinni. Er ekki ólíklegt, að þeir yrðu jafnmargir og hinir, er þau forðuðust sakir þess að ekkert vín væri þar að fá.

Jeg held, að jeg hafi nú minst á allar aðaltill. meiri hl. allshn., og skal jeg fresta að athuga þær mótbárur, sem komið hafa fram gegn þeim í nál. hv. minni hl. allshn., því jeg býst við, að hv. frsm. minni hl. (JK) geri í ræðu frekari grein fyrir þeim mótbárum og rökstyðji þær nánar. Væri því viðbúið, að um endurtekning yrði að ræða, ef jeg tæki nú þegar til athugunar nál. hans og svaraði því þegar. Læt jeg því staðar numið að sinni og bíð frekari umræðna.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Eins og hv. þdm. sjá á áliti hv. meiri hl. og minni hl. allshn., sem er á þskj. 163 og 178, þá hefir nefndin ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Þar eð háttv. frsm. meiri hl. (JBald) hefir nú lýst afstöðu hans, þykir mjer og rjett að lýsa með nokkrum orðum afstöðu minni hlutans. En við, sem í honum erum, höfum, eins og sjá má á þskj. 178, lagt til, að frv. stjórnarinnar verði samþykt óbreytt. Frv. fer fram á það, að bætt sje úr augljósum göllum, sem eru á bannlögunum, einkum hvað snertir framkvæmd þeirra. Það er vilji okkar, að úr þessu verði bætt, einkum til þess, að ekki sje hægt hjer eftir eins og hingað til að kenna göllum á lögunum sjálfum um alt það, er miður fer í sambandi við bannlögin. En þótt það sje vilji okkar í minni hl., að frv. gangi óbreytt fram, þá er ekki svo, að við sjeum að öllu leyti samþykkir öllum ákvæðum þess. Sjerstaklega er það álit mitt, að í frv. sje að sumu leyti fulllangt gengið í því að leggja strangar refsingar á menn fyrir verk, sem aðrir en þeir sjálfir fremja. Það er óheppilegt að setja svo ströng refsiákvæði í lög, að óttast megi, að þau út af fyrir sig geri lögin óvinsæl, og verði þannig fremur til ógagns en gagns. En það er framar öllu nauðsynlegt, að bannlögin verði vinsæl meðal almennings. Önnur ákvæði frv., sem miða beint til þess að bæta úr augljósum göllum á bannlögunum, erum við fúsir til að styðja, og vil jeg þar sjerstaklega tilnefna 7. gr. frv., sem fer fram á, að hlutdeildarmönnum í bannlagabrotum sje refsað. Virðist næsta kynlegt, að slíkt ákvæði skuli ekki fyrir löngu vera komið inn í bannlögin. Og það er engu líkara en að bannmenn og ýmsir aðrir hafi litið svo á, að altaf mætti refsa fyrir hlutdeild í broti, *án* nokkurs tillits til þess, hverskonar brot er um að ræða, hvort um er að ræða hegningarlagabrot eða smávægilegt lögreglubrot. Og af þessum stórkostlega misskilningi, sem jeg þóttist jafnvel finna hjá hv. frsm. meiri hl. (JBald), hafa oftast þær hnútur sprottið, sem oft hefir ómaklega verið kastað að lögreglustjórum og dómurum landsins fyrir aðgerðir þeirra í þessum málum. Hefir þeim verið brugðið um hlutdrægni. Þeim borið á brýn, að þeir refsuðu aðeins nokkrum af þeim seku, en ljetu aðrą sleppa. En sannleikurinn er

sá, að hingað til hafa þeir alls ekki haft heimild til að refsa hlutdeildarmönnum í bannlagabroti. En þar eð þessi misskilningur hefir ríkt, þá er ekki furða, þótt dómar almennings í þessu efni hafi æðioft verið helsti sleggjukendir.

Þá vil jeg snúa mjer að þeim þrem aðalbrtt., sem hv. meiri hl. leggur til, en við erum andvígir.

Fyrsta brtt. er fólgin í því, að lagt er til, að feld sje burtu 2. málsgr. 2. gr. bannlaganna. M. ö. o., að strikuð sjeu út af lyfjaskrá landsins þessi vín: rauðvín, malaga, sherry, portvín og cognac, og mega læknar landsins ekki lengur gefa lyfseðla út á þessi vín.

Mjer virðist nauðsynlegt, af því að svo virðist, sem hv. meiri hl. sje þetta ekki ljóst mál, að fara aftur í tímann og skýra frá, hvernig þessi ákvæði 2. málsgr. 2. gr. eru komin inn. Þessi ákvæði voru sett 1915, og var ástæðan sú, að árið áður úrskurðaði stjórnarráðið, að ekki mætti flytja inn önnur lyf til lækninga en þau, er talin væru í lyfjaskránni. 2. gr. bannlaganna frá 1909 leyfði læknum að flytja inn þann vínanda, er stæði í lyfjaskránni, en sú lyfjaskrá, er gilti þá og gildir enn, er danska lyfjaskráin. Þar eru ekki talin þau vín, er 2. málsgr. 2. gr. bannlaganna nefnir. Aftur á móti var í lyfjaskránni talinn vínandi, sem læknar vísa oft á, þ. e. spiritus concentratus. Rjett er að geta þess, að framan við sjálfa lyfjaskrána er þess getið, að *vín* og önnur *auðfengin* efni, væru ekki tekin í skrána. Danir hafa aldrei haft hug á að koma á hjá sjer banni, og því voru þessi vín og eru enn auðfengin þar utan lyfjabúða.

Úrskurður stjórnarráðsins 1914 var í rauninni aðeins skýring á lyfjaskránni. En þegar læknar landsins heyrðu um úrskurð þennan og sáu, að þeim væri þar með meinað að ávísa sjúklingum þeim lyfjum, er þeir töldu best henta í hvert skifti, þá mótmæltu þeir. Þeir töldu þetta ekki geta samræmst þeim rjetti, er starf þeirra útheimti og ætti. Alþingi 1915 fjellst á mótmæli læknanna, og var því 2. málsgr. 2. gr. bannlaganna sett, sem mælti svo fyrir, að hin umgetnu vín skyldu sett inn á lyfjaskrána. Minni hl. getur ekki verið samferða hv. meiri hl. í því að leggja til, að þessar áfengistegundir verði nú strikaðar út af lyfjaskránni, enda telur hann það einberan hjegóma. Allar þær áfengistegundir, sem taldar eru í 2. málsgr. 2. gr. bannlaganna, að einni undanskilinni, eru nú til hjer á landi utan lyfjabúða. Ef því þessi till. hv. meiri hl. yrði samþykt, yrði árangurinn sá einn, að cognac hyrfi að lyfjaskránni, en spiritus concentratus yrði þar áfram. Er ástæðulaust að banna læknum að nota cognac eitt.

Hv. meiri hl. fer ekki fram á að banna læknum að nota spir. con. eða gefa lyfseðla út á hann. Undrar þetta mig, og sýnist mjer svo sem hv. meiri hl. fari því öfuga leið, ef hann vill banninu vel. Hann vill sem sje meina læknum að hafa til meðferðar hin ljettu vín, sem allir vita, að eru óskaðleg, en vill hinsvegar neyða þá til, ef vín þarf að nota, að nota spir. con., sem mun ólíkt hættulegri.

Sem sagt, jeg er hálfhissa á, að háttv. meiri hl. skuli bera fram brtt. um að svifta lækna rjetti til að hafa til meðferðar hin meinlausu vín, einkum eftir að sú breyting hefir orðið á síðan 1915, að þessi ljettu vín fást nú utan lyfjabúða. Eina afleiðingin yrði sú, að mönnum, sem búa utan kaupstaða, þar sem þessi ljettu vín eru ekki á boðstólum, yrði erfitt eða ómögulegt að ná í þau, ef læknir ráðlegði þau.

Hv. frsm. meiri hl. (JBald) gat þess, að þessi rjettur læknanna hefði verið herfilega misbrúkaður, og hið sama kemur fram í nál. hv. meiri hl. Jeg tel þetta ómaklega árás á læknastjett landsins yfirleitt. Jeg skal ekki neita, að einstöku læknar kunni að hafa misnotað rjett sinn, en ófært er að dæma stjettina í heild fyrir það. Sem betur fer held jeg, að læknar yfirleitt muni mjög lítið misnota þessa heimild. Eins vil jeg gjarnan spyrja hv. frsm. meiri hl. (JBald): Heldur hann, ef heimildin hefir verið misnotuð, að það hafi verið í sambandi við þær áfengistegundir, sem hann nú vill nema burt af lyfjaskránni? Jeg er viss um, að hann veit, að svo er ekki. Hafi heimildin verið misnotuð, þá hefir það verið í sambandi við þá tegund, sem þeir hreyfa ekki við, sem sje spir. con., en ekki ljettu vínin.

Máli sínu til stuðnings mintist háttv. frsm. meiri hl. á, að þetta væri vilji lækna og benti á samþykt þá, er gerð var á læknaþingi á Akureyri síðastliðið sumar. Jeg veit, að það er vilji sumra lækna, að þessi lyfjasöluheimild sje eitthvað takmörkuð. En eins og bent er á í nál. okkar, þá er það ekki einróma álit læknanna, að þá beri að svifta þessum lyfjum; eitthvað annað. Jeg er viss um, að mikill meiri hl. þeirra er eindregið á móti því. Má benda á samþykt Læknafjelags Reykjavíkur um þetta, og hinsvegar á, að samþyktin á Akureyri komst aðeins á með 10 atkv. gegn 2. Voru margir læknanna, sem þingið sátu annars, ekki viðstaddir, og er alveg óvíst, að þessi samþykt hefði verið gerð að öðrum kosti. Jeg hefi nú skýrt frá afstöðu okkar í minni hl. til þessarar brtt., en legg nú úrslitin á vald deildarinnar. En það verð jeg að segja, að vilji deildin gera eitthvað í samræmi við læknasamþyktina á Akureyri, þá verður hún að velja aðra leið en þá, sem hv. meiri hl. vill fara, því að hún er gagnslaus.

Þá er önnur aðalbrtt. hv. meiri hl., sú, að nema burtu úr bannlögunum þá heimild, er íslenskum fólksflutningsskipum var gefin til að mega hafa áfengi handa farþegum og skipverjum í siglingum milli landa. Þessi heimild var gefin 1915 samkv. till. nefndar eða meiri hl. nefndar þeirrar, sem hafði bannlögin til meðferðar, sem í sátu meðal annara núverandi hæstv. forsrh. (JM) og Sveinn Björnsson fyrv. sendiherra. Var það gert af ótta við, að íslensk farþegaskip kynnu að verða of hart úti í samkepninni við erlend skip, ef þeim væri meinað að veita farþegum áfengi á ferð milli landa. Ætluðu menn, að af því myndi leiða fjárhagstjón fyrir skipin, og því var heimildin sett 1915. Alþingi fjelst á þetta 1915 og samþykti undanþáguna.

1917, er bannlögin voru endurskoðuð, vildu sumir fella þessa heimild burt. Spurðist þá allshn. Nd. fyrir um málið hjá stjórn Eimskipafjelags Íslands, og svaraði hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðið að senda allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis tilmæli um, að ekki verði úr lögum numin heimild sú, sem skip fjelagsins hafa nú til þess að hafa áfengi um hönd handa farþegum og skipshöfn í ferðum milli landa, með því að afnám þessarar heimildar myndi hafa í för með sjer fjárhagslegt tjón fyrir fjelagið, misrjetti gagnvart öðrum millilandaskipum og önnur óþægindi.“

Þessu svaraði Eimskipafjelagsstjórnin 1917.

Nú er enn farið fram á það að fella úr lögunum heimild stjórnarráðsins til þess að veita íslenskum fólksflutningaskipum leyfi til þess að hafa áfengi innanborðs.

Út af því snerum við okkur til stjórnar Eimskipafjelagsins. Svar stjórnarinnar er prentað í nál. okkar minni hl. Er það samhljóða svari því, er það sendi 1917. Það þarf ekki að skýra fyrir hv. deild, að samkepnin við erlend siglingafjelög er miklu harðari nú heldur en á árunum 1915—17. Minni hl. álítur því, að ekki geti komið til mála, að Alþingi stuðli að því að baka fjelaginu fjárhagslegt tjón. Hv. meiri hl. dregur það í efa, að fjelagið bíði tjón við þetta, en þeir, sem kunnugir eru málavöxtum, draga það ekki í efa.

Þá er þriðja aðalbreytingin, sem meiri hl. leggur til, að svifta sendimenn erlendra ríkja heimild til þess að flytja inn ákveðna lítratölu af áfengi á ári til heimilisþarfa. Þessi undanþága var sett í bannlögin 1913. Kom þá fram beiðni frá sendimönnum Frakka og Norðmanna í þessa átt, og fjellst Alþingi á það. Af umr. um málið þá er ljóst, að þetta var aðeins gert af því, að það var talin sjálfsögð kurteisi af Alþingi að veita þessa heimild. Einnig var litið svo á, að þetta mundi ekki geta skaðað bannlögin í neinu, því að þessir menn myndu ekki misnota undanþáguna. Jeg skal engan dóm á það leggja, hvort nauðsyn hafi verið 1913 að sýna slíka kurteisi þessum erlendu ríkjum, er þarna áttu hlut að máli. En mjer er ekki vitanlegt, að heimild þessi hafi nokkru sinni verið misnotuð, og því er það ókurteisi, ef nú á að fara að svifta þessa menn þessari heimild, eigi aðeins gagnvart þeim sjálfum, heldur einnig gagnvart þeim ríkjum, sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Þá hefi jeg minst á aðalbrtt. meiri hl. Flestar hinar brtt. hans eru aukatillögur. Þó eru í þeim nokkrar smávægilegar efnisbreytingar, t. d. þar sem meiri hl. leggur til, að aftan við 4. gr. bannlaganna komi inn ný grein, svo látandi: „Á hverju missiri skal birta í Lögbirtingablaðinu skrá yfir þau iðnaðarfyrirtæki, sem hafa fengið áfengi eða áfengisvökva til iðnþarfa. Jafnframt skal geta nafns stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis og hversu mikið áfengi eða áfengisvökva fyrirtækið eða einstakur iðnaðarmaður hefir fengið á umliðnu missiri.“ Jeg held, að þetta sje óþarft. Jeg veit ekki betur en að lögreglustjórar semji sundurliðaðar skýrslur um alt áfengi, sem notað er til iðnaðarþarfa, svo að óþarfi sje að prenta þetta í Lögbirtingablaðinu. Það er sáralítið, sem iðnaðarmenn fá af áfengisvökva, þetta ½ líter af „politur“ í senn, máske á ½ mánuði, mánuði eða jafnvel missiri. Álít jeg þýðingarlaust að vera að birta slíkt. Af því leiddi aukinn kostnað og aukna skriffinsku, — ekkert annað. Eftirlit stjórnarráðsins á að vera nógu gott fyrir því.

Svo er það brtt. hv. meiri hl. við 12. gr., um húsrannsókn. Jeg skal lýsa yfir því, að jeg hefði verið hlyntur því að fá inn í bannlögin eitthvert slíkt ákvæði sem þetta, þó jeg yfirleitt sje því mótfallinn að skerða þann rjett manna um heimilisfrið, sem þeim er heimilaður samkvæmt stjórnarskránni. Og jeg get alls ekki gengið inn á brtt. eins og hún er orðuð. Vil jeg, að slíkt ákvæði sje bundið því skilyrði, að menn hafi verið dæmdir fyrir brot á bannlögunum, sem framið hafi verið í gróðaskyni, en ekki brot alment.

Það var svo ekki fleira, sem jeg þurfti að segja. Jeg vona, að frv. stjórnarinnar verði samþykt óbreytt. Í því er margt til bóta, einkanlega 7. gr. frv.; einnig 4. gr., sem fjallar um það, að þegar áfengi er flutt inn í gróðaskyni, þá sje sektin miklu hærri en ella. Ennfremur ákvæðin í 1. gr.

um landhelgina. 5. og 6. gr. frv. eru líka til bóta og stefna í rjetta átt. Og verði frv. samþykt, er búið að bæta úr flestum göllum, sem reynslan hefir sýnt, að eru á framkvæmd bannlaganna.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get verið ánægður með álit hv. nefndar, sjerstaklega minni hl. Og sömuleiðis með álit meiri hl. að því leyti, er hann viðurkennir frv. gagnlegt eins og það liggur fyrir.

Mjer skilst, að aðalbreytingin, er nefndin vill gera á frv., sje sú, að afnema hið svonefnda læknabrennivín. Jeg skal ekki segja neitt um það, hvort nauðsyn er á því að hafa slíka heimild fyrir lækna. Mig brestur þekking á því, hvers virði spiritus eða brennivín er til lækninga. Jeg hefi að vísu haldið, að það væri ekki jafnnauðsynlegt og margir læknar segja. Þó er það víst, að víðsvegar um heim telja læknar áfengi nauðsynlegt læknislyf, og þá er varhugavert að banna læknum að nota það. Ef samþykt læknafundarins á Akureyri í sumar hefði staðið ómótmælt, þá hefði máske mátt taka hana til greina. En síðan sá fundur var haldinn, hefir komið í ljós, að þetta var ekki álit læknastjettarinnar íslensku í heild. Jeg hefi minst á þetta atriði við þann lækni, er jeg treysti best af öllum læknum landsins, og hann taldi að vísu ekki nauðsynlegt að hafa áfengi, spiritus, brennivín eða konjak, til lækninga, en á hinn bóginn ekki tiltækilegt að meina læknum að nota vín, sem annars er leyfilegt að selja í landinu. Það er og vitanlegt, að hægt er að gefa út lyfseðla á ýmsar áfengisblöndur, sem komið geta í stað brennivíns, og það hefir sýnt sig í máli, sem hjer hefir komið fyrir dómstólana. Þó mætti takmarka misbrúkun á því að gefa út slíkar lyfjaávísanir, t. d. á sama hátt og gert er í Bandaríkjunum, að læknar þurfi sjerstakt leyfi til þess að gefa þær ávísanir. Auðvitað má hugsa sjer ýmsa vegu í þessu, en með frv. er reynt að koma í veg fyrir misbrúkun í þessu efni.

Það er alveg rjett, að læknar hafa misbrúkað rjett sinn, enda hafa þeir verið sektaðir fyrir það. Jeg hefi reynt að láta rannsaka sem best slík brot og nýlega hefir verið kveðinn upp dómur, er fer í þá átt að sýkna lækni, þótt hann hafi ekki fylgt reglugerðinni frá 1922. Eins og nú stendur horfir málið þannig við, að verði dóminum ekki breytt í hæstarjetti, þá verður læknir ekki brotlegur, þótt hann fari út fyrir þau takmörk, sem sett eru. En auðvitað verður dóminum áfrýjað.

Jeg reyndi að semja frv. þannig, að auðveldara væri en áður að takmarka misnotkun í þessu efni. Vil jeg ráðleggja háttv. deild að samþykkja ekki brtt. hv. meiri hl., heldur láta frv. ganga fram eins og það er.

Aðrar brtt. meiri hl. eru minni háttar, svo sem um leyfi Eimskipafjelagsins til þess að hafa áfengi á skipum sínum, og um hið svokallaða konsúlabrennivín. Um Eimskipafjelagið er það rjett, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) sagði, að skip þessi eru aðþrengd í samkepni við önnur fjelög, og er því athugavert að svifta þau þeim rjetti, er öllum öðrum skipum er heimilaður. Og satt að segja tel jeg það lítilsvirði fyrir bannlögin, hvort heimild þessi er eða ekki. Jeg veit, að framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins er ekki vel við vínveitingar á skipum þess og vildi helst vera laus við þær, en hann telur það býsna mikið óhagræði fyrir skipin, ef þau hefðu ekki sama rjett í þessu efni og önnur skip, sem keppa við þau.

Hv. frsm. meiri hl. (JBald) sagði, að

sendimenn annara ríkja væru ekki of góðir til þess að lifa undir sömu lögum og við sjálfir. En alstaðar annarsstaðar hafa þeir sjerstöðu í þessu efni, og það er viðurkent í alþjóðarjetti, að þeir skuli hafa hana. Og við erum ekki meiri menn, þótt við breyttum út frá því, Að minsta kosti hafa Bandaríkin ekki haldið sig svo mikil, að þau gætu breytt út af þessu, enda þótt þar hafi fyrir skemstu, hjá einni sendiherrasveitinni, komið fyrir stórkostleg misnotkun á þessu leyfi. Tel jeg því ekki rjett gagnvart þessum fáu erlendu sendimönnum, sem hjer eru og ekki er vitanlegt um, að hafi nokkru sinni misbrúkað þennan rjett sinn, að svifta þá honum.

Mjer var sagt (jeg var þá ekki hjer í deildinni), að hv. frsm. meiri hl. hefði talað um slælega framkvæmd bannlaganna. Jeg skil ekki, hvaða áhrif það ætti að hafa á málið hjer í deildinni.

Þetta mál er svo margrætt þing eftir þing, að jeg hygg, að hv. þdm. þurfi ekki frekari skýringa. Vil jeg leggja til, að hv. þm. láti frv. ganga fram óbreytt. Það miðar að því að gera framkvæmd bannlaganna auðveldari, og um refsiákvæðin hygg jeg, að sæmilega sje gætt hófs. Hygg jeg, að með því sjeu gerðar svo sæmilegar bætur á bannlögunum, að bæði bannmönnum og öðrum sje óhætt að samþykkja það.

Ein breyting, sem ekki er tekin upp í frv., gæti að sjálfsögðu orðið bannmálinu að miklu gagni, sú, að setja einn rannsóknardómara fyrir alt landið fyrir það mál. Jeg býst við, að hv. nefnd hafi ekki sjeð sjer fært heldur að koma fram með þá brtt. að þessu sinni. Slíkt mundi að vísu kosta nokkuð, en það hefði legið næst að gera þá breytingu, ef breyta ætti frekar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla ekki að leggja margt til málanna nú. Treysti hv. frsm. meiri hl. (JBald) vel til að halda á málstað bannmanna. Þakka jeg háttv. nefnd góða afgreiðslu málsins, og þá fyrst og fremst meiri hl. hennar, því að till. hans eru að mínu skapi. Og það verð jeg að segja, að önnur er nú meðferð þessa máls en á þinginu í fyrra, bæði betri og skjótari. Og einnig þakka jeg hv. minni hl. það, að hann hefir sjeð sjer fært að ganga þó að frv., því að það er þó betra en ekki neitt.

Þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð var á bannlögunum 1922 og '23 hefir það hvergi komið fram, nema síður sje, að Ísland vildi ekki vera bannland áfram. Sú undanþága, sem gefin var 1922 og '23, var ekki gefin vegna þess, að þjóðin hefði skift um skap í þessu máli, heldur var hún gefin vegna þess, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar var í voða staddur. Og bannvinir þoldu það, að þessi undanþága væri veitt, af því að þeir sáu, hvílík vá var fyrir dyrum.

En einmitt af því, að bannmenn gengu inn á að veita þessa undanþágu, sem þeir vissu þó, að yrði til að lama tilgang bannsins til stórra muna, einmitt vegna þess, segi jeg, er það skylda stjórnar og þings að sinna þeim kröfum, sem bannvinir bera fram til þess að þetta brot af bannlögum, sem eftir er, nái tilgangi sínum að svo miklu leyti sem hægt er, og að sýnt sje í verkinu, að þjóðin sje ennþá bannhugsjóninni trú.

Út frá þessum forsendum segi jeg þá það, að Alþingi beri fyrst og fremst að hlýða sjerstaklega á allar þær till., er forgöngumenn bannmálsins bera fram, því að þeir eru best færir um að dæma um, hvað heppilegast er í þessu máli, og þeim ein-

um trúandi að bera það eitt fram, sem landi og þjóð er fyrir bestu, því að hjá þeim er áhuginn vakandi um að hinn góði tilgangur laganna náist.

Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að við hv. þm. Borgf. (PO) hefðum fengið frv. frá Stórstúku Íslands um breytingar á bannlögunum, en óráðið væri, hvort við bærum það fram eða tækjum úr því það, sem okkur þætti máli skifta, og flyttum það sem brtt. við stjfrv.

Við hnigum að því ráði, til þess að forðast frekari úlfúð og sundurlyndi í þinginu, að afhenda hv. allshn. frv. til athugunar, með þeirri ósk, að hún gæti að sem mestu leyti samrýmt það brtt. sínum við stjfrv. Þetta hefir nefndin gert, eða meiri hl. hennar, að töluverðu leyti; að vísu er ýmislegt eftir í frv. stórstúkunnar, sem meiri hl. hefir ekki tekið upp, en við erum þakklátir fyrir það, sem gert er. Sjálfir höfum við ekki borið fram neinar brtt. enn, og bíðum átekta með það um stund, eða sjáum fyrst, hvernig brtt. meiri hl. reiðir af nú við þessa umr.

Jeg mun fylgja öllum brtt. meiri hl. nefndarinnar, þó jeg hinsvegar verði að játa, að allar þessar breytingar sjeu, að mínu viti, ekki jafnnauðsynlegar. Ein af þessum breytingum er þýðingarmest af þeim öllum og fyrir mjer stærsta atriðið í þessu máli. Það er að afnema „læknabrennivínið" svokallaða, eða losa lækna við það leyfi að gefa eða afhenda áfengi eftir lyfseðlum. Það leikur ekki á tveim tungum, að margir læknar, — jeg segi ekki allir, því ýmsar heiðarlegar undantekningar þekkjast þó, sem betur fer, — hafa misnotað þetta leyfi, enda eru það hæstu kröfur allra sannra bannvina, að þetta verði numið úr lögum sem allra fyrst, og að slíkum kröfum stend jeg fast.

Aðstaða þingsins er og betri nú en áður í þessu máli, þar sem kunnugt er, að á læknaþingi Íslands, sem háð var á Akureyri í sumar, var samþykt með 10 atkv. gegn 2 að fella niður úr lögunum, að læknar mættu afhenda áfengi eftir lyfseðlum. Þegar slík krafa kemur frá læknunum sjálfum, ætti þingið ekki að vera í neinum vafa um, hvað gera skal. Þess vegna kom mjer hálfkynlega fyrir að heyra af vörum hæstv. forsrh. (JM), að ástæðulaust væri að taka þessa ályktun læknaþingsins til greina vegna þess, að á Akureyri hefði aðeins verið samankominn nokkur hluti lækna. Mjer er að vísu kunnugt, að læknafundur hjer í Reykjavík í haust lagði til það gagnstæða. En þarflaust er að taka svo til orða, eins og hæstv. forsrh. (JM), að minni hluti lækna hefði staðið að Akureyrarályktuninni, enda er mjer ekki kunnugt um, að meiri hluti lækna landsins hafi verið á þessum Reykjavíkurfundi. En fyrir mjer er þó aðalatriðið það, að Akureyrarfundurinn var aðalþing lækna og þangað komnir læknar víðsvegar að af landinu, svo mjer finst meiri ástæða til að taka mark á þeim till., sem þar voru samþyktar, heldur en að byggja nokkuð á Reykjavíkurfundinum, þar sem kannske hafa verið samankomnir ýmsir þeir læknar, sem vitanlegt er um, að hafa misnotað þetta margumþráttaða leyfi. Það er vitanlegt, að sumir læknar hjer í Reykjavík hafa drjúgar tekjur af því að telja áfengislyfseðla, og þá ekki nema von til, þó að þeir greiði atkvæði móti því að missa svo góðan spón úr askinum sínum.

Þá ætla jeg að víkja fáum orðum að háttv. þm. V.-Sk. (JK), frsm. minni hl. Honum fórust orð eitthvað á þá leið, að breytingartill. þær, sem meiri hl. nefndar-

innar bæri fram, stefndu í beinan voða, ef þær næðu samþykki deildarinnar.

Það hefir nú reynst erfitt að rökræða nokkurt mál við þennan hv. þm., enda ætla jeg að sleppa því. En jeg verð að segja það, að það megi undarlegt vera, ef það stefni landi og þjóð í hreinan og beinan voða að samþykkja þá till., sem fimmfaldur meiri hluti lækna samþykkir á læknaþingi Íslands og sem allir bannvinir á landinu standa að. Slíkar staðhæfingar eru fjarstæða og ekki orðum eyðandi um þær.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í ræðu hv. þm., enda var hún aðallega stíluð gegn brtt. meiri hl. og verður að vonum svarað úr þeirri átt.

Hæstv. forsrh. (JM) lýsti því yfir, að hann vildi heldur, að frv. fengi fram að ganga óbreytt. Jeg er honum sammála um, að betra er en ekki, að það gangi fram óbreytt. En vel viðunandi tel jeg ekki afgreiðslu þess, nema sú breyting fáist, að læknabrennivínið sje afnumið. Það er fyrir mjer langstærsta atriðið, að fá það af numið.

Áður en jeg sest niður, vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta, að mjög æskilegt væri, að brtt. 2, a. á þskj. 163 yrði borin upp í tvennu lagi. Þar er um tvö óskyld atriði að ræða; annað er um leyfi læknum til handa að láta úti áfengislyfseðla, en hitt um konsúlabrennivínið.

Forseti (BSv): Þar sem því hefir verið beint til forseta að skifta atkvgr. um brtt. 2, a. á þskj. 163, svo að till. þessi verði borin fram í tvennu lagi, þá verð jeg að benda á tormerki, sem á því eru. — Segir svo í 45. gr. þingskapa:

„Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sje skift, *ef hann gerir það áður en umræður hefjast.*“

Nú hefir þessu skilyrði ekki verið fullnægt. — En þar sem búast má við, að umr. verði ekki lokið um málið á þessum fundi, þá mun vinnast nægur tími til þess að bera fram till. um skifting fyrnefndrar till. samkvæmt þingsköpum áður en atkvgr. fer fram, og virðist mjer því eigi nauðsyn á að kveða upp úrskurð um þetta að svo stöddu.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það hafa orðið lítið meiri andmæli gegn brtt. okkar meirihlutamanna en við gátum búist við. Okkur var kunnug afstaða háttv. þm. V.-Sk. (JK) úr nefndinni og vissum, að hann mundi leggjast á móti okkur, en um hæstv. forsrh. (JM) var okkur ekki jafnljóst, þó við hinsvegar gerðum ráð fyrir, að hann mundi verða á móti ýmsum þeim atriðum, er við berum fram.

Það, sem hv. frsm. minni hl. (JK) sagði um rjettarmeðvitund almennings, eða að hann vildi ekki vera með að samþykkja þær till., sem gengju á móti rjettarmeðvitund þjóðarinnar, þá verð jeg að líta svo á, að hann viti lítið, hvað hann sje að fara; hann hefir ekki spurt þjóðina, hvað hún vilji í þessu efni. En hitt get jeg fullvissað hann um, að þjóðin, eða meiri hl. hennar, mun standa nær till. okkar meirihlutamanna í þessu máli en hans, svo að ef það er vilji hans að fara eftir rjettarmeðvitund almennings, þá ætti hann að fylgja okkar máli.

Það, sem hann hafði eftir mjer um hlutdeildarmennina, var ekki rjett. Jeg taldi það til bóta, sem þar er breytt, en ljet þess hinsvegar getið, að líklega væri þetta upp tekið í frv. vegna nokkurskonar

samviskubits út af slælegri rannsókn á stórfeldum bannlagabrotum núna fyrir skömmu.

Þá rakti hv. þm. V.-Sk. (JK) sögu bannlaganna og taldi fram allar þær breytingar, sem á þeim hafa verið gerðar frá því fyrsta. En öll sú nákvæma og sögulega fræðsla lögfræðingsins sannar aðeins það, er jeg hjelt fram í fyrri ræðu minni, að þingið hefði altaf frá því fyrsta verið að krukka í lögin og hver breyting miðað í þessa ákveðnu átt: að draga sem mest úr tilgangi laganna og gera þau aðeins að áhrifalausu pappírsgagni. En það er ekki til neins fyrir okkur að deila um þetta; hann er andbanningur en jeg er bannvinur. Hann segir, að við eigum engin bannlög að hafa og að þau sjeu vond; jeg segi, að bannlögin sjeu okkur nauðsynleg og góð, og þess vegna beri okkur skylda til þess að vernda þau og bæta.

Þá skildist mjer, að hann í röksemdum sínum gegn aðaltill. okkar þættist greiða okkur rothögg, með því að væri kipt í burt rjetti lækna til þess að gefa lyfseðla á áfengi, þá mundu læknar taka upp það, sem ekki væri bannlögunum betra, þeir mundu fara að selja spíritus.

Jeg er nú hálfhræddur um, að hann hafi ekki athugað nógu rækilega lagaákvæðin um þetta, ef hann heldur, að tillögur okkar geri það að verkum, að eftirleiðis verði læknum þá heimilt að selja spíritus eftir vild.

Það stendur hvergi í bannlögunum, að læknum sje heimilað að gefa lyfseðla á spíritus til neyslu. Og þó slíkt hefði staðið í bannlögunum, þá væru þau ákvæði ekki framar í gildi, síðan sett voru lög um einkasölu ríkisins á áfengi og reglugerð í sambandi við þau, sem út var gefin 7. ágúst 1922 og lýtur að heimild lækna til að selja áfengi.

Upphaf 2. gr. þessarar reglugerðar hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Lyfsölum og læknum er ekki heimilt að selja ómengað áfengi (spíritus), hvorki óblandað nje blandað öðrum efnum, til neins annars en lækninga, sjúkdómsrannsókna og annara íðkana í læknisvísindum“ o. s. frv.

Af þessu er auðsætt, að rothögg það, sem hann ætlaði að greiða okkur meirihlutamönnum, hefir nú snúist að honum sjálfum og öll hans mikla röksemdafærsla fallin um sjálfa sig. Þetta var nú aðaluppistaðan í ástæðum þeim, er hann færði gegn brtt. okkar um afnám „læknabrennivínsins“.

En það er alveg rjett, sem hann sagði, að læknar yrðu að fá spíritus, en það fá þeir eftir öðrum lögum. Um þetta spurði jeg landlækni núna undir umr., og sagði hann mjer einmitt þetta.

Það er satt, að læknarnir sjálfir eru ekki sammála um þetta atriði. Sumir vilja fyrirbyggja það, að læknar geti misnotað heimildina, og telja því sjálfsagt að strika hana á burt, en aðrir vilja halda dauðahaldi í hana. Og sem dæmi þess höfum við þessar tvær samþyktir lækna, sem minst hefir verið á: Læknaþingið vildi í sumar afnema hana, en Læknafjelag Reykjavíkur halda henni. En eins og hv. þm. Str. (TrÞ) tók rjettilega fram, þá tel jeg meiri ástæðu til að fara eftir því, sem læknaþingið samþykkir, heldur en Læknafjelag Reykjavíkur. Enda ættu ekki læknar hjer í Reykjavík, sem misnotað hafa heimild sína til að gefa út lyfseðla á áfengi, að eiga atkvæðisrjett

um þessi mál, eða dæma í sinni sök, því margir eru brotlegir, eins og hæstv. forsrh. (JM) benti á.

Þá er það Eimskipafjelagið og rjettur þess til að veita og selja áfengi á skipum sínum. Hv. þm. V.-Sk. (JK) kom ekki með neitt nýtt í þeim málum. Við vissum það áður, að fjelagið er okkur meirihlutamönnum andstætt í skoðunum á þessu, en hitt eru staðhæfingar út í loftið, og ekki á neinum rökum bygt, að fjárhag fjelagsins sje stefnt í voða vegna þess, að fjöldi manna hætti að ferðast með skipum þess, ef tekið verður af fjelaginu leyfi til þess að selja eða veita áfengi á skipunum. En um hitt blandast mjer ekki hugur, að okkur væri það til sóma, bæði inn á við og út á við, að þurka skipin af áfengi, svo framarlega sem við hugsum til þess að vera bannþjóð áfram.

Þá er það „konsúlabrennivínið" svonefnda. Jeg skal játa, að út af fyrir sig er þetta ekki stórt atriði, en mjer finst eðlilegra, að ræðismönnum sje engin undanþága veitt í þessu efni. Og mjer finst það alls ekki nein ókurteisi gagnvart þessum erlendu sendimönnum, eða að þeim sje á nokkurn hátt gert rangt til, þó að þeir verði að búa undir sömu lögum og reglugerðum eins og sjálf börn landsins. Hvað tíðkast í Ameríku í þessu efni, finst mjer að okkur komi ekkert við. Við setjum lög fyrir okkur og hegðum okkur eftir þeim, án þess að seilast til Vesturheims. Annars kem jeg síðar að þessu atriði, er jeg svara hæstv. forsrh. (JM).

Jeg hefi áður vikið að breytingartill. meiri hluta nefndarinnar um húsrannsókn án dómsúrskurðar í framsöguræðu minni og þarf eiginlega ekki að fara um það fleiri orðum. Þetta getur líka hver maður skilið, hvílíka örðugleika það bakar lögreglunni í eltingaleiknum við launsalana, að mega ekki umsvifalaust gera húsrannsókn hjá þeim, enda þótt hún viti mennina seka, en að verða að bíða úrskurðar bæjarfógeta, uns alt er um seinan. Þessi rannsókn getur heldur ekki tekið til annara en þeirra, sem áður hafa orðið brotlegir við 1. málsgr. 12. gr.

Jeg hefi einnig áður minst á lyfseðla sölu lækna, eða öllu heldur afnám hennar, og hefi þar litlu við að bæta. Því hefir verið haldið fram, að læknar myndu selja áfengi í öðrum myndum, ef þessi ákvæði næðu fram að ganga. Þeir myndu selja spíritusblöndur undir ýmsu yfirskini. Þetta kynni að koma fyrir, en þó myndu ekki aðrir læknar gera það en þeir, sem annars leitast við að brjóta bannlögin á hvern hátt sem þeim gefst kostur á. Þessir menn eru máske til, en jeg bæði veit og vona, að heiðarlegu læknarnir sjeu hjer í miklum meiri hluta og láti ekki hafa sig til slíkra lögbrota.

Um konsúlabrennivínið get jeg verið fáorður. Að vísu hafa ekki komið fram kvartanir yfir því, að því hafi verið misbeitt. En bæði virðist það fremur óviðkunnanlegt, að ræðismenn geti ekki hlítt lögum þeirrar þjóðar, sem þeir eru búsettir hjá, eða venjum hennar í mat og drykk, og auk þess segir það sig sjálft, að t. d. ræðismaður sunnan af Frakklandi fer hjer á mis við ýmislegt í lifnaðarháttum, sem hann gat notið í átthögum sínum.

Þá var reynt að bera í bætifláka fyrir eftirlitið með bannlögunum. Það er nú á hvers manns vitorði, að það hefir verið harla slælegt, enda er það margviðurkent, jafnvel af sjálfum forsrh. (JM).

Hann hefir lagt til, að skipaður yrði sjerstakur rannsóknardómari í bannlagabrotum, og það er óneitanlega óbein játn-

ing um það, að einhverjar veilur hafi verið í eftirlitinu hingað til, enda þarf ekki um það að þrátta.

Jeg get þá lokið máli mínu að sinni, enda býst jeg við, að umræðunum verði frestað að sinni, þar sem fundartími er þegar á enda, og verður því tækifæri til að segja fleira um málið við framhald umræðunnar.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 163,1 samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald.

nei: JK, JÞ, MJ, SigurjJ, ÞórJ. ÁF, ÁJ, BL, HK, JAJ, BSv.

Þrír þm. (BJ, MG, PO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 163,2.a feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JBald, JS, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.

nei: BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MJ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BSv.

Tveir þm. (MG, PO) fjarstaddir.

Brtt. 163,2.b feld með 14:9 atkv.

— 163,2.c.I feld með 14:8 atkv.

— 163,2.c.II samþ. með 16:7 atkv.

— 163,2.c.III samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JS, JörB, MJ, MT,

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JAJ, JK, JÞ, KlJ, BSv.

Tveir þm. (PO, MG) fjarstaddir.

Ný 2. gr. þar með ákveðin.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 163,2.d (verður ný 4. gr.) samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JS, JörB.

nei: MJ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JAJ, JK, JÞ, BSv.

Tveir þm. (MG, PO) fjarstaddir.

Brtt. 163,3 feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JBald, JS, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.

nei: BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MJ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BSv.

Tveir þm. (MG, PO) fjarstaddir.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 163,4.a (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 14:8 atkv.

Þegar greiða skyldi atkvæði um brtt. 163,4.b, mælti

Björn Líndal: Till. þessi brýtur í bág við stjórnarskrána, og á því að vísa henni frá.

Forseti (BSv): Jeg tek mjer ekki úrskurðarvald í þessu máli að svo stöddu, en vísa því til hæstv. stjórnar, hvort hjer sje um stjórnarskrárbrot að ræða eður eigi.

Forsætisráðherra (JM): Að mínu áliti er ekki ótvírætt, að atriði þetta fari ekki

í bág við stjórnarskrána; það er á valdi hæstv. forseta að skera úr um það.

Forseti (BSv): Til þess að fella úrskurð þarf jeg umhugsunartíma, en vil fyrst spyrja háttv. flm. till., hvort þeir vilji taka hana aftur.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Við þurfum líka umhugsunartíma; og ef við eigum að taka till. aftur, verðum við að biðja um fundarhlje til að athuga það.

Forseti (BSv): Það er sýnt, að menn geta ekki komið sjer saman, og verður þá gefið fundarhlje í 10 mínútur.

Að loknu fundarhljei mælti

Forseti (BSv): Vilja hv. flm. till. taka aftur till. sína? *(JBald:* Nei). Þá kveð jeg upp þennan úrskurð:

62. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild."

Eftir þessu virðist auðsætt, að húsrannsókn megi gera án dómsúrskurðar, *ef sjerstök lagaheimild er fyrir því,* og þar sem þessi till. fer ekki fram á annað en að veita slíka lagaheimild, þá virðist ekki ástæða til að vísa till. frá, og kemur hún því til atkvæða.

Brtt. 163,4.b feld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, JakM, JBald, MT, PÞ, TrÞ.

nei: ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BJ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MJ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, BSv.

Tveir þm. (MG, PO) fjarstaddir.

4. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 163,5 tekin aftur.

5. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 163,6 tekin aftur.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

7.—10. gr. (verða 10.—13. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MJ, MT, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK.

nei: JakM, ÁF, BJ, BSv.

Tveir þm. (MG, PO) fjarstaddir.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 333, 344, 345).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg á hjer með öðrum hv. þdm. brtt. á 2 þskj. Önnur þeirra, brtt. á þskj. 345, er aðeins formsatriði, en brtt. á þskj. 344 er breytingaratriði, og fer fram á tvent. Fyrra atriðið er að hækka sektir í 500—5000 kr., og er það í samræmi við 7. gr. stjfrv. En hitt fer fram á að svifta lækna rjetti til þess að gefa út lyfseðla á áfengi, er þeir hafa brotið tvisvar. Get jeg ekki skilið í öðru en að þeir, sem á annað borð vilja að bannlögin haldist, hljóti að fallast á það, að læknar þeir, er þannig misnota þennan rjett sinn, verði sviftir

rjetti til þess að gefa út slíka lyfseðla. Benda má á það, að allmargir læknar hafa verið kærðir fyrir að hafa misnotað þennan rjett lækna til að gefa út lyfseðla á áfengi, og í einu læknishjeraði hafa tveir læknar nýlega verið kærðir fyrir að hafa, hvort um sig, gefið út slíka seðla, ekki svo tugum eða hundruðum skiftir, heldur jafnvel svo þúsundum skiftir á einu ári. En sektir þær, sem í lögunum eru lagðar við, ef brotið er á þennan hátt, eru svo lágar, að þær beinlínis egna þá, sem svo eru gerðir, til lögbrota.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil taka undir það, sem fyr var sagt, að ekki þarf langar umræður um þetta mál, nje heldur brtt. þær, er fyrir liggja. Mjer virðist, að það sje óhætt að láta nú skeika að sköpuðu um það, hvernig atkvgr. ræðst.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg vil lýsa því yfir frá minni hálfu, að minni hl. nefndarinnar er á móti brtt. á þskj. 344.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hæstv. forsrh. hafði eiginlega ekki neitt út á þessa till. að setja, að mjer skilst, eða ekki annað en það, að hún muni tefja fyrir því, að málið gangi fram. Jeg skil naumast í því, þar sem þetta er í raun og veru í áttina við það, sem hæstv. forsrh. (JM) vill vera láta í frv. Því hann ætlast til að svifta læknana leyfi við þriðja brot, en jeg fer nokkuð lengra í sömu átt.

Hæstv. forsrh. vildi færa það sem afsökun fyrir læknana, að það væri kannske ekki ásetningssynd, þegar þeir brytu í fyrsta sinn. Hver heilvita maður lætur sjer detta í hug, að þeir, sem komast í læknisembætti, sjeu svo illa að sjer, að þeir viti ekki, hvað þeir eru að gera, þegar þeir gefa áfengislyfseðla, viti ekki, að þeir eru að fremja lagabrot? Jeg held, að hvorki þingmenn nje aðrir þurfi að vera að blekkja sig í þessu efni. Og ef þeir ekki fullvissa sig um það í hvert skifti, sem þeir gefa út lyfseðil, að þess sje þörf, þá álít jeg þá menn ekki hæfa til að vera lækna. Frá þessu sjónarmiði er það alveg forsvaranlegt að svifta þá rjettinum við fyrsta brot. Því læknar eiga ekki að hafa heimild til að gefa út lyfseðla, nema þeir hafi fullvissað sig um, að það sje nauðsynlegt fyrir þá sjúklinga, sem þeir hafa undir höndum. En þegar þeir í stórum stíl selja áfengi hverjum, sem hafa vill, og hafa meira að segja opnar skrifstofur í þessu skyni, — ja, jeg sje eiginlega ekki, að það sje vandgert við slíka lækna.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) leggur fyrir hönd minni hl. allshn. á móti þessari till. Það kemur mjer ekkert á óvart, því jeg efast um, að hann fylgi jafnvel sjálfu stjfrv. fast fram. En þar sem hann talaði um að hafa það í lögunum, að læknar skyldu aðeins sviftir lækningaleyfi eftir dómi, þá er því þar til að svara, að þótt það sje felt niður með brtt. okkar, þá verða læknar sviftir rjetti til að gefa út seðla á áfengi um leið og sektin verður ákveðin, og það verður auðvitað með dómi. Þess vegna þarf hv. þm. ekki að vera á móti tillögunni.

ATKVGR.

Brtt. 344 samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JS, MJ, MT, PO, PÞ, ÞorlJ.

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MG.

Þrír þm. (BJ, JörB, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 345,1—3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 360).

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Þær breytingar, sem farið var fram á í stjfrv., eru þær einar, sem reynslan hefir sýnt, að eru nauðsynlegar. Býst jeg við, að samkomulag náist um þær í þessari hv. deild, eins og í háttv. Nd., þar sem jeg minnist þess ekki, að andmælum væri hreyft gegn nokkru atriði frv. Ein aðalbreytingin er sú, að ekki aðeins þeir, sem fremja brotið, verknaðinn, sæti refsingu, heldur og hlutdeildarmenn. Þá hafa og sektir verið hækkaðar, og vil jeg benda á lög um sektir í því sambandi.

Jeg sje ekki ástæðu til frekari ummæla um frv. þetta á þessu stigi málsins. Rjett væri þó máske að benda á eitt atriði, um útfærslu landhelginnar. Í háttv. Nd. komu fram brtt., sem jeg álít ekki heppilegar, en jeg veit þó ekki, hvort ástæða er til, þrátt fyrir það, að senda frv. aftur þangað. Hygg þó rjettast að vísa frv. til allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 435).

Frsm. (Jónas Jónsson): Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykt óbreytt; þó vil jeg ekki halda því fram, að allir nefndarmenn sjeu að öllu leyti ánægðir með frv., síst á þann hátt, að það eru margir menn, sem álíta eins og t. d. jeg, að þörf sje á miklu víðtækari umbót á bannlögunum en þetta frv. gerir ráð fyrir. En vegna þess að varla þarf að vænta, að á þessu þingi verði hægt að koma fram verulegri efnisbreytingu á þeim lögum, þar eð svo áliðið er þingtímans, og þetta frv. felur í sjer ýmsar þær breytingar á lögunum, sem nefndin telur til bóta, viljum við leggja það til við háttv. deild, að frv. verði samþykt, og skal jeg nú í fám orðum skýra frá, hvaða breytingar á bannlögunum það eru, sem hjer ræðir um.

Þegar bannlögin voru sett árið 1909, var gert ráð fyrir, að leitt yrði í lög algert vínbann hjer á landi; en nú hefir framkvæmdin orðið önnur, og er hjer nú sem stendur ekki um að ræða bann gegn öðrum vínum en sterkum, brendum drykkjum, en leyfður innflutningur á flestum þeim vínum öðrum, sem siðað fólk drekkur. Þess vegna er í rauninni ekki rjett að tala um bann hjer á landi eins og nú standa sakir. Það ber bæði við hjer og annarsstaðar erlendis, þar sem hömlur eru lagðar á verslun með áfengi, að þangað koma oft skip hlaðin áfengi og bíða úti fyrir ströndum landsins tækifæris til að koma áfenginu í land og selja það þar. Þegar bannlögin voru sett hjer, var ekki gert ráð fyrir þesshättar athæfi, og þess vegna vantar í lögin viðeigandi hegningarákvæði um þvílíka lögbrjóta, eins og t. d. „Marian“ og „Veiðibjölluna“ o. fl. Það voru engir staðir til í lögum vorum, sem þessi skip yrðu dæmd eftir. Á þessari vöntun bannlaganna ræður frv.

það, sem hjer ræðir um, nokkra bót, er það heimilar að dæma skipin upptæk. Eykur það áhættuna við slíka verslun og ætti að miða til þess að draga úr ásókninni um að koma víni hjer á land. Ennfremur hefir hingað til vantað heimildir í lögin til að láta skipin vera að veði fyrir málskostnaði af málarekstri út af þvílíkum bannlagabrotum, en sá málskostnaður er oft allmikill, og þegar sumir sökudólgarnir hafa sloppið á braut og fengið að halda skipunum, hafa oftast nær þeir, sem dæmdir hafa verið fyrir sökina, gert sig gjaldþrota, og þannig hafa sektirnar sjaldnast fengist greiddar. Frv. ræður einnig bót á þessu. Flestar aðrar breytingar frv. eru smávægilegar aðeins.

En í sambandi við afgreiðslu þessa máls ætla jeg að víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh. (JM). Þegar nefndin hafði þetta mál til meðferðar, fjekk hún þrjá lækna til að koma á fund við sig, landlækni, formann Læknafjelags Íslands og formann Læknafjelags Reykjavíkur, og ræddu þeir málið við nefndina og afstöðu lækna yfirleitt til áfengislöggjafarinnar. Það er alkunna, að læknastjettin hefir orðið fyrir talsverðu ámæli fyrir það, að nokkrir læknar, — þeir eru ekki margir sem betur fer, — hafa gert sjer áfengissölu að atvinnu, eða öllu heldur sölu lyfseðla á áfengi. Af þessum ástæðum varð það á læknaþingi á Akureyri fyrir nokkru síðan, að meiri hl. lækna á því þingi ákvað að frábiðja læknum þau rjettindi að mega gefa út lyfseðla á áfengi.

Þetta var mjög merkilegur viðburður, er þarna voru samankomnir margir helstu læknar landsins og meiri hluti þeirra frábiður sjer rjettinn til að vera áfengissalar. Þó að þeir hefðu fengið þetta veitt, mundu samt margir hjeraðslæknar eftir sem áður hafa áfengi undir höndum, en í bæjum, þar sem eru lyfjabúðir eða skamt er til þeirra, þar mundi verða talið óþarft að gefa út áfengislyfseðla.

Með tilliti til þessarar samþyktar læknaþingsins á Akureyri gerði síðan landlæknir uppkast að frv. um þetta efni, en Læknafjelag Reykjavíkur gat ekki fallist á það, þrátt fyrir að meiri hluti lækna hefði samþykt þetta á Akureyri. Í Reykjavík og þar í grend virðist meiri hluti lækna vera á móti samþyktinni frá Akureyri og vill halda núverandi ástandi í þessu máli. Það mun aðallega vera af fræðilegum ástæðum, að meiri hl. lækna vill heldur halda í þau rjettindi, að læknar megi ávísa með lyfseðlum hverju sem er og þeir telja notandi til lækninga, og jafnvel áfengi; en þó er það ljóst, að læknastjettin er klofin um þetta mál, og eru báðir hlutar líklega nokkurn veginn jafnsterkir að höfðatölu. Helmingur læknastjettarinnar játar því notkun áfengisins. Frv., sem landlæknir gerði og vildi að stjórnin bæri fram, byggir á samþykt Akureyrarfundarins. Jeg býst við, að landlæknir hafi afhent landsstjórninni þetta uppkast sitt, en hún hafi ekki treyst sjer til að fylgja því máli fram, en hallast heldur að áliti og tillögum reykvísku læknanna. Enda þótt nefndin mæli með samþykt frv. eins og það er, kom það ótvírætt í ljós hjá tveimur læknunum af þessum þremur, að þeir teldu æskilegt, að eitthvað yrði sett í lög til að takmarka áfengisseðlaútgáfuna, og hefir nefndin því falið mjer að spyrja hæstv. forsrh. (JM), hvort hann treysti sjer ekki til að lofa því að leggja fyrir næsta þing frv. um takmörkun á hinu svonefnda læknabrennivíni og hafa það frv. í samræmi við nýjustu löggjöf um þetta efni,

sem sett hefir verið í Noregi. Landlæknir lagði áherslu á það við nefndina, að vegna embættisfærslu lækna og vegna læknastjettarinnar yfir höfuð, vildi hann helst losna við þessa lyfseðlaútgáfu á áfengi. Vildi landlæknir fá nefndina til að bera fram þáltill. um þetta efni, en við sáum ekki ástæðu til að bera fram sjerstaka þáltill. um þetta, ef hæstv. forsrh. (JM) vildi lofa því að láta endurbæta lögin að þessu leyti á næsta ári. Jeg má hafa það eftir landlækni, að hann hefir sagt, að þessi tilbreytni hefir haft góð áhrif í Noregi. Læknar þar verða nú síður fyrir ámæli af vínsölu, og jeg býst við því, er áfengislöggjöf okkar í flestu er hliðstæð áfengislöggjöf Norðmanna, að við gætum líka grætt á þessu. Að endingu vil jeg taka það fram, að þessi nýja tilhögun um læknabrennivín verður að ná til dýralækna.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get að vissu leyti sagt, að jeg er hv. nefnd þakklátur fyrir meðferð hennar á frv. Henni hefir að vísu ekki þótt nógu langt gengið. En með þessu frv. er reynt að bæta úr þeim göllum laganna, sem komið hafa fram við meðferð bannlagabrota. Því er það ekkert að undra, þótt ekki sje blandað öðru inn í, læknavíninu. En það er sammæli flestra manna, að breytingar frv. sjeu allar til bóta. Um hið svokallaða læknabrennivín er aftur á móti mikið deilt, hvort banna skuli læknum með öllu að gefa út áfengislyfseðla eða nota áfengi til lækninga. Jeg held, að hvergi í heiminum hafi þótt fært að banna þetta algerlega. Fyrir þá, sem vilja koma breytingum fram, er heppilegast að taka þetta sjer í lagi.

Það er nýmæli í þessu frv. að beita hegningu gegn hlutdeildarmönnum, og tel jeg það rjett, því að þeir geta einatt verið fult eins sekir sem þeir, er sjálfan verknaðinn drýgja. Hert er og mjög á hegningu.

Til skamms tíma hefir verið mjög mikil mótstaða gegn því, að mjög hörðum fangelsishegningum væri beitt í lögreglumálum. Þetta hefir nú mikið breyst.

Hv. frsm. (JJ) beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort stjórnin sæi sjer fært að bera fram sjerstakt frv. um eftirlit með læknum í þessu efni. Jeg hefi átt tal um þetta við landlækni í sambandi við norska löggjöf um þetta atriði. Ástandið hefir lagast þar í landi, en þar voru líka læknarnir miklu sekari í þessum efnum en hjá okkur. Jeg mun reyna að búa út og leggja fyrir næsta þing frv. í þessa átt, í samráði við landlækni. Jeg hefi átt tal við formenn læknafjelaganna beggja, og hafa þeir báðir áhuga á því að fyrirbyggja misnotkun áfengis af hálfu lækna, og þeir hafa talið sig fúsa til samvinnu um þetta mál. Og úr því þeir sjálfir hafa áhuga fyrir umbótum, þá er hægara aðstöðu fyrir stjórnina. Hefi jeg átt tal við þá um það, hvort banna ætti algerlega notkun áfengra drykkja til lækninga. Þeir voru mjer samdóma um, að það væri mjög varhugavert, meðan skoðanir lækna hjer á landi væru svo skiftar, sem nú eru þær.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg get lýst ánægju minni yfir undirtektum hæstv. forsrh. (JM). Vil samt minna á dýralæknana, að þeir verði ekki útundan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 360).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 480).

---

19. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (stjfrv., A. 9).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. er svo gamall kunningi hinnar hv. deildar, að það mun vera algerður óþarfi að fara um það mörgum orðum. Frv. í þessa átt hefir sem sje legið fyrir mörgum undanförnum þingum, en aldrei orðið útrætt, og í þetta skifti er það lagt fyrir þingið alveg samhljóða og í fyrra, og jeg hefi ekki talið ástæðu til að prenta frv. upp, ef enn skyldi svo fara, að það fyndi ekki náð fyrir þingsins augum.

Meðan vatnalögin voru ekki samþykt var eðlilegt, að frv. þetta sæti á hakanum, en nú þegar vatnalögin eru komin, virðast sjerleyfislög nauðsynlegur fylgifiskur þeirra, og mikil trygging ætti að vera í þeim fólgin, auk þess sem það er miklu betra fyrir hverja stjórn að hafa slíkar fastar reglur að mælisnúru, ef til sjerleyfisveitinga skyldi koma. Jeg vildi því mega óska þess, að frv. kæmist nú alla leið gegnum þingið.

Jeg sje ekki ástæðu til að ræða frekar um málið, en tek það fram, að þótt mál þetta hafi oftast farið til sjerstakrar nefndar, sje jeg ekki ástæðu til þess, að svo sje gert nú, er vatnalögin eru komin í höfn, og legg því til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, þegar þessari umræðu er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 57., 62. og 64. fundi í Nd., dagana 16., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 9, 182, n. 257).

Frsm. (Jón Kjartansson): Þetta mál er gamall kunningi á þingi, hefir verið hjer á hverju ári síðan fossanefndin skilaði áliti sínu árið 1919. Á Alþingi 1919 komu fram tvö frv. um virkjun vatnsorku. Voru þau samin af meiri hluta og öðrum minni hluta fossanefndarinnar, en einstakir þingmenn fluttu frumvörpin inn á þingið. Í byrjun þingsins var nefnd skipuð í báðum deildum til þess að fjalla um vatnamálið. Þessar nefndir gengu svo saman í eina samvinnunefnd.

Þessi samvinnunefnd flutti svo síðar á þinginu frv. um vatnsorkusjerleyfi, og var öll nefndin sammála um frumvarpið.

að einum undanskildum, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ).

Þetta frv. varð þó ekki útrætt á þinginu 1919. Á þingi 1921 lagði stjórnin fram frv. um vatnsorkusjerleyfi. Lagði hún til grundvallar frv. samvinnunefndar frá 1919, þó með nokkrum breytingum. Voru helstu breytingarnar þessar:

Við 2. gr. frv. Var sú breyting fólgin í því að færa niður hámark hestaflatölu þeirrar, sem heimilt sje að virkja án sjerleyfis frá landsstjórn. Samvinnunefnd setti hámarkið 10 þús. hestöfl, en stjórnin lagði til, að það væri fært niður í 500 hestöfl. Var það till. minni hl. fossanefndar. Meiri hl. setti hámarkið 200 hestöfl.

Önnur aðalbreytingin var við 7. gr. Í frv. samvinnunefndar var hámark þeirrar hestaflatölu, sem stjórnin mátti veita sjerleyfi til án samþykkis Alþingis, sett 10 þús. hestöfl. Stjórnin lagði til að færa þessa tölu upp í 25 þús. hestöfl og einnig að feld yrðu burtu ákvæðin um samþykki tveggja þinga með nýjum kosningum á milli, þegar um meiri hestaflatölu væri að ræða en 50 þús.

Þriðja breytingin var við 9. gr. 12. lið, um að setja í sjerleyfin sjálf, en ekki í lögin, ákvæðin um kostnað við eftirlit með virkjunum.

Fjórða aðalbreyting stjórnarinnar 1921 var við 11. gr., og má segja, að það sje veigamesta breytingin. Hún var fólgin í því að lengja sjerleyfistímann úr 55 árum upp í 65 ár. Þetta má telja stærstu breytinguna, sem stjórnin gerði á frv. samvinnunefndar, en í staðinn ljet hún koma ákvæðin í 33. og 34. gr. 33. gr. mælir svo fyrir, að þegar sjerleyfistíminn er liðinn, skuli orkuverið falla til ríkisins endurgjaldslaust, og 34. gr. veitir ríkinu innlausnarrjett á orkuveri og orkuveitu, þegar 40 ár eru liðin frá því að starfsemin byrjaði. Þetta voru höfuðbreytingarnar, sem stjórnin gerði á frv. samvinnunefndar, þegar hún lagði málið fyrir Alþingi 1921. En málið varð ekki útrætt á því þingi og hefir síðan komið aftur og aftur. Lengst komst það á þinginu 1923. Þá náði það samþykki við 2. umr. í Ed. Ed. gerði þá nokkrar efnisbreytingar á frv., og var aðalbreytingin sú, að lengja enn sjerleyfistímann um 10 ár, úr 65 árum upp í 75 ár. Önnur breyting var og gerð við 12. gr., að árgjaldið, sem í upphafi er ákveðið, haldist óbreytt í 35 ár, í stað 25. Þessar breytingar miða báðar að því að rýmka sjerleyfisskilyrðin, og voru þær báðar látnar halda sjer í frv. því, er stjórnin lagði fyrir þetta þing og hjer er nú til umræðu.

Allsherjarnefnd hefir nú athugað þetta frv. nokkuð nákvæmlega og er einróma þeirrar skoðunar, að rjett sje, að málið gangi fram. Hún getur fallist á stjfrv. eins og það liggur fyrir. Hún lítur svo á, að ekki sje rjett að setja sjerleyfisskilyrðin mjög ströng, síst til að byrja með, því að það geti fælt frá virkjun. En það telur nefndin ekki heppilegt. Að því leyti hygg jeg óhætt að segja, að allsherjarnefnd álíti þau skilyrði, sem frv. ákveður, mjög í hóf stilt. Nefndin hefir athugað brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem eru margar, en um þær hefir hún ekki getað orðið á eitt sátt. Hún getur þó einróma aðhylst þá síðustu, enda tel jeg hana veigamesta. Annars hefir nefndin óbundin atkv. um þessar brtt.

Það hefir heyrst, að hv. þm. (SvÓ) hafi með sumum brtt. sínum haft í hyggju að vekja upp gamlar deilur um eignarrjettinn á vatni. En svo mun ekki vera, heldur mun tilgangur hans með brtt.

hafa verið sá, að fá meira samræmi milli þessa frv. og vatnalaganna. Brtt. hans eru líka þannig orðaðar, að þær mundu í engu hafa áhrif á deiluna um eignarrjettarspursmálið. Sú deila var leidd til lykta með vatnalögunum, og það, sem frekar verður þar aðhafst, kemur til kasta dómstólanna. Hv. þm. geta því verið alveg óhræddir við till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ).

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið. Brtt. nefndarinnar eru að mestu orða breytingar, nema ein, sem miðar að því að samræma ákvæðin í 20. og 22. gr.

Jeg vona, að umr. þurfi ekki að verða langar og að ekki verði farið að vekja upp gamlar deilur um eignarrjettinn. Þær koma ekki þessu máli við. En þetta er mikið nauðsynjamál, sem þarfnast framgangs, og þar sem vatnalögin eru nú til lykta leidd, er nauðsynlegt að fá sem fyrst lög um virkjun stærri fallvatna.

Sveinn Ólafsson: Það hefir yfirleitt verið fremur hljótt um þetta frv. frá þingbyrjun alt til þessa, miklu hljóðara en á fyrirfarandi þingum. Það getur ekki stafað af því, að þm. líti svo á, að málið sje lítilsvert og litlu skifti, hvernig fer um frv.; ekki mun heldur svo ástatt, að þeir álíti það svo gallalaust, að ekki þurfi á það að líta. Hitt mun vera orsökin, að hugirnir hafa beinst miklu meir að öðrum viðfangsefnum og ekki gefið sjer eða haft tíma til þess að sinna þessu máli. Jeg hafði búist við, að hjer kæmu fram margar brtt. frá ýmsum þingmönnum, en sú hefir ekki orðið reyndin. Annars lít jeg svo á, að óumflýjanlegt sje að gera á þessu frv. þrjár breytingar í verulegum atriðum, til þess að það geti orðið að tilætluðum notum og til þess yfir höfuð að rjett sje að gera það að lögum. Jeg er hv. frsm. (JK) sammála um það, að nauðsyn sje að koma á lögum um notkun vatnsorku. Þau lög þurfa að útiloka þá hættu, sem nú stendur opin, að útlendingar, sem hafa í höndum verðmætustu vatnsrjettindin, geti gripið til þeirra án íhlutunar löggjafarvaldsins. En það er ekki útilokað, að þeir gætu það með leppuðum fyrirtækjum. Allir vita, að á þeirra höndum er mikið af verðmætustu vatnsrjettindum landsins. Það er álit mitt, og jeg held jeg megi segja meiri hl. vatnanefndarinnar frá 1919, að viðhafa beri alla gát um það að leyfa stórfeldar vatnsvirkjanir í þessu landi. Aðaltilgangurinn með því að setja sjerleyfislög um vatnsorkunýtingu hlýtur að vera hjer, eins og annarsstaðar, það tvent, að takmarka rjett einstaklinganna til þess að ráða yfir stórfeldum vatnsrjettindum, sjerstaklega þar, sem svo háttar til sem hjer, að yfirráðin eru í einstakra manna höndum, og í öðru lagi að setja ítarlegar reglur um virkjanirnar, sem álíta má nauðsynlegar fyrir einstaklinga og hlutaðeigandi hjeruð, eða þjóðfjelagið yfirleitt. Nú virðist mjer þetta frv. ekki vera sjerlega ítarlegt um þessa hluti. Öryggisákvæði þess fyrir hjeruð og einstaklinga virðast mjer óljós og tæp og miklu tæpari en tíðkast hjá öðrum vatnsiðjuþjóðum, svo sem Norðmönnum og Svíum. Í raun og veru er mjög auðsæilegt, að frv. er ekki eins ítarlegt og vera bæri eða hliðstætt við samkynja lög Norðmanna og Svía, nje heldur sniðið eftir vatnalögunum frá 1923. Frv. sjálft er forngripur frá þeim tíma, er deilt var um eignarrjettinn á vatni og vatnsrjettindum og óvíst var, hvað ofan á yrði. Nú er sú deila til lykta leidd, og því er viðhorfið alt annað. Þegar nú búið er að lögfesta vatnsrjettindin landeigendum til handa, eins og gert var með vatnalögun-

um 1923, verður að sjálfsögðu að samræma þessa löggjöf við þá, sem búið er að lögfesta. Allir sjá, að ekki má byggja þessa löggjöf á gagnstæðri stefnu þeirri, sem lögfest var. Jeg hefi fyrir þessa skuld, til þess að færa frv. nær tilgangi sínum, ef verða mætti, og gera það nothæfara, leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. Þær lúta allar að þeim þrem atriðum, sem jeg fyr nefndi, fyrst og fremst að því að samræma þessi lög við gildandi vatnalög, í öðru lagi að því að leggja sjerleyfisveitingarnar að meira leyti undir Alþingi, en að minna leyti undir stjórnina, og í þriðja lagi að því að útiloka svo sem hægt er of stórfeld eða skaðleg vatnsiðjufyrirtæki útlendinga, sem nú hafa eignarumráð mikilla vatnsrjettinda hjer á landi. Brtt. mínar lúta allar að þessu þrennu, og engu öðru en þessu þrennu.

Um ástæðurnar fyrir samræmingu við vatnalögin virðist ekki þörf að tala langt mál. Háttv. frsm. (JK) drap lítillega á þetta og taldi frv. samræmilegt við vatnalögin eins og það nú er. Jeg get ekki fallist á þá skoðun, en nokkrar af brtt. mínum lúta að því að færa þetta í lag. Jeg veit, að uppi er enn þessi gamla deila um eignarrjettinn á vatnsorkunni. En jeg lít sjálfur svo á, að vatnalögin frá 1923 hafi skorið úr því máli til fullnustu. Ef einhverjir hv. þm. eru í vafa um þetta, bið jeg þá að líta yfir 14., 15., 16., 39., 49., 53., 54. og 65. gr. vatnalaganna. Í þessum greinum er sjerstaklega viðurkendur eignarrjettur landeigenda á vatnsrjettindum og skýrt með lögnámsákvæðum, hvernig rjettindunum er háttað, þó að víðar sje á það minst. En það er einmitt af þessum greinum ljóst, í sambandi við frv., sem nú liggur fyrir, að þegar stórfeld vatnsrjettindi safnast á eins manns hendur, er sú hætta ávalt nærri, að slíkur maður, með leppmensku eða á annan hátt, geti reist þjóðfjelaginu hurðarás um öxl.

Það eru sjerstaklega ákvæðin um eignarumráðin eftir 49. gr. 1. lið vatnalaganna, sem hjer er ráðgert að takmarka þannig, að yfirráð sjeu ekki óháð yfir meiru en 500 hestöflum.

Það er af vatnalögunum sjálfum augljóst, sjerstaklega af 15. og 16. gr., að vatnsrjettindin geta gengið kaupum og sölum og þannig safnast á einstakra manna hendur.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta takmark, 500 hestöfl, er á rjettum stað. Í Noregi eru 1000 hestöfl undanþegin sjerleyfi. Hjer er þjóðfjelagið minna og fyrirtækin smáfeldari, og þess vegna líklega nær hæfi að hafa töluna 500.

Jeg skal svo, áður en jeg lýk máli mínu, minnast á brtt. mínar hverja fyrir sig.

Frv., sem fyrir liggur, er, eins og hv. frsm. (JK) tók fram, hið sama og lá fyrir þinginu 1923 og þá komst gegnum 2. umr. í Ed. En á því þingi var því breytt frá því, sem verið hafði 1921. Jeg er í miklum vafa um það, hvort þær breytingar hafa verið til nokkurra bóta. Sumar þeirra, svo sem breyting 2. gr., hafa jafnvel fremur gert frv. óljósara og óaðgengilegra en það áður var. Yfirleitt hefi jeg enga bót fundið í breytingunum frá 1923. 4. gr. t. d. virðist mjer lakari en hún var áður. Þar hefir sem sje verið bætt við nýjum 18. lið, sem mjer virðist hafa haft ógnarlitla þýðingu. Ennfremur hefir verið bætt við 12. gr. einum tölulið, þeim 7., sem jeg sje ekki betur en fari í bága við vatnalögin sjálf, 49. gr. En nú hefi jeg ekki lagt til, að þessir liðir verði feldir niður, hvorki 18. liður af 4. gr. nje heldur 7. liður af 12. gr., heldur hefi jeg

lagt til, að gerðar verði breytingar á þeim til samræmis.

Um brtt. mínar er það að segja, að breytingin við 2. gr. lýtur að því að tryggja það, að aðeins íslenskir þegnar, sem eiga yfir vatnsrjettindum að ráða, geti án sjerleyfis virkjað 500 eðlishestöfl, þó með þeirri takmörkun, að ef fallvatnið, sem virkjað er úr, hafi meiri orku en þetta, þá verði um leyfi að sækja, vegna þess að þá má vel vera, að sú minni háttar virkjun spilli þeirri meiri, sem síðar þarf að gera, ef á að nota hana; hinsvegar ætlast jeg til, að með þessu verði útilokað, að útlendingar, sem eiga hjer yfir vatnsrjettindum að ráða, geti notað þau án sjerstaks leyfis. Þess vegna tek jeg það fram, að aðeins íslenskir ríkisþegnar geti notað þau kvaðalaust. Önnur efnisbreyting er eigi gerð á þessari gr., nema að því leyti sem jeg legg til, að heimild stjórnarinnar til að leyfa sveitarfjelögum að virkja fram yfir 500 hestöfl er hjá mjer bundin við 2500 hestöfl. Það getur verið álitamál, hvort þetta takmark er á rjettum stað, en það virðist vera rjett að hafa einhver takmörk, og ef takmarkið virðist hjer of lágt, mætti breyta því til 3. umr.; en víðast hvar mun vera svo ástatt, að sveitarfjelög þurfi ekki að nota meira, þótt það geti komið fyrir, þar sem um bæi er að ræða eða stór og fjölmenn hjeruð, en þá mun virkjunin oftast standa í sambandi við einhvern atvinnurekstur, sem sjerleyfi þarf til.

Þá er brtt. við 4. gr.; hún er ekki í öðru falin en því, að orðalagi er dálítið vikið við og bætt inn í orðunum um heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota. Það á bersýnilega við í því sambandi, að nafn vatnsfallsins komi þar fram og heimildir þess, sem um leyfið sækir, til vatnsrjettindanna. Annars mætti líta svo á, að ekki þyrfti neinar heimildir fyrir vatninu til virkjunar. Það verður, að mínu viti, að standa þarna berum orðum, að sá maður, sem um leyfið sækir, hafi heimildir á því vatni, sem hann ætlar að nota.

Þá eru breytingarnar undir stafliðunum b og c við sömu gr., við 7. og 18. tölulið í gr. Stafliður b er aðeins orðabreyting til skýringar. Stafliður c er um það, að fært verði markið úr 500 hestöflum upp í 1000, þar sem talað er um þá undanþágu, sem stjórnin má veita frá umfangsmiklum kostnaði við undirbúning og áætlun um virkjun. Mjer virðist alveg óþarft að setja markið svo lágt sem 500; þar sem kröfurnar eru svo miklar og margháttaðar, áður en nokkurt leyfi er fengið, þá finst mjer ekki ástæða til að heimta þetta fyrir jafnlítið og 500 hestöfl.

Þá er 3. brtt., við 7. gr. Þar er farið fram á það, að sjerleyfisveiting af hendi stjórnarinnar sje bundin við 10 þús. hestöfl, en ekki við 25 þús., eins og í frv. er. Mjer finst yfir höfuð að tala svo lítil reynsla fengin í þessu landi um það, hver áhrif stærri virkjanir geti haft, að rjett sje, að Alþingi ráði því í slíkum tilfellum, hvenær virkjanir sjeu leyfðar. Jeg tel með því móti öryggið meira heldur en þegar stjórnin ákveður leyfið.

Þá er 4. brtt. mín, við 11. gr., og lýtur að því að stytta sjerleyfistímann úr 75 árum niður í 50 ár, sem lagt er til í frv. að sjerleyfistíminn verði. Jeg held, að þessi breyting sje í raun og veru alveg sjálfsögð. Vatnsiðjuþjóðirnar, sem næstar okkur búa og til skamms tíma höfðu miklu lengri sjerleyfistíma, jafnvel 99 ár, eru nú horfnar frá því og hafa fært sjerleyfistímann niður í 40 og 50 ár.

Árið 1917 var tíminn hjá Norðmönnum styttur niður í 50 ár, mig minnir úr 75

árum, sem áður var, og það er þjóð, sem reynslu hefir um þetta efni, og virðist rjett að byggja á henni.

5. brtt. er við 12. gr., í tveimur staflíðum, við 7. tölulið. Legg jeg til þá breytingu, að fyrir 200 komi 500 hestöfl, og geri jeg það vegna þess, að jeg álít, að ákvörðunin um 200 hestöfl geti ekki samrýmst við 49. gr. vatnalaganna nje heldur 2. gr. þessa frv. *(Atvrh. MG:* Alveg rjett). En það leiðir af því, sem jeg áður hefi sagt um þennan 7. lið 12 gr., að fella verður niður seinni hluta þessa töluliðar, eins og lagt er til í staflið b.

Þá er 6. brtt., hún er við 15. gr., 2. tölulið hennar; legg jeg þar til, að orðaður sje um sá töluliður á þann hátt, að þegar talinn verður fram kostnaður, sem sjerleyfishafi má byggja á matið á þeirri orku, sem hann lætur úti í almenningsþarfir, þá verði honum leyft að telja fram vatnsrjettindin eigi síður en lóðirnar, því að það er auðsjeð, að þau muni engu síður verðmæt en lóðir, sem notaðar eru við virkjunina. Allir vita, að óbygt land, sem ekki er í grend við bæi, er ekki í háu verði. Aftur er það kunnugt, að vatnsrjettindi, jafnvel með því lága verði, sem á þeim var þegar þau voru seld útlendingum, eru verðmeiri, og það er vitaskuld, að við ákvörðun á verðinu á orkunni verður sjerleyfishafi að hafa leyfi til að telja þau fram eins og annan stofnkostnað, sem ákveður gjaldið, þótt sjerleyfið sjálft sje undanskilið og hann fái ekki að meta það.

Um 7. brtt. mína get jeg verið fáorður. Hv. allshn. hefir í raun og veru fallist á hana; hún hefir lagt til, að upphaf 21. gr. verði orðað öðruvísi en það er í frv., ekki þó alveg eins og jeg legg til, en jeg get fullkomlega fallist á till. hennar, og tel hana jafnvel betur orðaða en mína.

Þá er 8. brtt. hjá mjer, við 33. gr. Hún hefir misprentast að vissu leyti. Þar á að standa 33. gr., 2. tölul. d., en þetta d hefir fallið burt í prentuninni; annars hljóta menn að finna þau tilvitnuðu orð í gr. Þar er lagt til, að fyrir „landareignir og mannvirki", eins og þar stendur, komi: landareignir, vatnsrjettindi og mannvirki. Þarna er sem sje um það að ræða, hvað skuli til greina koma og hvað gjalda skuli, þegar orkuverið er tekið af eiganda og lagt undir ríkið, áður en sjerleyfistíminn er á enda. Honum má þá greiða ákveðinn hluta af þeim kostnaði, sem hann hefir haft, og úr því að greiða á honum ákveðið gjald fyrir landeignir þær, sem hann hefir notað og keypt, þá hlýtur það að vera jafnrjettmætt, að hann fái tiltölulegan hluta af verði vatnsrjettindanna, sem hann líka hefir keypt.

Um 9. brtt. hefir hv. frsm. (JK) að nokkru leyti talað; hún er við 36. gr. og lýtur að því að útiloka það, að útlendingar, sem telja sig ráða yfir vatnsrjettindum hjer, geti fengið sjerleyfi til að nota þau öðruvísi en eftir ákvörðun Alþingis. Mjer skildist á hv. frsm. (JK), að hann væri mjer sammála um það, að þessi brtt. ætti rjett á sjer, og jeg skal líka taka það fram, að jeg legg meiri áherslu á hana en nokkra aðra af brtt. mínum.

Nú þykist jeg hafa sýnt hv. frsm. og öðrum, að jeg ætlaði hvorki, nje heldur hefi gert það, að vekja upp *gamlan draug* út af eignarrjettarþrætu, eins og hann kvað að; mjer finst þess ekki þurfa, en hitt er alt annað mál, að jeg tel sjálfsagt að hafa þessi lög samræmanleg við þau lög, sem eru undirstaða þeirra og eiginlega marka básinn um það, á hverju eigi að byggja í þessu efni. Jeg skal svo láta útrætt um þetta að sinni og vonast til

þess, að hv. þdm. hafi fylgst með, þótt eitthvað hafi glapið, að svo miklu leyti, að þeir hafi þegar áttað sig á, hvert þessar brtt. stefna og hvað í þeim felst.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og jeg mintist á í dag í öðru máli, þykir mjer leitt, hve lengi þetta mál hefir dregist. Get jeg þó ekki beint neinum ásökunum til nefndarinnar, því að hún skilaði málinu frá sjer í tíma. En drátturinn stafar af því, að málið hefir ekki komist til umr., þótt tekið hafi verið á dagskrá.

Jeg vildi nú mega vænta þess, að mál þetta yrði afgreitt á þessu þingi, svo að það þurfi ekki að vera að þvælast lengur fyrir. Enda sje jeg ekki annað en það sje vel hægt, því að ágreiningur um það virðist ekki svo mikill. Skal jeg fyrir mitt leyti stuðla að því, að umræðurnar verði sem stystar, og snúa mjer strax að breytingartillögunum.

Um brtt. allshn. hefi jeg ekkert að segja, því jeg get gengið inn á þær. En jeg ætla að snúa mjer að brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), á þskj. 182, og taka þær eftir röð.

1. brtt. tel jeg ekki hægt að samþykkja eins og hún liggur fyrir, því í henni er ekki tekið tillit til samninga þeirra, sem vjer gerðum við Dani með sambandslögunum, um jafnrjetti þeirra hjer á landi, ef búsettir eru hjer. Hv. þm. (SvÓ) ætti því að taka þessa tillögu aftur, enda er ekkert í þessari tillögu, sem nauðsynlegt getur talist.

Um vatnsvirkjun ríkisins fer að sjálfsögðu eftir því, sem Alþingi segir fyrir Er því það ákvæði brtt. með öllu óþarft.

Um 2. brtt. hefi jeg ekkert að segja. Jeg get gengið inn á alla liði hennar, og þarf jeg ekki frekar um hana að ræða.

3. brtt. er við 7. gr. Um hana vil jeg aðeins segja það, að rjettmæti hennar fer eftir því, hvort þingið vill gefa stjórninni meira eða minna vald. Jeg álít það óþarfa fyrirhöfn að ætla þinginu að ákveða í hvert sinn, hvort virkja má yfir 10 þúsund hestöfl. Í þessu tilfelli vil jeg því heldur halda mjer við stjórnarfrumvarpið, enda þykist jeg sjá, að verði brtt. samþykt, geti hún orðið hemill á virkjun, ef til kemur nokkurntíma, sem jeg vil vona. Annars geri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli.

Þá er 4. brtt. Hún gengur út á að stytta sjerleyfistímann úr 75 árum niður í 50 ár. Út af þessu vil jeg benda á, að hjer er um hámarkstíma að ræða, sem jeg hygg, að ekki sje heppilegt að færa niður strax, því jeg býst við, að nógu torsótt verði að fá samninga um að virkja fyrstu fossana, þó að tíminn sje langur. Er því mjög óheppilegt að setja skilyrðin svo ströng, að ekki verði hægt að fá menn til að virkja fossana, því að sú hlýtur þó að vera meiningin með þessari lagasetningu. Það er nokkurn veginn víst, að þau leyfi, sem fyrst verða gefin, verða með mun verri kjörum fyrir okkur en þau, sem síðar kunna að verða veitt.

5. brtt. er við 12. gr. Um hana þarf jeg ekkert að segja, því jeg sje ekki ástæðu til að vera á móti henni.

Þá er 6. brtt. Hana get jeg ekki gengið inn á. Því að jeg er hræddur um, að tilgangur flutningsmanns með henni sje sá, að koma hjer inn á hina gömlu deilu um rjettindi yfir vatni, en þeirri deilu er lokið með vatnalögunum, og vil jeg ekki fyrir nokkurn mun blanda þeirri deilu í þetta frv., enda á hún ekki hjer við, og

jeg hefi forðast að nefna hana á nafn, til þess að vekja ekki sundurþykkju um þetta mál. 15. gr. er og fullskýr í frv. og því ekki ástæða til að breyta henni.

Um 8. brtt. er hið sama að segja og hina 6. Hennar þarf ekki með.

Síðustu brtt. skilst mjer að nefndin hafi gengið inn á. En jeg skil ekki, að hún sje til bóta. Hún gengur út á, að jafnan skuli borið undir Alþingi, hvort veita skuli útlendingum sjerleyfi. Að sjálfsögðu geri jeg hana ekki að kappsmáli, en mun þó ekki greiða atkvæði með henni.

Jeg hefi nú haldið loforðið, að vera stuttorður, og vona, að aðrir, sem taka vilja til máls í þessu máli, verði það líka.

Klemens Jónsson: Jeg get gefið sama loforðið og hæstv. atvrh. (MG), að vera stuttorður.

Jeg býst nú við, að hv. deildarmönnum sje það öllum kunnugt, að jeg hefi haft mikil afskifti af vatnamálum, þar sem jeg um mörg ár var í stjórn fossafjelagsins „Titan“. Og ennfremur hafði jeg þann heiður á tveimur þingum að koma fram sem ráðherra með frv. það, er hjer liggur fyrir nálega óbreytt.

Jeg vænti því, að hv. deildarmenn taki það ekki illa upp fyrir mjer, þó að jeg segi hjer nokkur orð til að lýsa ánægju minni yfir því, að málið skuli nú loks vera komið á þann rekspöl, að mjög sennilegt er, að það nái fram að ganga.

Það hefir nú verið furðu lengi á döfinni, en á því var jeg þó mest hissa, er ekkert nefndarálit kom um það á síðasta þingi hjer í deildinni, því að eðlilegast hefði verið, að það hefði þá náð fram að ganga, úr því að það gat ekki orðið vatnalögunum samferða 1923, sem helst hefði átt að vera.

Jeg skal ekki, frekar en aðrir hv. þm., fara inn á hið gamla ágreiningsatriði, eignarrjettinn yfir vatninu, heldur snúa mjer að öðru. Ef frv. þetta, eins og það liggur fyrir nú, hefði verið orðið að lögum 1919 eða 1920, þá er það að minsta kosti víst, að eitt fjelag hefði sjeð sjer fært að byrja virkjun í stórum stíl á fossunum austan fjalls. Á þessu er enginn vafi. Og þó að það, sem líklegt er, hefði orðið að hætta, sjerstaklega vegna krepputímanna, sem þá dundu yfir Noreg, þá er þó víst, að byrjað hefði verið á ýmsum stórfeldum mannvirkjum, ekki aðeins byggingum, heldur og ýmsum samgöngubótum, t. d. járnbrautarlagningu frá Reykjavík, Eyrarbakka eða Stokkseyri. Þessi mannvirki hefðu að sjálfsögðu orðið eftir í landinu, þó að fjelagið hefði hætt. Er því illa farið, að frv. þetta skuli ekki fyr hafa verið gert að lögum.

Jeg finn ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um sjálft frv. að sinni. En jeg vil geta þess, að jeg er að mestu leyti sammála hæstv. atvrh. (MG) um brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg get ekki fallist á 1. brtt. hans, við 2. gr. frv., en aftur á móti get jeg samþykt 2., 5. og 9. brtt. hans. Um 9. till. er það og að segja, að allshn. hefir fallist á hana.

Jeg leyfi mjer að endurtaka það, að mjer virðist frv. nú á góðri leið til þess að ná fram að ganga, og allar líkur til þess, að þinginu auðnist nú, eftir 9—10 ára baráttu, að ljúka þessu máli.

Frsm. (Jón Kjartansson): Það voru aðeins örfá orð, sem jeg vildi segja út af ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg býst við því, að öll allshn. sje honum sammála um það, að það eigi að vera ríkjandi stefna í þessum lögum, að örugt eftirlit sje haft með virkjun stærri fall-

vatna. En hinsvegar verður ekki fallist á það, að ekki felist nægileg trygging um þetta í frv. því, er hjer liggur fyrir. Það er ekki rjett hjá hv. þm. (SvÓ), að frv. sje gamall forngripur. Frv. er komið frá samvinnunefndinni, sem starfaði á þinginu 1919. Annars er það einróma álit allshn., að það beri að láta eignarrjettarspursmálið liggja alveg utan við þessar umræður, enda er það að mínu áliti það eina rjetta, hvað sem hv. þm. (SvÓ) segir. Þar sem vatnalögin eru nú gildandi lög, þá er því meiri ástæða til þess að halda þessu atriði utan við umr., því að við, hv. þm. (SvÓ) og jeg, erum alveg sammála um það, að þetta spursmál er útkljáð með vatnalögunum. Annars tel jeg það ekki rjett hjá hv. þm. (SvÓ) að benda á ýmsar greinar í vatnalögunum, þegar hann er að útskýra það, hvernig vatnalögin hafi skorið úr þessari deilu, en sleppa alveg að minnast á 2. gr., sem er aðalgreinin, en sú grein verður altaf aðalheimildin, sem fara verður eftir. Annars vil jeg ekki gefa tilefni til þess, að farið verði að deila um það atriði, og það því fremur, sem aðrir hv. þm., er til máls hafa tekið, hafa leitt það hjá sjer.

Viðvíkjandi ræðum þeirra hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) skal jeg geta þess, að jeg hygg, að skoðanir þeirra á till. hv. 1. þm. S.-M. falli alveg saman við skoðun allshn. Hún vill mæla með 2. og 9. brtt., en að vísu mælir hæstv. atvrh. ekki með 9. brtt.., en allshn. er öll með henni, og jeg fyrir mitt leyti legg langmest upp úr henni. 5. brtt. lætur nefndin afskiftalausa, en jeg vil ekki fallast á það, að það sje nauðsynlegt að samræma þetta atriði við 49. gr. vatnalaganna. Það, sem átt er við í 4. gr. þessa frv., er þetta, að lækka sjerleyfisgjaldið þegar á að virkja aðeins lítinn hluta af stærra fallvatni. En jeg geri þetta ekki að ágreiningsatriði, og jeg geri ráð fyrir því, að nefndin sje því ekki mótfallin, að þessi brtt. verði samþykt.

Sveinn Ólafsson: Jeg get fylgt loflegu fordæmi þeirra hv. þm., sem talað hafa á undan mjer, og farið fljótt yfir sögu. Tveir hv. þm. (KlJ og MG) hafa lítillega haft á móti brtt. mínum sumum, og þó ekki sterklega mótmælt þeim, en með öðrum hafa þeir lagt. Jeg vildi þá, út af því, sem hæstv. atvrh. sagði um 1. till. mína, geta þess, að í 1. málsgrein felst ekki annað en samræming við 3. málsgr. 49. gr. vatnalaganna. Og þótt segja megi, að það sje ekki ýkjaáríðandi, þá virðist mjer, að fult eins vel fari á því, að það sje gert. Annars verð jeg að álíta, að 1. brtt. bæti mikið úr skák, því ákvæði 2. gr. frv. eru býsna óákveðin. Þar stendur (með leyfi hæstv. forseta):

„Eigi er heimilt án leyfis ríkisstjórnarinnar að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða), eða hluta úr þeim, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.“

Hjer liggur beint við að spyrja, hvort skilja beri þetta svo, að þegar ekki er um stærri virkjun að ræða, þá skuli fyrirtækið vera laust við allar sjerleyfiskvaðir, eins og tekið er fram í 2. málsgr. 2. gr. frv., þar sem stendur, að ríkisstjórnin geti veitt samþykki til þess, að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meira en 500 eðlishestöfl sje að ræða, ef aðeins er ætlað í þarfir almennings.

Það er tvent óskýrt í 1. málsgr. 2. gr. Fyrst og fremst það, hverjir geta virkjað alt að 500 eðlishestöflum án leyfis ríkisstjórnarinnar eða hverjar heimildir virkj-

andinn þarf að hafa á vatninu, og í öðru lagi það, hvort *leyfi ríkisstjórnar* í þessu sambandi þýðir sama og sjerleyfi. Það ætti að koma skýrt fram, að þessi 500 eðlishestöfl væru kvaðalaus, en ef virkjunin fer yfir 500 eðlishestöfl, þá skuli af þeim gjalda, og ef fallvatnið er stærra en nemi 500 hestöflum, þá geti stjórnin bannað, að virkjaður sje hluti af því, af því að með því móti getur fullkomnari nýting þess orðið dýrari og erfiðari. Jeg hefi nú komið með brtt. mína til þess að gera þetta skýrara.

Hæstv. atvrh. áleit, að 2. málsgrein í 1. brtt. minni væri óþörf. Hún er ef til vill ekki nauðsynleg, en hún er eðlileg takmörkun þess, hve langt verði að jafnaði farið um virkjunarleyfi án sjerleyfiskvaða. Það má segja, að það liggi ónefnt í lögunum, að ríkisstjórnin ráði yfir því, sem fer fram yfir þessa hestaflatölu.

Um 2. brtt. mína á þskj. 182, stafliðina a, b og c, ljet hæstv. atvrh. þess getið, að hann fjellist á þá. Aftur vildi hann ekki fallast á 3. brtt. mína, um að færa virkjunarleyfi stjórnarinnar úr 25 þús. hestöflum niður í 10 þús. Hann hjelt, að það mundi verða óþarflega umstangsmikið fyrir þingið að hafa slíkar leyfisveitingar með höndum. En þegar nú þingið kemur saman á hverju ári, þá virðist það einfalt mál að bera undir það, hvort veita skuli leyfi eða ekki.

Sömuleiðis var hæstv. atvrh. (MG) mótfallinn því að setja sjerleyfistímann 50 ár, í stað 75 ár, eins og stendur í frv. En ef betur er að gáð, þá er það á valdi Alþingis að ákveða hámark leyfistímans, og það getur sett hann 75 ár, eða jafnvel 100 ár, ef því sýnist, eftir brtt. minni, þótt stjórnin geti ekki veitt leyfi fram yfir 50 ár. Það er því ekki ástæða til þess að óttast þessa till.

Þá fjelst hæstv. atvrh. á brtt. við 12. gr. Eins og jeg hefi áður drepið á, er hún gerð til þess að samræma frv. við vatnalögin, sjerstaklega 49. og 65. gr.

Aftur fjelst hann ekki á brtt. við 15. gr., og gerir það í sjálfu sjer ekki svo mikið til, en þó tel jeg hana nauðsynlega vegna samræmis við gildandi lög, og alveg er hún hliðstæð a.-lið 2. brtt., við 4. gr.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að deila hjer um eignarumráðin yfir vatni, þótt þessi till. snerti þau. Það mál verður að teljast útkljáð, enda hefi jeg ekki minst á það hjer nema í sambandi við samræmi í lagasetningunni um þessi efni.

Um 7. brtt. mína virðast allir sammála. En um 8. brtt. virðast aftur skiftar skoðanir, þótt undarlegt sje. Hún er af sama toga spunnin sem 2. og 6. till. og jafnrjettmæt sem þær, og skal jeg ekki fjölyrða frekar um það.

En 9. og síðasta brtt., við 36. gr., virðist því miður ætla að verða að þrætuepli. Jeg tel hana mest verða af öllum till., og að ekki megi teljast tryggilegur frágangur á þessum lögum, ef 36. gr. verður ekki breytt. Jeg endurtek það, og legg langmesta áherslu þar á, að í þessari brtt. felst mesti hemillinn á framkvæmdum útlendinga, sem hafa sölsað undir sig vatnsrjettindin í landinu. Og mjer virðist það liggja beint við, að Alþingi *eitt* veiti sjerleyfi, ef um virkjanir er að ræða af þeirra hálfu. Skal jeg í því sambandi benda á það, að árið 1917 leitaði fossafjelagið „Island“ til þingsins í þessu skyni, enda þótt þá væru hjer engin lög um þetta efni og stjórninni þá opin leið að veita leyfið á eigin spýtur. Fleira þarf jeg ekki um þetta að segja. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók í sama strenginn og hæstv. atvrh., og hefi jeg þá svarað honum líka hjer með.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg mun ekki lengja þessar umr. nema lítið. Jeg vil taka undir með hæstv. atvrh. (MG) og öðrum, sem líkt hafa látið í ljós, að jeg tel gott og nauðsynlegt, að málið fái afgreiðslu nú. En jeg get líka tekið undir með öðrum um það, að það sje leitt, að málið kemur svo seint fyrir deildina, því þar af stafar hætta á því, að það verði ekki afgreitt með eins mikilli vandvirkni og vera ætti. Mjer dylst það ekki, að þetta er eitt af allra stærstu málunum, sem varða ákaflega mikið framtíð þessarar þjóðar. Það hefði því átt það fyllilega skilið, að því væri fullur gaumur gefinn og ætlaður nægur tími til athugunar og rækilegs frágangs að öllu leyti.

Það er alkunnugt og viðurkent, að land vort á, þar sem vatnsaflið er, auðæfi, sem eru nú þegar mikils virði og verða þó enn verðmeiri síðar. Og nú reynir á það, hversu tekst að binda svo um hnútana, að þessi auðæfi verði okkur ekki til tjóns, heldur gagns, þegar farið verður að nota þau. Það má gera ráð fyrir því, að útlendingar líti hýru auga til þessara auðæfa og að þeir muni gera tilraunir til þess að færa þau sjer í nyt, og ef ekki tekst nú að leggja rjettan grundvöll að þessari starfrækslu í framtíðinni, þá er það víst, að þjóðlífi voru stafar meiri hætta af nýtingu þessa afls en af nokkru öðru. Það má því alls ekki flaustra af þessu máli. Jeg er að vísu ekki á móti því, að því verði nú ráðið til lykta. En jeg legg mikla áherslu á það, að þótt nú sje mjög á liðið þingtímann, þá gefi menn sjer þó tíma til þess að athuga það vel. Jeg mun svo ekki tala meira um málið alment, að svo miklu leyti sem það er framtíðarmál, sem mikið veltur á að sje heppilega afgreitt.

En í þessu sambandi vil jeg beina fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG) um það, hvort það sje rjett, sem heyrst hefir, að þetta sje ekki aðeins framtíðarmál, heldur liggi nú fyrir dyrum, að stofnað verði til stórframkvæmda í þessu efni. Í blaði einu, sem stendur hæstv. stjórn mjög nærri, var svo frá skýrt árið sem leið, að veitt hefði verið leyfi til stórvirkjunar austanfjalls. Síðar var það borið til baka, að búið væri að veita leyfi, en hinsvegar stæði ekki á öðru en að semja um ýms smáatriði milli hæstv. stjórnar og þeirra, sem hjer ættu hlut að. Ennfremur var það sagt, að gera ætti í þessu sambandi ýmsar stórkostlegar framkvæmdir, svo sem að leggja járnbraut austur um sýslur. Jeg þykist vita, að hæstv. atvrh. muni þykja gott að fá tilefni til þess að geta gefið upplýsingar um þetta. Og þar sem svo er til ætlast, eftir þeim till., sem fyrir liggja í þessu máli, sem hjer er til umr., að slík mál sem þessi skuli koma til úrskurðar Alþingis, þá vil jeg ennfremur spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvort það sje víst, að í þessu máli verði ekki ráðið til lykta fyr en Alþingi fær að segja um það álit sitt. Eins og jeg legg áherslu á það, að þessum málum verði vel skipað í framtíðinni, eins legg jeg áherslu á það, að þetta fyrsta fyrirtæki, sem nú er talað um að eigi að hlaupa af stokkunum, verði vel athugað, og að sjálfsögðu ekki til þess stofnað nema með samþykki frá Alþingi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi litlu að svara hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) öðru en því, að mjer finst 2. gr. frv. fullskýr eins og hún er. Þar segir að ekki sje heimilt án leyfis stjórnarinnar að virkja vatnsfall, er stærra sje en 500 eðlishestöfl. Mjer skilst, að leyfi hjer sje sama og sjerleyfi, og svo er alstaðar í frv., þar

sem svo er að orði komist, og verð jeg því að líta svo á, að till. sje ekki þörf þessu til skýringar. Hv. þm. (SvÓ) vjek ekki að öðrum galla, sem jeg nefndi áður á till. hans, og verð jeg að líta svo á, að hann hafi gengið inn á athugasemd mína.

Um sjerleyfistímann, hvort hann er settur 50 eða 75 ár, er það að segja, að hjer er aðeins um hámark að ræða. Jeg get gjarnan sagt það, að jeg geri ráð fyrir, að fyrstu leyfin verði veitt til lengri tíma en hin síðari. *(TrÞ:* Það er alveg rjett). Því það þarf sjerstaklega að varast að fæla menn frá í byrjun, með því að setja skilyrðin alt of ströng. En hvaða stjórn sem er ætti að vera treystandi til þess að fara ekki lengra um leyfistímann en nauðsynlegt er.

Hv. þm. Str. (TrÞ) kvartaði undan því, hvað frv. kæmi seint frá nefndinni. En það er sjálfsagt meira atvikin um það að saka en nefndina. Hún hefir ekki verið lengur með málið en búast mátti við. Og nú hefir hún afgreitt það með meðmælum sínum, og er jeg henni þakklátur fyrir það. Jeg skil ekki heldur í því, að það þurfi að brýna þingmenn á því að flaustra ekki af málinu. Það er búið að vefjast svo lengi fyrir Alþingi, að það yrði varla nefnt flaustur, þótt því yrði nú lokið á þessu þingi. Jeg held, að óhætt sje að segja það, að ekki hafi mörg mál verið athuguð oftar í nefndum og á annan hátt hjer í þinginu en þetta, svo það er fjarri öllum sanni að tala um flaustur í þessu sambandi.

Þá er fyrirspurn hv. þm. Str. um það, hvort það sje á döfinni að hefja virkjun. Þessu skal jeg svara, enda hefi jeg áður afhent hv. allshn. öll gögn um þetta atriði. Það kom beiðni til stjórnarinnar um leyfi til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá, frá innlendu fjelagi. Þessu svaraði stjórnin svo, að hún væri fús á að veita sjerleyfið, ef saman gengi um skilmála. Síðan var spurt um það, hvort leyfi mundi fást til þess að leggja járnbraut, og því var svarað, að þetta væri líka samningsatriði. Lengra er þessu ekki komið, en ef hv. þm. (TrÞ) vill sjá skjölin, þá eru þau nú í höndum hv. allshn. Og sje þess óskað, skal jeg nú lesa hjer upp brjefin frá atvinnumálaráðuneytinu, sem við koma þessu máli. *(TrÞ:* Það væri mjög gott. Þau koma þá í þingtíðindunum). Brjefin eru tvö og eru til kaupmannanna Friðriks og Sturlu Jónssona. Fyrra brjefið er dags. 31. maí f. á. og hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Í brjefi, dags. 15. þ. m., hafið þjer, háttvirtu kaupmenn, farið þess á leit, að ráðuneytið veiti yður leyfi til þess að láta starfrækja vatnsorku þá í Þjórsá, sem h/f „Titan" á, og jafnframt hafið þjer skýrt frá því, að þjer hafið umráð yfir svo miklu hlutafjármagni, sem þarf til þess að gera ráðstafanir um eignir tjeðs hlutafjelags. Ennfremur hafið þjer í tjeðu brjefi tekið það fram, að fyrst um sinn sje tilgangurinn að byggja aðeins út Urriðafoss að meira eða minna leyti.

Út af þessu er yður hjer með tjáð, að ráðuneytið mun veita yður leyfi til þess að byggja út Urriðafoss í Þjórsá að meira eða minna leyti, með því skilyrði, að saman gangi um skilmála alla milli yðar og ráðuneytisins."

Þá er síðara brjefið, frá 19. sept. f. á., til sömu manna:

„Í brjefi, dags. 22. f. m., hafið þjer, háttvirtu herrar, farið þess á leit, að leyfishöfum til starfrækslu á Urriðafossi, samkvæmt brjefi hjeðan, dags. 31. maí þ. á.,

verði heimilað að láta leggja járnbraut frá Reykjavík til Þjórsár.

Út af þessu þykir rjett að taka það fyrst fram, að með brjefi hjeðan til yðar, dags. 31. maí þ. á., er ekki veitt leyfi til þess að starfrækja Urriðafoss, heldur einungis gefið loforð um, að leyfi muni verða veitt, ef samningar takast um skilyrðin. Er því enn sem komið er ekki um neina leyfishafa til starfrækslu eða virkjunar Urriðafoss að ræða, og þegar af þessari ástæðu ekki unt að veita slíkum leyfishöfum hið umbeðna.

Hinsvegar mundi ráðuneytið vera fúst til að taka til yfirvegunar uppástungu um járnbrautarlagningu frá Reykjavík til Þjórsár, með eða án virkjunar á Urriðafossi, ef hún kemur fram frá yður. En þá verður fyrst og fremst að liggja fyrir uppástunga um legu og gerð brautarinnar, stöðvar, reksturstilhögun og því um líkt, eða frumdrættir að verkinu. Þar næst yrði að láta í tje vitneskju eða sýna líkur fyrir því, að umsækjendur hafi ráð yfir fjármagni til framkvæmdar verkinu, ef til kemur. Að þessu fengnu mundi ráðuneytið fúst til þess að láta uppi, með hvaða skilyrðum það vildi veita leyfi til umræddrar járnbrautarlagningar.“

Þessi brjef getur hv. þm. Str. fengið að sjá, ef hann vill.

Jakob Möller: Jeg ætla ekki að hefja nú neina deilu um það atriði þessa máls, sem áður hefir valdið mestum ágreiningi og hjer hefir verið vikið að undir rós í sambandi við þetta frv. Mjer skilst, að 2. gr. vatnalaganna skeri algerlega úr þeirri deilu, og óþarfi sje að ræða um það neitt frekar, meðan ekki liggja fyrir brtt. við þá grein.

En það, sem kom mjer til að standa hjer upp og tala, er einkum síðasta brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg er ekki alveg viss um það, hve langt hún nær. Berum orðum nær hún aðeins til sjerleyfisveitinga samkv. IV. kafla. En hvað er um framsal sjerleyfis samkv. 27. og 28. gr. til útlendinga? Mjer skilst, að það geti verið vafasamt, hvort þar nægi ekki einfalt samþykki stjórnarinnar. Ef svo væri, skilst mjer brtt. gagnslítil. Jeg hefi ekki orðið þess var, að neitt hafi verið tekið fram um þetta, og þess vegna vildi jeg vekja athygli hv. þdm. á því, að þetta ákvæði þarf einnig að ná til framsalanna. En vegna þess, að skýr yfirlýsing af hálfu nefndar eða stjórnar mundi nægja, þá hefi jeg ekki borið fram brtt. um þetta. En komi ekki slík yfirlýsing, mun jeg koma fram með brtt., sem að þessu lýtur, til 3. umr., ef enginn gerir það annar.

En í sambandi við þetta vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG), sem hv. þm. Str. (TrÞ) hefir vakið máls á, en hæstv. atvrh. (MG) ekki svarað, hvort hann álíti ekki, að ef brtt. 9. á þskj. 182 verður samþykt, þá verði ákvæði hennar einnig að gilda um það sjerleyfi, sem hjer liggur fyrir. En eins og málið liggur fyrir, er það ekki upplýst, hvernig ástatt er um þá umsækjendur, sem hjer er um að ræða, hvort þeir ekki einmitt muni falla undir IV. kafla.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er rjett, að jeg gleymdi að svara þeirri fyrirspurn hv. þm. Str., er hv. 3. þm. Reykv. nú mintist á. Svar mitt er á þá leið, að ef frv. verður samþ., þá verður farið eftir því að öllu leyti. En verði það ekki samþykt, þá skoða jeg það svo, sem hið umspurða atriði sje á valdi stjórnarinnar, nema Alþingi láti uppi annan vilja þar

um. Er það meðal annars af þessari ástæðu, að jeg legg áherslu á það, að frv. nái fram að ganga.

Það hafa nú þrjár stjórnir í röð lagt frv. þetta fyrir Alþingi, og þess vegna vona jeg, að nú verði ekki mikill ágreiningur um það, þar sem svo margir hafa bundið sig við ákvæði þess.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þakka hæstv. atvrh. fyrir svör hans um það, hverjir hafi sótt um sjerleyfi þessi, og að hæstv. stjórn hafi svarað því, að leyfið muni veitt, ef saman gangi samningar að öðru leyti. En hinu hefir hann ekki svarað, hvað muni gert, ef umsækjendur vilja ekki ganga að fyrstu kostum. *(Atvrh. M-G:* Jeg hefi svarað því). Það kom og ekki ljóst fram hjá hæstv. atvrh., hvort virkja eigi meira en 25 þús. hestöfl. En samkvæmt 7. gr. þarf samþykki Alþingis til þess, ef virkjunin fer fram úr 25 þús. hestöflum. Og jeg legg áherslu á það, að Alþingi megi reiða sig á það, að ekki verði stofnað til stórvirkjunar án þess að það leggi álit sitt á það mál, og að ekki verði gengið fram hjá því í öðru eins stórmáli.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það hefir farið fram hjá hv. þm. Str., sem jeg gat um áðan, að meðan það er ekki ákveðið með lögum, að takmörkin sjeu við 25 þús. hestöfl, þá er ekki hægt að segja, að samþykki Alþingis þurfi að koma til þess að veita sjerleyfið. Og nú vil jeg spyrja, hvort hv. þm. Str. skilur ekki, hvað jeg meina með þessu.

Þó býst jeg við, að verði farið framar en að veita leyfi til að virkja 25 þús. hestöfl, þá verði það mál borið undir Alþingi.

Magnús Torfason: Út af fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skal jeg geta þess, að nefndin gekk út frá því, að brtt. 9 á þskj. 182 yrði samþykt. Þar stendur: „Slíkt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis.“

Með þessum orðum fanst nefndinni ljóst, að ekki mættu stærri virkjanir vera í útlendinga höndum, nema samþykki Alþingis komi til. Ennfremur leit jeg svo á, að um leið og slíkt sjerleyfi væri framselt til útlendinga, þá væri það ekki komið undir III. kafla laganna, heldur IV. kafla þeirra.

Viðvíkjandi þessum sjerleyfisádrætti, sem hjer hefir verið talað um, vil jeg taka það fram, að það kom í ljós í nefndinni, þótt ekki væri afstaða tekin til þess máls, að brtt. við 36. gr., á þskj. 182, væri beint svar við því, en vitanlegt er, að ef til virkjunar kemur á Urriðafossi, þarf til þess útlent fje, og þess vegna verður það útlent fyrirtæki.

Út af þessu leyfi, sem hjer er um að ræða, þykir mjer ástæða til þess að taka fram, að jeg vil, að stjórnin fari varlega í að veita slík ádráttarleyfi, enda þótt jeg játi, að hæstv. atvrh. hafi farið varlega í þeim sökum. En ef fje er lagt í slíkt fyrirtæki, stendur stjórnin ekki eins frjáls og ef enginn ádráttur hefði verið gefinn fyrir virkjunarleyfi. Jeg vil líka benda á það, að það er dálítið einkennilegt — og geta legið til þess ýmsar ástæður, m. a. þær, að þing nálgaðist — að í seinna brjefinu er stjórnin sjáanlega fastari fyrir en í fyrra brjefinu. En jeg vona, að af því þurfi ekki að draga þá ályktun, að hæstv. stjórn sje fráhverf járnbraut austur í sveitir. Að öðru leyti skal jeg ekki fara inn á þetta mál, vegna þess að jeg er því of ókunnugur.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þykist hafa skilið afstöðu hæstv. atvrh. til þessa máls, en þó er jeg ekki ánægður með svör hans. Mjer finst sem hann hafi túlkað málið þannig, að þetta fjelag sje innlent. En þetta er undir 7. gr. frv. komið, eða með öðrum orðum, að ef fjelagið vill ekki virkja nema 24 þús. hestöfl, þá þurfi ekki að koma til kasta Alþingis og heimilt sje að leyfa svo stórfeldar framkvæmdir, og jafnvel að leggja járnbraut, án samþykkis Alþingis. Er þetta ekki rjett skilið? *(Atvrh. MG:* Jú, ef fjelagið er íslenskt). Jeg álít, að hjer sje um svo stórar framkvæmdir að ræða, að það megi til að bera þær undir Alþingi áður en endanleg ákvörðun er tekin. Því að þótt svo sje talið, að innlendir menn standi fyrir fyrirtækinu, þá er öllum ljóst, að það verða aðallega útlendingar, sem eru eigendur þess. Og mjer þykir gott að hafa fengið fram hjá hæstv. atvrh., að stjórnin muni telja sjer skylt að láta sjerleyfislögin ekki koma til framkvæmda án þess að Alþingi fjalli þar um.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 1. þm. Árn. (MT) fanst mjer vera með getgátur um það, að ótti við þingið hefði komið fram í síðara brjefinu, sem jeg las upp áðan, eða iðrun yfir fyrra brjefinu. *(MT:* Nei, nei!). Jú, það er eins og vant er um þennan háttv. þm. (MT), að hann hagar orðum sínum svo, að áheyrendur hljóta að skilja þau sem getsakir, en þegar bent er á getsakirnar, þá lætur þessi þm., sem það hafi ekki verið tilgangur sinn. Þá etur hann alt í sig aftur. Háttv. 1. þm. Árn. hefir haft skjöl þessa máls til meðferðar í 1½ mánuð, og veit hann því vel, hvernig málið er í pottinn búið, og þarf ekki að koma með neinar getsakir út af því.

Hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg segja það, að ef hann vill ekki leggja svo mikið í vald stjórnarinnar eins og brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fer fram á, þá verður hann að koma með brtt. sjálfur.

Annars vona jeg, að þessar umræður um málið verði til þess að ýta því í höfn, því jeg vil vona, að það sje vilji þingsins að setja nú lög um þetta efni og segja skýrum orðum, hvað stjórnin má gera og hvað ekki, því að verði engin lög sett um þetta efni, er engin trygging fyrir, að stjórnin nú og síðar fari að vilja þingsins.

Klemens Jónsson: Samkv. 7. gr. frv. þarf samþykki Alþingis áður en sjerleyfi er veitt, ef virkjun fer fram úr 25 þús. hestöflum. En nú stendur í 36. gr., að útlendir menn, hjer búsettir, geti fengið sjerleyfi til þess að virkja fallvötn hjer, þannig, að farið sje eftir fyrirmælum III. kafla laganna, og í 2. málsgrein þessarar greinar segir, að sama gildi um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð.

Jeg lít nú svo á, að slík fjelög, sem hjer um ræðir, hljóti að falla undir 36. gr. 2. málsgr. Nú mundi stjórnin geta veitt slíku fjelagi, ef greinin stendur óhögguð, sjerleyfi til þess að virkja alt að 25 þús. hestöfl, en ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. verður samþykt, fæ jeg ekki annað sjeð en að stjórnin yrði að bera málið undir Alþingi. Hygg jeg, að þessi skýring mín sje rjett og að hjer sje um stórkostlega breytingu að ræða.

Magnús Torfason: Jeg þarf að svara hæstv. atvrh. (MG) nokkrum orðum.

Hann fór að áreita mig án tilefnis, og er það ekki í fyrsta sinn. Annars er það athugandi, að jeg hefi ekki abbast upp á hann á þessu þingi nema aðeins í einu einasta máli. Jeg hefi sýnt, að jeg þori vel að horfa framan í ráðherrana, og þá ekki síst hæstv. atvrh.

Hann dróttaði því að mjer, að jeg hefði verið með getsakir um það, að hann væri hræddur við þingið. Þetta sagði jeg aldrei; þvert á móti tók jeg beint fram, að hann mundi geta haft fullnægar ástæður.

Jeg skal svo taka undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hafa sagt um 36. gr. Sambandið milli 27.—28. og 36. gr. mun athugað í allshn. til 3. umr.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð, til þess að fá enn skýrara fram eitt stórvægilegt atriði í þessu máli. Tveir þingmenn hafa drepið á það og verið sammála um það, en hitt finst mjer þýðingarmest, að hæstv. atvrh. er þeim ekki sammála. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að hjer væri ekki um innlent fjelag að ræða, og kæmi það því undir ákvæði 36. gr., hvort það gæti fengið sjerleyfi. En mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að hann teldi þetta innlent fjelag. Eða er það misskilningur, og lítur þá hæstv. atvrh. (MG) á eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að hjer sje ekki um innlent fjelag að ræða?

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 1. þm. Árn. (MT) stökk upp á nef sjer. *(MT:* Það var hæstv. ráðh., sem stökk upp fyrir nefið á sjer). Sagðist hann vona, að jeg væri ekki að fjandskapast við járnbraut austur. *(MT:* Það sagði jeg ekki). Á þá kannske að skilja mál hans á annan veg en annara hv. þm.?

Jeg veit ekki, hvort jeg nenni að karpa við hv. þm. Str. (TrÞ). Hann kemur með fyrirspurn á fyrirspurn ofan. Jeg hefi reynt að svara þeim, en hann hefir ekki viljað skilja. Jeg er því líklega neyddur til að taka aftur upp svör mín, þó að það tefji tímann, enda mun hv. þm. Str. ósárt um það. Jeg hefi áður tekið það fram skýrt og greinilega, að jeg tel stjórnina óbundna, ef engin sjerleyfislög eru sett, en hefi hinsvegar lýst því yfir, að þá muni stjórnin fara eftir því frv., sem hjer liggur fyrir. Verði lög aftur á móti sett, er sjálfgefið að fara eftir þeim. Þess vegna álít jeg sjálfsagt að setja lög. En jeg er ófáanlegur til þess að fara út í lögskýringar á þessu stigi málsins, en tekið get jeg það fram, að jeg fæ ekki betur sjeð en að skýring hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sje rjett. *(TrÞ:* Að fjelagið sje erlent?). Það hefir hann ekki sagt. *(TrÞ:* Jú). Mjer skilst svo, að hv. 2. þm. Rang. hafi enn engan dóm kveðið upp um það, hvort fjelagið sje innlent eða erlent; jeg veit ekkert um, hvort heldur er, og er þetta atriði, sem þörf er að rannsaka. Þetta þarf alt að gerast áður en leyfið verður veitt. En jeg sje yfir höfuð litlar líkur til þess, að nokkurt slíkt leyfi verði veitt. Mjer finst það liggja í loftinu að setja svo ströng skilyrði, að engir vilji ganga að. En jeg vil, að ef þingið er þeirrar skoðunar, að þessi leyfi megi alls ekki veita, þá segi þingið það skýrt. En jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að ef hægt er að fá góða skilmála og ef ekki er um eitthvert risafyrirtæki að ræða, þá ætti ekki að neita um slíkt leyfi.

Klemens Jónsson: Jeg vil geta þess, að eftir því, sem jeg þekki til um það fjelag, sem hjer er um að ræða, tel

jeg vafalaust, að það heyri undir 36. gr. frv., 2. lið, en jeg veit ekki, hvernig leyfi til þess er varið eða á hvers háttar forsendum það er bygt, en jeg tel vafalaust, að fjelagið heyri undir þessa grein.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 182,1 feld með 15:9 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 182,2.a samþ. með 21 shlj. atkv.

— 182,2.b samþ. með 21 shlj. atkv.

— 182,2.c samþ. með 24 shlj. atkv.

— 257,1 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 182,3 feld með 14:14 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB JakM, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JAJ.

7. gr. samþ. með 18:1 atkv.

8.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 182,4 (ný 11. gr.) samþ. með 15:9 atkv.

— 182,5.a samþ. með 22 shlj. atkv.

— 182,5.b samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj atkv.

13.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 182,6 feld með 6:9 atkv.

15.—20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 257,2 samþ. með 20:4 atkv.

— 182,7 tekin aftur.

21. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

22.—32. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 182,8 feld með 16:9 atkv.

33.—35. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 182,9 samþ. með 25:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL, HStef, HK, IngB, JakM, BSv.

nei: JÞ, MG, ÁF.

36. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 401, 405).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 405. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson: Jeg bjóst ekki við, að þetta frv. kæmi svona fljótt á dagskrá aftur. Þess vegna vanst mjer ekki tími til þess að gera þær brtt., sem jeg hafði hugsað mjer. Jeg verð að segja, að mjer finst talsvert athugaverðar sumar greinar frv. og ósjeð, að þær reynist haldkvæmar, svo sem 12., 27. og 33. gr. og jafnvel fleiri. Jeg held, að rjett hefði verið að athuga þær miklu betur en gert hefir verið.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram tvær brtt. að þessu sinni við frv., báðar á þskj. 405. Sú fyrri er við 2. gr., en hin síðari við 36. gr. frv. Jeg bar að vísu fram brtt. við báðar þessar greinar við 2. umr., og var sú við 36. gr. samþ. En brtt. við 2. gr. fjell, að því er jeg best veit fyrir þá

skuld, að þess var ekki gætt af mjer, að eins og hún var orðuð mátti skilja hana svo, að hún haggaði því jafnrjetti til atvinnu milli Íslendinga og Dana, sem lögfest er með sambandslögunum. Á þetta benti hæstv. atvrh. (MG), að sjálfsögðu rjettilega. Þetta mun hafa orðið brtt. að falli. Hinsvegar hefi jeg með þessari nýju brtt. stýrt fram hjá þessu, aðeins bundið mig við 1. málsgrein á þann veg, að engu er breytt gagnvart dönskum ríkisþegnum. Jeg hefi borið þessa brtt. undir hæstv. atvrh., og hann hefir tjáð mjer, að hann hefði ekkert við hana að athuga. Jafnframt þessu hefi jeg lagfært eina prentvillu í greininni. Það er talað um *fallvatn* í eintölu, en rjett á eftir í sömu setningu bendingarfornafnið „þeim“ haft í fleirtölu. Þetta er leiðrjett með brtt. Breytingin á greininni er í því fólgin, að inn í byrjun fyrstu málsgreinar: „Eigi er heimilt“ er skotið: umráðamönnum vatnsrjettinda, og verður setningin þess vegna: *Eigi er umráðamönnum vatnsrjettinda heimilt* o. s. frv. Eins og greinin nú er orðuð, virðist í henni fólgin „kommúnistisk“ hugsun, eða að hver og einn geti notað sjer vatnsaflið, án þess að hafa umráð yfir því eða eignarheimildir. En jeg hjelt, að ekki ætti við hjer að lögfesta neinskonar „kommúnista“-skilning um þessa hluti.

Þá skal jeg víkja að brtt. við 36. gr. Jeg legg til, að bætt sje aftan við 1. tölul.: „Sama gildir um framsal sjerleyfis til útlendra manna eða fjelaga, sbr. 27. og 28. gr.“ Jeg hafði ekki athugað það, þegar jeg bar fram brtt. við 2. umr., um að Alþingi eitt geti veitt útlendingum sjerleyfi, að þetta er alveg hliðstætt við það, að Alþingi veiti sjerleyfi, þegar um það er að ræða.

Á þessu sama þskj. liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Str. (TrÞ). Hún gengur í sömu átt og brtt. mín, sem fjell við 2. umr., um niðurfærslu þeirrar hestaflatölu, sem heimilt er að leyfa án þess að leita samþykkis Alþingis. Jeg hafði farið fram á að talan yrði færð úr 25 þús. niður í 10 þús., en hjer er farið fram á 15 þús., í stað 25 þús. Jeg er þessari brtt. að sjálfsögðu samþykkur og mun greiða henni atkvæði.

Fleira finn jeg ekki ástæðu til að taka fram í þetta sinn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins með örfáum orðum að víkja að miðbrtt. á þskj. 405, sem jeg hefi borið fram. Brtt. fer í þá átt, að í stað þess, sem frv. gerir ráð fyrir, að innlendir menn, sem reisa stöð, þurfi ekki leyfi Alþingis til þess að hagnýta 25 þús. hestafla orku, skuli hámarkið vera 15 þús. hestöfl. Það fjell með jöfnum atkv. við 2. umr. að færa hámarkið niður í 10 þús. hestöfl. Jeg vona, að einhverjir, sem þótti of langt farið að færa þetta niður í 10 þús., geti fallist á að ákveða þetta hámark 15 þús.

Hjer er ekki um það að ræða að neita um leyfi til virkjunar, heldur er farið fram á, þegar um stór fyrirtæki er að ræða, að álit og úrskurður Alþingis komi til. Góð fyrirtæki þurfa ekki að óttast úrskurð Alþingis, en betra er að neita heldur en að veita óforsjáleg leyfi. Jeg býst við, að sú virkjun, sem hjer er stærst nú, hjer í Reykjavík, sje þó 10 sinnum minni en þessi 15 þús. hestöfl. Hjer er einungis verið að tryggja það, að ekki sje hrapað að neinu, og jeg endurtek, að engu góðu máli getur stafað hætta af því, að Alþingi fái um það að fjalla.

Klemens Jónsson: Hæstv. atvrh. (MG) fann að því við 2. umr., að þetta mál hefði komið heldur seint fram, og var það af rökum sagt, en nú virðist eiga að flýta málinu alt of mikið, svo að menn fá engan tíma til að átta sig á því, því hefðu litlar umr. orðið um 1. málið á dagskrá í dag, þá hefði hæglega getað farið svo, að þetta mál hefði verið tekið til umræðu áður en brtt. við það komu á fundinn.

Jeg get ekki neitað því, að mjer sárnaði mjög, hvernig þetta mál fór við 2. umr. Það var búið að leggja mikla vinnu í það í 7—8 ár og reynt að fá hagkvæm lög út úr því, en svo er þetta margra ára starf eyðilagt með einni brtt., sem sennilega er lítt yfirveguð. Það er auðsjeð, að það er ekki til neins að vera að samþykkja lög, sem enginn maður getur notað. Þingið verður að sjá um, að menn, bæði innlendir og útlendir, geti notað sjer þau. Meðal annars eru það sjerstaklega ákvæði um sjerleyfistímann. Hann verður að vera svo langur, að mönnum sje fært að hagnýta sjer það. Fyrst þótti mönnum ekki hyggilegt að hafa hann lengri en 55 ár. Það var „minimum". Síðar komst hann upp í 65 ár og loks upp í 75 ár. Með þeirri meðferð, sem þetta mál fjekk á þingi 1923 í hv. Ed., var það svo úr garði gert, að það var vissa fyrir því, að menn gætu hagnýtt sjer lögin, og eins var það útilokað, að hagsmunir ríkisins yrðu á nokkurn hátt fyrir borð bornir. Nú er þetta tímatakmark fært niður, ekki niður í 65 ár, heldur niður í 50 ár. Með þessu er málið gersamlega orðið að engu. Það er alveg sama, hvort það nær fram að ganga eða ekki, úr því að þetta ákvæði er komið inn í lögin. Nú eru ennþá komnar fram brtt. við frv. Þær tvær brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) eru ekki til skemda á frv., en ekki til sjerlegra bóta heldur, því að það er alls ekki rjett, sem háttv. þm. (SvÓ) sagði, að lögin væru bygð á „kommunisma". Þá liggur það í sjálfu sjer, að ekki geta aðrir fengið slíkt sjerleyfi heldur en þeir, sem hafa rjettarheimildir í þessa átt, en hinsvegar er það enginn skaði, þótt tekið sje fram, að það skuli vera umráðamaður vatnsrjettindanna. Jeg hefi ekkert að athuga við seinustu brtt. Það er ekki ósanngjarnt, að Alþingi eigi að ráða um það, hvort leyft skuli framsal til útlendra manna eða ekki. En það er brtt. frá hv. þm. Str. (TrÞ), sem fer ennþá meira í þá átt að gera þessi lög að engu. Það var álitið rjett og sjálfsagt, að stjórnin hefði fulla heimild til þess að veita sjerleyfi þar, sem ekki er að ræða um meira en 25 þús. eðlishestöfl. Það er alkunnugt, að það er umsvifamikið að þurfa að leita til Alþingis, einkum þegar það er háð annaðhvert ár, sem vel getur komið fyrir, að verði aftur. Það getur því orðið erfitt að fara til Alþingis, þegar um svona mál er að ræða. Hinsvegar þótti mjer líklegt, að þessu yrði ekki breytt, því að 25 þús. hestöfl eru ekki mikið. Nú er komin fram enn uppástunga, á þá leið, að lækkað sje niður í 15 þús. Hv. flm. (TrÞ) skoraði á hv. deild að duga sjer með þessa till., en jeg skora fastlega á hv. deild að fella hana, því hún er í þá átt að skemma lögin, þótt ekki sje hún eins skemmileg og niðurfærsla sjerleyfistímans. Jeg skil ekki þetta stöðuga viðkvæði. Það er eins og hv. þm. sjeu hræddir við að láta stjórn landsins hafa nokkuð með málið að gera; það er eins og þeir vilji áskilja alt undan stjórninni og undir sjálfa sig. Jeg skil ekki í slíkri tortryggni við sína eigin stjórn, og auk þess hafa þær ekki verið

svo eilífar hjer á landi, að menn þurfi að vera svo hræddir við áhrif þeirra, svo að ef sú er ástæðan, þá er hún harla lítils virði. En það, sem gerir það athugavert að fara með hvert smámál inn á þing, er það, að það verður aðeins til þess, að það kemst pólitík í málið, svo að leyfið verður veitt, ef umsækjandinn er stjórnarflokksmaður, en ef hann er andstæður meiri hl., þá fær hann það ekki. Við vitum, að það þarf ekki mikið til þess, að pólitíkin hlaupi inn í málin á þinginu, hvað þá smámál, eins og þessi. Ef brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) verður samþykt, þá held jeg, að það sje alveg áreiðanlegt, að fossar okkar fái að halda áfram að syngja eins og þeir hafa gert í síðastliðin þúsund ár, og árnar að renna jafnt hindrunarlaust til sjávar eins og áður.

Frsm. (Jón Kjartansson): Það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem þessum brtt. er ekki útbýtt fyr en á fundi í dag, hefir allshn. ekki getað tekið ákvörðun um þær, og hafa nefndarmenn því óbundin atkv. Mjer virðast þó brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), einkum sú fyrri, alveg óþörf. Að bæta inn í umráðamönnum sýnist mjer óþarft, því það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem fara að virkja orkuvötn, verða að hafa heimild til þess. En hvað snertir 3. brtt. á þskj. 405, þá býst jeg við, að hún, þótt hún sje ekki beinlínis þörf, sje heldur til bóta, með því að hún er skýrari en ákvæðin í lögunum.

Brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) fer fram á það að takmarka talsvert sjerleyfi. Um það var deilt við 2. umr. málsins, og get jeg ekkert sagt um hana fyrir nefndarinnar hönd, því að hún var líka skift við þá umr., og býst jeg við, að hún verði það enn þá. En ekki get jeg fallist á þau orð, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) ljet falla nú, að frv. hefði verið svo mikið skemt við 2. umr., að þýðingarlaust væri að samþykkja það eins og það nú væri, því enginn mundi vilja virkja fossa, ef hann væri neyddur til þess að lúta skilyrðum frv. Jeg álít, að það sje þó rjett að halda frv. fram. Það er ekki rjett hjá hv. þm. (KlJ), að sjerleyfistíminn sje fastákveðinn 50 ár, því að það er tilskilið, að Alþingi segi til, hvort það vilji hafa tímann lengri, en vel getur verið, að Alþingi fallist á að veita sjerleyfi til 75 ára og jafnvel 100 ára. En um hitt er jeg samdóma hv. þm. (KlJ), að það sje óheppilegt að ganga svo frá þessum lögum, að ávalt þurfi að leita til Alþingis, því að það getur hleypt pólitík og æsingum í málin og getur því orðið til ógagns.

Þegar hv. Ed. á þinginu 1923 lengdi sjerleyfið upp í 75 ár, setti hún inn í frv. ákvæði um það, að ríkið hefði innlausnarrjett á orkuveri eftir 40 ár og að orkuver skyldi renna til ríkissjóðs endurgjaldslaust að sjerleyfistímanum loknum. Þetta var sett sem öryggisákvæði, en slík ákvæði eru lítilsvirði fyrir þjóðina eða minna virði, þegar sjerleyfistíminn er settur 50 ár; en samt virðist mjer nauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga, því að jeg tel það afaróheppilegt að hafa engin lög um þetta efni, og einmitt af þeim umr., sem hjer fóru fram við 2. umr., býst jeg við, að allir hv. þdm. sjeu mjer samdóma um það, að afgreiða beri lög um þetta efni, jafnvel þótt þau verði strangari en margir hefðu óskað.

Bjarni Jónsson: Mjer er það óskiljanlegt, hvernig hv. 2. þm. Rang. (KlJ) fer að tala um skemdir á þessum lögum, sem orðið hafi við 2. umr., því að það eru mikilsverðar umbætur, sem gerðar voru. Hugsum oss t. d., ef setja ætti í lögin, að

orkuver mætti reka í 75 ár. Hafa menn tekið eftir því, hvað það er langur tími? Vita menn t. d., að einkaleyfistími Íslandsbanka er ekki nema 30 ár? Hvað halda menn nú að hefði orðið, ef hann hefði haft þetta leyfi í 75 ár? Hvernig halda menn að lífið hefði orðið, ef hann hefði notað þann rjett sinn út í æsar? Hann hefir að vísu afsalað sjer þessum rjetti, en það er bankans dygð að þakka, en ekki löggjafarvaldsins, og hefði hann ekki viljað gera það, þá hefði maður átt að ýmsu leyti bágt með slíkan leyfishafa. Nú þarf maður ekki að ímynda sjer, að þótt Íslandsbanki hafi verið reglulega þægur leyfishafi, að hver maður, sem ætti vatnsvirki hjer á landi, ljeti ríkið fá það þegar þess væri óskað, og í raun og veru eru 50 ár alt of langur tími til að fá að virkja fyrirtækið. Innlausnartíminn ætti að byrja eftir 25—30 ár og sjerleyfistíminn að vera á enda eftir 40 ár, sem er í rauninni það lengsta takmark, sem maður getur hugsað sjer fyrir slíkum leyfum.

Þá kom annað atriði í ræðu hv. þm. (KlJ), sem mig furðaði stórum. Hann taldi brtt. þá, er hv. þm. Str. (TrÞ) bar fram, að í staðinn fyrir 25 þús. komi 15 þús., skemdir á frv., og hann sagði beint í ræðu sinni, að 25 þús. hestöfl væri smáfyrirtæki. Í þessu efni vil jeg taka dæmi. Vatnsorkan í efri hluta Sogsins er áætluð 15 þús. hestöfl, og hefði Reykjavík, í stað þess að gera ófullnægjandi stöð við Elliðaárnar, virkjað efri hluta Sogsins, þá væri það enginn óvitlaus maður, sem hefði látið sjer detta í hug að virkja meira en svo sem 7 þús. hestöfl, og mundi það hafa nægt höfuðborg landsins um langan tíma, og þó orðið fleirum að gagni.

Jeg vil líka benda á það, að ef um stórt vatnsfall er að ræða, t. d. sem hefði 100 þús. eðlishestöfl, og svo kæmi jeg við annan bakkann og fengi leyfi til að virkja fyrir 25 þús., og hinumegin kæmi vinur minn, sem fengi að virkja 25000 hestöfl þeim megin. Þá er þetta orðin álitleg hestorkutala. En við gætum þó ekki fengið eftir till. hv. þm. Str. nema 30 þús. báðir saman.

Hv. 2. þm. Rang. furðaði sig á þessu vantrausti, sem kæmi fram á stjórn landsins við það, að þingið áskildi sjer úrskurðarrjett um veitingu sjerleyfa til virkjunar í stórum stíl. Það er ekkert vantraust. Jeg held því fram, að Alþingi eigi ekki að sleppa úr höndum sjer því valdi, sem það hefir, nema nauðsyn krefji, og að það eigi að hafa sem mest tögl og hagldir í þessum málum, hver svo sem stjórnin er. Það er eins og Einar Þveræingur sagði, þegar rætt var við hann, hvort Íslendingar skyldu ganga á hönd Noregskonungi: Þótt þessi konungur kunni að vera góður, kunna aðrir að vera ljelegir. En þótt hv. 2. þm. Rang. (KlJ) væri ánægður með að láta þetta í hendur þessarar stjórnar, þá getur okkur farið sem Einari, að við vildum ekki fela það á hendur annari. Jeg held, að það sje af ýmsum ástæðum rjettara að treysta betur þinginu en stjórninni til að afgreiða þetta mál, og þar að auki er það velgerningur við allar stjórnir, sem hjer eftir sitja í landinu, að láta þær ekki hafa allan veg og vanda. Skal jeg taka það sem dæmi, að stjórnin verði fyrir miklum aðsóknum af vinum sínum, sem vilja fá að virkja svo sem 25 þús. hestöfl. Þá er betra fyrir hana að geta sagt: Þið skuluð eiga um það við þingið. Þá er það og betra, ef stjórnin er veik og menn koma og

hóta henni. Þá á hún miklu verra með að verjast, ef um litla upphæð er að ræða, sem óskað er eftir.

En um söng fossanna, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var að kvíða fyrir að þjóðin þyrfti að búa við framvegis sem hingað til, er það að segja, að hann hefir aldrei þótt ljótur nje leiðinlegur og að varna þeim söngsins hefir aldrei þótt nauðsyn til bera, og það afl, sem er í fossunum, hefi jeg skilið svo, að ætti að nota handa þjóðinni sjálfri, en ekki að kasta því í hendur einhverjum fjepúkum eða leppum þeirra. Látum því fossana syngja, þangað til landsmenn geta farið að nota þá sjálfir, og í því er jeg sammála hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) að viðhafa alla varúð í því efni. Og þá kem jeg að síðari till. hans um það, að sama þurfi að gilda um framsal eins og um leyfið sjálft. Það kann að vera, að það liggi í lögunum sjálfum, eins og þau eru orðuð, en þó spillir ekki til, að það sje skýrara orðað, og þess vegna tel jeg, að þessi síðari till. hv. þm. (SvÓ) sje vel hugsuð. Þar á móti hygg jeg, að vanhugsuð sje till. hans undir I., þar sem hann segir, að umráðamönnum sje eigi heimilt án leyfis ríkisstjórnarinnar að virkja fallvatn, ef það hefir meira en 500 eðlishestöfl. Jeg hygg, að hv. þm. (SvÓ) hafi ekki athugað, hvað umráðamaður er, því að það getur vel verið, að hann sje búinn að leigja notarjett sinn öðrum. Hjer er þá um tvo menn að ræða, og þótt umráðamanninum sje með þessu bannað að virkja, þá er það ekki þar með bannað þeim manni, sem hann hefir leigt vatnsrjettindin, því að það er annar maður, og þess vegna fer hv. þm. hjer fram á það, sem hann ekki vildi, að takmarka þetta bann, en hann hefir ekki varað sig á merkingunni í orðinu umráðamaður. Þess vegna held jeg, að hv. þm. (SvÓ) ætti að taka þessa till. sína aftur, af því að hún nær ekki því, sem hann ætlaðist til.

Magnús Torfason: Mjer þótti leitt að heyra, hve illa lá á hv. 2. þm. Rang. (KlJ), og kemur það sjálfsagt til af því, að hann lítur töluvert öðruvísi á málið en jeg geri. En hvað það snertir, þá stöndum við nokkurn veginn jafnt að vígi að þessu máli, og þess vegna hefði mjer þótt líklegt, að skoðanir okkar hefðu getað farið nokkuð saman, en nú hefir það í umr. skýrst betur og betur, að við eigum ekki að sumu leyti samleið í þessu máli, þótt takmark okkar beggja muni vera það að ýta undir það, að fossarnir verði teknir til virkjunar; en hvað það snertir, býst jeg við, að kjósendur mínir muni hafa ekki minni rjettinda að gæta en kjósendur hv. 2. þm. Rang. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að þau fyrirtæki, sem fyrst verður byrjað á hjer og sjerleyfi þarf til, muni yfirleitt verða mjög stór fyrirtæki. Þess vegna skilst mjer, að ekki sje nema eðlilegt, að þingið vilji hafa hönd í bagga með því, hvernig það fer af stað, auk þess sem það er víst, að þegar farið verður að beisla fossana fyrir alvöru, þá hefir það í för með sjer mikla breytingu á öllu atvinnulífi þjóðarinnar. Er því ekki óeðlilegt, þó að þingið vilji hafa óbundið vald til þess að athuga þetta.

En mjer finst hv. 2. þm. Rang. hafa þá skoðun, að þingið eigi að hafa sem minst vald í þessu efni. En nú stendur svo á, að minsta kosti í þessari hv. deild, að síðan þetta mál kom fyrir þingið 1923, þá vill deildin nú frekar en áður hafa hjer hönd í bagga. Ástæðurnar fyrir því býst jeg við að allir skilji. Skal því ekki fara út í þær nú.

Það, sem háttv. 2. þm. Rang. (KlJ)

vantreystir þinginu til að ráða fram úr í þessu efni, er, að því er mjer skildist, sjerstaklega sjerleyfistíminn. Það má vel vera, að 50 ár sjeu það stysta, en vitanlega hefir þingið vald til þess að lengja hann.

Þó jeg sje fulltrúi þeirra hjeraða, sem sennilega verður fyrst farið að beisla fossana hjá, þá er jeg ekkert sjerstaklega hræddur við, að þessi leyfistími sje ekki nógu langur. Og jeg er sannfærður um, að ekki verður erfitt að fá Alþingi til að lengja hann, ef þess gerist þörf.

Það hefir verið mín fasta skoðun, að það, sem vakir fyrir þinginu að hafa full yfirráð yfir í þessum málum, er ekki fjárhagsatriðin, heldur vill það hafa vald til til þess að verja þjóðerni okkar, tungu og öryggi þeirra, sem vinnuna fá. Annars er jeg ekki í neinum vafa um, að þjóðina langar svo mjög til að fá fossana virkjaða, að þingið fer ekki að ófyrirsynju að neita leyfis, ef sæmilegir kostir fást; er því alveg óþarfi að hræðast, þó að valdið sje hjá þinginu.

Þá óttaðist þessi háttv. þm., að pólitík hlypi í málið. En það er ekki nema eðlilegt, þegar um slík stórmál er að ræða. Því jeg er viss um, að í slíkt risafyrirtæki ráðast ekki nema stórburgeisar, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir. En slík pólitík hefði engin áhrif á fyrirtækið. Það verða fossarnir, sem skapa „bolsana.“ Enda mundi þeim fljótlega fjölga, ef slíkt fyrirtæki risi upp. Og jeg er viss um, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mundi fagna, ef slíkt fyrirtæki gæti komist á hjer. *(Atvrh. MG:* Er hann „bolsi“?). Jeg vona, að háttv. þm. fyrirgefi, þó að jeg noti þetta orð yfir jafnaðarmenn, sem alment er notað hjer í Reykjavík, og þá sjerstaklega þegar miðað var við „burgeisa.“

Hvað snertir það, sem háttv. þm. Dala. (BJ) sagði, að við ættum að láta fossana syngja sinn söng, þangað til landsmenn þyrftu á afli þeirra að halda, vil jeg segja það, að ef við ættum að bíða eftir því með virkjun fossanna, þá yrðum við nokkuð lengi aflvana, því að það, sem landið þarf með, er að ná í „hvítu kolin.“

Atvinnumálaráðherra (MG): Þeir hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sögðust ekki hafa búist við, að málið kæmi svona fljótt til 3. umr. Þar til er því að svara, að það er venjulegt og í samræmi við þingsköp, að ekki líði nema tvær nætur milli 2. og 3. umræðu. Og jeg hefi ekkert gert til að flýta málinu, annað en það, sem jeg sagði við 2. umr. þess, að það þyrfti að komast í gegn á þessu þingi.

Jeg er þó þakklátur hæstv. forseta fyrir að taka málið svona fljótt á dagskrá, því að jeg legg mikla áherslu á, að það verði að lögum á þessu þingi.

Út af þeim ummælum hv. þm. Str. (TrÞ), að ilt hafi verið að átta sig á málinu, af því að frv. var ekki prentað, skal jeg taka það fram, að það var gert beinlínis af sparnaðarástæðum að prenta ekki frv. upp, fyr en vissa væri fengin fyrir því, að þingið vildi sinna málinu. En í þingbyrjun, þegar frv. var lagt fyrir, var allmikið til af gömlum eintökum, og hafi hv. þm. Str. (TrÞ) þá ekki getað fengið eitt eintak, er það af því, að hann hefir orðið of seinn að biðja um það.

Út í ræður þeirra háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) og háttv. þm. Dala. (BJ) sje jeg ekki ástæðu til að fara. En það þykir

mjer leitt, ef setja á svo ströng skilyrði fyrir sjerleyfi, að enginn gangi að þeim. Kemur þá fram það, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls, að sumir vilja, að fossarnir fái að belja óbeislaðir enn um langt skeið, eins og þeir hafa gert þessi 1000 ár síðan land bygðist. Þar með er jeg ekki að segja, að taka eigi hverju tilboði, sem fæst, hversu vitlaust sem það er, heldur að taka eigi hverju skynsamlegu tækifæri, sem býðst. Og jeg held, að frv. þetta, verði það að lögum, tryggi þetta eftir föngum.

Hjer er ekki um það að deila, hvort stjórnin sje færari að hafa þessi mál á sinni hendi en Alþingi, heldur hitt, hvort heppilegra sje fyrir þjóðina að láta valdið vera í höndum stjórnarinnar eða þingsins. Fellur mín skoðun þar alveg saman við skoðun hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að það muni yfirleitt verða betra, að valdið sje meira hjá stjórninni. Því til stuðnings má benda á, að ef þingum yrði fækkað, þau aðeins háð annaðhvert ár, þá getur jafnvel dregist svo lengi að gefa svar, að umsækjandi verði hættur við fyrirtækið. Þetta getur jafnvel komið fyrir, þó að þing sje haldið á hverju ári.

Þessa reikninga verða þingmenn að gera upp við sjálfa sig. En eins og jeg hefi þegar látið í ljós, tel jeg þessu máli eins vel komið í höndum stjórnarinnar eins og þingsins.

Um brtt. get jeg verið stuttorður. Fyrsta brtt. er frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Skilst mjer hún helst vera til að leiðrjetta málvillu, er hann telur vera í 2. gr. Jeg sje ekki ástæðu til að vera á móti henni, þó jeg hefði kunnað betur við, að greinin hefði staðið eins og hún er í frumvarpinu.

Um seinni till. hans verð jeg að segja það, að hún er óþörf, af því að jeg lít svo á, að þetta ákvæði, sem hann vill fá inn með þeirri brtt., liggi nú þegar í frv., því að þar sem ekki má veita útlendingum sjerleyfi án samþykkis Alþingis, þá skilst mjer, að þar af leiðandi megi ekki heldur framselja það til útlendinga án samþykkis Alþingis. En eigi að síður tel jeg þetta ekki svo stórvægilegt atriði, að jeg vilji beita mjer á móti því.

Þar sem hv. 1. þm. S.-M., sem flestra manna er kunnugastur þessum málum, hefir ekki getað gripið niður á þýðingarmeira atriði en þetta, þá sýnir það fyllilega, að hjer er ekki mikið að athuga og frv. vel undirbúið.

Um till. hv. þm. Str. get jeg vísað til þess, sem jeg sagði við 2. umr. Það er vitanlega á valdi þingsins, hve mikið vald stjórnin fær í þessum efnum. En jeg get endurtekið það, sem jeg sagði áðan, að jeg til heppilegra, að valdið sje sem mest í höndum stjórnarinnar í þessum málum.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hæstv. atvrh. (MG) hafa lagst allmjög á móti brtt. minni á þskj. 405. Skal jeg þá fyrst snúa mjer að hv. 2. þm. Rang., þótt jeg sje að jafnaði óvanari að eiga orðakast við hann.

Háttv. þm. vjek að því, að frv. þetta hefði verið skemt við 2. umr., þar sem tími sá, sem veita má sjerleyfi til án samþykkis Alþingis, var styttur. Nú telur hann það ennþá skemt, ef till. mín verður samþykt, og þar af leiðandi eðlishestaflatala sú, sem leyfa má virkjun á án samþykkis Alþingis, minkuð.

En það er enginn að segja, og tillaga mín felur alls ekki í sjer það, að ekki megi leyfa að virkja hversu mikið sem er. Heldur hitt, að þegar um langan tíma og sterka stöð er að ræða, þá megi það ekki án samþykkis Alþingis. Þá gat hv.

þm. þess, að ef þingið ætti að fjalla um þetta mál, myndi pólitík komast inn í það. Út af þessum ummælum vil jeg benda á, að stjórnin hlýtur altaf að hafa meiri hl. þingsins, og þarf hún því ekki að óttast, að þingið veiti ekki öll þau leyfi, sem hún vill, ef ekkert er tortryggilegt við þau.

Þess vegna segi jeg, að ef um gott og sjálfsagt mál er að ræða, þá er ekkert á hættu, þó að bera þurfi það undir Alþingi. Og úr því að það er varlegra, hví skyldi þá ekki eiga að gera það?

Þá sagði háttv. þm., að ekki dygði að einblína á eina stjórn. Það voru heldur ekki mín orð, heldur hitt, að þetta mætti ekki festa í lögum fyrir framtíðina. Ennfremur sagði hann, að ef þessi ákvæði yrðu samþykt, þá mundu árnar enn um tugi og hundruð ára fá að syngja sinn söng án þess að verða teknar í þjónustu okkar. Út af þessu vil jeg segja það, að jeg tel betur farið, að þær haldi áfram enn um langan tíma að renna óbeislaðar sína gömlu leið og syngja sinn fagra söng, heldur en að veitt sje leyfi til að virkja þær, sem þjóðinni getur staðið hætta af. Jeg álít hættuna á því geta verið svo mikla, að sjálfsagt sje, að Alþingi fái um að fjalla.

Hæstvirtur atvinnumálaráðherra (MG) vildi halda því fram, að ekki mætti setja svo ströng skilyrði fyrir sjerleyfi, að enginn vildi ganga að þeim. Jeg er alls ekki að halda því fram, að setja eigi ströng skilyrði, heldur að Alþingi eigi að hafa hönd í bagga með veitingu slíkra leyfa. Ef þeir, sem leyfin vilja fá, sýna svo mikinn hroka að vilja ekki beygja sig fyrir því að sækja um þau til Alþingis, þá segi jeg: Burt með þá. Því hvers er þá af þeim að vænta síðar, þegar þeir eru orðnir stóriðjuhöldar í landinu og hafa fjölda manna í þjónustu sinni, ef þeir telja sig of stóra þegar í byrjun til að eiga tal við Alþingi? Ætli þeir vilji þá beygja sig mjög fyrir vilja Alþingis? Jeg býst við ekki.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að vonir mínar um virkjun fossanna eru ekki þær, að þar rísi upp stóriðnaðarborgir með þúsundum verkamanna, þar sem fáir auðkýfingar safna miljónum, heldur að með fossunum verði unninn áburður úr loftinu til að rækta og bæta landið, sem hafi í för með sjer fjölgun sjálfstæðra býla í landinu og bættan almennan efnahag.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki þreyta hv. þm. með langri ræðu.

Hv. þm. Dala. (BJ) byrjaði ræðu sína með því að spyrja, hvort menn vissu, hvað 75 ár væru. Jeg held, að flestir fari nærri um það. Það er t. d. 5×15 ár, og þrír fjórðu hlutar úr öld, o. s. frv. Þetta er hæfilegt sjerleyfistímabil, en verði það haft lægra, eins og nú virðist eiga að verða ofan á í þessari hv. deild, er jeg viss um, að enginn kemur með umsókn til þingsins um þetta efni. Það dettur engum manni í hug að leggja út í kostnaðarsamt og áhættumikið fyrirtæki, nema einkaleyfið sje a. m. k. 65—75 ár.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að ef málið væri gott, mætti veita leyfi, þótt jafnvel væri farið fram úr 50 árum. En eftir minni þekkingu á þessum málum veit jeg það, að enginn kemur með góða eða illa beiðni í þessu efni, ef þannig á að búa í pottinn.

Hv. þm. Dala. óskaði, eins og hv. þm. Str., að fossarnir mættu syngja lausbeislaðir uns oss Íslendingum væri sjálfum

fært að leggja við þá. Þótt æskilegt væri, að vjer gætum þetta, þá held jeg, að mjer sje óhætt að segja það, að fáir af oss, sem hjer erum nú, verði uppi standandi, þegar svo er komið. *(JakM:* Engir). Já, það er víst óhætt að segja það. Útlendir menn með aðstoð ísl. manna mundu falla undir 1. og 2. lið 2. gr. Þeir hljóta því að snúa sjer til þingsins eingöngu. Þessir liðir eru því stílaðir gegn ísl. mönnum.

Jeg vil láta hefjast handa sem fyrst í þessu efni og búa til „praktisk" lög, svo að þeir menn, sem bein hafa í hendi til framkvæmda, geti beitt sjer.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um verndun tungu og þjóðernis. Um það hefir verið rætt svo oft áður, að jeg þarf ekki að svara því.

Jeg þarf ekki heldur að svara hæstv. atvrh. (MG) mörgu. Hann sagði, að ekki væri venja, að mál væru tekin til 3. umr. fyr en tvær nætur væru liðnar frá 2. umr. Jeg skal játa, að þetta er góð venja, en hitt er líka góð venja, sem þó hefir oft verið út af brugðið, að bera út brtt. daginn áður en þær eiga að koma til umræðu.*

Sveinn Ólafsson: Jeg get eftir atvikum unað vel við undirtektir háttv. þdm. undir brtt. mínar á þskj. 405. Að vísu hefir verið fundið dálítið að 1. brtt., einkum af háttv. þm. Dala. (BJ). Hann mælti st til þess, að jeg tæki till. aftur. En þótt hann álíti hana af misskilningi fram komna, þá verð jeg að halda fast við það, að í henni felist enginn misskilningur. Og að svo sje, styð jeg meðal annars við það, að hæstv. atvrh. (MG) ljet í ljós, að hann teldi ekkert athugavert við hana, og lýsti því meira að segja yfir, að hann mundi greiða henni atkv. Jeg legg meira upp úr lögskýringu hæstv. atvrh. heldur en lögskýringu hv. þm. Dala., þótt glöggur sje og skýr.

Hv. þm. Dala. virtist álíta, að ummæli mín um umráðamann vatnsrjettinda gætu ekki átt við leigjanda, heldur aðeins eiganda eða einhvern þriðja mann, sem ekki gæti notað þessi rjettindi; en svona orðskýring kemst ekki að. Jeg tel rjett að nefna umráðamann þann, sem umráðarjettinn hefir, hvort sem hann er sjálfur eigandi eða hefir þegið sinn umráðarjett af öðrum; heimildin til að nota vatnið getur bæði stafað frá eignarrjetti og leigurjetti. Jeg get, sem sagt, ekki orðið við ósk hv. þm. Dala. um að taka þessa till. aftur. *(BJ:* Það var ráðlegging, en ekki ósk). Jeg get þá ekki heldur notað mjer ráðleggingu hv. þm. að þessu sinni, en vel má vera, að jeg geti öðru sinni hagnýtt mjer hans vingjarnlegu ráðleggingar. Annars þarf jeg ekki að fjölyrða neitt um þessa brtt. frekar. Jeg þykist vita, að hv. þdm. skilji, að hún er ekki aðeins meinlaus, heldur miðar hún til þess að gera lögin samræmanlegri við vatnalögin sjálf, og það þurfa þau að vera.

Hæstv. atvrh. áleit, að umkvörtun mín um það, að mál þetta er komið svo fljótt á dagskrá aftur, mundi vera ófyrirsynju, þar sem jeg væri svo kunnugur þessu máli og ætti því að vera búinn að athuga það nægilega. En jeg verð að kannast við það, að þótt nú sje langt liðið síðan málið kom hjer fyrst á dagskrá, þá hefi jeg samt enn ekki getað sett mig fyllilega inn í þær umfangsmiklu breytingar, sem hafa verið gerðar á þessu frv. frá mínu frv. 1919. Jeg á t. d. erfitt með að átta

* Af ræðunni vantar mikið frá hendi skrifarans. — KlJ.

mig á 12. gr., hvort hún sje framkvæmanleg eða heppileg, en henni er gerbreytt frá frv. mínu, sem lá fyrir þinginu 1919 og 1920. Aftur eru önnur ákvæði, sem eru í fullu samræmi við frv. mitt, og hefi jeg að vísu áttað mig á þeim, en alt frv. er orðið ósamræmilegt við það, að blandað var saman ólíkum stefnum, er frv. var samið. Jeg vil benda á það, að eftir 12. gr. er sjerleyfisgjaldið 0,50—5 kr. af hestafli, og getur hækkað upp í 10 kr. af hestafli eftir ákveðinn tíma. Þetta er mikil breyting frá frv. mínu, því að hjer er ekki aðeins gjaldið miklu hærra en áður var ætlað, heldur er hjer ekkert ætlað hjeruðum þeim, sem fyrir usla verða af virkjun, eins og jeg ætlaðist til í upphaflega frv. og eins og lengi hefir tíðkast hjá Norðmönnum. Þar rennur hálft gjaldið til hjeraðanna. Aftur er öllu gjaldinu hjer ætlað að renna í ríkissjóð. Þetta og margt annað í þessu frv. er svo gerólíkt því, sem áður hefir vakað fyrir mjer, að jeg treystist ekki til þess að segja um það, hvort þetta verður notað eða er „praktiskt".

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að athugasemdum háttv. 2. þm. Rang. Hann taldi, að þessi örðugu sjerleyfisskilyrði mundu leiða til þess, að enginn treystist til að ráðast í vatnsvirkjanir í stærri stíl, einkum vegna þess, hvað sjerleyfistíminn væri stuttur. En eins og jeg og fleiri bentum á við 2. umr., þá er tíminn hjer, 50 ár, alveg jafnlangur eins og hann er í Noregi, og eins og hann var settur í frv. 1919, og auk þess gert ráð fyrir því, að Alþingi geti lengt hann ótiltekið. Hjá Norðmönnum er það hliðstætt því, sem hjer er ætlast til, að Stórþingið getur lengt sjerleyfistímann upp í 60 ár, en hjer getur Alþingi lengt tímann eins og það vill. Með öðrum orðum, Norðmenn setja Stórþinginu takmörk í þessu efni, svo skilyrði þessi eru ekki þrengri hjá okkur en tíðkast meðal annara þjóða, heldur rýmri. Þá áleit hv. 2. þm. Rang., að það þyrfti að breyta tímaákvörðuninni um innlausn virkja, og lækka sjerleyfisgjaldið, þegar tíminn er styttur í 50 ár. En jeg vil benda á það, að þessi 50 ára sjerleyfistími hjá Norðmönnum er líka bundinn við það, að eftir 35 ár geti ríkið tekið í sínar hendur öll virkin eftir mati, en eftir 50 ár án endurgjalds. Hjer er fullkomið samræmi við lög Norðmanna, og jeg veit ekki til þess, að við getum haft betri fyrirmynd í þessu efni en lög þeirra. Hjer hefi jeg síðustu sjerleyfislög þeirra, og eru þau frá 1917. En jeg hygg, að það sje rjett, að þau hafi verið sett og endurskoðuð þrisvar. Í fyrsta sinn 1904 eða nálægt þeim tíma, síðan 1909 og loks þessi, 1917. Og þessi tímatakmörk eru hjá þeim alveg hliðstæð því, sem er í þessu frv. Út frá þessu verð jeg að segja það, að mjer virðist ekki ástæða til þess að taka málið út af dagskrá fyrir þessar sakir, því jeg hygg, að ekki verði, eins og hjer horfir við, farin önnur líklegri leið til úrlausnar þessu máli en frv. og till. benda nú til. Hinsvegar skal jeg viðurkenna, að það er sitthvað í frv., sem jeg efast um að reynist vel, eins og líka í það vantar ákvæði, sem síðar mun saknað. Þess vegna hygg jeg, að það geti orðið örðugt í framkvæmd, þegar þar að kemur, en nú mun rjettast að láta reynsluna skera úr því, hvernig lögin gefast.

Jakob Möller: Mig hefir furðað dálítið á 1. brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann hefir verið í sambandi við þetta mál að lýsa ánægju sinni yfir afgreiðslu vatnalaganna 1923 og viljað láta líta svo út, sem hann teldi þá lagasetningu í sam-

ræmi við skoðun sína á eignarrjettinum. En þó er hann nú að reyna að troða inn í þetta frv. hálmstráum, sem hægt sje að hengja eignarrjettarhattinn á, rjett eins og honum finnist þó einhverjir gallar á þessari löggjöf frá 1923, og kemur það heim við það, að hv. þm. (SvÓ) greiddi þá atkvæði á móti lögunum. En allar tilraunir hans að smeygja slíkum ákvæðum inn í þessi lög eru og hljóta að verða árangurslausar. Það liggur í hlutarins eðli, að vatnalögunum frá 1923 verður ekki breytt með þessum lögum, nema það verði tekið hjer fram, að 2. gr. þeirra laga hafi hjer með mist sitt gildi. Annars standa þau óhögguð.

Hvað snertir þessa 1. brtt., sem hjer er fram borin, á þskj. 405, þá virðist hún eingöngu vera borin fram í þessum tilgangi, sem jeg lýsti áðan. En hún kemur alls ekki að notum. Það geta hæglega verið til umráðamenn vatnsrjettinda án þess að eignarrjetturinn komi þar neitt til greina. T. d. getur ríkið fengið manni í hendur umráðarjett yfir vatnsfalli. Þá er hann rjettur umráðamaður þess, þó hann eigi það ekki. Þetta hefir því ekki hið allra minsta að þýða hvað snertir spurninguna um eignarrjettinn. Og brtt. hljóta einmitt að veikja málstað hans sjálfs yfirleitt, því með þeim hefir hann óbeinlínis lýst því yfir, að vatnalögin frá 1923 sjeu ekki eins úr garði gerð og hann vill vera láta. Og það er alls ekki óhugsandi, að það geti haft áhrif á lögskýringu í þessu atriði síðar, ef til kæmi. Svo það má einu gilda, hvort till. verða samþyktar eða ekki. Þær verða aldrei til annars en að veikja málstað hv. 1. þm. S.-M. Þó er jeg ekkert á móti því, að þær nái fram að ganga, í fyrsta lagi vegna ágreiningsins um eignarrjettinn, og í öðru lagi vegna þess, að þær geta ekki breytt vatnalögunum. En jeg samþykki ekki 1. brtt. hv. þm. (SvÓ) vegna þess, að hún sje betur orðuð en greinin í frv., eins og sjá má á því, að hún notar fleiri orð en frvgr. En till. hefir sjerstök ákvæði hvað viðvíkur umráðamönnum fallvatna, eins og hv. þm. Dala. (BJ) tók fram, án þess að jeg vilji blanda mjer inn í deilu þeirra út af því, við hvað hjer sje átt. Í frv. er hjer villa, „þeim“ í stað „því“. Slíka villu má laga í prentun án þess að till. sje um það gerð. Jeg hygg, að það sje svo algengt hjer á Alþingi, er slíkar prent- eða skrifvillur slæðast inn, að leiðrjetta þær þannig eftir bendingu í prentsmiðjunni, að það þurfi ekki að valda neinum örðugleikum í þetta sinn.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði í byrjun ræðu sinnar, að það yrði að samræma þessi lög vatnalögunum; en það er fullkominn misskilningur. Það eina, sem þörf gæti verið að aðgæta, er, að þessi lög byggist ekki á mótsettum skilningi, síst í meginatriðum, en það gera þau einmitt ekki.

Hinsvegar er jeg þakklátur hv. þm. (SvÓ) fyrir 3. brtt. á þskj. 405, því hún er fram komin í samræmi við aths., sem jeg gerði við 2. umr. Og þó líklegt sje, að lögin þurfi ekki þeirrar skýringar, þá er rjett að taka hjer af allan vafa, svo að það komi beint fram, að það þurfi samskonar heimild og upphaflega, þegar um er að ræða framsal eða sölu á sjerleyfi eða slíkt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins benda á það, hvað brtt. hv. 1. þm. S.-M. er framúrskarandi meinlaus, því alt, sem stendur í 1. málsgr. 2. gr. frv., hvort sem hún er samþykt óbreytt eða með brtt. hv. þm. (SvÓ), stendur í 49. gr. vatnalaganna. Þar, í 1. málsgrein, eru almenn ákvæði um heimild til þess að virkja fall-

vötn. Í 2. og 3. lið eru sett þau takmörk, að ekki megi virkja meira en 500 hestöfl, nema leyfi ráðherra komi til. Í 49. gr. vatnalaganna eru þessir menn skilgreindir á sama hátt, að umráðamaður vatnsrjettinda sje eigandi jarðar þeirrar, er vatnsrjettindin fylgja. En í þessu liggur afneitun þess, að nokkur eigi sjálft vatnið, sem heimilað er að virkja.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skildi ekki í því, að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) skyldi vera að kvarta um tímaleysi í þessu máli, því að hann hefir haft tíma til þess að athuga málið síðan 1919, eða 5 ár. Út af orðinu „umráðamaður" þá vil jeg segja, að jeg skil það svo, að það merki þann, er hefir slík rjettindi yfir fallvatni, að hann geti virkjað það að fengnu leyfi stjórnar eða Alþingis. Eignarrjettinn snertir þetta ekki beinlínis, og löggjöf Norðmanna er ekki bindandi fyrir okkur.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvartaði um það, að sá siður væri nú niður lagður, að brtt. væru bornar út til þm. að kvöldi, en þar til er því að svara, að sá siður hefir verið niður lagður áður en jeg kom á þing, enda væri nú örðugt að koma því við, því að prentsmiðjur eru farnar að loka svo snemma, að brtt., er seint koma fram, fást ekki fyr en daginn eftir, nema alveg sjerstaklega standi á og prentsmiðjan fái vitneskju um það fyrir lokunartíma, að von sje á þingskjali, sem sjerstaklega liggi á. Annars eru þessar brtt., sem hjer liggja fyrir, svo einfaldar, að margar hafa komið fram áður miklu flóknari á síðustu stundu, og enginn fengist um.

Magnús Torfason: Grundvöllur sá, er hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og jeg byggjum á, er svo ólíkur, að þar „skilur haf hjarta og vör." En út af ummælum háttv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg taka fram nokkur atriði til skýringar. Hann sagðist ekki vilja fossavirkjun fyr en innlendir menn væru færir um það. En jeg vil nota útlendingana til að hjálpa til að koma virkjun í framkvæmd. Háttv. þm. (TrÞ) talaði um áburðinn og hvað hann væri mikill þáttur í viðreisnarsögu landsins, og þegar jeg talaði um, að landið væri aflvana, þá hafði jeg og það atriði í huga. En svo vil jeg benda á það líka, að virkjun fossanna getur orðið til þess að vernda þjóðerni okkar. Nú safnast alt fólkið hjer að togaraútgerðinni, en ef við fáum rafmagnsstöðvar inni í landinu sjálfu, yrði það til þess að draga úr aðsókninni til kaupstaðanna, og þá mundu myndast menningarstöðvar þar inni í landinu, með allskonar þægindum. Og verði fossarnir virkjaðir, þá skapast ný skilyrði fyrir landbúnaðinn, og frá mínum bæjardyrum sjeð get jeg ekki hugsað mjer neina öflugri aðstoð fyrir hann en ef slíkar stöðvar myndu uðust uppi til sveita.

Það hafa ýmsar skýringar komið fram um eign vatnsrjettinda og þegar lögin 1923 voru sett, samþyktu menn þau með ýmsum hug hvað þetta atriði snertir, og jeg hygg, að menn hafi ekki breytt skoðun sinni síðan, og því megi lítið mark taka á yfirlýsingum nú í því efni.

Bjarni Jónsson: Menn eru enn með þessa drauma, að fossarnir sjeu eins og kvörnin Grotti og geti malað oss gull í ríkum mæli. En hún getur líka malað malt og salt í djöfuls nafni, til þess að sökkva þessu landi. Og hún mun aldrei mala gull fyrir landsmenn, og ekki einu sinni áburð. Hjer eru og ekki til þau efni, er borgi sig að vinna í verksmiðjum,

og yrði því að flytja öll hráefni hingað frá öðrum löndum, en til þess þyrfti meiri skipastól en útflutningur nemur. — Þetta eru því aðeins heimskulegir draumar.

Nú heyri jeg haft eftir þýskum blöðum, að „Titan“ sje endurreist með fjárframlagi frá Ameríku. Vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvort henni sje kunnugt um þetta, því að „Titan“ hefir svo oft sótt um virkjunarleyfi. Jeg veit ekki, hvort blöðin hafa rjett fyrir sjer, en sjálfsagt er, að menn fái að vita um þetta í tíma, því að þingið verður að setja skorður við, ef á að fara að framkvæma þessa draumóra, öllum til ills.

Jeg skal játa það, að þegar jeg talaði um till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og um það, hvað „umráðamaður“ þýddi, fór jeg þar eftir málvenju, en mundi ekki eftir, að í 49. gr. er það haft í annari merkingu, eða sama sem „handhafi“; en þetta er, eins og jeg sagði fyr, misbrúkun á málvenju.

Hv. sessunautur minn (MT) talaði um ýmsar stöðvar, sem rísa mundu upp í landinu við vatnavirkjun, og nefndi menningarstöðvar! En það tel jeg ekki glæsilega framtíð. Þangað mundi fólkið flykkjast og þar rísa upp þorp og kauptún, og þar mundi sveitafólkið sitja, í stað þess að yrkja jörðina. Í öðru lagi er þess að gæta, að þótt virkjun kæmist á, mundu verksmiðjur vart reknar uppi í sveitum, heldur mundi vatnsorkan leidd til hafnar. *(SvÓ:* Ekki í öllum tilfellum). Menn varðveita sveitirnar best með því að láta enga fossaiðju koma upp í þessu landi, því að það er hægra að leggja á sig Gleipni heldur en brjóta hann af sjer aftur.

Um eignarrjett á vatni er það engum efa undirorpið, að sú skoðun hefir sigrað, sem rjett var, að enginn eignarrjettur er á vatni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi ekki komið inn á atriðið um eignarrjettinn, en fyrst menn eru farnir að vitna, þá get jeg vitnað líka. Jeg er sannfærður um það, að með vatnalögunum er ákveðinn skýlaus eignarrjettur á vatnsafli.

Jeg þarf ekki að víkja mikið að brtt. minni. Jeg vil benda á, að sú stærsta virkjun, sem enn hefir farið fram hjer á landi, er í Reykjavík, 1500 hestöfl. Þessi stöð leggur öllum prentsmiðjum í bænum til afl, og mörgum iðnrekstri öðrum, lýsir öll hús og leggur mikinn kraft til hita. Þó er þetta 10 sinnum minni stöð en hámark um virkjun án leyfis Alþingis. Af þessu geta menn sjeð, hvað hjer er mikið um að ræða.

Jeg skal aðeins víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Árn. (MT) og því, sem hann sagði um menningarstöðvarnar(!), þar sem útlendingar settu sig á stein og söfnuðu fólki að sjer. Jeg er viss um, að slíkt yrðu hættustöðvar fyrir menningu þessa lands, og sveitamenn mættu kvíða því, ef slíkar stöðvar kæmu upp. Og jeg vona, að jeg lifi það aldrei, að slíkar „menningarstöðvar“ verði settar á úti um land.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal svara hv. þm. Dala. því, að jeg hefi ekki sjeð þessi þýsku blöð. En út af síðustu orðum hv. þm. Str. væri rjettast, ef það er vilji Alþingis að gefa aldrei sjerleyfi, að segja það í lagaformi.

ATKVGR.

Brtt. 405,1 samþ. með 15:5 atkv.

— 405,2 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BJ, HK, IngB, JakM, JBald, JörB, BSv.

nei: KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HStef, JAJ, JK, JS, JÞ.

Brtt. 405,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., fimtudaginn 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 410).

Á 66. fundi í Ed., laugardaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frumvarp þetta var lagt fyrir hv. Nd. í byrjun þingsins. Hafði allshn. þeirrar deildar það til athugunar. En það kom ekki til 2. umr. þar fyr en nú fyrir nokkrum dögum.

Eins og jeg tók fram hjer í gær út af öðru máli, sem var til umræðu, þá legg jeg mikla áherslu á, að sjerleyfislög verði samþykt á þessu þingi, vegna þeirra trygginga, sem í þeim felast.

Jeg vona, að í frv. sjeu ekki mörg atriði, sem valdið geta ágreiningi. A. m. k. var það ekki í hv. Nd., og þá ætti það ekki frekar að vera hjer, þar sem þetta mál hefir áður legið fyrir deildinni og verið samþykt hjer við 2. umr.

Í hv. Nd. voru aðallega þau tvö atriði, sem um var deilt, hvað sjerleyfistíminn ætti að vera langur og hversu stórt virkjunarleyfi mætti veita án samþykkis Alþingis.

Það varð úr í hv. Nd., að sjerleyfistíminn var ákveðinn 50 ár, í stað 75 ára, sem hann var í stjfrv. En sá tími hafði upphaflega komist inn í frv. í þessari hv. deild fyrir tveimur árum. Það er þó ekki svo að skilja, að ekki megi veita sjerleyfi til lengri tíma, en til þess þarf samþykki Alþingis.

Hitt atriðið er, hve margar eðlishestorkur megi virkja án samþykkis Alþingis. Nú eru það samkv. frv. 25 þús. En í hv. Nd. komu fram brtt., bæði um að færa það niður í 10 þús. og 15 þús., en báðar voru feldar.

Jeg geri ráð fyrir, að máli þessu verði vísað til allshn., en þá vil jeg beina þeirri ósk til hennar, að hún flýti því eins og hún getur, til þess að það komist í gegn á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 461).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg býst ekki við að hafa langa framsögu í þessu máli, því að nefndin er að mestu leyti sammála um það,

Um mál þetta hefir verið mikið rætt og ritað, og það svo mjög, að stjórninni hefir verið farið að ofbjóða prentunarkostnaðurinn, sem best má sjá af því, að frv. þetta hefir ekki verið prentað nú í heilu lagi, heldur vísað til frumvarpsins frá 1924.

Frv. þetta var fyrst lagt fyrir þingið 1923, og svo aftur 1924, og komst það þá til 2. umr. í þessari háttv. deild, en ekki

lengra. En nú hefir stjórnin tekið tillit til þeirra breytinga, sem frv. fjekk þá hjer, og vísar til þess eins og það var eftir 2. umr. hjer í fyrra.

Nú hefir frv. þetta legið alllengi fyrir Nd. og gengið gegnum hana, en tekið nokkrum breytingum. Eru aðallega þrjár þeirra, sem nokkru máli skifta. Má þar fyrst til nefna breytinguna við 4. gr., tölulið 18., þar sem lagt er til, að í stað 500 hestafla, sem stjórninni er heimilt að veita undanþágu til að virkja samkvæmt frv., er fært upp í 1000 hestöfl. Ennfremur er sjerleyfistíminn, sem í frv. er ákveðinn 75 ár, færður niður í 50 ár.

Þá er við 12. gr. frv. lagt til, að hámark eðlishestaflatölu þeirrar, sem árgjald þarf ekki að greiða af, verði hækkað úr 200 upp í 500. Þetta eru stærstu breytingarnar, sem Nd. leggur til að gerðar verði á frumvarpinu.

Nú hefir allshn. þessarar deildar haft frv. til athugunar, og leggur meiri hl. hennar til, að það verði samþykt eins og það kom frá Nd.

Aftur hefir einn nefndarmanna gert ráð fyrir að koma með brtt. við 7. gr. frv. til 3. umr.

Um mál þetta hefi jeg svo ekki meira að segja og afhendi háttv. deild það til vanalegrar meðferðar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekki neitt að segja um málið eins og það liggur fyrir nú. Skal jeg aðeins þakka hv. allshn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á því. Nær þakklæti þetta einnig til hv. 5. landsk. (JJ) sem eins nefndarmanns, því enn hefir hann ekki gert neinn ágreining. En fari svo, að tillaga hans verði óaðgengileg, get jeg, ef mjer sýnist, tekið þakklætið til hans aftur við 3. umr. En nú sem stendur á hann ⅓ af því.

Jónas Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að koma með brtt. við frv. þetta nú, en vanst ekki tími til þess.

Það, sem jeg vildi breyta hjer, er það, að engin ríkisstjórn megi leyfa stórvirkjun án leyfis þingsins.

Í neðri deild komu fram brtt. um að miða sjerleyfi það, sem stjórnin mætti veita án samþykkis Alþingis, við 10 þús. og 15 þús. hestöfl, en þær brtt. voru báðar feldar.

Það er því þetta atriði, sem jeg hefi gert ráð fyrir að bera fram brtt. um við 3. umr. Því þar sem svo mjög er liðið á þingtímann sem nú, treysti jeg mjer ekki til að koma með aðrar brtt. en um það, sem er beinlínis stefnumál. Annars finst mjer það dálítið hjákátlegt, að forðast skuli vera í frumvarpi þessu að nefna eignarrjettinn yfir vatninu. Er það ekki nema tepruskapur einn, því að vatnalögin eru bygð á þeim grundvelli, að sá eigi vatnið, sem eigi grundvöllinn, er vatnið rennur um.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekki viljað gefa neitt tilefni til þess, að farið væri út í hinar gömlu deilur um eignarrjettinn yfir vatninu. Tel jeg það spursmál útkljáð með vatnalögunum. Verði því ágreiningur þar um, er dómstólanna að úrskurða.

Frv. er lagt fyrir nú með sama orðalagi og áður, og ef þar er um tepruskap í orðalagi að ræða, eiga fyrv. atvinnumálaráðherrar (Kl. Jónsson og Pjetur Jónsson) sök á því. Hv. 5. landsk. (JJ) hefir því hjer vegið í annan knjerunn en hann ætlaði.

Jónas Jónsson: Jeg vil aðeins bæta því við, að það getur haft mikil áhrif á

úrskurð dómstólanna, hvað þingið segir í þessu efni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Um þetta atriði hafa yfirlýsingar komið á víxl. Geta þær því ekki haft mikil áhrif á úrskurð dómstólanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
36.—37. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 410).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 508).

---

20. Laun embættismanna.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (stjfrv., A. 30).

Á 9. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get látið mjer nægja að mestu að vísa til athugasemdanna við frv., sem eru nokkuð ítarlegar, og leyfi jeg mjer að vænta þess, að hv. þdm. kynni sjer þær. Jeg vil einungis segja það, að þær ástæður, sem voru fyrir hendi 1919, þegar ákvæðin um dýrtíðaruppbótina voru gerð, hafa ekki tekið miklum breytingum til þessa dags. Og sje jeg því ekki, að það geti komið til mála að láta þau ákvæði falla úr gildi í lok yfirstandandi árs, en það verður, ef ekki verður gerð ný lagasetning um þetta nú á þinginu. Jeg skal geta þess, að þær opinberu tölur, sem fyrir liggja um almenna verðhækkun frá því fyrir stríð, sýna ekki mjög mikinn mismun. Lítum t. d. á vísitölu framfærslukostnaðar fjölskyldu í Reykjavík frá því í okt. 1919 og til þess í okt. 1924. Hún er 348 kr. í okt. 1919, en 321 kr. í okt. síðastliðnum. Munurinn er því miður æðilítill. Á vísitölum á almennu smásöluverði á þessum tíma er mismunurinn nokkru meiri, í okt. 1919 368, en í síðastliðnum okt. 317. En þessi lækkun er ekki svo mikil, að jeg telji, að það komi til mála, að löggjöfin um dýrtíðaruppbótina falli alveg burt.

Jeg hefi í aths. við frv. gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að þegar nægileg festa er komin á verðlag og peningagildi í landinu, þá sje rjett og best að leggja sjálft peningagildið til grundvallar, þegar reikna á út laun og launauppbót embættismanna, en ekki dýrtíðarvísitölu, sem tekin er einungis á einum stað á landinu, því að hún hefir ekki óyggjandi gildi nema fyrir þann eina stað. En þessi festa á verðlagi og peningagildi er enn ekki fyrir hendi, svo stjórnin hefir ekki sjeð sjer annað fært en að halda áfram fyrst um sinn að byggja dýrtíðaruppbótina á

sama eða svipuðum grundvelli og áður, þ. e. á vísitölu verðhækkunar þeirra vörutegunda, sem valdar hafa verið til útreikningsins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleirj orðum um frv. þetta nú, en vonast eftir, að það fái að ganga til 2. umr., og vil leyfa mjer að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 50., 56. og 58. fundi í Nd., dagana 3., 15. og 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 30, n. 171 og 184, 193, 286, 366).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það er hvorttveggja, að jeg er ekki viss um, að jeg þurfi að halda sjerlega langa framsöguræðu fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, enda er það skemtilegra að þurfa ekki að búta hana í tvent, þótt svo áliðið sje fundartímans sem nú er.

Fjhn., sem hafði málið til meðferðar, hefir klofnað; en þó munu menn sjá, að í raun og veru er það ekki svo stórvægilegt, sem á milli ber. Ágreiningurinn var í raun og veru ekki um annað en það, hvort samþykkja ætti frv. stjórnarinnar eða halda dýrtíðaruppbótinni óbreyttri, eins og hv. minni hl. leggur til, og það skakkar sáralitlu, hvor kosturinn er tekinn. Nefndin ræddi málið á mörgum fundum, og það sýnir, hve lítið bar á milli, að það var í raun og veru samstarf í nefndinni fram til þess síðasta. Án þess að jeg vilji grípa fram fyrir hendur hv. frsm. minni hl., þá held jeg óhætt að segja, enda mun það sjást í nál. minni hl., að nefndarmenn voru í raun og veru allir sammála um hvorttveggja, að það væri ekki nema sanngjarnt, að laun ráðherra væru nokkuð bætt upp, og einnig bætt upp laun þeirra lægst launuðu. En menn voru ekki sammála um, hvort uppbót þeirra lægst launuðu ætti að vera lögákveðin dýrtíðaruppbót, eða taka skyldi frá vissa upphæð til uppbótarinnar, líkt og nú er gert við símastúlkur. Ágreiningurinn var því frekar um aðferðina heldur en um aðalatriðið sjálft.

Þegar þingið 1919 setti ákvæðin um dýrtíðaruppbót og tímabatt hana við árslok 1925, þá býst jeg við, að menn hafi gengið í þeirri sælu von, að þar sem stríðinu væri nú lokið, mundi stefna fjármálanna í veröldinni, og þá einnig á Íslandi, vera komin nokkurnveginn í rjett horf 1925; yrði þá ef til vill ekki lengur þörf á að bæta launin upp. Einnig hefir sjálfsagt meðfram vakað fyrir mönnum, að þessi uppbót, sem ákveðin var, hefði nokkra annmarka; væri því gott að geta endurskoðað fyrirkomulagið eftir hæfilegan tíma. Það hafa jafnvel heyrst raddir um að afnema dýrtíðaruppbótina nú á þessu þingi án þess að setja nokkuð í staðinn. En öllum nefndarmönnum kom saman um, að það gæti ekki komið til neinna mála að fella dýrtíðaruppbótina niður að fullu og öllu nú, að peningarnir væru komnir í svo gott gengi, verðlag komið svo niður, án þess að setja nokkuð í staðinn. Enda er þetta augljóst þegar á það er litið, að sú seinasta dýrtíðarvísitala, sem við höfum í Hagtíðindum, fyr-

ir Reykjavík, sýnir dýrtíð í jan. 1925 um 200%.

Þegar svo er á það litið, að 1914, í stríðsbyrjun, kom öllum saman um, að embættislaun væru orðin óhæfilega lág, vegna þess að peningarnir höfðu, þótt hægt færi, rýrnar að verði um allmörg ár. Þegar aftur er litið á það, að launin 1919 hanga varla í launanum 1914, ef tillit er tekið til verðfalls gullsins, þá er alveg óhugsandi, að það sje fært að fella nú niður uppbót launanna, þegar krónan er ekki nema eitthvað yfir 60% af gulli ennþá. Það þarf ekkert að ræða um það, hvaða afleiðingar slík launakjör hefðu. Það, sem um er að ræða hjer, getur þess vegna ekki verið annað en það, hvort hægt sje að finna hentugri og þægilegri aðferð fyrir báða aðilja. Það er ekki hægt að segja, að þessi dýrtíðaruppbót, sem ákveðin var 1919, væri nein frumsmíð, því eins og öllum hv. þm. er kunnugt, var þingið þrívegis áður búið að glíma við þetta verkefni. Það voru reyndar fjórar aðferðir. Fyrst var það reynt með lögum frá 3. nóv. 1915; þá var tekin upp sú aðferð að skifta embættismönnum í tvo flokka eftir því, hvort þeir voru fjölskyldumenn eða ekki. Þeir fjölskyldumenn, sem höfðu undir 500 kr. laun, skyldu hafa 30% af launanum, 500—1000 kr. fengu 20% uppbót, 1000—1500 kr. 15%, 1500—2000 kr. 10%. Auk þess voru ákveðnar 10 kr., sem starfsmenn ríkisins skyldu fá fyrir hvert barn, sem þeir höfðu á sínu framfæri undir 16 ára aldri.

Einhleypir menn áttu að hafa talsvert lægra; þeir, sem fengu undir 500 kr. laun, 20%, 500—1000 kr. 10%, 1000—1500 kr. 5%. Svo var tiltekin upphæð til þess að bæta upp laun símamanna. Þeir, sem voru undir 1800 kr. launum, fengu 16%, og útbýtti ráðherra því eftir till. landssímastjóra.

Við þessi launakjör var búið í tvö ár. 1917 var tekin upp önnur aðferð, nokkru vísindalegri og ef til vill að einhverju leyti betri. Þar átti að borga af 1500 kr. launum eða minna 40%, af 2300 kr. eða minna 30%, af 3100 kr. eða minna 20%, af 3900 kr. eða minna 10%. Laun yfir 4700 kr. fyrir fjölskyldumenn voru ekki bætt upp, og laun yfir 2500 kr. voru ekki bætt upp fyrir einhleypa.

Þessu var strax breytt 1918. Þá var tekin upp ennþá flóknari aðferð, sem átti að ná til manna með ennþá meiri sanngirni, þar sem ákveðið var, að af fyrstu þúsund kr. eða minna yrði uppbótin 60%. Af því, sem þar er framyfir, upp í 2000 kr., fá þeir, sem hafa undir 4500 kr., 30%, en þeir, sem hafa frá 4500—4800 kr., fá uppbót af öðru þúsundinu þannig, að laun og uppbót verði 5400 kr. Einhleypir fá enga uppbót, ef þeir hafa 3000 kr. eða meira í laun, annars ⅔ uppbótar o. s. frv.

Það er vitaskuld ekki svo gott að fylgjast með tölum, fljótt upp lesnum, en jeg býst við, að sumum hv. þm. sje þetta svo kunnugt, að þeir hafi fylgst með. Að jeg minnist á þetta, er til þess að sýna fram á, að það var mjög fjarri, að menn rendu blint í sjóinn, er dýrtíðaruppbótin var ákveðin 1919, og var þess vegna sennilegt, að þeim gæti tekist vel, með alla þá reynslu, sem þeir höfðu að baki. 1919 var tekin upp sú aðferð að reikna verð ýmsra vörutegunda eins og þær voru seldar í smásölu í Reykjavík, og reikna frá því vísitölu, sem uppfærsla launanna var gerð eftir. Þegar um þetta var rætt í nefndinni, man jeg ekki eftir, að fram kæmi nein uppástunga um að haga dýrtíðaruppbótinni öðruvísi en gert hefir verið

síðan 1919, nema nokkuð var minst á þá aðferð, sem stjórnin minnist á í aths. sínum við frv., sem sje að bæta upp launin eftir gengi íslensku krónunnar móti gulli. Nefndinni kom saman um, eftir að hafa athugað þetta atriði, að miklir erfiðleikar væru á þessu, eins og gengið er óstöðugt og búast má við að verði ennþá. Má benda á síðasta ár og nú til samanburðar. Gengið getur sveiflast á skömmum tíma, eins og sjá má af því, að það er ekki langt á milli, að bæta hefði átt upp laun með yfir 100%, þar til ekki hefði átt að bæta þau upp nema með 52%. Á þeim tíma hefir ekki orðið verulegur munur á vöruverðlagi í landinu, nema þá til hækkunar það sem það er. Það er vöruverðið, en ekki gengið, sem þá varðar um, sem á vörunum eiga að lifa. Þetta sýnir, hversu það er varhugavert að bæta upp launin þannig, nema gengið sje sæmilega fast, eða fundnar verði einhverjar þær aðferðir, sem mönnum eru ekki ljósar enn.

Einn örðugleiki á þessu yrði sá, að það yrði að miða dýrtíðaruppbótina við talsvert annan tíma en hún á að koma til útborgunar á, vegna þess, að enginn getur gert ráð fyrir, að breyting á gengi ísl. krónu geri strax vart við sig í breyttu verðlagi innanlands.

Annars liggur ekki fyrir till. um þetta, svo það er óþarfi að minnast á það frekar. En jeg skal segja það fyrir mig, að jeg býst ekki við, að fært verði að miða við gengi ísl. krónu fyr en það er orðið svo stöðugt, að verðlag, sem skapast undir því, hefir náð verulegri festu; og þá væri sennilega rjettara að hætta að tala um dýrtíðaruppbót, en sníða í þess stað launin sjálf eftir þessu nýja verðlagi.

Nefndin hefir því orðið öll sammála um að halda sama útreikningi um dýrtíðaruppbótina eins og áður hefir verið.

Í stjórnarfrv. er, eins og hv. þm. er kunnugt, farið fram á, að gerðar verði tvær breytingar frá því, sem verið hefir. Önnur fer fram á, að afnumið sje það krónuhámark, sem ákveðið er í launalögunum að laun og dýrtíðaruppbót megi nema samanlagt. Eins og kunnugt er, er annað hámark sett í lögunum, sem sje það, að það má ekki bæta upp nema ákveðna upphæð, 4500 kr., og það er í raun og veru nóg hámark til að takmarka, að launin fari upp úr öllu valdi. Svo er þessu hámarki bætt við kr. 9500, nema hæstarjettardómarar mega hafa 10500 kr. Því er nú komið svo, að þeir, sem gjalda þessa hámarks, og mundu njóta þess, ef því yrði kipt burt, eru örfáir embættismenn, eiginlega ekki nema einn einasti embættismaður í öllu ríkinu, háyfirdómarinn í hæstarjetti; það mundi muna hann liðlega 2 þús. kr. Svo koma líklega 6 embættismenn, sem mundu fá ofurlitla uppbót, verði hámarkinu kipt burt. Það er því ekki um svo marga embættismenn að ræða eða neina stórupphæð, svo framarlega sem gengið er út frá því, að dýrtíðarvísitalan 1926 verði 60%, en á þeirri áætlun eru bygðir allir útreikningar í fjárlagafrumvarpi fyrir það ár, og er vonandi, að ekki þurfi að óttast, að dýrtíðin verði meiri en sem því svarar, hvorki þá nje framvegis, þó að þar sje vitanlega margt, sem til greina kemur.

Því hafa ýmsir haldið fram, að þessir menn væru færastir um að bera skarðan hlut frá borði hvað dýrtíðaruppbót snertir, þar sem launin væru svo há. En sannleikurinn er sá, að þeir eru mjög grátt leiknir af ákvæðum launalaganna. Fyrst eru ekki bætt upp nema 4500 kr. af launum. Þetta þýðir það, að t. d. háyfirdómarinn fær ekki hálfa dýrtíðaruppbót á við aðra embættismenn, þó að ekki sje

svo þessi uppbót aftur skert með hámarksákvæðinu. En svo er það gert. Tökum t. d. dýrtíðaruppbót 60% og háyfirdómarann með 10 þús. kr. launum. Ef hámarkið er numið burt, fær hann 60% af 4500 kr., eða 2700 kr., og það er 27% af launanum. Hann fær með öðrum orðum 27% í dýrtíðaruppbót, þegar þeir lægra launuðu fá 60%. Þetta sýnist nóg refsing á hans háu laun svokölluðu. En með hámarksákvæðinu fær hann ekki nema 500 kr., eða 5%, og það getur ekki náð neinni átt, svo framarlega sem nokkurt vit er í launum hans sjálfum í samanburði við aðra, svo framarlega sem menn álíta ekki, að það eigi að launa öllum embættismönnum jafnt.

Meiri hluta þótti því ekki nema einskært sanngirnismál að fallast á þessa lagfæringu, sem stjórnin hefir borið fram, og er þó langt frá, að hæstu launin sjeu bætt upp eins og hin lægri launin. Og lækki dýrtíðaruppbótin, sem fastlega má búast við, minkar auðvitað sú upphæð, sem þetta kostar ríkið.

Þá er hitt atriðið, sem farið er fram á að breyta og nær eingöngu til þeirra manna, sem laun taka eftir öðrum lögum en launalögunum. En undir þetta ákvæði falla aðeins ráðherrarnir.

Í rauninni skildist mjer, að nefndin, nema þá kannske að einum manni undanteknum, áliti ekki ósanngjarnt, að ráðherrarnir fengju einhverjar dýrtíðarbætur, svo að þeir þyrftu ekki sjálfir að leggja fje úr eigin vasa til þess að standa straum af embættinu. Þingið 1923 áleit líka, að ráðherralaunin væru of lág, og ákvað þeim því 1500 kr. aukaþóknun. Er því ljóst, að enn er ástæða til að bæta þeim eitthvað upp, enda sjá allir, að laun þessara manna eru óhæfilega lág, þegar þau eru borin saman við laun þau, sem eldri og æðstu embættismenn þjóðarinnar höfðu á sínum tíma. T. d. hafði landshöfðinginn á sínum tíma um 12 þús. kr., og er það ekki sambærilegt, mundi svara til 40 þús. kr. nú. Og amtmaðurinn hafði um 5—6 þús. kr. hærri laun en ráðherrar nú, biskup landsins 7 þús. kr., eða nærri því helmingi hærri laun en ráðherrar nú. Og svona mætti lengur telja.

En ef við berum nú ráðherrana saman við aðra, sem nú eru í trúnaðarstöðum ríkisins, þá verður munurinn þó ennþá undarlegri. T. d. hefir forstjóri landsverslunarinnar 12 þús. kr. árslaun, forstjóri áfengisverslunarinnar 18 þús. kr., bankaeftirlitsmaðurinn 10 þús. kr. auk dýrtíðaruppbótar af allri upphæðinni, en uppbótin nemur nú 78%, og verða launin því á þessu ári 17800 kr., bankastjórar Landsbankans 15 þús. kr. auk dýrtíðaruppbótar af allri launaupphæðinni, þó ekki yfir 25 þús. kr. á ári, en það hafa þeir nú.

Þetta eru alt trúnaðarstöður, og jeg er ekki að segja, að menn þessir sjeu of hátt launaðir, þegar litið er til samkepninnar og borið saman við trúnaðarstöður einstakra fyrirtækja. Að vísu er jeg ekki öllum einkafyrirtækjum kunnugur, en þó veit jeg, að sumstaðar er goldið hærra þeim mönnum, sem aðaltrúnaðarstörfin hafa með höndum.

En hvað sem því líður, er það óhæfa mikil, að ráðherrarnir, sem eru þó æðstu embættismenn þjóðarinnar, sjeu svo illa launaðir, að þeir geti ekki dregið fram lífið, hvað þá að þeir sjeu ekki samkepnisfærir eða hafi langtum lægri laun en ýmsir þeir menn, sem undir þá eru settir. Það hafa ef til vill oftast ráðist í þessar stöður efnamenn, sem færir hafa verið til þess að greiða úr sínum vasa það, sem á vantaði, en það geta líka valist í ráðherrastöður fátækir menn, sem ekki eru

færir um að greiða 3—4 þús. kr. á ári hverju til þess að sjá sjer og sínum borgið. Svo mætti einnig líta á það, að ráðherrastaðan er engin lífstíðarábúð, heldur miklu fremur völt atvinna.

Hjer er ekki heldur farið fram á neina stóruppbót, heldur aðeins venjulega uppbót af tæpum helmingi launanna, eða 4500 kr. Og ef hið háa Alþingi fellir þessa rjettarbót, þá á það ekki skilið að fá góða menn í ráðherrastöður, enda gæti það kostað landið svo mikið, ef ófærir menn veldust í starfið, að tjónið yrði óbætanlegt og ekki reiknað með neinum tölum.

En um þetta ætla jeg ekki að fara fleiri orðum, vænti hins, að hv. deild sjái sóma sinn í að samþykkja þetta.

Þó get jeg ekki komist hjá því að minnast lítils háttar á nýmæli okkar meirihlutamanna um aukauppbætur þeim til handa, sem lægst eru launaðir.

Frá þessum mönnum hafa þrásinnis komið umkvartanir og þeir beðið um einhverja uppbót, vegna þess að þeir gætu ekki dregið fram lífið af þessum lágu launum. Hefir þetta verið tekið til greina í einstaka tilfellum og dálitlar uppbætur veittar, en öllum fjöldanum hefir verið synjað, og þau rök færð fyrir því, að þetta yrði tekið til athugunar 1925, þegar dýrtíðaruppbótin yrði endurskoðuð. Getur því Alþingi ekki lengur skelt skolleyrunum við þessu og neitað. Ef veita á öllum uppbætur, virðist rjettara, að það standi í löggjöfinni um þetta efni, heldur en að ákveða einhverja upphæð, sem stjórnin svo úthlutar.

Annars er þetta svo vel skýrt á þskj. 184, sem jeg geri ráð fyrir að hv. þdm. hafi lesið, að jeg sleppi að fara nánar út í það.

Uppbót þessi nemur rúmum 40 þús. kr. samkvæmt till. okkar, en þar frá dragast rúmar 10 þús. kr., sem ætlaðar eru talsímameyjum sjerstaklega, svo þessi hækkun frá því sem nú er verður þá rúmar 29 þús. kr.

Þó hafa barnakennararnir ekki verið teknir með, af þeim ástæðum, sem nefndar eru í nál. Þeir hafa langt sumarfrí og geta hæglega aflað sjer með ýmiskonar vinnu þann tíma uppbótar, sem nema mundi 200 krónum, og margir eflaust meira. En væru barnakennarar teknir inn, mundi þessi hækkun uppbótarinnar nema fast að 27 þús. kr.

Fleira ætla jeg ekki um þetta að segja, en læt atkvæði ráða, hversu um það fer.

Þá er að lokum brtt. frá sjálfum mjer, um að sveitaprestar njóti sömu dýrtíðaruppbótar og aðrir embættismenn, er sömu laun taka úr ríkissjóði. Mjer finst það illa sæmandi fyrir hið háa Alþingi, sem þykist þó altaf vera að finna einhver ráð til þess að festa fólkið í sveitunum, að leggja sekt á þá einu embættismenn, sem tollað hafa í sveitunum. Það má að vísu segja, að afsakanlegt væri, þó að það kæmist inn í lögin í öndverðu að svifta sveitapresta ⅓ uppbótarinnar. Þá voru uppgripaár og miklar tekjur, sem prestar höfðu af búum sínum. En þetta hefir breyst, eins og allir vita. Nú um nokkur ár hefir sveitabúskapur ekki verið rekinn með neinum hagnaði, og því er ranglátt að svifta prestana þessum hluta dýrtíðaruppbótarinnar.

Það hefir líka sýnt sig, að prestar eru óðfúsir í kaupstaðina. Þar hafa þeir rólegri daga, en hærri tekjur, og oft eitthvað smávegis, t. d. kenslu, sem getur dálítið hjálpað þeim. Þess vegna endurtek jeg það, að það er lítt sæmandi að

breyta svo við prestana, að þeir haldist ekki í sveitunum.

Þá eru tvær brtt. hjer, sem jeg sleppi að minnast á fyr en hv. flm. hafa talað fyrir þeim. Og læt jeg þar með máli mínu lokið að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Það ætlar ekki að fara betur fyrir mjer en hv. frsm. meiri hl. (MJ) hvað áheyrendur snertir, en ekki er annað að gera en að reyna að halda umr. áfram og koma henni af.

Jeg get byrjað á því að taka mjer þau orð hv. frsm. meiri hl. í munn, að í raun-inni er ekki mikill ágreiningur um þetta mál, enda þótt nefndin hafi klofnað. Má og sjá þess merki á nál. beggja hluta nefndarinnar.

Það var og er öllum kunnugt, að dýrtíðaruppbót embættismanna, sem ákveðin var með launalögunum 1919, átti að falla niður í árslok 1925, samkv. beinum fyrirmælum í lögunum sjálfum.

Jeg vil ekki segja, að launin samkvæmt þeim lögum, og því síður dýrtíðaruppbótin, hafi verið vel þokkuð meðal almennings, því háværar raddir hafa heyrst um það víðsvegar af landinu, að dýrtíðaruppbótina bæri að afnema sem fyrst, og reynt hefir verið að afnema hana áður en lög stóðu til. Það var þó fyrirsjáanlegt, að algerlega myndi ókleift að afnema dýrtíðaruppbótina með öllu. Reynslan hefir sýnt, að hún þyrfti fremur að vera hærri en lægri, enda hækkaði hún talsvert síðastl. haust, þegar hún var reiknuð út fyrir árið sem nú er að líða. Það var því öllum ljóst, að þetta mál hlyti að koma fyrir yfirstandandi þing og verða eitt mesta *vandamál,* eða jafnvel eitt mesta vandræðamál, sem hjer yrði fjallað um. Satt að segja kveið jeg engu máli svo mjög sem þessu, vegna þess, hversu erfitt er að koma því í það horf, er allir megi una. Annarsvegar blasir við hin brýna þörf embættis- og sýslunarmanna ríkisins, en að hinu leytinu er fjárhagur ríkissjóðs engan veginn glæsilegur nú og allur annar en árið 1919, enda var þingið þá í örasta skapi. Mjer ljek því mikil forvitni á að sjá, hvernig hæstv. stjórn vildi láta skipa málinu að þessu sinni.

Flestir munu hafa verið þeirrar skoðunar, að stjórnin mundi leggja til að framlengja *dýrtíðaruppbótina* um eins eða tveggja ára skeið. Aðrir munu hafa haldið, að hún myndi ef til vill byggja dýrtíðaruppbótina á nýjum grundvelli, enda er ekki hægt að neita því, að allmikil óánægja hefir verið með grundvöll núgildandi launalaga, einkum hjer í Reykjavík.

Fyrra atriðinu til stuðnings skal jeg nú leyfa mjer að vitna í þingmálafundarsamþyktir um þetta mál, þó að svo virðist, sem það hafi ekki verið tekið til meðferðar á nærri því öllum þingmálafundum, sem haldnir hafa verið fyrir þetta þing. Í Suður-Þingeyjarsýslu vill fundur afnema dýrtíðaruppbótina þegar á þessu ári, eða svo fljótt, sem unt er. Fundur í Norður-Múlasýslu telur ókleift að greiða þessa uppbót lengur, eins og ástæður eru. Í þessum tveim kjördæmum er því þannig haldið fram, að afnema beri dýrtíðaruppbótina þegar í stað. Annarsstaðar er farið vægar í sakirnar. Í tveimur kjördæmum, Austur-Húnavatnssýslu og Suður-Múlasýslu, er samþykt að halda lögunum óbreyttum eitt ár enn. Á Akureyri vill þingmálafundur framlengja gildi þeirra í 2 ár, og í Skagafirði næstu ár. Í Rangárvallasýslu er skorað á Alþingi

að fara gætilega í málið, en engin samþykt gerð um tímatakmark, og í Árnessýslu er samþykt áskorun um að ráða fram úr málinu á sem heppilegastan hátt.

Allir þessir fundir leggja til, að gætilega sje farið í mál þetta, eða að gildi launalaganna sje framlengt í 1—2 ár. Víðast eru skýrar óskir um, að lögunum verði ekki breytt að öðru leyti eins og sakir standa. Þær óskir hygg jeg vera óþarfar, því að jeg ímynda mjer, að engum hafi dottið í hug að gera gagngerðar breytingar á launalögunum á þessu þingi. Hafi tímarnir 1919 verið óheppilegir til að ákveða þá laun embættismanna ríkisins, þá eru tímarnir nú enn óheppilegri til þeirra hluta. Þess vegna mun engum hafa komið til hugar að breyta launalögunum í nokkru verulegu að þessu sinni.

Þetta stjfrv. fer nú ekki fram á að framlengja gildi laganna um 1 eða 2 ár, eins og jeg hefði helst búist við, heldur um óákveðinn tíma, eða þangað til þingið ákveður öðruvísi. Þetta ákvæði gat minni hl. fjhn. ekki fallist á. Minni hl. vill hafa gildi laganna tímabundið, því að þá er meiri trygging fyrir því, að þingið hafi nánar gætur á þessum málum. Ef lögin eru t. d. framlengd til ársloka 1927, þá athugar þingið það ár, hvort ástæða sje til að framlengja gildi laganna enn á ný, og svo koll af kolli. Þingið missir ekki sjónar af málinu.

Þar að auki sýnir reynslan, að erfitt er að fá lög afnumin, en hinsvegar hægara að fá þeim breytt. Og einkum mun reynast erfitt að fá þessi lög afnumin, þegar til kemur, þar sem svo fjölmenn embættismannastjett á í hlut og hefir þar allra sinna hagsmuna að gæta.

Þegar að því kom, hve lengi skyldi framlengja gildi launalaganna, var minni hl. ekki allsendis sammála.

Mjer var aldrei neitt kappsmál, hvort lögin yrðu framlengd einu ári lengur eða skemur, aðeins ef þau yrðu framlengd um ákveðinn tíma. Það var og er aðalatriðið í mínum augum. Sumir vildu aðeins framlengja í 1 ár, en þó varð að samkomulagi, að minni hl. leggur til, að gildi laganna verði framlengt um tveggja ára skeið, eins og ýmsir þingmálafundir hafa lagt til. Á þetta atriði legg jeg mesta áherslu, og vænti jeg þess, að háttv. deild verði minni hl. sammála um, að þessi lausn sje heppilegri en stungið er upp á í stjfrv.

Í greinargerð stjfrv. segir hæstv. stjórn, að hún hafi ekki fundið betri grundvöll til að ákveða eftir dýrtíðaruppbótina en er í gildandi lögum, enda hafi hann yfirleitt reynst vel. Vill hæstv. stjórn sýna fram á þetta með dæmum, sem jeg skal ekki vefengja, þar sem jeg treysti mjer ekki til að benda á heppilegri grundvöll í fljótu bragði.

En ef svo fer, sem jeg vona, að ákvæði gildandi launalaga verði framlengd um tveggja ára skeið, þá vil jeg mega vænta þess, að hæstv. stjórn noti þetta tímabil til þess að rannsaka, hvort ekki megi ákveða dýrtíðaruppbótina samkv. heppilegri grundvelli, því hann er ekki sem rjettlátastur og kemur einkum hart niður í Reykjavík.

Þeir embættismenn, sem á síðustu árum hafa verið svo óheppnir að setjast að í Reykjavík, hafa beinlínis orðið að sæta afarkostum um húsaleigu t. d. Við, sem eldri erum og vorum svo lánsamir að hafa eignast húskofa yfir okkur, höfum ekki eins mikið af húsnæðisdýrtíðinni að segja.

Jeg minnist þess, að meðan jeg var ráðherra kom til mín nefnd frá embættismönnum í því skyni að fá styrk úr rík-

issjóði til húsabygginga. Þessi nefnd upplýsti, að þeir væru ekki fáir, embættismennirnir, sem greiddu 38—41% af launum sínum fyrir húsaleigu eina saman. Þetta er afskapleg upphæð og ekki óeðlilegt, að reynt verði að kippa þessu í lag að einhverju leyti.

Aðalefnisbreytingin, sem stjfrv. vill gera á núgildandi launalögum, er sú, að hámarksákvæði þeirra um samanlögð laun og dýrtíðaruppbót verði felt niður. Hámarkið er nú 9500 kr., en 10500 kr. fyrir hæstarjettardómendur. Þetta hámarksákvæði vill hæstv. stjórn nú fella úr gildi og engin takmörk setja fyrir því, hversu samanlögð laun og dýrtíðaruppbót geti numið hárri upphæð. Minni hl. gat ekki fallist á þessa till. Jeg skal játa, að hjer er ekki um stórvægilega upphæð að ræða. Ef 60% dýrtíðaruppbót er lögð til grundvallar, hefir breyting þessi um 11500 kr. aukin útgjöld í för með sjer. Fyrst fengju 3 ráðherrar 2700 kr. hver, eða samtals 8100 kr., og er það mestur hluti allrar upphæðarinnar. Þá fengi dómstjóri hæstarjettar 2100 kr. launaviðbót og loks hver hinna dómaranna, landlæknir, aðalpóstmeistari og biskup 200 kr. hver. Þetta eru ekki svo háar upphæðir, að hægt sje að sjá ofsjónum yfir þeim, en þó brýtur afnám hámarksákvæðisins í bág við það „princip", sem fylgt hefir verið í máli þessu síðan launalögin voru sett, enda mælir engin sanngirni með því, að þessir fáu embættismenn, sem þó eru best launaðir allra embættismanna þjóðarinnar, fái einir uppbót. Hætt er við, að aðrir komi á eftir og þykist eins vel að því komnir að fá, þó ekki væri nema 200 kr. uppbót launa sinna. Þó það sje ekki mikil upphæð, þá munar hvern einstakan talsvert um hana. T. d. má nú kaupa um 3 smálestir af kolum fyrir 200 kr., svo að þær eru ekki alveg einskis virði fyrir fátæka og illa launaða embættismenn.

Að því er laun ráðherranna snertir, þá er jeg öldungis sammála hv. frsm. meiri hl. (MJ) um, að þeir eru að mínu viti langverst launaðir allra embættismanna þjóðarinnar. Laun þeirra eru hreint og beint skammarleg. Eins og hv. frsm. (MJ) tók fram, eru ótal minniháttar sýslanir margfalt betur launaðar en ráðherraembættin, þó að þau sjeu ábyrgðarmestu embætti þjóðarinnar. Jeg verð að segja, að svo framarlega sem þessu heldur áfram, þá fást ekki aðrir til þess að gegna ráðherraembættum hjer á landi en sterkefnaðir menn, sem þola að gefa með sjer í embættinu. En jeg get varla ímyndað mjer, að hv. þm. vilji viðurkenna, að hið eina nauðsynlega skilyrði til að takast á hendur ráðherraembætti sje, að hlutaðeigandi sje sterkríkur maður. Jeg held, að menn sjeu alment miklu fremur á gagnstæðri skoðun. En 10 þús. kr. laun í æðstu embættum þjóðarinnar eru smánarlaun og jeg veit, að ráðherrar hljóta að leggja á borð með sjer úr eigin vasa. Get jeg og varla álitið, að menn telji það sjerstök hlunnindi, að þessir embættismenn eru allra manna mest svívirtir opinberlega, en það er eina uppbótin, sem þeir fá nú.

Það kom til umtals í nefndinni að bæta þeim upp, sem lægst eru launaðir, og í raun og veru var öll nefndin sammála um, að það væri sanngjarnt. Það kom í ljós, að fengnum upplýsingum frá stjórninni, að til þess mundi þurfa 40 þús. kr. Af því að nú er mikil sparnaðaralda uppi og kjósendur heimta, að ekki sje bruðlað með landsfje, þá gat minni hl. ekki fallist á þetta. En hinsvegar álít jeg sanngjarnt, að aukauppbót verði veitt þeim,

sem allra verst verða úti, til dæmis skrifurum og aðstoðarmönnum stjórnarráðsins.

Aðstoðarmenn eru t. d. komnir upp í 3000 kr. laun eftir 15 ár. Þetta er óviðunandi, þar sem þetta eru þó menn, sem orðið hafa að stunda dýrt nám. Þessum mönnum legg jeg til að bætt verði upp, og má gera það með auknu skrifstofufje eða aths. í fjárlögum, sem heimili stjórninni slíkt. Jeg greiði atkvæði með launahækkun, þar sem líkt stendur á. En jeg treystist ekki til að styðja launahækkun heilla flokka embættismanna, nema símameyja, sem áætluð er 11 þús. kr. í fjárlögum. Það mætti kannske eitthvað hækka.

En 40 þús. kr. var of hátt. Það gat jeg ekki fallist á. — Jeg hefi nú í stuttu máli tekið fram skoðun minni hl. á þessu.

Jeg sje, að fram er komin brtt. frá hv. 2. þm. Skagf. (JS), og býst jeg við, að jeg hallist að henni.

Jón Sigurðsson: Jeg á brtt. á þskj. 366, og býst við, að það þyki hlýða að fylgja henni úr garði.

Aðalbreytingin, sem frv. það, sem hjer liggur fyrir, gerir á gildandi lögum, er að nema burt hámark launa, 9500 krónur og 10500 kr. Þetta hámark mun hafa verið sett til þess að koma í veg fyrir, að ef mjög mikil dýrtíð yrði, gætu launin orðið svo há, að ríkinu yrði ofurefli. Nú er þess að vísu heldur að vænta, að dýrtíð fari rjenandi í landinu, en hinsvegar aldrei fullvíst, að hún geti ekki komið á ný. Jeg tel því óvarlegt að nema burtu þennan sjálfsagða hemil með öllu. Til þess að hámarkið falli ekki burt úr frv., en sýna þó starfsmönnum ríkisins sanngirni í þá átt, sem frv. fer fram á, hefi jeg farið þá leið að gera hámarkið breytilegt, eftir því hver grunnlaunin eru. Jafnframt er með þessari till. reynt að fara eftir ákveðinni reglu, að uppbót á 7000 kr. grunnlaun eða hærri geti aldrei farið fram úr 2500 kr., hversu mikil sem dýrtíðin kann að verða.

Samkvæmt gildandi lögum má dýrtíðaruppbótin á 7000 kr. grunnlaun verða mest 2500 kr., eða launin alls nema 9500 kr. Svo er t. d. um biskup og aðalpóstmeistara. Þá koma hæstarjettardómarar með 8000 kr. grunnlaun og 2500 kr. uppbót, alls 10500 kr.

Þá koma 2 flokkar, dómstjóri og ráðherrar. Dómstjóri hefir 10 þús. kr. laun og 500 kr. uppbót, alls 10500 kr., en ráðherrar hafa 10 þús. kr. og enga dýrtíðaruppbót.

Með till. minni er ákveðið, að dómstjóri og ráðherrar njóti sömu rjettinda og aðrir æðstu embættismenn ríkisins, að þeir geti fengið í mesta lagi 2500 kr. dýrtíðaruppbót. Með því er fult samræmi fengið á laun æðstu starfsmanna ríkisins. Ef einhverjir litu svo á, að laun þessara manna væru nú nægilega há og því engin ástæða til að veita dýrtíðaruppbót, þá er því til að svara, að dýrtíðin hlýtur að koma fram við þessa menn eins og aðra, og ef þeir þurfa ekki uppbótarinnar við, þá er það af því, að grunnlaunin eru of há; þau ættu þá að lækka um 2500 kr. hjá ráðherrunum; yrðu þau þá 7500 kr. eða lítið eitt hærri en póstmeistara. En þingið hefir litið svo á, er það ákvað laun ráðherra fyrir 20 árum, að þetta væru hæfileg laun þá, og síðan hefir ástandið ekki breyst til batnaðar. Mönnum í svo ábyrgðarmiklum stöðum verður að launa svo, að lífvænlegt sje. Vísa jeg í því efni til ummæla hv. 2. þm. Rang.

(KlJ). Jeg skal taka það fram, að till. mín er miðlunartilraun, og eftir því, sem jeg skil hv. frsm. minni hl., þá mun hann hallast að henni. Jeg þarf því ekki að mæla frekar með þessari brtt.

En það er annað ágreiningsatriði milli nefndarmanna, hve lengi dýrtíðarákvæðin skuli vara, hvort heldur um óákveðinn tíma eða til ársloka 1927. Mjer þykir það helst of stutt. Jeg sje engar líkur til, að ástandið breytist svo, að hægt verði að fella þá alla dýrtíðaruppbót. Ef setja skal ákveðið tímatakmark, þá verður að miða afnámið við þann tíma, sem sennilegast er að komin verði á stórfeld hækkun á gildi krónunnar frá því sem nú er og að vöruverð o. fl. verði komið í það horf, sem áður var. En hverjar líkur eru til, að það verði 1927, það fæ jeg ekki komið auga á. Auk þess tel jeg svo skjóta hækkun krónunnar stórhættulega fyrir framleiðendur, bæði til lands og sjávar, og að hún gæti jafnvel komið þeim á knje. Þetta tímatakmark er því sett út í bláinn, og jeg lít svo á, úr því líkurnar eru harla litlar fyrir gagngerðum breytingum í þessu efni, að þá sje það ekki vinnusparnaður að taka málið fyrir á hverju þingi. Jeg hallast því að till., sem setur tímatakmarkið lengra, t. d. 1928.

Þá kem jeg að því, sem nefndin er í raun og veru sammála um. Hún er sammála um að bæta upp laun fyrir neðan 3000 kr., en greinir á um leiðina. Meiri hl. vill bæta upp launin eftir ákveðnum reglum, en minni hl. vill veita einhverja upphæð í fjárlögum. Ef jeg ætti að velja um þessar tvær leiðir, tel jeg leið meiri hl. betri. Þar er þó fylgt föstum og ákveðnum reglum, í stað þess, eins og minni hl. ætlast til, að fleygja fjenu í stjórnina og segja: Þú getur skift. En jeg er algerlega mótfallinn tillögum bæði hv. meiri og minni hl. um þessa aukadýrtíðaruppbót, og það er af því, að meginið af þessum störfum, sem uppbót fellur á, eru hlaupastörf fyrir ungt fólk og einskis sjerstaks undirbúnings af því krafist. Þetta fólk hleypur í þetta, meðan það bíður eftir hentugri störfum eða stöðu. Svo er t. d. um símastúlkurnar, póstaðstoðarmenn, skrifara í stjórnarráðinu o. m. fl. Nokkuð öðru máli er að gegna um símritarana. Af þeim verður að krefjast undirbúnings, en uppbótin, sem þeim er ætluð, hefir litla þýðingu, af því að þeir eru svo nærri 3000 kr. markinu. En svo eru líka margir þeirra, sem njóta annara hlunninda, sem vega nokkuð á móti því, þótt launin sjeu lág, svo sem ódýr eða ókeypis jarðarafnot o. fl. Jeg sje því enga ástæðu til að veita þessum mönnum aukna dýrtíðaruppbót.

Þá liggur hjer fyrir tillaga um, að allir kennarar fái þessa aukauppbót, eins og aðrir, en jeg tel hana næsta ósanngjarna, vegna þess, að kennararnir eiga frí dýrasta tíma ársins, og sumir þeirra eru embættismenn í þjónustu ríkisins, með háu kaupi yfir sumarmánuðina. Eftir reynslu síðustu ára mundi þó reynast örðugt að standa móti kröfum kennaranna, ef gengið væri út á þessa braut.

Jeg greiði því atkv. móti aukinni dýrtíðaruppbót til þessara manna, eins og jeg greiddi atkv. móti uppbótinni til símameyjanna á síðasta þingi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg sje ekki þörf á að halda langa ræðu. Við undirbúning þessa máls reyndi stjórnin að finna hagkvæmari grundvöll en þann, sem nú er. En það reyndist ekki hægt, að minsta kosti ekki svo miklu betri, að það orkaði ekki tvímælis.

Um framlengingu uppbótarinnar hafa

báðir nefndarhlutar orðið sammála. Ágreiningurinn er aðeins þessi, hvort vara skuli 2 ár eða óákveðinn tíma. Jeg álít rjettara að framlengja um óákveðinn tíma, því að þessi tímabundna löggjöf er óeðlileg.

Núverandi ákvæði um dýrtíðaruppbót eru svo hagstæð ríkissjóði, að ekki er ástæða til þess að vænta, að betri fáist. Menn eru líka orðnir svo vanir þessum grundvelli og hafa unað þannig við, að tvísýnt er um hag af því að breyta til.

Samt er þetta ekkert höfuðatriði. Þetta verður í öllu falli að framlengja til 1927. Og þótt jeg geri ráð fyrir að greiða atkvæði móti uppástungum minni hl., þá tel jeg það ekki miklu varða, þótt einhverjar gengju fram.

Um hámark dýrtíðaruppbótar og launa samanlagðra vil jeg taka það fram, að stjfrv. fór fram á að afnema það vegna þess, að sama hámark er sett fyrir mjög mismunandi laun. Þetta hlýtur að vera rangt, nema það byggist á þeirri skoðun, að ákvörðun grunnlaunanna sje ekki rjett. Og þá á hún ekki að haldast. Nú er hinsvegar komin fram brtt. á þskj. 366, frá hv. 2. þm. Skagf. (JS), og er hún einskonar miðlun á þessu. Jeg get fyrir mitt leyti mjög vel fallist á hana. Ákvæðin um hámark eru sett til varúðar gegn því, að dýrtíðaruppbót launanna verði ríkissjóði nokkru sinni of þungur baggi. Mun það sprottið af reynslu fyrri ára, því að eitt árið komst dýrtíðaruppbótin upp í 137%. Jeg er nú sannfærður um, að við höfum girt fyrir slíkt með því að stöðva verðlagið og koma festu á gengið, og þess vegna held jeg, að engin hætta væri á ferðum fyrir ríkissjóð, þótt hámarksákvæðin væru afnumin. En allur er varinn góður, og skal jeg því ekki spilla fyrir þessari till. Þar sem hv. frsm. minni hl. (KlJ) hefir einnig fallist á hana, vænti jeg, að þetta atriði verði til lykta leitt með góðu samkomulagi.

Það gleður mig sjerstaklega að þurfa ekki að gera grein fyrir ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar fyrir dýrtíðaruppbót af ráðherralaunum. Háttv. frsm. minni hl. hefir þar tekið af mjer ómakið. Jeg get tekið undir alt, sem hann sagði um það atriði. Að vísu ætti jeg ekki örðugt með að bera þetta fram. Jeg er svo staddur persónulega, að jeg get látið mjer öldungis á sama standa, en mjer finst, og flestir munu hið sama ætla, að engan ætti að útiloka frá ráðherrasessi af fjárhagsástæðum einum.

Þá er spurningin um aukreitis uppbót handa lágt launuðum embættismönnum, sem hv. meiri hl. hefir lagt til að veitt verði. Ef nú menn líta svo á, að launalögin yfir höfuð sjeu reist á föstum og rjettum grundvelli, þá er, eins og hv. 2. þm. Skagf. tók fram, ekki sjerstök ástæða til að veita lágt launuðum embættismönnum aukreitis dýrtíðaruppbót. Þeir fá laun sín bætt í rjettu hlutfalli við þá, sem hærra eru launaðir, og betur þó. En ef menn hinsvegar viðurkenna, að grundvelli þeim sje áfátt, sem launalögin eru reist á, og ætla, að gallarnir komi helst niður á þeim, sem lægst eru launaðir, þá er ekki ámælisvert, þótt menn vilji bæta það upp með sjerstakri uppbót. En jeg verð aðeins að segja, að jeg lít svo á, að með till. hv. minni hl. sje ekki náð þessum tilgangi, að minsta kosti ekki fyllilega. Því að eins og bent hefir verið á, er það mjög misjafnt, hve sanngjarnt er að hækka launin í hinum einstöku tilfellum. Þeir, sem lægst laun hafa, þ. e. 1000—1500 kr., eru ekki verst staddir. Svo lág laun koma eingöngu af því, að starfið er talið algert aukastarf, og það mætti benda

á mörg tilfelli, þar sem sanna mætti, að ekki bæri nauðsyn til að hækka lágu launin, af þessum ástæðum, að þau eru aðeins aukaþóknun. Nú hefir hv. frsm. minni hl. (KlJ) bent á eitt dæmi um óhæfilega lág laun. Það eru laun aðstoðarmannanna í stjórnarráðinu. Þeir byrja með 2000 kr. launum, sem hækka á 15 árum upp í 3000 kr. Þetta er algerlega óviðunandi, ef starfið er skoðað sem aðalstarf, og það hlýtur það að vera, eftir að starfstíminn hefir verið lengdur úr 5 stundum upp í 6 stundir á dag. Þetta er því nauðsynlegt að leiðrjetta sem bráðast, en það næst ekki með till. hv. meiri hluta.

Annars get jeg vel viðurkent það, að öll laun, sem ríkið greiðir, eru mjög lág, samanborið við það, sem atvinnurekendur yfir höfuð gjalda verkamönnum sínum og starfsfólki. Þess vegna get jeg ekki beinlínis verið á móti uppástungum um aukadýrtíðaruppbót. Það er engin hætta á, að nokkur fái of mikið. En mjer virðist svo, sem þær till., sem hjer liggja fyrir, bæti ekki úr þar, sem brýnust er þörfin. Því get jeg látið það mjög hlutlaust, hvort þær ná fram að ganga eða ekki.

Viðvíkjandi atkvgr. vil jeg segja það, að jeg vænti þess, að háttv. minni hl. og hæstv. forseti taki þá till. mína til greina, að atkvgr. um 1. brtt. hv. minni hl. fari ekki fram fyr en sjeð er, hvernig öðrum till. reiðir af. (*KlJ:* Sjálfsagt). Því ef þær verða samþyktar, á hún ekki lengur við.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á litla brtt. við viðaukatill. háttv. meiri hl. Þar er ætlast til, að barnakennarar njóti sömu hlunninda og viðaukatill. ætlar öðrum lágt launuðum starfsmönnum. Jeg tek undir það með hv. 2. þm. Skagf. (JS), að ef veita á öðrum aukadýrtíðaruppbót, er erfitt að setja barnakennarana hjá. Það þarf ekki að lýsa því, að sú stjett á við þröngan kost að búa, og ef menn vilja bæta lágt launuðum embættismönnum upp laun þeirra, mælir síst nokkur sanngirni með því að auka á misrjetti þessarar einu stjettar. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um till. mína. Jeg vænti þess fastlega og þykist þess fullviss, að þeir, sem á annað borð samþ. viðaukatill. hv. meiri hl., muni og ljá minni till. atkv. sín.

Jón Auðunn Jónsson: Eins og sjest af nál. hv. meiri hl., hefi jeg skrifað undir það með fyrirvara. Vil jeg því með örfáum orðum gera grein fyrir sjerstöðu minni.

Jeg hefi frá öndverðu verið mótfallinn því fyrirkomulagi, að allir þeir embættis- og starfsmenn, sem laun taka samkvæmt launalögum, hafi jafna uppbót í hlutfalli við launin, hvar sem þeir eru á landinu, því að það var þegar í byrjun auðsætt, að misrjetti myndi af þessu hljótast, þar sem öllum er vitanlegt, að misdýrt er að lifa á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þetta viðurkendi og hið háa Alþingi að nokkru 1919, þegar það samþykti hin gildandi launalög, og reyndin hefir orðið sú, að sveitaprestar og embættismenn, sem búa í hjeruðum, fá lægri dýrtíðaruppbót en aðrir starfsmenn ríkisins. Nú vil jeg benda á dæmi, til þess að staðfesta þetta enn frekar, hve misdýrt er að lifa á hinum einstöku stöðum. Við skulum t. d. bera saman verðlag í Reykjavík og á Akureyri. Eftir því, sem kunnugir menn, er jeg tek fyllilega trúanlega, segja mjer, mun húsaleiga í Reykjavík á 3 herbergjum og eldhúsi, og það öllu litlu, vera þetta 150—165 kr. á mánuði. En á Akureyri er leigan fyrir þetta sama 75—80

kr. á mánuði. Á Akureyri er og mjólk, smjör o. fl. innlendar landbúnaðarafurðir, að undanskildu kjöti, 30—35% ódýrari en í Reykjavík. Og sveitarútsvar er 35—40% lægra á Akureyri en í Reykjavík. Misrjetti hlýtur altaf að leiða af þessu, ef dýrtíðaruppbótin er greidd aðeins í hlutfalli við launin, eins og nú er. Því er það, að dýrtíðaruppbætur þurfa að vera fleiri en ein. Í nágrannalöndunum er því og svo farið, að greiddar eru þrennar eða fernar launabætur, sem miða að því að bæta starfsmönnum hins opinbera þann halla á launakjörunum, sem dýrtíð og gengissveiflur valda.

Tökum t. d. Danmörku. Þar var þessu skipað með lögum nr. 489, 12. sept 1919, og með viðaukum og breytingum við þau lög, á árunum 1921—1922. Aðalreglurnar eru um þrennskonar dýrtíðaruppbætur. Fyrst er staðaruppbót til þeirra, sem búsettir eru í bæjunum. Er þar einkum tekið tillit til þess, hverja húsaleigu og hversu há útsvör að hundraðstölu af tekj um menn þurfa að greiða í hinum ýmsu bæjum. Þar er og tekið tillit til þess verðmismunar, sem á sjer stað í hinum ýmsu bæjum, en hann er ekki mikill, þar eð samgöngur erù svo góðar þar í landi. En hjer verður verðlagið oft afarmisjafnt í hinum einstöku hjeruðum, einmitt sakir hinna illu samgangna, og þyrfti því að taka sjerstakt tillit til þess, þegar ákveðið er um launabætur. Þessi staðarbót er svo í Danmörku eftir dýrtíð bæjanna alt frá 450—330 eða 240 kr. árlega. Má hún þó ekki fara yfir 30—15% af starfslaununum. En í öllum landshjeruðum og flestum bæjum, þar sem húsaleiga og skattar eru lágir, er þessi staðarbót engin.

Í öðru lagi er dýrtíðaruppbót, sem reiknuð er á líkan hátt og hjer, en er þó nokkuð lægri að hundraðstölu.

Í þriðja lagi er verðgildisuppbót. Hún er mismunandi eftir launaupphæðinni, þannig, að hún bætir þeim, sem lægst eru launaðir, meira upp að hundraðstölu en hinum, sem hæst laun fá. Þannig nemur verðgildisuppbótin alt að ⅓ af stofnlaunum og aldursbótum hinna lægst launuðu, en fer lækkandi eftir því sem launin hækka. Jeg skal nefna nokkrar tölur um þetta í Danmörku.

Til 31. mars 1923 voru verðgildisbætur t. d.:

Af launum alt að ..	1600 kr.	500 kr.
— — — — ..	3900 —	600 —
— — — — ..	4900 —	640 —
— — — — ..	6400 —	700 —
— — — — ..	8400 —	820 —

En þeir, sem hæst voru launaðir og höfðu 10400 kr. eða þar yfir í laun, fengu aðeins 1060 kr. í verðgildisuppbót. Á þennan hátt næst tvent. Bæði það, að gera mismun á mönnum eftir dýrtíðinni á hinum einstöku stöðum, og eins hitt, að jafna betur upp laun þeirra, sem verst eru staddir og minst fá launin. Ennfremur hefir svo verið til skamms tíma, og er sumstaðar enn, að meiri launabætur eru greiddar þeim, er ómegð hafa, þannig að hver starfsmaður ríkisins, sem hefir á framfæri fleiri en einn ómaga, fær sjerstaka dýrtíðaruppbót.

Hvergi mun það vera nema hjer, að launabætur hverfi, er launin hafa náð vissri upphæð, enda getur þá svo farið, að ábyrgðarmestu embættin verði ekki eftirsóknarverð. En það er skaðlegt hverju þjóðfjelagi, ef svo er ekki, því að þá er hætt við, að embættis- og starfsmenn ríkisins hætti að sækja fram og reyna að skara fram úr, með það fyrir augum að verða færir um að ná nauðsynlegu áliti til að öðlast hin hærri embætti og sýslanir.

Tilraunir hv. meiri hl. til að bæta hin-

um lægst launuðu dýrtíðarhallann tel jeg að gangi í rjetta átt, og kaus jeg því að fylgja honum.

En þess er ekki að dyljast, að jeg tel fyrirkomulagið eins og það nú er, eða hina einföldu, tiltölulega háu dýrtíðaruppbót, valda óþolandi misrjetti milli launamanna á hinum ýmsu stöðum. En það er ekki meðfæri eins einstaks þingmanns að koma með róttækar till. í þessu máli, allra síst áður en því hefir verið hreyft í þinginu eða jafnvel í blöðum. Þess vegna hefi jeg ekki gert það. Slíkt mál verður altaf að athugast af nefnd eða stjórn og vera vel undirbúið áður en það er borið fram. En jeg verð að segja, að mig furðar á, hve starfsmannastjett ríkisins eða fjelagsskapur hennar er hugsunarlaus, þar sem hann hefir ekki stungið upp á neinum till. til að bæta það fyrirkomulag, sem nú er og veldur svo miklu misrjetti. Því áreiðanlegt er, að finna mætti að kostnaðarlausu miklu hentugri og heppilegri leið til að bæta mönnum upp dýrtíðina en nú er gert.

Að öðru leyti en því, sem jeg nú hefi sagt, er jeg ekki mótfallinn till. hv. meiri hl., en hefi aðeins viljað með þessum orðum gera grein þess, hvers vegna jeg hefi skrifað undir nál. hans með fyrirvara.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg þarf í rauninni ósköp lítið að mæla gegn því, sem fram hefir komið. Háttv. minni hl. leggur mesta áherslu á það, að dýrtíðaruppbótin sje tímabundin. Hið sama vill og hv. 2. þm. Skagf. (JS), þótt hann teldi tímatakmark hv. minni hl. helst til þröngt. Jeg og meiri hl. yfirleitt erum þessu ekki sammála. Við ætlum, að eins mikil og óvissan er framundan, þá sje ekki rjett að binda þessi uppbótarákvæði við 2—5 ár eða neitt sjerstakt tímabil. Reynslan hefir og sýnt, að óþarft var að binda þetta við ákveðinn tíma í upphafi. Og þótt ekki sje neitt tímabundin uppbótin, þá er langt frá því, að henni megi ekki breyta, ef ástandið verður annað, því að í frv. stendur skýrum stöfum, að ákvæðin um uppbótina standi „þangað til öðruvísi verður ákveðið.“ Eins er það, að það er langt frá því, að þetta, að láta lögin gilda um ákveðinn tíma, sje starfsmönnunum nokkuð í vil; það fælir þá miklu fremur frá. Því þar sem öll afkoma manna er undir uppbótinni komin, væri, ef ríkið eða löggjöfin vildi binda hana við ákveðinn tíma, það sama og að bjóða embættismönnum upp á eins árs ábúð án nokkurrar vissu um komandi skilmála. Væri mönnum ekki láandi, þótt þeir yrðu tregir til að ganga að slíku, því þesskonar ábúðarrjettur hefir aldrei verið talinn hagstæður. Jeg vil því mæla með því, að till. sje feld. Mætti vera, að hún væri sanngjarnari, ef hún væri rýmri, en jeg fyrir mitt leyti hefi altaf litið svo á, að heppilegast væri að hafa þetta óákveðið.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir borið fram brtt., sem útbýtt var hjer í dag. Nefndin hefir því enga afstöðu tekið til hennar. Eins og skýrt var frá og öllum er ljóst, er það miðlunartill. Get jeg sagt það fyrir mitt leyti, að mjer finst hún stórum aðgengilegri en lögin sjálf óbreytt og að hún bæti mikið úr skák. En hún rúmar samt sem áður í sjer alt ósamræmi þess að hafa yfirleitt nokkurt hámark. Eins bætir hún ekki úr, þegar dýrtíðaruppbótin fer of hátt, eins og 1921, þegar t. d. biskup og allir kennarar við háskólann voru á sömu launum. Hún bætir aðeins úr, ef dýrtíðaruppbótin er um eða undir 60%. Það er ekki heldur rjett að hafa takmörk, þótt

sveiflan fari upp á við. Það er vitleysa, að menn á hærri launum fái ekki rjetta uppbót, heldur sjeu öll laun gerð jöfn með launauppbótinni. En í þá átt er nú farið. T. d. fær dómstjóri hæstarjettar, eins og jeg benti á, sama sem enga uppbót undir núverandi fyrirkomulagi. Mjer virðist allir tala gegn aukadýrtíðaruppbótinni eða að minsta kosti vera deigir við að samþykkja hana. Menn segja, að hin lægra launuðu störf sjeu aukastörf. Það má kalla þau því nafni. En það kemur ekki heim við reynsluna. Hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. 2. þm. Skagf. (JS) hafa talað um þetta. En þeir hafa ekki gætt þess, að einmitt sá flokkurinn, sem fær lægst launin og mest stundar starfið sem aukastarf, sem sje símameyjarnar, hefir samt fengið aukauppbót í fjárlögunum. Enda finna allir það, að þótt þetta sje nefnt ígripastaða, þá er ómögulegt að komast hjá því að bæta það upp og tæplega að ríkið standi sig við það að launa hana svo lágt, að einhleyp stúlka sje ekki matvinnungur fyrir hana. Nærri má þá geta, hvernig fjölskyldumönnum vegnar í þessum stöðum og þeim, sem líkt eru launaðar. Og þó að menn taki þessar stöður ef til vill meira sem bráðabirgðaatvinnu, þá er ekkert vit í því að láta menn á þeim árum neyðast til að stofna skuldir, eða hækka þær skuldir, sem þeir koma með frá undirbúningstímanum undir stöðurnar. Ef þetta verður samþykt, fá þeir, sem lægst eru launaðir, ríflegasta uppbót. Síðan fer hún lækkandi eftir því sem launin hækka. Það er ekki rjett, að þessar 40 þús. kr. verði aukreitis, því að 10 þús. kr. styrkurinn í fjárlögunum fellur þá niður.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) þarf jeg ekki að svara. Jeg tók fram í fyrri ræðu minni, hvað fyrir meiri hlutanum vakti, þegar hann undanskildi barnakennarana. Jeg veit, að þeir eru ekki ofsælir af launum sínum. En þó að reynt sje að bæta upp allra lægstu launin, verður að sleppa mörgum, sem hafa lág laun.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar. Jeg óska, að brtt. meiri hl. nefndarinnar verði samþyktar, og svo bið jeg auðvitað mjög vel fyrir minni tillögu.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Jeg þarf ekki miklu að svara. Því hefir verið haldið fram, að óþarfi væri að tímabinda gildi þessara laga. Treysta mætti þinginu til þess að afnema þau, þegar ástæða þætti til. Jeg skal játa það, að jeg treysti *ekki* þinginu til þess að vera svo vakandi, að það grípi strax tækifærið, þegar ástæða er til, og afnemi lögin. Það yrði vissulega látið dragast. En sjeu lögin tímabundin, eru þau af sjálfu sjer fallin úr gildi, nema Alþingi veki þau upp aftur. Hitt get jeg fallist á, að ekki sje hægt að segja með ákveðinni vissu, hve tíminn ætti að vera langur. Hv. 2. þm. Skagf. (JS) vildi segja, að ákvæðið um 2 ár væri út í loftið. En um það getur enginn fullyrt neitt fyrirfram. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að jeg væri alls ekki ófús að rýmka eitthvað til um tímalengdina, t. d. að binda þetta við þrjú ár, í stað tveggja. Því hefir verið haldið fram, að ekki þyrfti að binda þetta, af því að ekkert útlit væri fyrir, að dýrtíðin hyrfi. En útlitið bendir þó að minsta kosti á, að hún muni minka. Það hafa jafnvel heyrst raddir um, að síðasta dýrtíðaruppbót hafi verið of há. Jeg dæmi ekki um, hvort það er rjett, en því hefir verið haldið fram.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kvaðst ekki mundu gera tímatakmarkið að kappsmáli. Það er gott að heyra, og vænti jeg því, að brtt.

í þá átt fái góðan byr, og mun jeg koma með brtt. í þá átt við næstu umr.

Annars þykir mjer vænt um, hve hjer í deildinni er lítill ágreiningur um þetta mál. Jeg hafði kviðið því, að það mundi reynast erfitt og vandasamt, ef til vill vandasamasta málið á þinginu.

ATKVGR.

Á fundinum var útbýtt brtt. 366. — Afbrigði um hana leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 171,2 feld með 13:12 atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 193 feld með 16:8 atkv.

— 366 samþ. með 21:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 286 feld með 15:5 atkv.

— 184 feld með 15:5 atkv.

— 171,1 og 3 sjálffallnar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 371, 379, 381).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 379 og 381. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Viðvíkjandi brtt. minni á þskj. 379 skal jeg aðeins geta þess, að jeg hefi borið hana undir hæstv. fjrh., og felst hann á hana. Þarf jeg því ekki að tala fyrir henni frekar. Eins og jeg drap á við 2. umr. þessa máls, taldi jeg æskilegt, að einhver tímatakmörk yrðu sett í þessum lögum, en finst það ekki skifta máli, hvort það verður 1 ári lengur eða skemur. Að tímabinda lögin er tilgangur brtt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins tala fáein orð út af brtt., sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) bar fram við 2. umr., um að dýrtíðaruppbót sveitapresta yrði ekki lækkuð, heldur fengju þeir hlutfallslega sömu uppbót og aðrir embættismenn. Sú till. komst ekki fram þá, en nú er að þessu sinni farinn meðalvegurinn, og má þá búast við, að hv. þm. taki því vel. Hvað rökin fyrir þessari till. snertir, þá get jeg látið mjer nægja að vísa til ræðu hv. 4. þm. Reykv. við 2. umr. Mjer finst sú stefna, sem nú er uppi, að embættismenn keppa úr sveitunum í kaupstaðina, ekki svo heillavænleg, að rjett sje af ríkinu að þrengja svo kosti prestanna, að þeir geti ekki haldist við í sveitum. Jeg get ekki með neinu móti sætt mig við, að starfsmenn ríkisins í sveitum sjeu settir skör lægra en aðrir. Jeg krefst þess, að svo sje um búið, að sveitirnar eigi jafnan kost á að fá góða starfsmenn sem kaupstaðirnir. Saga prestastjettar vorrar og starfsemi þeirra fyrir þjóðina á öllum tímum hefir líka verið svo merkileg og mikil, að ríkið ætti að hugsa sig tvisvar um áður en það fer lengra í því en gert hefir verið að þröngva hag þeirra. Jeg verð að segja það, að þessi stjett, sem hjer á hlut að máli, á þessa viðurkenningu fyllilega skilið, og er þetta hin fylsta rjettlætiskrafa.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Þar sem brtt. þessum hefir verið útbýtt hjer á fundinum, hefi jeg ekkert um þær að segja frá meiri hl. fjhn. Jeg býst þó ekki við því, að hann sje fylgjandi brtt. á þskj. 379. Um hina brtt., um sveitaprest-

ana, þá álít jeg hana til bóta, en get ekkert sagt um hana fyrir nefndarinnar hönd, því að hún hefir ekki borið sig saman.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla með brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) um sveitaprestana. Jeg reyndi áður að bæta þeirra hlut og greiði því að sjálfsögðu atkvæði með brtt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend upp til að staðfesta það, sem hv. frsm. minni hl. (KlJ) sagði um afstöðu mína til brtt. á þskj. 379. Jeg get fallist á, að í stað orðanna: „Þangað til öðruvísi verður með lögum ákveðið“ komi: til ársloka 1928. Það ár er nýkosið þing, og tekur það málið að sjálfsögðu til athugunar. Á hinn bóginn getur það og haft talsverða þýðingu, að þetta sje tímabundið.

Um hina brtt. þarf jeg ekkert að segja, nema taka undir lof hv. þm. Str. (TrÞ) um prestana, en jeg er ekki undir það búinn að segja, hve mikið hún kostar ríkissjóð.

ATKVGR.

Brtt. 379 samþ. með 20:1 atkv.

— 381 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁF, BSt, BJ, HStef, JakM, JBald, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, KlJ, PO, SigurjJ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, HK, IngB, JAJ.

Tveir þm. (BL, MG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 387).

Á 61. fundi í Ed., mánudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frumvarp lagði jeg fyrir hv. Nd., og hefir það gengið gegnum þá deild með lítilli breytingu, og var í þeirri deild fult samkomulag um málið, og vænti jeg, að svo verði einnig hjer. Jeg tel óþarft að skýra frv. frekar nú við þessa 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 387, n. 471).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Ingvar Pálmason: Vegna þess að hv. frsm. (JJ) er ekki viðstaddur, þykir mjer rjett að láta örfá orð fylgja brtt. nefndarinnar á þskj. 471.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt, en vill gera þá smávægilegu breytingu á því, að prestar, sem ekki er skylt að búa í kaupstað, fái $^5/_6$ launauppbótar, í stað $^2/_3$, eins og nú er í frv.

Nefndin gat ekki fallist á, að rjett væri að svifta þessa presta meira en $^1/_6$ uppbótarinnar.

Að vísu má vel vera, að dýrara sje að lifa í kaupstað en í sveit yfirleitt, en þá ber þess að gæta, að aukatekjur presta eru að jafnaði minni í sveitum en í kaup-

stöðum, svo kaupstaðaprestar fá þar uppbót umfram sveitapresta.

Enda þótt ef til vill megi segja, að margir eldri sveitaprestar sjeu sæmilega efnum búnir, er ekki rjett að horfa eingöngu á þá hlið málsins. Ungir prestar, sem setjast að í sveit að nýloknu embættisprófi, eru síst betur settir en þeir, sem í kauptúnum búa. En jeg þykist vita, að enginn hv. þm. vilji stuðla að því, að prestar sæki yfirleitt síður um brauð í sveit en sjávarþorpi. Þess vegna er brtt. rjettmæt, og vænti jeg þess, að hv. deild fallist á hana.

Þó það leiði af samþykt brtt., að frv. þurfi að ganga til hv. Nd. aftur, ætti það ekki að koma að sök, því enn er nægur tími til stefnu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 471 samþ. með 9:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 496).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jónas Jónsson): Háttv. 2. þm. S.-M. (IP) tók af mjer ómakið sem framsögumanni við síðustu umr., vegna þess að jeg gat ekki verið við. Jeg vil lýsa ánægju minni út af því, að brtt. nefndarinnar hefir verið svo vel tekið í háttv. deild, brtt. um að hækka uppbót sveitapresta frá því, sem verið hefir. Þegar þess er gætt, að læknar og sýslumenn fá fulla uppbót, þótt þeir hafi bú, þá er ekki hægt að neita prestum um sama rjett.

Það vill nú svo til, að það eru tvær stjettir manna hjer í landi, sem ekki hafa haft samtök um kaupkröfur, en það eru prestar og starfsmenn samvinnufjelaganna. Aðrir starfsmenn hafa haft samtök sín í milli um að fá kaup sitt hækkað. Það er enginn efi á því, að með samtökum sínum höfðu læknar mikil áhrif á það, hvernig launakjör þeirra voru ákveðin 1919. Prestar hafa ekki notað þessa venju, og það mundi óheppilegt að láta þá gjalda þess, því að með tímanum hefðu þá komið harðari kröfur frá þeim.

Jeg vil og nota þetta tækifæri til þess að benda á það, að starfsmenn kaupfjelaganna hafa ekki heldur haft nein samtök í þessu skyni. Sjerstaklega vil jeg benda þeim mönnum á þetta, sem hafa haldið því fram, að sá verslunarskólinn hjer, þar sem þeir stunda nám sitt, ali upp í lærisveinum sínum þann anda, er beri upp slíkar kaupkröfur. Það eru aðrir skólar, sem gera það, meðal annars vissar deildir háskólans.

Um laun ráðherra er það að segja, að jeg sá enga ástæðu til þess að hækka þau, en meiri hl. nefndarinnar var með því, og var sýnilegt, að ekki var hægt að fá breytingu þar á.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 496).

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Þetta frv. er komið aftur úr Ed. Þegar það var hjer áður, lá það fyrir fjhn., en af því að skamt er síðan það kom úr Ed. og mikið hefir verið að gera, hefir nefndin í heild ekki getað athugað það nú. Það er aðallega eitt atriði, sem hefir verið breytt, að prestar, sem ekki er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, eiga eftir frv., eins og það er nú, að fá $^5/_6$ launauppbótar. Jeg hefi haft tal af nefndarmönnum öllum nema einum, og eru þeir ásáttir um að samþykkja frv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Jeg legg því til, fyrir nefndarinnar hönd, að svo sje gert.

Björn Líndal: Jeg er óánægður við hv. Ed. út af því, að hún hefir ekki bætt úr því, sem meiri hl. fjhn. mistókst hjer í þessari deild, að koma inn í frv. ákvæðum um að bæta kjör þeirra, sem lægst eru launaðir. Aftur hefir hún bætt nokkuð úr með því að mæla með því, að tekin verði upp í fjárlögin fjárveiting, sem verja á í sama skyni, og af þeirri ástæðu get jeg eftir atvikum sætt mig við frv. óbreytt, þó að mjer þyki það meingallað að þessu leyti.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

21. Atvinna við siglingar.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (stjfrv., A. 23).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta er um stýrimensku á bátum frá 12—30 smál.

Eftir gildandi lögum er það svo um báta af þessari stærð, að ekki verður annað sjeð en að gert sje ráð fyrir, að á bátum þessum sje venjulega stýrimaður, en þó berum orðum sagt, að það sje ekki skylt. Næst liggur því að skilja þessi ákvæði þannig, að það sje á valdi útgerðarmanna, hvort þeir hafa stýrimenn á þessum bátum eða ekki. En þessi regla er ekki heppileg og mun vera komin í lög fyrir misskilning. Óheppileg er reglan vegna þess, að bátar undir 30 smál. að stærð geta oft legið úti í sjó, t. d. við fiskiveiðar, svo sólarhringum skiftir. Það er því nauðsynlegt á þessum bátum að geta haft vaktaskifti, en það mun því aðeins þykja forsvaranlegt, að annar maður sje á bátnum, sem getur tekið við stórfum formannsins. Það er ekki heldur rjett, að útgerðarmaður geti ráðið, hvort hann hefir stýrimann á báti sínum. Þar verður að ráða, hvort tryggilegt er eða ekki að hafa aðeins einn á skipi með nægilegri þekkingu.

Í þessu efni hefir skólastjóri stýrimannaskólans látið uppi það álit, að óþarfi sje að krefjast, að stýrimenn sjeu lögskráðir á báta undir 20 smál., en á stærri bátum beri að krefjast þess. Á þessu áliti hans er frv. bygt og stungið upp á því, að aðeins stýrimenska á 20 smál. bátum eða stærri komi til greina til þess að öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipum, og að jafnframt sje fyrirskipað, að stýrimenn skuli jafnan vera á bátum yfir 20 rúml.

Mál þetta er á verksviði sjávarútvegs-

nefndar, og legg jeg til, að því verði til hennar vísað, þegar þessi umræða er á enda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 23, n. 103).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv., sem nefndin nú hefir haft til athugunar og samið er til þess að koma samræmi á í lögum nr. 40 frá 1922, hefir nefndin ekki getað fallist á að öllu leyti. Hún hefir fallist á að breyta ákvæðunum í 18. gr., en ekki í 4. gr. Fyrir þessu er gerð grein í nál. á þskj. 103. Eins og þar er tekið fram, gæti það verið dálítið erfitt í sumum veiðistöðum landsins að afla sjer þeirra rjettinda, sem 4. gr. mælir fyrir að þurfi til þess að geta gengið undir smáskipstjórapróf. Og sama máli gegnir um ákvæðisskyldur stýrimanna, sem þar um ræðir. Yfir höfuð finst nefndinni, að taka yrði eitthvað dálítið tillit til þess, hvernig siglingum er hagað. Það getur nefnilega verið fyllilega rjettmætt að láta stýrimann, auk skipstjóra, á 12 rúmlesta skip, ef ferðalaginu er svo varið, að vökuskifti þurfa að verða, t. d. legið úti sólarhringum saman. Þá ber nauðsyn til þess, að tveir færir menn sjeu á skipinu, sem heimilt sje samkvæmt lögum að hafa stjórn þess á hendi. En aftur á móti þar, sem sjór er þannig sóttur, að bátarnir koma að daglega, sýnist engin þörf á að heimta, að stýrimenn sjeu á skipunum, jafnvel þó þau sjeu 20 rúmlestir. Á þessu byggir nefndin þegar hún kemur með viðauka sína við 18. gr., en vill hinsvegar ekki hrófla við 4. gr. Það gæti reynst erfitt að fá skiprúm fyrir stýrimenn á minni bátum en 20 rúmlesta og því ilt að binda skipstjóraskírteini við það, að viðkomandi maður hafi minst siglt árlangt á slíkum skipum. Annars er þörf á því, að þessi lög sjeu betur athuguð og endurskoðuð að miklum mun. Þau eru yfirleitt samin sem farmannalöggjöf, en eru ekki hentug fyrir fiskibátaflota, eins og eðlilegt er, þar sem þau munu aðallega samin eftir útlendri fyrirmynd, þar sem þau skip eru í miklum meiri hluta, sem sigla á milli landa og eru í strandferðum, en minna er um báta, sem veiðar stunda. En hjer á landi er alt öðru máli að gegna. Hjer þarf sjerstaklega að hafa bátaútveginn fyrir augum. Jeg skal svo ekki frekar tala um þessi ákvæði.

En í samráði við háttv. sjútvn. Nd. tók nefndin nokkrar aðrar breytingar upp í frv., sem henni virtist ekki mega fresta. Þær breytingar voru og bornar undir forstöðumann stýrimannaskólans, og hafði hann ekkert við þær að athuga, að því tilskildu, að nefndin tæki upp eitt ákvæði, er hann kom með og jeg síðar mun víkja að.

Þessar breytingar, sem við komum með, snerta 7. gr. og eru um prófið. Þetta próf má eftir núgildandi lögum aðeins halda í Reykjavík. Það er ljóst af þeim umr., sem urðu, þegar þetta ákvæði var sett, að það var sett eingöngu til þess að tryggja það, að næg kunnátta væri heimtuð af prófsveinunum, og til þess hugsaðist mönnum það ráð, að allir, sem smáskipstjórapróf tækju, skyldu fara til

Reykjavíkur. Prófið yrði eingöngu á einum stað. Í fyrsta lagi er nú það við þetta að athuga, að það getur verið dýrt spaug fyrir menn víðsvegar af landinu að verða að ferðast til Reykjavíkur til þess eins að ganga þar undir próf. Í öðru lagi getur kunnáttan verið alveg eins trygg, þó að gengið sje undir prófið annarsstaðar, ef þess aðeins er gætt, að samræmi sje í prófskilyrðunum. Það er ekki hægt að sjá það, að tryggingin sje fólgin í því, hvar gengið er undir prófið, heldur í hinu, hver prófskilyrðin eru. Því lagði forstöðumaður stýrimannaskólans áherslu á það við nefndina, að hún tæki það ákvæði upp, að prófverkefnin skyldu öll samin af forstöðumanni stýrimannaskólans, en ljeti hitt óákveðið, hvar prófin væru haldin. Og sýnist því nefndinni, ef þetta verður samþykt, að eins megi hjer eftir halda þau í smákaupstöðunum, eins og verið hefir.

Þá hefir nefndin borið fram þá brtt., að ríkisstjórnin geti í einstaka tilfellum heimilað þeim mönnum rjett til stærri skipa, sem verið hafa svo lengi skipstjórar á smáskipum, 20—60 rúmlesta, að hægt er að fá vottorð dómbærra manna um sjerstaka verðleika þeirra, bæði hvað skipstjórn og fiskisæld snertir. Það er í rauninni ekki nema sanngjarnt, að manni, sem hefir í mörg ár verið skipstjóri á 60 rúmlesta bát, sje trúað fyrir dálítið stærra skipi, ef gengið er út frá því, að það stundi samskonar veiðar. Það getur og oft og tíðum verið mjög áríðandi fyrir útgerðarmanninn, t. d. þann, sem selur 60 tonna kútter, sem hann hefir átt, og kaupir 100 rúmlesta gufuskip í staðinn. Honum getur verið það alveg bráðnauðsynlegt að mega halda sínum gamla og reynda skipstjóra, en vera ekki neyddur til að taka alveg ókunnan mann á hið nýja skip, þótt hann hafi lögleg rjettindi til að stjórna því.

Nú mun jeg hafa drepið á flestar brtt., sem nefndin hefir leyft sjer að gera við frv. þetta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Nál. ber það með sjer, að hv. nefnd hefir ekki getað fallist á 1. gr. frv., en aftur á móti á 2. gr. þess. Með öðrum orðum, það skal ákveðið með lögum, að stýrimenn skuli vera á 20 rúmlesta skipum eða þeim, sem stærri eru, en það er ekki heimtað, að stýrimaður sje á bátum milli 12 og 20 smál. En jeg er ekki vel ánægður með þetta. Útgerðarmaður ræður því sjálfur, hvort hann hefir stýrimann á slíkum bátum eða ekki. Jeg benti á það við 1. umr., að jeg teldi þetta ekki heppilegt, en jeg skil, að ástæða nefndarinnar fyrir því að vilja ekki breyta þessu, muni vera sú, að það muni vanta báta af þeirri stærð, sem þarf til þess, að menn geti æft sig á þeim til þess að ná í skipstjórarjettindin. En getur þá ekki eins vantað fyrir stýrimennina? Hvar stendur það skrifað, að útgerðarmennirnir vilji hafa stýrimenn á þessum skipum? Mjer þykir alveg óvíst, að þeir geri það af sjálfsdáðum, og geta þeir með því móti bægt mönnum frá æfingu, sem eru efnileg skipstjóraefni. Þannig hefir hv. nefnd stoppað í gloppuna, sem er í lögin að því er snertir 20—30 smálesta skip, en gloppan er óbætt að því er snertir 12—20 smálesta bátana.

Um hinar nýju brtt. hv. nefndar skal jeg lítið segja. Jeg er alveg samþykkur því, að í veiðistöðum, þar sem bátarnir koma að daglega og engin vaktaskifti eru, sje óþarfi að hafa stýrimenn á skipunum. Eins hefi jeg lítið að athuga við brtt.

við 2. gr., um að menn, sem hafa reynst góðir á smábátunum, geti fengið stærri skip. Þó finst mjer nokkuð stórt stökk frá 60 smálesta skipi upp í 150 smálesta skip, en ef vandlega er valið úr mönnum, þarf ekki að stafa hætta af þessu, og skal jeg ekki mæla gegn því.

Um prófið er það að segja, að það er dálítið leiðinlegur hringlandi, sem hjer kemur fram. Nú eru aðeins 2 mánuðir síðan það komst í gildi, að það ætti eingöngu að vera hjer í Reykjavík, og strax á að breyta því. Þó játa jeg, að það kunni að vera fult eins heppilegt, að það megi halda í smákaupstöðunum, og get því felt mig við brtt., en mjer þykir aðeins undarlegt, að sjútvn., sem 1922 endilega vildi aðeins hafa prófið í Reykjavík, skuli nú tala um, hve óhagstæð sú ráðstöfun sje.

En aðalatriðið, og það sem jeg aðeins vildi leggja áherslu á, er þetta, að gloppan í lögin að því er snertir stýrimannaskyldur á 12—20 smálesta bátum er óbætt eftir till. hv. nefndar, og engin trygging enn fengin fyrir því, að þeir menn verði stýrimenn á þessum bátum, sem síðar gætu orðið formenn þeirra.

Ingvar Pálmason: Jeg geri ráð fyrir því, að hv. frsm. (JJós) taki aftur til máls, en út af ummælum hæstv. atvrh. (MG) þykir mjer þó hlýða að segja nokkur orð. Hæstv. atvrh. tók yfirleitt vel í brtt. nefndarinnar. Er jeg honum þakklátur fyrir það. En hann var óánægður með, að ekki væri fylt með öllu sú gloppa, sem er í lögin. Jeg játa, að ástandið er eins og áður að því er snertir 12—20 smálesta báta, þ. e. það er ekki skylda að hafa á þeim stýrimenn, en það er heimil að. Til þess að bæta úr þessu eru tvær leiðir. Önnur sú, að færa takmarkið upp í 20 smálesta skip, þannig að hvorki væri skylt nje heimilt að hafa stýrimenn á minni skipum. Hin sú, að færa stýrimannsskylduna niður í 12 smálesta skip. Báðar leiðirnar voru athugaðar í nefndinni. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi heppilegt að færa takmarkið upp í 20 smálesta skip. Víða á Austfjörðum er fjöldi af bátum 12—20 smálesta að stærð, sem liggja úti dögum saman, og er sjálfsagt að hafa á þeim stýrimenn. 3. gr. siglingalaganna mælir svo fyrir, að stýrimenska á 12—20 smálesta skipum veiti rjett til skipstjóraprófs. Þýðir það sjerstaklega mikið á Austfjörðum, að hægt sje að vinna sjer inn þessi rjettindi á slíkan hátt. En það væri ekki hægt, ef takmarkið væri bundið við 20 smálestir. Og vil jeg á engan hátt missa þessi ákvæði 3. gr. siglingalaganna, því að það þrengdi svo kosti stýrimanna- og skipstjóraefna. Ef því á að fylla gloppuna, verður að færa takmarkið niður í 12 smálestir. En jeg sje ekki, að til þess beri nein nauðsyn. Er vert að líta á það í þessu sambandi, að þótt atvinnuvegur vor Íslendinga sje líkur um land alt, er hann rekinn nokkuð mismunandi á hinum ýmsu stöðum. Víða eru notaðir einmitt bátar af þessari stærð, svona 12—20 smálestir, og mjer finst sanngjarnt, að við höfum skilyrðin fyrir skipstjórarjettindum á þeim lík og þau, sem gilda um báta, sem eru 20—60 smálestir. Reyndar orkar það tvímælis, hvort rjett var, þegar lögunum var breytt, að hafa stigið svona stórt — alla leið frá 20 upp í 60 smálestir. En það liggur ekki fyrir að ræða um það hjer, en eins og hv. frsm. (JJós) benti á, þá þyrfti að endurskoða öll lögin, og get jeg fyllilega tekið undir það.

Þá kemur næst sú breyting til greina að færa prófin til kaupstaðanna úti um land. Hæstv. atvrh. tók þeim breytingum sæmilega vel. Jeg tel breytingu þessa nauðsynlega, því að útgerð okkar úti um landið er þannig fyrir komið, að henni er það lífsnauðsyn að ala upp menn, er geti tekið við af þeim, er fyrir eru, og að þessir menn sjeu aldir upp á þeim grundvelli, sem þeir eiga að vinna á. Okkur er sagt, að nú sje búið að unga út svo mörgum stýrimönnum með prófi, að ekki sje þörf á fleirum, og til dæmis um það er mjer sagt, að á ýmsum togurum sjeu nú margir menn með skipstjóraprófi, er vinna þar aðeins sem hásetar. Jeg tel það ekki heppilegt eða til farsældar fyrir hinn smærri útveg úti um land — til dæmis á Austfjörðum — að slík regla komist þar á, að fá stýrimenn og skipstjóraefni alda upp á togurum hjer frá Reykjavík. Það tel jeg miklu betra, að við ölum upp formenn okkar sjálfir. Það er og vitanlegt, að talsverðir örðugleikar eru á því að sækja nám hingað til Reykjavíkur. Hefir því Fiskifjelag Íslands reynt að ljetta undir í því efni með því að halda námsskeið á ýmsum stöðum og til skiftis í fjórðungum landsins. Þetta hefir reynst heppilegt og er að mínum dómi heilbrigð stefna. En eftir núgildandi lögum óbreyttum er óheimilt að leysa skáskipapróf annarsstaðar en í Reykjavík. Úr þessu vill nefndin bæta með brtt. og leyfa, að slík próf verði framvegis haldin í öllum kaupstöðum landsins, eins og heimilt hefir verið hingað til, alt fram að síðastl. nýári.

Jeg vil mælast til þess við hv. deild, að hún fallist á brtt. okkar. Um hitt atriðið, gloppuna, sem hæstv. atvrh. var að tala um að fylla þyrfti upp í, skal jeg ekki fjölyrða. En það vil jeg taka fram, að ef sú gloppa skal fylt, þá tel jeg, að skyldan til að hafa stýrimann auk skipstjóra eigi að miðast við 12 smálesta bátstærð. Það kunna að þykja nokkuð þungar búsifjar, en jeg vil, að útgerðarmönnum sje heimilt að hafa 2 menn með prófi á slíkum bátum, og að það sje skylda, að stýrimaður sje á þeim bátum, er liggja úti dögum saman. Heimildin ætti að vísu að vera nóg, því að flestir útgerðarmenn munu svo forsjálir, að þeir gera þetta ótilkvaddir, enda hafa þeir tekið vel flestum þeim hugmyndum, er fram hafa komið á þessu sviði og miðað til bóta.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg þakka hæstv. ráðh. (MG) fyrir það, hvernig hann tók brtt. nefndarinnar. Það leyndi sjer ekki, að hann skildi þær ástæður, er hún hafði fram að færa. Annars hefir hv. 2. þm. S.-M. (IP) tekið fram þær ástæður, sem lágu til þess, að nefndin vildi ekki breyta 4. gr.

Jeg kannast við það, að hæstv. atvrh. hefir lög að mæla, en það er ekki nógu greinilegt hjá honum, þar sem hann talaði um báta, sem eru 12—20 smál. Hjá mjer verða því þyngri á metunum þær ástæður, er hv. 2. þm. S.-M. bar fram og nefndin hefir áður talsvert rætt. Jeg tel, að sá maður, sem uppfyllir öll skilyrði 7. gr., muni ekki reka sig á nein vandkvæði í því efni að fá sig lögskráðan á bát sem stýrimann. Jeg geri þetta ekki að neinu deiluatriði, en tel rjett, ef greininni er breytt, að það sje gert í sömu átt og hv. 2. þm. S.-M. benti á, og binda lágmarkið við 12 smálestir.

Jeg skal geta þess, að af vangá minni sem fundaskrifara nefndarinnar fjell niður 3. gr. frv., sem á að verða 4. gr. Höfum við nefndarmenn hugsað okkur að

koma fram með brtt. til þess að laga þetta við 3. umr. þessa máls.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, að fylt sje sú gloppa, er jeg talaði um, en betur kynni jeg við það. Finst mjer líka, að nefndin hafi bent á ráð til þess að fylla hana, með því að fyrirskipa, að stýrimenn skuli vera á þeim bátum, sem eru svo lengi úti, að vaktaskifti eru nauðsynleg. Jeg tel ekki, að meiri trygging sje fyrir því eftir en áður, að hægt sje að ala upp skipstjóra á þessa smábáta. Vil jeg því skjóta því til háttv. nefndar, úr því að hún kemur fram með brtt. hvort sem er, hvort hún vilji ekki koma fram með breytingar í þessa átt við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 103,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 103,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 103,3 (ný 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 122, 132).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Nefndin hefir aftur athugað frv. og ekki sjeð ástæðu til þess að breyta 4. gr. neitt að þessu sinni. Á hinn bóginn leyfir nefndin sjer að koma fram með viðaukatillögu á þskj. 132, sem nauðsynleg er, en hefir fallið úr í nál. við 2. umr.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. deild samþykki frv. með viðaukatill.

ATKVGR.

Vatill. 132 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 135).

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta er flutt af stjórninni í hv. Ed. og hefir því gengið gegnum hana. Eins og það var flutt af henni náði það einungis til stýrimanna á 12—30 rúmlesta bátum, en eftir meðferð hv. Ed. má segja, að það sje orðið alt annað. Hefir fyrst og fremst verið aukið við það nýrri 1. gr., um smáskipapróf. Áður var próf þetta háð í kaupstöðum landsins, en með lögum frá 1922 er svo ákveðið, að það skuli einungis háð hjer í Reykjavík. Út af þessari breytingu kom strax fram óánægja og jafnframt óskir um að breyta því í gamla horfið. Hefir sjútvn. því tekið þessar óskir til greina, því að oft getur verið erfitt fyrir hlutaðeigendur að komast til Reykjavíkur á þeim tíma, sem þeir helst þurfa að komast, auk þess sem það hefir altaf töluverðan kostnað í för með sjer.

Ástæðan fyrir breytingunni, sem gerð var 1922, var sú, að ekki þótti næg trygging fyrir því, að prófin væru jafnþung, ef þau færu fram á mörgum stöðum. Til þess að ráða bót á þessu hefir það ákvæði verið sett í frv., að forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík skuli tiltaka öll verkefnin. Þá hefir það ákvæði verið tekið upp í frv. þetta, að stjórninni skuli

heimilt að veita þeim skipstjórum, er verið hafa skipstjórar á fiskiskipum 25—60 rúmlesta í full 6 ár, rjett til skipstjórnar á fiskiskipum alt að 150 rúmlesta stærð, ef þeir hafa áður kynt sig mjög vel sem skipstjórar, að dómi þar til hæfra manna.

Að umr. lokinni óska jeg málinu vísað til sjútvn.

Hákon Kristófersson: Jeg get ekki orða bundist um það, að jeg tel sum ákvæði frv. þessa mjög varhugaverð. Einkum tel jeg farið inn á ranga braut með fyrirmælum 2. gr., um að heimila stjórninni að veita fiskiskipstjórum með minnaprófi rjettindi meiraprófsmanna, þegar þeir hafa verið skipstjórar ákveðið árabil. Tel jeg með því stigið spor aftur á bak og öryggi skipshafna beinlínis í hættu stefnt, ef slaka á nú á kröfunum um kunnáttu skipstjóra, á þann hátt, sem hjer er lagt til, og auk þess hætta á, að slíkri heimild geti orðið misbeitt.

Þá þykir mjer og ótækt niðurlagsákvæði 3. gr., sem hv. Ed. setti inn í frv., um að losa fiskibáta, alt að 30 rúmlesta, í veiðistöðum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega að, undan skyldu til þess að hafa stýrimann auk skipstjóra.

Það er öllum kunnugt, að á slíkum stöðum getur það oft komið fyrir, að bátar verða að liggja úti veðurs vegna, og ef svo skyldi þá fara, að skipstjóra tæki út, eða hann sýktist svo skyndilega, að hann yrði ófær til skipstjórnar, þá er það auðsætt, hversu hættulegt það er, ef ekki er þá til taks siglingafróður stýrimaður, er geti tekið við og skylt sje að taka við stjórninni. Álít jeg því mjög viðurhlutamikið að lögfesta slíka undantekningu.

Vænti jeg þess, að nefnd sú, er mál þetta fær til meðferðar, væntanlega hv. sjútvn., taki þessi atriði, er jeg nefndi, til rækilegrar athugunar og sjái sjer fært að gera tillögur um að fella þessi óheppilegu ákvæði burt úr frv., eða breyta þeim svo, að við sje unandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 465).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller): Þetta mál ætti ekki að þurfa að tefja deildina lengi. Að vísu gæti 2. gr. orðið nokkurt ágreiningsefni, en nefndin hefir komið sjer saman um að leggja til, að hún yrði feld niður. Efni hennar er að heimila stjórninni að veita skipstjórum með smáskipaprófi leyfi til þess að fara með stærri skip, ef ástæður þykja mæla með Þetta ákvæði hefir sætt mótmælum, er taka verður til greina. Það þykir rjett að gera meiri kröfur til manna, sem stjórna eiga stærri skipum en 60 rúmlesta, og meiri siglingafróðleiks en hægt er að búast við af mönnum með smáskipaprófi. Frv. þetta fór upphaflega í þá átt að samræma siglingalögin frá 1922. Gert er ráð fyrir, að stýrimenn sjeu á skipum, sem eru fullar 20 rúmlestir að stærð. Þó mega bátar, sem daglega koma úr róðri, vera 30 rúmlestir án þess að á þeim sje stýrimaður. Nefndin fellst á, að þessi undantekning sje gerð um báta, sem daglega koma að landi, og hyggur, að ekki verði haft á móti því. Hv. Ed. gerir ráð fyrir, að smáskipapróf

verði haldin á sömu stöðum og verið hefir. Nefndin getur ekki fallist á, að þetta verði svo til frambúðar, nema sett sje frekari trygging þess, að prófin sjeu fullnægjandi. Mætti tryggja það með því að senda mann frá stýrimannaskólanum til þess að halda prófin. Vill nefndin skjóta því til stjórnarinnar, hvort ekki muni hægt að koma því við framvegis. Annars hefir komið fram í viðtali nefndarinnar við fræðimenn um siglingar, að ýmsu muni ábótavant við lögin frá 1922. Þau voru að vísu samin í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans, en þegar á þing kom, voru gerðar á þeim breytingar, sem, að dómi fræðimanna í þessu efni, miðuðu að því að færa þau úr lagi, svo að talið er, að þau þurfi nú enn frekari samræmingar en í þessu frv. felst. Jeg vil skjóta því til hæstv. stjórnar, að æskilegt væri, að hún ljeti athuga þetta mál vandlega fyrir næsta þing. Eins og nú stendur á, legg jeg til, að deildin samþykki frv. með þeirri breytingu að fella niður 2. gr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert að athuga við það, að 2. gr. verði feld niður. Henni var bætt inn í hv. Ed., en var ekki í stjfrv. í byrjun. Jeg efast bara um, að háttv. Ed. vilji nokkuð við frv. eiga, ef þessi grein er feld burt. Út af endurskoðun laganna skal jeg taka það fram, að jeg vil í sjálfu sjer ekki skorast undan að láta „fagmenn" fara yfir þau aftur. En það er svo um lög sem þessi, að þeim er altaf verið að breyta. Þó að stjórnin láti forstöðumann stýrimannaskólans undirbúa þau, breytir þingið þeim eftir sínu höfði. Síðasta dæmið er frá þessu þingi. Jeg hefi því ekki mikla trú á endurskoðun þessara laga, en skal taka það atriði til athugunar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að hv. sjútvn. hefir ekki getað fallist á 2. gr. frv. Ástæðan er sú, eins og getið er um í nál., að forstöðumaður stýrimannaskólans og skipstjórafjelagið „Aldan" hafa lagst á móti þessu, og eftir þeirra tillögum er lagt til að fella greinina niður. Mótstaða úr þessari átt er ekki ný. Skipstjórafjelagið „Aldan" lítur svo á, að verið sje að rýra atvinnu þeirra, sem tekið hafa meira prófið. En því er nú samt svo varið, að það mun vera undantekning, að skipstjóri með meiraprófi sje fær um að stunda þorskveiðar með lóð, svo að gagni sje, því að þeir hafa ekki vanist þeirri veiðiaðferð. Það má kannske segja um mennina með minna prófinu, að þeir verði að afla sjer þekkingar og taka próf, en það er nú svo, að erfitt er fyrir fertuga menn eða eldri að setjast á skólabekk og sitja þar heilan vetur. Auk þess mun því svo varið, að jeg held, að enginn geti bent á slys, sem orsakast hafi af vanþekkingu minnaprófsmanna. Jeg a. m. k. veit ekkert dæmi þess. Jeg lít svo á, að engin hætta sje að veita undanþágu mönnum, sem reyndir eru og hafa meðmæli útgerðarmanna þeirra, sem þeir hafa unnið hjá. Þar sem stjórnin getur altaf haft forstöðumann stýrimannaskólans í ráðum, þegar sótt er um undanþágu, ætti lítil hætta að vera á því, að þessi heimild yrði misbrúkuð. Auðvitað er sjálfsagt að synja um undanþágu, ef umsækjandi verður ekki álitinn starfinu vaxinn. Þegar þessar undanþágur fást ekki, þá er önnur leið farin. Það er tekinn einhver meiraprófsmaður, og þá oft og tíðum, að jeg hygg, ekki af skárri endanum, til þess að vera um borð. Hann er lögskráður sem skipstjóri, en hefir svo aldrei nokkur minstu ráð á

skipinu. Með því að sjútvn. er einhuga um þessa till. sína, sje jeg ekki ástæðu til að segja meira um þetta mál, en gat hinsvegar ekki látið hjá líða að skýra frá þessu, af því að mjer var mjög vel kunnugt um það.

Frsm. (Jakob Möller): Út af því, að hæstv. atvrh. (MG) var eitthvað að bera kvíðboga fyrir því, að hv. Ed. myndi ekki taka vel við frv., ef það kæmi til hennar þannig breytt, held jeg, að jeg geti sagt hæstv. ráðherra (MG) það, að háttv. Ed. muni ekki vera það nokkurt kappsmál að fá þessa undanþáguheimild inn í lögin. Hitt var alveg rjett, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði um meðferð þessa máls hjer á þingi. Það virðast vera hálfgerð vandræði með frv. sem þetta, því að þegar þau koma frá stjórninni eins og „fagmennirnir" vilja þau vera láta, þá koma til hagsmunir ýmsra manna hjer á þingi, sem rekast á, og svo er frv. breytt, svo að þessum hagsmunum sje borgið, án tillits til „faglegra" krafna. Jeg verð að segja, að það er illa farið, að svo gengur, því að jeg verð að halda því fram, að það er ábyrgðarhluti fyrir þingið að ganga á móti tillögum þeirra manna í þessum málum, sem hafa í flestum tilfellum margfalt vit á málunum á við flesta háttv. þm. Það vita allir, að það getur oltið á miklu, að skipstjórar sjeu færir um að stjórna þeim skipum, sem þeir eru settir fyrir. Og út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að það væri ekki hægt að benda á dæmi um, að slys hafi orðið af því, að skipstjórinn hafi ekki verið nógu vel að sjer, vil jeg segja, að það er engu ljettara að sanna, að slys hafi ekki orðið af því, og þar að auki held jeg, að hægt sje að benda á ýms slys, t. d. ásiglingar, fyrir handvömm, og þegar slys verða á sjó, vita þeir, sem í landi eru, mjög lítið um það, hvað hefir ráðið úrslitunum í hverju tilfelli. En það er betra fyrir löggjafann að hafa vaðið fyrir neðan sig og breyta ekki á móti vilja „fagmannanna" í þessu. Og hv. þm. N.-Ísf. benti á atriði, er hefir haft mikil áhrif í þessu máli. Hann mintist einmitt á hagsmunina, sem í veði væru, af því að lærðu skipstjórarnir væru ókunnugir línuveiðum, og þá er líka ákaflega hætt við því, að ef útgerðarmaður á að velja um menn, að hann velji þann manninn, sem vel er að sjer um veiðiaðferðina, en meti hitt minna, hvort hann er vel fær um að stjórna skipinu, ef í harðbakka slær. Jeg verð að segja það, að þó að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) segi fulla vissu fyrir því, að þeir sjeu nýtir skipstjórar, ef þeir geti fengið meðmæli þeirra manna, sem þeir hafa áður farið með skip fyrir, þá sje það samt mjög hæpið, að þeir sjeu færir til að fá slíka undanþágu. Fyrst og fremst er það, að útgerðarmenn hafa ekki þekkingu til að dæma um það, hvort þeir sjeu nógu fróðir til þess að taka við stjórn skipsins, en hitt vita þeir, hvort þeir eru færir um að sjá um veiðarnar, eða hvort þeir eru aflasælir, og það er hætt við því, að þeir líti oft og einatt mest á það, enda ættu þeir líka, ef þeir í raun og veru eru færir um að stjórna skipum, sem þeir vegna prófleysis verða að fá undanþágu til að stýra, að vera færir um að taka þetta próf, og virðist það ekki vera svo mikil krafa, sem gerð er til þeirra, þótt þeir ættu að taka það, þar sem hinsvegar er vafalaust til allmikils að vinna.

Hákon Kristófersson: Þegar þetta frv. var hjer til 1. umr., leyfði jeg mjer að bera fram mótmæli gegn ákvæðum 2. og 3. gr. Sjútvn. hefir nú horfið að því

ráði að leggja til, að 2. gr. verði feld niður, en ekki sjeð sjer fært að taka til greina þær bendingar, sem jeg gaf um 3. gr., sem sje það, að þótt svo sje í ýmsum veiðistöðum, að ætlast sje til þess, að bátarnir komi að á hverjum degi, getur þó svo komið fyrir, að það verði ekki, og því hjelt jeg því fram, að heppilegra væri, að það væri bæði skipstjóri og stýrimaður á bátunum, því að það getur altaf viljað til, að skipstjórann taki út, og hver er þá eftir til skipstjórnar á því skipi? Vitanlega ekki nema þá einhver af hásetunum, sem kannske má slá föstu, að mundi bjarga sjer og skipshöfninni; en ef ekki er hægt að mæla á móti því með neinum rjetti, að sjálfsagt sje að vinna að tryggingu sjómannastjettarinnar, þá vona jeg, að allir verði sammála um það, að betra sje að hafa tvo hæfa menn á skipi heldur en einn. Mjer þykir leitt, að háttv. nefnd gat ekki sjeð sjer fært að taka þetta til greina. Mjer þótti mjög vænt um það, að rjett eftir að þetta mál var hjer til meðferðar, kemur út í einu blaði hjer álit Páls Halldórssonar, skólastjóra við stýrimannaskólann, sem fer í sömu átt, enda hlýtur það að vera, að það er fullkomnara öryggi í því, að öðru jöfnu, að það sjeu vel færir menn, sem fara með svona stór skip, því að þeim er ætlað að geta verið úti marga sólarhringa. Hinu mótmæli jeg ekki, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ.) sagði, að það geta oft verið ágætismenn, sem eru vel færir um að stjórna skipi, þótt þeir hafi ekki próf; en þetta er auðvitað undantekning frá reglunni. *(JAJ: Það er ekki farið fram á að veita öllum undanþágu frá reglunni).* Rjett, en við vitum það, hve undanþágur geta verið stórhættulegar, og það er ekki sagt til þess að ámæla stjórninni, þótt sagt sje, að hún hafi veitt undanþágur í málum, sem aldrei hefði átt að veita. T. d. veitti hún leyfi til, að skip eitt færi út með akkerisfesti nokkra, og hvað skeður? Þegar skipið leitaði hafnar í vondu veðri, slitnaði festin, og allir hefðu farist, ef ekki hefði verið hægt á sömu stundu að setja af stað mótor, sem var í skipinu. Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það væri lítil hætta á misbeiting, þó að þetta væri leyft, en það er nú oft svo, að ábyggilegum mönnum hættir um of við að dæma aðra eftir sjálfum sjer. Jeg er viss um, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mundi ekki viljandi misbeita slíkri undanþágu, ef hún kæmi í hendur honum.

Eitt þótti mjer leiðinlegt að heyra, sem fram kom í umr., að sagt var, að ef þetta næði ekki fram að ganga, þá mundi þeirri aðferð oft verða beitt að taka meiraprófsmann, og það oft ekki af betri endanum, til þess að vera skipstjóri að nafni til. Já, það sannar það, að menn eru oft helst til kæringarlausir í að sjá um gott öryggi á skipum sínum, því að sagt var, að löngum mundu verða teknir þeir mennirnir, sem kauplægstir væru. Sömuleiðis benti háttv. þm. (JAJ) á, að það væri ekki hægt að segja, að nokkurt slys hefði hlotist af þessum mönnum. Háttv. frsm. nefndarinnar (JakM) hefir svarað því mjög rækilega, og við vitum líka, að þetta mál má teygja og toga á milli sín án þess að sönnunargögnin liggi ljóst fyrir frá hvorugra hálfu, þeirra, sem eru með því, og hinna, sem á móti eru. En það er annað í þessu máli. Það er gengið dálítið inn á rjett þeirra manna, sem hafa aflað sjer þessarar þekkingar, sem þarf, þegar frá þingsins hálfu er heimilað að veita svo og svo margar undanþágur, því að við getum ekki lagt nein skjöl á borðið um það, hve margar þær verði á hverju ári. Jeg mun því greiða atkvæði

með till. nefndarinnar. En það, sem mjer þykir á bresta frá nefndinni, er gagnvart 3. gr., sem jeg hefi bent á áður, því að það vitum við allir, sem til sjávar þekkjum, að það er áreiðanlega eitt af fyrstu skilyrðunum til þess, að sjómennirnir komist vel af, að þar sje öruggur formaður, því að það vitum við allir, hvað öruggum formanni hefir oft tekist að koma skipi sínu fram gegnum brim og boða.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að tala langt mál, því að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa. Eins og hv. þm. (JAJ) sagði, var 2. gr. sett inn í frv. í hv. Ed., og er það vegna þess, að breyting er að verða á útgerðinni hjer á landi, í þá átt, að í stað mótorbáta eru menn farnir að fá sjer stærri vjelskip, alt upp undir 150 rúmlesta. En til þess að þetta geti lánast, útheimtist í fyrsta lagi það, að hægt sje að fá góða og æfða fiskimenn til skipstjórnar á þessi skip, og reynslan í því efni sýnir útgerðarmönnunum, hvar best er að bera niður um þetta atriði. Þess vegna er farið fram á það að rýmka þannig til, og eru þessar breytingar um rýmkun á rjettindum hinna svokölluðu minnaprófsmanna bornar fram í því trausti, að útgerðarmenn fái að njóta sinna þaulreyndu skipstjóra á þessum skipum, því að hitt er miklu hæpnara, að taka menn, þótt meiri bóklegan lærdóm hafi, sem ekki hafa fengist við þessar veiðar áður. Eins og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) tók fram, er svo vel um þetta búið í frv. og alls öryggis gætt, að þeir einir koma til greina með að fá þessi rjettindi, sem hafa verið skipstjórar í full 6 ár og hafa á þessu tímabili kynt sig að góðri og farsælli skipstjórn. Með því að krefjast svona langs reynslutíma er gætt hins fylsta öryggis og fengin full reynsla fyrir leikni skipstjórans í því að stjórna skipi sínu. Um hitt þarf ekki að ræða, hver trygging það er fyrir útgerðarfyrirtækið, að sá, sem stýrir skipinu, sje jafnframt þaulreyndur og ötull fiskimaður, en fyrir þá eina kæmi það til mála að fá slíka rýmkun á rjettindum, er hefðu alla þessa kosti sameinaða. Jeg sje því ekki, að það sje ástæða til annars en að heimila stjórninni að veita slíkum mönnum þessi rjettindi, þegar útgerðarmenn fara fram á það. Það er viðurkent af öllum, að það er sjálfsagt að gæta alls öryggis, og jeg held, að svo sje um þessa hnúta búið, að það sje engu áfátt um það, að því leyti sem mannlegum krafti er auðið við að gera. Það hefir verið talað um það, að mörgum slíkum mönnum mundi vera auðvelt að leysa af hendi meirapróf, og að því sem kunnáttu þeirra til skipstjórnar snertir, geri jeg ráð fyrir því, að þeim mundi veitast það hægt, en það hafa verið sett ýms fleiri skilyrði fyrir meiraprófi. T. d. hefir nú nýlega verið gerð að skilyrði allvíðtæk málakunnátta og fleira, en það mundi valda töluverðum erfiðleikum að taka slíkt próf og taka tíma, en hafa hinsvegar litla þýðingu fyrir það, sem hjer er aðallega um að ræða, góða og örugga skipstjórn.

Hv. frsm. (JakM) mintist á það, að útgerðarmenn mundu kannske líta frekar á það, að þessir menn væru duglegir fiskimenn, en síður á hitt, að þeir væru öruggir til skipstjórnar að öðru leyti, og að þeir mundu líta svo á, að lítið væri í húfi, af því að skipið væri vátrygt. En þetta er misskilningur. Það er mikið í húfi fyrir útgerðarmanninn, ef skipinu hlekkist á á veiðitímanum og hindrast frá að afla, þótt verð skipsins sje að einhverju leyti greitt; í mörgum tryggingarfjelögum, sem hafa gagntryggingu hjá

samábyrgðinni, er nokkur hluti skipsins í sjálftrygging eiganda, og því mundi hann ekki síður leggja áherslu á það að tryggja þá hlið málsins. Hv. frsm. mintist á ásiglingar, en jeg held, að slíkt geti engu síður og hafi engu síður komið fyrir hjá þeim, sem fulla kunnáttu hafa. Má í því efni benda á seinasta dæmið, hjer á höfninni, þar sem togari sigldi á vöruflutningaskip rjett fyrir utan hafnargarðinn, og ekki var þar minnaprófsmönnum til að dreifa.

Hv. þm. Barð. (HK) hneykslaðist tölurvert á því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði um það, að þeir menn, sem væru teknir fyrir leppa á skipin, væru ekki altaf valdir af betri endanum, og vildi hann draga þá ályktun af því, að útgerðarmenn væru ekki kærusamir um þá hluti. En hvers vegna eru þeir það ekki? Af því að þeir treysta sínum þrautreynda skipstjóra; slíkir málamyndaskipstjórar eru aðeins teknir til að uppfylla bókstaf laganna, og svo er það alldýrt fyrir útgerðarmanninn að bæta dýrum manni við. Það er mjög mikill útgjaldaauki, sem bitnar á útgerðarmanninum og þeim öðrum, sem atvinnu hafa við útgerðina.

Hv. þm. Barð. (HK) var eitthvað að benda á það, að akkerisfestin á einhverjum bát hefði brostið í sundur og nærri orðið slys af, en það er ekki hægt að draga þá ályktun af því í þessu sambandi, að það hafi verið sök skipstjórans. Svo þarf ekki að hafa verið, því að nú er lögskipað eftirlit með bátum. (*HK:* Jeg var alls ekki að kenna skipstjóranum það). Hafi hv. þm. (HK) ekki kent það skipstjóranum, þá veit jeg ekki, hvernig hann hefir ætlað að koma því í samband við það mál, er hjer ræðir um. (*HK:* Jeg ætlaðist til, að hv. þm. (PO) hefði getað tekið eftir, í hvaða sambandi jeg sagði það). Jeg vonast til, að háttv. deild láti þetta ákvæði frv. standa, og stuðli þar með að því að tryggja það, að þessi nýbreytni, sem nú er um að ræða í útgerðinni, geti orðið landsmönnum að liði, en það verður aðeins með því, að útgerðarmenn geti fengið örugga og vana fiskimenn til skipstjórnar á skip sín.

Út af því, sem hv. frsm. (JakM) sagði, að hv. Ed. mundi ekki leggja mikla áherslu á það, þó að 2. gr. yrði feld, þá er mjer kunnugt um, að hún mun einmitt gera það, og ef þær breytingar verða gerðar á frv., að fella niður 2. gr., þá getur brugðið til beggja vona, að málið nái fram að ganga nú, en það væri illa farið, því að auk þess atriðis er margt annað í þessu frv., sem mikill skaði væri að ekki næði fram að ganga að þessu sinni. Því tel jeg nauðsynlegt að afgreiða málið nú óbreytt, því það er til mikilla hagsbóta fyrir alla hlutaðeigendur.

Ágúst Flygenring: Nú hafa þrír hv. þm. talað, auk hv. frsm. (JakM), og hefir hver haldið fram sinni skoðun um þetta mál. Það sýnir best, hve erfitt er að samræma löggjöf um þetta efni, svo að allir sjeu ánægðir, því að það eru þó ólíkir hagsmunir, er ráða í hjeruðunum og stjettunum. Það er alveg rjett hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að þeir menn geta oft reynst vel, sem aðeins hafa minnapróf, og jafnvel þeir, sem ekkert próf hafa. Þetta var nefndinni vel kunnugt um, en henni var líka kunnugt um það, að þessar undanþágur geta verið tvíeggjað sverð, og það hefir verið lagst mjög á móti þessu frv., bæði af skipstjórafjelaginu Öldunni og af skólastjóra stýrimannaskólans. Nefndin taldi það ábyrgðarhluta að mæla með því, sem

skipstjórafjelagið og skólastjórinn mæltu svo mjög á móti, þó að það geti kannske orðið álitamál, þegar farið er að rannsaka það nánar.

Jeg lít svo á, að of miklar kröfur sjeu gerðar til fiskiskipstjóranna hjer við land, eins og t. d. um tungumálakunnáttu o. fl., en aftur of litlar um praktiska þekkingu, því að hana þurfa þeir að hafa meiri en þeir hafa margir hverjir. Þetta þyrfti að endurskoða og athuga vel, og jeg fyrir mitt leyti tel, að prófstigin þurfi að vera þrjú.

Háttv. þm. Barð. (HK) taldi, að bátar, sem gengju til fiskjar, þó að þeir lentu að kveldi, þyrftu að hafa bæði skipstjóra og stýrimann, annað væri ekki forsvaranlegt. Þetta held jeg að sje of mikil varfærni. Annars eru þó vanalega tveir siglingafróðir menn á slíkum bátum, því að þeir, sem vilja verða formenn á þeim, þurfa fyrst að hafa verið stýrimenn um nokkurn tíma. Láta þeir því oft lögskrá sig sem stýrimenn, enda þótt þeir hafi ekki meira kaup en hásetar.

Það er alveg rjett, sem hv. þm. Borgf. (PO) tók fram. Þetta mál má ekki fara fram hjá okkur athugunarlaust. Við verðum að gefa nákvæmar gætur að því. Jeg á þar ekki við, að farið verði að taka upp önnur prófskilyrði, eða gera svo strangar kröfur, að erfitt verði fyrir eldri menn að uppfylla þær, en jeg er þess samt viss, að nokkrar breytingar má gera til bóta á þessari atvinnulöggjöf.

Annars skal jeg játa, að jeg tel persónulega ekkert varhugavert að veita undanþágur þær, sem ræðir um í 2. gr., ef þær eru aðeins veittar fullkunnugum mönnum.

Frsm. (Jakob Möller): Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) hefir að mestu tekið af mjer ómakið með að svara.

Háttv. þm. Barð. (HK) vil jeg benda á það, að viðbót sú við siglingalögin, sem felst í 3. gr. frv., hlýtur frá hans sjónarmiði að vera ávinningur. Því ef hún verður ekki samþykt, þá er hvergi ákvæði um, að skylt sje að hafa stýrimenn á þessum skipum. En verði hún samþykt, þá er skylt að hafa stýrimenn á þeim bátum, sem ekki koma daglega að landi. Þetta bætir því mikið úr.

Háttv. þm. Borgf. (PO) hefi jeg litlu að svara, umfram það, sem hv. 1. þm. G.-K. svaraði honum. En mjög eftirtektarvert var það í ræðu hans, og sömuleiðis í ræðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að þeir litu báðir einhliða á, hvað happadrýgst væri fyrir aflann, en minna á hitt, hvað best hentaði fyrir öryggi skipsins. Út af þeim ummælum háttv. þm. vil jeg benda á, að ef ekki er völ á nógu góðum fiskimönnum meðal þeirra, sem rjett hafa til skipstjórnar, þá er ekki annað en taka fiskiformann. Það er algengt. En vitanlega eykur það kostnaðinn dálítið, en þess ber að gæta, að þá er oft mikið í aðra hönd.

Jeg skal fyllilega játa, að jeg er ekki kunnáttumaður á þessu sviði. En frá mínu leikmannssjónarmiði tel jeg alveg óforsvaranlegt að afgreiða þessa undanþáguheimild nú, þvert ofan í mótmæli þeirra manna, sem eru langtum færari að dæma um þetta en við erum.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. frsm. (JakM) sagði, að í þessu máli væri oftast meira farið eftir hagsmunum manna en eftir lögunum. Sjálfur get jeg ekki sagt um þetta, því að jeg hefi ekki nú í seinni tíð, eða síðan 1918, gert út báta.

En það, sem jeg vil í þessu máli, er það,

að kröfurnar sjeu sniðnar svo, að tryggt sje líf og limir manna, og jafnframt tekið tillit til þess, að mennirnir geti fengið bein úr sjó.

Það er vitanlega sjálfsagt að taka tillit til þeirra fagfróðu manna, sem þetta mál hafa látið til sín taka. En mjer finst mega athuga, hvað sje álit hins „fagfróða" manns, sem hjer er vitnað í. Það mun vera til álitsskjal frá honum, þar sem hann segir, að minnapróf nægi til að sigla skipum kringum land. Enda munu þeir, sem numið hafa bók hans í siglingarfræði, sem ætluð er til minnaprófs, kunna að hagnýta sjer hana; ekki aðeins vera færir um að sigla skipum kringum land, heldur geta þeir vel siglt skipum landa á milli, og jeg þekki marga, sem hafa gert það. En það mun vera önnur aðstaða, sem knýr þennan „fagfróða" mann til að leggjast á móti þessari undanþágu, sú ástæða, að hann vill hlynna að skóla sínum, þannig að sem flestir sæki hann. En að því leyti hefir honum skjátlast í fyrra, með reglugerð þeirri, sem sett var fyrir skólann. Því eigi eftir henni að fara, er víst, að þeir, sem ekki hafa átt kost því betri undirbúningsmentunar, geta ekki komist þar inn, og ekki langt frá að þurfi fullkomna gagnfræðamentun til þess. Hinir fátækari piltar eru því mjög illa settir í þessu tilliti.

Þá mintist háttv. frsm. á ásiglingar, sem orðið hefðu. En um þær er mjer ekki kunnugt. Að minsta kosti þekki jeg ekkert tilfelli, nema það, sem vildi til á höfninni hjer í vetur. En slíkt getur hent meiraprófsmenn líka. Þó að bátar rekist saman í Sandgerði eða öðrum vondum höfnum, vegna þrengsla og ýmsra annara óviðráðanlegra orsaka, er ekki vanþekkingu um að kenna.

Háttv. þm. Barð. sagðist betur treysta mjer til að veita þessar undanþágur en stjórninni. *(HK:* Það hefi jeg aldrei sagt). Jeg vona, að háttv. þingmaður fari ekki að taka aftur hrósið um mig.

Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sýndi, sem vænta mátti, mestan skilning á þessu máli. Hann viðurkendi, að smáskipstjóraprófsmenn væru misjafnir, eins og aðrir sjómenn, og tók rjettilega fram, að þeir af smáskipaprófsmönnum, sem kunnað hefðu vel hin minni fræði og væru ábyggilegir í starfi sínu, hefðu fyllilega staðið hinum á sporði. Nægilega sönnun fyrir þessu tel jeg hina miklu hygni og varfærni, sem ísfirskir minnaprófsskipstjórar hafa sýnt í sjósókn sinni á Faxaflóa undanfarnar vertíðir, þar sem þeir hafa stundað þar sjóróðra á 8—15 skipum margar vertíðir án þess að nokkurt slys hafi orðið, að undanteknu einu skipi, sem fórst 1914. En þar mun ekki vanþekkingu hafa verið um að kenna, heldur óviðráðanlegu ofviðri. Þetta er sönnun þess, að margir minnaprófsmenn eru fyllilega færir um að stjórna stærri skipum.

Hákon Kristófersson: Það var dálítill misskilningur hjá háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), þar sem hann sagði, að jeg hefði sagt, að jeg treysti honum betur til að veita þessar umræddu undanþágur en stjórninni. Þetta voru alls ekki mín orð, og vona jeg, að hv. þm. muni, hvað jeg sagði, þegar hann fer að athuga sig betur, svo að jeg þurfi ekki að fara að endurtaka það nú.

Hv. þm. Borgf. (PO) mæltist til þess, að frv. þetta yrði samþykt, af því að það væri til mikillar tryggingar fyrir sjómennina. Um það er ekkert að segja, því

að það er sjálfsögð skylda að halda uppi öllu því, er miðar til tryggingar þeim.

Það gætti dálítils misskilnings hjá hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), þegar hann var að tala um, að altaf væru tveir siglingafróðir menn á sama mótorskipi. Munurinn er sá, að þegar enginn er lögskráður stýrimaður, þá ber engum frekar en öðrum skylda til að taka við skipstjórn, ef skipstjóri forfallast. En ef stýrimaðurinn er lögskráður, þá er hann beinlínis skyldur til að taka við af hinum, þegar þess er þörf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 465 (2. gr. falli burt) samþ. með 17:2 atkv.

3.—4. gr. (verða 2.—3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 485).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 485).

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og sjútvn. þessarar hv. deildar hafði gengið frá frv. þessu, var ástæða til að ætla, að það næði fram að ganga í hv. Nd. En þeir hv. þm., sem sjútvn. í Ed. hafði átt tal við um þetta mál og látið höfðu líklega um fylgi sitt, lögðu á móti málinu, er til Nd. kom. Var því margt felt þar úr frv., sem sett hafði verið inn hjer, meðfram fyrir tilmæli sjávarútvegsnefndarmanna úr hv. Nd. Sjútvn. hjer hefir þó ekki á móti því, að frv. nái fram að ganga eins og það er nú, þar eð þau ákvæði, er það inniheldur, miða talsvert til bóta, og varla von hjeðan af, að samkomulag náist um annað, og leggur nefndin því til, að hv. deild samþykki frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

22. Ræktunarsjóður Íslands.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um ræktunarsjóð Íslands (stjfrv., A. 27).

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frv. þetta, sem fengið hefir allítarlegan undirbúning, er samið og borið fram samkvæmt loforði, er stjórnin gaf á síðasta þingi, þegar rætt var um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands. Þykir mjer rjett að lýsa aðdraganda málsins með nokkrum orðum.

Það hefir síðustu áratugina verið áhyggjuefni flestum þeim mönnum, sem fást við landsmál, að fólkinu í sveitunum hefir ekki fjölgað neitt, fremur fækkað,

jafnframt því sem kaupstaðir og sjávarþorp hafa dregið til sín alla fólksfjölgun landsins, og meira en það. Menn hafa sjeð, að þetta stóð í nánu sambandi við annað fyrirbrigði, sem þá var ekki síður áhyggjuefni, sem sje að framfarirnar í atvinnurekstri sveitanna, landbúnaðinum, voru svo hægfara í samanburði við stórstígar framfarir sjávarútvegsins, að stundum sýndist vera kyrrstaða hjá landbúnaðinum, þótt svo væri nú raunar ekki. Nú er svo komið, að sjávarútvegurinn er að talsverðu og sívaxandi leyti rekinn með þeim fullkomnustu tækjum og aðferðum, sem til eru í heiminum, og upp og ofan með góðum fjárhagsárangri fyrir þá, sem atvinnuna stunda. Það er því síður en svo, að undanförnu árin hafi dregið nokkuð úr mismun hraðans, sem verið hefir á þróun sjávarútvegs og landbúnaðar. Hættan á því, að jafnvæginu milli sveita og sjóplássa haldi áfram að halla er ennþá fyrir hendi í fullum mæli.

Sjálft áhyggjuefnið er ekki fjárhagslegs eðlis. Að öðru jöfnu er það ekkert fjártap fyrir neitt þjóðfjelag, þótt menn hverfi frá atvinnu með seinteknum og ef til vill litlum arði, og að annari innlendri atvinnu, sem gefur fljótteknari og sennilega meiri arð. En menning vor hefir frá fornu fari verið sveitamenning, og vjer viljum ekki láta hana ganga úr sjer. Bæjamenning er hjer á landi svo að segja alveg í byrjun; í henni er ekki ennþá nein sú festa, sem þarf til þess, að hún ein geti haldið óslitnum meginþáttunum í menningu þjóðarinnar, ef sveitamenningin gengur úr sjer. Hjer við bætist, að vjer fulltíða mennirnir, sem langflestir erum aldir upp í sveit, höfum þá ást á sveitamenningunni, sem er æskumenning okkar sjálfra, að vjer viljum með engu móti horfa upp á neina hnignun hennar, ef vjer fáum við ráðið.

Um fátt hefir verið meira rætt og ritað á seinni árum en nauðsyn þess að stöðva þennan straum úr sveitunum, og ráðin til þess. Í þeim umræðum hefir m. a. komið fram sú skoðun, að sveitirnar færu á mis við lánsfjeð í landinu, hafi ekki fengið sinn tiltölulegan hluta af því, og að þess vegna hafi verklegu framfarirnar þar orðið minni en í bæjunum; úr þessu þurfi að bæta með greiðari aðgangi að lánum fyrir sveitamenn, og þá einkanlega jarðaveðlánum.

Við þessa skoðun er nú ýmislegt að athuga, og þá fyrst það, að engan veginn eru öll þau lán, sem sveitamönnum eða jarðeigendum eru veitt, landbúnaði til eflingar, hvorki hjer nje annarsstaðar. Það fer alveg eftir því, til hvers lánsfjenu er varið. — Tökum dæmi af sjálfseignarbónda, sem vill selja jörð sína til þess að geta brugðið búskap og flust í kaupstað. Hann getur byrjað með því að taka lán gegn veði í jörðinni, svo hátt sem fæst. Þá er auðveldara að selja, því að kaupandi þarf ekki að svara út því, sem á jörðinni hvílir. Seljandinn fer með lánsfjeð í kaupstaðinn, kaupir kannske hús fyrir það, en kaupandi jarðarinnar situr eftir með skuldina. Landbúnaðurinn verður að borga skuldina, en hefir ekki notið eins eyris af lánsfjenu. Þannig mætti telja mörg dæmi um þessi *áhleðslulán*, sem hlaða má á jarðirnar án þess að lánsfjeð verði á neinn hátt atvinnuveginum til hags. Reynsla annara landa sýnir, að því greiðari sem aðgangurinn er að slíkum áhleðslulánum, því meir hækka jarðirnar í verði, þar með jarðarafgjöldin, landbúnaðinum til byrðarauka en einskis gagns. — Í flestum lönd-

um Norðurálfunnar hafa þessi áhleðslulán jarða um eitthvert skeið keyrt svo úr hófi, að byrðin hefir orðið landbúnaðinum lítt bærileg, og hagfræðingar og fjármálamenn hafa talið þau eitthvert hið mesta þjóðarböl. Það er alveg auðsjeð, að íslenskur landbúnaður verður ekki rjettur úr kútnum með því að greiða fyrir slíkum lánveitingum.

Nokkuð kann það og að vera orðum aukið, hve afskiftir sveitamenn hafa orðið lánsfjenu í landinu, þegar á alt er litið. Landsbankinn hefir undanfarin ár lánað kaupfjelögum bænda svo nokkrum miljónum skiftir. Þetta lánsfje hefir gengið til verslunarrekstrar bænda, og eins og alt annað fje, sem notað er til verslunar, hefir það aðallega legið í húsum og mannvirkjum í kauptúnunum, í vörubirgðum og í útistandandi skuldum kaupfjelaganna, eða kaupstaðarskuldum bænda. Jeg fyrir mitt leyti vil alls ekki draga í efa, að þetta mikla lánsfje hafi bætt verslun bænda, og þannig komið landbúnaðinum að gagni, en heima á bændabýlunum eru ekki miklar sýnilegar menjar þessa lánsfjár, sem ekki er heldur von. Nefna má og, að Landsbankinn hefir fyrir fáum árum stofnað útibú í einni af sveitum landsins, Árnessýslu neðanverðri, og var tilgangurinn eflaust sá, að veita sveitamönnum með því greiðari aðgang að lánum, atvinnuveginum til eflingar. Þetta hefir nú farið svo, að mjög mikið lánsfje hefir runnið frá útibúinu út í nærliggjandi sveitir, en ekki er sjáanlegt, að af því hafi leitt aukning á bústofni eða umbætur á húsum eða jarðabætur fram yfir það, er gerst hefir á sama tíma í öðrum hjeruðum. En skuldir manna í nágrenninu eru svo miklar, að þær mega sannarlega heita hjeraðsböl; það veit jeg bæði af persónulegum kunnugleika og af öðrum upplýsingum, og ef allar sveitir landsins væru jafndjúpt sokknar í samskonar skuldir, þá væri það sem stendur okkar langstærsta þjóðarböl.

Af þessu má það vera ljóst, að þegar lagt er til að efla landbúnaðinn með lánveitingum, þá verður fyrst og fremst að varast þá villigötu að íþyngja honum með áhleðslulánum eða freista manna með eyðslulánum. Nú er það auðsjeð, að aukning ræktaða landsins er eina varanlega undirstaðan undir efnalegum framförum og aukinni framleiðslu í sveitunum, og þar með liggur í augum uppi, að fyrst og fremst ber að tryggja það, að lánsfjenu sje í raun og veru varið til jarðræktar. Tilætlunin með þessu frv. er fyrst og fremst sú, að tryggja mönnum lánsfje í þessu skyni. Aukin ræktun heimtar á eftir sjer aukin húsakynni fyrir fóðurforða, búfje og menn, og er ætlast til, að frv. megi einnig verða til liðsinningar í því efni. Loks heimtar ræktunin aukinn bústofn, og er ætlast til, að frv., sem atvinnumálaráðherra hefir borið hjer fram um heimild til lánveitinga úr bjargráðasjóði, geti bætt úr lánsþörf á því sviði.

Fyrsta sporið í þá átt að koma upp sjerstakri lánsstofnun handa landbúnaðinum var stofnun ræktunarsjóðs Íslands árið 1900, og jafnframt er ákveðið, að fje úr honum skuli einungis nota til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta. Sýnir þetta, að mönnum var það ljóst fyrir 25 árum síðan, að sjerstök ástæða var til þess að sjá fyrir lánsfje í þessum ákveðna tilgangi. En sjóðurinn þótti ekki hafa nóg fjármagn til útlána, og frá 1913 urðu raddirnar um sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn háværari. Málinu lyktaði í það sinn með því, að Böðvar Bjarkan lögfræðingur tók málið

til rannsóknar fyrir stjórnina árið 1920. komst að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegast væri að hafa eina sameiginlega veðlánastofnun fyrir sveitir og sjópláss, og það leiddi til að sett voru lögin 27. júní 1921 um ríkisveðbanka Íslands, sem eru ekki komin til framkvæmda ennþá. Í því skyni að bæta úr brýnustu þörfum um stundarsakir voru svo á síðasta Alþingi sett lögin um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbankann. Sú lagasetning er að ýmsu leyti mjög ófullkomin, einkum að því er snertir útvegun fjárins til útlánanna, og ekki líkleg til að koma að miklum notum, meðal annars af því að stjórn Landsbankans, sem lánin á að veita, hefir frá upphafi talið lögin óhagkvæm fyrir bankann og verið mjög ófús til þess að framkvæma þau, þótt samkomulag hafi nú náðst um það, sem af bankastjórnarinnar hálfu er bygt á trausti þess, að með frv. því, sem hjer liggur fyrir, verði málinu komið í það horf, að bankinn megi við una. En þótt lögin um búnaðarlánadeildina sjeu mjög ófullkomin að þessu leyti, þá er í þeim skýrt mörkuð sama heilbrigða stefnan og í ræktunarsjóðslögunum fyrstu, að lánin á eingöngu að veita til umbóta á býlunum, húsabætur nú teknar með, í viðbót við jarðabæturnar, og áskilið a. m. k. þriðjungs framlag frá lántakanda sjálfum til umbótarinnar.

Til undirbúnings endanlegri úrlausn málsins samdi fjármálaráðuneytið fyrst uppkast að lögum um jarðræktarflokk við veðdeild Landsbankans, sem skyldi gefa út vaxtabrjef (jarðræktarbrjef trygð eftir svipuðum reglum og brjef gömlu veðdeildarflokkanna, en fjenu varið eingöngu til jarðræktarlána). Þetta uppkast var svo sent Landsbankanum og Búnaðarfjelagi Íslands til athugunar. Með samþykki stjórnarráðsins skipaði Búnaðarfjelag Íslands þriggja manna nefnd til þess að íhuga málið í heild, þá Thor Jensen framkvæmdarstjóra (form.), Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra og Halldór Vilhjálmsson skólastjóra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri að hafa stofnunina sjálfstæða og byggja hana upp á ræktunarsjóðnum. Samdi nefndin í góðri samvinnu við landsstjórnina uppkast að lögum um þetta og tók m. a. upp í það ýms af þeim nýmælum, sem orðið höfðu verið í uppkasti ráðuneytisins um jarðræktarflokkinn, þar á meðal ákvæði um, að varasjóður 1. fl. veðdeildar skuli renna til stofnunarinnar, að lán megi veita leiguliðum á opinberum eignum gegn afgjaldskvöð og um samvinnu við alla sparisjóði og bankaútibú á landinu um vaxtabrjefasölu. Með því að stjórnin gat í öllum aðalatriðum fallist á tillögu nefndarinnar, var uppkast hennar lagt til grundvallar við samningu stjórnarfrv. þess, er hjer liggur fyrir.

Fyrir mig persónulega var það sjerstakt ánægjuefni, að nefndin vildi byggja upp veðlánsstofnun til jarðabóta á grundvelli ræktunarsjóðsins. Á mínu fyrsta þingi, 1921, bar jeg fram tillögur í sömu átt í sambandi við ríkisveðbankalögin, en þær náðu ekki fram að ganga. Af hlíf við ríkisveðbankalögin vildi jeg nú ekki eiga frumkvæði að því í annað sinn að losa ræktunarsjóðinn með sínu sjerstaka verkefni út úr ríkisveðbankanum fyrirhugaða, en þegar nú þessi upphaflega tillaga mín er borin fram á ný af rjettum fulltrúum landbúnaðarins, þá get jeg ekki annað en tekið við henni með ánægju, því að skoðun mín hefir ekkert breyst um það, að þetta er ákjósanlegasta úrræðið.

Efni frv. er þá í fáum orðum þetta: Ræktunarsjóðurinn, sem nú nemur tæpri 1 milj. kr., á framvegis að fá að aukast

af sínum eigin vöxtum — núna geldur hann ríkissjóði um 25 þús. kr. árlega í vexti. Ennfremur fær hann varasjóð 1. fl. veðdeildar, þegar sá sjóður losnar. Eftir 10 ár á hann að vera orðinn yfir 1½ milj. kr. Fjármagn til aukinna útlána útvegar sjóðurinn sjer með sölu vaxtabrjefa, eins og allar veðlánsstofnanir, og má vera í umferð alt að sexfaldri upphæð sjóðsins sjálfs, eða ekki minna en 9 milj. kr. eftir 10 ár. Fjeð lánar hann út til jarðabóta og til varanlegra húsabóta á bættum jörðum, til mismunandi langs tíma eftir tegund jarðabótarinnar, 5 til 20 ára. Venjulega eru lánin borguð út eftir á, þegar umbótin er fullgerð, en heimilað er, þegar ástæður eru fyrir hendi, að greiða lánin út jafnóðum og verkinu miðar áfram. Upphæð lánanna miðast við verðmæti umbótanna og má vera alt að ⅗ af verði jarðabótar og alt að ½ af verði húsabótar. Tryggingar mega vera fasteignarveð, afgjaldskvöð á opinberum eignum eða ábyrgð sveitarfjelags. Sjóðnum sje stjórnað af framkvæmdarstjóra með 4000 til 5000 kr. launum og tveim gæslustjórum, er fá 600 króna ársþóknun. Landsbankinn hafi fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins ákveður annað, afgreiðslustörf á hendi gegn umsaminni þóknun, búnaðarlánadeild hans falli niður, en ræktunarsjóður taki við lánum þeim, er úr henni hafa verið veitt, og greiði bankanum með vaxtabrjefum eftir nafnverði. Lán má veita út á jarðabætur, sem gerðar hafa verið 1924 eða síðar.

Þetta eru aðalákvæðin. Í ýmsum atriðum er breytt til frá uppkasti nefndarinnar, þar á meðal um stjórn sjóðsins, um samband hans við Landsbankann, og svo er umbætt það, sem ekki var nægilega skýrt orðað í nefndaruppkastinu, að upphæð lánanna skuli miða við verðmæti umbótarinnar, felt burtu ákvæði um að stofnanir skulu á sínum tíma renna inn í ríkisveðbankann o. fl. Þessar breytingar voru bornar undir þá tvo nefndarmenn, sem staddir voru í bænum, þegar stjórnarfrv. var samið, og eru samþyktar af þeim.

En í tveim talsvert mikilvægum atriðum eru tillögur nefndarinnar ekki að öllu teknar til greina. Hið fyrra er aukning ræktunarsjóðsins sjálfs, með h. u. b. 250 þús. kr. beinu framlagi úr ríkissjóði og með útflutningsgjaldi á afurðum og aðflutningsgjaldi á vörum í 3 ár, er væntanlega mundi gefa hátt upp í 1 milj. kr. Stjórnin hefir ekki getað sannfærst um, að þörf mundi vera á svo mikilli vaxtabrjefaútgáfu fyrstu árin, að þessi aukning sjóðsins sje nauðsynleg. Eins og sjóðurinn er nú má gefa út 5½ milj. kr. í vaxtabrjefum, svo ört sem þörfin krefur, hækkandi eftir því sem sjóðurinn vex upp í h. u. b. 9 milj. eftir 10 ár, og er trúlegt, að þetta nægi fyrstu árin, þegar athugað er, að allir veðdeildarflokkar Landsbankans til samans hafa aldrei haft mikið yfir 6 milj. kr. af vaxtabrjefum í umferð. Eftir þeirri tillögu stjórnarinnar að reyna að greiða að fullu lausaskuldir ríkissjóðs á næstu þrem árum, virðist óhjákvæmilegt að hlífa honum við stórum útgjöldum, sem eigi eru bráðnauðsynleg, þrjú árin. Ef það af einhverjum ástæðum, sem stjórnin hefir þó ekki komið auga á, þykir nauðsynlegt að auka sjóðinn á þessum þrem næstu árum, þá má gera það með tollhækkunum, svipuðum þeim og nefndin hefir stungið upp á. Er síður en svo, að nokkuð sje fjárhagslega óheilbrigt í því, að menn leggi á sig aukin gjöld til þess að safna í sjóð. Þó ætti einnig þetta að verða landsmönnum ljettbærara eftir að greiðslu lausaskulda ríkissjóðs er lokið.

Hitt atriðið, þar sem nokkru munar á tillögum nefndarinnar og þessu stjórnarfrv., er ákvæði þau, er miða að því að tryggja sölu vaxtabrjefanna. Þar fer stjórnarfrv. sumstaðar lengra en nefndin, og sumstaðar styttra. Fult samkomulag er um það meginatriði að setja vexti brjefanna svo háa, að þau seljist sem næst nafnverði, af því að afföll mundu verða lántakendum óhagstæð, þar sem ráðgert er, að lánin verði ekki til mjög langs tíma. Nefndin áleit, að eftir núverandi ástandi peningamarkaðsins þyrftu vextirnir að vera 6%, og tók beint ákvæði þar að lútandi í frv. sitt, sem og stjórnin tók upp. Efasamt er þó, að rjett sje að þetta standi beinlínis í lögunum; ástandið gæti breyst eitthvað til hausts. En áherslu verður að leggja á þá stefnu, að fullir vextir, þeir er peningamarkaðurinn heimtar, sjeu greiddir af lánsfjenu, en að styrkur sá, sem þörf þykir að veita til umbótanna, sje greiddur beint úr ríkissjóði. Ef reynt er að þrengja vöxtunum niður fyrir það, sem ástand peningamarkaðsins útheimtir, þá þverra peningalindirnar og kyrkingur kemur í allar framkvæmdir. Þyki vextir af háir, er betra að bæta það upp með hærri styrk, til þess að lánsupphæðin megi vera minni og árgjaldið ekki hærra en hóflegt þykir. Um samvinnu við sparisjóði og bankaútibú til fyrirgreiðslu á brjefasölu er líka fult samkomulag. Þá er í þessu stjórnarfrv. stungið upp á mjög mikilvægri ráðstöfun til að tryggja brjefasöluna, umfram það er nefndin fór fram á, sem sje að ríkissjóður taki fulla ábyrgð á greiðslu brjefanna. Með þessu eru brjefin gerð fullkomlega jafntrygg þeim best trygðu brjefum, sem til eru og til verða í landinu, m. a. gerð seljanleg og veðhæf í útlöndum.

Loks hefir nefndin stungið upp á beinum ákvæðum til að tryggja sölu á nokkurri brjefafúlgu til Landsbankans og til erlendra tryggingarfjelaga. Þessar tillögur eru ekki teknar upp í stjfrv., að nokkru af því, að efasamt þykir, að þær eigi heima í þessum lögum, þó menn vildu lögleiða þær, en aðallega þó af þeirri ástæðu, að stjórnin býst við að geta stungið upp á öðrum úrræðum til þess að tryggja talsvert meiri brjefasölu en nefndin fer fram á, fyrstu árin. En þau úrræði standa í nokkru sambandi við önnur mál, sem liggja fyrir þessu þingi, og þótti því rjettara að ræða þau fyrst við hlutaðeigandi nefndir, en ekki að taka þau upp í sjálft stjfrv. Þær ráðstafanir, sem jeg hefi í huga, mundu þrjú fyrstu árin tryggja sjóðnum eins mikið fjármagn með vaxtabrjefasölu, ef hann þarf á því að halda til útlána, eins og tillögur nefndarinnar fara fram á að honum sje útvegað með framlagi úr ríkissjóði og með tollhækkunum. Yfir höfuð tel jeg alveg sjálfsagt, að sjeð verði fyrir því, að sjóðurinn hafi nægilegt fje úr að spila, svo að jarðræktarmenn geti jafnan átt það víst, að þeir geti fengið lán út á hverja fullgerða jarðabót, ef lögmæltar tryggingar eru fyrir hendi. —

Jeg hefi orðið þess áskynja úr ýmsum áttum, að til eru bændur, og þeir ekki allfáir, sem hafa ótrú á því. að hægt sje að hjálpa landbúnaðinum með lánveitingum. Sú ótrú mun byggjast á því, að þessir menn sjá ekki, að lán þau, sem hingað til hafa verið veitt til landbúnaðar, hafi verið allskostar rjettilega notuð, eins og jeg drap á fyr í ræðu minni. En jeg verð að halda því fram, að eins og málum er nú komið, þá eru nú nokkur ný og betri skilyrði fyrir hendi til þess að lánveit-

ingar til landbúnaðar megi koma að rjettari notum en áður. Hefi jeg einkum í huga tvenskonar verklegar framfarir, sem mönnum hefir lærst að færa sjer í nyt á síðustu árum. Annarsvegar hefir, fyrir forgöngu ýmissa góðra manna, sem sumir hafa verið og sumir eru enn í þjónustu Búnaðarfjelags Íslands, tekist að fá nokkra reynslu fyrir því, að hjer á landi má með góðum árangri nota tilbúinn áburð, hvort sem menn vilja heldur rækta nýtt land eða halda við áður ræktuðu. Tilbúinn áburður hefir nú verið notaður þannig á nokkrum bændabýlum, og hefir fengist nægileg staðfesting á þessari reynslu. En við þetta hverfur, að því er mjer virðist, einn aðalhemillinn, sem alt fram til þessa hefir verið á jarðrækt hjer á landi. Það er áburðarmagnið, sem hingað til hefir einkum sett aukinni ræktun landsins takmörk. Ef nú efnalegar kringumstæður bænda leyfa þeim að færa sjer þessa nýju þekkingu í nyt, þá er þess að vænta, að einn aðalþröskuldurinn á vegi nýræktar hjer á landi hverfi úr sögunni.

Hitt, sem telja má til mikilsverðra framfara, er það, að á allra síðustu árum hafa menn lært, hvernig byggja megi góð og hlý og þó varanleg hús í sveitum hjer á landi. Hús, sem hæfa vel hinu ómilda loftslagi, sem við eigum við að búa.

Þessar tvenskonar verklegu framfarir, sem fyrst hefir fengist ábyggileg reynsla fyrir nú á allra síðustu árum, gera það aðgengilegra en áður var að nota lánsfje til umbóta á býlum landsins, jafnframt því sem þær veita meiri tryggingu fyrir því, að slík lán beri tilætlaðan árangur.

Hvort sem það tekst að hleypa nýju fjöri í landbúnað hjer á landi með þessum lánveitingum, eða ekki, þá hefi jeg ekki komið auga á önnur úrræði, sem mjer þykja líklegri til eflingar þessa annars aðalatvinnuvegs landsmanna.

En vald okkar, sem lögin setjum, er lítið í þessum efnum.

Það er ekki lagt okkur á vald, hvernig tekst að ná tilgangi þessara laga. Aðalverkið hlýtur að bíða bændanna sjálfra. Ef þeir hafa ekki þá trú eða þrek, sem þarf til þess að færa sjer í nyt þá möguleika, sem slík löggjöf býður þeim, þá er unnið fyrir gýg. En jeg fyrir mitt leyti þykist vera þess fullviss, að þótt framkvæmdin samkv. frv. þessu kunni að verða hægfara til að byrja með, þá muni þeim smáfjölga, sem nota sjer slíka löggjöf til umbóta á býlum sínum, og að þessi lagasetning geti því með tímanum orðið mikilvægur þáttur í þeirri viðreisn landbúnaðar vors, sem allir eru sammála um, að sje nauðsynleg.

Mjer er mál þetta svo mikið áhugamál, að jeg hefi talið sjálfsagt, að því væri haldið utan við allar flokkadeilur, og þykist jeg hafa gert mitt til þess, að svo mætti verða. Mjer kemur því ekki til hugar að eigna mínum flokki sjerstakan heiður af málinu, og veit að því er fyrir bestu, að framvegis verði unnið að því í góðu samkomulagi milli allra flokka. Þó get jeg ekki stilt mig um að taka það fram, að málefni þetta fellur alveg sjerstaklega vel inn í hugsjónir yngsta stjórnmálaflokksins í landinu, Íhaldsflokksins, um skipulag þjóðfjelagsins.

Hugsjón flokksins er sú, að þá sje skipulag þjóðfjelagsins best, þegar það er samsafn sem flestra efnalega sjálfstæðra, og sem frjálsastra eininga, fyrst og fremst heimila, þar sem hver fær að neyta krafta sinna sem mest eftir sínum eigin vilja, innan þeirra vjebanda, er landslög setja. Með þessu móti verði drýgstur sá skerf-

ur, er hver einstaklingur fær lagt til sameiginlegrar velgengni. Efni þessa frv. beinist beinlínis að umbótum á sjálfum heimilunum í sveitunum, bændabýlunum, og er þess vegna í svo nákvæmu samræmi við aðalhugsjón Íhaldsflokksins, að betur gæti ekki verið, þótt það væri sjermál þess flokks, sem það ekki er og ekki á að vera.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þykist vita, að sumir hv. þm. hafi jafnvel búist við því, að þetta tækifæri yrði notað til þess að gera upp reikningana út af deilu þeirri, sem risið hefir í sambandi við stofnun búnaðarlánadeildarinnar. En af minni hálfu verður það ekki gert að svo stöddu, og er ástæðan einkum sú, að jeg hefi borið fram annað frv. í máli þessu. Vil jeg geyma mjer að „gera upp" reikningana þangað til það frv. kemur til umr., eða þá síðar. Þó vil jeg strax geta þess, að frv. mitt er óbreytt eins og nefndin, sem Búnaðarfjelag Íslands skipaði til þess að gera till. um lánskjör landbúnaðarins, gekk frá því. En frv. það, sem nú er til umr., er eins og hæstv. stjórn hefir leyft sjer að *breyta* frv. nefndar þessarar. Má sjá það glögglega á greinargerð frv. míns, að fulltrúar landbúnaðarins, þeir, sem nú sitja á búnaðarþingi, hafa einróma lýst yfir því, að þeir leggi alveg sjerstaka áherslu á einmitt þau atriði frv. nefndarinnar, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir þó þóknast að sleppa í frv. sínu. Jeg vil því leyfa mjer að minna háttv. landbn. á að taka frv. þetta ekki til alvarlegrar meðferðar fyr en frv. mínu hefir einnig verið vísað til hennar.

Jakob Möller: Það er óneitanlega dálítið einkennileg meðferð, sem mál þetta hefir fengið síðan lögin um ríkisveðbankann voru sett árið 1921. Eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, hafði þá verið fenginn maður til þess að rannsaka, með hverjum hætti mætti best koma fyrir lánum gegn fasteignaveði hjer á landi. Maður þessi, Böðvar Bjarkan lögfræðingur, fór síðan utan og ferðaðist víða til þess að leita álits sjerfræðinga um þessi efni. Eftir að hafa íhugað þessi mál, þ. á. m. álit fjölmargra sjerfræðinga, gerði Bjarkan svo till. sínar til stjórnarinnar, og á þeim voru lögin um ríkisveðbankann bygð. Og hann lagði aðaláherslu á það, að fasteignalánastofnun yrði ein fyrir alla. En á móti þeirri tillögu er gengið í þessu frv. Mönnum mun enn í fersku minni, að ríkisveðbankafrv. mætti allhvassri mótspyrnu hjer í þinginu. Mótspyrnu, sem var þannig vaxin, að mönnum hlaut að hnykkja við, þegar þeir heyrðu ósk hæstv. fjrh. (JÞ) um, að mál þetta yrði ekki gert að flokksmáli nú. Þá var málið sannarlega gert að flokksmáli og róið að því öllum árum af hendi ýmsra þeirra manna, sem nú fylla flokk stjórnarinnar, að koma ríkisveðbankanum fyrir kattarnef.

Jeg skal ekki efa, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi tekið fegins hendi þeim till. fulltrúa landbúnaðarins, að byggja veðlánsstofnun fyrir landbúnaðinn á grundvelli ræktunarsjóðsins. En jeg vil minna hann á það, að ein höfuðröksemd hans og þeirra, sem honum fylgdu á þinginu 1921, gegn ríkisveðbankanum, var þá sú, að taka átti ræktunarsjóðinn og leggja hann til bankans og hækka vexti af fje hans að mun. Nú virðist þetta gleymt, því að samkv. frv. þessu á einmitt að taka ræktunarsjóðinn og ákveða vextina 6½% þegar í upphafi. Þá var spurt, hvar ætti að fá fje til útlánanna. Sú spurning er engu síður vakandi nú. Og landbúnaðinum hentar

ekki, frekar nú en þá, fje, sem fæst við sölu brjefa, sem bera svo háa vexti.

Það er yfir höfuð einkennilegt, að eftir að valinn hefir verið maður til þess að kynna sjer mál þessi til hlítar, og hann hefir sýnt með skýrslum sínum, að hann hefir aflað sjer víðtækrar þekkingar á þessu sviði, þá skuli svo að segja athugunarlaust vera gengið þvert á móti till. hans. Því það má kalla lítilsverða athugun, þó að skipuð sje nefnd manna, sem eiga tal saman hjer í Reykjavík, en leita ekki álits neinna sjerfræðinga annara landa.

Jeg hefi athugað frv. þetta lítilsháttar og fæ ekki sjeð, að í því felist nokkuð það, sem ekki megi koma eins vel fyrir með því að láta ríkisveðbankann taka til starfa. Tilgangur þess getur því varla verið annar en sá, að útiloka kaupstaðabúa frá fasteignaveðlánum. *(Fjrh. JÞ:* Útiloka þá frá lánum úr ræktunarsjóði). Ríkisveðbankanum var ætlað meira fje en ræktunarsjóður einn, en auk þess er í ríkisveðbankalögunum sannarlega sjeð fyrir því, að landbúnaðurinn verði ekki útundan. Og hver verður svo afleiðingin, ef kaupstaðirnir hafa í engin hús að venda til þess að fá lán gegn veði í fasteignum? Óumflýjanlega sú, að þeir verða að koma sjer upp eigin lánsstofnun, sem þá kæmi til að keppa við lánsstofnun landbúnaðarins. Og sú samkepni færi eftir því, hvor lánsstofnunin gæti greitt hærri vexti af brjefum sínum. Á þessa hættu benti Böðvar Bjarkan, og till. hans voru m. a. bygðar á því að reyna að koma í veg fyrir, að tvær slíkar lánsstofnanir risu upp hvor gegn annari.

En hvort mundi það nú verða sú stofnun, sem veitir kaupstöðunum, sem aðallega byggjast á sjávarútvegi, eða hin stofnunin, sem veitir lán til landbúnaðar, sem ber sigur úr býtum í samkepninni?

Menn verða að athuga, þegar þeir vilja hlúa að hag sínum, að þeir geri ekki sjálfum sjer ógagn, að hugsa ekki svo einhliða um að skara eld að sinni köku, að þeir brenni hana fyrir sjer.

Jeg sje ekki ástæðu til að halda langa ræðu að sinni; aðeins vil jeg benda nefndinni, sem fjallar um málið, — hver sem hún verður — á það að athuga gaumgæfilega það atriði málsins, að afleiðingin af þessari stofnun hlýtur að verða sú, að önnur stofnun rís upp og keppir við hana. Og vinningurinn verður í sjálfu sjer alls enginn fyrir landbúnaðinn að fá þessa stofnun, í samanburði við aðgang að ríkisveðbanka.

Það var sagt, að ríkisveðbankinn hefði ekki peninga. Jeg held, að sú ástæða gildi svipað um þessa stofnun. Hún á aðallega að vinna með sölu vaxtabrjefa, og ríkisveðbankinn hefir ekkert lakari aðstöðu í því efni en þessi fyrirhugaða stofnun.

Viðvíkjandi því, að talið hefir verið sjálfsagt, að frv. yrði vísað til landbn., tek jeg það fram, að jeg tel málið eiga mikið erindi til fjhn. líka; þykir mjer sennilegt, að þótt málinu verði formlega vísað til annarar nefndarinnar, muni þær báðar geta athugað það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla ekki að fara að endurtaka umr. frá 1921 um ríkisveðbankann milli mín og hv. samþm. míns (JakM). En hann hjelt því fram, að það að taka ræktunarsjóðinn og gera úr honum þessa lánsstofnun væri gert í athugaleysi, og að ekki hefði verið leitað álits sjerfræðinga í öðrum löndum um málið. En þetta var gert áður en ákveðið var að

setja á stofn ríkisveðbanka. Held jeg, að þessar aðfinslur hv. þm. (JakM) sjeu á engum rökum bygðar. Fyrst er að taka það fram, að þessi meðferð ræktunarsjóðsins þarf alls ekki að spilla fyrir ríkisveðbankalögunum. Þau geta komið til framkvæmda, ef menn vilja að svo verði og ástæður eru fyrir hendi til að gera það. Eins og menn máske muna, er ríkisveðbankinn þannig í hugmyndinni, að það á að leggja fram 3 milj. kr. af sjóðum, sem eru eign ríkisins, þar á meðal 1 milj. kr. úr ræktunarsjóði, — hann er minni nú. — Með þessum 3 milj. kr. átti að stofna ríkisveðbankann, og út á þær mátti hann selja vaxtabrjef, sem náðu áttfaldri upphæð, alls 24 milj. kr. Þegar ræktunarsjóðurinn er tekinn út úr og honum fengið nokkuð af því verkefni, sem ríkisveðbankinn hefði átt að sinna annars, þá er við það ekkert að athuga, ef stærð verkefnisins, þ. e. upphæðin til býlabóta, samsvarar þeim hluta stofnfjárins, sem tekinn er. Nægja þá 16 milj. kr. til þess, sem ríkisveðbankinn hefir eftir að sinna. Jafnvel þó menn búist ekki við, að 8 milj. kr. gengju til býlabóta, þá er innan handar að bæta ríkisveðbankanum upp missi ræktunarsjóðs; það eru engir erfiðleikar á að leggja honum til 3 milj. kr. tryggingarfje, ef menn vilja, án þess að gripið sje til ræktunarsjóðsins. Á þetta var bent 1921.

Jeg get upplýst hv. þm. um það, — þó jeg hafi ekki flíkað því —, að leitað hefir verið álits sjerfræðings þess, sem einna mest var á bygt, um það, að hafa veðlánastofnunina einungis eina; og fjelst hann fyrir sitt leyti algerlega á það, að þegar þetta sjerstaka verkefni væri tekið frá — að lána fje til umbóta beinlínis á býlum landsins —, myndi rjettast, eftir okkar kringumstæðum, að gera það, og veita síðan af hálfu hins opinbera stuðning nokkurn, sem vægi móti samkepni sjávarútvegsins, til þeirra umbóta, sem álitnar eru landinu nauðsynlegastar. Þetta álit mun jeg afhenda nefndinni, sem með málið fer, — og er þetta alveg laukrjett. Hitt er misskilningur, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að af 2 veðlánastofnunum muni leiða, að vextir brjefanna hækki. Þetta er misskilningur af því, að það er engin samkepni milli brjefakaupendanna innbyrðis, sem skapar vextina á vaxtabrjefum í landinu, heldur samkepni frá sterkum atvinnuvegi, sem heimtar lánsfje með öðru móti, víxillán, hlaupareikningslán, og borgar hærri vexti en hæfilegt er að setja á vaxtabrjef yfir höfuð. Það er samkepni frá sjávarútvegi og verslun um að fá lánsfje fyrir alt að 9%. Sú samkepni hleypir vöxtunum upp að svo miklu leyti sem um er að gera innanlands. En samkepnin í þessu efni skapast fyrst og fremst af vaxtakjörum í nágrannalöndunum, sem við skiftum mest við. Menn geta alveg rólegir tekið þessa lánsstofnun út úr þess vegna, að hún verður ekki til þess að hækka vexti á þeim lánum, sem landbúnaðurinn annars getur fengið, en verður einungis til að tryggja honum lánsfje, sem hann annars nær ekki í, til þessara umbóta.

Hv. þm. sagði, að vinningurinn væri alls enginn hjá því sem að taka ríkisveðbankalögin til framkvæmda. Stofnun, sem hefir um það að velja, hvort hún vill veita 10 jarðabótalán í fjarlæga landshluta, hvert að upphæð máske 300 kr., eða lán upp á 3000 kr. til einhvers í kaupstað, hefir freistingu til að sinna beiðninni um síðarnefnda lánið, en láta hitt eiga sig. Öll reynsla í þessum efnum hefir sýnt, og er það eðlilegt, að þetta kemur til greina, ef menn ætla sjer að

láta ríkisveðbankann hafa í framtíðinni það verkefni að veita jarðabótalán. Jeg er því samþykkur, að ekki sje rjett að gera eina almenna veðlánastofnun sjerstaklega fyrir sveitirnar og aðra almenna veðlánastofnun sjerstaklega fyrir bæina; en veðlán, sem eru ekki sjerstaklega ætluð til jarðabóta, eigi heima í lánsstofnun kaupstaðanna. Á þessu er engin höggun gerð með þeirri till., sem hjer er fram komin.

Tryggvi Þórhallsson: Það er örstutt athugasemd. Jeg vil benda á það, að frv. eins og jeg ber það fram af hálfu nefndarinnar, sem fjallaði um málið af hálfu Búnaðarfjelags Íslands, gerir ráð fyrir, að ræktunarsjóðurinn megi á sínum tíma sameinast ríkisveðbankanum.

Jakob Möller: Þetta er að nokkru leyti svar til hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem hann sagði, að það væri nokkuð eindregin skoðun formælenda landbúnaðarins, að ræktunarsjóðurinn ætti að vera aðskilinn ríkisveðbankanum. Einmitt tillögur þeirra manna, sem frv. er bygt á, sýna, að það er beinlínis ætlast til, að þessar stofnanir renni í eitt, þegar ríkisveðbankinn kemst á fót. Hæstv. fjrh. getur því ekki stutt ummæli sín við þeirra tillögur.

Þá sagði hæstv. fjrh., að þetta mál hefði verið lagt fyrir sjerfræðing þann, sem mest var bygt á í till. til þingsins 1921. Það var lagt fyrir marga sjerfræðinga víðsvegar um lönd; hverrar þjóðar þessi maður er eða hversu ábyggilegur. skal jeg ekkert um segja, meðan jeg ekki veit, hver hann er. Þó hann hafi ruglast frá sínum till. 1921, get jeg ekki sagt, að það styrki mitt traust á honum, þó það styrki traust hæstv. fjrh.

Það skiftir líka máli, hvernig þetta mál hefir verið borið upp fyrir sjerfræðingnum. Hafi það verið borið þannig upp, að ekki væri um annað að ræða en að koma upp smástofnun, og spurt, hvort slíkt væri ófært eða ekki, er nokkurn veginn gefið, hvernig svarið verður. Öðru máli er að gegna, ef spurt var um, hvort ráðlegt væri að hafa eina stofnun eða tvær, og gengið út frá, að hægt væri að gera hvort sem vera skyldi. Geri jeg ekki ráð fyrir, að það hafi verið þannig lagt fyrir sjerfræðinginn.

Hæstv. fjrh. sagði, að ekkert væri til fyrirstöðu, að ríkisveðbankinn gæti tekið til starfa. Hvers vegna er hann þá ekki látinn taka til starfa? Því mun verða svarað sem áður, að engir sjeu peningar; en það getur átt eins við um þessa stofnun.

Þá neitaði hæstv. fjrh. því, að samkepni myndi leiða af tveim stofnunum. Um það þýðir ekkert að deila, að þar sem kostur er á vaxtabrjefum, sem gefa hærri vexti en önnur, kaupa menn þau frekar, og sú stofnun hlýtur því að verða ofan á. Þegar brjef eru gefin út til að afla peninga til arðvænlegri fyrirtækja en önnur, þola þau hærri vexti.

Hæstv. fjrh. vildi draga í efa, að landbúnaðurinn fengi að njóta síns rjettar fyllilega móti öðrum atvinnuvegum, ef stofnunin væri ein, og tók um það dæmi um 300 kr. og 3000 kr. lán. Jeg vil leyfa mjer að vitna til reynslunnar í því efni; veit jeg, að hjer á þingi eru menn, sem geta borið um það, að hann hefir notið fullkomins jafnrjettis hjá veðdeild Landsbankans. Og þegar um var að ræða lánbeiðnir út á húsaveð og jarðarveð, er óhætt að segja, að jarðarveðin hafi gengið fyrir. Að 300 kr. láninu mundi síður sint, er helber fjarstæða. Þar að auki má hafa eftirlit með þessari stofnun, svo að landbúnaðurinn verði ekki látinn sitja á hakanum. Hann getur haft sína fulltrúa

til að gæta þess. Man jeg ekki betur en að tryggingarákvæði sjeu í ríkisveðbankalögunum um það, að landbúnaðurinn gangi fyrir um lánveitingar.

Jeg get þakkað háttv. þm. Str. (TrÞ) fyrir orð hans um það, að hann vildi ekki koma ríkisveðbankanum fyrir kattarnef, en mjög er hætt við, að til þess leiði með frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer kom ekki á óvart yfirlýsing hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að hann væri málinu yfir höfuð andvígur. Og hv. þm. Str. (TrÞ) verður að gera það upp við sjálfan sig, hvað langt hann gengur að efna gefin loforð um fylgi við háttv. 3. þm. Reykv. í þessu máli. Annars stóð jeg upp til að leiðrjetta það, að jeg hafi sagt, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að ríkisveðbankinn tæki til starfa. Hafi jeg sagt þetta, þá er það mismæli; mín meining var sú, að ekkert í þessu frv. væri því til fyrirstöðu, að ríkisveðbankinn tæki til starfa seinna, ef kringumstæður leyfa. Þó skal jeg játa það, að vegna lagasetningar, sem gerð var á síðasta þingi, munu vandkvæði á því, að hann taki til starfa án þess að lögum hans sje lítillega breytt. Sú breyting mun ekki geta valdið ágreiningi.

Þá voru bornar brigður á það, að það væri meining þeirra fulltrúa landbúnaðarins, sem málið var falið, að þetta yrði sjálfstæð stofnun, af því að í uppkasti nefndarinnar *(TrÞ:* Það var ekki uppkast) stóð grein þess efnis, að þessi stofnun rynni á sínum tíma saman við ríkisveðbankann, eftir nánari lagasetningu. Jeg stend við það, sem jeg sagði, vegna þess, að jeg spurði tvo menn í búnaðarfjelagsnefndinni, þegar stjfrv. var samið, hvort þeir í raun og veru óskuðu þess, að stofnunin á sínum tíma gengi inn í ríkisveðbankann. Kváðust þeir báðir helst vilja vera lausir við það, en að þeir hafi álitið rjett vegna ríkisveðbankalaganna að taka þetta upp í frv. sitt. En jeg sá ekki ástæðu til að taka þetta upp í stjfrv. þeirra vegna. Jeg álít þó málinu sæmilega borgið, þótt sjóðurinn verði látinn starfa sem sjálfstæð deild innan annarar stofnunar, t. d. ríkisveðbankans, en jeg vona þó, að þessi stofnun reynist svo vel, að menn vilji halda henni alveg sjálfstæðri. Auðvitað er ávalt hægt að sameina forstjórn þessarar stofnunar og ríkisveðbankans, hvort sem nokkur ákvæði um það standa í þessum lögum eða ekki.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh (JÞ) fór að tala um vináttusamband í sambandi við þetta mál. Jeg vil því skýrt láta það í ljós, að jeg hygg ekki á neitt vináttusamband við hæstv. fjrh. um þetta mál. Í fyrra barðist hann á móti búnaðarlánadeildarfrv. með hnúum og hnefum. Og þegar átti að stofna búnaðarlánadeildina samkv. ákvæðum þingsins, ljet hæstv. fjrh. *ekki* stofna hana. Og nú, þegar nefnd skipuð af Búnaðarfjelagi Íslands semur frv. um þessi mál, sker hæstv. fjrh. þau atriði úr, sem samkunda fulltrúa bændanna leggur megináherslu á í einu hljóði. Jeg verð að segja, að á þessum grundvelli hygg jeg ekki á vináttusamband við hæstv. fjrh. Hinsvegar er mjer ljúft að minna á það, að á síðasta þingi studdi hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mjög drengilega frv. um búnaðarlánadeildina. Að fulltrúar bænda hafi staðið bak við það atriði, að þessi sjóður mætti sameinast ríkisveðbankanum, það er hægt að sýna hæstv. fjrh. svart á hvítu. Í einu hljóði hafa fulltrúar bænda á búnaðarþinginu samþykt frv. eins og nefnd Búnaðarfjelagsins gekk frá því, og í því frv. er þetta

ákvæði. Jeg efast ekki um, að hæstv. fjrh. segir rjett frá, að hann hafi talað við tvo menn úr nefndinni, — en svona var stefnan eindregin í búnaðarþinginu, og það er skjallega sannanlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 229, 275, 291).

Frsm. (Árni Jónsson): Það vill svo einkennilega til, að jeg stóð á þessum stað sem framsögumaður í máli, sem borið var fram í sama tilgangi og það frv., sem hjer liggur fyrir, fyrir nákvæmlega ári síðan. Það var þá hjer til 2. umr., og þótt það væri með nokkuð öðrum hætti en það frv., sem nú liggur hjer fyrir, má þó segja, að það hafi verið undanfari þessa mikla frv., er hjer liggur fyrir, um framtíðarskipulag á nauðsynlegum lánveitingum til landbúnaðarins. Út af þeim umræðum, sem um málið spunnust hjer á síðasta þingi, mun flestum hafa orðið ljóst, að landbúnaðurinn hafði brýna þörf á og fylstu rjettlætiskröfu til, að bætt væri úr því megna misrjetti, sem hann hefir átt við að búa í samanburði við hinn aðalatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn. Og mönnum mun hafa skilist það, að það er svo mikill eðlismunur á starfstilhögun þessara atvinnuvega, að úr því yrði ekki bætt á fullnægjandi hátt nema með því móti, að landbúnaðurinn fengi sína sjerstöku lánsstofnun.

Skilningur minn á þessu máli er algerlega óbreyttur frá því, sem var fyrir ári síðan. En jeg skal játa það, að jeg fylgi þessu frv. með enn meiri áhuga en hinu, af því að það er víðtækara og fremur til frambúðar en frv. um búnaðarlánadeild. Það er, meira að segja, svo víðtækt, að ef landbúnaðurinn gæti annað því að nota svo sem best má alla möguleika sjóðsins á næsta áratugi eða svo, mundi það valda meiri breytingum á högum og háttum sveitamanna en nokkur maður gerir sjer í hugarlund nú sem stendur. Því að í rauninni er landbúnaðurinn á hraðri ferð aftur á bak, þegar miðað er við hinar stórfeldu og hraðfara umbætur, sem sjávarútvegurinn hefir átt að fagna á seinni árum.

Stundum áður hafa heyrst háværar raddir um það, að styrkja bæri landbúnaðinn með sjerstökum lánsstofnunum. Má þar fyrst geta ræktunarsjóðsins, sem stofnaður var árið 1900. Hann fer í rjetta átt, það sem hann nær, en nær alt of skamt til að geta komið að verulegum notum. Lán úr ræktunarsjóði ná eingöngu til jarðræktar. Auðvitað er þetta út af fyrir sig bæði rjett og virðingarvert í alla staði. En þó er ekki hægt að taka ræktunina sjálfa út úr sem aðalskilyrði fyrir bættum lífskjörum og atvinnu þeirra, er búa í sveitum landsins. Húsabæturnar verða að fylgja þar með, því að þær eru víða engu síður skilyrði til þess að geta lifað sómasamlegu og heilbrigðu lífi í sveitunum heldur en sjálf ræktunin. Og það eru ekki eingöngu íbúðarhúsin, sem byggja þarf víða um sveitir landsins, heldur og útihúsin. Og ræktunin er ekki eingöngu bundin við túnræktina heldur. Bæði garðrækt og þó einkum engjarækt eru engu síður mikilsverð og nauðsynleg. Þetta hvorttveggja, húsabætur og allskonar ræktun, verður að fylgjast að. Jeg veit sannast að segja ekki, hvort efnilegra er, að

hafast við í húsakynnum, myrkum og fúlum, sem leka, er fyrsti dropi kemur úr lofti, þótt ræktun landsins sje í góðu horfi, eða hitt, að hafast við í þolanlegum húsakynnum á kotum, þar sem ræktunin er skamt á veg komin og elta verður heyskapinn upp um holt og heiðar. Hvorugt er viðunandi, og hvorugt getur leitt til annars en að landbúnaðurinn hljóti að bregðast hlutverki sínu — að ala um stofn hraustra manna á sál og líkama.

Á síðustu áratugum hafa orðið stórfeldari breytingar í þjóðlífi okkar heldur en nokkurn tíma áður í sögu landsins. Flestar af þessum breytingum hafa verið þannig, að þær hljóta að gleðja hvern góðan Íslending. Við hljótum að gleðjast yfir þeim breytingum, sem orðið hafa í bættum samgöngum á sjó og landi, yfir vegabótum, brúargerðum, húsabyggingum og sjúkrahúsum, skólum o. s. frv., sem við höfum fengið á þessum tíma, símasambandinu við útlönd og símakerfinu innanlands. Og ekki síst það, að við höfum fengið fullkomna viðurkenningu á sjálfstæði okkar.

Það er ekki til neins að neita því, að þetta hefðum við ekki getað fengið, nema með stórkostlegum umbótum á atvinnurekstrinum. En eins og drepið var á, hafa þessar umbætur nær einungis orðið á sviði sjávarútvegsins. Nú er hann rekinn með þeim fullkomnustu tækjum, sem völ er á nú á dögum. Hjer „ganga gufuljón grenjandi með landsins ströndum,“ og sú björg, sem dregin er í búið af þessum aflaklóm, er ekkert smáræði. Sjávarafurðir nema nú um $^5/_6$ af öllum útflutningi landsins. Engan hefði dreymt fyrir því fyrir 20 árum, að breytingin yrði svona stórfeld.

Eins og nærri má geta, hafa þessar mikilvægu umbætur ekki orðið án fyrirhafnar. En hver er kominn til að segja, að landbúnaðurinn gæti ekki verið kominn á sama stig eins og sjávarútvegurinn að sínu leyti, ef jafnósleitilega hefði verið unnið að viðreisn hans? Peningastofnanir okkar hafa verið með því marki brendar, að þær hafa haft miklu meiri tilhneigingu til að styrkja sjávarútveginn. Fljóttekni gróðinn og framtakssömu útgerðarmennirnir hafa kastað meiri ljóma í augu þeirra, er með fjármálin hafa farið, heldur en bóndinn, sem hefir orðið að játa, að hann hefði litla von um að geta borgað skuld sína, nema á alllöngum tíma.

Og hver er svo afleiðingin? Bóndinn hefir ekki fengið fjármagn til þess að gera hinar nauðsynlegustu umbætur til að koma framleiðslu sinni í það horf, sem hæfir kröfum tímans. Hann gat ekki haldið í verkafólk, þegar það fjekk miklu hærra kaup í kaupstöðunum. Hann gat ekki bætt húsin og ekki jarðirnar. Og eftir því sem erfiðleikarnir uxu, minkaði trú hans á framtíðarmöguleika landbúnaðarins.

En hver efast um, að landbúnaðurinn eigi sjer glæsilega framtíð fyrir höndum, ef honum er komið í rjett horf? Jeg held að það sje engin tilviljun, að einmitt sá maðurinn, sem mestan þáttinn hefir átt í viðreisn sjávarútvegsins, er einnig manna áhugasamastur um það að koma landbúnaðinum á fastan fót. Hann átti sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv. Hann veit, að Ísland er annað og meira en sjórinn kringum það og fjaran, sem fiskinum er fleygt upp í, eins og sumir virðast halda. Hann trúir því, að landbúnaðurinn verði ekki síður heilladrjúgur en sjávarútvegurinn, ef honum

er komið í það horf, sem hæfir kröfum tímans.

Sjávarútvegurinn er talinn stopulli atvinnuvegur en landbúnaðurinn. En nú er svo komið, að eftir því sem sjávarútvegurinn samsvarar kröfum tímans betur, minkar áhættan stórkostlega. En af því, að búnaðurinn er á eftir tímanum, verða þeir, sem á honum hjara, að gefa sífeldan afslátt á kröfunum til lífsins á öllum sviðum. Það er hið sorglega í þessu efni. Alt er í því fólgið, að komast af með minna, minna. Þótt sparsemi sje dygð, af því að hún er nauðsynleg, þá getur hún þó gengið svo langt, að hún fari niður fyrir það lágmark, sem menningin setur. Þá er hætta á ferðum. Þá er hætt við, að þessi nauðsynlega sparsemi leiði til menningarlegs niðurdreps þeirrar stjettar, sem við slíkt á að búa. Þá er eymd og skrælingjaháttur fyrir dyrum. Til þess að afstýra slíku, verður þjóðfjelagið að taka í taumana, úr því að einstaklingarnir hafa ekki vit eða getu til þess.

Öllum mönnum hlýtur að vera áhyggjuefni fólksstraumurinn úr sveitunum. Öllum kemur saman um það, að sveitirnar eigi að fóstra kjarnmesta og hraustasta fólkið, eins og í öðrum löndum. Þess vegna mega sveitirnar ekki níðast niður. Við verðum að hlúa að þeim eftir því sem skilningur okkar og geta leyfa, því með því erum við að hlúa að farsælli framtíð hins íslenska kynstofns. og mundi það ekki einmitt vera aðalhlutverk okkar hjer?

Jeg skal nú ekki hafa þessi inngangsorð fleiri, en snúa mjer að störfum nefndarinnar og þeim brtt., er hún hefir gert. Tel jeg mjer fyrst skylt að geta þess, að samvinna í nefndinni hefir verið hin besta. Við höfum allir verið á einu máli um það, að lánsstofnun þessi ætti að kómast á, og það sem fyrst. Við höfum reynt að vinna úr þeim tillögum, sem fram hafa komið, eins og okkur virtist heppilegast. Rjett er að geta þess, að við höfum haft nokkra samvinnu við búnaðarmálastjóra, og auk þess Thor Jensen framkvæmdarstjóra, en þeir hafa báðir unnið að undirbúningi þessa máls. Höfum við í flestum atriðum látið till. þeirra haldast, þótt á stöku stað sje út af því brugðið. — Búnaðarfjelagsnefndina skipuðu, auk tveggja hinna fyr töldu, Halldór Vilhjálmsson skólastjóri, og getur víst flestum komið saman um það, að tæplega verði sameinað jafnvel þekking og áhugi á íslenskum landbúnaði eins og hjá þessum þremur mönnum.

Eins og menn geta lesið í nál. á þskj. 229, þá hefir nefndin haft til meðferðar tvö frv. Hið fyrra stjfrv. um ræktunarsjóð Íslands, og hið síðara um ræktunarsjóð hinn nýja, sem hv. þm. Str. hefir borið fram að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands. Frv. stjórnarinnar er fyr fram komið og öllu betur úr garði gert, þó það tæki ekki með ýms mjög mikilsverð atriði, sem standa í frv. Búnaðarfjelagsins og við höfum tekið upp, en stjfrv. höfum við lagt til grundvallar. Jeg játa það, að stjfrv. fór talsvert skemra í því að auka sjóðinn í bili, en þar með er ekki sagt, að stjórnin sje andvíg till. þeim, sem við höfum upp tekið; það mun sýna sig síðar við þessa umr.

Við höfum ekki gengið inn á þá braut að hafa neinskonar hugsjónauppboð til handa landbúnaðinum. Það mega aðrir gera í okkar stað. Við höfum reynt að halda okkur við skynsamlegan grundvöll í þessu máli. Við höfum viljað taka upp haganlegar umbótatillögur, sem miðuðu að því að efla sjóðinn, svo hann gæti þegar frá upphafi fullnægt hlutverki sínu.

Af ásettu ráði ætla jeg ekki að fara að gera neinn samanburð á frv. nje einstökum greinum þeirra, því bæði er það, að þetta frv. hefir verið rætt meira og hugsað meira meðal hv. þm. heldur en flest, ef ekki öll, frv. önnur, sem komið hafa fyrir þetta þing, og svo er hitt, að mismunur sá, sem nokkru máli skiftir, hlýtur að upplýsast í þeim umr., sem hjer munu nú fram fara.

Að svo mæltu skal jeg snúa mjer að einstökum till. nefndarinnar. Að nokkru leyti nægir mjer að vísa til nál. á þskj. 229, en þó skal jeg leyfa mjer að fara um þær nokkru fleiri orðum.

Fyrsta brtt. er orðabreyting við 1. gr. frv. stjórnarinnar, þar sem tekinn er fram sá tilgangur ræktunarsjóðsins að efla ræktun landsins, og bætt við: „og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum.“ Með þessu er beint tekið fram, að þetta þurfi að haldast í hendur. En sjálft frv. gerir ráð fyrir þessu, því gert er ráð fyrir lánum til húsabóta í frv., sem líka er sjálfsagt. En þá er rjett, að það komi líka fram þar, sem rætt er um tilgang laganna. Húsabætur eru hið mesta þjóðþrifamál, enda er svo víða, að bætt húsakynni eru beinlínis undirstaða undir aukinni ræktun. Því þar sem ljeleg eru hús í sveitum, fer mikið af þeim tíma, sem annars er best fallinn til jarðræktarstarfa, til þess að viðhalda húsunum. Vil jeg minna á það, sem háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði í sambandi við annað mál fyrir skemstu hjer í þessari háttv. deild, að bætt húsakynni í sveitum væru okkar mesta heilbrigðismál. Ennfremur vil jeg vitna í ummæli Steingríms læknis Matthíassonar á Akureyri þessu viðvíkjandi. Hann hefir látið uppi merkilegt álit um heilbrigðisástandið í sínu læknishjeraði, sem mörgum kom á óvart. Þar telur hann heilbrigðisástandið betra í kaupstaðnum heldur en í sveitunum. Í sveitunum sjeu líka húsakynni lakari og viðurværi víða ekki eins holt og áður hefði verið. Menn byggju ekki lengur eins vel að sínu og áður, og lifðu sumir hálfgerðu þurrabúðarlífi.

Jeg skal geta þess, að það hafa komið fram æðimargar brtt. við frv. frá hv. þm. Str. (TrÞ). Þeim var ekki útbýtt í deildinni fyr en í gær, og þess vegna hefir nefndin ekki getað athugað þær til hlítar, enda ekki tekið fullnaðarafstöðu til nema fárra. Einstaka brtt. höfum við þó orðið ásáttir um að taka ekki upp. Við höfum viljað leggja alla aðaláhersluna á það, að sjóðnum verði fyrst og fremst varið til sveitanna, en ekki til sjávarþorpanna. Og mun jeg koma nánar að því seinna.

Þá skal jeg minnast á brtt. nefndarinnar við 2. gr. frv., um tekjur ræktunarsjóðs. Jeg skal geta þess, að þessi till. er ein af þeim fáu, sem mætti eigi alllítilli mótspyrnu í nefndinni, svo að jafnvel einn nefndarmanna, hv. þm. Barð. (HK), hefir áskilið sjer óbundið atkvæði um hana. En nefndin í heild lítur svo á, að úr því að það er viðurkent, að ræktunarsjóði beri andvirði seldra þjóðjarða, og þar sem ennfremur er gert ráð fyrir því, að í hann renni andvirði þjóðjarða eftirleiðis, jafnóðum og þær eru seldar, þá sje rjett að stíga sporið út og láta sjóðinn líka eignast tekjurnar af óseldum þjóðjörðum. Þessar tekjur minka líka einlægt, eftir því, sem fleiri jarðir eru seldar. Auk þess geta menn unnið af sjer afgjöldin samkv. núgildandi lögum, svo ríkissjóð munar það litlu.

Næsta till. nefndarinnar er sú, að rík-

issjóður leggi til ræktunarsjóðs sem svari þeirri upphæð með vöxtum, er ræktunarsjóður hefir greitt honum samkvæmt lögunum frá 20. okt 1905. Með upphaflegu lögunum um ræktunarsjóð var tilætlunin sú, að allir vextir legðust við sjóðinn. En með lögunum frá 1905 var hvikað frá þeirri stefnu og sjóðnum gert að skyldu að greiða 3% ársvexti í ríkissjóð. Nefndin áleit óhikað, að rjettara væri að halda hinni upphaflegu stefnu, enda í fullu samræmi við alla stefnu frv. í þeirri mynd, sem nefndin ber það fram. En með tilliti til hins erfiða fjárhags ríkissjóðs og þess góða ásetnings að greiða lausaskuldir hans á sem stystum tíma, höfum við ekki viljað setja fast tímatakmark, en ætlumst til þess, að það verði samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar. Höfum við því hvorki ákveðið upphæð vaxtanna nje heldur gjalddaga fyrir greiðslunni. Sumum mun þykja þetta ótryggilega umbúið frá nefndarinnar hálfu. En jeg býst nú við því, að óþarfi sje að óttast slíkt, því engri landsstjórn mundi haldast uppi að þverskallast við þessum sjálfsögðu kröfum sjóðsins, er hann þyrfti á fjenu að halda.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) við þennan lið, þá verður því ekki neitað, að þar er öruggar um hnútana búið, þar sem bæði eru ákveðnir vextir og sett tímatakmark um það, hvenær greiðslunni skuli vera lokið. Jeg býst því við því, að nefndin muni áskilja sjer alveg óbundið atkvæði um þá till., því í rauninni er ekkert við henni að segja annað en það, að hugsast gæti, að hún væri óþörf.

Þá kemur till. viðvíkjandi varasjóði 2. fl. veðdeildar Landsbankans. Það er aðeins orðabreyting, sem ekki þarf frekari skýringa.

Nú kem jeg að aðalbrtt. nefndarinnar, þar sem það er lagt til, að ríkissjóður leggi fram til ræktunarsjóðs eina miljón kr. Jeg skal geta þess, að grein þessi hefir aflagast í prentuninni. Hún átti ekki að prentast með tölulið 3, heldur koma á eftir þeim lið sem sjerstök málsgrein. Í þessari brtt. liggur allur aðalmismunurinn milli frv. Búnaðarfjelagsnefndarinnar og frv. stjórnarinnar. Og því verður ekki neitað, að á þessari till. til aukningar starfsfje sjóðsins, hvort sem hún nær fram að ganga í þessu formi eða öðru, veltur það, hvort þessi stofnun á að verða öflug og starfhæf frá byrjun, svo að hún geti gegnt ekki aðeins þeim smáu kröfum, sem landbúnaðurinn gerir nú um fje til ræktunar og húsabóta, heldur líka þeim háværari og meiri kröfum, sem hljóta að koma, þegar skriður er kominn á framkvæmdirnar — með öðrum orðum, hvort sjóðstofnunin á að vera kák eitt og framfarirnar á sviði landbúnaðarins eftir því. Af þessu leiðir líka það, að þó ef til vill megi ekki draga ályktanir af atkvæðum manna um þessa till. um það, hvaða hug þeir hafa til íslensks landbúnaðar og íslenskrar sveitamenningar, þá verður þó dregin fullkomin ályktun af atkvæði þeirra um slíka till. sem þessa um það, hvaða trú þeir hafa á þessari atvinnugrein. En jeg fyrir mitt leyti held, að það fari oftast saman, að menn hafi trú á því, sem menn bera góðan hug til.

Nefndin ber till. þessa fram í mikið breyttu formi frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Búnaðarfjelagsnefndarinnar. Þar er svo ráð fyrir gert, að til aukningar sjóðnum sje lagður sjerstakur tollur á allar innfluttar og útfluttar vörur í þrjú ár, 1925—27. Fyrsta árið skuli tollurinn vera ½% af inn- og útfluttum vörum, en eftir það ¼%. Það má gera ráð

fyrir því, að þessi aukning til sjóðsins muni nema einni miljón kr. Þessa upphæð höfum við viljað tryggja sjóðnum, að vísu ekki alveg á jafnstuttum tíma sem ráð er fyrir gert í frv. Búnaðarfjelagsnefndarinnar, en þó á svo stuttum tíma, að við getum ekki annað sjeð en að það muni nægja sjóðnum til þess að hann geti starfað með fullum krafti. En eftir nánari íhugun hefir okkur þótt rjett að breyta um form á þessu. Till., sem stendur hjer í nál., gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram til sjóðsins eina miljón kr., og sje þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjuauka í þessu skyni. Frv. það, sem við berum fram, fer í þá átt, að tekjuaukinn komi niður á útfluttum vörum eingöngu. Þegar við fórum að athuga allar ástæður, sáum við, að svo miklir annmarkar voru á því að leggja á aukið innflutningsgjald til aukningar ræktunarsjóði, að við hurfum frá því ráði. Við getum að vísu játað, að Búnaðarfjelagsnefndin hefir rjett fyrir sjer, þar sem hún segir, að þetta sje alþjóðarmál, og beri því öllum að leggja fram til þess sinn skerf, en okkur þótti þó viðurhlutamikið að leggja aukinn skatt t. d. á verkamenn í kaupstöðum í þessu skyni. Eins og kunnugt er, stynja nú allir undir skattabyrðinni, og á hinn bóginn er rígur milli atvinnuveganna. Þetta yrði því óhjákvæmilega til þess að auka þá óvild, sem orðin er milli sveita- og sjávarmanna.

Þetta var þó ekki aðalástæðan til þess, að nefndin sá sjer ekki fært að leggja með till. Búnaðarfjelagsnefndarinnar í þessu efni, heldur hitt, að nefndin fjekk upplýsingar um það, að slíkur skattur sem þessi væri svo erfiður og kostnaðarsamur í innheimtu, að ekki gæti komið til mála að leggja hann á. Var þá ekki í annað hús að venda en að snúa sjer til útfluttu varanna. Eins og jeg hefi áður tekið fram, höfum við ásamt meiri hluta sjútvn. borið fram sjerstakt frv. til tollauka fyrir ræktunarsjóðinn. Vona jeg, að hæstv. forseti leyfi það, að vikið sje nokkrum orðum að því frv., þó það sje ekki á dagskrá nú. Það er svo nátengt þessu frv., að það má beinlínis teljast óaðskiljanlegur hluti þess, og stendur og fellur með því. Skal jeg fyrir mitt leyti vera mjög stuttorður um það.

Svo var upphaflega ráð fyrir gert, að þessi tollauki skyldi vera settur í sjálf lögin, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rjett aðferð. Með því væri gengið of mjög á rjett manna í landinu á þann hátt, að rýrð væri tryggingin fyrir því, að þeir yrðu ekki ofskattaðir. Helst hefðum við kosið að leggja allan skattinn á á tveimur árum, þannig að hann væri að fullu innheimtur í árslok 1926. En með því fanst okkur útflytjendum um of íþyngt, og vildum því hafa hann fastan t. d. í 4 ár. En nú vill þannig til, að meðan á þessari meðferð nefndarinnar stóð komu upp kröfurnar um það, að keypt yrði þegar á þessu ári strandvarnarskip, og held jeg, að það hafi þá jafnframt vakað fyrir flestum gætnari mönnum, að ríkissjóði yrði jafnframt sjeð fyrir tekjuauka til þess að kosta þetta skip. Að minsta kosti er mjer kunnugt um það, að ýmsir sjávarútvegsmenn voru þeirrar skoðunar, að svo yrði að vera. Hvað var nú eðlilegra en að þessum tvöfalda tilgangi yrði náð með því, að báðir atvinnuvegirnir legðu nokkuð af mörkum? Hvorugur má án annars vera. — Það varð því að samkomulagi milli landbn. og meiri hl. hv. sjútvn. að flytja þetta frv. Er þar farið fram á, að útflutningsgjaldið verði aukið um ½% til óákveðins tíma, og renni þessi tekjuauki

fram til ársloka 1926 í ræktunarsjóðinn, en síðan í landhelgissjóðinn að ¾ en í ræktunarsjóð að ¼ hluta. Verður varla sagt, að þessi tekjuauki sje frekar til orðinn vegna ræktunarsjóðsins en landhelgissjóðsins, þar sem sá fyrnefndi nýtur hans aðeins tvö árin næstu.

Jeg get þá látið útrætt um þessa brtt. og sný mjer að 3. brtt., við 4. gr. frv. Fer hún í þá átt, að Landsbankinn láti sjóðnum ókeypis í tje húsnæði og geymslu fyrir verðmæt skjöl og fjármuni sjóðsins. Jeg get viðurkent það, að mjer finst þetta ekki skifta miklu máli, en þar sem þessi sjóður ljettir af Landsbankanum talsverðum kvöðum, sem síðasta þing lagði á hann, þá finst mjer ekki til of mikils mælst, þó sjóðurinn njóti þessara fríðinda hjá honum.

Næst kemur þá 4. brtt., við 6. gr. frv. Er það orðabreyting ein og þar með fastar ákveðið, hvað mikið af fje sjóðsins skuli leggja í varasjóð. Annars skiftir sú breyting ekki miklu máli.

Hvað næstu brtt., við 8. gr., viðvíkur, þá hefir þegar verið mikið rætt um hana. En hún er í því fólgin, að lánum til húsabóta er gert jafnhátt undir höfði og lánum til jarðræktar. Er það algerlega í samræmi við þær aðrar breytingartillögur, sem nefndin hefir gert við frv. Það er litlum vafa bundið, að víða eiga ill húsakynni einna mestan þátt í flótta fólksins úr sveitunum til kaupstaðanna.

Hvað viðvíkur brtt. hv. þm. Str. (TrÞ), þá vil jeg aðeins geta þess, að nefndin leggur áherslu á, að þessu fje sje varið til eflingur sveitunum, en ekki til nýræktar í kaupstöðum. Þess vegna finst okkur ekki, að hlutverk sjóðsins sje að stofna til nýbýla í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur t. d. Er það bæði vegna þess, að við kaupstaðina hafa menn greiðari aðgang að lánum, bæði í þessu skyni og öðru, og ennfremur gæti það leitt til brasks og verðhækkunar, þegar kaupstaðirnir stækka. Gæti þá líka svo farið, að sá eiginlegi landbúnaður yrði látinn sitja á hakanum með lán úr sjóðnum.

Þá skal jeg minnast á 6. brtt., við 27. gr., þar sem Landsbankanum er gert að skyldu að kaupa verðbrjef ræktunarsjóðsins, ef hann æskir þess. Er það fyrst og fremst til þess gert að auka verðbrjefasölu sjóðsins og tryggja það, að þau lækki ekki í verði, og er það auðvitað mjög mikilsvert fyrir hann. Er og full sanngirni í því að leggja þessa skyldu á herðar Landsbankanum, þar sem sjóðurinn leysir hann undan þungri kvöð, sem á hann var lögð í fyrra. Sje jeg ekki ástæðu til að sýna honum frekari hlífð.

Loks vil jeg, áður en jeg sest niður, gera stutta áætlun um sjóðinn eins og búast má við, að hann verði eftir 10 ár, ef till. nefndarinnar er fylgt:

1. Ræktunarsjóður um	950000 kr.
2. Þjóðjarðir	800000 —
3. Tillag ríkissjóðs (endurgreiðsla ræktunarsjóðsvaxta)	250000 —
4. Varasjóður 1. fl. veðdeildar	150000 —
5. Ríkissjóðstillag (tollurinn)	1000000 —
Alls	3150000 kr.

Þetta er nú orðið æðilangt mál, enda skal jeg ekki bæta miklu við. En þó get jeg ekki stilt mig um að segja hv. þdm. frá orðum karls eins, er jeg heyrði í fyrsta sinn, sem jeg kom á sjó. Var róið af miklum móði á annað borðið, en slælega á hitt. Snerist því báturinn og lá undir ágjöfum. Varð þá karli þessum á orði: „Það er gott að hafa lagið, piltar, þó það sje gamalt.“

Mjer hafa oft dottið orð þessa karls í

hug, þegar jeg á síðari árum hefi verið að hugsa um þjóðarfleytuna íslensku og hversu þar er betur „róið“ á annað borðið. Öðrumegin eru nýtískuvjelar og tæki, hinumegin gömul og slitin árabrot. En til þess að halda laginu verður að róa jafnt á bæði borð. Landbúnaður okkar er orðinn langt á eftir sjávarútveginum; hann þarf ný tæki til rekstrar og nýja starfshætti. Jeg vil halda laginu, þó það sje gamalt, og jeg vil róa með nýtískutækjum á bæði borð. — Í áttina til þess er það, sem þetta frv. stefnir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg er þakklátur hv. landbn. fyrir meðferð hennar á frv. þessu. Geri jeg ráð fyrir, að hún hafi athugað það alt og einstakar greinar þess með þeirri nákvæmni, sem slíkt mál á skilið, og gleður það mig þá, hversu fátt hún hefir fundið, sem hún hefir talið sig þurfa að breyta, að undanteknum tveim fjárhagsatriðum, sem jeg hafði þegar bent á við 1. umr. Skoða jeg það sem vitnisburð þess, að stjórninni hafi tekist sómasamlega smíðið á frv. þessu.

Skal jeg nú stuttlega víkja að brtt. hv. nefndar og afstöðu minni til þeirra.

1. brtt. stendur í sambandi við 5. brtt., um að taka strax upp í 1. gr. það ákvæði, að lánað skuli jöfnum höndum úr sjóðnum til húsabóta sem til jarðræktar. Skoða jeg þessa brtt. sem nokkra útvíkkun á verkefni sjóðsins frá því, sem hugsað var í stjfrv., og hefi jeg ekki fyrir mitt leyti neitt við það að athuga, enda eðlilegt, og læt mjer þá breytingu vel líka, sjerstaklega þar sem hv. nefnd hefir fallist á það, sem jeg hefi talið höfuðatriðið og búnaðarfjelagsnefndin lagði áherslu á, að jarðabætur nokkrar væru að jafnaði gerðar á býli áður en því verði veitt lán til húsabóta. Er þá trygt, að lánað verði fyrst og fremst til jarðabóta, og svo síðan til húsabóta, eftir því sem menn sýna verðleika sína til þess. Það er raunar svo, að miklu áhættusamara er að lána til húsabóta en jarðræktar, en jeg vil þó ekki mæla sjóðinn undan því. Hinsvegar hefði jeg kosið, að varasjóður sjóðsins hefði verið aukinn að sama skapi og áhættan var aukin. Tel jeg víst, að ekki myndi verða ágreiningur um brtt. þess efnis við 6. gr. frv.

Þá er næst brtt. hv. nefndar við 2. gr. frv. Hefi jeg áður lýst afstöðu minni til hennar og tekið það fram, að mjer finst ekki þörf á meiri sjálfseign fyrir sjóðinn fyrst um sinn en þá, sem stjfrv. ætlar honum, en get auðvitað ekkert haft á móti því, að honum sje lagt til meira fje, ef landsmenn vilja leggja á sig álögur í því skyni. Jeg sje heldur ekki ástæðu til, að tekjur af þjóðjörðum eftir 1925 falli sjóðnum, og því tek jeg það fram, að í atkvæði mínu um frv. liggur ekki, að jeg álíti það nauðsynlegt.

Þó jeg þannig telji, að nefndin hafi ef til vill gengið fulllangt í kröfum sínum fyrir sjóðsins hönd, þá get jeg á hinn bóginn gefið henni viðurkenningu fyrir það, hvenær hún hugsar sjer að greiðslur ríkissjóðs til ræktunarsjóðsins fari fram. Skil jeg hv. nefnd svo, að hún ætlist ekki til, að fjárins verði krafist eða greiðslur fari fram fyrri en ríkissjóður hefir losað sig úr vanskilaskuldum sínum eða tekjuafgangur verði, nema fje sje sjerstaklega til þess veitt í fjárlögum. Byggi jeg þetta á því, að engin heimild til lántöku í þessu skyni er veitt, og tel jeg það vel farið. Hinsvegar vona jeg, að þetta skilyrði þurfi ekki að standa í vegi fyrir því, að sjóðurinn fái það fje, sem hann þarf á að halda.

3. brtt. held jeg, að hv. deild ætti ekki

að samþykkja, því að jeg lít svo á, að Landsbankinn sje sjálfstæð stofnun og að ríkið geti ekki skyldað hann til slíks og þessi brtt. fer fram á. Jeg veit, að margir líta svo á, að landið eigi Landsbankann og beri ábyrgð á skuldbindingum hans. En þetta tel jeg ekki rjett; jeg lít svo á, sem ríkissjóður beri ekki að lögum ábyrgð á innstæðum manna í Landsbankanum, en þá eiga líka innstæðueigendur kröfu á því, að löggjafarvaldið leggi ekki kvaðir á stofnunina. Þess vegna vil jeg ekki binda þeirri stofnun slíka bagga, sem henni eru óviðkomandi. Og mjer finst, að það sje of lítið gert úr ræktunarsjóðnum að ætla að hlífa honum við því að greiða húsaleigu fyrir starfrækslu og fyrir geymslu skjala og fjár. Þá vil jeg og í þessu sambandi bæta því við, að í 29. gr. stjfrv., sem hv. nefnd hefir ekki gert neinar breytingar við, stendur, að Landsbankinn eigi fyrst um sinn að hafa á hendi afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun. En í þessu felst það, sem hv. nefnd gerir ráð fyrir í brtt. sinni, sem sje húsnæði til starfrækslu og skjalageymslu. Jeg tel eðlilegasta úrlausn málsins eins og segir í 29. gr. Vil jeg um leið minna á það, að ráð er fyrir því gert, að þessi stofnun byrji með meira stofnfje en Landsbankinn, og tel því, að það sje bygt á skakkri skoðun að heimila stærra fyrirtæki ókeypis fríðindi hjá minna fyrirtæki.

4. brtt. er orðabreyting til bóta, og um 5. brtt. hefi jeg þegar talað.

Þá er eftir 6. brtt. Við hana hefi jeg það að athuga, að þar sem Landsbankanum er gert að skyldu að kaupa vaxtabrjef þessarar nýju stofnunar með nafnverði, þá skilst mjer, að það standi í beinu sambandi við ákvæði frv. sjálfs um það, að vextir skuli vera 6%, og þýði það, að tiltækilegt sje, að Landsbankinn skuli kaupa vaxtabrjefin með nafnverði, eftir því sem nú er ástatt um almenn vaxtakjör. En nú hefir hv. þm. Str. borið fram brtt. um að nema þetta ákvæði í burtu; en væri það gert, gæti hugsast, að vextir brjefanna yrðu lægri, og þau því ekki seljanleg með nafnverði. Það gæti borgað sig fyrir lántakendur, að brjefavextir yrðu settir 5½% fremur en 6%, þó þau seldust þá ekki fyrir alveg fult nafnverð, en þá á ekki fremur að skylda Landsbankann til þess en aðra að kaupa fyrir nafnverð. Að öðru leyti skal jeg lýsa yfir því, að þessa tillögu, um að skylda Landsbankann til þess að kaupa brjefin, skil jeg svo, að skylda hans nái jafnlangt og ekki lengra í því efni en skylda hans til að veita lán úr búnaðarlánadeild. Þar er ákveðið alt að vissri upphæð á ári, en það ber ekki að skilja svo, að bankinn hafi skyldu til þess að láta alla upphæðina af hendi, hvort sem bankastjórnin hefir fje til þess eða ekki. Megi skilja þetta svo, hefi jeg ekkert við brtt. að athuga eins og hún er fram borin. Það stendur sem sje alveg eins á nú og á síðasta þingi, að það er ekki hægt að skylda Landsbankann til þess að leggja fram tiltekna upphæð, en það er hægt að gefa út ákveðna fyrirskipun og fylgja henni fram með hæfilegum þunga að vissu takmarki, en sje ekki fje til lengur, þá verður ekki frekara krafist.

Um almennar hugleiðingar hv. frsm. (ÁJ) skal jeg ekki segja margt, og sjerstaklega skal jeg láta það bíða að ræða ákvæði tolllagabreytingarinnar þangað til frv. um það er á dagskrá. En þar sem hv. frsm. (ÁJ) taldi till. nefndarinnar um tekjuauka hinar sömu og voru í till. búnaðarmálanefndar, þá vil jeg segja það, að frv. hefir breyst í það horf hjá hv. landbn. til batnaðar hvað form þess

snertir, að brtt. hennar má skoða sem nýjar og sjálfstæðar tillögur. Það er alveg rjett, sem hv. frsm. (ÁJ) sagði, að það er óviðeigandi að taka ákvörðun um nýja tollaukningu inn í lagabálka um óskyld efni. Og það hefir aldrei verið siður Alþingis. Mjer er óhætt að fullyrða það, að allar tekjur ríkissjóðs eru nú innheimtar eftir sjerstökum tolla- og skattalögum. Held jeg, að það sje holt og sjálfsagt að halda þeirri reglu áfram, en jeg skal bæta því við, að sje þörf á því að tryggja ræktunarsjóði 1 milj. króna framlag úr ríkissjóði, þá má hafa ákvæði um það í frv. sjálfu, án þess að ákvæði um tolllagabreytingar komi þar fram. Í ýmsum lagabálkum er ákveðið, að svo og svo mikið fje skuli greiða úr ríkissjóði, og stjórninni veitt heimild til þess að sjá um, að þeim útgjaldaliðum verði fullnægt. Má gjarnan setja slíkt ákvæði inn í frv. sjálft, ef þurfa þykir. Jeg get fallist á flest það, er hv. frsm. (ÁJ) sagði um mótbárur gegn skattálagningu í þessu skyni, en einu verð jeg þó að mótmæla í ræðu hans, og hefir það sjálfsagt komið fram vegna ókunnugleika hans, þar sem hann sagði, að komið hefðu fram þær mótbárur frá kaupstöðum, er sýndu kaldan hug til sveitanna. Þessu hefir áður verið haldið fram, en jeg mótmælti því þá, og mótmæli því enn, því að þessi kaldi hugur, sem hv. frsm. (ÁJ) talaði um, er ekki til í kaupstöðum landsins, og væri það gott, ef sveitamenn gætu sagt hið sama frá sínu brjósti. En það er nauðsynlegt, að gott samkomulag haldist milli sveitamanna og kaupstaðabúa. Hitt er ekki nema eðlilegt, að mönnum þyki nú skattgjöld allþung þessi árin, er svo miklar kröfur eru gerðar um greiðslu á skuldum ríkisins.

Jeg vona svo, að frv. fái greiðan gang í gegnum hv. deild. Um brtt. hv. þm. Str. ætla jeg að geyma mjer að tala þangað til hann hefir gert grein fyrir þeim.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla, að nál. hv. landbn. um frv. þetta væri útbýtt sama dag og 2. umr. fjárlagafrv. stóð yfir hjer í deildinni. En frá þeim tíma og alt fram til þessa hefir fjvn. haft mikið að sýsla, og þeir, sem í henni eru, átt mikið annríki. Starfi okkar fjvn.manna lauk ekki fyr en seint í gærkvöldi, og hafði nefndin þá þann dag haft þrjá fundi.

Jeg verð að segja það, að mjer er annara um þetta mál en flest önnur þingmál, en jeg er ekki viðbúinn nú að öllu leyti að taka afstöðu til þess, vegna þess að bæði er jeg illa fyrirkallaður, og hefi auk þess haft svo lítinn tíma vegna annanna í fjárveitinganefnd. Þess vegna hefi jeg alls ekki getað gefið mjer nægan tíma til þess að athuga starf hv. nefndar eins og skyldi, en jeg vona, að þótt þessari umr. verði lokið í dag, þá verði tími til þess að gera athugasemdir við 3. umr. málsins. Jeg á þó ekki hjer við almennar athugasemdir, því mjer gafst tækifæri til þess að bera þær fram við 1. umr., bæði um brtt. nefndarinnar og einnig um frv. mitt, og svo gafst mjer einnig tækifæri til þess að minnast á þetta mál á eldhúsdeginum. Hjer er um það að ræða, hvort stofnun þessi, er frv. gerir ráð fyrir, muni geta orðið jafnfullkomin eins og þörf landbúnaðarins heimtar, og þá dylst mjer ekki, að till. háttv. nefndar eru stórt spor í áttina til þess, að því markmiði sje náð. En hinu held jeg fram, að tillögur mínar sjeu enn stærra spor í þá áttina. Hjer er um þrjú stig að ræða: 1. frv. stjórnarinnar, sem er verst, 2. tillög-

ur nefndarinnar, sem eru betri, og 3. tillögur mínar í fullu samræmi við tillögur Búnaðarfjelagsnefndarinnar, sem eru bestar og líklegastar til þess að gera stofnunina þannig, að hún verði landbúnaðinum til styrktar bæði í nútíð og framtíð.

Þegar nú á þessu þingi á að leggja grundvöllinn fyrir þessa stofnun, þá vil jeg alvarlega minna hv. þdm. á eitt atriði. Jeg hygg, að það sje vafalaust, að aðstaðan fyrir þá, er vilja hlynna að landbúnaðinum, sje betri nú en nokkru sinni áður, vegna þeirra tíðinda, sem gerst hafa undanfarið um málið. Það eru fleiri aðiljar nú á þessu þingi heldur en búast má við, að nokkru sinni verði hjer, er vilja, að stofnun þessi komist á sem lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Því er aðstaðan best nú til þess að geta gert stofnunina fullkomna. Jeg skora því á hv. þm. að standa fast saman um þetta mál og gera stofnunina svo úr garði, að hún geti orðið landbúnaðinum til farsældar bæði í nútíð og framtíð. Mun það sannast, að mest verður undir því komið, hvernig gengið er frá stofnuninni þegar í upphafi.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um frv. hæstv. stjórnar og mitt frv. Jeg skal þegar taka það fram, að það er reiðilaust af mjer, þótt nefndin hafi tekið það ráð að leggja frv. stjórnarinnar til grundvallar fyrir till. sínum. Fyrir mjer er það aðalatriði málsins, að málið nái fram að ganga á sem farsælustum grundvelli. Og jeg uni vel við þann dóm hv. frsm. (ÁJ), að að formi til hafi stjfrv. verið betra, en að efni til hafi mitt verið betra. Mjer hefir aldrei gengið annað til en að fá grundvöll málsins sem tryggastan og samkomulagið sem best um stofnunina.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, en minnast á breytingartillögurnar. Sumar brtt. mínar eru bornar fram að tilhlutun þess hluta Búnaðarfjelagsnefndarinnar, sem hjer er í bænum.

Bæði nefndin og jeg höfum komið með brtt. við 1. gr. Það er að vísu smáatriði, hvort af þessu þrennu verður valið, en jeg mun hallast frekar að till. nefndarinnar heldur en orðalagi greinarinnar í stjfrv. Jeg tók upp í brtt. mínar greinina orðrjetta eins og Búnaðarfjelagsnefndin hafði orðað hana. Er hún þar styttri og lagbetri, en þó legg jeg ekki mikla áherslu á það að fá hana samþykta.

Það, sem okkur landbn. aðallega skilur á um 2. gr. frv., er, að jeg vil, að það komi skýrt fram, hverjir vextir eigi að vera — og tel jeg sanngjarnt að þeir sjeu 4% — og eins að greiðslu sje lokið fyrir ákveðinn tíma á því fje, sem ríkissjóður á að endurgreiða ræktunarsjóði. Jeg skal nefna eitt dæmi því til sönnunar, að þetta er ekki þýðingarlaust atriði, að ákveða eitthvert tímatakmark. Það vita allir, að þegar lauk stríðinu milli Dana og Þjóðverja 1864, var svo ákveðið í friðarsamningunum, að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram um það í Norður-Sljesvík, hvort íbúarnir vildu heldur vera danskir eða þýskir. Þetta sýndist nóg trygging, en vegna þess að ekkert tímatakmark var sett um það, hvenær þessi atkvæðagreiðsla skyldi fara fram, drógu Þjóðverjar hana altaf á langinn, og hefðu dregið endalaust, ef heimsstyrjöldin hefði ekki bundið enda á málið.

Af því að aðstaðan er best nú um að tryggja framtíð sjóðsins, vil jeg hafa þetta tímatakmark, og mjer heyrðist á hv. frsm. landbn. (ÁJ), að hann hefði ekkert við þetta að athuga.

Um varasjóð veðdeildar er jeg hv. landbn. sammála, en brtt. mín á þskj. 275, 3. liður, og brtt. á þskj. 291 eru

háðar því, að brtt. nefndarinnar nái ekki fram að ganga. Vil jeg biðja hæstv. forseta að bera fyr upp þessar brtt. mínar en brtt. nefndarinnar 2, 3. Mun jeg t. d. greiða brtt. nefndarinnar atkvæði, ef mín fellur. Annars kem jeg að efni þessara brtt. síðar, um leið og jeg vík sjerstaklega að mínum tillögum.

Í sambandi við 3. brtt. nefndarinnar vjek hæstv. fjrh. (JÞ) að atriði, sem jeg get ekki látið ómótmælt. Hann kom þar með þá skoðun um Landsbankann og afstöðu hans til landsins, sem jeg hlýt að vera honum ósammála um. Hæstv. fjrh. vildi líta svo á, að Landsbankinn væri svo sjálfstæð stofnun, að það mætti lítt eða ekki við honum hagga af Alþingi. Fyrir því áleit hann farið fram yfir það, sem er leyfilegt, ef gerð væru slík ákvæði sem þar eru, að Landsbankinn eigi að leggja ræktunarsjóði ókeypis húsnæði. Það hefir líka komið fram í skrifum, að við hæstv. fjrh. erum um þetta mjög ósammála. Í frv. stjórnarinnar held jeg jafnvel, að komi fram önnur skoðun, sem orð hæstv. fjrh. samrýmast ekki vel við. Hjer í deildinni liggur fyrir frv. frá hæstv. stjórn um að senda fiskifulltrúa til Spánar, og í því frv. er Landsbankinn skyldaður til að borga fiskifulltrúanum að nokkru leyti. Jeg hefi spurt það, en jeg þori ekki að fullyrða, að Landsbankanum sje ekki ljúft að gera þetta. En hvað sem því líður, þá ætlast hæstv. stjórn til þess, að Landsbankinn sje skyldaður til að inna þessa kvöð af hendi. Þá má geta þess, að í samráði við hæstv. atvrh. (MG) og í samræmi við orð, sem hann ljet falla hjer við 2. umr. fjárlaganna, ber fjvn. fram brtt. við 3. umr., sem fer í þá átt, að ríkisstjórnin eigi að sjá um, að Landsbankinn gefi eftir vexti og afborganir af ákveðnu láni. Þetta finst mjer alt stefna í öfuga átt við það, sem hæstv. fjrh. heldur fram. En það er í samræmi við mína skoðun í þessu efni. Þetta er innskot hjá mjer, sem kemur máli þessu aðeins við í sambandi við þessa tillögu.

Þá er aðeins eftir eitt atriði, sem verulegu máli skiftir í brtt. landbn. Það er síðasta, 6. till. Hún er um það að skylda Landsbankann til þess að kaupa vaxtabrjef ræktunarsjóðs. Um þessa till. þarf jeg ekki annað að segja en það, að jeg á líka brtt. við þessa sömu gr.; er það 7. brtt. mín, sem jeg vonast til, að hæstv. forseti beri upp á undan 6. brtt. landbn., þar sem mín fer lengra. Því jeg greiði hiklaust atkv. brtt. nefndarinnar, ef mín till. nær ekki fram að ganga. Jeg mun víkja síðar að því, sem okkur nefndinni ber þarna á milli.

Um 2 fyrstu brtt. mínar þarf jeg ekki að fjölyrða frekar en jeg hefi þegar gert.

3. brtt. er eitt stærsta atriðið í þessu sambandi, og kemur líka inn í frv. það, sem er næst á dagskrá, um breyting á lögum um útflutningsgjald; tel jeg víst, að jeg megi, eins og hv. frsm. (ÁJ), fara ofurlítið inn á atriði, sem snerta það frv. Vil jeg taka það fram strax viðvíkjandi 3. lið í brtt. mínum, að jeg held alls ekki fast við þetta form, að þessi ákvæði orðrjett og engin önnur eigi að koma inn í lögin um ræktunarsjóðinn; og get jeg reyndar fallist á það, sem hæstv. fjrh. sagði um það efni, að slík ákvæði sem þessi eigi að vera í sjerstökum tolllögum. En það er annað, sem liggur til grundvallar fyrir þessari brtt. minni og jeg vildi láta koma fram þegar, og því bar jeg þessa brtt. fram. Og þá verð jeg að víkja örfáum orðum að þeirri nefnd, sem Búnaðarfjelag Íslands skipaði, og þá

sjerstaklega að þeim manni, sem ber að skoða sem fulltrúa sjávarútvegsins í nefndinni. Jeg held, að jeg megi segja það opinberlega, að þessi till., að leggja sjerstakan toll á til þess að auka tekjur þessa sjóðs, sje komin einmitt frá þessum manni. Og það ber að líta á þetta sem útrjetta hönd frá sjávarútveginum, að einmitt þessi stærsti útgerðarmaður á landinu skyldi stinga upp á þessu til þess að styrkja landbúnaðinn. En jeg vil benda á, að það, sem var aðalatriði í tillögum Búnaðarfjelagsnefndarinnar, það var það, að þessi tollur yrði ekki stöðugt áframhaldandi tollur á útfluttar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir, heldur væri það tollur, sem aðeins stæði meðan verið væri að afla þessa fjár til ræktunarsjóðsins. Og það er þetta atriði, sem jeg vil sjerstaklega láta koma fram við þessar umræður, að jeg vil halda þeirri hugsun, sem vakti fyrir nefndinni, sem Búnaðarfjelagið skipaði, að þessi tollur, sem nú á að leggja á, verði ekki stöðugur tollur, heldur aðeins tollur, sem stendur á meðan verið er að afla þessa fjár. Jeg vil halda þessu atriði stranglega fram, því að jeg vil með engu móti landbúnaðarins vegna misnota þá útrjettu hönd af sjávarútvegarins hálfu í þessu efni. En að öðru leyti er jeg fús til samvinnu, hvernig þessu verði skipað. Jeg má geta þess, að það er í samráði við þá nefndarmenn úr Búnaðarfjelagsnefndinni, sem staddir eru í bænum, að jeg flyt þessa brtt.

4. brtt. mín er við 3. gr., að orðin „vextir af vaxtabrjefum 1. flokks skulu vera 6%“ falli burt. Þessi brtt., ásamt 7. brtt. minni, sem fer í þá átt, að Landsbankinn leggi fram fje í reiðum peningum, en ekki með því að kaupa vaxtabrjef, stafa frá sömu hugsun; þeirri hugsun, að jeg teldi landbúnaðinum hagkvæmast, að svo gæti orðið, að ræktunarsjóður þyrfti ekki að byrja á verðbrjefaútgáfu meðan svo óhagstæðir tímar eru til þess sem nú eru. Því afleiðingin af því, að hann byrjaði nú, yrði sú, að vaxtakjörin yrðu alt of óhagstæð fyrir landbúnaðinn. Með öðrum orðum, það, sem jeg vil að náist, er það, að stjórn sjóðsins hafi það fullkomlega í hendi sinni, hvort hún vill byrja vaxtabrjefaútgáfuna strax eða ekki. Þess vegna vil jeg láta það vera óbundið, hvort vextir af verðbrjefum 1. flokks þurfi að vera svo háir, sem til tekið er í frv. Ef ríkisstjórnin skipar forstöðumann sjóðsins, en hinir skipaðir að tilhlutun fulltrúa landbúnaðarins, þá má ganga út frá, að þeir menn verði valdir, sem hægt er að treysta til að ákveða ekki neina vitleysu um vextina.

Næst er b.-liður 4. brtt. minnar, um það, að vaxtabrjef ræktunarsjóðs skuli vera skattfrjáls. Þetta atriði hefir hæstv. stjórn felt niður úr sínu frv., en Búnaðarfjelagsnefndin tók það í sitt frv. Um þetta atriði þarf ekki að fjölyrða. Allir skilja, hvað liggur á bak við. Enginn vafi er á, að ef vaxtabrjefin nytu þessara hlunninda, verður það mjög til þess að gera þau betur seljanleg, og afleiðingin verður lægri vextir fyrir bændur. Bæði í Sviss og Þýskalandi mun þetta tíðkast, Böðvar Bjarkan getur um slíkar undanþágur í skýrslunni, sem hann sendi Alþingi eftir utanför sína til þess að kynna sjer bankamál, í sambandi við undirbúning ríkisveðbankans. Búnaðarfjelagsnefndin hefir því ekki gripið þetta ákvæði úr lausu lofti.

Jeg er viss um, að það stafar engin hætta af þessum hlunnindum sjóðsins, því það eru ekki braskarar, sem leggja í vana

sinn að kaupa slík verðbrjef, heldur eru það mestmegnis sparendur, sem ætla sjer að lifa af vöxtunum af þessum brjefum síðar meir og tryggja sig þannig í ellinni.

5. till. er borin fram samkvæmt beiðni frá Búnaðarfjelaginu, og það hygg jeg alveg sjálfsagða breytingu. Í stjfrv. er þetta orðað svo, að til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktarlaganna frá 20. júní 1923. En í 13. gr. er svo talað um það, sem lána eigi fje til, og sá galli er þar á, að ýmislegt fleira er þar talið en það, sem heyrir undir II. kafla jarðræktarlaganna. Þar er ekki talið annað, en í stjórnarfrv. eru auk þess taldar girðingar og veitugarðar. Í skýrslum búnaðarfjelaga er alt þetta tekið með, svo brtt. mín miðar til þess að samræma 8. og 13. gr. í stjórnarfrv. sjálfu. Til þess að samræma þær fullkomlega er 6. brtt. mín, að á eftir „til girðinga" í b.-lið komi: vega. Jeg efast ekki um, að menn viti og viðurkenni, að t. d. engjavegir sjeu ákaflega nauðsynlegar umbætur. En vitanlega er hjer ekki átt við almenna vegalagningu.

Í sambandi við niðurlagsorð 5. brtt. minnar vil jeg geta þess, að hv. frsm. (Á-J) lýsti því yfir, að hann væri sjerstaklega mótfallinn því, að lánin mættu líka vera til húsagerðar á býlum bænda og landnema. Hv. frsm. álítur, að þarna sje verið að draga part af fjármagni sjóðsins til landnema í kauptúnum. Fyrst og fremst er það að athuga við þessi ummæli, að landnemar eru ekki eingöngu í kauptúnum, heldur líka til sveita. *(ÁJ:* Hv. þm. hefir misskilið mig). En það er ekki að óathuguðu máli, að þessi till. er komin frá mjer; því eins og jeg geri harðari kröfur um, að sjóðurinn fái sem mest fje til starfa og lánskjörin geti orðið sem best, eins vil jeg einnig hafa starfssvið sjóðsins rýmra. Jeg hefi fullkomna vel þóknun á því, að menn í kauptúnum geti fengið lán til þess að rækta túnbletti. Jeg vil rjetta kauptúnunum hönd líka og hjálpa þeim til að rækta landið. Það má hver leggja það þannig út, ef hann vill, að jeg hirði ekki um að halda á rjetti bænda. En þessir menn í kaupstöðunum eru líka bændur. Og ræktun landsins er ekki síður nauðsynleg — og ef til vill ennþá nauðsynlegri — kringum kaupstaðina.

Þá kem jeg að 7. brtt. minni, sem víkur að Landsbankanum. Jeg lýsti því áðan, að jeg vil ekki fastbinda, að vextir 1. flokks sjeu 6%. Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að stjórn sjóðsins hafi frjálsar hendur að ákveða, hvað vextirnir skuli vera háir og um sölu vaxtabrjefanna. Þess vegna vil jeg ekki, að framlag Landsbankans sje bundið við það að kaupa vaxtabrjef. Jeg vil í þessu efni ekki slaka neitt til við Landsbankann frá þeim kröfum, sem síðasta Alþingi gerði til hans með lögunum um stofnun búnaðarlánadeildar. Till. mín er í þá átt, að Landsbankinn eigi að leggja fram sömu peninga til þessa sjóðs, sem lögin um búnaðarlánadeildina ákveða honum að leggja fram. Fáist menn ekki til að ganga inn á þetta, mun jeg hiklaust greiða atkvæði till. nefndarinnar. Tilgangurinn er sá, að þetta, sem ætlað var til búnaðarlánadeildarinnar, leggist nú fram sem „permanent" lán og vöxtunum sje eins háttað og þar, að þeir megi aldrei vera hærri en 1% yfir sparisjóðsvöxtum. En tilgangurinn með þessari till. er vitanlega sá, að stuðla að því, að útlánsvextir ræktunarsjóðs geti orðið sem lægstir.

8. till. mín er í beinu sambandi við till. búnaðarþingsins um skipun í stjórn sjóðsins. Till. Búnaðarfjelagsnefndarinnar gekk í þá átt, að búnaðarþingið ætti að hafa

fullkomin ráð yfir skipun allra mannanna í stjórn sjóðsins. En jeg vil gera það til samkomulags, að ríkisstjórnin skipi einn, aðalforstjórann, enda varð þetta að samkomulagi á fundi, sem ráðherrar voru á í búnaðarþinginu. En hinu vil jeg halda fast fram, að tvo eigi að skipa samkvæmt tillögum búnaðarþings. Þykist jeg mega treysta því, eftir umr. þar og samkomulagi, að hæstv. fjrh. (JÞ) muni ekki hafa neitt við þá till. að athuga.

9. till. mín, og sú síðasta, er í samræmi við þau orð, sem fjellu frá mjer við 1. umr. þessa máls, um það, að halda því sama skipulagi, sem lög um búnaðarlánadeildina gerðu ráð fyrir. Eins og jeg ætlaðist til, að hún sameinaðist á sínum tíma ríkisveðbankanum, eins legg jeg til, að svo megi verða um þennan sjóð á sínum tíma.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira að þessu sinni. Get endað með því, sem jeg byrjaði á, að vegna minna ákaflega miklu anna undanfarna daga hefi jeg ekki getað búið mig undir þennan dag; fyrir þessa orsök, mikla vinnu og vökunætur, er jeg líka of þreyttur til þess að tala hjer nú; en vona, að hvernig sem málinu verður ráðið til lykta nú, þá gefist mjer tækifæri til þess að bera fram till. við 3. umræðu málsins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir gert grein fyrir brtt. sínum, og skal jeg þá leyfa mjer að lýsa áliti mínu á þeim.

Um 1. brtt., um orðin í 1. gr., segi jeg það eitt, að jeg tel orð nefndarinnar bæði lögulegri og ákveðnari. Og jeg held það sje nokkur áhersla leggjandi á það, að það komi fram þegar í 1. gr., að lán til húsabygginga úr ræktunarsjóði eigi eingöngu að falla til sveitanna. Hvað sem menn svo annars vildu gera viðvíkjandi lánum til jarðræktar, þá held jeg, að ekki sje rjett að gera verksvið þessa sjóðs svo víðtækt, að lána til húsabygginga þeim mönnum við kaupstaðina, sem kynnu að rækta sjer þar bletti. Jeg hefi talsvert hugsað um þetta atriði, því mjer er það ljóst, að það er dálítið erfitt að gera upp á milli og ákveða takmörkin. Því í sjálfu sjer er það alveg rjettmætt, að nýbýli við kauptún og sjóþorp, eða í þeim, njóti lána í þessu skyni. En niðurstaða mín er sú, að það sje ekki rjett að draga það verkefni inn undir þessa lánsstofnun landbúnaðarins; því jeg álít, að það geti komið fram dálítil óánægja út af því, hvernig fje sjóðsins sje notað, annaðhvort frá sveitamönnum eða sjóþorpamönnum, ef þeir halda, að þeir verði afskiftir. Jeg hygg rjettara að sneiða hjá þessu skeri um leið og sjóðurinn er stofnaður, með því að takmarka starfssvið hans við sveitirnar aðeins. Það gera till. landbn. skýrlega, en ekki till. hv. þm. Str.

Um 2. brtt. get jeg ekki annað sagt en að mjer stendur öldungis á sama, hvort hún verður samþykt eða till. landbn. En jeg tek það fram, að þar sem sett eru tímatakmörk um það, að greiðslu skuli lokið eigi síðar en 1. júní 1930, þá er löggjafarvaldið þarna að leggja hönd á sjálft sig, að það veiti fjeð innan þessa tíma.

Um 3. brtt. hefi jeg í raun og veru þegar rætt og lýst því yfir, að jeg get ekki fallist á, að þessir tollar eða gjaldaákvæði sjeu tekin upp í sjálft frv. um ræktunarsjóðinn. Um afstöðu mína til þessara ákvæða að öðru leyti, sjerstaklega að því er snertir samband þeirra við framlag til landhelgisgæslu, læt jeg alveg bíða að tala þangað til það mál kemur fram.

Þá er 4. brtt., að ákvæðið um, að vextir af vaxtabrjefum 1. flokks sjeu 6%, falli

burt. Jeg get fallist á þetta ákvæði. Hefir það verið álitið vafamál, eins og getið er í aths. fyrir stjfrv., hvort rjett væri að einskorða þetta. En það er ekki af þeim ástæðum, sem háttv. þm. Str. bar fram, sem sje, að ekki eigi að byrja strax að selja vaxtabrjefin; það nær ekki nokkurri átt. Það er af hinu, að breyting getur orðið á peningavöxtum frá þessum tíma og til hausts; þó það geti verið ástæða til að setja vextina 6% eins og nú er ástatt, þá er naumast rjettmætt að lögbinda slíkt undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. Ef þessi brtt. kynni að verða samþykt, þá vil jeg þó strax hafa það fororð, að ef það kemur til mín að ákveða þessa vexti, og ástand peningamarkaðsins helst óbreytt frá því, sem nú er, þá mundi jeg einmitt ákveða þá 6%.

Jeg sagði áðan: Það nær ekki nokkurri átt að byrja ekki strax að selja vaxtabrjefin. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði. Það er nefnilega svo um þessa stofnun, að hún kemur að því leyti á hentugum tíma, að maður veit ekki vonir til þess, að það verði nein ný vaxtabrjef á markaðinum á sama tíma, til þess að keppa við hana, svo nokkru nemi. En það er um að gera fyrir svona stofnun, sem ætlar að sækja kraft sinn með viðskiftum við sparendur með vaxtabrjefasölu, um að gera strax og stofnunin sest á laggirnar að beina starfseminni inn á þá braut, sem starfsemin síðar á að liggja á; með öðrum orðum, ná í þau viðskifti við innstæðumenn, sem stofnunin í framtíðinni ætlar að lifa af. En að vilja ekki byrja þegar á vaxtabrjefasölu, það er rjett eins og kaupmaður, sem væri að setja upp verslun, hugsaði sem svo: Jeg get alt að einu haft einhverja aðra atvinnu nú fyrstu mánuðina og látið búðina standa lokaða; ekkert liggur á að fara að versla. Hann er búinn að sleppa takifærinu úr höndum sjer, og þegar hann loks opnar búðina, er ekki ólíklegt, að keppinautarnir sjeu komnir á undan honum.

Þá er b.-liður 4. till., sem ákveður, að vaxtabrjef ræktunarsjóðs skuli vera skattfrjáls, og „þau og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetningu og löghaldi“ o. s. frv. Þetta ákvæði vildi jeg ekki taka upp í stjfrv. og vil ákaflega eindregið vara við að innleiða í okkar löggjöf. Ekki af því, að fyrirmyndir vanti; síður en svo. Bæði í Þýskalandi og Sviss á þetta sjer stað, en sjerstaklega er það algengt í Frakklandi. Þessi tilhögun er gömul þar í landi, og það ríki gekk líka á undan öllum ríkjum álfunnar í að koma upp því ríkisskuldasúpufyrirkomulagi, sem okkar öld á við að búa. Frakkneska ríkið sökk því snemma í stórskuldir og varð að leita margra bragða til að koma út ríkisskuldabrjefum sínum. Var þá m. a. gripið til þess úrræðis að gera skuldabrjefin (vaxtabrjefin) skattfrjáls, til þess að þau yrðu útgengilegri. En af þessu leiddi mikil þjóðfjelagsvandræði. Ríkisskuldabrjefin söfnuðust auðvitað á hendur stóreignamanna, en þeir urðu skattfrjálsir, þurftu hvorki að borga tekjuskatt nje eignarskatt af þessum eignum sínum. Ef þetta skal nú innleitt hjer, til þess að hægra verði að selja vaxtabrjefin, þótt tímarnir sjeu erfiðir, þá mun svo fara, að fleiri koma á eftir, er verða að fá sömu fríðindin. T. d. mun ríkisveðbankinn krefjast sömu forrjettinda, og þá yrði líklegast ekki hjá því komist að veita það líka, að hann fengi samaháttar hlunnindi fyrir sín vaxtabrjef, og þó að þingið veitti ekki fleirum, þá er enginn efi á að ríkið mundi nota sjer þetta fyrir sín eigin vaxtabrjef og mundi gera þau hliðstæð öðrum, sem hefðu fengið slíkar ívilnanir. Þetta

mundi leiða til þess, að menn færu að safna auði í vaxtabrjefum og losna þannig við alla skatta og skyldur þjóðfjelagsins. Jeg hygg, að hv. þm. Str. hafi ekki gert sjer þetta fullljóst, er hann lagði til að gera brjefin skattfrjáls, og jeg vara ákveðið við því, að farið verði inn á þessa leið. En jeg er sannfærður um, að það er til önnur leið, sem jeg og hefi lagt til að yrði farin til þess að bæta fyrir og tryggja sölu brjefanna, og hún er sú, að ríkissjóður taki fulla ábyrgð á greiðslu brjefanna. Hefi jeg því rólega samvisku í því efni, að ekki verður hægt með sanni að segja, að jeg hafi borið fyrir borð hagsmuni ræktunarsjóðsins, en jeg vara við hinni leiðinni, sem er leið, er liggur til óheppilegrar aðstöðu innan þjóðfjelagsins.

5. brtt. sín segir hv. þm. Str. (TrÞ), að sje til þess að samræma 8. og 13. gr. frv., en þess er ekki þörf. 8. gr. frv. tiltekur alt það, sem fellur inn undir jarðræktarlögin og ráð er fyrir gert, að lán verði veitt til, og verður það einnig að sjálfsögðu talið upp í reglugerð sjóðsins; jeg hefi ekkert við það að athuga að taka hjer upp þá vegi, er um ræðir í brtt., en jeg hefi ákveðið á móti því að fara að binda lögin við skýrslur Búnaðarfjelagsins eða annara slíkra fjelaga. Þessar skýrslur geta breyst ár frá ári; þær eru gerðar af hagfræðilegum ástæðum, og getur verið misjafnt, hvað upp í þær er tekið á hverjum tíma, enda er ekki annað viðeigandi en að talið sje upp í reglugerð lánsstofnunarinnar sjálfrar, til hvaða jarðabóta lán skuli veitt, en eigi menn að fara að óskum háttv. þm. Str. (TrÞ) og taka ýmislegt upp úr skýrslum búnaðarfjelaganna, yrði það til þess, að það yrði að breyta reglugerð ræktunarsjóðsins í hvert sinn sem breyting yrði á skýrsluformum búnaðarfjelaganna. Yfir höfuð held jeg, að í þessu atriði sje ekki um neinn efniságreining að ræða milli mín og hv. þm. Str., en jeg álít ákvæði stjfrv. betur orðað en till. hans. Það er til bóta aðeins, að ákvæði um lán til vegagerða skuli tekin upp, en þó er hjer að sjálfsögðu aðeins átt við þá vegi, sem gerðir eru sjerstaklega vegna afnota af jörðunum sjálfum, en ekki við algengar samgöngubætur. *(TrÞ:* Auðvitað dettur engum annað í hug).

Þá er enn eftir brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) um fjárframlag frá Landsbankanum til ræktunarsjóðsins. Jeg veit varla, hvort jeg hefi skilið hv. þm. Str. rjett, en jeg tók eftir því, að hann segði, að það væri meiningin með þessari brtt., að Landsbankinn legði fram reiðu peninga. Það væri ekki átt við vaxtabrjefakaup. Nú er það sjálfgefið, að þegar ræktunarsjóður selur vaxtabrjef sín, þá fær hann einmitt reiðu peninga fyrir þau. Jeg get því ekki skilið, hver hagur það er fyrir ræktunarsjóðinn að fá fjeð án þess að láta vaxtabrjef í staðinn, og á vaxtakjör lánanna hefir þetta engin áhrif; að minsta kosti gerir þetta engan mismun, ef gert er ráð fyrir, að ákvæði frv. um þau verði látin standa. Þar er gert ráð fyrir 6%, og ef svo er, þá get jeg ekki skilið, hvað ræktunarsjóðurinn gæti haft á móti því að láta bankann hafa vaxtabrjef fremur en öðruvísi skuldabrjef, en fyrir bankann er það betra að fá vaxtabrjefin, sem hann getur svo ráðið yfir og selt, ef vill, og notað sem hvert annað laust fje handbærf. Auk þess eru þessi vaxtabrjef trygð með ábyrgð ríkissjóðs, sem bankinn mundi fara á mis við, ef hann í stað vaxtabrjefanna fengi venjuleg skuldabrjef frá rækt-

unarsjóði. En eins og brtt. er orðuð, er ekki hægt að sjá annað en að Landsbankinn eigi að leggja fram þetta fje á sama hátt og ríkissjóður leggur fram sitt tillag til ræktunarsjóðsins, en jeg geri þó ráð fyrir, að þetta eigi að vera lán, og þá er það undarlega til orða tekið að kalla það framlag. *(TrÞ:* Það á að greiða vexti af þessu fje). Já, vitanlega verður að greiða vexti af því. En þó nú að ræktunarsjóðurinn láti vaxtabrjef á móti þessu, fær hann þó reiðupeninga í staðinn. En eigi að skoða þetta sem lán, eins og jeg geri ráð fyrir, þá er ekkert í orðalagi brtt. á móti því, að ræktunarsjóðurinn láti vaxtabrjef í staðinn. Það má alveg eins láta þau skuldabrjef eins og hver önnur, og vaxtabrjef eru aðeins sjerstök tegund skuldabrjefa, og ekki annað. *(TrÞ:* Já, en ræktunarsjóðurinn er ekki skyldur að láta vaxtabrjefin af hendi). Jeg geri ekki mikið úr því, hvort hann er skyldur til þess eða ekki; hann mundi ávalt gera það fremur en að gefa út algeng skuldabrjef. Að öðru leyti skil jeg þessa brtt. á sama hátt og ákvæðin um tillag Landsbankans til búnaðarlánadeildarinnar, þ. e. um alt að 1 milj. 250 þús. kr., með þeirri takmörkun þó, að ekki þurfi að leggja fram meira af þessari upphæð en stjórn Landsbankans telur sjer fært að láta af hendi.

8. brtt. háttv. þm. Str. (TrÞ) er í þá átt, að gæslustjórar ræktunarsjóðsins skuli skipaðir af búnaðarþingi Íslands. Að efninu til hefi jeg ekki svo mjög á móti þessu, en eins og þetta er fram borið verður ekki hægt að framkvæma þetta. Það er sem sje ekki gert ráð fyrir, að gæslustjórar sjeu skipaðir til ákveðins tíma, heldur sitji þeir í starfinu þangað til þeir af einhverjum öðrum orsökum verða að láta af því. En búnaðarþingið kemur saman annaðhvert ár; nú er því nýlega slitið, og gat það því ekki tekið ákvörðun um skipun þessara gæslustjóra, en samkvæmt frv. á ríkisstjórnin nú að skipa þessa menn upp á lífstíð, og þó það ætti að berast undir búnaðarþingið, gæti það vel hent, að annar eða báðir fjellu frá t. d. mánuði eftir að búnaðarþinginu væri slitið. Er það sýnilegt, að því verður ómögulegt að nota þennan tillögurjett sinn, því það má alls ekki gera ráð fyrir, að hægt verði að bíða eftir því, að þingið komi saman næst. Jeg tek þetta fram hv. nefnd til athugunar, ef hún vildi koma fram með brtt. til 3. umr. um það, að gæslustjórana skuli skipa til ákveðins tímabils aðeins, og ætti þá að miða það við setu búnaðarþingsins. Þetta er ekkert nýmæli hjá okkur í löggjöfinni; þar er algengt að skipa menn til ýmissa starfa til ákveðins tíma, en eins og tillagan er borin fram nú er ekki hægt að samþykkja hana.

Um síðustu till. hv. þm. Str. hefi jeg það að segja, að jeg hefi þann metnað fyrir þessa stofnun, að jeg vil ekki láta ræktunarsjóðinn renna saman við aðra stofnun, þó að hann ætti kost á að verða þar áfram sem sjerstök deild, og jafnvel þó að um jafnvirðulega stofnun sje að ræða og ríkisveðbanka Íslands.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg skal vera stuttorður að þessu sinni, bæði af því að jeg vil ekki lengja umr. að óþörfu, og svo vegna þess, að þeir, sem enn hafa talað, hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Str. (TrÞ), hafa ekki gefið tilefni til langra andmæla.

Þeirra álit er ekki í neinum aðalatriðum frábrugðið áliti nefndarinnar. Þeir

eru báðir þeirrar skoðunar, að styrkja beri landbúnaðinn öfluglega, og þó að skiftar skoðanir kunni að vera um einstaka atriði, þá eru þau ekki þannig vaxin, að jeg þurfi að halda langa ræðu þeirra vegna.

Hæstv. fjrh. talaði m. a. um brtt. nefndarinnar við 8. gr., þar sem hún leggur til, að húsabætur sjeu gerðar jafnrjettháar jarðabótum, eða m. ö. o. að liðurinn, sem tekur jarðabætur fram yfir húsabætur, falli niður. Hæstv. ráðh. (JÞ) var ekki mótfallinn þessari brtt. og vitnaði rjettilega í, að seinna í greininni er ráð fyrir því gert, að stjórn sjóðsins geti, ef henni sýnist svo, krafist þess, að jarðabætur sjeu gerðar áður en fje er veitt til húsabóta úr sjóðnum.

Með tilliti til þessa ákvæðis og ætlunarverks sjóðsins yfirleitt bar nefndin fram umrædda brtt.

Þá sagði hæstv. fjrh., að sennilega væri engin þörf á því, að sjóðnum væri sjeð fyrir meiri tekjum en gert er ráð fyrir í stjfrv.

Það er ómögulegt að segja neitt um þetta atriði fyrirfram. Þörf sjóðsins á auknum tekjum verður undir því komin fyrst og fremst, hversu bændur færa sjer þessa nýju lánsstofnun í nyt.

Hæstv. fjrh. gat þess við 1. umr., að hann hefði þá trú, að lán úr sjóðnum yrðu lítil til að byrja með, en myndu aukast með tímanum, eftir því sem skilningur manna á nauðsyn jarðabóta glöggvaðist. Þetta er og í samræmi við álit Búnaðarfjelagsnefndarinnar, sem hefir upphaflega samið þetta frv., en hún lagði þó aðaláhersluna á, að þegar í byrjun væri trygging fyrir því, að sjóðurinn gæti starfað af fullum krafti, að grundvöllurinn væri lagður svo traustur, að byggja mætti töluvert stóra byggingu á honum. Þessi skoðun byggist á þeirri von og trú, að landbúnaðurinn íslenski eigi mikla og glæsilega framtíð fyrir höndum, ef honum eru veitt þau skilyrði, sem hann þarfnast.

Hæstv. fjrh. hjelt því fram, að ekki muni vera hægt að greiða atkv. um 2. brtt. nefndarinnar 1. lið, um tekjur af þjóðjörðum, sjerstaklega. Þetta má vel vera, en þá er hægurinn hjá að koma með aðra brtt. til 3. umr.

Annars er það um þessar tekjur að segja, að þó að þær sjeu nokkrar nú, þá er athugandi, að menn mega vinna afgjöldin af sjer, og það hlýtur að fara í vöxt, eftir því sem áhugi manna fyrir jarða- og húsabótum eflist, m. a. við það, að frv. þetta verður að lögum. En við það minka tekjur ríkissjóðs hvort eð er, svo að hann missir í rauninni ekki mikils, þó að þessar tekjur af þjóðjörðum verði látnar ganga til ræktunarsjóðsins.

Í sambandi við þessa brtt. sagði hæstv. ráðh. (JÞ), að með samþykt hennar væri löggjafarvaldið að gefa sjálfu sjer ofanígjöf, þar sem hún færi í bága við þau ákvæði, sem voru samþykt árið 1905. Hið sama má í rauninni segja um allar breytingar, sem gerðar eru á löggjöfinni, og þá ekki síður um þá breytingu, sem lögin frá 1905 gerðu á eldri löggjöf um þetta efni, en aðrar.

Þetta er engin ný bára, og enda þótt hæstv. fjrh. sje góður og gegn íhaldsmaður, þá hefir hann samt oftar en einu sinni stuðlað að því, að löggjafarvaldið veitti sjálfu sjer slíka ofanígjöf, með því að greiða breytingum á eldri lögum atkvæði.

Þá var hæstv. fjrh. mótfallinn því að leggja nýjar kvaðir á Landsbankann og

taldi hann svo sjerstæða stofnun, að ekki væri rjett að leggja á hann nema sem allra minstar kvaðir.

Þessu er því að svara, að enda þótt Landsbankanum verði gert að skyldu að sjá ræktunarsjóði fyrir húsnæði, þá er þetta ákvæði sama eðlis og sú kvöð, sem hæstv. ráðh. (JÞ) leggur bankanum sjálfur á herðar í stjfrv., þar sem sagt er, að bankinn skuli fyrst um sinn hafa á hendi afgreiðslu og bókhald sjóðsins fyrir þá þóknun, sem um semst. Það þarf að gera ráð fyrir húsrúmi fyrir meira en bókhald sjóðsins eitt og skjöl, því að stjórn hans verður að koma saman við og við, og er þá ekkert eðlilegra en að Landsbankinn leggi henni til húsrúm, þar sem hann hefir dagleg afgreiðslustörf sjóðsins á hendi.

Um það, hvort Landsbankinn sje alveg sjerstæð stofnun í landinu og þess vegna megi ekki hreyfa við honum litlafingri, skal jeg ekki deila mikið við hæstv. ráðh. (JÞ). Þó hefir mjer skilist, að skoða mætti framlög ríkissjóðs til bankans á þann veg, að bankinn geymdi í rauninni þetta fje fyrir landið, og eftir að ríkissjóður hefir lagt stórfje í fyrirhugaðan hlutabanka, sem nú á að smíða upp úr Landsbankanum, þá er ekki hægt að segja, að bankinn sje ríkisvaldinu með öllu óviðkomandi.

Í þessu sambandi er rjett að geta þess, að ætlun nefndarinnar er ekki sú, að leggja alveg á vald landsbankastjórnarinnar, hvenær hún kaupir vaxtabrjef ræktunarsjóðsins, þau, sem bankanum skal skylt að kaupa. Nefndin vill láta ákveða í þessum lögum, hvenær þeim kaupum skuli lokið, ef krafist verður, til þess að bankastjórnin geti ekki skotið sjer undan að verða við þessari skyldu sinni, eins og hún á sínum tíma vildi skjóta sjer undan því að láta búnaðarlánadeildina taka til starfa, sællar minningar.

Hvað því viðvíkur, að það sje nokkur sneypa fyrir ræktunarsjóðinn að vera til húsa hjá Landsbankanum, og þannig upp á bankans náð kominn, vegna þess að ríkissjóður leggi ræktunarsjóði meira fje en hann hefir lagt bankanum, þá er því að svara, að þessi röksemdaleiðsla hæstv. ráðh. (JÞ) kemur ekki vel heim við skoðun hans að öðru leyti.

Mjer skildist á orðum hans, að hann áliti Landsbankann ekki aðeins voldugri en ræktunarsjóðinn, heldur jafnvel voldugustu stofnun landsins, þar sem þingið má ekki einu sinni skifta sjer af honum, hvað sem við liggur.

Hæstv. fjrh. lagðist ekki beinlínis á móti brtt. nefndarinnar við 2. gr., um nýjan tollauka, er gangi til ræktunarsjóðsins, en gat þess hins vegar, að eins mætti taka lán í þessu skyni. En jeg vil nú beina því til hæstv. stjórnar, hvort ekki muni betur í samræmi við stefnu hennar í fjármálum yfirleitt að auka tolltekjur ríkissjóðs í þessu skyni en taka ný lán. Mjer hefir altaf skilist, að hún vildi leggja meiri áherslu á að borga skuldir ríkissjóðs en bæta á þær.

Jeg hafði orð á þeim kala, sem víða gerir vart við sig í kaupstöðum til sveitabúskaparins. Að vísu vildi jeg ekki gera mikið úr þessum kala, þó ekki verði því neitað, að hann sje til. En ekki mun það draga úr andúðinni milli sveita- og kaupstaðabúa, ef nú ætti að skattleggja allar innfluttar vörur fyrir landbúnaðinn.

Starfsvið sjóðsins er einnig ákaflega margvíslegt, því lánsþörfin er ekki eingöngu bundin við ræktun engja og túna, heldur og garðrækt, girðingar og húsabæt-

ur, ekki einungis að því er snertir íbúðarhús, heldur einnig gripahús, hlöður og áburðarhús. Það má að vísu um þetta þrátta. En það er trú mín, að með svona lagaðri hjálp mætti koma landbúnaðinum til viðreisnar.

IIv. þm. Str. (TrÞ) hefi jeg litlu að svara. Hann gat þess, að þetta þing væri þannig skipað, að nú væri betri aðstaða en áður að koma fram slíkri löggjöf, og betri en búast mætti við. Það gleður mig, að hv. þm. hefir þessa trú, einkum af því að flokkur hans er hjer ekki í meiri hl. Vona jeg, að þessi ummæli hans verði að áhrínsorðum.

Þá kvað hv. þm. (TrÞ) það reiðilaust af sinni hálfu, þó frv. stjórnarinnar gengi fram. Það er eðlilegt; bæði kom það fyr og er betur úr garði gert. Við tókum fult tillit til frv. hans og vísum til þess, en töldum óþarft, að það kæmi fram, eftir að hitt hafði gengið í gegnum búnaðarfjelagsnefndina. Viðvíkjandi brtt. búnaðarfjelagsnefndarinnar skal þess getið, að í landbn. hefir ekki unnist tími til þess að taka afstöðu til þeirra allra. Þó eru 2 brtt., sem landbn. leggur til, að samþyktar verði, og mun það sýna sig, að hún verður þeim fylgjandi. En þær brtt., sem fara í bága við nál., getur hún að sjálfsögðu ekki samþykt.

Hv. þm. Str. talaði um 2. brtt. sína og lagði áherslu á, að það ætti ekki að vera samningsatriði milli ríkissjóðs og ræktunarsjóðsins, hvenær og á hvern hátt yrði endurgreidd sú upphæð, sem fengin væri úr ríkissjóði í þessu skyni. Tók hann dæmi af sögufróðleik sínum, að árið 1864 hefði verið svo ákveðið eftir þýsk-danska stríðið, að atkvgr. skyldi skera úr, hvoru landinu Norður-Sljesvík skyldi fylgja. En þar sem ekkert tímatakmark var sett, hefði afleiðingin orðið sú, að pessi landshluti sameinaðist ekki Danmörku fyr en eftir heimsstyrjöldina.

Þetta er sjálfsagt sögulegur sannleikur. En dæmið haltrar að því leyti, að þar eru aðeins tveir aðiljar, en ekki sá þriðji, sem sker úr. En þess er að gæta, að milli þessara tveggja aðilja, ríkissjóðs og ræktunarsjóðs, er þriðji aðili, Alþingi, sem ágreiningsmálum yrði skotið til.

Brtt. við 2. lið, þskj. 229, viðvíkjandi tolli á útfluttum afurðum, verður tekin aftur til 3. umr. Hv. þm. (TrÞ) kvað þennan toll vera „permanent", og sagðist ekki vilja greiða atkv. „permanent" tolli til styrktar ræktunarsjóðnum. Satt er það, að þessi tollur er það að vissu leyti, en ekki að því er snýr að ræktunarsjóðnum, heldur sjávarútveginum. En hitt er eðlilegt, þegar ríkissjóður verður fyrir miklum útgjöldum, að þá verði honum eitthvað að koma í staðinn. Og jeg vildi beina þeirri spurningu til hv. þm. (TrÞ), hvaðan hann vildi fá þennan kostnað upp borinn.

Viðvíkjandi skattfrelsi vaxtabrjefanna ætla jeg engu að svara. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir þegar gert það, og hefi jeg þar engu við að bæta.

Að því er snertir 5. brtt. nefndarinnar, að síðasti hluti 8. gr. falli niður, þá hefi jeg lýst áliti mínu svo rækilega, að jeg sje ekki ástæðu til þess að taka það aftur fram.

Það er ef til vill fleira, sem ástæða væri til að minnast á, en að öðru leyti eru skoðanir okkar hv. þm. Str. svo náskyldar, að jeg sje ekki þörf á því að þrátta um þetta.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið. Jeg vil, að þessum umræðum sje lokið í dag, til þess að tryggð sje skjót afgreiðsla málsins.

Jeg skal þá fyrst lítillega víkja að orð-

um hv. frsm. (ÁJ) og hæstv. fjrh. (JÞ) og minnast síðan á till. annara háttv. þm. í röð.

Hv. frsm. sagði, að hjer væri um tvo aðilja að ræða, er jeg lagði áherslu á að gera ræktunarsjóð nú þegar sem sjálfstæðastan og óháðastan. Annarsvegar væri stjórn hans, hinsvegar landsstjórnin, en sá þriðji væri Alþingi, og mætti skjóta til úrskurðar þess, ef á milli bæri. En jeg vil benda á, að þar eigast tveir ólíkir við, því að ef sú landsstjórn, sem situr við meiri hluta þings, er annarsvegar, þá stendur hún betur að vígi á Alþingi. Ef við erum sammála um, að hægt sje að tryggja sjóðinn betur með því, þá á að setja lög um það nú þegar, hvenær og hvernig stjórn sjóðsins geti heimtað fjárframlög til hans úr ríkissjóði.

Þá kem jeg að útflutningsgjaldinu, sem á að leggja ræktunarsjóðnum til, svo að unt sje að stofna hann. Aðalhugsun mín er þessi: Við megum ekki misnota þá hönd, sem nú er fram boðin. En ef þessu er breytt í stöðugan skatt, þá er það misnotkun. Þess vegna get jeg ekki gengið inn á að láta stofnun ræktunarsjóðsins verða til aukinna álaga á sjávarútveginn fram yfir það, sem fram er boðið af hans hálfu og sem mjer þykir vel boðið.

Jeg felst á orð hæstv. fjrh., að þetta eigi fremur heima í skattafrv. Þetta er komið fram eftir ósk búnaðarfjelagsnefndarinnar, og mætti vel fresta til 3. umr.

Um 4. brtt. er ekki mikill ágreiningur milli mín og hæstv. fjrh. Mjer fanst hann ekki vera á móti því, að það væri á valdi stjórnar sjóðsins, hve háir vextir væru. Það, sem fyrir mjer vakti, var að stofna ekki til útgáfu vaxtabrjefa með alt of háum vöxtum — og sem leiða af sjer alt of háa útlánsvexti fyrir landbúnaðinn. Nú eru vaxtabrjefavextir 7—8% í reyndinni. Það var alt of hátt. Allir vona, að eftir stuttan tíma þurfi vaxtabrjefavextir ekki að vera svo háir. Og jeg vil ekki byrja útgáfu brjefa á þessum óhagstæða tíma. Það mundi verða hlekkur um fót sjóðsins, og það hlekkur, sem lengi yrði að vaxa, því að það er ekki fljótgert að kalla brjefin inn.

Sú af mínum brtt., sem hæstv. fjrh. var mest á móti, var sú, að vaxtabrjef ræktunarsjóðsins væru skattfrjáls. Hann leit svo á, sem það væri hættulegt fordæmi. En ef um fyrirtæki eins og hjer er að ræða, þá er hættan næsta lítil, en ýmislegt, sem mikið mælir með því. Það mun verða örðugast um sölu brjefanna í fyrstu, og því vil jeg með þessu hjálpa til að komast yfir byrjunarerfiðleikana.

Það er þá fyrst, að þessi hætta nær ekki til þess, sem selt er í útlöndum. Í öðru lagi nær hættan ekki til þess, sem opinberir sjóðir og stofnanir kaupa, því þeir eru skattfrjálsir hvort sem er. Hættan er þá aðeins sú, að einstaklingar eignist mikið og losni við skatt. En sú hætta er heldur ekki mikil, því stjórn sjóðsins getur á hvaða tíma sem er heft útgáfu hvers flokks brjefa, og er jeg fús til að athuga til 3. umr., hvort þessi sjerrjettindi ættu ekki að einskorðast við fyrsta flokk brjefa.

Hæstv. fjrh. fer of langt, þegar hann heldur, að öll önnur verðbrjef komi á eftir. Jeg vil treysta því, að Alþingi verði þar á verði. En jeg vil hlynna að sölunni í byrjun, af því að hún verður erfiðust.

Hæstv. fjrh. leit svo á í sambandi við 5. brtt., að ef nýjar jarðabætur yrðu teknar á skýrslur búnaðarfjelaganna, þá þyrfti að breyta reglugerð ræktunarsjóðsins samkvæmt því. En ef búnaðarfjelögin ákveða að bæta einhverju í skýrslur sín-

ar, þá er það af því, að um góðar og þarfar framkvæmdir er að ræða, sem rjett er að styrkja.

6. brtt. var hæstv. fjrh. (JÞ) samþykkur. Almenn vegalagning kemur þar auðvitað ekki til mála.

Þá kem jeg að 7. brtt., um Landsbankatillagið. Aðalatriðið er fyrir mjer, að það sje á valdi stjórnar sjóðsins, hvort hún lætur fyrir vaxtabrjef eða ekki. Ef hún vill afhenda vaxtabrjef, þá getur hún það eftir sem áður. En það, sem fyrir mjer vakir, er að forða sjóðnum frá því að gefa út vaxtabrjef með ókjörum. Jeg vil, að ekki þurfi að gefa út brjef með 6% vöxtum, sem með afföllum og öðrum kostnaði verða í reyndinni yfir 7%, ef lægra er framundan.

Viðvíkjandi 8. brtt., að gæslustjórar verði skipaðir að tilhlutun búnaðarþingsins, þá kvað hæstv. fjrh. það ekki framkvæmanlegt. En það er einmitt vel framkvæmanlegt, og búnaðarþingið er þegar fyrirfram búið að gera ráðstafanir til þess, að menn verði útnefndir af þess hálfu.

Hæstv. fjrh. sagði lítið um ríkisveðbankann. Hann kvaðst hafa þann metnað fyrir ræktunarsjóðsins hönd, að hann vildi ekki sameina hann annari stofnun. Hið praktiska er aðalatriðið í þessu máli, og hæstv. fjrh. ætti að láta sjer jafnant um hvorttveggja. Jeg bar þetta fram af því jeg áleit rjett, að óbundið væri og opin leiðin, að í framtíðinni ætti lánsstofnunin að geta verið ein fyrir bæi og sveitir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þegar jeg talaði um annan liðinn í 2. brtt. nefndarinnar og sagði, að hann væri eins og löggjafarvaldið væri að gefa sjálfu sjer ofanígjöf, þá var það ekki svo mjög vegna efnisins í tillögunni, heldur vegna þess, að það, sem leggja á fram, er reiknað út eins og það væri skuld. Þess vegna er eins og verið sje að gefa löggjafarvaldinu 1905 ofanígjöf, eins og það hefði ekki átt með að ákveða, að þessir vextir af ræktunarsjóði skyldu renna í ríkissjóð.

Jeg veit ekki alveg, hvað jeg á að leggja upp úr ummælum hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) viðvíkjandi vaxtabrjefakaupum og skyldu Landsbankans til þess að kaupa. Samkv. 6. brtt. nefndarinnar á stjórn bankans að kaupa brjef fyrir þá upphæð, sem lögin um búnaðarlánadeild mæla fyrir, að Landsbankinn skuli leggja þeirri deild. En sú upphæð er ekki fastákveðin í þeim lögum, heldur er einungis sett hámark fyrir henni, samtals er það „alt að“ 1¼ milj. kr. Innan þess hámarks ræður bankastjórnin, hve mikið hún leggur deildinni. Þannig skil jeg skyldu bankans samkv. lögunum um búnaðarlánadeildina, og eigi þessi ákvæði í till. nefndarinnar að skiljast þannig, hefi jeg ekkert við þau að athuga. En ef eitthvað annað á að koma til, ef stjórn bankans segist ekki hafa fje til þessara lána, þá er hjer um nýmæli að ræða, og verður þá að orða till. öðruvísi. En jeg vona, að svo sje ekki, heldur meini hv. nefnd aðeins það, sem jeg hefi lýst.

Það hafa orðið hjer nokkrar umræður um það, sem jeg sagði um afstöðu Landsbankans til ríkisins og löggjafarvaldsins. Hv. þm. Str. (TrÞ) benti á, að nú væri verið að löggefa um þessa stofnun, meðal annars með frv. um fiskifulltrúann á Spáni. Það er alveg rjett, að það heyrir undir löggjafarvaldið að löggefa um starfsemi Landsbankans, og það má vel líta svo á, að með frv. um fiskifulltrúann á Spáni sje verið að löggefa um starfsemi bankans, því að ætlast er til, að bankarnir

njóti hagsmuna af þeirri tilhögun, móts við framlagið, sem af þeim er krafist. Þetta hafa líka bankastjórarnir sýnt með því að eiga frumkvæðið að því, að ráðið sje fram úr þeim málum á þann hátt, sem það frv. fer fram á. En það, sem jeg taldi óheimilt, var það, að leggja sjerstakar fjárkvaðir á Landsbankann til þess, sem starfsemi hans er óviðkomandi. Og það er ekki af því, að hann er voldugasta stofnun ríkisins, eins og hv. frsm. (ÁJ) sagði. Nei, heldur er það af hinu, að svo er litið á löggjafarvald heildarinnar gagnvart einstaklingunum, að ekki sje hægt að neyða neinn einstakling nje stofnun til þess að láta eignir sínar af hendi án endurgjalds. Stjórnarskráin verndar þennan eignarrjett einstaklinganna. Ef menn því játa, að Landsbankinn sje sjálfseignarstofnun, þá á hann að njóta þessara rjettinda. Hjer er ekki að ræða um veldi, heldur um það eitt að skoða hann að þessu leyti hliðstæðan borgurunum og öðrum stofnunum í þjóðfjelaginu. Aftur á móti yrði hann að sjálfsögðu sem banki að beygja sig undir allar þær almennu ákvarðanir, sem löggjafarvaldið setti bönkum. Jeg meina, að svo framarlega sem ríkið ekki tekur á sig fullkomna ábyrgð á skuldbindingum bankans, þá eigi innstæðueigendur, þeir sem leggja fje sitt í bankann, fullan rjett og kröfu á því, að bankinn njóti sömu rjettinda og aðrar stofnanir og borgarar ríkisins, þannig að eignirnar sjeu ekki teknar án endurgjalds með lagaákvæðum. Þetta er rjett afleiðing af afstöðu bankans eins og jeg hygg að hún sje. Jeg skal benda á aðra stofnun, sem enginn ágreiningur er um, að þetta er þannig vaxið. Það er veðdeild Landsbankans. Það er enginn ágreiningur um það, að löggjafarvaldið getur ekki með einu eða neinu lagaboði lagt fjárkvaðir á veðdeild Landsbankans, og ef það gerði það, gæti hver veðbrjefaeigandi sem vildi snúið sjer með kæru til dómstólanna og rekið rjettar síns. En ef verið væri að lögbjóða um veðdeildir alment, þá yrði veðdeild Landsbankans auðvitað að beygja sig undir slík almenn ákvæði.

Út af því, sem jeg mintist á um það, að hægt væri í ræktunarsjóðsfrv. sjálfu að tryggja ræktunarsjóðnum framlag úr ríkissjóði án tollafrv., gat hv. frsm. (ÁJ) þess, sem auðvitað er rjett, að stjórnin mundi ekki vilja taka lán í þessu augnamiði. Mjer dettur ekki í hug, að hnúturinn verði leystur á þann hátt, jafnvel þótt heimild um slíka lántöku yrði sett inn í ræktunarsjóðsfrv., til þess að stjórnin gæti á engan hátt skotið sjer undan að uppfylla þá skyldu, sem frv. leggur henni á herðar.

Þá lýsti hv. frsm. (ÁJ) því, að þörfin fyrir lán úr þessari stofnun yrði afarmikil þegar í byrjun. Jeg neita því ekki, að þörfin er mikil, en vil aðeins minna á það, að þessi lánsþörf, sem hjer um ræðir, hlýtur að vera sama lögmáli undirgefin og allar þarfir landsmanna nú: Að meðan menn eiga það vofandi yfir höfði sjer, að gildi peninga hækki um 50% á næstu árum, þá verða þeir varkárari í að taka lán, eins og allir eiga og verða að vera meðan svo stendur á sem nú. Nú er ekki tími til að taka önnur lán en þau, sem fyrirsjáanlegt er, að gefa mikinn og fljóttekinn arð, því að menn geta átt á hættu, að önnur lán verði þeim of þung byrði. Á þessu byggi jeg það, að eftirspurnin eftir lánum úr þessari stofnun verði lítil einmitt fyrst í stað. Jeg veit, hvað þýðir fyrir lántakendur að hafa hækkun peninganna vofandi yfir höfði sjer, og skilningur á því efni er nú óðum að breiðast út, svo að menn eru var-

kárir á lántökum nú, eins og þeir líka eiga að vera.

Hv. þm. Str. (TrÞ) bar fram þá fyrstu ástæðu, sem jeg hefi enn heyrt fyrir því að auka sjóðinn nú þegar, þó að það sje vitanlega aðeins rjettmæt ástæða fyrir þá, sem eru sömu trúar og hann. En hún var sú, að hann taldi enga tryggingu fyrir því, að seinni þing yrðu þannig skipuð, að þau yrðu fús til að leggja fram fjármagn til aukningar þessari stofnun. Jeg játa það hiklaust, að ef jeg hefði þá trú, að seinni þing yrðu ekki fús til þessa, þá hefði jeg sjálfur átt frumkvæði að því, að aukning sjóðsins yrði gerð nú þegar, en mjer dettur bara alls ekki í hug, að seinni þing muni vanta viljann til þessa. En eins og jeg hefi áður sagt, jeg er ekkert á móti því, að þetta verði gert nú þegar, ef menn vilja leggja á sig þær byrðar, sem það kostar.

Mjer skildist, að hv. þm. Str. (TrÞ) ætli að taka aftur 3. lið brtt. sinnar nú, og get jeg því alveg slept að tala um hann.

Hv. þm. (TrÞ) er, að því er mjer virðist, of hræddur við vaxtabrjefasöluna og þá háu vexti, sem hún mundi hafa í för með sjer. Hann gerði ráð fyrir, að Landsbankinn keypti nú þegar brjef fyrir 1 milj. kr. með 6% vöxtum. Þetta nær vitanlega engri átt. Að vísu er ekki annað tekið fram í frv. um þetta en að heimilt sje að selja brjef fyrirfram, en vitanlega verður þessi heimild ekki notuð þannig, heldur selja menn ekki meiri upphæð í brjefum fyrirfram en víst er um, að gangi út í lánum á næstunni. Það kom jafnvel til mála að setja einhverjar takmarkanir fyrir fyrirframsölu, en jeg fyrir mitt leyti var á móti því, þar sem jeg taldi víst, að sjóðstjórnin myndi ekki selja meira af brjefum með háum vöxtum en það, sem hún væri viss um að koma út áður en vextirnir lækkuðu. En ef menn væru hræddir um þetta, mætti setja varnagla við því í sjálft frv. En það er að minni hyggju aldeilis óþarft. Ekki get jeg heldur fallist á, að það sje rjett hjá hv. þm. (TrÞ) að gera ráð fyrir 7—8% útlánsvöxtum af lánum sjóðsins, jafnvel þótt vextir vaxtabrjefanna verði 6%, sem er líklegt. En viðvíkjandi till. hv. þm. (TrÞ) um skyldu Landsbankans til að kaupa vaxta- eða skuldabrjef af ræktunarsjóðnum, þá skal jeg bæta því við það, sem hann sagði, að það er náttúrlega innan handar að orða till. þannig, að ræktunarsjóðurinn njóti sömu vaxtakjara við kaup af Landsbankanum og búnaðarlánadeildin átti að njóta. Eins er það, að með því að setja rjett verð á vaxtabrjefin, þá má fá út hvaða vaxtafót sem menn vilja, án tillits til þess, hver var vaxtafótur brjefanna upphaflega. Jeg veit, að það er ljettara fyrir Landsbankann að taka vaxtabrjef heldur en skuldabrjef, og vil því skjóta því til hv. þm. Str. (TrÞ), hvort hann vill ekki athuga þetta nánar og taka aftur till. sína til 3. umr. En jeg verð að álíta, að ekki sje rjett að setja ákvæði um vexti 1. flokks í lögin sjálf.

Viðvíkjandi fyrirhugaðri sameining ríkisveðbankans og ræktunarsjóðsins vil jeg benda á það, að verkefni þessa sjóðs er sannarlega nokkuð sjerstaks eðlis, og mjer finst, að hvorki í byrjun nje síðar muni veita af því, að sjerstakur maður hafi það starf með höndum að sinna þessum lánveitingum. Það er lögð áhersla á það, að gæslustjórarnir sjeu skipaðir eftir till. Búnaðarfjelags Íslands, en ef sjóðurinn verður sameinaður ríkisveðbankanum, get jeg ekki sjeð, að nein trygging sje fyrir því, að forstjóri þeirrar stofnunar verði

sjerstaklega lipur við að sinna kröfum sveitabænda, nje að gæslustjórar verði valdir eftir till. Búnaðarfjelags Íslands. Jeg verð því að segja, að sú trygging, sem menn vilja gefa lántakendum fyrir því, að stjórn sjóðsins líti vel á þeirra mál, rýrnar ekki lítið, ef leggja á sjóðinn sem eina deild undir stærra fyrirtæki, sem hefir alt önnur viðfangsefni, sem nema kannske miklu meira að veltufje til en ræktunarsjóðurinn. Þess vegna tel jeg óþarfa að gera ráð fyrir þessari sameiningu; jeg þykist hins fullviss, að þeir, sem eiga að nota þessa stofnun, muni ekki vilja missa sjálfstæði hennar eftir að þeir einu sinni hafa fengið það.

Þá vil jeg að lokum minnast á skattfrelsið. Hv. þm. Str. (TrÞ) taldi litla hættu mundu af því stafa og benti á, að þeir útlendingar, sem brjefin kaupa, yrðu að borga skatt af þeim í sínu eigin landi. Þetta er að líkindum rjett; þó er jeg ekki viss um, að svo þurfi að vera, því dæmi eru til þess, að ríki hafa fengið því framgengt, að skattfrjáls brjef þeirra væru og skattfrjáls í öðrum löndum. Hv. þm. (TrÞ) benti og á, að aðallega myndu opinberir sjóðir kaupa þessi brjef, og þeir væru skattfrjálsir hvort sem væri. En þá er líka þess að gæta, að skattfrelsið er því engin hvöt fyrir þá til þess að gefa hærra verð fyrir brjefin. Því er nú ekki að leyna, að í byrjuninni má gera ráð fyrir, að kaup brjefanna gangi einkum í þessar tvær áttir, sem nefndar hafa verið, svo að engin líkindi eru til, að skattfrelsið hafi í fyrstu nokkur áhrif á gangverð brjefanna. En því minni ástæða er til þess að fara inn á þessa hálu braut. Við megum vera vissir um, að aðrir koma á eftir, og þá verður erfiðara að sporna á móti, þegar þetta fordæmi er gefið. Nú virðist okkur viðfangsefnið vera þannig vaxið, að það leyfi okkur að gera þessa undanþágu, en við megum eiga von á að fást við önnur viðfangsefni eftir t. d. 2 ár, sem sýnast leyfa hið sama, ef nú er látið undan.

Síðast þetta. Mjer virðist ekki rjett að vísa til skýrslna búnaðarfjelaganna í lögunum. Það getur vel hugsast, að upp í þær skýrslur verði ýmislegt tekið, sem ekki er hægt að veita lán til, og það á ekki við að segja í lögum, að með reglugerðarákvæðum megi veita lán til þessa og hins, ef vitanlegt er, að heimildin verður aldrei notuð. Að binda takmörkin fyrir lánunum við svo breytileg skjöl sem skýrslur búnaðarfjelaganna er því algerlega ófært.

Jakob Möller: Jeg lýsti afstöðu minni til þessa frv. við fyrstu umr., og er óþarft að jeg geri það aftur nú. Aðeins vil jeg benta á, að þá var gengið út frá, að hjer væri aðeins að ræða um lánsstofnun til ræktunar, en nú er bert, að svo er ekki, heldur er hjer verið að koma á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn bæði til ræktunar og húsabygginga. Hjer er verið að gera algeran aðskilnað á milli kaupstaða og sveita. Jeg vil minna á það í þessu sambandi, að er rætt var um ríkisveðbankann, þá var samkv. till. hæstv. fjrh. (JÞ) ekki meiningin sú, að ganga svo langt í aðskilnaðinum sem hjer er gert. Þessi skýring á frv. er í till. hv. nefndar undirstrikuð með því, að lagt er til að breyta ákvæðunum um, að ræktunarlán gangi fyrir byggingarlánum, eins og upphaflega stóð í frv. Jeg býst við, að með þeirri breytingu muni jafnvel svo fara, að þessi lánsstofnun muni aðallega verða til þess að styðja byggingar í sveitum, að

megnið af því fje, sem hún fær til umráða, gangi til húsabóta þar. Og í sjálfu sjer er ekkert við þetta að athuga. Sveitirnar hafa vissulega þörf á byggingarlánum, og það er ekki nema eðlilegt, að þeim þörfum sje fullnægt. En hitt ber að athuga, að með þessu móti verður ástæðan til þess að skilja á milli kaupstaða og sveita í þessu máli enn minni en áður. Og jeg sje ekki heldur, að með þessu frv. sjeu þarfir sveitanna neitt betur bættar en með lögunum um ríkisveðbankann. Ef ríkisveðbankinn væri stofnaður, væri alveg eins hægt að sjá fyrir því, að lán til sveitanna gengju fyrir öðrum lánum. Tilgangurinn getur því ekki verið annar en sá, að útiloka kaupstaðina frá því að fá sínum þörfum fullnægt. Því með því að stofna þessa stofnun er vitanlega komið í veg fyrir, að nokkur veðlánsstofnun komist upp fyrir kaupstaðina í náinni framtíð. Mjer virðist óþarft að tala um, hvort sameina megi þessa stofnun ríkisveðbankanum eða ekki, því að afleiðingin hygg jeg, að verði sú af þessum lögum, að ríkisveðbankinn komist ekki á fót í bráð. En komist hann á stofn, er enginn vafi á, að hann sem sjerstök stofnun yrði skæður keppinautur þessarar stofnunar í verðbrjefasölunni, og væri þá ver af stað farið en heima setið.

Hv. frsm. (ÁJ) talaði um kalann, sem andaði frá kaupstöðunum til sveitanna. Jeg held nú, að vindurinn standi úr öfugri átt. Mjer finst meðferð þessa máls, og sjerstaklega ummæli hv. frsm. (ÁJ) um lán til jarðræktar hjer í Reykjavík, heldur bera vott um miður hlýjan hug sveitanna til kaupstaðanna. En jeg get tekið undir með hæstv. fjrh. um það, að jeg veit ekki til, að kaupstaðirnir beri neinn kala til sveitanna. Jeg veit nú raunar, að það hefir ekki mikið að þýða að andmæla frv. eða stefnu þess. Forlög þess munu þegar ráðin. Jeg skal þó geta þess að jeg tel illa farið, að ekki hefir verið tekið til athugunar í sambandi við þetta, hvort ekki væri rjett að láta ríkisveðbankann hafa á hendi seðlaútgáfu fyrir landið. Jeg gæti trúað, að svo færi, að sú skipun, sem stjórnin hefir lagt til, að komið yrði á, strandaði einmitt á því, að menn vildu hafa seðlaútgáfuna sjerstaka stofnun, eða lausa við almennu viðskiftabankana. Jeg tel sennilegt, að færasta leiðin til samkomulags væri sú, að fela ríkisveðbankanum seðlaútgáfuna. Ef það væri gert, yrði ríkisveðbankinn vonandi svo voldug stofnun, að þessi lánsstofnun hefði heldur en hitt hagnað af sambandinu.

Um einstök atriði skal jeg ekki segja margt, enda hefi jeg ekki athugað frv. svo rækilega sem skyldi. Jeg vil þó taka það fram um vaxtabrjefasöluna, að jeg tel varhugavert að veita ótakmarkaða heimild til útgáfu og sölu vaxtabrjefa fyrirfram. Jeg hygg, að freistingin til að selja verðbrjef gæti orðið svo rík, að varúðin yrði að lúta í lægra haldi, og því rjettara að hafa einhverja takmörkun á því, hvað út mætti gefa.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi víkja að. Það er lánstíminn, sem ákveðinn er fyrir lán til bygginga. Í aths. við frv. er gerð grein fyrir þessu ákvæði, og ekki talið fært, af því vextir sjeu nú háir, að binda eftirkomendunum bagga með því að hafa lánstímann lengri en 20 ár. En það er misskilningur, að mönnum sje bundinn baggi með lengri lánstíma, því samkv. öðrum ákvæðum frumvarpsins er heimilt að taka lán, ef þess er kostur, með betri vaxtakjörum og borga upp dýrara lánið. Jeg hygg, að með því að hafa lánstímann svona stuttan sje lántakanda bundinn alt of þungur baggi, þegar um er að

ræða lán til óarðberandi framkvæmda eins og húsbygginga. Árleg afborgun yrði svo mikil, að mörgum kotbóndanum mundi veitast örðugt að standast þau gjöld, og gæti þá svo farið, að lánið reyndist sannkölluð hefndargjöf.

Annað hefi jeg ekki að athuga við einstök atriði að þessu sinni. Vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg skal vera stuttorður. Óska, að atkvgr. geti farið fram sem fyrst.

Jeg ætla fyrst að svara háttv. þm. Str. (TrÞ) nokkrum orðum, sem jeg gleymdi síðast. Hann talaði um að sameina ræktunarsjóðinn við fyrirhugaðan ríkisveðbanka og mælti með því, að sú sameining kæmist á. Jeg vil benda honum á, að í greinargerð þess frv., sem hann sjálfur flytur um ræktunarsjóð hinn nýja, standa þessi orð:

„.... Að öllu þessu athuguðu ræður nefndin eindregið til, að komið verði upp sjerstakri lánsstofnun, er hafi það hlutverk einungis að stuðla að því að rækta og byggja landið.“ —

Hjer kemur skoðun Búnaðarfjelagsins skýrt fram, og þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

Þá vík jeg að hæstv. fjrh. (JÞ) út af skyldu Landsbankans til að kaupa verðbrjef sjóðsins. Hann vildi fá að vita, hvenær bankinn ætti að kaupa. Nefndin ætlast til, að því sje lokið fyrir árslok 1926, ef ræktunarsjóðurinn krefst þess, eins og ákveðið var um búnaðarlánadeildina.

Um brtt. er það að segja, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafði fyrir nefndarinnar hönd talað við stjórn Landsbankans um þessi vaxtabrjefakaup, en svar bankastjórnarinnar var ekki komið, þegar við gerðum nál. En við nefndarmenn getum sætt okkur við, að stjórnin semji. Hvað því viðvíkur, að Alþingi megi ekki hlutast þannig til um starfsemi bankans, nægir að vísa til álits síðasta Alþingis í sambandi við stofnun búnaðarlánadeildarinnar. Þá var bankanum skipað fyrir um ráðstöfun ákveðinnar upphæðar, þó að við vildum ekki hafa orðalagið ákveðnara en alt að þessari upphæð. Þess vegna get jeg ekki gengið frá því, að Alþingi hefir lýst yfir með yfirgnæfandi meiri hluta, að það hefði vald til að gera ákvarðanir um fjármál bankans í stórum dráttum. Auðvitað er, að það muni ekki skifta sjer af smærri viðskiftum.

Þá er það viðvíkjandi þessari 1 miljón til aukningar sjóðnum, sem hæstv. fjrh. hjelt fram, að ekki væri þörf á. Um það er erfitt að segja. Það má hugsa sjer, að sjóðurinn krefðist þess ekki næstu ár, en svo kynni að verða skift um stjórn, og þá kæmi til valda stjórn, sem ekki vildi viðurkenna þá varfærni, er núverandi stjórn hefir sýnt. Gæti þá vel farið svo, að tekið yrði lán og ríkinu bundinn skuldabaggi, ef ekki verður gengið frá þessu nú.

Þá var það hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem mælti mjög hóflega á móti frv. Hann hjelt því fram, að frv. hefði orðið fyrir allmiklum breytingum hjá landbn., að þar sem áður hefði eingöngu verið gert ráð fyrir lánum til ræktunar, væri nú ennfremur ákveðið að lána til húsabygginga. Þetta sýnir, að hv. þm. (JakM) hefir ekki lesið frv. við 1. umr., því að í 8. gr. stendur berum orðum:

„Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðinni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega

skal þess krafist, að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn ræktunarsjóðs telur hæfilegt.“

Hv. þm. sagði, að breytt væri um tilgang, þar sem nú væri einnig gert ráð fyrir lánum til húsabóta. Það er rjett, að gert er ráð fyrir húsbyggingalánum, en það var áður gert, eins og jeg hefi sýnt. Slík lán eru engu síður nauðsynleg, því að mikill tími og fje fer til þess að dytta að ljelegum kofum. Hv. þm. talaði um, að verið væri að skilja á milli kaupstaða og sveita og að tilgangur nefndarinnar gæti ekki verið annar en sá, að útiloka kaupstaðina frá þessum lánum. En þetta er ekki rjett. Það er alls ekki verið að útiloka kaupstaðina frá ræktun. Það er verið að efla hana. Hann hjelt því fram, að enginn kali væri milli sveita og kaupstaða. En af hverju er þetta frv. fram komið? Það er af því, að ekki hefir verið nægur skilningur, ekki nóg samúð nje vilji til þess að verða sveitunum að liði.

Hvað viðvíkur ríkisveðbankanum, sem talað hefir verið um í þessu sambandi, þá hefir hæstv. fjrh. (JÞ) svarað því. Jeg held jeg fari rjett með það, að hann hafi haft eftir sjerfræðingi, að ríkissjóður legði fram fje til viðreisnar landbúnaðinum af því að hann hefði orðið fyrir órjetti. Jeg er ekki í neinum vafa um, að eins mundi fara með ríkisveðbanka. Kaupstaðirnir myndu njóta hans, en ekki sveitirnar. Jeg get bent á, að aðallánsstofnunin á Austurlandi hefir sett fasta miklu hærri upphæð til kaupstaða, og þó eru þar miklu ótryggari viðskifti en í sveitunum. Að lánstíminn sje of stuttur fyrir sveitirnar viðurkenni jeg að er rjett, og mun því verða breytt við 3. umr. Hefir háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) orðið hjer landbúnaðinum óviljandi til gagns.

Jakob Möller: Hv. frsm. (ÁJ) hefir misskilið mig. Jeg sagði ekki, að frv. hefði verið breytt þannig, að nú væri sjóðnum ætlað að lána fje til bygginga. Jeg vissi, að fyrir því var ráð gert áður, en þá var það aukaatriði. Nú leggur nefndin til, að þetta ákvæði, um að jarðræktin skuli ganga fyrir, sje felt niður. Það var sú breyting, sem jeg átti við.

Háttv. frsm. (ÁJ) heldur því fram, að sveitirnar geti ekki notast við sömu lánsstofnanir og kaupstaðir, af því að þær geti ekki fengið hentug lán hjá bönkunum. Fasteignalánsstofnanir munu þó alls ekki setja sveitirnar hjá. Því fer fjarri, að veðdeild Landsbankans hafi síður gefið sveitunum kost á lánum. Það, sem hv. frsm. sagði um lánsstofnunina á Austfjörðum, sannar ekkert, því að þar er vitanlega ekki um fasteignalánsstofnun að ræða, heldur almennan viðskiftabanka.

ATKVGR.

Brtt. 275,1 feld með 13:4 atkv.
— 229,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr. þar með ákveðin.
Brtt. 229,2, 1. tölul., samþ. með 14:3 atkv.
— 275,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 229,2, 2. tölul., þar með ákveðin.
— 229,2, 3. tölul. 1. málsl., samþ. með 17 shlj. atkv.
— 229,2, 3. tölul. 2. málsl. (verður 4. liður) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 291 tekin aftur.
— 275,3 tekin aftur.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 275,4.a samþ. með 18 shlj. atkv..
— 275,4.b feld með 14:3 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 229,3 samþ. með 13:9 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 229,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 275,5 feld með 15:6 atkv.

— 229,5 samþ. með 18:2 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

9.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 275,6 samþ. með 20 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

14.—26. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 275,7 feld með 12:8 atkv.

— 229,6 samþ. með 16:1 atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 275,8 feld með 12:10 atkv.

28. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

29.—32. gr. samþ. með 21 atkv.

33. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 275,9 samþ. með 14:9 atkv.

Ný 34. gr. þar með ákveðin.

34.—35. gr. (verða 35.—36. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 298, 307, 309, 316, 326, 336, 338, 339, 375, 383).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 375 og 383. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Árni Jónsson): Það er auðsjeð, að þetta mál hefir vakið meiri athygli og verður rætt meira en önnur mál í þessari háttv. deild; það sýnir ljósast allur sá sægur af brtt., sem fram hefir komið við frv. Að menn hafa svo mikið hugsað um þetta mál og gert brtt. við frv., stafar ekki af því, að málið hafi verið svo illa undirbúið. Í fyrsta lagi hefir Búnaðarfjelagsnefndin undirbúið þetta frumvarp mjög vel; þá hefir það gengið í gegnum hendur hæstv. stjórnar, og svo hefir landbn. þessarar hv. deildar sint málinu með mestu alúð og gaumgæfni. Þetta stafar alt af því, að áhugi er vaknaður á þessum málum og öllum er augljós orðin þýðing þess. En að öðru leyti ætla jeg mjer ekki að fjölyrða um þetta, og sný mjer því að þeim brtt., sem fyrir liggja, og tek þær til athugunar. Skal jeg leitast við að vera stuttorður og ætla jeg að taka brtt. eftir röð.

Þá er fyrst brtt. á þskj. 307, frá hæstv. atvrh. (MG), þess efnis, að gjald það, er lántakendur eiga að greiða í ræktunarsjóðinn, falli niður meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefanna. Þetta ljettir undir með lánþegum, því menn vonast eftir því, að vextir af næstu flokkum vaxtabrjefanna verði lægri, og hefir því nefndin óskað eftir, að þessi brtt. verði samþykt.

Þá eru 11 brtt. á þskj. 309 frá hæstv. fjrh. (JÞ), og er yfirleitt meiri hluti þeirra til bóta á frv., enda þótt nefndin hafi ekki getað fallist á þær allar.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. og fer í þá átt að fella niður ákvæðið um það, að tekjur af þjóðjörðum skuli árlega renna til sjóðsins. Nefndin hefir sömu afstöðu til þessarar till. nú sem við 2. umr. Fjórir nefndarmenn eru henni andvígir, en

einn hefir áskilið sjer óbundið atkvæði um hana.

Þá er næsta brtt. hæstv. fjrh. (JÞ) um, að fyrir 30 ár í síðustu málsgr. 3. gr. komi 35 ár. Þessi till. stendur í beinu sambandi við aðra brtt., sem hann flytur við 13. gr. d., þar sem lagt er til, að lánstíminn til húsabóta sje hækkaður úr 20 upp í 25 ár. Þess vegna er einnig nauðsynlegt að hækka þetta tímatakmark, og mælir nefndin öll með þessari brtt.

Næsta brtt. er við 4. gr. og fer fram á, að felt verði burt ákvæðið um, að Landsbankinn skuli láta ræktunarsjóði í tje ókeypis húsnæði til starfrækslu og trygga geymslu fyrir skjöl og fje. Hæstv. fjrh. gat þess, að þetta væri ekki svo stórvægilegt fyrir sjóðinn úr því sem komið er, og er það að vissu leyti rjett, enda hefir nefndin óbundin atkv. um þessa till. Jeg fyrir mitt leyti get gjarnan gengið að henni nú, eftir að samkomulag hefir náðst við bankastjórnina um ýms mikilvægari atriði.

Þá koma 2 brtt. við 6. gr. Önnur á þá leið, að í stað 4% komi 3½%, en hin, að fyrir 10% á tveim stöðum í greininni komi 15%. Um þessar brtt. hefi jeg það eitt að segja, að nefndin er þeim samþykk. Og sama er að segja um brtt. hæstv. fjrh. við 8. gr. Nefndin vill samþykkja hana.

Næsta brtt. er við 13. gr., og fer hún í þá átt að taka út úr frv. hámarksákvæðið um lánsupphæð út á einstaka fasteign, en í þess stað ákveða það í reglugerð. Nefndin hefir getað fallist á þessa tilhögun, og leggur því til, að brtt. nái fram að ganga.

Þá er næsta brtt. um lánstímann til húsabóta. Þetta atriði var talsvert rætt við 2. umr., og kom mönnum yfirleitt saman um, að 20 ár væru of skammur tími. Nefndin var og á þessari skoðun, og hefir því borið fram brtt. á þskj. 339, um að lengja tímann upp í 30 ár; en þá brtt. mun hún taka aftur og mæla með brtt. hæstv. fjrh. um að ákveða tímann 25 ár.

Aftur er öðru máli að gegna um c.- og d.-lið 6. brtt. hæstv. fjrh., sem stefna að því að skylda menn til að greiða afborganir þegar frá upphafi af lánum, sem veitt eru samkv. d.-lið greinarinnar til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga. Nefndin vill ekki ganga inn á, að um þessi lán gildi önnur fyrirmæli að þessu leyti en um lánin samkv. c.-lið 13. gr., sem mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

Þá er næsta brtt. við 14. gr., um að fjrh. skuli ákveða upphæð brjefa þeirra, sem stjórn sjóðsins sje heimilt að selja fyrirfram. Þetta ákvæði er til framhalds því, sem nú segir í greininni, að stjórn sjóðsins megi semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram, enda samþykki ráðherra söluverðið, og er til bóta, að áliti nefndarinnar.

Sama máli gegnir um brtt. hæstv. fjrh. við 18. gr., um að bæta þar við orðinu „veðkröfur".

Þá kem jeg að brtt. hæstv. fjrh. við 27. gr., um að í stað þess, að svo sje kveðið á, að Landsbankinn skuli greiða með nafnverði þau vaxtabrjef ræktunarsjóðs, sem honum er gert að skyldu að kaupa, komi „með gangverði, er ráðherra samþykkir." Nefndin getur ekki sætt sig við þessa brtt., en lítur hinsvegar svo á, að þessu atriði beri að skipa með sjerstökum samningi milli Landsbankans og landsstjórnarinnar.

Við 2. umr. gat jeg þess, í sambandi við viðbótartill. landbúnaðarnefndar við þessa grein, þar sem Landsbankanum var

gert að skyldu að kaupa vaxtabrjef ræktunarsjóðs fyrir jafnháa upphæð sem hann skyldi leggja búnaðarlánadeildinni samkvæmt lögum frá síðasta þingi, að samningatilraunir um þetta atriði væru ekki um garð gengnar við Landsbankastjórnina, en þó hefðu undirtektir hennar ekki verið viðunandi, að dómi nefndarinnar. Nú má telja víst, að þessu máli verði ráðið til lykta með samningi milli bankans og hæstv. stjórnar, og hefir þegar verið samið uppkast að þeim samningi; uppkast, sem báðir aðiljar hafa gengið að, og er málinu því sama sem til lykta ráðið nú þegar. Jeg tel rjett að lesa þetta uppkast fyrir háttv. deild, en það hljóðar þannig (með leyfi hæstv. forseta):

„Það hefir orðið að samkomulagi milli fjármálaráðherra Íslands annarsvegar og stjórnar Landsbanka Íslands hinsvegar, að Landsbankinn lofar að kaupa af Ræktunarsjóði Íslands vaxtabrjef hans fyrir 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur á ári í næstu 14 ár. Telji bankastjórnin fært að kaupa frekara af brjefum þessum, mun hún gera það, og ennfremur lofar hún, eftir því sem ástæður leyfa, að greiða að öðru leyti fyrir sölu tjeðra vaxtabrjefa.

Kaupverð brjefanna skal vera nafnverð, þegar vextir þeirra eru 1% hærri en sparisjóðsvextir Landsbankans, ella miðast kaupverðið við vaxtahæð brjefanna eftir sama hlutfalli.“

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, enda er það best skýrt með samningsuppkastinu.

Loks eru eftir 2 brtt. frá hæstv. fjrh., sem nefndin getur fallist á. Önnur þeirra er við 29. gr., þar sem ákveðið er, að auk þess, sem Landsbankinn skuli fyrst um sinn annast afgreiðslu ræktunarsjóðs og hafa bókfærslu hans á hendi, þá skuli bankinn einnig leggja sjóðnum til trygga skjalavörslu. Hin brtt. er við 32. gr. og kveður svo á, að lán til húsabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar, skuli gerð jafnrjetthá lánum til jarðabóta, sem framkvæmdar hafa verið á sama tíma. Þetta er í fullu samræmi við það, að nú er lögð meiri áhersla á húsabætur en upphaflega var gert í frv., og er nefndin því fylgjandi, að hvorumtveggja slíkum lánum sje gert jafnhátt undir höfði að þessu leyti.

Þá hefi jeg ekki meira að segja um brtt. hæstv. fjrh., en næst verða fyrir mjer brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (MJ) á þskj. 316.

Fyrsta brtt. hans er við 9. gr. og fer í þá átt, að í stað virðingarverðs veðsins, sem sett er fyrir lánum úr sjóðnum, komi fasteignamatsverð.

Í raun og veru getur nefndin fallist á, að skynsamlegra sje að fara eftir fasteignamati veðsins, því að gera má ráð fyrir, að til þess sje betur vandað og síður hætta á, að það sje óhæfilega hátt. Samt getur nefndin ekki mælt með þessari brtt., vegna þess, að þá verða látnar gilda aðrar reglur um þessa lánsstofnun en þær, sem fyrir eru, því þar er venjan, að farið er eftir sjerstöku virðingarverði. Annars er svo ákveðið í 11. gr., að í reglugerð megi heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað sjerstakrar virðingar á fasteigninni, og er brtt. að því leyti óþörf. Sama er að segja um brtt. hv. þm. (MJ) við 11. gr. Efni hennar er hreint reglugerðaratriði, og þarf því ekki að lögfesta það sjerstaklega. Síðasta brtt. háttv. þm. (MJ) er við 14. gr. og fer í sömu átt og brtt. hæstv. fjrh. (JÞ) við þá grein, og hefi jeg áður drepið á hana. Fjalla þær báðar um fyrirframsölu vaxtabrjefa sjóðsins, en það eitt ber á milli, að í brtt. hv.

4. þm. Reykv. er upphæðin ákveðin 500 þús. kr., en í till. hæstv. ráðherra er ekkert um hámark ákveðið. Jeg hefi áður lýst afstöðu nefndarinnar til þessa atriðis. Hún mun leggjast á sveif með hæstv. ráðh. (JÞ) og aðhyllast till. hans. Annars er það svo með þessar brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að þeirra er engin sjerstök þörf, enda þótt þær stefni í rjetta átt.

Þá kem jeg að brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), um að heimila stjórn ræktunarsjóðsins að lána Búnaðarfjelaginu alt að 400 þús. kr. til þess að koma upp 4 tilraunabúum, einu í hverjum landsfjórðungi. Nefndin getur fallist á, að í tillögu þessari sje talsvert heilbrigð hugsun og að til bóta gæti horft, ef henni yrði komið í framkvæmd. Einnig fæ jeg ekki sjeð, að það komi í bág við stefnu sjóðsins, þó að úr honum sje lánað í þessu skyni. En málið er algerlega óundirbúið, og er því ógerningur að ganga frá þessu atriði nú.

Áður en ræktunarsjóði verða lagðar slíkar byrðar á herðar, þyrfti að fá ákveðnar till. sjerfræðinga um málið, en þær eru ekki fyrir hendi nú, og getur nefndin því ekki mælt með till. að svo stöddu.

Næst koma 3 brtt. frá háttv. þm. Str. (TrÞ), á þskj. 338. Hin fyrsta þeirra gengur í þá átt, að vaxtabrjef ræktunarsjóðsins skuli gerð skattfrjáls og auk þess veitt ýmiskonar hlunnindi önnur. Mjer kom ekki á óvart, þó slík till. kæmi frá hv. þm. (TrÞ), vegna þess að við 2. umr. bar hann fram enn víðtækari till. í sömu átt. Nú gerir hann aðeins ráð fyrir, að vaxtabrjef 1. flokks skuli vera skattfrjáls, en við 2. umr. vildi hann hafa öll brjefin skattfrjáls. Þá var bent á, hversu þetta væri hál braut. Því það leiðir af sjálfu sjer, að ef farið verður inn á þessa braut, þá verða sömu ákvæði að gilda um aðrar svipaðar stofnanir, t. d. ríkisveðbankann, þegar hann tekur til starfa, og einnig um aðra vaxtabrjefaflokka ræktunarsjóðsins, þó að þetta sje aðeins ákveðið um 1. flokk í byrjun.

Þá var það og tekið fram við 2. umr., að þar, sem slík ákvæði um skattfrelsi vaxtabrjefa hafi verið í gildi, til dæmis í Frakklandi, hafi þau leitt til þess, að margir stóreignamenn hafi algerlega sloppið við skattgreiðslu af eignum sínum. Jeg hefði nú búist við, að einhver annar en hv. þm. Str. (TrÞ) hefði flutt svo „stórkapitalistiska“ till. Í dag var einn háttv. þm. að tala um eitthvað, sem hann kallaði fjepúka íhaldsins. Ef einhverjir græða á þessari till. hv. þm. (TrÞ), þá verða það einmitt þessir svokölluðu fjepúkar íhaldanna, og hafði jeg ekki búist við því, að hann bæri þá svo mjög fyrir brjósti. (*TrÞ:* Það er ræktunarsjóðurinn, sem jeg ber fyrir brjósti). Þetta ákvæði verður miklu fremur í þágu eigenda vaxtabrjefanna en sjóðsins sjálfs, og jeg fyrir mitt leyti get ekki borið hag þeirra svo mjög fyrir brjósti, að jeg geti gengið að þessari brtt. Annars hefir nefndin óbundin atkv. um þessa brtt., og sama er að segja um hinar brtt. hv. þm. (TrÞ).

Þá verður fyrir mjer brtt. á þskj. 375, frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um að fyrst um sinn skuli ekki skipaður sjerstakur framkvæmdarstjóri fyrir ræktunarsjóðinn, heldur skuli forstaða hans falin stjórn Landsbankans, þar til öðruvísi verði ákveðið.

Þetta finst mjer dálítið varhugavert ákvæði, og hefði verið frekari ástæða til að aðhyllast slíkt skipulag, eftir því sem frá stjfrv. var gengið, heldur en nú, því þeim mun meira sem fje sjóðsins er og

starfssvið hans alt víðtækara, þeim mun meiri er ástæða til að skipa honum sjerstaka stjórn.

Jeg fyrir mitt leyti álít mjög ákjósanlegt, að þegar í upphafi sje sjóðnum skipaður forstjóri, sem vill gera það starf að lífsstarfi sínu. Það verður sjóðnum áreiðanlega fyrir bestu.

Jeg hefi áður drepið á brtt. nefndarinnar við 27. gr. Í stað þess að skylda Landsbankann til vaxtabrjefakaupa, vill nefndin nú útkljá það mál með sjerstökum samningi milli bankans og landsstjórnarinnar, og hefi jeg þegar skýrt frá því, að þeim samningi er nú langt komið.

Að lokum get jeg lýst yfir því, að nefndin er frekar hlynt brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á þskj. 326, þó að hún hafi ekki tekið ákveðna afstöðu til hennar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal ekki gera þær brtt. mínar að umtalsefni, sem hv. nefnd hefir lýst fylgi sínu við. Vonast jeg til, að hv. frsm. (ÁJ) hafi skýrt þær nægilega. En jeg ætla þá að minnast lítið eitt á hinar till., sem hv. nefnd hefir ekki getað aðhylst, og skýra þær frá mínu sjónarmiði.

Það er þá fyrst og fremst brtt. mín við 1. lið 2. gr., sem fer í þá átt, að tekjur af þjóðjörðum renni framvegis í ríkissjóð, eins og þær hafa altaf gert, en ekki í ræktunarsjóð. Jeg hefi borið fram þessa till. aðallega til þess, að mjer gæfist tilefni til að segja, að það kapp, sem menn leggja á, að sjóðurinn fái mjög mikla og vaxandi sjálfseign, virðist mjer að nokkru leyti bygt á misskilningi. Því fer fjarri, að jeg hafi í rauninni á móti því, að afgjöldum af þjóðjörðum sje varið til þarfa landbúnaðarins, og það mun vera tilætlunin samkv. frv., þar sem ákveðið er, að þau skuli renna í ræktunarsjóð. En jeg vil minna á það, að eins og frv. er skipað að öðru leyti, þá er alt það fje, sem lagt er í stofnsjóð ræktunarsjóðsins, bundið sem veð eða trygging fyrir kaupendur vaxtabrjefa sjóðsins. Til þess verður því ekki gripið til annara ráðstafana, nema starfsemi sjóðsins verði stöðvuð eða henni breytt og sá tími látinn líða, sem þarf til þess, að vaxtabrjefin verði innleyst.

Þessi stofnsjóður verður hliðstæður varasjóði veðdeildarinnar, og því algerlega bundinn meðan brjefin eru í umferð. Það er ekki nema sjálfsagt, að sjóðnum verði útvegað alt það stofnfje, sem hann þarfnast til tryggingar vaxtabrjefunum, eða með öðrum orðum sjöttung þeirrar upphæðar, sem er í umferð af vaxtabrjefum. En hitt er misskilningur, að binda í veðbandi sjóðsins meira fje en lögin áskilja, að hann skuli hafa sem tryggingu fyrir vaxtabrjefunum.

Jeg get vel skilið, að mönnum sje ant um að fá sem mest fje til landbúnaðarins, en jeg álít, að taka eigi fjeð og ráðstafa því á þann hátt, að það geti verið til frjálsrar notkunar hvenær sem þörf krefur, en sje ekki lagt í þennan sjóð umfram það, sem lög áskilja.

Jeg held því, að ekki sje rjett að slá því föstu nú þegar, að afgjöld þjóðjarða skuli renna í ræktunarsjóð, áður en sjeð er, hve mikið verður gefið út af vaxtabrjefum og hve mikla tryggingu sjóðurinn þarf því að setja. Ef þetta ákvæði er sett í lögin nú, þá verður því ekki breytt síðar, vegna þess að með því yrði rjettur vaxtabrjefaeigendanna skertur.

Þegar slík lög um veðlánastofnun eru sett, verður þess að gæta að binda sjóðinn ekki um þörf fram, en það finst mjer hafa verið gert hjer.

Þá er brtt. mín við 4. gr., um ókeypis húsnæði í Landsbankanum. Jeg vil benda á, að í 29. gr. frv. er ákvæði um, að ræktunarsjóðurinn skuli greiða fyrir afgreiðslu og húsnæði eftir samningi. Þetta rekst á og er óviðkunnanlegt. Til þess að sleppa engu fer jeg fram á í 10. brtt. minni, að ákvæðið um trygga geymslu á verðmætum skjölum verði flutt í 29. gr. En úr því samkomulag hefir náðst um aðalatriðin í viðskiftum þessara stofnana, óska jeg helst, að þessi óeðlilegu ákvæði í 4. gr. verði feld niður.

Þá þarf jeg að minnast á brtt. mínar 6 c. og 6 d., sem eru samstæðar og fara fram á, að afborganir af húsabótalánum fari fram þegar frá byrjun. Það var misskilningur hjá hv. frsm. (ÁJ), að hann hjelt, að túnræktarlán ættu að hlíta sömu kjörum. Um jarðabætur er það svo, að ekki er fult gagn að þeim fyr en eftir 3—4 ár. Það er eðlilegt, að þeim sje hlíft við borgun meðan svo er. En um hús er notagildið best fyrst og viðhaldið minst. Það er varhugavert að draga afborganir af þeim lánum.

Jeg geri ráð fyrir, að brtt. nefndarinnar við 27. gr. verði samþykt, og þá tek jeg mína aftur.

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um aðrar brtt., en jeg vil aðeins minnast á brtt. frá háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem að efni til er það að lána til húsabóta aðeins býlum í sveit. Nefndin hefir ekki á móti þessu, og jeg geri það ekki heldur. Í þessu felst óbeinlínis, að lána megi mönnum til þess að rækta land við kaupstaði, en ekki til húsabygginga á því landi.

Um till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um lán til nýbýla verð jeg að segja það, að það er ósamrýmanlegt frv. að veita lengri lánstíma, 40 ára lán er ekki hægt að veita af fje því, sem fæst með vaxtabrjefasölu, því að útdrætti brjefa á að vera lokið 35 árum eftir að hver flokkur er opnaður. Hitt, að vextir skuli vera 2%, hnígur líka að því, að slíkt lán yrði að veita af stofnfje sjóðsins. En þar sem stofnfjeð er mesta trygging fyrir vaxtabrjefunum, þá er það ótilhlýðilegt að setja ákvæði, sem rýra gildi tryggingarinnar. Stofnfjeð verður að vera óáreitt og löggjöfin má ekki ætla sjer að ráðstafa því út með sjerstökum vildarkjörum. Jeg vil benda á þetta strax, að skipulagið leyfir ekki, að sjálfseign sjóðsins sje skert, svo að trygging minki.

Magnús Jónsson: Þó jeg hafi fylgt þessu frv. og muni fylgja, get jeg varla tekið þátt í þeim háfleygu vonum, sem margir gera sjer um ávöxt þess og stofnun þessa sjóðs. Það væri áreiðanlega hollara að setja þær skör lægra. Nú hafa menn talað svo, sem sæju þeir miklar og fagrar sýnir, blómlegar bygðir og höfuðból rísa úr rústum. Slíkar vonir hafa áður verið bundnar við lánsstofnanir og ekki ræst að fullu. Svona sýnir hafa menn eflaust sjeð í anda, þegar útibú Landsbankans var reist á Selfossi til eflingar búnaði þar um sveitir. En menn vara sig ekki á því, að þeir þyrftu helst að sjá skuldirnar í anda, hve erfitt er fyrir bændur að aka fram þungri byrði þeirra. Það er gamla spakmælið, sem gott er að hafa í huga: Búðu þig undir það vonda, því það góða skaðar þig ekki.

Reynslan hefir orðin sú hjer og í öðrum löndum, að það er skamt milli krafnanna um aukið lánsfje og ópanna um, að alt væri sokkið í skuldir. Og þó þetta frv. geri mikið til þess að koma í veg fyrir, að svo fari, þá er þó þetta steinn, sem hægt er að steyta sig á.

En þess verður að gæta, að þessi lán verða dýr. Þegar verðbrjef 1. flokks eiga að gefa 6% arð, þá er það sýnt, að lánin verða dýr. Það er svo langt frá því, að bændur fái hagkvæm lán, að ef vit væri viðhaft, þá væri þess að vænta, að þau gengju lítið út. En jeg er hræddur við, að svo verði ekki. Reynslan er sú um okkur Íslendinga, að við tökum lán hvar og hvernig sem hægt er að fá þau og með hvaða kjörum sem er. Um lánveitingar úr sjóðnum verður því að gæta ýtrustu varúðar og fyrirhyggju, og takmarkanir þær, sem frv. setur um það, til hvers megi lána, eru það heilbrigðasta í frv. Hitt tel jeg öllu meiri óþarfa, hve afarrík áhersla hefir verið lögð á að raka nú þegar í byrjun stórfje að sjóðnum, án þess að vita, hve útgengilegt það fje verður. Betra að leggja áhersluna á að byggja traust heldur en afarhátt í byrjun.

Aðalatriðið er að gera sjóðinn sem tryggastan; að því hníga brtt. þær 3, sem jeg flyt.

Hin 1. og 2. ganga í þá átt, að aðallega skuli farið eftir fasteignamati, er lánað er út á eign. Þetta er svo sjálfsagt, að það á að binda með lögum. Um virðingar til lántöku er alkunna, hve háar og vitlausar þær eru, t. d. alt að fimmfalt við fasteignamat. Þetta á ekki að þurfa að orka nokkurs tvímælis, og síst það, að einmitt þessi stofnun sje bundin við fasteignamat.

2. brtt. mín, við 11. gr., er afleiðing hinna. Mjer þótti rjett að halda ummælum 11. gr.

Þá er ein brtt., sem gengur í líka átt og brtt. hæstv. fjrh. (JÞ), en er talsvert ítarlegri. Það er svo, að í frv. er tvennu blandað saman, því, að stjórninni sje heimilt að semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og selja þau fyrirfram. Það er alveg hættulaust að semja fyrirfram. Sá, sem samið er við, fær brjefin jafnóðum og lánin ganga út. En að selja er að taka lán fyrirfram. Þetta er athugavert. Þegar brjefin gefa háa vexti, keppast menn við að kaupa, og það getur farið svo, að sjóðurinn geti ekki komið því fje út og verði að sitja með það fyrir lægri vexti. Jeg teldi rjett að orða þetta svo, að semja mætti ávalt, ef aðeins verðið væri viðunandi; en um sölu skyldi ákveða, hve hátt mætti fara. Jeg setti hikandi ½ milj.

Þá er það 3. brtt. mín. Hv. frsm. (Á-J) mintist ekki á hana. Hún er um það, að síðari málsgrein 14. gr. falli niður. Jeg skal játa, að þessar takmarkanir í 8., 9. og 13. gr. eiga ekki allar sammerkt; sjerstaklega 9. gr., sem mætti síst missast. Hinar takmarkanirnar álít jeg ekki eins knýjandi og vel mega missast. En jeg tel þó heppilegra að miða einnig takmörk 8. gr. við nafnverð, en ekki söluverð, ef það er undir nafnverði. Því að það, sem lánað er til jarðabóta, verður líka að miðast við það, sem sá, er lánið fær, er fær um að bera og borga aftur fullu verði, hvaða gengi sem er á brjefunum. Jeg held því, að þessi ákvæði sjeu að sumu leyti vanhugsuð, og því tryggara að hafa ekki málsgreinina, sjerstaklega þó að því er snertir takmörkin í 9. gr.

Jeg vildi gjarnan minnast á aðrar brtt., sem fram eru komnar, en vegna þess að hinn venjulegi fundartími er liðinn, ætla jeg að sleppa því og aðeins fela þessar brtt. mínar til athugunar hv. þdm. Vona jeg, að þeir geti fúslega fallist á þær, því að þær miða allar einungis að því að gera sjóðinn tryggari.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 298, 307, 309, 316, 326, 336, 338, 339, 375, 383).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf að fylgja úr hlaði þeim brtt., sem jeg á á þskj. 338. Jeg þarf ekki að tala nema fátt, þar sem þær eru afturgöngur frá 2. umr., en eru nú bornar fram í annari mynd.

Fyrstu brtt. ber jeg enn fram í samráði við nefnd Búnaðarfjelags Íslands. Var það fyrsta uppástunga nefndarinnar, sem jeg bar fram við 2. umr., að öll vaxtabrjefin skyldu vera skattfrjáls; en hún var feld. Er nú farið skemmra, sem sje að einungis vaxtabrjef fyrsta flokks skuli vera skattfrjáls. Jeg býst við, að það sæti andmælum líka. Við því er ekkert að segja, en jeg hefi talið skyldu mína að bera það fram. Hv. frsm. (ÁJ) sagði, að jeg væri með þessu að vinna fyrir fjepúka íhaldsins. Hann má taka það eins og hann vill, og getur úr flokki talað, en mjer gengur það eitt til að koma vaxtabrjefunum í hærra verð, og gera þannig það sem hægt er til að tryggja bændum betri og hagkvæmari lán. Afleiðingin af því, að vaxtabrjefin seljast með afföllum, eru dýrari lán. Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um þetta, en vona, að menn vilji fallast á það.

Síðari 2 brtt. heyra saman og eru um skipun gæslustjóranna. Hæstv. fjrh. (JÞ) er því miður ekki viðstaddur, en hann sagði við 2. umr. þessa máls, að hann mætti, að samkomulag hefði náðst milli sín og búnaðarþingsins um þetta. Mjer skildist á honum, að það væri fremur af formlegum ástæðum, að hann legði á móti þeirri tillögu, sem jeg þá bar fram. Nú er ekki því til að dreifa, svo að jeg vil ekki þurfa að trúa, að hann leggi á móti þessu lengur.

Fleiri orð ætla jeg ekki að segja um mínar tillögur, en víkja að nokkrum tillögum öðrum. Jeg get verið fáorður um tillögur hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem hann er ekki við. Jeg get látið hjá líða að víkja að nema tveim, og hefi um þær sömu aðstöðu og nefndin. Brtt. eru flestar til bóta, en þessar tvær miða að því að skemma frv., sem sje 1. og 6. c—d. Hv. frsm. nefndarinnar (ÁJ) mælti gegn þeim, og verð jeg að taka undir það, sem hann sagði. Jeg get ekki komist hjá að víkja að því, sem hæstv. fjrh. sagði um andvirði þjóðjarða. Hann áminti deildina um að draga ekki of mikið fje til sjóðsins, því að ekki væri hægt að ná því aftur. Jeg lít öðruvísi á þetta og álít, að draga eigi sem mest fje til sjóðsins, til þess að hann sje sem öflugastur í byrjun. Nú álít jeg að aðstaðan sje hentug um að láta sjóðinn fara myndarlega af stað. Jeg vil því beina til hv. þm. að draga sem mest fje að sjóðnum. Þess meira, sem er af reiðufje í byrjun, þess meiri líkur eru til, að sjóðurinn geti veitt bændum viðunanleg lánskjör. Jeg vil því mótmæla 1. tillögunni, og eins tillögunni viðvíkjandi afborgunum af láni til húsagerðar í sveit. Hæstv. ráðh. (JÞ) leggur á móti því, að lánin sjeu afborgunarlaus í 4 ár. Það er að vísu rjett, að húsin koma að fullum notum strax og búið er að ganga frá þeim, en þegar efnalitlir bændur byggja, fá þeir aðeins part af fjenu, sem þeir þurfa til þess, og verða því að fá lán annarsstaðar, en þá er hagkvæmt fyrir þá að geta fengið að vera í friði með afborganir í ræktunarsjóðinn, meðan þeir eru að grynna á öðrum skuldum, sem þeir hafa hleypt sjer í.

Þá ætla jeg að víkja að brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), á þskj. 336. Mjer hefði þótt betra, ef hv. þm. hefði talað fyrir henni áður, en það hefir ekki orðið. Hæstv. fjrh., benti á formlega galla, en jeg vil benda á, að betur hefði átt við, að hv. 2. þm. Reykv., sem ætlar að fela Búnaðarfjelagi Íslands að fara með þetta, hefði átt tal við stjórn Búnaðarfjelagsins áður um þetta. En það hefir hann ekki gert. Að vísu er hjer aðeins um heimild að ræða, en óviðkunnanlegt er að ætla að veita þannig fje út í bláinn. Mjer finst þetta vera alt of mikið gert út í bláinn, til þess að hægt sje að ætlast til, að það nái samþykki. Jeg álít, að eins og sakir standa sje alls ekki tímabært að fara að koma upp 4 tilraunabúum úti um land. Það hefir komið til tals og verið hafið máls á því frá hálfu Landsbankans, að koma upp tilraunabúi á einum stað, en ef á að stofna svona mörg bú, ætti að koma sjerstakt samþykki frá Alþingi í hvert sinn. Jeg get því ekki mælt með þessu, þótt jeg viti, að hv. 2. þm. Reykv. hafi aðeins gengið gott til.

Það hefir orðið samkomulag milli landbn. og Landsbankans um kaup á vaxtabrjefum, eins og tillagan á þskj. 383 ber með sjer. Jeg get fallist á það, þó að jeg hefði talið hitt betra, að kaupunum væri lokið á tveim árum. Hinsvegar veit jeg, að þessi tillaga hefir mikið fylgi hjer, og verð að leggja mikið upp úr góðu samkomulagi milli ræktunarsjóðsins og Landsbankans.

Sömuleiðis vil jeg mæla með till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM), á þskj. 326, þar sem hann vill ná því marki, að fje úr ræktunarsjóðnum verði líka lánað til jarðræktar í kaupstöðum. Það er sjálfsagt, hvar sem unnið er að því að rækta landið, að veita til þess hentug lán. Jeg kom fram með svipaða tillögu við 2. umr. sem fór dálítið lengra, en náði ekki samþykki.

Tillaga hæstv. atvrh. (MG) á þskj. 367 er sjálfsögð. Um tillögur hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) ætla jeg ekki at tala, fyr en hann hefir sjálfur talað fyrir þeim.

Hvað viðvíkur tillögum háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) verð jeg að segja, að skoðanir hans og vantraust á framtíð íslensks landbúnaðar gæti sannarlega gefið tilefni til umr., þó að jeg segi ekki margt um það nú. Jeg er þeim anda öllum mótfallinn.

Þá ætla jeg ekki að segja meira um brtt., en vil koma að því, að því aðeins er vit að hvetja bændur til verklegra framkvæmda, og því aðeins er vit að stofna slíkan sjóð, að ekki sje stefnt að hækkuðu gengi íslensku krónunnar. Ef ræktunarsjóðurinn lánar bónda 10 þús. krónur afborgunarlaust í 5 ár, og krónan er þá í „pari", á hann raunverulega að borga 15 þús. kr. Hann er gintur til þess að byggja, og síðan er honum refsað fyrir að hafa unnið þarft verk fyrir sitt föðurland.

Sveinn Ólafsson: Það var rjettilega tekið fram af hv. frsm. landbn. (ÁJ), að frv. þetta hefði vakið almenna eftirtekt, og kemur það best í ljós af því, að fjöldi tillagna liggur fyrir, og án þess að jeg vilji leggja nokkurn dóm á hverja einstaka tillögu, benda þær yfirleitt í þá átt, að mönnum sje mjög ant um frv.

Meðal þessara mörgu tillagna á jeg tvær á þskj. 375. Á þær mintist hv. þm. Str. (TrÞ) lítillega, og virtist mjer hann heldur leggja á móti þeim og telja þær athugaverðar. Jeg legg til, að 28. og 29. gr. frv. falli niður, en í stað þeirra komi ein grein. Í 28. gr. frv. er sagt fyrir um,

hvernig skipa skuli stjórn þessa fyrirtækis, og er gert ráð fyrir einum aðalforstjóra og tveimur meðstjórnendum. Einnig er þar ákveðið um launakjör. Í 29. gr. er gert ráð fyrir því, að til bráðabirgða verði stjórn þessa sjóðs falin stjórn Landsbankans. Nú legg jeg til, að í stað þessa komi ný grein þess efnis, að rekstur ræktunarsjóðs verði lagður undir stjórn Landsbankans þangað til öðruvísi verður ákveðið eða ræktunarsjóðurinn sameinast ríkisveðbankanum fyrirhugaða. Jeg lít svo á, að búið sje að lögfesta þessi embætti, með lögum um ríkisveðbanka frá 1921, og að hjer sje ríkisveðbankinn að vissu leyti kominn, þótt verkefni ræktunarsjóðs sjeu ekki eins víðtæk og upphaflega var til ætlast um veðbankann.

Þess vegna virðist mjer rjett að lögfesta ekki fleiri embætti en þar er gert, enda virðist það og vaka fyrir flestum, að ríkisveðbankinn taki hið bráðasta til starfa eða að ræktunarsjóður færi svo út kvíarnar, að hann fullnægi í þessu efni bæði þörf sveita og annara.

Fyrir mjer er þetta því praktiskt atriði, sem kemur til greina á meðan ekki er frekar að gert, og einkum þó vegna þess, að ekki eru miklar líkur til, að ræktunarsjóðurinn leggi stórar fjárhæðir til útlána meðan vextir eru eins háir og nú og sala vaxtabrjefanna gengur álíka illa og reynslan hefir sýnt undanfarið um sölu veðdeildarbrjefanna.

Mjer virðist því, að hjer verði um lítið starf að ræða, er stjórn ræktunarsjóðsins hefir með höndum 1. og 2. árið, og síst meira en t. d. starf Landsbankastjóranna vegna veðdeildarinnar, á meðan ekki horfir betur um sölu vaxtabrjefanna en nú gerir.

Nú hefir sú breyting orðið á, vegna samninga við Landsbankann, að sala vaxtabrjefanna takmarkast og dreifist á lengri tíma en áður var ætlað. Til þessa hefir verið á því bygt, að bankinn keypti mikið af brjefunum á næstu 2 árum, og fengist þannig reiðufje til útlána þegar, en þegar brjefasölunni er frestað og dreift á mörg ár, þá verður bersýnilega minna um lán fyrst í stað. Þar að auki flytur frv. þetta svo stórfeldar nýjungar um ræktunarlán, að gera má ráð fyrir, að almenningur þurfi alllangan tíma til þess að átta sig á því, hvort og hvernig nota eigi þessi jarðræktarlán.

Það er líka mjög eftirtektarvert í þessu sambandi, sem hv. þm. Str. (TrÞ) benti á, að ef gengi íslensku krónunnar hjeldi áfram að hækka næsta ár, þá þyrfti varla að gera ráð fyrir, að sjóðurinn veitti miklar fjárhæðir til jarðabótaframkvæmda í svip, enda ekki æskilegt. Alt bendir því í sömu átt, að óþarft muni vera að gera ráð fyrir víðtækri starfsemi sjóðsins fyrstu árin, eða að þörf sje á kostnaðarsamri stjórn við hann fyrst um sinn. Mundi því nægja, eins og brtt. mín fer fram á, að fela Landsbankanum alla starfrækslu ræktunarsjóðs, þar til öðruvísi verður með lögum skipað fyrir eða veðbankinn tekur að fullu til starfa.

Síðari brtt. mín á þskj. 375 er bein afleiðing af hinni, sem á undan stendur, og þarf jeg því ekki að fjölyrða um hana. Og um aðrar brtt. ætla jeg ekki að ræða, eða tefja umr. lengur, enda læt jeg mjer nægja, að atkv. skeri þar úr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg býst ekki við að þurfa að lengja umr. með því að fara mörgum orðum um brtt. á þskj. 307. Allir, sem á hana hafa minst, hafa farið hlýjum orðum um hana og nefndin fallist á hana og talið að hún sje til bóta.

Eins og bent hefir verið á, miðar brtt. þessi að því að lina svolítið byrðar þeirra manna, sem lán fá á meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, af því að gengið er út frá, að vextirnir af 1. flokks vaxtabrjefum verði hæstir, þar sem yfirleitt er búist við vaxtalækkun í framtíðinni.

Í sambandi við þetta er ekki úr vegi að minnast á brtt. hv. þm. Str. (TrÞ), um að vaxtabrjef 1. flokks skuli vera skattfrjáls. Jeg þykist vita, að honum gangi ekki nema gott eitt til þessa og að hann hugsi sjer, að með þessu verði bætt fyrir sölu brjefanna. En jeg er hræddur um, að þessi ívilnun verði á kostnað næstu flokkanna, sem á eftir koma, því að það er auðsætt, að ef vextir lækka í framtíðinni, eins og flestir eða allir búast við, þá verða hinir síðari flokkar miklu óútgengilegri en 1. flokkur. Það þarf því síst að kaupa menn með skattfrelsi til þess að kaupa 1. flokks brjef. Þess vegna er minni ástæða til þess að gera 1. flokks brjefin skattfrjáls heldur en 2. og 3. flokks, enda gæti afleiðingin orðið sú, að spilt yrði fyrir sölu vaxtabrjefa 2. og 3. flokks. Það þarf því ekki að ýta undir sölu 1. flokks brjefanna, því það mun alment álitið, að vextirnir muni fremur fara lækkandi en hækkandi. Af þessum ástæðum get jeg því ekki gengið inn á 1. brtt. hv. þm. Str. (TrÞ), fyrir nú utan ýmislegt fleira, sem henni hefir verið fundið til foráttu. Þessi brtt. hans miðar að því að vernda kaupendur 1. flokks brjefanna, en þeir þurfa þess ekki vegna vaxtahæðarinnar. Mín brtt. miðar að því að vernda lántakendurna, bændurna, og þeir þurfa þess með vegna vaxtahæðarinnar.

Jeg get ekki heldur gengið inn á 2. brtt. hv. þm. (TrÞ).

Aftur á móti gæti jeg vel gengið inn á, að annar gæslustjóranna væri skipaður samkvæmt tillögu búnaðarþingsins, eða máske eftir till. Búnaðarfjelags Íslands.

Þá vildi jeg aðeins minnast á brtt. á þskj. 326, frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Jeg skil hana svo, að lána megi fje úr sjóðnum til jarðabóta í kaupstöðum, en ekki húsagerðar. Jeg er sammála hv. þm. Str. (TrÞ) um það, að ekki sje rjett að setja kaupstaðina hjá um að fá lán til jarðabóta, fyrst álíta má, að sjóðurinn sje svo öflugur, að hann megi við því. Þess vegna mun jeg greiða þessari till. atkvæði mitt.

Aftur á móti er alt öðru máli að gegna um brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), á þskj. 375, um að fela Landsbankastjórninni að fara með yfirumsjón ræktunarsjóðsins fyrst um sinn. Þar er jeg alveg á gagnstæðri skoðun; ekki vegna þess, að Landsbankinn geti ekki í raun og veru annast þetta starf vegna þess hve mikið það sje, heldur af því, að jeg tel það alveg rjett, sem svo mikið hefir verið rætt um og ritað, að landbúnaðinum sje bráðnauðsynlegt að fá sína eigin lánsstofnun, algerlega óháða annari bankastarfsemi. Sje það ekki sjerstök stjórn, sem stýrir ræktunarsjóðnum, verður starfsemi hans ekki annað en hjáverk. Annars þykir mjer leitt, að hv. landbn. hefir ekki látið uppi skoðun sína á þessari brtt., en vona hinsvegar, að hún gangi aldrei inn á hana, því að jeg tel hana fráleita. Þó að lítið verði um lánveitingar úr sjóðnum fyrsta eða annað árið, þá verður þó ærið starf fyrir stjórn hans að undirbúa alla starfsemi hans og gefa ýmiskonar leiðbeiningar. Verða ei slík svör að ganga greiðlega, en ekki jafnþunglamalega og oft hefir viljað brenna við áður.

Um brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ) á

þskj. 316 er það að segja, að jeg get ekki fallist á þær. Fyrsta brtt. hans gengur út á það, að hann vill ekki miða við virðingarverð eignarinnar, heldur fara eftir fasteignamati hennar. Nú er þar fyrst við að athuga, að fasteignamat fer ekki fram nema á 10 ára fresti, og getur því munað talsverðu, sem eignin hækkar í verði, ef mikið hefir verið unnið að jarðabótum á þessum 10 árum. Þess vegna er ekki rjett, og getur enda valdið lántakanda tjóni, að leggja fasteignamatið til grundvallar. Hinsvegar er sjálfsagt að taka tillit til þess í sambandi við virðingu þeirra verka eða jarðabóta, sem unnar hafa verið á eigninni, enda efast jeg ekki um, að sjóðstjórnin mun haga því svo í framkvæmdinni.

Hinni brtt., um að óheimila viðbótarlán vegna affalla brjefanna, get jeg heldur ekki fylgt. Þetta verðfall brjefanna hlýtur að koma af því, að vextir af þeim eru lægri en á peningamarkaðinum. En það kemur í sama stað fyrir eignina, hvort lánið er reiknað á 6% vöxtum og brjefið standi í 100, eða lánið reiknað 5% og verðmæti brjefsins sett hlutfallslega lægra.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að menn gerðu sjer miklar vonir um þessi lög og að þau kæmu mörgu og miklu góðu til leiðar. Það er rjett og satt, að margskonar vonir eru tengdar við þetta mál, enda telja allir hugsandi menn, að það sje lífakkeri landbúnaðarins að njóta hagkvæmra lána, og það er einmitt til þess stofnað með frv. þessu. En það er margt, sem taka verður til greina, þegar veita á hagkvæm lán. Og í þessu tilfelli er það stjórn sjóðsins, sem mikið veltur á. Enda vona jeg, að til hennar verði svo vandað, að hún njóti fyllilega trausts þjóðarinnar og fari varlega á stað; og tel jeg frv. þetta svo vel úr garði gert, að engin ástæða er til að halda, að framkvæmd þessa máls fari ekki vel af stað. En ekki má gleyma því, að landbúnaðurinn þarf margs fleira en lána, þótt hagstæð sjeu, og enginn má halda, að öll hans mein sjeu bætt með þessu frv. En hinsvegar vona jeg, að með því sje mjög mikið bætt eitt af verstu meinunum.

Þá held jeg, að jeg hafi minst á allar þær brtt., sem mjer þykja nokkru máli skifta, og get jeg því látið staðar numið að sinni.

Jakob Möller: Jeg þakka hv. þm. og hæstv. stjórn fyrir, hversu vel þeir hafa snúist við brtt. minni á þskj. 326. Eins og háttv. þm. hafa bent á, þá er með brtt. þessari ætlast til, að sjóðurinn veiti lán til jarðabóta í kaupstöðum. Við 2. umr. kom fram tillaga þessa efnis, en hún fór lengra, náði líka til húsbygginga, og var feld. Þess vegna læt jeg ekki þessa till., er jeg nú ber fram, ná til húsabóta, sem annars hefði þó kannske verið eðlilegast, þegar að öllu er gætt.

Hæstv. fjrh. (JÞ) benti á það að vísu, að hentugra mundi þegar um jarðrækt væri að ræða, t. d. nýrækt, að fá lán til hvorstveggja, ræktunarinnar og bygginga, í sömu stofnun. Þetta getur nú að vísu verið rjett, en þá er þess að gæta, að hjer er aðeins um þessa einu stofnun að ræða, sem lánar til jarðabóta. En ef hinsvegar risi upp stofnun, sem sjerstaklega væri ætluð kaupstöðum, þá mundi þó ekki koma að sök, þó að heimild þessi væri til. Annars er

ástæðulaust að tala frekar um það, því eins og nú horfir eru engar líkur til, að slík stofnun sje á uppsiglingu. Jeg þykist heldur ekki þurfa að tala frekar um mína brtt.; allir hafa tekið henni vel, og brtt. annara hv. þm. get jeg að mestu leitt hjá mjer.

Þó vildi jeg mæla með 3. brtt. á þskj. 316, frá háttv. samþm. mínum, 4. þm. Reykv. (MJ). Hún er við 14. gr. og er í tveim liðum, A. og B. Þær eru báðar til verulegra bóta og tryggja sölu vaxtabrjefanna. En hann talaði svo vel fyrir þeim, að jeg hefi þar litlu við að bæta.

Jeg sje ekki ástæðu til frekari málalenginga. Jeg hefi áður lýst þeirri skoðun minni, að jeg álít, að ekki eigi að vera til tvær lánsstofnanir, önnur fyrir sveitir og hin fyrir kaupstaði, heldur eigi þessar tvær stofnanir að verða að einni. Jeg mun því fylgja brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 375, af því að jeg álít, að hún flýti fyrir slíkri sameiningu.

Jón Baldvinsson: Jeg hygg, að enginn ágreiningur sje um það, að efla beri landbúnaðinn, svo að sem flestir geti haft uppeldi sitt af honum. En þó efast jeg um, að öðrum sje það meira áhugamál en einmitt verkamönnum og sjómönnum, sem vitanlega er það ærið áhyggjuefni, að fólk streymir úr sveitunum til að keppa við þá um handtökin í kaupstöðunum.

En þótt þeir vilji stuðla að framförum landbúnaðarins, vilja þeir þó ekki gera annað en það, sem þeir eru vissir um, að komi að fullum notum. Þeir vilja hafa tryggingu fyrir árangri af stórum fjárveitingum, en ekkert fálm út í loftið.

Nú hefir verið svo ákveðið í frumvarpi þessu, að lán skuli einnig veitt til húsabygginga í sveitum. Er þá mikils um vert, að bygt verði með tilliti til þess, að fleira fólk búi í sveitunum hjer eftir en hingað til. Fyrir 1900 voru nægileg húsakynni til fyrir fólk, er þá var í sveitunum. Þeir, sem síðan hafa bygt, hafa flestir látið sjer nægja að sníða bygginguna eftir þörfum fjölskyldu sinnar einnar, vegna fólksfæðar upp á síðkastið. Því þurfa þær byggingar að verða stærri, sem nú verða reistar, einmitt með það fyrir augum, að fólki fjölgi í sveitum. Jeg á hjer ekki við kaupafólk, sem víðast hvar er hægt að hola niður um hásumarið, heldur fólk, sem hefir varanlega bólfestu í sveitunum árið í kring.

Jeg minnist þess, að á uppvaxtarárum mínum voru víða til híbýli í sveitum fyrir 1—2 fjölskyldur, þar sem nú er þröngt um eina, hvað þá þann tíma, sem kaupafólk dvelur eða gesti ber að garði.

Þetta hefir ekki komið fram hjer undir umræðunum, og vildi jeg því ekki láta hjá líða að minnast þessa mikilvæga atriðis hjer.

Jeg sagði hjer áður, að enginn ágreiningur myndi vera um það, að styrkja bæri landbúnaðinn. Því kynlegra þótti mjer að heyra anda kalt til kaupstaðanna í till. og ummælum háttv. frsm. (ÁJ).

Hinsvegar hefi jeg engan heyrt hjer víkja neinu slíku að landbúnaðinum, en úr tveim hornum þingsins hefir kent kulda til kaupstaðanna undir þessum umræðum. Jeg mun þó ekki víkja nánar að þessu, því að vonandi á þetta sjer ekki svo djúpar rætur, að mark sje á takandi.

Hv. frsm. (ÁJ) gat þess við 2. umr.,

að hann vildi þegar taka fram, að ætlast væri til, að starfsemi sjóðsins næði eingöngu til sveita, en ekki til lögsagnarumdæma kaupstaðanna, svo að það þyrfti ekki að valda óánægju seinna. Þetta hefir nú nokkuð verið lagfært, en þó ekki nóg. Jeg er því fylgjandi till. hv. þm. Str. (TrÞ) um lán til nýbýlastofnunar í kaupstöðum. Jeg veit, að hún myndi koma að góðu gagni, án þess þó að draga frá sveitunum.

Í fjárlögunum eins og þau voru afgreidd frá Nd. voru veittar 200 þús. kr. til Búnaðarfjelags Íslands, og sýnir það best, hve mikið kapp er lagt á að efla landbúnaðinn. Miklu af fje þessu er varið til að kosta ráðunauta og sjerfræðinga í ýmsum greinum til leiðbeiningar bændum og búaliði. Þetta er gott og blessað, en enda þótt munnlegar og skriflegar leiðbeiningar geti verið góðar, þá munu hinar verklegu ekki síður nauðsynlegar.

Jeg get þessa í sambandi við till. mína um fyrirmyndarbú. Að vísu er það einnig hlutverk búnaðarskólanna að efla búnað með verklegum leiðbeiningum, en jeg hygg þó, að slíkum búum væri alls ekki ofaukið. Að vísu er til fjöldi bænda, sem kunna að búa fyrir sjálfa sig, en geta ekki gert öðrum grein fyrir, í hverju búskaparaðferð þeirra sje fólgin. En ef tilraunabú væru rekin á vísindalegan hátt, ættu þau að geta komið að almennum notum.

Þessari tillögu hefir verið mótmælt með því, að hún væri illa undirbúin. Hjelt hv. frsm. (ÁJ) þessu einkum fram. Jeg veit ekki betur en öll starfsemi Búnaðarfjelagsins sje einmitt undirbúningur undir verklega starfsemi.

Að tillagan taki ekki nógu greinilega fram um alt, sem bú þessi varðar, má vel vera, en slíkt er í raun og veru ekki hægt. Fyrirkomulag búanna hlýtur að vera framkvæmdaratriði að meira eða minna leyti. Hæstv. atvrh. (MG) andmælti till. af því, að með henni væri farið út fyrir hið tilætlaða starfsvið sjóðsins og háttv. þm. Str. (TrÞ) af því, að hún væri óformleg. Jeg vil mótmæla þessu hvorutveggja. Af því að hjer er um undantekningarstarfsemi að ræða, þarf ekki að fylgja sömu reglu og annarsstaðar um lánveitingar úr sjóðnum, en það þarf fyrir það ekkert að koma í bága við aðra starfsemi hans.

Þá spurði hv. þm. Str. (TrÞ), hví jeg hefði ekki leitað álits Búnaðarfjelagsins um tillögu mína. Sannleikurinn er sá, að jeg hefi að vísu ekki snúið mjer þangað skriflega, en hinsvegar hefi jeg talað við búnaðarmálastjóra, og taldi hann æskilegt, að tillaga mín kæmist í framkvæmd. Annars er tillagan fyrir svo löngu komin fram, að Búnaðarfjelagsstjórnin hefði átt að geta látið uppi álit sitt um hana.

Hjer er ennfremur aðeins um heimild að ræða. Liggur það í hlutarins eðli, að ekki verða öll búin sett upp á sama tíma, heldur gætu liðið 10—15 ár uns þau væru öll reist. Mætti byrja með einu og þreifa sig svo áfram. En þótt þetta sje aðeins heimild, sem nota má, ef þurfa þykir, þá er nauðsynlegt að hafa hana í lögunum, því ekki er víst, að betra verði að koma henni að síðar. Það hefir verið haft á móti þessu, að ekki væri rjett að leggja svo þunga kvöð á sjóðinn eða lána svo mikið af stofnfje hans, en þess ber að gæta, að það má eins lána þessa upphæð af vaxtafje sjóðsins. Hv. frsm. landbn. (ÁJ) sagði, að eftir 10 ár væri stofnfje sjóðsins orðið 10 milj. kr. og veltufje hans 18 milj. kr., svo jeg verð

að segja, að ekki myndi muna miklu um það, þó þá væri búið að lána ca. 200 þús. kr. til tilraunabúa. Væri ekki sjáandi eftir því. Jeg er sammála hv. þm. Str. (TrÞ) í því, að jeg hygg, að Búnaðarfjelagi Íslands væri mjög vel trúandi til að fara vel og viturlega með þetta, og þá efast jeg heldur ekki um, að mikið gagn mætti af þessu hljótast fyrir landbúnað Íslands, engu síður en aðrar þjóðir hafa haft gagn af samskonar tilraunum hjá sjer. Og þeir, sem trúa Búnaðarfjelaginu til þess að fara með þetta mál, ættu að geta samþykt tillögu mína. Það er augljóst, að þetta hefir mikinn byrjunarkostnað í för með sjer, og eins má vel vera, að tap verði á rekstrinum fyrst í stað, því margskonar tilraunir þarf að gera, sem hljóta að kosta allmikið fje. En þegar fram í sækti, ætti gagnið að geta orðið mikið, bæði beint og óbeint. Jeg tel því sjálfsagt, að þessi tillaga verði samþykt. Er og engin hætta á, að heimildin verði notuð, nema menn sannfærist um, að gagn megi af slíku leiða. Jeg er meira að segja alls ekki viss um, að það fje, sem lánað verður til ræktunar, komi að jafnmiklu gagni, nema eitthvað slíkt verði gert, sem tillaga mín fer fram á, því enn mun skorta fastan grundvöll eða „plan" í þessum málum, og kunnáttu manna í þessum efnum er yfirleitt mjög ábótavant. Mun því ekki óþarft, þótt eitthvað sje gert til að afla innlendrar reynslu, því satt að segja hefir búnaði vorum farið sorglega lítið fram allar þær aldir, sem liðnar eru síðan landið bygðist, og þeim fækkar stöðugt, sem hafa lífsuppeldi sitt af landbúnaði.

Hv. frsm. landbn. (ÁJ) sagði á dögunum, að það væri gott að hafa „lagið, þó það væri gamalt". Má vera, að svo sje stundum, en ekki altaf. Stundum held jeg, að „nýja lagið" sje betra en það gamla, og betur að bændur landsins tækju það upp. Jeg vil láta afla innlendrar reynslu í því, hvað best eigi við, þegar rækta á landið. Verði það ekki gert, mætti svo fara, að litlu meiri ávexti sæi af þessu fje, sem ræktunarsjóðnum er ætlað að lána til ræktunar landsins, en silfri Egils Skallagrímssonar, sem sagt er, að hann hafi fleygt í fúafen í Mosfellssveitinni. En þessar nauðsynlegu tilraunir ætti, eins og jeg vjek að áðan, sú stofnun að hafa með höndum, sem mesta sjerþekkingu og besta starfskrafta hefir til þessa, nefnilega Búnaðarfjelag Íslands.

Frsm. (Árni Jónsson): Það er þegar búið að ræða svo mikið alment um þetta mál, að jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í það. En hinsvegar vildi jeg fara fáum orðum um þær brtt., sem fyrir liggja.

Fyrst vildi jeg leyfa mjer að gera athugasemdir við tvö atriði í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ).

Fyrra atriðið var viðvíkjandi afgjaldi af þjóðjörðunum, sem nefndin vill láta renna í ræktunarsjóðinn. Nefndin heldur því fram, að þetta sje í alla staði rjettmæt sanngirniskrafa, en hæstv. fjrh. hefir þá skoðun, að sjóðurinn megi vel við una, þótt hann verði af þessu gjaldi. Heldur þar hver sinni skoðun, og mun ekki stoða að þræta um þetta frekar, svo mikið sem um það hefir verið rætt.

Þá hefir hæstv. fjrh. komið með brtt., á þskj. 309, um það, að lán til húsabóta komi í flokk þeirra lána, sem greiða skuli af frá byrjun. Rjett er þetta að því leyti, að hús koma strax til afnota,

en það er einnig annað í þessu sambandi, sem athuga verður. Svo er mál með vexti, að lán til húsabóta má ekki veita nema sem svarar helmingi virðingarverðs, og verða menn að bjarga sjer sem best gegnir með hinn hlutann. En nú munu fæstir svo efnum búnir, að þeir geti greitt helminginn af andvirði hússins úr sínum vasa, og verða því að taka lán, ef til vill með slæmum kjörum. Mætti þá verða erfitt að greiða afborganir af hvorumtveggja lánunum fyrst í stað.

Þá vík jeg að hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Það var stutt í honum hljóðið og mátti á honum heyra, að í raun og veru hefði hann litla trú á fyrirtækinu, þótt hann væri því fylgjandi. Hann talaði allmikið um lánsstofnanirnar austanfjalls og kvað þær vera illa komnar af því að þær hefðu lánað óvarlega. En jeg vil benda hv. þm. (MJ) á það, að þau lán, sem þar er um að ræða, munu ekki hafa verið veitt til ræktunar, eins og hjer er ætlast til, heldur eru þau afleiðing af almennri fjárkreppu og óáran, sem kom þungt niður á sveitunum þar austanfjalls, og er því ekki hægt að miða við það. En jeg held ekki, að þessi stofnun, sem hjer er verið að koma á fót, þurfi að vera hrædd um það fje, sem fer til ræktunar landsins, því hún er undirstaðan undir búnaðinum og miðar að því að gera hann að tryggum og góðum atvinnuvegi. Ef slík stofnun sem þessi, er hjer um ræðir, hefði verið komin á fót fyrir stríðið og ræktun landsins komin í betra horf, er jeg ekki í neinum vafa um, að fjárkreppan hefði ekki orðið eins tilfinnanleg í sveitum landsins, hvorki austanfjalls nje annarsstaðar.

Hvað því viðvíkur að leggja fasteignamatið til grundvallar, þegar lán skulu veitt út á fasteignir úr sjóðnum, þá skal jeg viðurkenna, að í fljótu bragði hefir það mikið til síns máls. Jeg kannast sömuleiðis við það, að víða hefir verið nokkur tilhneiging í þá átt að virða hátt, en því má ekki gleyma, að það mat, sem við búum nú við, og sem gildir fram að 1929, er miðað við verðlag 1914, og hafa jarðeignirnar skiljanlega hækkað mjög mikið í verði síðan. Því getur ekki talist rjett að veita lán út á jarðirnar samkvæmt þessu úrelta mati.

Þá talaði háttv. þm. Str. (TrÞ) um till. sína um skattfrelsi 1. flokks vaxtabrjefa sjóðsins. Jeg hefi ekki mikið um þessa till. að segja. Mjer finst hún harla lítilvæg. Jeg get gengið inn á, að það muni ekki vera meiningin að ljetta með þessu undir með fjepúkum íhaldsins, en meiri þýðingu ætti þetta að hafa fyrir eigendur brjefanna heldur en lántakendur. Það er líka svo, að ekki verður alt framkvæmt með þessum flokki vaxtabrjefanna.

Þá lagði sami háttv. þm. (TrÞ) mikið upp úr því, að gæslustjórar sjóðsins yrðu skipaðir samkvæmt till. búnaðarþingsins. Jeg lái honum það ekki, þar sem hann er einn í stjórn þessa fjelags, en annars er þetta að mörgu leyti óheppilegt. Þó mætti hugsa sjer þetta um annan gæslustjórann. Mjer skildist svo á háttv. þm. (TrÞ), að hann legði ekki mikið upp úr góðu samkomulagi milli stjórnar sjóðsins og Landsbankans. Að vissu leyti var þetta gott að heyra, því það bendir á, að brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) muni ekki fá mikinn byr. Því það væri fjarstæða að tala um gott og ilt samkomulag í þessu efni, ef Landsbankinn ætti að taka sjóðinn að sjer. Eða hví ætti að fá sjóðinn í hendur stjórn Landsbankans, ef hún væri sjálfri sjer sundurþykk?

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), á þskj. 375, við 28. og 29. gr. Í 28. gr. frv. er gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins skipi 2 gæslustjórar og einn framkvæmdarstjóri, en þessi till. fer fram á, að Landsbankinn skuli fyrst um sinn hafa á hendi stjórn og afgreiðslu ræktunarsjóðsins, þangað til sjóðurinn sameinist væntanlegum ríkisveðbanka Íslands. En hvaðan hefir hv. þm. (SvÓ) það, að ríkisveðbankinn verði stofnaður, og það mjög bráðlega, eins og hann virðist byggja sínar till. á? Og segjum, að hann verði nú stofnaður. Hver er kominn til að segja, að ræktunarsjóðurinn sameinist honum? Að því hefir einmitt verið stefnt, að þessi sjóður verði sjerstök stofnun. En í till. hv. þm. (SvÓ) er líka aðeins heimild til að sameina hann bankanum, en jeg get ekki ímyndað mjer, að ef ræktunarsjóðurinn reynist vel sem sjerstök stofnun, að þá verði farið að slá honum saman við aðra stofnun. Raunar sagði háttv. þm. (SvÓ), að ríkisveðbankinn væri þegar kominn, — en hvers vegna vill hann þá fela Landsbankanum stjórn ræktunarsjóðsins? Og ennfremur vil jeg spyrja hv. þm., hvort honum finnist ekki, að stjórn Landsbankans hafi nóg að gera nú. Og væri þá ekki eins eðlilegt að fækka bankastjórunum, ef þeir hafa of lítið að gera, eins og að fara að bæta á þá þessari stofnun? Og að lokum vil jeg spyrja hv. þm. (SvÓ), hvaðan honum sje komin heimild til að gera tilboð um þetta, og hvort Landsbankastjórnin hafi gefið ádrátt um að taka þetta að sjer. Hann hjelt því fram, að lítið myndi að starfa við sjóðinn fyrst framan af. En hvers vegna að stofna hann, ef ekki eru líkindi til, að hann verði notaður?

Hæstv. atvrh. (MG) gerði fyrirspurn til mín um afstöðu nefndarinnar til brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Því er að svara, að nefndinni hefir ekki unnist tími til að athuga þær sameiginlega, enda þótti ekki ástæða til að kveðja saman sjerstakan fund um þær.

Svo sem kunnugt er, lágu tvö frv. fyrir nefndinni, annað frá hæstv. stjórn og hitt frá Búnaðarfjelagi Íslands. Í því síðarnefnda er gert ráð fyrir því, að framkvæmdarstjórn sjóðsins verði aukastarf framkvæmdarstjórans, en samkvæmt stjfrv. er það aðalstarf hans. Skal þess og getið, að í nefndinni heyrðist engin rödd um það, að ekki þyrfti sjerstakan mann til að hafa stjórn sjóðsins á hendi. Og þar sem hv. form. nefndarinnar þótti ekki ástæða til að kveðja saman fund út af till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), mun mega álíta, að nefndin hafi fyrirfram tekið afstöðu til þeirra og leggi á móti því, að þær verði samþyktar.

Þá kem jeg næst að brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann hjelt langa og mikla ræðu, enda hefir hann ekki talað áður í málinu. Get jeg tekið undir flest, sem hann sagði. Hann sýndi góðan skilning á nauðsyn aukinnar ræktunar, og eins á nauðsyn aukinna húsabóta, og geta víst flestir verið honum samdóma um það. En það var ekki rjett, að í stjfrv. hefði verið gengið framhjá lánum til húsabóta. Það var líka gert ráð fyrir þeim, en tekið fram, að lán til ræktunar skyldu látin ganga fyrir. Nú eru þau gerð jafnrjetthá, að öðru en því, að til húsabóta fæst lán, sem aðeins svarar til helmings af virðingarverði húsanna.

Viðvíkjandi brtt. hans þarf jeg ekki mikið að tala. Það var svo illa undirbúið, að það var ekki hægt að mæla með því. Síðan hafa bæði hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Str. (TrÞ) tekið í sama strenginn. Hæstv. fjrh. benti á það, að í tveim

atriðum færi till. algerlega í bága við frv., sem hjer liggur fyrir, bæði þar sem brtt. ákveður, að lánstíminn skuli vera 10 ár til þessara tilraunabúa, og að umferðartími vaxtabrjefanna væri lengst 35 ár. Þetta kemur algerlega í bága við vaxtaákvæði sjóðsins í frv. Eins er þar, sem talað er um, að vextir af þessum lánum sjeu 2% lægri en frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. Str. (TrÞ) upplýsti nokkuð í málinu, sem er hreint ekki lítilsvert og sem sannar mitt mál, hvernig hefir verið kastað til þess höndunum, sem sje að þessi stofnun, sem á að fá fjárframlag hjá sjóðnum, hefir alls ekki verið spurð álits. Hv. þm. Str. er í stjórn Búnaðarfjelagsins og hann hefir þegar upplýst, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir alls ekki nefnt þetta við hana. Hann fór miklu harðari orðum um þetta, háttv. þm. Str., heldur en mjer hafði dottið í hug, því hann kvað till. bæði óframbærilega og algerlega óhæfilega.

En þótt jeg fyrir mitt leyti sje hlyntur þessari hugmynd, að koma á fót fyrirmyndarbúum, og álíti það einkar heppilegt, þá er mjer samt aldeilis ómögulegt að ganga inn á röksemdirnar fyrir þessari tillögu.

Jón Auðunn Jónsson: Það hlýtur að sjálfsögðu að vera mjer og hv. þm. Mýra. (PÞ) mikið gleðiefni, að þingið hefir nú horfið að því ráði, sem við bentum á við umræður um ríkisveðbankalögin 1921, að væri eina ráðið til þess að koma á fót lánsstofnun handa landbúnaðinum, sem gæti orðið honum að verulegu liði. Við bentum þá á það, að lánsstofnun fyrir landbúnaðinn væri svo sjerstök, að hún þyrfti að vera algerlega sjerstæð og áháð öðrum lánsstofnunum. Í öðru lagi bentum við á það, að það væri óhugsandi, að hægt væri að hafa þau lánskjör, sem telja mætti viðunandi fyrir landbúnaðinn, nema stofnuninni væri þegar í upphafi lagt til talsvert mikið reiðufje. Með frv., sem hjer liggur fyrir, er þessi leið farin, og það er þess vegna vitanlegt og sjálfsagt, að við munum vera því fylgjandi, eins og svo að segja allir hv. þdm. En það er okkur náttúrlega alveg sjerstakt ánægjuefni, að þetta frv. hefir komið fram og að það hefir fengið annað eins fylgi og raun er á orðin.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um brtt., sem hjer liggja fyrir, en jeg vildi aðeins benda á eitt atriði, sem á skortir, til þess að landbúnaðinum í heild sinni verði þetta til eins mikillar eflingar eins og nauðsyn ber til; það er, að ákvæði vantar um það, á hvern hátt leiguliðar geti fengið lán úr sjóðnum. Því eins og nú er ástatt á landi hjer, þá mun það vera um það bil ¼ bænda, sem eru leiguliðar. Jeg mintist lauslega á þetta við hæstv. fjrh. (JÞ) á síðastliðnu hausti, þegar hann var að undirbúa þetta mál. Hann taldi mikil vandkvæði á því. Benti jeg honum á eina leið, sem jeg taldi færa, en við nánari athugun sá jeg, að það myndi geta rýrt verðgildi brjefanna og söluskilyrðin að einhverju leyti.

Það var sjerstaklega út af till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem jeg vildi segja nokkur orð. Því verður ekki neitað, að mikil þörf er á að hafa tilraunabú, og mundu menn geta lært talsvert af þeim, þar sem ýmsar nýjar aðferðir við ræktun og annað væru viðhafðar og ný verkfæri notuð. En það er ómögulegt að setja slík skilyrði, sem till. háttv. þm. ákveður, inn í þetta frv. Því það má ekki með nokkru móti setja þar inn nein skilyrði, sem haft gætu þær afleiðingar, að söluverð brjefanna lækkaði. Nei; það,

sem er um að gera, er, að lánin sjeu trygg og vextirnir ekki settir alt of lágir. Með því tiltölulega mikla framlagi, sem sjóðurinn fær þegar í byrjun og síðan smámsaman, er enginn efi á því, að hann getur, þegar fram í sækir, lækkað vextina verulega, án þess að brjefin yrðu óútgengileg.

Af till. hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vildi jeg, að samþykt væri ein; það er að fella niður síðustu málsgrein 14. gr., um að lána þess meira úr sjóðnum sem verðfalli brjefanna kynni að nema. Þetta ákvæði frv. er dálítið varasamt; það getur bætt úr fyrir einstökum mönnum á erfiðum tímum, en alment ekki. Og að setja slíka undantekningarreglu, sem getur skaðað álit sjóðsins, en hefir litla þýðingu alment, það álít jeg alveg fráleitt. Jeg vildi því mæla með því, að sú brtt. hv. þm. yrði samþykt; en aðrar breytingar á sama þskj. tel jeg ekki til bóta. Fasteignamatið getur á sumum tímum verið of hátt, því það gildir um 10 ár í einu, og ef verðgildi peninga breytist til batnaðar á sama tíma, getur svo farið, að fasteignamatið verði talsvert of hátt. Eins verður líka þess að gæta, að fasteignamatið getur ekki verið algild regla til að byggja á, vegna þess að sumar eignir geta gengið úr sjer á þeim tíma, sem það gildir, en aðrar stórbatnað og aukist að verðgildi um þúsundir króna, t. d. þar, sem miklar jarða- og húsabætur hafa verið framkvæmdar.

Sveinn Ólafsson: Það er þunnskipað hjer á bekkjunum og þýðir líklega lítið að tala; þess vegna skal jeg binda mig eingöngu við mína till. og ekki fara út fyrir hana, enda þótt ástæða gæti verið til þess.

Tveir hv. þdm. hafa lagst á móti till. á þskj. 375, þeir hæstv. atvrh. (MG) og hv. frsm. landbn. (ÁJ). Hæstv. ráðherra ljet svo um mælt, að tillagan væri stórskaðleg. Hann benti hinsvegar ekki á, hver sá skaði mundi verða, sem af henni gæti leitt, ef hún yrði samþykt. Þetta þótti mjer á vanta, því ef svo mikið er í húfi, að ástæða sje til að viðhafa þetta stóryrði, þá átti það vissulega við að benda á, á hvern hátt skaði gæti orðið. Jeg legg þess vegna lítið upp úr dómi hans.

Jeg verð að segja, að tillöguna hefi jeg borið fram með það fyrir augum, að ekki yrði að óþörfu eytt fje til stjórnar þessa fyrirtækis í bili, meðan verkahringur sjóðsins er ekki víður; og einnig með það fyrir augum, að ef að því ræki bráðlega, að veðbanki Íslands yrði stofnaður, þá yrði gripið tækifærið í sambandi við stofnun hans til þess að athuga, hvort ekki mætti sama stjórn gilda fyrir hvoratveggja stofnunina, eins og reyndar er ætlast til í veðbankalögunum 1921. Hinsvegar er eftir tillögunni opin leið að því að taka ákvörðun um þetta þegar vill, að skipa sjerstaka stjórn, jafnvel á næsta þingi. En fram til þess tíma virðist mjer ekki sýnt, að þörf verði á að skipa þessa sjerstöku stjórn.

Annars var það einkanlega hv. frsm., sem lagðist á móti till. og dró fram líkur fyrir því, að frv. mundi betur borgið eins og það nú er orðað heldur en með till. Hann bar fram spurningar nokkrar fyrir mig, og spurði meðal annars, hvort jeg byggist við, að veðbankinn tæki til starfa svo fljótlega, að þessi ráðstöfun um sjerstaka stjórn yrði óþörf. Þeirri spurningu get jeg ekki svarað ákveðið, en mjer finnast þó talsverðar líkur fyrir því, að veðbankinn taki fljótlega til starfa, þegar svo er komið, að búið er að

byggja upp þessa ræktunarlánadeild, sem eftir hugmynd þeirra, sem upphaflega báru fram veðbankafrv., átti að vera aðalþátturinn í þeirri stofnun. Háttv. frsm. fanst það ekki rjett að orði kveðið hjá mjer áðan, að ríkisveðbankinn væri þegar að nokkru leyti stofnaður með þeim lögum, sem hjer er stefnt að. Jú, hann er að nokkru leyti kominn, ef frv. verður samþykt. Eins og jeg sagði áðan, þá er þetta meginþáttur hans. Það vantar aðeins herslumuninn til þess, að hann geti fullgerður tekið til starfa.

Háttv. frsm. kvað mikla nauðsyn á því, að þessi stofnun, ræktunarsjóðurinn, væri út af fyrir sig og óháð veðbankanum. Um það má deila, og hefir líka mikið verið deilt. En það hefir verið af skynbærum mönnum í þessu efni litið svo á, að í okkar litla þjóðfjelagi myndi það ekki eiga við að setja upp tvær samkeppandi stofnanir í þessu skyni, aðra fyrir ræktunarlán í sveitum, til að efla landbúnaðinn, og hina sjerstaklega fyrir húsabyggingar í kauptúnum. Því hefir verið haldið fram af forustumönnum í þessu efni, að það myndi verða óþægileg og jafnvel skaðvænleg samkepni milli þessara stofnana, ef aðgreindar væru. Hinsvegar er svo um búið með þessu frv., að ef veðbankinn tekur bráðlega til starfa, og ef hinsvegar þessi ræktunarsjóður sameinast honum, — sem bersýnilega er hugmyndin, — þá verður ræktunarsjóðurinn út af fyrir sig, sjerstök starfandi deild í bankanum og að miklu leyti óháð hinni deildinni, þó undir sömu stjórn kunni að verða.

Hv. frsm. (ÁJ) spurði, hvort samið hefði verið við stjórn Landsbankans um að taka að sjer þetta stjórnarstarf fyrir ræktunarsjóð. Þessu get jeg svarað með því að minna á það, að í fyrra, þegar lögin um búnaðarlánadeildina voru samþykt, þá var ekki samið sjerstaklega við stjórn Landsbankans um að taka að sjer framkvæmdir í því efni, en hún tók við því starfi engu að síður. Þetta yrði því framhald af því starfi, sem bankastjórnin hefir haft fyrir veðdeildirnar. Ef stjórnin fyrir annríkis sakir getur ekki leyst þetta verk af hendi, þá er opin leið til að ráðstafa þessu á annan hátt eftir 34. gr. frv. og eins og brtt. gerir ráð fyrir. En jeg hygg, að ekki komi til þess, að minsta kosti ekki á þessu ári, fram til næsta þings. Og jeg held, að það sje rjett, sem jeg hefi áður tekið fram í þessu sambandi, að með þeim vaxtakjörum, sem hjer er búið við, svo erfiðleg sem þau eru nú, þá þurfi ekki að gera ráð fyrir, að ræktunarsjóðslán verði mjög tíð eða stórfeld. Einnig vegna þess, að áhætta af lánunum, meðan krónan er að stíga, er talsvert meiri en svo, að hyggilegt sje að leggja í stór jarðabótalán úr ræktunarsjóði.

Fleira skal ekki um þetta sagt í bili, enda eru svo fáir hjer nærstaddir, að það er tilgangslaust að fjölyrða frekar.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer fer eins og fleirum, að mjer þykir það óviðfeldið að ávarpa háttvirta stóla. Annars er það af sjerstöku tilefni, sem jeg tek til máls nú; en áður en jeg kem að því, ætla jeg að víkja örfáum orðum að því, sem sagt hefir verið í minn garð og um þær till., sem jeg ber fram. Bæði hæstv. atvrh. (MG) og hv. frsm. (ÁJ) hafa vikið að tillögu minni um skattfrelsi brjefanna. Um það þarf jeg ekki að fjölyrða, en benda aðeins á, að það er dálítið einkennilegt, hvaða niðurstöðu þeir komast að Hæstv. ráðherra komst að þeirri niðurstöðu, að

afleiðingin af skattfrelsi 1. flokks brjefanna yrði, að það kæmi niður á síðari flokkunum, yrði gert á kostnað þeirra. Hv. frsm. komst að þeirri niðurstöðu aftur á móti, að skattfrelsi 1. flokks hlyti að leiða til þess, að allir hinir flokkarnir yrðu að vera skattfrjálsir líka. Þetta samrýmist ekki vel; að minsta kosti er ekki hægt að nota þetta hvorttveggja á móti þessari till. Jeg verð að segja, að jeg virði miklu frekar rök hæstv. ráðherra, því samkv. þeim hefir þetta miklu alvarlegri afleiðingar fyrir sjóðinn. Jeg er ekki á skoðun hæstv. ráðherra að því leyti, að einna hægast verði að selja brjefin nú vegna vaxtanna. Vitaskuld verður það, ef vextirnir verða ákveðnir háir. En jeg álít það aðalatriði til að tryggja bændum æskileg lánskjör í framtíðinni, að byrja á að hafa sem lægsta vexti; þess vegna vil jeg gera mönnum lánin sem aðgengilegust og ná hinsvegar hinu markinu, að hafa ekki háa vexti. Út frá þessu geri jeg ráð fyrir, að það verði frekar erfitt að selja fyrsta flokkinn, og einmitt þess vegna vil jeg hlynna að honum sem best. Það verður auðvitað ekki losnað við hann í einum hvelli; það getur tekið 35 ár. *(Atvrh. MG:* Ekki salan). Nei; en menn geta búið að honum svo lengi.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) mælti ýmislegt í minn garð og Búnaðarfjelagsins út af þeim orðum, sem jeg vjek að till. hans. Mjer dettur ekki í hug að fara langt út í það, enda mælti hann yfirleitt hlýlega í garð landbúnaðarins og Búnaðarfjelagsins, þó það slægi út í fyrir honum innan um. Jeg efa ekki, að hv. þm. gengur gott til um þetta. Síðar í ræðu hans kom það fram, að hann gerir ekki ráð fyrir, að þessi heimild verði notuð fyr en einhverntíma og einhverntíma. Jeg endurtek það, sem jeg sagði áður, að til þess að stofna til svona stórra fyrirtækja álít jeg, að eigi í hvert skifti að koma sjerstök heimild frá þinginu. Jeg kann illa við, að einstakar stofnanir hafi slíka heimild og eigi aðgang að hundruðum þúsunda króna án náins eftirlits þingsins. Jeg álít það löggjafarvaldsins að fjalla um það. En mjer þykir hinsvegar ákaflega gott að eiga von á, ef til þess kæmi, að Búnaðarfjelagið óskaði eftir þessu, að háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) styddi slíka rökstudda málaleitun.

Jeg er eiginlega ekki í raun og veru að leggjast á móti þessari till.; en jeg álít, að hún sje ekki forsvaranlega undirbúin, og rjettara, að slíkar till. beri öðruvísi að.

Hv. þm. kom inn á það að kasta peningum í fleiri fúafen, og fanst mjer hann hálfpartinn gera ráð fyrir, að þeir peningar, sem bændur fengju úr þessari lánsstofnun, og yfirleitt það, sem varið er til framkvæmda í landbúnaði á þessu landi, færi alt í fúafen, ef þessi tilraunabú væru ekki stofnuð til að kenna fáráðlingunum. Jeg er ekki svona svartsýnn, enda trúi jeg tæplega, að hv. þm. líti sjálfur þannig á málið sem hann lætur í veðri vaka. En svo jeg slái dálítið út í spaug í þessu sambandi, þá þætti mjer fróðlegt að heyra um þessa sögulegu uppgötvun háttv. þm. Sjálfsagt hefir hann fundið handrit af Egilssögu, þar sem hann gat staðhæft, að Egill hefði falið peningana í fúafeni einmitt uppi í Mosfellssveit. Er ekki ólíklegt, að hv. þm. geti haft einhver ráð með að nálgast þá. Egilssögu hefi jeg lesið, en hún segir ekki frá með neinni vissu um þetta atriði. *(PO:* Það mætti svo vel stofna tilraunabú með peningunum). Já, jeg heyri, að hún er strax farin að vekja

athygli hjá hv. þdm. þessi sögulega uppgötvun hv. 2. þm. Reykv. (JBald).

Það, sem einkum kom mjer til að standa upp, voru ummæli hv. frsm. (ÁJ) út af tveim till., sem hafa komið fram um stjórn sjóðsins, till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þar sem hann vill í bili fela yfirstjórn Landsbankans það starf, og út af brtt., sem jeg hefi flutt um, að gæslustjórar sjóðsins væru skipaðir samkv. till. búnaðarþings. Hv. frsm. henti á lofti þau ummæli mín, er jeg lýsti yfir ánægju minni yfir því, að það hefir orðið gott samkomulag milli Landsbankastjórnarinnar og landbn. um framlag til sjóðsins. Hann dró þar af þá ályktun, að jeg hlyti að vera á móti að fela bankastjórninni yfirstjórn sjóðsins. Jeg get nú alls ekki skilið, hvaða samband er þar á milli. En það var frá öðru sjónarmiði, sem mjer fanst það gott, að það skyldi fást samkomulag milli Landsbankans og landbn. um þetta mál. Því þótt jeg sje ekki sammála stjórn Landsbankans út af afskiftum hennar af búnaðarlánadeildinni, þá er mjer svo ant um ræktunarsjóðinn, og mjer er líka svo ant um Landsbankann, að jeg vil ekki, að neitt ósamkomulag verði þeirra aðilja í milli.

Í sambandi við þetta og eftir að hafa heyrt ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vil jeg víkja dálítið frekar að stjórn ræktunarsjóðsins. Í fyrsta lagi vil jeg minna hv. frsm. á það, að í því frv., sem jeg hefi borið fram, og í því frv., sem nefndin, sem skipuð var af Búnaðarfjelaginu, bar fram, þá var það tilætlunin, að bankastjórnin hefði þetta sem aukastarf. Það var litið svo á, að til þess að íþyngja ekki sjóðnum, þá ætti hann ekki að þurfa að launa til fulls yfirstjórn. Svo var það ennfremur ákveðin till. frá þeirri nefnd og öllu búnaðarþinginu, að fulltrúar bændanna mættu eiga tillögurjett um alla stjórn sjóðsins.

Þegar hæstv. stjórn hafði borið þetta frv. fram, vildi búnaðarþingið hliðra svo til, að landsstjórnin skipaði forstjóra sjóðsins, en aftur á móti halda fast við það ákvæði, að gæslustjórarnir skyldu skipaðir samkv. till. búnaðarþingsins.

Þar sem hæstv. stjórn hefir nú lagst svo fast á móti þessari einróma ósk búnaðarþingsins, þá vekur það tortrygni hjá mjer og hlýtur að hafa áhrif á atkv. mitt um, hvernig stjórn sjóðsins skuli skipað fyrst um sinn.

Enginn, sem átti sæti á síðasta búnaðarþingi, gat skilið orð þeirra hæstv. ráðherra, sem þar komu, á annan veg en þann, að samkomulagi væri náð um það, að búnaðarþingið fjelli frá kröfunni um, að öll stjórn sjóðsins skyldi skipuð samkv. till. þess, en í þess stað skyldi farið eftir till. þingsins um skipun gæslustjóranna. *(Atvrh. MG:* Já; búnaðarþingið á að hafa tillögurjett). Í lögum þýðir það yfirleitt, að farið skuli eftir tillögunum, en þær ekki lagðar á hilluna hvenær sem hæstv. stjórn býður svo við að horfa.

Við hæstv. atvrh. (MG) vorum báðir staddir á búnaðarþinginu og jeg lagði þennan skilning í ummæli þau, sem þar fjellu, og mjer er kunnugt um, að sami var skilningur annara fulltrúa á þinginu. Mjer dettur reyndar ekki í hug að segja, að hæstv. atvrh. fari með ósatt mál, þó að hann mótmæli nú þessum skilningi, en þetta hefir þá farið einhvernveginn á milli mála hjá honum. En andstaða hæstv. stjórnar gegn skilningi búnaðarþingsins vekur tortrygni hjá mjer og hvetur mig

til að greiða þeirri till. atkv., sem kveður svo á, að forstaða sjóðsins skuli fengin Landsbankastjórninni til að byrja með.

Ennfremur er annað atriði, sem hefir dálítil áhrif á mig í þessu efni.

Það er hugsun margra, að væntanlegur fasteignaveðbanki, sem ræktunarsjóðurinn verði aðalliðurinn í, verði með tímanum ein virðulegasta stofnun í landinu; honum verði m. a. fenginn seðlaútgáfurjetturinn í hendur. Þessi hugsun hefir verið látin uppi af eftirlitsmanni banka og sparisjóða hjer í hv. deild, og í hv. Ed. hafa tveir hv. þm. látið í ljós sömu skoðun, og er annar þeirra fyrverandi en hinn núverandi bankastjóri. Má því ætla, að þessi till. sje ekki alveg út í bláinn, þó að jeg vilji að svo stöddu engan dóm á leggja.

En eigi þetta svo að verða, þá hvetur það mig til að ljá því ekki fylgi, að nú þegar verði skipuð dýr stjórn við ræktunarsjóðinn, ef hugsanlegt er, að hann skuli sameinaður fasteigna- og seðlabanka síðar meir.

Þess vegna vil jeg vara hv. frsm. (ÁJ) við því að draga þá ályktun af orðum mínum, sem hann hefir gert.

Við 2. umr. hefði jeg verið á móti þessari till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), ef hún hefði þá legið fyrir. En samkomulagið við stjórn Landsbankans, og þó einkum hinn þungi andróður hæstv. stjórnar og háttv. frsm. gegn því, að fulltrúar bænda skuli hafa skilyrðislaus áhrif á skipun stjórnar sjóðsins, hefir þau áhrif á mig, að jeg mun geta sætt mig við, að stjórn Landsbankans sje falin forstaða ræktunarsjóðsins í bili.

Jón Baldvinsson: Jeg get ekki sætt mig við, að brtt. mín skuli vera talin óformleg og út í bláinn gerð. Reyndar hefir enginn nema hæstv. fjrh. (JÞ) gert tilraun til að rökstyðja þessi ummæli, tilraun, sem þó vitanlega mistókst. En þó hafa þeir hv. frsm. (ÁJ), hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) allir haft yfir dómsorð hæstv. ráðh. (JÞ), án þess að rökstyðja þau hið minsta.

Jeg vil halda því fram, að enda þótt lánin samkv. minni till. eigi að veita með öðrum kjörum en önnur lán úr ræktunarsjóði, þá þurfi hún ekki þar fyrir að vera svo óformleg, að ekki megi samþykkja hana.

Aðalatriðið er, að til þess að lán úr sjóðnum megi yfirleitt koma að fullum notum, er bráðnauðsynlegt, að bændur hafi nauðsynlega þekkingu á því, hvernig hentugast sje að rækta landið, og þá þekkingu geta þeir einmitt fengið hjá fyrirmyndarbúum þeim, sem jeg legg til að stofnuð verði. Og hlutverk sjóðsins er fyrst og fremst að efla ræktun landsins, og því takmarki verður best náð á þann hátt, að menn geti fengið þá bestu og fullkomnustu þekkingu í þeim efnum, sem völ er á. Annars er hætt við, að lánsfjenu verði að meira eða minna leyti á glæ kastað. Og hv. frsm. (ÁJ) og hv. þm. Str. (TrÞ) hafa gengið framhjá því, að í frv. er nú einnig talað um lán, sem ekki eru veitt með nákvæmlega sömu kjörum og annars er ætlast til um lán úr sjóðnum. Nægir í því efni að benda á 31. gr., þar sem ætlast er til, að ræktunarsjóður yfirtaki lán, sem búnaðarlánadeildin hefir þegar veitt, enda þótt lánsskilmálar sjeu aðrir en þessi lög ákveða.

Hvers vegna tala hv. þm. (TrÞ og ÁJ) ekki um, að þetta sje óformlegt ákvæði? Það er af því, að þeir eru samþykkir þessu ákvæði, en mótfallnir minni till., og

þess vegna „passar í kram“ þeirra að fetta fingur út í mína till., en láta annað jafn „óformlegt“ ákvæði afskiftalaust.

Mjer virtist skína út úr orðum hv. þm. Str. (TrÞ), að honum þætti stjórn Búnaðarfjelagsins misboðið með því, að hún hefði ekki átt frumkvæðið að brtt., sem færi í sömu átt og mín.

Jeg get lýst yfir því, að enda þótt till. mín verði feld nú, þá mun jeg fylgja svipaðri till., hvenær sem stjórn Búnaðarfjelagsins ber hana fram, eða hver sem það annars kann að gera. En jafnvel þó að hv. þm. Str. (TrÞ) sje sjálfur í stjórn Búnaðarfjelagsins, þá finst mjer alveg ástæðulaust, að hann sje svo stoltur fyrir hennar hönd, að hann geti ekki fylgt rjettu máli af því einu, að hún hefir ekki borið það fram eða átt frumkvæðið að þessari till.

Annars er hjer eingöngu um heimild að ræða, sem Búnaðarfjelagsstjórnin getur gripið til, hvenær sem henni sýnist, og er því ekki hægt að segja, að framhjá henni sje gengið með till. Er því erfitt fyrir hv. þm. (TrÞ) að slást á móti till., nema því aðeins, að hann vantreysti Búnaðarfjelagsstjórninni til að nota heimildina rjettilega.

Loks sagði hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg hefði haldið því fram, að lánsfje úr ræktunarsjóði væri kastað í fúafen, ef fyrirmyndarbúin yrðu ekki stofnsett jafnhliða. Þetta er ekki rjett farið með orð mín. Jeg sagði, að menn skyldu vara sig á því, að ekki færi um lánsfjeð eins og sagt er, að farið hafi um silfur Egils Skallagrímssonar, þ. e. a. s. að því verði ekki kastað í fúafen, eins og talsverð hætta er á, ef rjett skilyrði eru ekki fyrir hendi. Háttv. þm. vildi reyndar draga í efa, að jeg hefði fyrir mjer rjettar heimildir að því er snertir fje Egils. Til vonar og vara náði jeg því í Egilssögu, og vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr henni:

„Fyrir neðan tún at Mosfelli eru fen stór ok furðuliga djúp. Hafa þat margir fyrir satt, að Egill muni þar hafa kastat í fje sínu.“

Vil jeg því vona, að tilvitnun mín sje ekki fjarri því, sem getið er til í sögunni, og getur hv. þm. (TrÞ) því sparað sjer allar vísindalegar tilgátur um, að jeg hafi fundið nýtt handrit af Egilssögu. Háttv. þm. (TrÞ) ætti a. m. k. að þekkja prentuðu söguna; ekki lætur hann svo lítið yfir fornsöguþekkingu sinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kvartaði yfir því, að jeg hefði ekki rökstutt þau ummæli mín, að till. hans um, að Landsbankastjórnin hefði fyrst um sinn forstöðu ræktunarsjóðsins á hendi, væri skaðleg. Jeg þóttist hafa rökstutt þessa skoðun mína með því að sýna fram á, að svo mikið starf, sem ræktunarsjóði er ætlað, geti ekki aðrir leyst vel af hendi en þeir, sem vilja gera það að lífsstarfi sínu. Þess vegna er nauðsynlegt að skipa sjóðnum sjerstakan forstjóra þegar frá byrjun.

Menn vilja altaf blanda ríkisveðbankanum í þetta mál, en það er of snemt.

Um margra ára skeið hefir mönnum verið það aðaláhugamál að fá sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, og meðan því verður ekki komið í framkvæmd, er hætt við, að hann verði lengst af útundan. Þess vegna vil jeg ekki blanda þessari lánsstofnun landbúnaðarins saman við ríkisveðbankann að svo komnu máli, a. m. k. ekki fyr en einhverjar ráðstafanir verða gerðar til þess að hann taki til starfa, og sennilegt get jeg aldrei fylgt því.

Hv. þm. (SvÓ) hefir ekki trú á því, að þetta fyrirkomulag ræktunarsjóðsins standi lengi, heldur býst hann við, að því verði breytt á næsta eða næstu þingum.

Þó að þetta væri rjett tilgáta, þá er samt undir öllum kringumstæðum betra, að sjerstakur forstjóri verði skipaður sjóðnum þegar frá byrjun, og hefi jeg áður tekið fram ástæðurnar fyrir því.

Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að deila við hv. þm. Str. (TrÞ) um 1. flokks vaxtabrjef ræktunarsjóðsins. Við viljum sennilega báðir greiða fyrir flokknum eftir bestu föngum. Hann vill greiða fyrir sölu vaxtabrjefanna með því að gera þau skattfrjáls, en jeg á þann hátt, að vextirnir verði færðir niður. *(TrÞ:* Jeg vil þetta hvorttveggja). Það verður þá á kostnað síðari flokkanna, og þar skilur á milli okkar. Öllum má það ljóst vera, að vaxtabrjef síðari flokkanna hljóta að verða sett skör neðar en 1. flokks, ef hvorttveggja verður, að kostnaðurinn, sem á þau legst, verður ½% meiri, og svo hitt, að kaupendur þeirra fá ekki að njóta sama skattfrelsis sem eigendur 1. flokks brjefanna.

En við þurfum að hugsa eitthvað um framtíðina, og jeg held að betra sje að hafa vextina á 1. flokks brjefunum heldur hærri, en búast fremur við afföllum. Reynsla veðdeildarbrjefanna hefir sýnt, að þessi aðferð er heppilegri.

Út af ummælum hv. þm. (TrÞ) um skipun gæslustjóranna skal jeg geta þess, sem jeg hefi reyndar áður sagt, að jeg skildi samkomulagið við búnaðarþingið svo, að stjórnin skyldi leita álits og tillagna þess eða Búnaðarfjelags Íslands um skipun gæslustjóranna, en hann álítur, að stjórnin hafi skuldbundið sig til að veita embættin samkvæmt till. búnaðarþingsins skilyrðislaust.

Jeg verð að halda fast við minn skilning, en skal jafnframt lýsa yfir því, að aldrei hefir mín meining verið sú, að ekki verði tekið fult tillit til tillagna búnaðarþingsins eða Búnaðarfjelagsins. Hinsvegar getur það komið fyrir, að búnaðarþinginu hætti við að líta of einhliða á hagsmuni landbúnaðarins, en gæslustjórarnir þurfa ekki síður að gæta hagsmuna sjóðsins sjálfs. Ef gert er ráð fyrir því, sem ekki er ólíklegt, að forstjóri sjóðsins verði sjerstaklega kunnugur öllum háttum landbúnaðarins og beri hagsmuni hans einkum fyrir brjósti, þá þarf hann að hafa við hlið sjer menn, sem hafa meiri sjerþekkingu á öðrum sviðum. Þess vegna getur svo farið, að fulla nauðsyn beri til, allra hluta vegna, að annar gæslustjórinn verði t. d. banka- eða lögfróður maður. Þess vegna er nauðsynlegt, að hendur stjórnarinnar sjeu ekki alt of mjög bundnar í þessu efni.

Þó að jeg á engan hátt vilji gera lítið úr till. búnaðarþingsins, þá er þess að gæta, að hjer á Alþingi eiga líka sæti fulltrúar bænda, sem engu síður eiga heimtingu á tillögurjetti um þetta mál, og þegar því er lýst yfir, að tillagna búnaðarþingsins eða Búnaðarfjelagsins skuli leitað um skipun gæslustjóranna, þá sje jeg enga ástæðu til þess að vera tortryggginn. Vænti jeg því, að hv. þm. Str. (TrÞ) greiði till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) ekki atkvæði vegna tortrygni í garð stjórnarinnar, því að jeg er sannfærður um, að sú till. miðar til ills eins fyrir sjóðinn, en einskis gagns.

Jeg legg afarmikla áherslu á, að forstaða sjóðsins verði fengin manni, sem ætlar að gera það starf að æfistarfi sínu. Og jeg er viss um, að forstjórinn mun hafa nægilegt að gera þegar frá byrjun, ef ekki við lánveitingar, þá við allskonar

undirbúning og að svara fyrirspurnum, sem mikið hlýtur að berast af til að byrja með.

Í búnaðarlánadeildinni í Landsbankanum gengur öll afgreiðsla nú afarerfiðlega að sögn, enda munu sárafáir enn hafa fengið lán hjá þeirri stofnun. Þess vegna vil jeg óska, að tortrygni ráði því ekki, hvernig hv. þm. (TrÞ) greiðir atkv. um velferðarmál ræktunarsjóðsins og bænda.

Að lokum skal jeg geta þess, að mjer datt í hug að flytja brtt. við nafn stofnunar þessarar og kalla hana ræktunarbanka, vegna þess, að sjóðurinn verður þegar í upphafi svo öflugur samkvæmt frv., að banki er meira rjettnefni. En jeg hvarf þó frá þessari hugsun, m. a. vegna þess, að frv. hefði orðið að breyta mjög víða í samræmi við nafnbreytinguna.

Frsm. (Árni Jónsson): Fyrst vil jeg víkja örfáum orðum að því, sem okkur háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir borið á milli.

Mig furðaði, að hv. þm. (SvÓ), sem jeg hefi aldrei reynt að öðru en sannsögli, skyldi leyfa sjer að halda því fram hjer í dag, að í lögunum um ríkisveðbankann sje til þess ætlast, að sú stofnun hverfi undir stjórn Landsbankans. Þetta sagði hann til þess að verja till. sína á þeim grundvelli, að ræktunarsjóðurinn eigi í rauninni að vera einn þáttur í ríkisveðbankanum, og þar af leiðandi undir stjórn Landsbankans. Mig furðar á þessu, einkum vegna þess, að hv. þm. (SvÓ) átti sæti hjer á þingi þegar lögin um ríkisveðbankann voru sett, og hlýtur því að vita betur en hann segir, nema hann sje farinn að gerast svo gamlaður, að honum sjáist yfir einföldustu sannindi þess vegna. Annars komu vöflur á hann, sem vonlegt var, þegar jeg spurði, hvort nokkrar líkur væru fyrir því, að ríkisveðbankinn tæki bráðlega til starfa. Þó taldi hann það líklegt, en fyrir því er engin sönnun, nema síður sje. Jeg spurði háttv. þm. (SvÓ), hvort hann væri viss um, að stjórn Landsbankans kærði sig nokkuð um að taka á sig þá kvöð að veita ræktunarsjóði forstöðu, þó ekki væri nema til að byrja með. Hv. þm. (SvÓ) taldi engin vandkvæði á þessu, vegna þess að í fyrra hafi samskonar kvöð verið lögð bankastjórninni á herðar í lögunum um búnaðarlánadeildina.

Jeg held nú satt að segja, að Landsbankastjórnin hafi aldrei verið sjerlega hrifin af þeirri kvöð. Yfirleitt gengur öll viðleitni Landsbankastjórnarinnar í þá átt, að engar sjerstakar kvaðir sjeu lagðar á bankann. Annars getur verið, að hv. þm. (SvÓ) finnist undirtektir bankastjórnarinnar gefa sjerstakt tilefni til, að henni verði falin stjórn ræktunarsjóðs í viðurkenningarskyni. En jeg sje enga ástæðu til að gefa bankastjórninni slíka viðurkenningu.

Hv. þm. Str. (TrÞ) fór ekki alveg rjett með það, sem hann sagði í dag um þetta sama atriði. Hann sagðist leggja mikið upp úr því, að gott samstarf yrði milli stjórnar ræktunarsjóðsins og Landsbankastjórnarinnar, þegar til kæmi. Af þessum ummælum dró jeg þá ályktun, að hann áliti, að ræktunarsjóðurinn ætti að fá yfir sig sjerstaka stjórn, því annars væru þessi orð sögð út í bláinn.

Hv. þm. (TrÞ) sagðist hljóta að tortryggja hæstv. stjórn í máli þessu, vegna þess, að hún vildi ekki skilyrðislaust ganga inn á að skipa gæslustjóra sjóðsins samkv. till. búnaðarþingsins.

Landbúnaðarnefnd hefir átt tal við þá Thor Jensen og Sigurð búnaðarmálastjóra um þetta atriði, og man jeg ekki til, að

þeir hafi lagt neina aðaláherslu á það. Þeir leggja mest upp úr því, að sjóðnum verði sjeð fyrir nægilegu fjármagni, og því verður ekki neitað, að frv. gengur nú mjög langt í því efni. Tortryggni hv. þm. (TrÞ) hefir því við engin rök að styðjast. Hann vill einungis á þennan hátt reyna að rjettlæta stefnubreyting sína frá 2. umr.

Þá var hann að gera samanburð á ummælum mínum og hæstv. atvrh. (MG). En það er nógu gaman að bera saman ummæli hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. Str. (TrÞ). Háttv. 1. þm. S.-M. segir, að þetta sje í raun og veru ríkisveðbanki, en hv. þm. Str. gerir ráð fyrir, að búnaðarþingið tilnefni tvo menn sem gæslustjóra. Ef þetta væri ríkisveðbanki, þá væri það ekki Búnaðarfjelagið, sem hefði hjer hönd í bagga, heldur ríkisstjórnin.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. (ÁJ). Hann vildi gefa í skyn, að jeg hefði orðið að grípa til óráðvandra meðala til þess að rjettlæta mína stefnu.

Jeg hefi gert ljósa grein fyrir, að samkomulag það, sem náðst hefir við stjórn Landsbankans annarsvegar, og andstaða landsstjórnarinnar nú gegn því, að búnaðarþing fái að skipa gæslustjóra ræktunarsjóðs o. fl., veldur því, að jeg get sætt mig við það í bili, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) leggur til. Væri betur, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) gæti gert jafnljósa grein fyrir framkomu sinni á þingi yfirleitt.

Jeg skal svo ekki lengja umr. meira.

ATKVGR.

Brtt. 309,1 feld með 18:10 atkv.
— 309,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 338,1 feld með 17:6 atkv.
— 309,3 samþ. með 15:4 atkv.
Brtt. 309,4.a—b samþ. með 22 shlj. atkv
— 326 samþ. í e. hlj.
— 309,5 samþ. með 20:1 atkv.
— 316,1 feld með 21:4 atkv.
— 316,2 tekin aftur.
— 309,6.a samþ. með 23 shlj. atkv.
— 339 tekin aftur.
— 309,6.b samþ. með 24 shlj. atkv.
— 309,6.c—d feld með 14:7 atkv.
— 316,3.A feld með 17:6 atkv.
— 309,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 316,3.B feld með 19:8 atkv.
— 309,8 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 307 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 383 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 309,9 tekin aftur.
— 375,1 feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald.

nei: JÞ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, BSv.

Brtt. 338,2 samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, BSv.

nei: MG, MJ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ.

Brtt. 309,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 375,2 tekin aftur.
— 309,11 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 336 feld með 14:14 atkv.
— 338,3 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., mánudaginn 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 394).

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frv. þetta, sem var lagt fyrir hv. Nd., hefir nú gengið í gegnum þá deild með ekki mjög miklum breytingum. Það gæti að vísu verið ástæða til þess að fara nokkrum orðum um slíkt mál sem þetta frá almennri hlið nú við 1. umr. En sökum þess, hve áliðið er, hliðra jeg mjer hjá því. En hvað snertir einstök atriði, þá tel jeg rjettara, að umr. um þau bíði eftir því, að þau verði athuguð í nefnd. Þetta frv. var í Nd. sett í landbúnaðarnefnd, og leyfi jeg mjer að leggja það til, að svo verði einnig gert hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A 394, n. 462).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg vil taka það fram, að það eru 2 prentvillur, önnur í nál., eða rjettara sagt í brtt., sem á eftir því standa, en hin í frv. sjálfu. Það er þá fyrst í 3. brtt., þar sem stendur „einn gæslustjórinn“ þá á það að vera: annar gæslustjórinn. Í 19. gr. frv. stendur „sbr. þó 15. gr.“, en á að vera: 13. gr.

Að vissu leyti er ekki ástæða til að halda langa ræðu. Þingmenn eru orðnir þreyttir; að minsta kosti get jeg sagt það fyrir mig, og auk þess var jeg illa haldinn af tannpínu í alla nótt og naumast jafngóður orðinn enn, þótt sjálf hin skemda tönnin sje farin nú og kvelji ekki lengur.

Eins og mönnum er kunnugt, hafa oft heyrst kvartanir um það nú á síðari tímum, að landbúnaður okkar sje skamt á veg kominn og hafi hann fremur staðið í stað en hitt, á móts við ýmsar aðrar framfarir hjá okkur. Þó verður því ekki neitað, að nokkrar framfarir í landbúnaði hafa þó átt sjer stað hin síðustu ár. Það er ýmislegt, sem gert hefir verið og til umbóta horfir; t. d. hefir ekki svo lítið verið sljettað í túnum, tún og hagar girtir. Menn hafa og verið að brjótast í því að bæta húsakynni sín og lagt allhart á sig til að geta komið því í framkvæmd. En þó er þetta á engan hátt sambærilegt við ýmsar aðrar framfarir hjá okkur í öðrum atvinnugreinum, og því lítur helst út fyrir, þegar samanburður er gerður, að landbúnaður okkar hafi algerlega staðið í stað síðari árin. Orsakirnar til þess, að svona lítur út hjá okkur bændunum, hafa vitanlega tvær hliðar. Í fyrsta lagi er öll aðstaða betri hjá öðrum atvinnugreinum, t. d. sjávarútveginum. Það er alment viðurkent, að hafið kringum Ísland sje hin mesta gullkista, og hafa bæði okkar eigin útgerðarmenn og erlendir sótt drjúgum gull í þá kistu. En hinsvegar verður ekki sagt, að landið okkar sje mjög frjótt eða taki mikið fram öðrum löndum til landbúnaðar. Jeg veit, að landið okkar er þrátt fyrir þetta gott land og að það er hægt að lifa hjer góðu lífi, ef vel er á haldið, enda þótt þess sje ekki að vænta, að landbúnaður okkar geti afkastað eins miklu og sumstaðar á sjer stað erlendis. En þótt landbúnaður vor sje ekki og geti sjálfsagt aldrei orðið

fyllilega sambærilegur við landbúnað í öðrum frjórri löndum, þá hlýtur hann að geta afkastað meiru en hann nú gerir, ef honum er fullur sómi sýndur. Menn álíta almennt, að orsakirnar til þess, að landbúnaðinum hefir ekki farið meira fram en átt hefir sjer stað, sjeu aðallega fjárskortur, þ. e. að skilja skortur á nægum og hagkvæmum lánum. Þetta er sjálfsagt rjett, enda var það svo framan af eftir að við fórum að eiga með okkur sjálfir, að fje skorti nær því til allra hluta. Eftir að Landsbankinn var stofnaður, var nokkurt fje fáanlegt þar, en þó var ekki um mikið að gera. Þessi hálfa milj. króna, sem bankinn rjeð yfir til alls, hrökk ærið skamt. Menn ráku sig fljótt á, að þessi stofnun var alt of lítil, og þá var seðlaforði bankans aukinn um 250 þús. kr. En þetta reyndist einnig of lítið, og þá rak að því, að Íslandsbanki var stofnaður. Auðvitað var það tilætlunin, að Landsbankinn ætti jafnt að sinna kröfum og þörfum landbúnaðarins sem annara atvinnuvega, en þarfirnar og kröfurnar voru harðari úr öðrum áttum, þar sem gróðinn var fljótteknari, og því fór svo, að fje Landsbankans lenti frekar annarsstaðar. Og þegar Íslandsbanki hafði verið stofnaður, fór fjeð þaðan einnig þangað, sem gróðinn var mestur, — til sjávarútvegs og til verslunarrekstrar. Þá rak að því, að veðdeild Landsbankans var stofnuð. Í fyrstu sýndist þetta gott og ætla að koma að tilætluðum notum, en brátt sýndi það sig, að þetta var ónógt, og það vantaði ekki, að ýmsar frekari tilraunir væru gerðar til að bjarga landbúnaðinum við. Ein af þeim tilraunum var ræktunarsjóðurinn gamli. En hann var einnig of lítill og kom ekki til leiðar jafnmiklu og vænst hafði verið, og eftir því, sem tímarnir liðu fram, sýndi sig æ betur, að þörf landbúnaðarins fyrir meira fje var orðin mjög mikil, og þetta kom einna best í ljós, þegar hann var borinn saman við sjávarútveginn og þær framfarir allar, sem þar höfðu orðið. Því var á síðasta þingi gerð tilraun til að bæta úr þessu, er frv. um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbankann var borið fram í Nd. Það er engum vafa undirorpið, að þeim, sem þetta frv. bar fram, hefir gengið gott eitt til, en hitt er þegar ljóst orðið, að það hefir orðið til sáralítilla bóta. Það er aðeins ný bót á gamalt fat. Þar við bætist og, að stjórn Landsbankans var þessu máli andvíg frá byrjun. Jeg var frsm. að því frv. hjer í þessari deild, þegar það var samþykt, og þó að jeg mælti fram með því við þessa deild, duldist mjer þó ekki, að þetta var ekki nægilegt til að fullnægja þörfum landbúnaðarins. En hitt sá jeg, að það mundi ekki gera neitt til, þó að frv. yrði samþykt, og hafði jeg þá von, að samþykt frv. yrði til þess, að hæstv. stjórn færi að reyna að finna einhverja aðra leið til að bjarga landbúnaðinum. Jeg áleit því — eins og sjá má af Alþingistíðindunum í fyrra — að samþykt frv. mundi verða spor í áttina til frekari tilrauna til viðreisnar landbúnaðinum. Og þessi von mín hefir nú ræst. Milli þinga hefir hæstv. fjrh. (JÞ) tekið málið alvarlega í sínar hendur og skipaði nefnd til þess að semja frv. til þess að bæta úr fjárhagsvandræðum landbúnaðarins. Þó að upp í þetta frv., sem hjer er til umræðu, hafi verið tekin ýms annarleg ákvæði, er þó grundvöllurinn sá, sem hæstv. fjrh. hefir lagt, og er því enginn vafi á, að hæstv. fjrh. á miklar þakkir skildar fyrir að hafa tekið málið í sínar hendur og komið því

jafnlangt áleiðis og orðið er. Jeg er í engum vafa um, að ef þetta frv. verður samþykt, er það afarmikið spor í áttina til þess að útvega landbúnaðinum nauðsynlegt fjármagn.

Jeg veit að vísu, að þeir eru margir, sem álíta, að sporið sje of stutt, en jeg get ekki fallist á það. Jeg álít, að sporið sje stórt, mjög stórt, samanborið við aðrar tilraunir, sem gerðar hafa verið landbúnaðinum til hjálpar. Mjer telst svo til, að ef frv. er notað út í æsar, sje hjer um 12 milj. króna að ræða, og er það því afarmikið spor í rjetta átt, á móts við það, sem áður hefir verið gert.

Frágangur málsins hefir verið góður. Það hefir verið ítarlega rætt í hv. Nd. og hefir þar allmiklum tíma verið varið til meðferðar þessa máls. Mjer hefir talist svo til, að um 16 þskj. hafi komið fram í Nd. um þetta mál. Þó hefir landbúnaðarnefnd þessarar deildar ekki þótt tiltækilegt að ganga að frv. óbreyttu, sem ekki er að undra, er um svo mikilsvert mál er að ræða, því það ber oft við, jafnvel í hinum smærri málunum, að ein deildin gagnbreytir því, sem hin hefir talið gott vera, og sje jeg ekki athugavert við það, allra síst er stórmál á í hlut.

Eins og hv. þingdeildarmenn munu hafa sjeð, eru brtt. nefndarinnar við frv. aðallega fjórar. Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv. 2. lið; frv. kveður á, að alt tillag ríkissjóðs eigi að svara til þeirrar upphæðar, sem ræktunarsjóðurinn hefir til þessa greitt ríkissjóði samkv. lögum 1905, + 4% vöxtum. Þetta orðalag frv. mun stafa af því, að menn hafa álitið, að þetta væri fje, sem landbúnaðinum einum bæri og aldrei hefði því átt að renna í ríkissjóð. Jeg er nú þeirrar skoðunar, að þetta sje aukaatriði og að ekki beri að fást um slíkt. Mjer stendur alveg á sama, hvort landbúnaðurinn á tilkall til þessa fjár eða ekki. Aðalatriðið fyrir mjer er, að fjeð fáist greitt og að landbúnaðurinn fái það fje, sem hann þarf. Hitt má vel vera, að þarna sje um hreina og beina innieign að ræða, enda þótt mjer finnist það í sjálfu sjer hjegómi. En orðalag frv. þarf lagfæringar við, til þess að upphæðin verði gerð ákveðnari, og óþarfi finst nefndinni, og jafnvel fara ver á því, að reikna þetta fje svo nákvæmlega út, að standi máske ekki einu sinni á tug króna, heldur jafnvel á einni krónu eða broti úr krónu.

2. brtt. nefndarinnar er við 19. grein. Samkvæmt þessari gr. frv. eru lán, sem veitt eru meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, undanþegin ½% gjaldinu, en eftir að útgáfu þess flokks er lokið, fæst engin linun á þessu gjaldi, hvernig sem horfurnar eru eða fjárhagsástæður í landinu yfirleitt. Nefndin taldi því nauðsynlegt að lagfæra þetta, þannig að ef vextir hækkuðu upp í 6% eða þar yfir, þá mættu allir lánþegar eiga von á ívilnun á þessu gjaldi eða losna með öllu við það.

3. brtt. a. fer í þá átt að fella í burtu úr frv. ákvæðin um, að búnaðarþingið beri ábyrgð á skipun gæslustjóranna. Meiri hl. nefndarinnar getur alls ekki sjeð, að búnaðarþingið sje á nokkurn veg færara um að bera þá ábyrgð en stjórn ríkisins; og er þetta skýrt tekið fram í nál. okkar. Vitanlega verða vart valdir aðrir menn til þessara starfa en þeir, sem búsettir eru í Reykjavík; menn, sem hefðu þetta sem nokkurskonar aukastörf. Búnaðarþingsmennirnir eru að jafnaði of ókunnugir hjer í bæ til þess að þeim sje ætlandi að vita, hverjir best væru fallnir til þessara starfa, og mundu því verða að fara eftir tillögum annara um þetta; eða með öðr-

um orðum, þeir mundu alls ekki ráða því sjálfir, hverja þeir ljetu útnefna, heldur fara þar eftir tillögum eða óskum einhverra annara. Ríkisstjórnin veit þetta alt miklu betur og er betur treystandi til að velja þá menn eina, sem hæfastir eru til þessa starfa, og því er rjett, að ríkisstjórnin ráði þessu og beri alla ábyrgð á því.

Þá kem jeg að 3. brtt. b. Nefndin áleit rjett, að ef það yrði samþykt að fella í burtu úr frv. ákvæðin um íhlutunarrjett landbúnaðarþingsins um skipun gæslustjóra, að slá þá um leið þann varnagla, að að minsta kosti einn gæslustjóranna skuli hafa sjerþekkingu í landbúnaði.

4. og síðasta brtt. nefndarinnar er langveigamesta brtt., og er hún um að 34. gr. frv. verði feld burtu. Grein þessi, sem mun hafa komið inn í frv. í hv. Nd., virðist vera sett þar af sparnaðartillneigingu og ekki öðru. Tilgangurinn hefir verið sá, að spara mannahald við þessa stofnun, ræktunarsjóðinn. Það er vitanlegt, að þegar ríkisveðbankinn verður stofnaður, þarf hann sína sjerstöku stjórn, og því hefir þess verið vænst, að spara mætti forstjóraembættið við ræktunarsjóðinn og fela bankastjóra eða bankastjórum ríkisveðbankans forstjórn ræktunarsjóðsins. Jeg og öll nefndin álítum þetta vera mjög óheppilegt og að það gæti orðið landbúnaðinum til hins mesta óhagræðis eða beinlínis stórtjóns. Þetta mundi vitanlega gera minna til, ef það væri víst, að forstjóri ræktunarsjóðsins yrði gerður að formanni ríkisveðbankans. En sú vissa liggur alls ekki fyrir. Og allra síst að nokkur trygging sje fyrir því, að við skipun bankastjóra ríkisveðbankans yrði aðallega tekið tillit til hagsmuna ræktunarsjóðsins eða þekkingar umsækjanda á högum landbúnaðarins. Með því að halda 34. grein frv. yrði stjórnin á ræktunarsjóðnum fyrst um sinn, og hver veit hve lengi, aðeins millibilsástand. Á þessu þingi fæst engin vissa um það, hvenær ríkisveðbankinn verður stofnaður, og enginn getur með vissu sagt ennþá, hve lengi það muni dragast, ef til vill 1—2—3 ár. Það er augljóst, að til svo skamms og óákveðins tíma mundi vart fást almennilega hæfur, því síður góður eða fær maður til þessa starfa. Með þessu ákvæði 34. gr. yrði þannig strax í byrjun stigið mjög óheppilegt og óheillavænlegt spor, er hindra mundi fyrst og fremst, að hæfur maður fengist sem forstjóri ræktunarsjóðsins, þar sem enginn maður í lífvænlegri stöðu mundi líklegur til að fást til að fleygja starfi sínu frá sjer til þess að taka að sjer ræktunarsjóðinn og vera þar aðeins til vara um nokkur, ef til vill örfá ár. Það mundi mega ganga út frá því sem vísu, að enginn maður, sem hefði fullkomna þekkingu eða vit á landbúnaði, fengist til þessa. Og færi svo síðar, að forstjóri ríkisveðbankans, þó að öðru leyti væri hann góður og gegn, hefði litla þekkingu, og ef til vill ennþá minni áhuga á landbúnaðinum, mundi þessi stofnun verða búnaði vorum til lítilla hagsbóta. Það er ekki nóg fyrir landbúnaðinn, að fje sje til, ef forstöðumaður ræktunarsjóðsins veit ekki, hvernig á helst að nota það. Það er einskisvert að hafa fje til, ef það er annaðhvort alls ekki notað eða því er varið til þess, sem að engu gagni kæmi landbúnaðinum. Þessi 4. og síðasta brtt. nefndarinnar er þannig aðalbrtt., sem hún leggur mesta áhersluna á, að hv. deild samþykki. Vitanlega leggur nefndin fulla áherslu á, að samþyktar verði hinar aðrar brtt. hennar, þar eð hún er sann-

færð um, að þær eru til mikilla bóta á frv., enda væntir meiri hl. nefndarinnar, að hv. Nd. geti fallist á frv. þannig breytt, vegna þess að flest af þessu, sem við leggjum til að breytt sje, var í Nd. samþykt aðeins með örlitlum atkvæðamun og hefir líklega ekki verið þar athugað nógu vandlega.

Sigurður Jónsson: Það mun þykja hlýða, að jeg geri grein fyrir sjerstöðu minni og atkvæði um þetta mál, er jeg hefi ritað undir nál. með fyrirvara. Mjer er það mest áhugamál, að frv. nái að ganga fram á þessu þingi og verða að lögum, og því þykir mjer varhugavert, ef þessi háttv. deild ætlar að breyta frv. í höfuðatriðum. Það er rjett, sem hv. frsm. (EP) sagði, að samþykt þessa frv. yrði líklega það eina, sem gæfi þessu þingi varanlegt gildi í augum bænda, enda væri frv. stórt spor í áttina til að liðka lánskjör landbúnaðarins. Mjer þykja varhugaverðar allar stórfeldar breytingar á frv., því þær gætu orðið til að spilla því, að frv. næði að ganga fram, og áreiðanlega til þess að lengja og tefja þingtímann, en jeg tel vansjeð, að hv. Nd. taki því með þegjandi þögn, að frv. verði mjög snúið við. Annars ætla jeg ekki að ræða þessar brtt. nefndarinnar, en jeg mun sýna með atkv. mínu, hvaða skoðun jeg hefi á þeim.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg er þakklátur hv. landbn. Ed. fyrir undirtektir hennar og meðferð á þessu frv. Einnig get jeg í aðalatriðum fallist á allar brtt. háttv. landbn., sem jeg tel vera til bóta á frv., og finn jeg því ekki ástæðu til að gera þær sjerstaklega að umræðuefni. Þó verð jeg að víkja nokkrum orðum að efni síðustu (4.) brtt. nefndarinnar, um að fella burt úr frv. 34. greinina, sem gerir ráð fyrir, að þessi lánsstofnun sameinist ríkisveðbankanum á sínum tíma og undir eina og sömu stjórn. Háttv. frsm. nefndarinnar (EP) gerði fullkomlega ljósa grein fyrir brtt. þessari frá sínu sjónarmiði og þeirra, sem næst standa ræktunarsjóðinum. En jeg verð að bæta því við til skýringar ræðu háttv. frsm., að jeg geri ráð fyrir, að á næsta þingi verði að taka ákvörðun um, hvenær eða jafnvel hvort ríkisveðbankinn verði stofnaður, vegna þess að þá verður þrotinn 4. flokkur veðdeildarbrjefanna, og verður þá að ráða fram úr um það, hvort bæta skuli við nýjum flokki eða taka upp einhverja aðra tilhögun á þessari lánadeild, t. d. ríkisveðbankann. Þess vegna teldi jeg það óheppilegt, ef það væri látið vera í nokkrum vafa, hvað gera ætti við ræktunarsjóðinn, ef ríkisveðbankinn verður stofnaður; hvort þeir skuli sameinast eða ekki. Jeg gæti hugsað mjer, að svona ákvæði, eins og 34. gr., gætu vafist inn í umr. um ríkisveðbanka á þann hátt, sem óheppilegur gæti orðið fyrir það mál. Það er stór ávinningur fyrir það mál, ef þá er ákveðið, að ræktunarsjóðurinn sje alveg sjerskilinn og út af fyrir sig. Þetta er heimild, sem stendur í greininni, og liggur sem óafgert spursmál fyrir næsta þingi. Þá kunna sumir að verða á móti ríkisveðbanka, af því að þeir vilja ekki eiga á hættu, að heimildin til þess að leggja ræktunarsjóðinn undir hann verði notuð.

Sigurður Eggerz: Jeg býst við, að tillögur mínar í þessu máli fái lítið hljóð í hv. deild. Eins og kunnugt er, er komin fram þáltill. í hv. Nd. um það að skipa

milliþinganefnd til þess að athuga fyrirkomulag seðlaútgáfunnar og bankamálin yfir höfuð. Jeg hefi ástæðu til þess að halda, að þessi till. fái byr í þinginu. Jeg álít rjett, að þetta mál fari til þeirrar nefndar. En hins er jeg fullviss, að margir vilja heldur koma þessu máli fram nú. Því er haldið fram, að þar með sje opnaður aðgangur að haganlegri lánum en áður. Er þetta nú víst? Mjer sýnist aðalatriðið ennþá óleyst. Það er útvegun fjárins, tryggingin fyrir hagstæðri sölu brjefanna. Hún er að mínu áliti ekki ennþá fengin, og fyr er ekki hægt að segja, hver kjör landbúnaðurinn fær. Ef brjefin þarf að selja með miklum afföllum, þá leitar í sama farið eins og nú á sjer stað með veðdeildina. En þeir „effektivu" vextir af veðdeildarlánum, eins og brjefin seljast nú, munu vera milli 7—8%.

Landsbankinn hefir að vísu þegar lofað að kaupa brjef fyrir á aðra miljón króna. En þetta er aðeins smáupphæð. Það, sem rannsaka þarf, er þetta, hvort ekki er hægt að búa brjefin svo út, að hægt sje að selja þau erlendis. Þá fyrst koma nýir fjárstraumar inn í landið. Það er og ljóst, að það veikir Landsbankann að verja fje til kaupa á brjefum, sem hann ekki getur selt aftur. Aðalspursmálið um ódýr lán fyrir landbúnaðinn er ennþá óleyst. Hvernig það yrði best leyst, ætti að fela áminstri nefnd að rannsaka. Jeg hygg, að besta lausnin yrði með því að koma ríkisveðbankanum með einhverjum breytingum á fót.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði hjer einu sinni í háttv. deild, að ekki mætti gera verkaskiftinguna of mikla. En með því að koma upp sjerstökum landbúnaðarbanka er einmitt verið að búa til óþarfa verkaskiftingu. Ríkisveðbankinn gæti sjeð bæði um landbúnaðarlán og lán til húsabygginga í kauptúnum. Jeg hygg, að ef sterkur banki stæði á bak við, væri hægara að fá markað fyrir brjefin. Í 7. gr. eru ákvæðin um ábyrgðina fyrir brjefin. Jeg veit ekki, hversu gott eða gætilegt það er fyrir ríkissjóð að ganga þannig í ótakmarkaðar ábyrgðir. Að minsta kosti þótti ekki annað fært en takmarka ábyrgðina, þegar rætt var um ríkisveðbankalögin. Víða í heiminum hafa orðið mikil bankahrun, og því hefir trúin á bankana þverrað. — Það veikir lánstraust ríkissjóðs, þegar það vitnast erlendis, að ríkissjóður taki á sig ótakmarkaðar ábyrgðir fyrir banka. — Jeg er mótfallinn brtt. um að fella burt 34. gr. Hún er bending um, að ríkisveðbankann eigi að stofna og ræktunarsjóðurinn eigi að vera deild í honum. Ef greinin yrði feld, mundi hv. Nd. halda fast á sínu máli, og þá mundi frv. hætta búin og er því óráðlegt að fella þá brtt. frá sjónarmiði þeirra, sem vilja koma frv. áfram. Önnur brtt. er um skipun gæslustjóranna. Ef ræktunarsjóðurinn á að halda áfram í þessari mynd, er þessi tilhögun ekki óeðlileg. Jeg geri ráð fyrir, að trúa megi fulltrúum búnaðarþingsins fyrir þessari kosningu.,—

Jeg sje ekki ástæðu til að segja fleira að sinni, en vildi taka þetta fram á þessu stigi málsins. En í sannleika eru þessi mál svo flókin, að þeim veitir ekki af að fá hinn besta undirbúning, sem kostur er á. Og meira er vert um það að fá fullkominn banka, sem megi verða landbúnaðinum að verulegum notum, þó stofnun hans dragist 1 ár eða svo, heldur en í flaustri að koma á bankastofnun, sem láti alla aðalhnútana óleysta.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg vænti þess eftir aðstöðu, að hv. 1. landsk. þm. (SE), að hann, bankamaðurinn, segði eitt-

hvað í þessu máli. En það, sem mjer fanst vera aðalhugsunin í ræðu hans, var að fresta málinu, og bygði hann það á þeirri von, að milliþinganefnd yrði skipuð í bankamálum. Þó nú svo verði, þá hefði sú nefnd samt nóg að starfa, þó þetta bættist ekki við. Sú nefnd, sem fengist hefir við þau mál á þinginu, gefur ástæðu til að ætla, að það eitt sje ærið verk. Það er því Lokaráð að láta ræktunarsjóðinn í hendur væntanlegrar milliþinganefndar í bankamálunum. Hún mundi láta hann sitja á hakanum.

Þá vildi hv. þm. (SE) fetta fingur út í ummæli okkar í nál. En annaðhvort verður nú um betri lánskjör að ræða en verið hefir, eða engin lán. Verri kjör en undanfarið er ekki hægt að fá. Víxlar, sjálfskuldarábyrgðir og veðdeildarlán hafa verið æðióhagstæð upp á síðkastið.

Þá sagði hann óvíst um markað fyrir brjefin. Jeg býst við því, að svo sje enn, og verði uns leitað er fyrir sjer. Þau verða að skapast fyrst brjefin, áður en markaðurinn opnast. Það hefir verið talað um það, að samkvæmt ákvæðum frv. kaupi Landsbankinn brjef fyrir þó nokkra upphæð. Auk þess koma ýmsir aðrir ófeað til þess að kaupa meira eður minna af þessum brjefum. Eftir því, sem ákveðið er í frv., eiga vextirnir, sem brjefin gefa, að vera 1% hærri en sparisjóðsvextir. Og við þurfum ekki annað en líta á reikninga bankanna til þess að sjá, að einstaklingar eiga mikið fje inni þar, sem þeir gætu varið og mundu vilja verja til þess að kaupa fyrir þessi brjef. Auðvitað eru altaf nokkrar upphæðir, sem menn vilja ekki festa í vaxtabrjefum, en eigi að síður verður mikið eftir, sem ekki væri hikað við að binda gegn hærri vöxtum.

Þá talaði háttv. þm. um ábyrgð ríkissjóðs. En hvernig á að koma því fyrir að fá aukið fjármagn án ábyrgðar? Ef selja á miklu meira af brjefum en þeirri upphæð nemur, sem á bak við stendur, þá þarf ábyrgð. Mjer fanst hann líka vera harla lítilþægur fyrir hönd landbúnaðarins, þegar hann var að tala um að nota búnaðarlánadeildina í eitt ár enn. Hann ætti að vita, að það gengur tregt með lán þar. Mjer virtist hann vilja heldur, að 34. gr. stæði. Jeg er þar, eins og jeg hefi tekið fram, alveg á gagnstæðri skoðun. Jeg er ekki í vafa um, að það er landbúnaðinum til ógagns, ef sú hætta vofir yfir honum, að ræktunarsjóðurinn yrði sameinaður ríkisveðbankanum. Og af því leiðir þá líka, að ef heimildin til slíkrar sameiningar stendur, getur það orðið steinn í götu ríkisveðbankans. Þetta hefir hæstv. fjrh. (JÞ) tekið rjettilega fram. Það er hættulegt að láta greinina standa. Þó að við höfum ákvæðið ekki í þessum lögum, má taka það upp í ríkisveðbankalögin, ef svo sýnist. En við þurfum ekki að vera að binda nú þegar hendur okkar fyrirfram í þessu efni.

En þar sem hv. 1. landsk. þm. (SE) vill láta 34. gr. standa, þá fanst mjer hann komast í mótsögn við sjálfan sig um það að láta búnaðarþingið skipa gæslustjórana. En frá sjónarmiði þeirra, sem vilja láta 34. gr. standa, er beinlínis bráðnauðsynlegt að útiloka búnaðarþingið frá að hafa áhrif á skipun þeirra. Jeg ætla mjer auðvitað ekki að fara hjer út í neina bankaspeki. En hinu treysti jeg fullkomlega, að það verði ekki frv. að falli, þó 34. gr. sje kipt í burtu. Og setjum svo, að hv. Nd. setti hana aftur inn í frv., þá mundi jeg auðvitað kjósa fremur að una við þann ókost en að frv. næði ekki að ganga fram. En jeg tel skyldu okkar, úr því að frv. er hingað komið, að laga það eins og hægt er.

Hv. 2. landsk. (SJ) tók í sama strenginn. Hann tjáði sig vera að mestu samþykkan efni brtt. okkar, en fyrir honum vakir að gera ekki neitt, sem tafið getur fyrir málinu eða orðið því að falli. En jeg vona, að slíkt hendi ekki, þó að brtt. okkar verði samþyktar.

Guðmundur Ólafsson: Það eru nokkuð skiftar skoðanir um það hjá hv. þm., hvað mikið sje í það varið, að frv. þetta verði að lögum. Jeg geri mjer vonir um, að talsverð bót sje að því, að það fái að ganga fram, jafnvel þó eitthvað smávegis megi að því finna. Er það gagnstætt því, sem hv. 1. landsk. þm. (SE) heldur fram, þegar hann vill láta frv. bíða vegna þess að væntanleg bankamálanefnd geti komið að notum við athugun málsins. En þó slík nefnd væri máske fær um að koma með einhverjar brtt., sem til bóta væru fyrir frv., þá veit maður samt ekkert, hvað mikið væri mist, þó hún fengi ekki málið til meðferðar, því oft hefir það reynst úrgangssamt, sem komið hefir frá milliþinganefndum, engu síður en hjá þingnefndum. Mín skoðun er nú sú, að þetta frumvarp sje hið besta, sem fyrir þessu þingi hefir legið, og jeg tel illa farið, ef þingið bæri ekki gæfu til að leiða það til lykta. Hv. frsm. landbn. (EP) og hv. 1. landsk. (SE) bar mikið á milli hvað þetta snertir. En mjer finst líka, að háttv. landbn. sje ekki fast í hendi að fá frv. þetta samþykt, úr því hún kemur með svona brtt. Þær eru flestar smávægilegar, en geta hinsvegar tafið fyrir málinu.

1. brtt. hv. nefndar slær fastri krónuupphæð, og fæ jeg ekki sjeð, að það skifti miklu máli. 2. brtt. er ef til vill fremur til bóta. Eru þar vextirnir fastar ákveðnir. En hvað 3. brtt. viðvíkur, þá er jeg satt að segja á móti hv. nefnd. Jeg skil ekki, að það sje illa til fundið, að gæslustjórar sjóðsins sjeu skipaðir samkv. till. búnaðarþings. Þar eru hvort sem er þeir menn samankomnir, sem ekki síst ættu að bera skyn á, hvað sjóðnum er fyrir bestu, og því ekki treystandi síður en þingi og stjórn til að sýna hyggindi í vali sínu. Þá vill hv. nefnd fella burt 34. gr. frv., sem heimilar að sameina ræktunarsjóðinn væntanlegum ríkisveðbanka. Jeg held, að þar sem það er svo lítið fje, sem ríkisveðbankinn byrjar með, ef hann verður stofnaður, þá gerist ekki nauðsynlegt að hafa tvær bankastjórnir fyrir þessum tveim stofnunum. (*SJ:* Sjóðurinn á að vera sjálfstæð stofnun). Það verður sjóðurinn eftir sem áður. Háttv. frsm. (EP) sagði raunar, að ef þetta þætti betra, þá mætti setja ákvæði inn í ríkisveðbankalögin um, að þessi stofnun hyrfi undir stjórn hans. En hvað er það betra? Í öðru lagi held jeg, að við þurfum ekki að setja það fyrir okkur, þó einhverju þyrfti að breyta í þessum lögum á næsta þingi. Og jeg get ekki skilið, hvers vegna fylgismenn þessa frv. óska, að það fari aftur til hv. Nd., ef þeim er umhugað um, að það gangi fram. Það er ekki svo margt, og síst svo gott, sem eftir þetta þing liggur, að jeg get vel unnað því, að þetta ágæta mál komist fram.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 1. landsk. (SE) hafði ýmislegt út á þetta frv. að setja. Fyrst og fremst kom hann með þessa alkunnu mótbáru út af veðdeildartilhöguninni, um verðfall á brjefunum og ljeleg vaxtakjör. En í frv. eru einmitt ákvæði, sem ekki standa í lögunum um veðdeild Landsbankans, og er þeim ætlað að fyrirbyggja, eftir því sem unt er, að slík óþægindi geti átt sjer stað. Í veðdeildinni eru nefnilega vextirnir fast-

ir fyrir hvern flokk brjefanna og vaxtakjörin geta tekið þeim breytingum, að hlutfallið milli almennra vaxta og vaxta af brjefunum verði ekki rjett. En eftir þessu frv. má breyta til og loka hverjum flokki og byrja nýjan með nýjum vaxtakjörum hvenær sem er. Þetta er stórt atriði.

Þá hefir hv. nefnd lagt mikla áherslu á það, að brjefin seljist sem næst nafnverði. Í stjórnarfrv. var stungið upp á, að vextir brjefanna í 1. flokki væru ákveðnir 6%, en þótt það hafi verið felt úr frv., vegna þess að almenn vaxtalækkun sje hugsanleg, þá mun samt ráð fyrir því gert, að vextirnir verði þetta háir, ef aðstaða breytist ekki, til þess að brjefin seljist sem næst nafnverði. Auk þessa er svo ákveðið, að ef ekki þykir hentugt eða ráðlegt að stöðva einhvern flokk brjefanna, vegna almennrar vaxtabreytingar, þá þurfa afföllin ekki að ganga út yfir lántakanda, því það er heimilt að taka tillit til affallanna við ákvörðun lánsupphæðarinnar. Held jeg, að með þessu móti sje eins fyrirbygt og hægt er, að þeim, sem lán taka úr þessum sjóði, verði afföllin til tjóns.

Þá hefir sami háttv. þm. (SE) komið með þá mótbáru, að sala vaxtabrjefanna sje á engan hátt trygð, og fjárútvegunin til sjóðsins sje þess vegna óleyst mál. En svo er það auðvitað með hverja veðlánastofnun áður en hún byrjar. En á hinn bóginn er í frv. gert það, sem unt er, til að brjefin verði sem útgengilegust, og meira en rjett væri að gera um tilsvarandi vaxtabrjef almennra veðlánastofnana. Stjórnin leit svo á, að hjer væri um það að ræða að fullnægja sjerstakri þörf, sem væri ríkari en alment gerist um slíkar stofnanir, og því væri í alla staði forsvaranlegt, að ríkið legði meira fram af sinni hálfu en rjett væri annars. Hafa og báðar deildir þingsins fallist á þennan skilning. Þess vegna er til þess ætlast, að ríkið leggi stofnuninni til allmikið sjálfseignarfje, sem veðdeild Landsbankans hefir starfað án. Sjálfum Landsbankanum hafa með lögum aðeins verið lagðar 2 milj. kr., en þessi stofnun byrjar með 2400000 kr. sjálfseignarfje, fyrir utan andvirði óseldra þjóðjarða. Ennfremur er tekin full ríkissjóðsábyrgð á brjefunum, til að gera þau seljanlegri. Þetta taldi hv. 1. landsk. (SE) vera ógætilega fjármálapólitík, og skal jeg játa, að það var fyrst eftir langa og nákvæma yfirvegun, að stjórnin tók það ákvæði upp í frumvarp sitt. Var það mest gert eftir bendingu þess útlenda manns, sem verið hefir ráðunautur stjórnarinnar í bankamálunum um langt skeið. Jeg hafði gert ráð fyrir, og búnaðarfjelagsnefndin tekið upp í frv. sitt, að ríkissjóður ábyrgðist 25% af verði brjefanna. En þá var stjórninni rjettilega bent á, að eins gott væri að stíga skrefið fult, því erfitt væri að setja takmörk fyrir því, hvenær ætti að hætta að greiða, ef ábyrgðin hljóðar upp á ¼, og auk þessa er stofnunin ríkiseign. Því var þessi ákvörðun tekin eftir nákvæma yfirvegun, og má nú segja, að þessi brjef sjeu eins boðleg ytra eins og frekast má verða, því þau eru eins vel trygð og á verður kosið. Hinsvegar álít jeg, að ekki beri að sækjast eftir því, að þau seljist mikið til útlanda fyrst um sinn, þar sem ætla má, að nægilegt fje sje fyrir hendi innanlands.

Hvað sölu brjefanna snertir að öðru leyti, þá hefir hún talsvert verið undirbúin. Það hefir verið samið við stjórn

Landsbankans um, að bankinn keypti að minsta kosti fyrir 100000 kr. á ári í 14 ár, og þar fram yfir eftir því sem ástæður bankans leyfa, og stuðli að öðru leyti að sölu brjefanna; sömuleiðis að hann kaupi veðbrjefin með nafnverði, ef vextir þeirra eru 1% yfir sparisjóðsvexti. En fari þau eitthvað niður fyrir nafnverð, þá mega þau samt ekki seljast lægra verði en ráðherra samþykkir. Þá má ennfremur nefna ákvæðin í 15. gr. frv., sem heimila sparisjóðum greiðan aðgang að þessum brjefum, þar sem ætlast er til, að þau verði jafnan fyrirliggjandi. Enn mætti nefna nokkur atriði þessu viðvíkjandi í frv., sem jeg fer ekki frekar inn á. Verð jeg aðeins að lýsa yfir því áliti mínu, að flest sje gert, sem hægt var að gera, til tryggingar því, að sjóðurinn hafi nægilegt fjármagn þegar í byrjun.

Hv. frsm. (JJós) hefir svarað að fullu athugasemdum hv. 1. landsk. (SE) viðvíkjandi heimildinni til sameignar sjóðsins við ríkisveðbankann væntanlega. En út af því, sem hv. 1. landsk. (SE) og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sögðu um skipun gæslustjóra sjóðsins, þá skal jeg láta mjer nægja að svara því einu, að það fer ekki vel á því, að við svona stofnun, þar sem 3 menn eru í stjórn, sjeu báðir gæslustjórarnir útnefndir af samkundu, sem er skipuð fulltrúum annars aðiljans einungis, nefnilega lántakenda. Brjefakaupendur, eða hinir raunverulegu lánveitendur, hafa vissulega líka sanngirniskröfu til þess, að einnig sje tekið tillit til hagsmuna þeirra. Hinsvegar myndi jeg ekki hafa á móti því, þó hjer yrði farið eftir sömu reglu sem við kosningu gæslustjóra Landsbankans, að Alþingi veldi þá báða. Þó segir það sig sjálft, að um skipun gæslustjóranna myndi jafnan verða leitað álits Búnaðarfjelags Íslands, ef stjórnin ætti að velja þá, og er hjer því síst að ræða um nokkurt vantraust til búnaðarþingsins frá minni hálfu. Mjer þykir aðeins rjett að benda á, að hjer eigi fleiri en lántakendur hagsmuna að gæta, og er ekki rjett, að þeir hagsmunir sjeu settir til hliðar í lögunum sjálfum.

Þá vildi jeg ennfremur segja, að hv. frsm. (EP) ljet ofmælt um eitt atriði, og á jeg við það, er hann sagði, að brjefin væru einskisvirði, ef ábyrgð ríkisins væri ekki að baki þeim. Jeg hefi meira traust á brjefunum sjálfum en þetta og álít svo mikla tryggingu vera fólgna í veðunum og sjálfseign sjóðsins, að ekki þurfi að óttast, að ríkið bíði tjón af ábyrgðinni.

Út af orðum hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) vil jeg að lokum taka það fram, að ekki má gera ráð fyrir, að tiltækilegt þyki að breyta lögum þessum á næsta þingi. Lög um stofnanir sem þessar eru sjerstaks eðlis, og þegar búið er að gefa út vaxtabrjefin, þá má í engu rýra tryggingu þeirra með breyttri löggjöf, fyrri en þau brjef eru öll leyst inn.

Einar Árnason: Jeg er dálítið óánægður yfir því, að hv. landbn. skyldi fara að finna upp á því að flytja þessar brtt. Jeg tel sumar þeirra þarflausar og aðrar heldur til að spilla frv. Jeg tel þetta óheppilegt, mest vegna þess, að það er ilt að stofna til þess, að þetta mál þurfi að hrekjast á milli deilda eins og nú er komið störfum þingsins. Að sönnu er búist við, að það sje vilji meiri hl. þingsins, að þetta mál gangi fram, en jeg held það megi lengi deila um einstök atriði þess. Um tvær fyrstu brtt. get jeg ekki sagt, að þær sjeu til skemda, en þær eru svo þarf-

litlar, að jeg get ekki greitt þeim atkv., vegna þess að það er ástæðulaust að senda frv. aftur til hv. Nd. út af svo lítilfjörlegum breytingum. Þriðju brtt. tel jeg heldur til spillis frv. Þá er fjórða brtt., sem er sú eina, sem nokkurs er um vert; það er, að 34. gr. frv. falli burt. Aðalefni þeirrar greinar er það að sameina ræktunarsjóðinn ríkisveðbankanum, þegar hann kæmist á fót. Þó er líka tekið fram í greininni, að hann skuli altaf vera sjerstakur sjóður og hafa sín sjerstöku rjettindi. Hv. frsm. (EP) tók svo djúpt í árinni viðvíkjandi þessu atriði, að hann lýsti því yfir nú þegar, að hann mundi greiða atkvæði á móti því, að ríkisveðbankinn yrði stofnaður nú á næstu árum, að mjer skildist vegna þessarar heimildar í 34. gr. Jeg varð sannast að segja hissa á þessari yfirlýsingu, af því jeg get ekki betur sjeð en að þetta sje mjög meinlaust ákvæði. Mjer virtist hv. frsm. (EP) fá byr undir báða vængi með þessa skoðun sína af því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði hjer í ræðu sinni, að þetta ákvæði kynni að spilla fyrir því, að samkomulag fengist á næstu árum um að stofna ríkisveðbankann. Að vísu færði hæstv. fjrh. engar sönnur fyrir þessu, og jeg get heldur ekki komið auga á þær. Yfir höfuð finst mjer, að þetta ákvæði geti alls ekki verið hættulegt; getur verið, að sumum sýnist það þarflaust að sameina þessar tvær stofnanir, en jeg get ekki betur sjeð en að það fari vel á því, að báðar sjeu undir sömu stjórn, þar sem þær eru mjög skyldar.

Jeg vildi aðeins taka þetta fram, til þess að gera grein fyrir því, að jeg get ekki verið með þessum till. Og jeg get hugsað mjer, að ef þessi síðasta brtt. verður samþykt hjer, og ef hv. deild heldur fast á því máli, þá muni það verða til þess, að þetta mál fari í sameinað þing. Hinsvegar skildist mjer á hv. frsm. (EP), að hann væri kannske fyrir sitt leyti ekki fráleitur því að ganga inn á frv., þó þetta ákvæði kæmi frá hv. Nd. En jeg tel miklu betra að ganga svo frá frv. nú, að það þurfi ekki að fara til hv. Nd., svo þessi deild þurfi ekki að ganga ofan í sjálfa sig aftur.

Sigurður Eggerz: Hv. frsm. (EP) mintist á nefndina í bankamálinu og þótti útkoman hjá henni ekki glæsileg. Jeg skal ekki fara mikið inn á það, en jeg álít, að sú nefnd hafi unnið allmikið starf og hafi jafnvel lagt óvenjulega mikið verk í sitt starf. Jeg bjóst satt að segja ekki við, að hún mundi fá byr hjer í háttv. deild sú till. mín, að láta þetta mál vera óútrætt nú og rannsakað af nefnd þeirri, er jeg geri ráð fyrir, að þingið skipaði. Að það hafi verið Lokaráð, sem jeg hefi ráðið í því efni, eins og hv. þm. sagði, því vísa jeg heim, og sannast að segja get jeg alls ekki kannast við, að jeg hafi ekki verið landbúnaðinum velviljaður í hvívetna. Það mun líklega erfitt að finna, að jeg hafi komið með till. honum í óhag. Oft hefir það sýnt sig, að bestu úrræðin fá ekki altaf byr undir báða vængi. Hve margir í þessari hv. deild hafa nú ekki viðurkent villuspor sín í verslunarmálunum, sbr. tóbakseinkasöluna, sem nú er verið að kveða niður eftir tveggja ára reynslu. Sömu mennirnir, sem fylgdu henni fastast, eru nú harðir með því að koma henni fyrir kattarnef.

Þannig mætti einnig fara um þetta mál. Má vera, ef nefndinni væri falið það til rannsóknar, að ýmislegt kæmi í ljós, sem menn ekki grunar nú. Eins árs dráttur skiftir ekki miklu máli, ef niðurstaðan verður betri. Jeg ber fram þessa till. af

því jeg óska þess, að hægt verði að stíga með gætni þetta stóra spor landbúnaðinum til góðs.

Jeg endurtek það, að jeg tel ríkisábyrgðina varhugaverða. En ef ríkisveðbankinn yrði settur á stofn, þá væri hægt að komast af með takmarkaða ríkissjóðsábyrgð, af því að stofnsjóður þess banka er langtum stærri og bak hans yrði yfir höfuð miklu breiðara. Það er áreiðanlega nýtt að binda ríkissjóði svo ótakmarkaða bagga sem ábyrgð sú, sem hjer ræðir um, er. Jeg kannast auðvitað við það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, að fyrir það, að vextir brjefanna eru svo háir, þá verða minni afföll af brjefunum. En hinsvegar þola brjefin minni afföll, þegar vextirnir eru háir. Ef afföll að ráði bætast t. d. ofan á 6% vexti, þá fara kjörin að verða heldur hörð fyrir landbúnaðinn.

Jeg skal ekki fara að taka upp alt það, sem jeg hefi áður sagt um þetta, en jeg er sannfærður um, að rjetta leiðin í þessu máli er að rannsaka ítarlega, hvernig brjefunum verður best fyrir komið til þess að útvega sem bestan markað erlendis, og það hygg jeg vera nauðsynlegasta byrjunarskrefið áður en málinu er endanlega ráðið til lykta.

Hv. frsm. kvað mig hafa komist í mótsögn við sjálfan mig þegar jeg talaði um gæslustjórana við sjóðinn. Jeg vil því taka það fram, að auðvitað hugsaði jeg mjer, að búnaðarþingið skipaði gæslustjórana á meðan ræktunarsjóðurinn væri út af fyrir sig, en ef hann væri sameinaður annari stofnun, þá yrðu gerðar aðrar ráðstafanir. Það, sem hæstv. fjrh. sagði um þetta, get jeg fallist á, sem sje, að annar gæslustjórinn væri skipaður af Alþingi.

Ef á að fara að skipa milliþinganefnd á annað borð til þess að rannsaka bankamálin, — því í ósköpunum má hún ekki rannsaka þetta mál líka? Ætlar nokkur að telja mjer trú um það, að landbúnaðurinn skaðist af að bíða eitt ár, ef svo fengist sterkari og betri banki, sem bygður væri á langtum sterkari grundvelli? Hinsvegar get jeg skilið það, að ýmsir af þessum trúnaðarmönnum landbúnaðarins, sem hjer sitja, treysti sjer ekki til annars en greiða atkv. með frv., af því að þeir sjeu hræddir við, að kjósendur tækju það illa upp, ef þeir breyttu á annan veg. En jeg hefi nú svo mikla trú á kjósendum þessa lands, að þeir muni vilja beygja sig fyrir því, sem viturlegast er, bæði í þessu máli og öðrum.

Frsm. (Eggert Pálsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að jeg hefði látið mjer þau orð um munn fara, að ef ríkisábyrgð væri ekki á bak við, þá mundi mega telja, að brjefin væru einskis virði. Jeg man ekki vel, hvaða orð jeg notaði, en það, sem fyrir mjer vakti, var það, að ef þessi ábyrgð væri ekki tekin upp, þá myndi það spilla svo mikið áliti þessara brjefa, að það mundi hafa verið erfitt að fá þau seld. Og þá ber að sama brunni og hjá hæstv. ráðherra (JÞ), þar sem hann í upphafi áleit, að það yrði að hafa einhverja ríkisábyrgð.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) get jeg svarað sameiginlega, því mjer fanst koma fram hjá þeim svo að segja algerlega sömu orðin. Hv. 1. þm. Eyf. tók það fram um brtt., sem fyrir liggja, að þær væru sumar þarflausar og aðrar til spillis. Þarflausar vildi hann telja 1. og 2. brtt.; jeg fyrir mitt leyti hefi ekki lagt sterka áherslu á 1. brtt., en

jeg álít það viðkunnanlegra, að það sjáist, hvað mikla upphæð um er að ræða. Um 2. brtt. vildi hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) viðurkenna, að hún sje heldur til bóta, þar sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) taldi hana þarflausa. Aftur á móti að því er snertir 3. brtt., tók hv. 1. þm. Eyf. það fram, að hún væri beinlínis til spillis, en mjer virtist hann ekki rökstyðja það á neinn hátt. Jeg gat ekki fundið það út úr orðum hans, að hann teldi það heppilegra fyrir ræktunarsjóðinn og aðra hlutaðeigendur, að búnaðarþingið skipaði þessa gæslustjóra. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú bent á eina hlið á þessu máli, sem sje, að það er óneitanlega óviðkunnanlegt, að búnaðarþingið, sem skoða má sem fulltrúa fyrir landbúnaðinn, fái að ráða öllu um gæslustjórana, en að hinir, sem leggja fjeð fram, fái engu að ráða. Mjer finst þessi ástæða hæstv. ráðherra (JÞ) talsvert veigamikil. Hinsvegar benti hv. 1. landsk. á það, að komið gæti til mála, að Alþingi skipaði gæslustjórana. Það var gert, þegar gæslustjórar voru við Landsbankann. Þá væri alt öðru máli að gegna, og mætti líta svo á, að þingið væri fulltrúi beggja aðilja jafnt. En það liggur ekki fyrir.

Um 4. brtt. viðurkendi hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að hún væri nokkurs verð. En samt sem áður vildi hann ekki hætta málinu með því að samþykkja hana, og skildist mjer honum helst leika hugur á að hleypa málinu sem allra fyrst í gegn, án þess að gera tilraunir til þess að fá frv. breytt, þó hann teldi jafnvel breytingarnar til bóta. Hann hneykslaðist á því, hv. þm., að jeg ljet uppi þá skoðun mína, að ef ákvæði 34. gr. kæmu til að standa í ræktunarsjóðslögunum, þá gæti það orðið þess valdandi, að jeg á sínum tíma greiddi atkv. á móti stofnun ríkisveðbankans. Mjer er sama, þótt hv. þm. hneykslist, en mjer finst það ætíð best að segja hreint og beint skoðun sína í hverju máli sem er.

Hvorugur hv. þm. hafa bent á það, sem þó er vikið að í nál., að nú til að byrja með verður að skipa formann fyrir ræktunarsjóðinn, en ef þessi grein stendur áfram í lögunum, getur hún orðið þess valdandi, að enginn maður vildi taka við þeirri stöðu, eigandi það á hættu að missa stöðuna eftir 1—2 ár. Slíkt held jeg að hver maður ætti að geta skilið. Það liggur í hlutarins eðli, að þessi maður kemur til með að hafa mikið starf með höndum, því það er enginn vafi á því, að margir sækja um lán, ekki síst til að byrja með, og mundi það verða til spillis, ef hann stundaði önnur störf um leið.

Þá hneykslaðist hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) á, að jeg gaf í skyn, að skeð gæti, ef þessar breytingar á frv. fengju ekki að standa í Nd., þá gæti fremur komið til mála, að jeg greiddi frv. atkv. óbreyttu. Finst mjer engin ástæða til að láta það hneyksla sig. Jeg játa, að það liggja miklar umbætur fólgnar í frv., en hinsvegar eigum við að gera á þessum lögum þær umbætur, sem við höfum vit á, og láta ekki ófreistað að gera þær bætur á þessu frv., sem við teljum rjettar vera, þar sem tíminn er heldur ekki svo naumur, að óttast þurfi, að málið strandi í hv. Nd.

Háttv. 1. landsk. (SE) fanst ábyrgðin vera svo ægileg; en þar sem hæstv. fjrh. var búinn að tala um það atriði, þá get jeg gengið framhjá því. En mjer skilst, að ábyrgðin hafi svo mikið að segja í þessu efni, og ef hún væri ekki, þá býst jeg við, að brjefin gengju ekki vel út, en með ábyrgðinni heilli og óskiftri geri jeg ráð fyrir, að þau muni reynast seljanleg. Að þessi ábyrgð verði í augum annara út í frá til svo mikils álitshnekkis fyrir ríkið,

get jeg ekki skilið, því fyrst er að grípa til peninganna, sem sjóðurinn getur lagt til, áður en til ábyrgðarinnar getur komið. Þess vegna get jeg ekki hugsað mjer, að ábyrgðin geti orðið hættuleg, en víst er um það, að ábyrgðin gefur brjefunum það gildi, er verður að teljast nauðsynlegt, og mun, eins og jeg sagði áður, að öllum líkindum nægja.

Guðmundur Ólafsson: Aðeins örstutt aths. Háttv. 1. landsk. (SE) lagði mikla áherslu á það, að gott væri að fresta þessu máli nú og skipa milliþinganefnd. Það mundi borga sig að bíða í eitt ár og fá svo sterkan banka. Jeg segi fyrir mig, að mjer finst málið sæmilega undirbúið, og jeg hefi enga trú á því, að það tæki miklum breytingum til bóta, þótt það væri sett í milliþinganefnd.

Jeg skal ekki tala illa um brtt. nefndarinnar, en jeg álít ekki borga sig að stofna málinu í hættu þeirra vegna. Breytingarnar eru algerlega óþarfar, og jeg tel algerlega óforsvaranlegt að senda frumvarpið þeirra vegna til hv. Nd. aftur, og þar með stofna því í hættu, þar sem tíminn er naumur orðinn og alveg að þingslitum komið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 462,1 samþ. með 9:5 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 462,2 samþ. með 8:5 atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.

20.—27. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 462,3.a samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, IP.

Brtt. 462,3.b samþ. með 8:5 atkv.

28. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

29.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 462,4 (34. gr. falli niður) samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JJ, SE, SJ.

35.—36. gr. (verða 34.—35. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 487).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 487).

Á 76. og 77. fundi í Nd., dagana 9. og 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. maí, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 487, 510).

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg get verið mjög stuttorður. Málið er svo margrætt, að ekki þýðir neitt að tala hjer um það alment. Jeg vil því aðeins skýra frá því, sem gerst hefir í málinu síðan það fór

hjeðan, og afstöðu nefndarinnar til þeirra breytinga, sem hv. Ed. hefir gert á frv. Hv. Ed. hefir samþykt 4 brtt. við frv. Fyrsta breytingin er á þá leið, að í stað þess að 2. liður 2. gr. orðist á þá leið, að ríkissjóður greiði ræktunarsjóði það, er samsvarar þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er ræktunarsjóður hefir greitt honum samkvæmt lögum 20. okt. 1905, komi: 250 þús. kr. Þessari brtt. hefir nefndin ekkert á móti, því eins og kunnugt er, er gert ráð fyrir, að umgetin upphæð verði einmitt um 250 þús. kr.

Önnur breytingin er við 19. gr., en þar var ákveðið í þessari háttv. þingdeild, að lán, sem veitt eru meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, skuli undanþegin ½% gjaldinu upp í kostnað við sjóðinn og til varasjóðs. Þessu hefir hv. Ed. breytt á þá leið, að öll lán úr sjóðnum verði undanþegin þessu gjaldi, ef vextir þess flokks, sem þau eru veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli 5½% og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%. Um þessar tvær breytingar er nefndin sammála, að þær sjeu ekki til skemda á frv., og leggur eindregið með, að þær verði samþyktar.

Þá eru tvær brtt. hv. Ed., sem fara í þá átt að fella burtu tvær till., sem samþyktar voru hjer við 3. umr. Önnur er sú, að hv. Ed. vill fella burt, að gæslustjórar ræktunarsjóðs sjeu skipaðir eftir till. búnaðarþingsins. Fjórða breyting hv. Ed. er sú, að feld er niður 34. gr. frv., þ. e. ákvæðin um, að ræktunarsjóðurinn skuli sameinaður ríkisveðbankanum, er hann verður stofnaður, og verða sjerstök deild í honum. Þessar till. hafa verið svo mikið ræddar hjer, að jeg sje ekki ástæðu til að tala nú um þær. Aðeins vil jeg geta þess, að meiri hl. nefndarinnar, eða 4 nefndarmenn, hafa komið sjer saman um að leggja til, að frumv. verði nú samþykt óbreytt eins og það kemur frá hv. Ed., svo að málinu sje ekki stofnað í neina tvísýnu með því að flækja því á milli deilda. En einn nefndarmaður, hv. 1. þm. Árn. (MT), hefir áskilið sjer óbundið atkvæði um málið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta nema sjerstakt tilefni gefist.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf ekki að fylgja þeim úr hlaði með mörgum orðum þessum tveim brtt., sem jeg hefi borið fram. Þær hafa báðar verið samþyktar áður í þessari háttv. deild. En jeg tek það fram þegar, að ef mjer hefði komið til hugar, að nokkur hætta myndi stafa af því fyrir málið í heild, að þessar brtt. yrðu samþyktar, þá hefði mjer ekki dottið í hug að koma með þær. En jeg er sannfærður um, að málið nær fram að ganga, hvort sem þær verða samþyktar eða ekki. Svo mikið hefir verið að þessu máli unnið, og það er svo gott samkomulag um aðalatriði þess, að það er víst, að það verður leitt til sigurs. Jeg hefi og heyrt sagt, að háttv. frsm. landbn. í Ed. hafi lýst því yfir á fundi, að hann gæti fyrir sitt leyti vel sætt sig við, að brtt. mínar verði samþyktar. Einkum á þetta við fyrri brtt. mína, um að gæslustjórarnir skuli skipaðir samkv. till. búnaðarþingsins. Menn þurfa ekki að greiða atkv. um þá till. með það fyrir augum, að þeir sjeu að bjarga málinu, ef þeir fella hana. Það er ómögulegt að gera hv. Ed. þær getsakir, að hún láti málið stranda af þeim sökum, að þessi till. verði samþykt. Það er líka svo, að það er stórmál, sem aðeins er til 2. umr. í hv. Ed. í dag, og líklega á eftir að koma hingað, en telja má víst að afgreitt verði á þessu þingi,

og því mun þessu máli eins borgið, hvernig sem snúist er við þessum till.

Seinni brtt. er um, að ræktunarsjóðinn megi sameina ríkisveðbankanum, þegar hann tekur til starfa. Þessi brtt. er alveg með sama orðalagi og stóð í frv., er það var afgreitt hjeðan. Gerði jeg fulla grein fyrir þessu við 2. umr., og meiri hl. þessarar hv. deildar fjelst þá á það.

Um hina brtt., eða að gæslustjórarnir sjeu skipaðir eftir tillögum búnaðarþingsins, þarf jeg heldur ekki að fjölyrða. Jeg er að vísu einn hjer til frásagna um það, sem gerðist á búnaðarþinginu, en jeg get fullyrt, að þá varð það að samkomulagi milli hæstv. landsstjórnar og búnaðarþingsins, að þetta ákvæði stæði í lögunum, enda fjell þá búnaðarþingið frá hinu, sem stóð í frv. Búnaðarfjelagsnefndarinnar, að búnaðarþingið skyldi skipa alla stjórn sjóðsins. Síðan var þetta mál afgr. með besta samkomulagi og ákvað búnaðarþingið að fela stjórn Búnaðarfjelagsins að sjá um þetta þar til það næst kæmi saman. Því kemur mjer það kynlega fyrir, að hæstv. fjrh. (JÞ) skuli með atkv. sínu, og jeg geri einnig ráð fyrir með áhrifum sínum, hafa lagt í móti því, að þetta verði samþykt. Jeg kalla það hiklaust, að hjer hafi verið sett grið í málinu um þetta. Við á búnaðarþinginu treystum því fyllilega, að þau yrðu haldin. En nú sje jeg ekki betur en að þau grið hafi verið rofin. Og jeg segi það hiklaust: Hjer hafa verið rofin grið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend einungis upp til þess að mæla með því, að frv. verði samþykt óbreytt, en ekki hrakið á milli deilda með því að nú verði samþyktar brtt. hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg gat ekki verið viðstaddur, er hv. þm. Str. talaði, en mjer er tjáð, að hann hafi sagt, að stjórnin hafi gefið búnaðarþinginu loforð um, að þau ákvæði skyldu tekin upp í frv., að búnaðarþingið skyldi hafa tilnefningarrjett um gæslustjórana. Hafi hann sagt þetta, vil jeg leiðrjetta það. Stjórnin hefir aldrei gefið búnaðarþinginu slíkt loforð. En svo stóð á, að slík ákvæði stóðu í því frv., er hin svokallaða Búnaðarfjelagsnefnd samdi og stjórnin studdist við, er hún bjó til stjórnarfrv. Þegar búnaðarþingið sat á rökstólum, gat það ekki vitað annað en að þetta yrði máske samþykt, og ræddi því um tilnefning gæslustjóraefna. Þá vorum við hæstv. atvrh. (MG) kvaddir á fund þess, og það talaðist svo til, að ef þetta yrði að lögum, skyldi tilnefningin í þetta skifti falin Búnaðarfjelaginu. Hitt var alls ekki samþykt, að slíkt ákvæði skyldi koma inn í lögin, heldur aðeins, að ekki þyrfti neitt að standa fyrir málinu af hendi búnaðarþingsins, ef svona lagað ákvæði yrði að lögum.

Pjetur Ottesen: Það er aðeins út af því, að jeg greiddi því atkvæði á dögunum, að gæslustjórar ræktunarsjóðsins skyldu skipaðir samkvæmt tillögum búnaðarþingsins, að jeg kveð mjer hljóðs. Þessu var, eins og kunnugt er, breytt í hv. Ed., en nú hefir hv. þm. Str. (TrÞ) komið fram með till. um að taka það aftur upp. En þar sem hv. frsm. landbn. (ÁJ) hefir lýst því yfir, að 4 af 5 nefndarmönnum leggi eindregið með því, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir, og leggur á móti brtt., af ótta við að þær tefji málið, þá mun jeg beygja mig fyrir áliti hv. meiri hl. landbn. og fylgja frv. eins og það er nú.

Síðari till. hv. þm. Str. (TrÞ) er jeg eins og áður eindregið á móti. Mjer finst sjálfsagt, að þetta sje sjálfstæð stofnun

og stjórn hennar eingöngu skipuð með hagsmuni landbúnaðarins fyrir augum. Þeirra á hún einna að gæta. Þess vegna mun jeg greiða atkv. á móti þessari brtt. eins og á dögunum. Og jeg er þess fullviss, að þessi stofnun nær best tilgangi sínum með því að vera sjálfstæð, en ekki með því að henni sje blandað saman við aðra stofnun, sem hún á ekkert skylt við.

Bjarni Jónsson: Jeg vil benda á, að ef svo færi, að ríkisveðbankinn tæki til starfa og ræktunarsjóðurinn hjeldi áfram að starfa sjálfstætt, þá þýðir andstaða gegn till. hv. þm. Str. (TrÞ) fjölgun á embættum.

ATKVGR.

Brtt. 510,1 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: BJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 510,2 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 23:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

23. Verðtollur.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum (stjfrv., A. 20).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eins og greint er frá í aths. við þetta frv., er farið fram á framlenging laganna um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum um þrjá mánuði, til þess að þau geti komið til athugunar á næsta þingi, án þess að þau falli úr gildi meðan á endurskoðun þeirra stendur. Það þarf ekki að rökstyðja það frekar, að það mega engin tolllög falla úr gildi um stutta stund; þau verða því að falla úr gildi fyrir fult og alt, ef ekki á að framlengja þau. Jeg vona, að háttv. deild hafi sannfærst um það af fjárlagafrv. fyrir árið 1926, af yfirliti því, sem jeg gaf yfir hag ríkissjóðs 1924, og annari greinargerð, að ríkissjóður má alls ekki missa af þessum tekjuauka í lok þessa árs, ef greiða skal lausaskuldir ríkisins á fáum árum. Tekjurnar mega á engan hátt skerðast fyr en skuldirnar eru greiddar að fullu.

Annars vil jeg nota tækifærið til þess að minnast nánar á þessi lög og framkvæmdir þeirra. Það er sannfæring mín, að sú upphæð, sem tollurinn gaf ríkissjóði, hefði ekki náðst inn á annan hátt, sem minna tilfinnanlegur var fyrir þjóðina í heild eða einstaklinga. Það má öllum vera ljóst, að það er ekki unt að ná inn 800—900 þús. kr. á ¾ árs án þess, að það verði þó alltilfinnanlegur byrðarauki gjaldendum. Þetta var hægasta aðferðin, en auk þess hafa hagfeldar kringumstæður stuðlað að því, að verðtollurinn hefir ekki orðið eins þungbær og hann hefði mátt verða. Íslenska krónan hefir nú

hækkað svo í gengi, að lækkunin á gengismuninum vegur nú nokkurn veginn á móti verðtollinum. Nú þurfa menn ekki að gefa fleiri ísl. krónur fyrir vöru að viðbættum verðtolli en varan kostaði án verðtolls fyrir ¾ árs. Jeg hefi orð eins stórkaupmanns fyrir því, að þessi verðtollur sje ekki svo ákaflega þungbær, þar eð gengishækkun ísl. krónunnar næstum jafnist á við tollinn.

Þá er atriði, sem jeg veit, að hefir valdið óánægju, — að verðtollurinn er lagður á vörur, sem í sjálfu sjer er miður sanngjarnt, að tollaðar sjeu, og hefir sú óánægja því við nokkur rök að styðjast. Jeg hefi orðið þess var, að stjórninni er legið á hálsi fyrir að veita ekki undanþágur fyrir vörur, sem sjáanlegt var, að ósanngjarnt var að menn greiddu toll af. En í lögunum er engin heimild til þess að veita undanþágur, nema á efnivörum til innlends iðnaðar. Jeg tók því þegar í byrjun þá stefnu að láta lögin vera lög og veita alls engar undanþágur aðrar en þær, sem lögin beinlínis heimila. Þegar farið er að veita undanþágur frá lögum, sem engin heimild er fyrir, er komið út á hála braut, sem engri stjórn er hent að hætta sjer út á. Jeg hefi því látið lögin standa og engar undanþágur veitt aðrar en þær, sem lögin sjálf heimila. Skal jeg nú skýra frá, hvernig jeg hefi framkvæmt þær: Þegar hin tilbúna vara, flutt inn frá útlöndum, er verðtolluð, hefi jeg yfirleitt ekki veitt innlendum iðnaðarfyrirtækjum undanþágu frá verðtolli á efnum til þeirrar vöru, enda eru aðalefnin venjulega tollfrjáls, svo sem trjáviður í trjesmíðavörur. Jeg sá þá ekki ástæðu til að veita undanþágur fyrir ýms aukaefni, er þarf til smíðanna, þar eð jeg áleit lögin sjálf fela í sjer nægа vernd fyrir þennan iðnað. Aftur á móti taldi jeg mjer skylt, þegar tilbúna varan fjell ekki undir verðtollslögin, að veita innlendum iðnaði ívilnanir í undanþágum frá tolli á þeim efnivörum, sem hann þarfnaðist, og eigi síst er löggjafarvaldið hefir sýnt, að það vill hlynna að iðnaðargrein þeirri, er um ræðir.

Það má ávalt telja upp einstakar vörutegundir, sem ósanngjarnt sje að verðtolla; en það eru til margar tegundir af nauðsynjavörum, sem í rauninni eru lítið notaðar af hverjum einstaklingi, svo að tollurinn nemur ekki hárri upphæð og dreifist á marga, svo engum verður mjög tilfinnanlegt. Í einu tilfelli er verðtollurinn mjög tilfinnanlegur og er þar þörf umbóta á þessari löggjöf. Verðtollurinn á vjelum og tækjum til stofnsetningar og stækkunar iðnaðarfyrirtækja hefir fælt menn frá að ráðast í ný fyrirtæki, sem vjela þarf við, eða stækka og auka þau, sem fyrir voru. Jeg hefi heldur ekki sjeð mjer fært að veita undanþágur í þessum efnum, þar eð lögin heimila það alls ekki, en greiðslufrest á tolli hefi jeg veitt í þrem sjerstökum tilfellum, þar til Alþingi ynnist tími til að fjalla um þetta mál.

Að öðru leyti er jeg fús til að veita hverjum háttv. þm. sem vill upplýsingar um þá stuttu reynslu, sem þessi lög hafa þegar fengið, og einnig er jeg fús til samninga um breytingar á verðtollinum, án þess þó að rýrðar verði tekjur ríkissjóðs fyrir þá sök.

Ásgeir Ásgeirsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú lýst því fyrir oss þm., að umræddur verðtollur sje ekki hærri en svo, að samsvari því, er þjóðin græddi á verðhækkun ísl. krónunnar. Þetta er engin sönnun þess, að tollurinn hvíli ljett á

þjóðinni, heldur þvert á móti. Hann er þungbær, ef hann drekkur í sig allan hagnað, sem þjóðin hefði að öðrum kosti haft af hækkun krónunnar. Hæstv. ráðh. játaði, að tollurinn kunni að vera þungur á sumum nauðsynjavörum, en því er nú svo farið um þennan toll, að hann var afgreiddur í flaustri sem neyðarúrræði, þegar allar sómasamlegar tekjulindir virtust þurausnar eða hættar að renna. Hann var aldrei ætlaður til þess að greiða með honum lausaskuldir ríkissjóðs, heldur var hann ætlaður til að jafna með honum væntanlegan tekjuhalla og bjarga ríkinu úr öngþveiti. Nægir mjer þessu til sönnunar að vitna í ræður hæstvirtra atvinnu- og fjármálaráðherra á þingi í fyrra, er lögin voru í smíðum. Þá var þessi tollur settur í náið samband við aðflutningshöftin og kom þá yfirlýsing á fætur yfirlýsingar frá stjórninni um, að undanþágur frá innflutningshöftunum yrðu veittar þannig, að verðtollurinn aflaði þeirra tekna, sem þyrfti til að standast útgjöldin á því ári. Því skyldu menn ætla, að stjórnin mundi vilja leggja hann niður nú, þegar tekjuhallahættan er hjá liðin. Hafa og borist víðsvegar að háværar raddir þess efnis og frá mörgum flokkum manna. En nú er ekki útlit fyrir, að þær raddir fái áheyrn, og hefir það vakið undrun margra, að stjórnin tók það ráð að bera þetta frv. fram. Að vísu er ekki beðið um meira en 3 mánaða framlenging til þess að lögin fjellu ekki úr gildi áður en annar sanngjarnari tollur komi í staðinn. Jeg sje ekki annað en að ofurauðvelt sje að girða fyrir þessa hættu með því að afgreiða málið nú á þann veg að breyta verðtollinum í verðtoll á óhófs- og munaðarvörum, en hann mætti vera snögt um hærri en verðtollurinn er nú. Þessara breytinga hefir þjóðin og margir hv. þm. æskt. Og jeg vænti þess fastlega, að frv. um slíkar breytingar yrði lagt fyrir þetta þing, og það af þrem ástæðum. Fyrst er það, að verðtollslögin voru flaustursverk, og þyrftu því nákvæmrar endurskoðunar við, ef þau ættu að gilda áfram. Í annan stað hvílir tollurinn nú bæði á óþörfum og líka allþungt á ýmsum þörfum varningi. En aðallega treysti jeg þessu vegna þess, að tímarnir hafa breyst svo mjög frá því á síðasta þingi, að ef ástandið hefði þá verið svipað og nú, þá hefði engum dottið í hug að lögbjóða verðtollinn í því formi, sem gert var. Og þegar allar aðstæður eru svo breyttar, þá er ekki að furða, þó að þess verði krafist, að þjóðinni verði sniðinn stakkur eftir hinum breyttu ástæðum í tolllöggjöf þessari.

Jeg býst við því, að á þessu þingi verði þess krafist, að aðflutningshöftin verði afnumin vegna breyttra ástæðna þjóðarinnar fjárhagslega, og jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að svo beri að gera. En þó að innflutningshöftin sjeu neyðarráðstöfun, þá er verðtollurinn enn meiri neyðarráðstöfun, og því enn meiri ástæða að taka kröfur um afnám þessa háa tolls á ýmsum nauðsynjum til greina. Hjer var frv. á dagskrá í dag, sem stefnir að því að leysa hæstu tekjur síðastliðins árs undan skatti að meira eða minna leyti. Þeim, sem finst nauðsyn bera til að ljetta skattabyrðinni af þeim, sem mest græddu á næstliðnu ári, ætti að finnast enn meiri nauðsyn að leysa alla alþýðu manna, sem ekki hefir notið þessa veltiárs á annan hátt en þann, að fá greitt sitt venjulega kaup, undan svo þungum álögum, sem verðtollurinn er á fjöldamörgum nauðsynjum alls almennings í landinu. Af þessum ástæðum vænti jeg þess, að nefnd sú, sem fær frv. þetta til meðferðar, geri

á því og núgildandi verðtollslögum þær breytingar að undanþiggja allar nauðsynjavörur tolli þessum; láta hann hjer eftir hvíla á þeim vörutegundum einum, sem telja má óþarfar eða miður þarfar öllum landslýð. Mætti þá gjarnan hækka tollinn á þessum varningi, og það að mun.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að samkv. fjárlagafrv. því, sem nú hefir verið lagt fyrir þingið, þyrfti verðtollsins með, til þess að þau yrðu afgreidd tekjuhallalaus. En segjum nú svo, að hætt verði við að leysa hátekjur ársins 1924 undan tekjuskatti á þessu ári, þá áskotnast ríkissjóði þar ekki alllítil fúlga, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Og jeg þykist vita, að hvernig sem því frv. reiðir af, þá verði þó aldrei samþykt að láta það koma til framkvæmda við álagning tekjuskatts fyrir síðastl. ár. Ennfremur má benda á það, að togaraflotinn hefir aukist talsvert á síðustu mánuðum, og hefir sú aukning óhjákvæmilega talsverðan tekjuauka í för með sjer ríkissjóði til handa, jafnvel þó aflabrögð í ár verði ekki nema í meðallagi. Þannig má benda á ýmsar leiðir, jafnvel leiðir, sem hæstv. stjórn hefir af óskiljanlegum ástæðum látið undir höfuð leggjast að fara. Á jeg þar t. d. við frv., sem lá fyrir þinginu í fyrra og flestir virtust fylgja þá, en þó var drepið á síðustu stundu fyrir undravert glapræði. Jeg gerði ráð fyrir því, að hæstv. stjórn mundi nú bera það frv. fram aftur, en þó að sú von mín ætli ekki að rætast, þá er jeg þess fullviss, að málið verður vakið upp á þessu þingi.

Annars var það ekki ætlun mín að reikna út, hvernig best megi afgreiða tekjuhallalaus fjárlög. Jeg læt mjer að sinni nægja að fullyrða, að það er hægt með ýmsu móti, þó að þessi rangláti verðtollur verði afnuminn af nauðsynjavörum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi í raun og veru litlu að svara hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann hefir lýst yfir því, að hann vilji, að frv. verði athugað í nefnd og vill jafnvel fallast á, að verðtollinum verði haldið í gildi áfram að nokkru leyti, eða a. m. k. hefir hann fallist á, að lögunum verði breytt, án þess að skerða við þá breytingu tekjur ríkissjóðs.

Hv. þm. (ÁÁ) hjelt því fram, að verðtollurinn hefði ekki verið settur á í þeim tilgangi að greiða með honum lausaskuldir ríkissjóðs, heldur eingöngu til þess að jafna tekjuhalla fjárlaganna. Jeg vil þó vona, að ekki sje meining hv. þm. að liggja stjórninni á hálsi fyrir það, að tekist hefir, með aðstoð verðtollsins, að greiða 600—700 þúsundir af lausaskuldunum á liðna árinu. Annars get jeg ekki kannast við, að ástandið sje mjög breytt frá því á síðasta þingi, þó að lausaskuldirnar hafi minkað úr 4¾ milj. niður í rúmar 4 milj. kr. Við verðum að horfast í augu við þann sannleika, að þessar 4 miljónir verður að greiða með einhverju móti. Og meðal þessara lausaskulda er a. m. k. ein, sem kjósendur hv. þm. (ÁÁ), Vestur-Ísfirðingar, munu hafa fulla einurð á að krefja endurgoldna, sem sje lánið úr landhelgissjóði, sem nemur um 840 þús. kr. Þá skuld verður að endurgreiða alla, og það helst mjög bráðlega. Og svona má lengur telja. Menn verða ennfremur að gera sjer það ljóst, að þessar skuldir verða ekki greiddar nema með tvennu móti. Annaðhvort verður að afla ríkissjóði tekna í því skyni, eða þá að taka ný lán. Jeg hefi áður lýst skoðun minni á því, hvora leiðina jeg vil kjósa. Nei,

ástandið er harla lítið breytt meðan við höfum þessar 4 miljónir hangandi yfir höfðum okkar. Tekjuafgangurinn árið sem leið hefir fengist með því að pína niður, svo sem frekast hefir unt verið, öll útgjöld ríkissjóðs; aðallega á þann hátt að skera niður með harðri hendi allar verklegar framkvæmdir. En því una menn ekki til lengdar. Ef útgjöld ríkissjóðs verða í næstu fjárlögum færð í svipað horf og þau voru árið 1923, þá má hann ekki missa eyri af verðtollinum, jafnvel þó að ekkert verði hugsað til afborgana af lausaskuldunum.

Jeg hygg, að jeg fari rjett með það, að sú var hugsun fjhn. þessarar hv. deildar, þegar hún bar fram verðtollsfrv. í fyrra, að það gæfi ríkissjóði tekjuauka, sem samsvaraði þeirri upphæð, sem þá var fyrirsjáanlegt, að gjöld ársins 1923 færu fram úr tekjum sama árs.

Spurningin, sem nú liggur fyrir, er sú, hvort enn eigi að fresta öllum verklegum framkvæmdum, eða taka lán til greiðslu lausaskuldanna. En hvorug leiðin leyfir, að tekjur ríkissjóðs verði rýrðar nokkurn skapaðan hlut.

Hv. þm. (ÁÁ) talaði um það, að tekjur ríkissjóðs ykjust og hægt yrði að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, ef frv. um breytingar á tekjuskattslögunum, sem nú liggur fyrir þinginu, nái ekki fram að ganga, því að þá megi skattleggja gróða síðasta árs óskertan. Jeg veit varla, hvað háttv. þm. meinar með þessari röksemd. Skattur sá, sem lagður verður á árið 1926, fer vitanlega eftir tekjum þessa árs, sem nú er nýbyrjað og enginn veit, hvað geymir í skauti sínu. Væri því óforsvaranlegt að hækka áætlunina um tekjuskatt árið 1926, þó að hann kunni að verða talsvert hærri á þessu ári en gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum.

Þá vildi háttv. þm. (ÁÁ) leysa alþýðu manna að sem mestu undan þessum þungbæra skatti, verðtollinum. Jeg þori nú að fullyrða, að fyrir alla alþýðu þessa lands er verðtollurinn tiltölulega ljettbær skattur í hlutfalli við tekjuauka þann, sem ríkissjóður nýtur vegna tollsins. Því sannarlega kemur hann ekki mjög þungt niður á öllum almenningi, heldur einkum þeim, sem leyfa sjer að eyða fje sínu til þess að kaupa fyrir það miður nauðsynlegan varning. Þó er ekki hægt að neita því, að verðtollur hvílir nú á aragrúa nauðsynja, en það eru einkum vörur, sem hver einstaklingur notar tiltölulega mjög lítið, miðað við allar lífsnauðsynjar manna.

Þó að okkur hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) beri ýmislegt á milli, þá get jeg þó í aðalatriðunum tekið afstöðu hans sem samningsgrundvöll um þessi efni, og vil jeg treysta því, að hv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar, sýni rjettan skilning í því efni, að ástæður ríkissjóðs leyfa engan veginn, að tekjur hans minki frá því sem nú er.

Ásgeir Ásgeirsson: Það fer fjarri því, að jeg hafi álasað hæstv. stjórn fyrir að 1½ milj. kr. tekjuafgangur hafi orðið á síðasta ári. Það, sem jeg vildi segja í sambandi við frv. þetta, er einkum það, að tekjuafganga framtíðarinnar á ekki að taka með verðtolli af nauðsynjavörum, slíkum sem nú á sjer stað. Og jeg veit, að flestum er það ljóst, að tekjuafgangs má afla með öðru móti. Nú eru breyttir tímar og tekjulindir teknar að streyma, sem voru uppþornaðar, þegar verðtollslögin voru sett.

Því til sönnunar, að ekki hafi sú verið meiningin, þegar verðtollurinn var settur, að láta hann ganga til greiðslu lausaskulda ríkissjóðs, heldur einungis til þess að jafna með honum tekjuhalla fjárlag-

anna, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð, sem hæstv. atvrh. (MG) ljet falla hjer í fyrra, þegar rætt var um verðtollsfrv.:

„Jeg tel, að ekki megi ganga lengra en svo (í innflutningshöftunum), að það sje trygt, að reikningur landsins fyrir árið 1924 sje tekjuhallalaus.“

Er með þessum orðum átt við, að undanþágur beri að veita svo ríflega, að verðtollur af undanþegnum vörum hrökkvi til að jafna tekjuhallann.

Jeg gæti bent á ýms ummæli önnur, sem sýna ljóslega, að tilgangurinn með verðtollinum var sá einn, að ekki yrði halli á landsreikningnum árið 1924. Og þeim grundvelli vil jeg gjarnan halda framvegis.

Hæstv. fjrh. (JÞ) mintist á landhelgissjóðinn í þessu sambandi og kvað þurfa að endurgreiða hann. Það er alveg rjett. En jeg er þess fullviss, að það er fæstra hugur, að hann verði endurgreiddur með verðtolli af nauðsynjavöru. Og það er einungis slíkur tollur, sem jeg hefi á móti. Annars var sá ráðherra, sem greip til landhelgissjóðsins, áfeldur fyrir að hafa ekki heldur tekið lán en að láta sjóðinn verða að eyðslufje, og hefir þó sennilega aldrei verið örðugra um lántökur en einmitt þá. Sýnist mjer það ráð vænlegra að láta ríkissjóð endurgreiða landhelgissjóðinn hið allra bráðasta, heldur en að hafa hann stöðugt að hnútukasti í pólitískum tilgangi. Hafði jeg jafnvel hugsað mjer að bera á þessu þingi fram þáltill. um, að sjóðurinn verði endurgreiddur þegar á þessu ári, á þann hátt, er stjórnin teldi heppilegastan. En jeg get látið mjer nægja að skora á hæstv. stjórn að verða við þessum óskum mínum og alls þorra landsmanna nú á þessu ári, jafnvel þó að kosti lántöku. Lögunum um landhelgissjóðinn er ekki fyllilega framfylgt fyr en sjóðurinn er endurgreiddur.

Jeg hefi aldrei haldið því fram, að tekjuskattur árið 1926 yrði hærri vegna stórgróða útgerðarinnar á síðastl. ári. Jeg átti aðeins við það, að tekjuskattur hlyti að fara nokkuð langt fram úr áætlun á yfirstandandi ári, og gæti því komið til uppbótar á þessu ári fyrir verðtoll af nauðsynjavörum, sem jeg vil afnema nú þegar.

Jeg benti áðan á nýjan skatt, sem vega mundi talsvert upp á móti tekjuauka þeim, sem ríkissjóður hefir af verðtolli þessum í þá 3 mánuði, sem framlenging verðtollslaganna nemur samkv. þessu frv. Á jeg þar við frv. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á síðasta þingi, um að heimila áfengisverslun ríkisins að leggja mun meira á áfengi en nú er gert. Og býst jeg varla við, að nein veruleg vandræði verði að benda á enn nýjar leiðir til að afla ríkissjóði tekna í stað hins afarrangláta verðtolls á nauðsynjum almennings.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vitnaði í ummæli, er jeg hefi viðhaft á síðasta þingi í sambandi við innflutningshöft. Það mun vera rjett, sem hann hafði eftir mjer, en jeg vil jafnframt leiða athygli hv. þm. (ÁÁ) og annara að því, að í þessum ummælum mínum felst ekkert, sem hann getur tekið sjer til inntekta í þessu máli. Jeg sagði, að stjórnin myndi ekki ganga lengra í því að beita innflutningshöftum en svo, að ekki yrði halli á rekstri ríkissjóðs árið 1924. Og mín meining var altaf sú, að beita höftunum eftir því, hvernig árferði yrði, og einkum þó eftir því, hvernig hagur landsmanna stæði við útlönd. Jeg skoða innflutningshöft fyrst og fremst vel til þess fallin að stuðla að jafnvægi á viðskiftareikningi

landsmanna við útlönd. Og því verður ekki neitað, að út á við er geysimikill munur á afkomu landsins nú og var í fyrra.

Jeg vildi aðeins leiða athygli manna að því, að ekkert ósamræmi er í hinum tilvitnuðu orðum mínum og því, sem nú er fram komið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend upp til þess að bera það af mjer, að jeg hafi nokkurn tíma áfelt ráðherra þann, sem gerði landhelgissjóðinn að eyðslueyri ríkissjóðs, fyrir að hafa ekki heldur tekið lán annarsstaðar. Og jeg vil heldur ekki kannast við að hafa notað sjóð þennan til pólitískra hnútukasta, þó að ekki sje hægt að fortaka, að einhverjir kunni að hafa gert það. Það má finna að því, að ráðherra þessi skyldi ekkert hafa aðhafst til þess að komast hjá tekjuhalla ríkissjóðs, en jeg hefi a. m. k. ekki vitt, hvernig hallinn var greiddur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 62., 64. og 65. fundi í Nd., dagana 22., 25. og 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 20, n. 304, 305, 368, 369, 382).

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er búið að vera nokkuð lengi á fyrstu göngu sinni. Það er eitt af stjfrv., sem útbýtt var í þingbyrjun, en kemur nú fyrst á dagskrá til 2. umr. Þar sem sjálfsagt er, að málið verði afgr. í einhverri mynd, teldi jeg æskilegt, að umr. væri nú í hóf stilt. Enda hygg jeg, að óþarft sje að fjölyrða mjög mikið, því að eins og nefndin er sammála um aðalatriði málsins, svo mun og vera um allan þingheim.

Þegar þessi bráðabirgðaverðtollur var settur á þinginu í fyrra, datt engum manni í hug, að hjer væri um neina fyrirmyndartollllöggjöf að ræða, sem standa ætti um aldur og æfi, heldur hnigu öll rök í þá átt, að hjer væri aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, í þeim tilgangi að afla ríkissjóði þeirra tekna, er á vantaði til þess, að enginn tekjuhalli yrði á fjárlögunum það árið. Þessi verðtollur er því óvönduð smíði og aðeins hægt að rjettlæta hann sem fjársöfnunarleið, en ekki sem neina fyrirmyndartollapólitík.

Eitt, sem meðal annars sýnir, hve tollurinn er lítt ætlaður til frambúðar, er það, að hann er algerlega „negativ", þ. e. talið er upp, hvað falla eigi undan tollinum, en annars er ætlast til, að alt annað, sem finst í ákveðnum flokkum vörutollslaganna, falli undir tollinn. Það, sem gerir því verðtollinn enn þá lakari, er það, að hann er bygður á öðrum óvönduðum lögum, sem sje vörutollslögunum frá 1921. Þar eru, eins og kunnugt er, taldar upp af meira og minna handahófi allskonar vörur og þeim skipað í ákveðna flokka, og seinast er svo einskonar ruslakista, sem í er safnað öllu því, sem eftir var. Þegar svo ákveðið var að leggja á bráðabirgðaverðtoll, þá var þessi ruslakista, eða 7. flokkur vörutollslaganna, tekin með. Þess vegna er auðsætt, hve þessi tollur getur komið ákaflega illa og misjafnt niður. Því var einnig með lögunum í fyrra reynt að kippa undan þessum

tolli nokkrum vörum, sem hv. þm. komu helst til hugar, en nærri má geta, hve ófullkomin sú upptalning þeirra varð, þar sem þeir höfðu ekki annað við að styðjast en verslunarskýrslurnar, sem eru ákaflega ófullnægjandi til slíkrar sundurliðunar.

En enda þótt verðtollurinn sje aðeins bráðabirgðasmíð, hygg jeg, að menn sjeu sammála um það, að ekki sje óheppilegt að hafa verðtoll á nokkrum vörum, en aðeins þurfi að útbúa lögin alt öðruvísi en gert hefir verið. Og þótt þessi bráðabirgðaverðtollur hafi reynst óvinsæll, og það jafnvel meira en hann á skilið, þá verður því ekki neitað, að hann hefir gefið stórmiklar tekjur í ríkissjóð, og að mikill meiri hluti þeirra kemur af dýrum og sumpart óhófsvörum, sem efnamennirnir nota öðrum fremur. Og jeg er sannfærður um, að ef þessi tollur er borinn saman við hinn tollinn, sem settur var í fyrra, sem sje 25% gengisviðaukann, sem lítið hefir verið talað um og menn virðast hafa vel sætt sig við, þá muni samt sýna sig, að gengisviðaukinn kemur miklu ver og órjettlátar niður en verðtollurinn.

Öllum nefndarmönnum kom saman um það, að þessi bráðabirgðaverðtollur í því formi, sem hann er nú, væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun, og ætti að vera það. En þeim kom og saman um, að ekkert vit væri í að fella hann alveg niður að svo komnu, eins og líka sjálfsagt er, að ef hann á að falla úr gildi, þá á hann að falla smátt og smátt niður. Því augljóst er, hvílíkar afleiðingar það hefði, ef svo gífurlega hár tollur væri feldur niður alt í einu og verslanir yrðu að sitja uppi með allar þær vörur, sem þær hefðu aflað sjer meðan tollurinn var á þeim. Það yrði alveg óbærilegt fyrir þær. En nefndinni kom ekki saman um það, hvenær byrja ætti á niðurfærslunni. Einn hv. nefndarmaður hefir gert það atriði að ágreiningsefni. Hann vill, að tollurinn nú þegar, eða frá 1. júní, lækki á öllu jafnt niður í 15%, eða um ¼ frá því, sem hann er nú. Hinir nefndarmennirnir vilja aftur á móti framlengja tollinn þannig, að hann gildi fyrst um sinn til ársloka 1926 og gefi til þess tíma nokkurnveginn sömu tekjur og hann gefur nú. Meðfram er þetta sprottið af því, að það verður að telja heilbrigðast, að þingið, sem nú er að ganga frá fjárlögunum fyrir árið 1926, fari mjög nærri um, hvernig þessum stórkostlega tekjulið verður varið á því ári. Það má játa, að þessi bráðabirgðaverðtollur hefir farið nokkuð fram úr áætlun þessa ¾ hluta árs, sem hann hefir staðið, og einnig nú má búast við, að hann verði framvegis nokkuð hærri en hann er áætlaður í fjárlögum. Að vísu er búið að færa áætlunina fyrir 1926 upp í 800000 kr., en það er ekki óvarlegt. En á hitt má líka líta, að lítt mun skaða, þó tollurinn fari fram úr áætlun, því nú sýnist alt benda til þess, að fjárlögin verði afgreidd með nokkrum tekjuhalla á yfirborðinu. Sýnist því ekki fjarri sanni, að þessi áætlun væri svo varleg, að hún bætti þann halla að nokkru. Að vísu er þess að gæta, að ekki er um eyðslufje eitt að ræða þar sem þessi tekjuhalli er, því að þar með eru taldar 600 þús. kr. til afborgunar á lausum skuldum, og verður hinn raunverulegi tekjuhalli því minni. En svo mun vera gert ráð fyrir, að ríkissjóður endurgreiði landhelgissjóði þessa upphæð, og mun það vart takast nema með lánsupphæð, ef enginn tekjuafgangur verður á áætlunarliðunum. Hjer gæti það komið í góðar þarfir, að verðtollurinn færi fram úr áætlun, því vart verður svo um aðra liði, að meiru nemi en því,

sem gjaldaliðirnir reynast meiri en áætlað er. Hefir mjer virst svo fara undanfarin ár, er jeg hefi athugað fjárlögin og landsreikningana, að tekju- og gjaldaáætlanirnar muni yfirleitt vega hvor aðra upp, nema þá á þessum eina lið.

Auðvitað verður svo með þennan toll sem aðra, að hann gefur meiri tekjur á góðu árunum, en minni á hinum mögru; en yfirleitt mun hann samt fara nokkuð fram úr áætlun. Þó býst jeg ekki við, að neinn vilji halda honum að mestu óbreyttur frá því, sem er, lengur en til ársloka 1926, eins og nefndin leggur til.

Á þskj. 304 hefir nú nefndin borið fram allfyrirferðarmiklar brtt. við frv. Eins og menn sjá, eru þær stórum miklu meiri fyrirferðar en hve breytingarnar eru miklar efnislega. Meiri hl. leist svo á, að það væri tæplega rjettlátasta fyrirkomulagið, að bráðabirgðaverðtollurinn væri jafnmikill á öllum þeim vörum, sem hann fellur á, og að ef til vill mætti nota þá ársreynslu, sem fengin er, til þess að laga þetta. Meðal þeirra vara, sem tollurinn kemur á, eru auðvitað sumar, sem eru alóþarfar, svo sem sólhlífar, kniplingar, blúndur o. s. frv.; en svo eru og aðrar hinar mestu nauðsynjavörur, svo sem eldavjelar, ofnar, gleraugu, kaffikvarnir o. fl., o. fl. Hjer sýnist vera svo langt bil á milli, að undarlegt mætti heita, ef ekki fyndist rjettlátari lausn á málinu en sú, að láta tollinn vera jafnháan á öllum þessum vörum. Hitt virðist ólíkt sanngjarnara, að taka alóþörfu vörurnar í flokk sjer og tolla þær hærra, og hafa svo nauðsynjavörurnar í öðrum flokki, sem lægra væri tollaður. Jeg held, að menn muni tæplega hafa skiftar skoðanir um þetta, heldur kunna menn að deila um, hvort þetta muni ekki valda þeim erfiðleikum í framkvæmdinni, að það reynist ómögulegt þess vegna. Það er vitaskuld, að breytingar á slíkri löggjöf valda altaf stórkostlegum erfiðleikum, en jeg fæ ekki sjeð, að þessi flokkaskifting geri erfiðari framkvæmd laganna en hún er nú yfirleitt. Jeg efast að vísu ekki um, að allmörg atriði komi til úrskurðar og að sumir kunni illa að una við úrslitin, en aðalatriðið er ekki það, heldur hitt, að þessi flokkaskifting bætir að minni hyggju úr miklu misrjetti og ranglæti. Það er ekkert vit í að tolla bráðnauðsynlegar vörur jafnhátt og alóþarfar vörutegundir. Um framkvæmdina er það ennfremur að segja, að talsvert mikill hluti þeirra vörutegunda, sem eftir brtt. nefndarinnar á að tolla með 30%, hefir áður heyrt undir A.-lið aðflutningsbannsreglugerðar stjórnarinnar, og mun því nokkur hefð á það komin, hvaða vörur heyri hjer til. Um það, sem tolla á með 10%, er það að segja, að ekki er hundrað í hættunni með þær vörur, sem liggja á takmörkunum milli 10—20%, hvoru megin þær lenda.

Þetta er langsamlega aðalbreytingartillaga nefndarinnar, sem ræðir um þessa tvo flokka, sem á að stimpla með 10 og 30%. Annars er í rauninni aðeins haldið fram á þeirri leið, sem gengið var inn á í fyrra, að undanskilja ýmsar vörur tollinum. Hjer er aðeins bætt við þá upptalning þeim vörutegundum, sem framkvæmdin hefir sýnt, að nauðsyn ber til að sjeu undanskildar. Sömuleiðis er brtt. III ekki annað en svolítill viðbætir um það, að stjórninni er heimilt að undanskilja verðtolli allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu. Jeg býst yfirleitt við, að ekki verði mikill ágreiningur um þessar till. nefndarinnar.

Það hefir valdið dálitlum erfiðleikum í nefndinni að samræma þetta frv. frumvarpi um vörutollslögin, er lá fyrir nefnd-

inni á sama tíma. Og jeg hefi tekið eftir, að keðjulásar í vörutollslögunum eru kallaðir hjer vörpukeðjur. Þessu má auðveldlega breyta, ef frv. verður samþykt.

Jeg held, að jeg hafi ekki fleira að segja að svo komnu. Raunar hafa ýmsar brtt. borist frá hv. þm. auk þeirra, sem í nál. eru boðaðar frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM). En jeg ætla að bíða með að ræða um þær þangað til hv. þm. hafa fyrir þeim mælt, til þess að komast hjá endurtekningum.

Jakob Möller: Eins og hv. þdm. sjá, hefi jeg borið fram nokkrar brtt. við frv. þetta, en aðaltill. mín er þess efnis, að færa þennan almenna verðtoll úr 20% niður í 15%. Mjer skildist hv. frsm. (MJ) telja þetta miklu gagngerðari breyting en hv. meiri hl. fer fram á. En í raun og veru eru breytingar meiri hl. miklu gagngerðari en mínar. Með breytingum meiri hlutans er komið inn á nýja leið. Upphaflega var til tolls þessa stofnað sem neyðarúrræðis, til þess að ná tekjum í ríkissjóð til bráðabirgða, og því af ásettu ráði reynt að hafa fyrirkomulagið sem einfaldast. Þess vegna var ekki heldur borið við að skifta vörunum í tollflokka. En af breytingartill. hv. meiri hl. er helst svo að sjá, sem tolli þessum sje ætlað að vera til frambúðar. En það er þýðingarlaust að vera að deila um þetta. Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að með því að setja 15% í stað 20% er mun einfaldari framkvæmdin fyrir þá, sem innheimtuna og eftirlitið eiga að hafa. Þó að tekið sje undan eitthvert hrafl af nauðsynlegum vörutegundum og tollur af því lækkaður niður í 10%, eins og meiri hl. gerir, þá verður hinsvegar altaf svo og svo mikið eftir, sem er eins nauðsynlegt og jafnvel nauðsynlegra, sem sett er undir 20%. Jeg get bent á einn flokk, sem mikið munar um, en það eru vefnaðarvörur, þar á meðal t. d. nauðsynleg slitföt og slitfataefni. Það er engu minni ástæða til þess að taka þessar vörur í c-flokkinn en þær vörur, sem hv. meiri hl. hefir sett þar. Þessi sundurliðun hv. meiri hl. er því bara fálm út í loftið. Það liggur í hlutarins eðli, að það mætti taka þessar vörutegundir og sundurliða í mismunandi tollflokka, og það með meiri sanngirni en hjer er gert, en þá verður stofnað til meiri vinnu fyrir eftirlitsmennina, svo að vafasamt er, að það borgaði sig, enda er hætt við, ef full sanngirni væri viðhöfð, að þá mundi tollurinn rýrna of mikið. Jeg þori að fullyrða, að ef tollurinn er færður niður í 15%, mundu tekjurnar þó hinsvegar ekki rýrna mikið fram yfir það, sem þær gera með 10% tollflokki hv. meiri hl. Jeg vil geta þess, að tekjur af tollinum munu á þessu ári og næsta, ef árferði verður líkt, verða miklu meiri en þær voru 1924. Mjer er sagt með vissu, að tekjur af þessum tolli hafi fyrsta ársfjórðunginn nú verið helmingi meiri en þær voru fyrsta ársfjórðunginn, sem lögin voru í gildi í fyrra.

Hjer við bætist, að í fjárlagafrv. er tollurinn mjög varlega áætlaður. Er gert ráð fyrir 800 þús. kr., eða viðlíka hárri upphæð sem hann nam á 3 ársfjórðungum síðastl. ár. Er því engin hætta, að tollurinn standist ekki þá áætlun, þó að hann verði lækkaður ofan í 15%.

En ef það er annars meining þingsins, að ríkissjóður fái miklu meira en 800 þús. kr. verðstollstekjur, þá finst mjer rjett, að það komi í ljós, m. a. í fjárhagsáætluninni. Að öðrum kosti ber áætlunin keim af því, að telja eigi fólki trú um, að toll-

urinn sje svo lítill, en svo eigi að koma aftan að mönnum og taka langtum meira en látið er í veðri vaka.

Hv. frsm. (MJ) sagði, að óheilbrigt væri að vita ekki nokkurnveginn með vissu, hversu mikill verðtollurinn verði árið 1926, vegna fjárhagsáætlunarinnar. Jeg verð nú að segja, að í þessu efni erum við litlu nær með breytingum hv. meiri hl., nema síður sje, þar sem sú röskun á flokkuninni, sem hv. meiri hl. vill gera, gerir upphæð tollteknanna mun óvissari en þó að hundraðsgjaldið verði lækkað.

Með því að fara að eins og jeg legg til, þá vita menn betur, hversu mikill tollurinn verður í heild en þegar vörunum er flokkað í ótal flokka. Þess vegna er tvímælalaust meira „rationelt" fyrir ríkissjóð, að farið verði eftir mínum till. en eftir till. hv. meiri hl.

Þegar jeg lít yfir 10%-flokk hv. meiri hl., þá blandast mjer ekki hugur um, að öllum almenningi kæmi betur að fá lækkaðan tollinn um 5% alment, en í þess stað yrði þessi flokkur hækkaður um 5%, m. ö. o. tollurinn yrði 15%, eins og till. mín fer fram á. Gagnvart almenningi vegur vefnaðarvöruflokkurinn einn fullkomlega á móti ívilnun alls 10%-flokksins.

Jeg skal játa, að till. mín hefir líklega í för með sjer nokkra tekjurýrnun, samanborið við till. hv. meiri hl., en ef miðað er við síðastl. ár, þá efast jeg um, að tekjurnar rýrni nokkuð, því án efa verður vöruinnflutningsmagnið meira í ár og á næsta ári. Auk þess hefi jeg ekki treyst mjer til að gera till. um annað en að 30%-flokkur hv. meiri hl. fái að standa, en hann gefur einhverjar auknar tekjur. Jeg hafði þó tilhneigingu til að fella þann flokk niður, ekki vegna vörutegundanna, sem í honum eru, heldur vegna tolleftirlitsins yfirleitt.

Þessum verðtolli hafa aldrei verið hugðir langir lífdagar. Hann er bráðabirgðatollur, sem settur var á í þeim tilgangi að ná vissum tekjum í ríkissjóð. Meðal annars var sagt í fyrra, að hann myndi aldrei gefa meira en 1 miljón eins og lögin voru þá úr garði gerð. Það er nú sýnilegt, að sú upphæð fæst og langtum meira.

Ef við nú eigum að losna við þennan toll, þá er sjálfsagt heppilegasta leiðin að lækka hann frá ári til árs. Verði sú leið farin, þá stendur tollurinn að nokkru leyti í 3—4 ár enn, þó að hann fari stiglækkandi, og á því eftir að gefa miklar tekjur, þó að hann verði lækkaður nú þegar.

Í till. minni hefi jeg ekki hreyft við tímatakmarki hv. meiri hl., svo að 15% tollurinn gengur í gildi 1. júlí næstk., ef till. verður samþykt. Nú getur verið, að menn kunni því ver, að tolllækkunin gangi svo fljótt í gildi, og má þá athuga það mál nánar til 3. umr. Um tímatakmarkið er jeg altaf fús til samkomulags.

Háttv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði, að ekki væri hundrað í hættunni, þó að ýmsar vörutegundir væru á takmörkum 20- og 10%-flokkanna.

Jeg verð nú að segja, að ekki er hundrað í hættunni, þó að 10%-flokkurinn falli allur undir 15% toll, þegar þess er gætt, að samkv. till. hv. meiri hl. á fjöldi nauðsynjavara eftir sem áður að tollast með 20%.

Ef till. mín um 15% tollinn verður feld, þá sje jeg þó ekki betur en rjettast væri að falla alveg frá 10%-tollflokki hv. meiri hl., en láta 20% tollinn standa áfram óhaggaðan. Mætti það ef til vill

verða til þess, að þá yrði hægara að koma fram lækkun á tollinum á næsta þingi. Þá mætti og fella einstöku vörutegundir, sem nú eru í b.-lið till. hv. meiri hl., þær, sem nauðsynlegastar kunna að þykja, alveg undan verðtolli, eða gefa landsstjórninni frekari undanþáguheimild.

Heimild stjórnarinnar í gildandi verðtollslögum til að undanþiggja efnivörur til iðnaðar tollinum má og vafalaust skýra nokkuð víðtækara en hæstv. núverandi stjórn hefir gert, enda væri það rjettara, m. a. vegna þess, að það gerði tollinn ekki alveg eins óvinsælan og hann hefir verið. Í b.-flokki hv. meiri hl. hefi jeg orðið var við eina vörutegund, bókbandsefni, sem hæstv. stjórn hefir síðastl. sumar undanþegið verðtolli. Ef þessi till. nær samþykki og bókbandsefni verður tollað með 10%, þá er stigið öfugt spor við það, sem til mundi vera ætlast. Jeg veit ekki, hvort hv. meiri hl. hefir verið þetta ljóst.

Að vísu var undanþága hæstv. stjórnar ekki almenn, heldur náði hún aðeins til meðlima bókbindarafjelags Reykjavíkur og Akureyrar, en það mun nóg til þess, að „praktiskt“ tekið hefir alt innflutt bókbandsefni verið undanþegið verðtolli síðastl. ár.

Þess vegna finst mjer sjálfsagt að undanþiggja þessa vöru algerlega verðtolli, eins og jeg hefi komið með brtt. um. Þetta hefir auðvitað enga fjárhagsþýðingu fyrir ríkissjóð, en miðar að því, að allir verði í lögunum aðnjótandi sömu hlunninda. Jeg geri reyndar ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um þessa tillögu mína, því jeg get ekki skilið, að hv. meiri hl. vilji fá undir 10%-flokk sinn vörur, sem nú er ekki greiddur af verðtollur.

Jeg þykist vita, að mönnum sje ljóst, hvað af aðalbrtt. minni myndi leiða, ef hún verður samþykt.

Ef til vill rýrna tolltekjurnar eitthvað, en fráleitt svo nokkru nemi frá því, sem þær voru síðastl. ár, en á hinn bóginn er með till. minni stofnað til meiri sanngirni en með till. hv. meiri hl., því að jeg vil lækka tollinn jafnt á öllum nauðsynjavörum, jafnvel þó örfáar miður nauðsynlegar vörur fljóti með, sem þó verða aldrei margar, eftir að a.-flokkur hv. meiri hl. hefir verið sjerskildur.

Hinsvegar er alt eftirlit með tollgreiðslunni gert mun auðveldara, ef ekki er hafður neinn sjerstakur 10%-flokkur, því að það er vitanlegt, að með frekari sundurliðun eru auknir allir erfiðleikar við innheimtu tollsins, og eru þeir þó ærnir fyrir.

Af öðrum till. mínum vil jeg einkum minnast á till. um að undanþiggja hljóðfæri verðtolli. Háttv. þdm. mun sjálfsagt kunnugt, að þinginu hefir borist áskorun frá ýmsum hljómlistarmönnum um að undanskilja hljóðfæri verðtolli. Þeir fullyrða, að tollurinn verki nú sem algert innflutningsbann, sem hindri til muna allar hljómlistariðkanir í landinu. Hinsvegar getur hjer varla verið um svo mi inn innflutning að ræða, að ríkissjóður verði fyrir nokkrum verulegum tekjumissi við þessa breytingu. En það er augljóst, hversu tilfinnanlegt er einstaklingum, sem hafa hug á að eignast hljóðfæri, að þurfa að greiða af þeim stundum alt að 500 kr. toll, auk hins háa verðs, sem slíkir hlutir kosta.

Í rauninni er þessi tollur menningarfjandsamlegur, og því tæplega verjandi að halda honum áfram, enda skildist mjer í nefndinni, að samkomulag væri um að undanskilja þessi hljóðfæri verðtollinum,

þó að hv. meiri hl. hafi síðar tekið þau upp í b.-liðinn og þau verði því tollið með 10%, þegar sá flokkur kemst á laggirnar. Vissulega verður því ekki neitað, að talsverð linun er í því fólgin að setja 10% toll á hljóðfærin, í stað 20%, sem nú verður að greiða af þeim. En samt sem áður verður tollurinn svo hár, að hann hindrar að mestu efnaminni menn frá því að geta keypt sjer hljóðfæri. Jeg þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þdm., hvílík híbýlabót er að slíkum tækjum, er menn geta notað til að stytta stundir daglega lífsins, sem því miður eru oft rökkur- og raunastundir, auk þess sem almenn hljómlistariðkun hefir tvímælalaust ómetanlegt menningargildi fyrir þjóðina. Með því að tolla hljóðfæri svo hátt, jafnvel þó ekki sje nema með 10%, er stefnt í þá átt, að það verði nokkurskonar sjerrjettindi hinna efnaðri landsmanna að hafa þau á heimilum sínum, og er það illa farið. Fyrir efnamenn hefir það ekki svo mjög mikla þýðingu, hvort þeir verða að greiða 100—200 eða jafnvel 500 kr. meira fyrir gott hljóðfæri, en sú upphæð getur gert efnalitla manninum ókleift að eignast það, hversu feginn sem hann vildi.

Jeg geri að vísu ráð fyrir, að jeg muni koma með einhverjar frekari brtt. við flokkunina við 3. umr., en þá er nógur tíminn að ræða þær.

Halldór Stefánsson: Jeg gekk að því í fjhn. að leggja til, að verðtollurinn yrði framlengdur, eins og nú liggur fyrir í till. nefndarinnar, með það fyrir augum, að jeg vildi ekki una því, að allar almennar umbætur þyrfti að stöðva vegna fjárskorts, og væri þó einnig hægt að borga af lausaskuldum ríkissjóðs. Hæstv. stjórn hefir þrásinnis lýst yfir því, að aðalþáttur stefnuskrár sinnar væri að greiða lausaskuldirnar sem örast. Á þetta hafa margir viljað fallast, eða ekki viljað hindra, þó að jeg líti svo á, að nokkur rök muni vera fyrir þeirri skoðun, að eins rjett sje eða rjettara að festa lausaskuldirnar og greiða þær síðan á lengri tíma.

Þegar málið lá fyrir fjhn., þá datt mjer alls ekki í hug, og jeg held fáum öðrum, að stjórnin mundi fara svo gálauslega að ráði sínu að því er tekjur ríkissjóðs snertir eins og raun er á orðin. Síðan hefir það komið í ljós, að stjórnin hefir lagt kapp á að fleygja burt tekjum af tóbakseinkasölunni og lækka skatta af hátekjum, sem samlagt nemur hundruðum þúsunda króna. Og ekki einasta að lækka tekjuskattinn, heldur einnig að gefa stóran gjaldfrest á meiri hluta hans á sama tíma og hrópað er um þörfina á að greiða sem mest af lausum skuldum ríkisins. Þetta eru þó auðfengnari og rjettmætari tekjur en ýmsir innflutningstollar, þar á meðal verðtollurinn á mörgum vörutegundum.

Eftir að þetta er fram komið tel jeg vafasamt, að stjórninni sje eins mikið áhugamál og hún lætur að greiða lausar skuldir ríkissjóðs, og með þetta fyrir augum þykir mjer skylt að athuga, hvort rjett sje að framlengja verðtollslögin eins víðtækt og meiri hl. fjhn. hefir lagt til. Jeg mun telja mjer hjer eftir heimilt að greiða atkvæði með ýmsum tillögum, sem fram eru komnar og fram kunna að koma, um að losa vörur undan þessum tolli.

Hjer á móti tjáir ekki sú rökleiðsla hæstv. fjrh. (JÞ), sem fram kom við umræðurnar um tóbakseinkasöluna, að með þessari afstöðu minni sje brugðið skyldu

við ríkissjóð. Fyrst og fremst hittir sú rökleiðsla hans stjórnina sjálfa og Íhaldsflokkinn út af meðferð þeirra á einkasölunni og tekjuskattinum. Og á hinn bóginn er það fullkomin rökvilla, bygð á þeim alkunna þrönga hugsunarhætti, að ríkissjóður sje = ríkið. — Nei, ríkið er fyrst og fremst þegnarnir. Ríkissjóður er aðeins partur af ríkinu. Þetta sjest best á því, að saman getur farið blómlegur hagur ríkissjóðs og örbirgð fjölda þegnanna. Meira að segja er hægt að byggja upp blómlegan hag ríkissjóðs með því að leggja hag þegnanna í rústir. Og tollarnir, eins og þeim er fyrir komið hjá okkur, verka einmitt þannig á afkomu fjöldans. Almennir og háir tollar á allar þurftarvörur almennings, eins og hjer eru, verka eins og morfínið á líkamann: sefa þarfir ríkissjóðs í bráð, en heltaka svo gjaldþolið og almenningshaginn. Og það virðist vera stefna Íhaldsins að færa tollana altaf meira og meira í það horfið.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að brtt. okkar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 305, sem fer fram á, að niðursoðin mjólk verði sett undir 10%-flokkinn. Við 3. umr. fjárlagafrv. voru feldar till. frá báðum hlutum fjhn. um að veita nýbyrjuðu innlendu mjólkurniðursuðufyrirtæki í sveit fjárhagslegan stuðning með beinni fjárveitingu. Þessi till. okkar hnígur að því að veita þessu fyrirtæki hálfan stuðning á móts við önnur innlend iðnfyrirtæki, sem starfa í kaupstöðum og þó eru komin yfir byrjunarörðugleikana og hafa undanfarið notið og njóta þess stuðnings, sem verðtollslögin hafa veitt og geta veitt innlendum iðnaðarvörum, sem undir þann toll falla á meðan verðtollslögin gilda. Það getur í raun og veru ekki heitið svo, að hjer sje um eiginlegan verndartoll að ræða, því eins og menn vita, þá var verðtollurinn ekki settur sem slíkur, heldur, eins og allir okkar innflutningstollar, aðeins til að reita í ríkissjóðinn, þó e. t. v. kunni að hafa verið haft fyrir augum jafnframt, hvern stuðning innlend framleiðsla gæti af honum haft á meðan hann stæði. Og þá er ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að innlend mjólkurniðursuða fái jafna aðstöðu og aðrar sambærilegar innlendar iðnvörur.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að tillaga okkar sæti andmælum eða verði synjað, nema svo sje, að menn líti með þóknun eða vanþóknun á innlend iðnfyrirtæki eftir því, hvort þau starfa í sveitum eða kaupstöðum. En fyrir því geri jeg ekki ráð, að óreyndu. Atkvæðagreiðslan sker úr um það.

Þorleifur Jónsson: Í fyrra, þegar verðtollurinn var samþyktur, munu margir hafa vonað þess, að þessi hái tollur þyrfti ekki að standa mjög lengi. Menn mundu hafa hikað við að greiða atkvæði með verðtollslögunum, ef menn hefðu búist við, að jafnþungur tollur og verðtollurinn óneitanlega er stæði árum saman. Verðtollurinn var lagður á með það fyrir augum að rjetta við fjárhag ríkissjóðs, og hafa víst flestir þingmenn búist við, að hægt yrði að ljetta honum af að einhverju leyti eftir stuttan tíma. Þá held jeg og, að þjóðin hafi vænst þess, að þetta þing mundi fremur sjá sjer fært að ljetta af tollum að einhverju leyti en halda þeim við. Þjóðin hefir fundið mjög til þyngsla af þessum tolli, því það má óhætt fullyrða, að 20% verðtollur á mjög mörgum nauðsynjavörum er þungur ábaggi fyrir þjóðina að bera, í viðbót við alla aðra skatta og álögur. En það átti ekki að auðnast að þessu sinni að losna við þennan ábagga, enda þótt gaman hefði

verið að geta sagt, er þm. komu heim af þingi, að þarna hefðu þeir þó getað ljett álögum af þjóðinni, þar sem væri verðtollurinn. En hæstv. stjórn hefir ekki sjeð sjer annað fært en að bera fram frv. um framlengingu verðtollsins óbreytts eitt ár ennþá að minsta kosti, og hefir hún sjeð það fyrir, að ríkissjóður megi ekki við því að missa af þessum tekjustofni. En þegar litið er á það, að verðtollurinn liggur á öllum vörutegundum svo að segja „holt og bolt", þörfum og óþörfum, þá er það mjög leitt, ef hann þarf að vera í gildi í mörg ár ennþá, en það sjest auðveldlega í hendi, að úr því að verðtollurinn er framlengdur í ár, verður enn beðið um framlengingu hans á næsta þingi, og svoleiðis ár frá ári ef til vill. Það er nú enginn efi á því, að verðtollurinn er, eins og honum er fyrir komið, einhver allra þyngsti bagginn, sem hvílir á mönnum alment, af því að hann hvílir á mörgum nauðsynjavörum. Við hjer á þingi getum gert okkur nokkra grein fyrir því, hve þungur þessi tollur er á nauðsynjavörum, þar sem krafa hefir komið frá sjúkrahúsi á Ísafirði um uppgjöf á 3000--4000 kr. verðtolli bara á ýmsum munum til spítalans. Þetta sýnir mjög ljóslega, hversu tilfinnanlegur þessi verðtollur er. Það væri því nauðsynlegt, einkum ef slíkir tollar sem þessi þurfa að standa árum saman, að taka til athugunar, hvort ekki sje hægt að koma þeim fyrir á einhvern annan og þægilegri hátt en nú er. Jeg skal játa, að hv. fjhn. hefir gert nokkra tilraun til að láta verðtollinn koma dálítið skár niður en áður, með því að flokka vörunum niður, eftir því hvað þær eru nauðsynlegar, og hafa mismunandi toll á vörum. En mjer finst þó ekki vera nógu langt gengið í þessu. Brtt. mínar vil jeg láta skoða sem bendingar til háttv. nefndar um það, hvort ekki muni þykja fært eða tiltækilegt að taka til nákvæmrar íhugunar flokkaskipunina, þannig að flytja ýmsar nauðsynjavörur í 10%-flokkinn. Aftur á móti sje jeg ekki eftir því, þó greiddur sje hár tollur af djásnum og skrautgripum og ýmsum öðrum óþarfavarningi, og jafnvel þó að hærri væri en 30%. Jeg vil geta þess, að jeg felli mig betur við till. hv. meiri hl. fjhn. um flokkun varanna heldur en að láta tollinn smálækka ár frá ári. Till. háttv. minni hl. bendir frekar í þá átt, að verðtollurinn eigi að standa að minsta kosti 3—4 ár ennþá, jafnt á þörfum sem óþörfum vörum, og það er þetta, sem jeg felli mig ekki vel við.

Viðvíkjandi brtt. mínum skal jeg geta þess og játa, að jeg hefi hvorki haft tíma nje tækifæri að taka flokkunina betur til athugunar, þó jeg telji þess fulla þörf; enda má búast við, að háttv. fjhn. athugi þessa hlið málsins vel og ítarlega, því að það verður að viðurkenna, að aðrir þm. eiga mjög erfitt með að átta sig á eða athuga hverja till. um hvað eina, hvað eigi að falla undir þennan eða hinn flokkinn.

Þá ætla jeg að fara örfáum orðum um þær brtt., sem jeg hefi borið fram á þskj. 382. 1. brtt. er um, að spilum sje bætt í hæsta tollflokkinn, því að sá flokkur er það, sem aðallega á að afla ríkissjóði tekna; en jeg vildi bæta upp að einhverju leyti þann tekjuhalla, sem stafar af því, sem jeg hefi lagt til að niður verði felt eða sett í lægri flokka, og skal jeg fúslega viðurkenna, að ástæða hefði verið til að taka fleiri vörur en spilin í hæsta tollflokkinn. Þess skal getið, að samkvæmt verslunarskýrslum 1922 hafa verið flutt inn spil fyrir 18 þús. kr. Þetta er ekki stór upphæð að vísu, en það ætti þó að

vera bending til hv. fjhn. um það, hvort ekki væru til einhverjar fleiri vörur, er betur væru komnar í hæsta tollflokki, eða hvort ekki væri ýmislegt enn, sem rjett væri að færa niður í 10%-flokkinn eða fella alveg undan tolli. Að öðru leyti legg jeg ekki mikla áherslu á þessa brtt. mína.

2. brtt. mín er í sambandi við það, að háttv. fjhn. leggur til að lækka tollinn á ritvjelum, og er það auðvitað rjett, en þá ættu líka fjölritunaráhöld að njóta sömu hlunninda; þau eru mjög dýr, og ef hár verðtollur legst á þau, verða þau ókaupandi. Þau kosta um 1000 kr. eða meira. Eins og háttv. þm. er kunnugt, er ein slík vjel notuð hjer á Alþingi og hefir orðið til verulegs sparnaðar við þinghaldið, í stað þess að ella hefði orðið að prenta ýmislegt, sem nú er fjölritað. Þessi fjölritunartæki eru mjög þægileg á þeim stöðum, sem ekki næst til eða er erfitt að ná til prentsmiðju, t. d. í sveitum. Þar er sumstaðar verið að halda úti sveitablöðum, og yrði það til nokkurra þæginda, ef menn gætu fjölritað þau. Auk þess eru fjölritunartæki alveg nauðsynleg í mörgum meiri háttar skrifstofum o. s. frv. Fyrir þinginu liggur nú nál. eitt, sem er stór bók fjölrituð. Það er nál. um ræktunarsjóðinn. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. fjhn. hafi neitt á móti þessari brtt., enda er ekki um stórar upphæðir að ræða. Árið 1922 var flutt inn af þessum vörum fyrir ca. 15 þús. kr., og hefir það því ekki nein sjerleg áhrif á hag ríkissjóðs, þó tollurinn lækki þetta. — 3. brtt. hygg jeg, að allir muni fallast á, því að hjer ræðir um vöru, sem öll heimili svo að segja á landinu þarfnast og komast vart af án. Af verslunarskýrslunum 1922 sjest, að þá var flutt inn fyrir 223 þús. kr. af þessum vörum. Jeg veit ekki, hversu mikið af þessu hefir verið eiginlegur búnaður, en geri ráð fyrir, að helmingurinn hafi verið leirílát, en það eru vörur, sem ætti að hlífa við háum tolli. Þessar vörur eru brothættar í flutningi og eru því í fullháu verði þess vegna, og er því rjett að lækka verðtollinn á þeim. Jeg vænti, að þessar brtt. mínar verði teknar til greina, enda þótt þær sjeu meir að skoða sem bendingar til hv. fjhn. um það, hvort ekki sje hægt að undanskilja fleiri þarfavörur verðtollinum, eða færa þær niður í 10%-flokkinn. Jeg er samþykkur hv. 3. þm. Reykv. (JakM) í því, að slitföt ættu að vera lágtolluð, en skal þó játa, að erfitt getur ef til vill verið að greina í sundur hinar ýmsu tegundir af vefnaðarvörum, þó þess væri full þörf.

Sigurjón Jónsson: Það var ræða hv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem kom mjer til að taka hjer til máls, því jeg vil ekki láta henni ómótmælt. Háttv. þm. mælti þar fram með brtt. á þskj. 305, sem hann o. fl. eru flm. að, um að lagður skuli 10% verðtollur á niðursoðna mjólk. En jeg vil benda þessum og öðrum háttv. þm. á, að sú vara, sem þeir þannig vilja tolla, er hin almesta nauðsynjavara bláfátækasta fólksins í kaupstöðunum og sjávarþorpunum, líklegast fátækasta fólksins á landinu, og það er aðalnauðsynjavara þessa fólks, sem háttv. þm. eru að mælast til að verði tolluð, því að efnaða fólkið þar sem annarsstaðar aflar sjer mjólkur, auk annara nauðsynja, án tillits til verðlags á þeim. En fátæka fólkið verður líka að kaupa þessa mjólk nærri því hvað sem hún kostar, og það þarf því meiri mjólk, sem fjölskyldan er stærri. Hjer er því algerlega farið inn á ranga braut í skattamálum, því það verður aðallega fátæka fólkið, og það fátækasta, sem verður að greiða þennan verðtoll. En ef það er, að svo hafi

verið tilætlast af háttv. flm. brtt. á þskj. 305, hví báru þeir þá ekki heldur blátt áfram fram till. um að leggja nefskatt á fátækasta fólkið við sjávarsíðuna? Gátu þeir þá ákveðið upphæð nefskattsins þeim mun hærri, sem fjölskyldan var stærri og börnin þar fleiri. Þetta mundi alveg koma í sama stað niður og þessi 10% verðtollur á niðursoðinni mjólk, en aðferðin væri þó miklu hreinlegri og betri, sem einarðlegar væri að þessu gengið af háttv. flm. brtt. á þskj. 305.

Háttv. flm. brtt. á þskj. 305 setja þetta í samband við mjólkurniðursuðufyrirtæki í Borgarfirði, en til þess er engin ástæða. Það er að vísu satt, að við 3. umr. fjárlagafrv. í Nd. var feld, og það af klaufaskap, tillaga um að veita þessu fyrirtæki dálítinn styrk. Jeg segi af klaufaskap, því að margir þeirra, sem greiddu atkvæði á móti þeirri till., sem fór fram á toll á erlendri niðursoðinni mjólk, mundu hafa greitt atkvæði með hreinni styrkveitingu til fjelagsins, ef ekki hefði verið búið að rugla þessu saman við verndartoll á innlendri mjólk. Jeg er viss um, að þeir mundu verða með því að styrkja þetta innlenda iðnaðarfyrirtæki, ef það á engan hátt gæti orðið til þess að gera fátækasta fólkinu örðugra fyrir með að afla sjer þessarar vöru; en slík verndartollssamþykt mundi verða til þess, að það yrðu hreinustu blóðpeningar, sem á þann hátt næðust í ríkissjóð. Innlenda mjólkin verður að sætta sig við það að keppa við þá erlendu, og fer verðið þar að jafnaði hlutfallslega eftir gæðunum. Það er ekki ætíð ódýrasta mjólkin, sem selst best eða mest gengur út af. Fólk, sem kaupir daglega 1—2—3 dósir af mjólk, veitir gæðum mjólkurinnar fyllilega athygli og hagar kaupunum eftir því. Jeg skal að öðru leyti ekki blanda mjer í þessar umræður, er jeg á enga brtt. sjálfur, en full ástæða væri þó til að taka til athugunar getsakir hv. 1. þm. N.-M. (HStef) í garð Íhaldsflokksins um það, að hann hefði brugðist skyldu sinni við ríkissjóð eða liti sínum augum á framleiðslufyrirtækin eftir því, hvort þau væru rekin í kaupstað eða í sveit. En þó mun jeg leiða hjá mjer að eiga orðastað við þennan háttv. þm. að svo stöddu; enda mun þetta aðeins hálmstrá eitt vera, sem þingm. ætlar að hafa til að bjarga sjer á, er hann gengur frá sannfæring sinni í þessu máli, en notar þá tækifærið um leið til að gera Íhaldsmönnum upp þær getsakir, að þeir greiði ekki atkvæði eftir sannfæringu þeirra. Þingmanninum finst betra að hugsa sjer þetta, vegna þess, að hann sjálfur er að brjóta í bág við sína skoðun í málinu.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ljet svo um mælt um þetta mál við 1. umr., er frv. var sent til nefndar, að jeg skyldi greiða því atkv., ef undanteknar yrðu allar nauðsynjavörur, en aðeins tollaður óþarfinn og munaðarvörurnar. Þó skal jeg játa, að óþarfinn er heldur ekki fylgislaus hjer á þingi; enda miðar margt af því, sem nefnt er óþarfi, til þess að gera lífið þægilegra og í ýmsu skemtilegra. En þesshátta vörur eru þó mestmegnis keyptar af þeim, sem góð efni hafa, og þess vegna er þó fremur hægt að leggja toll á óþarfavarning, enda þótt alls ekki verði hægt að greiða atkv. með tolli á vörum, sem nauðsynlegar eða þarfar verða taldar. Þess vegna álít jeg ekki vera sæmilegt, að ríkið afli sjer tekna með 20% tolli á allflestum vörum, sem almenningur þarfnast sjer til viðurhalds, og það hefir auk þess ýms ill áhrif á þegna þá, sem þessa tolla eiga

að gjalda. Hvað verndartollana áhrærir, skapa þeir altaf, enda þótt það sje alt annar tilgangurinn með þá, óheilbrigt ástand. Þeir koma smátt og smátt því ástandi á, að gagn það, sem þeir áttu að vinna, verður að engu, en geta oft að lokum skaðað þær iðngreinir, er þeir áttu að hlynna að. Þó er sök sjer þegar verndartollur verndar innlendan iðnað, en þá færist skörin upp í bekkinn, þegar 20% verðtollurinn verður verndartollur fyrir erlendan iðnað. Við sjáum t. d., að 10% verðtollur er lagður á bókbandsefni, en hinsvegar ekkert á erlendar bækur bundnar. Þetta er því verndartollur fyrir erlent bókband.

Það voru mjer og fleirum vonbrigði, hvernig frv. kom frá fjhn. Meiri hl. hefir að vísu reynt að flokka vörur betur en áður, en mjög er sú flokkun af handahófi. Þannig er 30% verðtollur á úrum og klukkum. Ekki virðist þó stundvísin of mikil í landinu. Undir þessum tollflokki er og tin, nikkel og silfur, enda þótt hlutir úr þessum efnum sjeu jafnnauðsynlegir fyrir fátæka sem ríka, nema því aðeins, að nefndin ætlist til, að við sleppum hníf og gaffli og tökum upp þann gamla þjóðlega sið að borða með sjálfskeiðingi og fingrunum. Þá er og ýmislegt í 10% tollflokknum, sem hefði átt að vera undanþegið öllum tolli. Má þar nefna helgrímur, heymæla, hval, sem er ódýr og góð fæða, nálar og fleira. Þó má þakka meiri hl. það, að hann hefir undanþegið kensluáhöld, er hafa verið tollskyld undanfarið fyrir vangá.

Minni hl. vill fara aðra betri leið. Vill hann fella niður verðtollinn smátt og smátt, og þótt hann færi hann nú ekki nema niður í 15%, mun jeg þó greiða þeirri till. atkv. mitt. En ef sú till. verður feld, treystist jeg ekki til að vera með frv.

Annars ætti það að vera öllum ljóst, að enginn möguleiki væri að koma þessum verðtolli fram nú eins og hann er í frv., ef það væri nýtt, en ekki breyting á eldri lögum. Sjest það m. a. á andmælum háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) gegn tolli á niðursoðinni mjólk. Hann sagði, eins og rjett er, að hjer væri verið að leggja nefskatt á fátækt fólk. Og svo er um fjöldamargt fleira í frv.

Ef hjer á að útvega tekjuauka, þá hefði átt að fara aðrar leiðir. Ekki er nú svo ilt í ári. Mætti þar minna á tóbakságóðann. Líka mætti geta frv., sem jeg ásamt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) flutti í fyrra um hækkaðan skatt á áfengi. Þar var bent á ljettbæran og rjettlátan skatt. Þetta frv. varð ekki útrætt á þinginu í fyrra, og hefi jeg ekki sjeð bóla á því síðan. Vil jeg því lýsa eftir því nú og spyr fjhn., hvað af því hafi orðið.

Þessi andstaða gegn verðtollinum nú sýnir, að hann er ekki rjettlátur lengur. Og það á ekki að vera hægara að halda við gömlum tolli ranglátum heldur en að stofna nýjan rjettlátan toll.

Fjármálaráðherra (JÞ): Nefndin hefir lagt mikið starf í að athuga bráðabirgðaverðtollinn, og finst mjer það virðingarvert, enda þótt orkað geti tvímælis flokkun hennar á ýmsum vörutegundum í mismunandi tollstig. Jeg held, að niðurstaða nefndarinnar hafi ekki í för með sjer neina stórfelda breytingu á tekjum ríkissjóðs. Stjórnin hefir ekki farið fram á annað en að veitt væri nauðsynleg framlenging á tolllögum þessum, svo að endurskoðun gæti farið fram á næsta þingi. Eftir meðferðinni á fjárlagafrv. fyrir 1926 er ekki forsvaranlegt annað en að sjá ríkissjóði fyrir tekjum á móti. Jeg tel, að

nefndinni hafi tekist það með tillögum sínum.

Um brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefi jeg það að segja, að ef fjárlagafrv. hefði verið samþykt eins og stjórnin bar það fram, hefðu mjer verið hans till. næst skapi. En lækkunin niður í 15% hefði ekki mátt ganga í gildi fyr en um næstu áramót. En vegna afgreiðslunnar á fjárlögunum 1926 og vegna þess, að breytingunni er ætlað að ganga í gildi 1. júlí þ. á. get jeg ekki greitt till. hans atkv. mitt.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) kvað hafa sagt, að ekki væri rjett að samþykkja framlenginguna á tolli þessum, af því að stjórnin hefði kastað frá sjer tekjum, sem hún hefði getað haldið. Mun hjer átt við frv. um afnám tóbakseinkasölunnar. Hv. flm. þess frv. líta svo á, að sú breyting hafi enga tekjuskerðing í för með sjer. Um það er ágreiningurinn, en andstæðingarnir hafa ekki rjett til að straffa ríkissjóð fyrir þann meiningamun.

Og þar sem hv. 1. þm. N.-M. hefir viðurkent nauðsyn tollsins með því að skrifa undir nál., þá vona jeg, að hann standi við það, hvað sem öllum ágreiningi í tóbakseinkasölumálinu líður.

Jeg mun ekki lengja umr. meira að sinni. Jeg hefi þegar lýst yfir því, að jeg fellst á till. nefndarinnar, en mun greiða atkvæði gegn brtt. háttv. 3. þm. Reykv. Hinar brtt. mun jeg láta hlutlausar.

Ágúst Flygenring: Jeg á hjer litla brtt. á þskj. 368 við till. nefndarinnar, sem að vísu má eins kalla leiðrjettingu á 2. lið verðtollslaganna, um að undanskilja frá tolli botnvörpukeðjur og keðjulása, bolta, saum og rær o. fl. þ. h.

Þetta eru hlutir, sem ekki er hægt án að vera, en ekki heldur að búa til hjer. Hjer má því enginn verðtollur hvíla á. Jeg hefi t. d. nýskeð keypt efni í bryggju í Hafnarfirði og verð að borga um 1600 kr. í toll af boltunum, sem viðirnir eru tengdir saman með. Slík fyrirtæki eru hvarvetna annarsstaðar styrkt af ríkissjóði, og sjest þá af þessu, hversu tollur þessi getur orðið ranglátur.

Jeg mun ekki lengja mál mitt meira, en verð að segja það, að jeg, eins og flestir aðrir, er óánægður með verðtollinn, enda þótt hann kunni að vera nauðsynlegur nú sökum afgreiðslu fjárlaganna. En sjálfsagt tel jeg, að allir sjeu sammála um, að full þörf sje á að endurskoða verðtollslögin öll sem fyrst og gera rækilegar breytingar í þá átt að ná rjettlátara samræmi, ef þingið neyðist til að halda lögunum til langframa, eða lengur en næsta ár.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi segja nokkur orð út af brtt. á þskj. 305. Eins og fyrri flm. þeirrar till., hv. 1. þm. N.-M. (HStef), tók fram, á sú till. rót sína að rekja til þess, að verksmiðjan „Mjöll" í Borgarfirði sneri sjer til fjhn. um stuðning á þeim grundvelli að hækka toll á aðfluttri mjólk. Eins og hv. 1. þm. N.-M. sagði, er hjer ekki verið að fara inn á neinar nýjar brautir, því undir verðtollinn falla framleiðsluvörur vorar, svo sem smjörlíki, niðursoðið kjöt og fiskur og flestar iðnvörur, sem nokkur vísir er að í landinu. Þannig er verðtollur á öllum slíkum vörum nema mjólk. Og svo langt hefir jafnvel verið gengið, að bannaður hefir verið innflutningur á einni iðnvöruteg und, sem sje á baðlyfjum. Þessi brtt. ætti því ekki að þurfa að fæla neinn. Hægt er að framleiða nægilega mjólk í landinu fyrir alla landsmenn, enda þótt erfiðlega veitist að koma henni á markaðinn, sakir örðugra samgangna. En sá vandi er nú

leystur með stofnun þessarar mjólkurniðursuðuverksmiðju, og því er þessi tollhækkun algerlega hliðstæð þeim stuðningi, er veittur hefir verið þeim framleiðsluvörum, er jeg nefndi áðan.

Samkv. verslunarskýrslunum 1922 var vörumagn innfluttrar mjólkur 750 þúsund dósir. „Mjöll“ getur þegar framleitt fullkomlega helming af þessu og með tiltölulega litlum endurbótum fullnægt allri þörf landsmanna eins og hún var 1922. Innflutt mjólk nam það ár 525 þús. kr., og er það allálitleg upphæð.

Annað atriði kemur hjer til greina, sem ekki er minna um vert, að með þessu er fengin trygging fyrir verulega hollri og góðri mjólk, sem annars mun vera misjöfn. Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) hjelt því fram, að þetta myndi hækka verðið, og kæmi því sem skattur á fátæklingana. Vera mætti, að verð hækkaði lítið eitt í bili, en vörugæðin myndu þar vega fullkomlega á móti; og með þessu móti væri þessu fátæka fólki trygð holl og næringarrík mjólk handa börnum sínum. Hinsvegar er útlenda mjólkin alls ekki hæf handa ungbörnum án hættu fyrir þroska þeirra.

Jeg flutti ásamt hv. 2. þm. Skagf. (J-S) á þinginu 1923 frv. um breytingu á vörutollslögunum, sem meðal annars gekk út á að hækka toll á niðursoðinni mjólk. En það fjell þá. Var sjerstaklega á það bent, að ekki væri heppilegt að tolla niðursoðna mjólk meðan ekki væri soðin niður mjólk í landinu sjálfu. Vil jeg í þessu sambandi minna á ummæli hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um þetta á þinginu þá. Hann segir svo m. a.:

„Tel jeg því rjett að sleppa niðursoðinni mjólk uns farið er að sjóða niður mjólk í landinu sjálfu.“

Og þáverandi frsm. fjhn., núverandi hæstv. atvrh. (MG), farast svo orð:

„En þegar svo er komið, að jafnan verður auðið að fá næga mjólk hvar sem er, telur nefndin sjálfsagt að vernda þá framleiðslu með tolli.“

Segir hann þetta sem álit fjhn., því hún var þá óklofin. Nú verð jeg að segja, að þessir agnúar, sem stóðu í vegi fyrir verndartolli 1923, sjeu að mestu horfnir, þar sem verksmiðja er komin á fót, sem nú þegar að miklu leyti getur fullnægt mjólkurþörf landsmanna.

Jeg þarf ekki að lýsa því, þar sem það er margtekið fram, hve þörfin er orðin mikil á slíkum iðnaði hjer. Hitt hefir líka verið tekið fram, að verksmiðja sú, sem hjer ræðir um, hefir orðið fyrir miklum byrjunarörðugleikum, eins og svo oft á sjer stað um fyrirtæki, sem að einhverju leyti brjóta nýjar brautir. Þó er nú svo komið, að verksmiðjunni hefir tekist að sigra mestu örðugleikana, svo hún getur nú unnið með fullum krafti, þó fjárhagsörðugleikarnir hljóti auðvitað altaf að segja til sín. Annar byrjunarörðugleikinn var sá, að strax er farið var að selja afurðir verksmiðjunnar, lækkaði verðið á erlendu mjólkinni hjer og hefir lækkað æ síðan, og er nú orðið svo lágt, að minsta kosti á lökustu tegundunum, sem kannske eru ekki mjólk nema að nafninu til, að erfitt er að keppa um það. Er auðvitað eðlilegt, að mjólkin hafi lækkað nokkuð sökum gengisbreytingar, en lækkunin er orðin mun meiri en henni nemur. Er engu líkara en svo mikil lækkun, sem orðin er, sje sett til höfuðs þessum nýja vísi til mjólkurniðursuðu hjer. Veldur þetta alt auðvitað talsverðum örðugleikum fyrir fjelagið, sjerstaklega þegar það

fer saman, að það er að ryðja nýrri vöru braut, sem tekur altaf nokkurn tíma, ekki síst þegar sá andi ríkir, sem kannske á sjer víðar rætur en með vorri þjóð, að alt aðflutt sje betra og eftirsóknarverðara en það innlenda. En auðvitað líður aldrei langur tími til þess, að fólk sannfærist um, hve vörugæðin hjá þessu fjelagi eru tryggari, og taki mjólk þess smámsaman fram yfir þá útlendu.

Sömuleiðis er jeg viss um, að ef fjelaginu tekst að sigla framhjá þessum byrjunarörðugleikum, þá muni það geta átt greiða og góða framtíð fyrir höndum, en það veltur ekki svo lítið á því, hvort þingið veitir fjelaginu nú í byrjun nokkurn stuðning eða ekki. Hefir þingið áður sýnt fullan skilning á þörf þessa fyrirtækis, er það heimilaði stjórninni að ábyrgjast lán handa fjelaginu, til að koma verksmiðjunni á fót. Vænti jeg, að þingið sýni nú sem fyr hinn sama rjetta skilning á nauðsyn þessa fyrirtækis og veiti því stuðning sinn í einhverri mynd.

Hjer á dögunum var feld till. frá hv. fjhn. um að veita fjelaginu 8000 kr. styrk í fjárlögum 1926. Sú till. fjell raunar fyrir sjerstök atvik, eins og hv. þm. víst vita, en ekki vegna þess, að hún hefði ekki fylgi í hv. deild. — Aðalatriðið fyrir mjer er það, að fjelagið fái stuðning í bili, hvort sem það verður með tollvernd eða með beinum styrk, þó jeg telji, eftir atvikum, tollverndina heppilegri og meira virði fyrir fjelagið. Alþingi hefir líka þegar gengið inn á þá braut, eins og jeg benti á í upphafi ræðu minnar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg þarf að svara hv. 3. þm. Reykv. (JakM) nokkrum orðum út af því, sem hann sagði um stefnumun milli sín og meiri hl. nefndarinnar. Hann vildi sýna fram á, að meiri hl. vildi gera miklu gagngerðari breytingar en hann á tollalöggjöf þessari, en jeg býst við, að lengi megi sakast um, hvort svo sje eða ekki. Frá formsins hlið má raunar segja, að okkar till. sjeu víðtækari, þar sem við förum fram á meiri flokkaskiftingu, en að efninu til held jeg, að hans brtt. sje gagngerðari, þar sem þær hafa gagnger áhrif á tekjurnar af frv. Hann segir sjálfur, að þessi verðtollur sje settur til að ná fje í ríkissjóðinn til að jafna hallann á útkomu ársins, og er þá sú breytingin auðvitað gagngerðari, sem fer lengra í þá átt að draga úr eða breyta þessum aðaltilgangi laganna. Þá er og ástæðulaust að segja, að við stefnum að því að gera tollinn fastan, því að það er alveg eins hægt að lækka tollinn alment eða fella hann niður alveg, þó okkar brtt. yrðu samþyktar eins og þó hans brtt. gengju fram. Hann vill byrja á lækkuninni strax, en meiri hl. ekki; það er aðalágreiningurinn. Jeg get auðvitað ekki sagt fyrir hönd okkar nefndarmanna, hvernig við höfum hugsað okkur, að væntanleg lækkun fari fram, en geri ráð fyrir, að byrjað yrði þá á að fella niður lægsta tollflokkinn, (10%-flokkinn), því í þeim flokki eru eingöngu nauðsynjavörur, eins og bent hefir verið á.

Jeg get vel gengið inn á það, að sundurliðun okkar á tollvörunum sje að ýmsu leyti fálm út í loftið. Svo hlýtur það altaf að verða, meðan ekki er fenginn neinn fastur grundvöllur til að byggja skiftinguna. En við höfðum þó til hliðsjónar gögn, sem ekki hafa áður verið fyrir hendi, sem sje allstóran lista yfir vörur, sem fallið hafa undir verðtoll síðan lögin komu til framkvæmda. Og þó hann væri ekki tæmandi, þá var okkur samt

mikil leiðbeining að honum, enda hefi jeg ekki heyrt veruleg andmæli gegn skiftingu okkar, og þótt vitanlegt sje, að aldrei verði alveg siglt fyrir hverskonar misrjetti í þessu efni, þá er þetta þó vissulega spor í rjetta átt. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kvaðst geta bent á vörur, sem væru alveg eins miklar nauðsynjavörur og þær, sem taldar væru í 10%-flokkinum og ættu þar því heima, svo sem vefnaðarvörur af ýmsu tægi. Það skal játað, að meðal vefnaðarvarnings er margt af nauðsynjavörum, en þó geta dýrar vefnaðarvörur, sem ekki koma að meira haldi en ódýrar vefnaðarvörur, varla talist meðal þess nauðsynlega, að svo miklu leyti, sem þær eru dýrari en hinar. En einmitt slíkur varningur er gott dæmi þess, hve órjettlátt er að tolla eftir þyngd. Og jeg vil segja, að hvergi eigi verðtollur betur heima en einmitt á þessum vörutegundum, því þá kemur hann þyngst niður á dýrustu og óþörfustu tegundunum. — Þá sagði hv. þm. (JakM), að tekjurnar yrðu lítið eða ekkert minni eftir hans till.; en það er ekki rjett. Tekjurýrnun eftir okkar till. nemur aðeins 10% lækkun á litlum vöruflokki sem fellur undir 10% tollinn. Eftir hans till. græðist raunar 5% á þeim flokki, borið saman við till. meiri hl., en þar á móti kemur 5% tap á meginhluta þess varnings, sem verðtollurinn nær til. Er það vafalítið, að þetta hlýtur að muna mjög miklu, ef til vill hundruðum þúsunda kr. Hann talaði og um það, að fært væri að samþykkja sínar brtt., þó þær hefðu lækkun í för með sjer, því tollurinn væri eftir sem áður mjög hár, því hann næmi á fyrsta fjórðungi þessa árs því sem næst helmingi meiru en í fyrra. En jeg held, að erfitt sje að spá um það, hvað tollurinn verði mikill 1926. Fer það auðvitað eftir því, hvað mikið verður flutt inn af vörum.

Annars má segja, að hv. samþm. minn (JakM) og aðrir, sem honum fylgja, gangi á móti sjálfum sjer, þegar þeir þykjast ekki geta aðhylst okkar brtt. vegna þess, að flokkaskifting okkar verði of erfið í framkvæmdinni, en leggja þó til, að settur verði nýr tollflokkur með 30% verðtolli, og brjóta þannig af sjer þau þægindi, að hafa aðeins einn tollflokk. Fer þá að verða bitamunur, en ekki fjár, um erfiðleikana á framkvæmd laganna. Úr því flokkarnir eru tveir, skiftir víst minstu máli, þó að þeim þriðja sje bætt við. Jeg játa, að þetta eykur hæstv. fjrh. óþægindi, en jeg býst ekki við, að hann sjái eftir starfskröftum sínum í það.

Þá talaði hv. þm. (JakM) fyrir brtt. sinni um að undanþiggja tolli bókbandsefni og hljóðfæri. Persónulega er jeg þessu fylgjandi, að minsta kosti hvað hljóðfæri snertir, og mælti fyrir því í nefndinni. Er það og hart, þegar bækur eru undanþegnar tolli, að þá skuli hliðstæð menningartæki, eins og hljóðfæri, ekki vera það líka. En það er um hljóðfæri eins og sumt fleira, að þó að þau geti verið alveg ómetanleg og bráðnauðsynleg menningartæki, þá geta þau líka verið hreinn „luksus", þegar þau eru ekki til annars notuð en vera til skrauts í híbýlum manna. En það er hart, að það skuli þurfa að koma niður á þeim, sem hljóðfæranna hafa veruleg not.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) var að endurtaka þá brýningu sína við okkur, sem erum andvígir einkasölu á tóbaki, að það væri víst ekki mikil þörf á að afla ríkissjóði tekna, þegar við vildum kasta frá okkur annari eins tekjulind og tóbakseinkasalan er. Það er leiðinlegt að heyra

óvitlausa menn endurtaka stöðugt svona firru. Ásökun þessi væri auðvitað rjettmæt, ef við bygðum okkar skoðun á tóbaksmálinu á því, að tekna væri ekki þörf. En eins og hv. þm. (HStef) veit, þá hefir einmitt þetta verið aðalágreiningsefnið, hvort afnám tóbakseinkasölunnar hafi í för með sjer tekjurýrnun fyrir ríkissjóðinn eða ekki. Þar stendur orð á móti orði, og skil jeg ekki í því, að neinn háttv. þingmanna langi til þess að fara að draga þá deilu enn á ný inn í þetta mál. Sama er að segja um tekjuskattinn, að margur telur orka tvímælis, hvort skatturinn minki við það, að þriggja ára reglan sje viðhöfð, eða ekki. Jeg hefi heyrt utanþingsmenn, sem skyn bera á þessi mál, halda því jafnvel fram, að eins mikil líkindi sjeu til þess, að skatturinn hækki við breytinguna. Annars skildi jeg ekki hv. þm. (HStef) svo, að hann með þessu væri að ógna með því að verða móti till. nefndarinnar, því þá myndi hann hafa látið mig vita um það, svo að jeg færi ekki að bera fölsk boð frá nefndinni; heldur mun hann rjettilega telja sig hafa óbundnar hendur um ýmsar smærri breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á.

Það mætti margt segja um þetta frekar, þó jeg sleppi því nú. En þegar hv. þm. (HStef) talar um ríkan ríkissjóð og sveltandi þjóð, þá held jeg, að hann sje að fara með vitleysu. Tekjur ríkissjóðs hljóta altaf að vera mjög háðar gjaldþoli þegnanna; tekjustofnarnir standa og falla með ástandinu í landinu á hverjum tíma.

Þá talaði hv. þm. (HStef) enn þá fyrir brtt. sinni, þeirri að fella niðursoðna mjólk út úr lögunum, en taka hana upp í 10% tollinn. En ekki er það rjett, sem látið hefir verið í veðri vaka, að mjólk sje ótolluð fyrir. Á henni hvílir einmitt tiltölulega hár tollur, þar sem hún er í 7. flokki vörutollslaganna, og nemur sá tollur 6 au. af kg. En hver dós mun vera, að umbúðum meðtöldum, um ½ kg., svo tollurinn á hverri dós verður um 4 au., að viðbættum 25%, gengisviðaukanum. Þetta er strax ekki svo lítill stuðningur við innlenda framleiðslu á mjólk, þar sem þetta nemur nálega 2 kr. á kassa; svo eru ýmsir erfiðleikar, sem útlenda framleiðslan á við að stríða, t. d. „fragt" til landsins. Ofan á þetta er svo farið fram á að tolla mjólkina svo, að nema mundi eitthvað nálægt 6 aurum á dós, svo þá eru það orðnir 10 aurar á dós, sem mjólkin væri tolluð.

Það var tekið fram, sjerstaklega af hv. þm. Borgf. (PO), sem einnig talaði fyrir þessari till., að hjer væri í raun og veru alls ekki verið að fara inn á nýja braut, ekki tekinn upp verndartollur, heldur láta þessa vöru eins og margar aðrar, sem framleiddar eru hjer, falla undir sömu ákvæði verðtollslaganna. En alt, sem sagt hefir verið í þessu máli, sýnir, að hjer er beinlínis ekki um annað að ræða en vernda niðursuðuverksmiðjuna í Borgarfirði; enda er það augljóst, að svo er. Nú er það held jeg ekkert deilumál hjer, að það sje rjett að styðja þessa verksmiðju. Till. var borin fram í þessari hv. deild, eins og þegar hefir verið minst á, að veita henni 8 þús. kr. styrk; og jeg sje, að fjvn. Ed. hefir tekið upp þessa till. Jeg skal játa, að þessi styrkur er lítið eitt lægri en verndartollur mundi verða, en ætti þó að nægja. En hjer er í raun og veru ekki að ræða um annað en tvær aðferðir til að styrkja fyrirtæki þetta. Önnur er sú, að veita beint úr ríkissjóði nokkurn styrk, og þá að sama skapi meira frá efnamönnum en þeim efnaminni. Það er sú aðferðin, sem jeg vil hafa. En hin

aðferðin, sem till. fer fram á, er að láta að mestu leyti fátæklingana í kauptúnunum og kaupstöðunum borga þessu fjelagi styrk til þess að geta haldið áfram, og ekki aðeins það, heldur borga í ríkissjóðinn álitlega upphæð að auki.

Síðustu verslunarskýrslur, sem náð verður til, sýna innflutning mjólkur fyrir. meira en ½ milj. kr. Af því mundi tollurinn vera 5 þús. kr., auk þess tolls, sem nú er á mjólk. Ef þetta gjald ætti að skrúfa út úr þeim, sem efnalitlir eru, færi að nálgast á þessu sviði það, sem háttv. þm. N.-M. (HStef) talaði um, feitan ríkissjóð og fátæka gjaldendur. Jeg held það væri rjettara að láta ríkissjóði blæða 8 þús. kr. frá þeim, sem betra eiga með að borga, heldur en skrúfa fátæklingana til þess. Jeg vildi þess vegna óska þess, að brtt. verði feld, enda þykist jeg viss um, að brtt. í hv. Ed. verður samþykt, og á þann hátt sjeð fyrir niðursuðuverksmiðjunni. Og jeg veit, að sú brtt. hefði flogið gegnum þessa hv. deild, hefði ekki orðið þessi handaskol um till.; eftir að önnur var fallin vildu menn ekki ganga inn á hina, því þá fólst í henni nokkurskonar loforð um verndartoll.

Þar sem hv. þm. Borgf. (PO) talaði um, að innlend niðursuða væri trygging fyrir vörugæðum, þá hefi jeg enga trú á, að þessi verksmiðja framleiði nokkuð betri vörur en ágætar verksmiðjur ytra, bæði af því að mjólkin þar er sögð kostmeiri og þykkari, og auk þess kunna menn þar þennan iðnað alveg til fullnustu. Jeg held það sje engin hætta á, að þau bestu merki af erlendri mjólk sjeu nokkuð annað en ágætis vara, og að það væri aðeins takmarkið, sem íslensk niðursuða mætti stefna að, að framleiða jafngóða mjólk, og er þá vel gert. En það er ekki hægt að hugsa sjer, að hún verði fyrirmynd fyrir allri heimsins niðursuðumjólk. Það getur vel verið, að í þeirri miklu samkepni, sem verður að hafa um þessa erlendu mjólk, þá geti komið upp í svip miður góð vara, en hún hverfur fljótt af sjálfu sjer. Niðursuða á mjólk er ein af þeim iðnaðargreinum í veröldinni, sem hefir tekið stórkostlegustum framförum á seinni árum.

Jeg vildi óska þess einnig fyrir hönd þessarar verksmiðju, að brtt. þessi verði feld. Því ef dósamjólkin í Reykjavík og öðrum kauptúnum ætti að hækka að mun hennar vegna, er jeg hræddur um, að það gæti bakað verksmiðjunni þeirra óvinsælda, að jafnvel mynduðust samtök um að kaupa ekki mjólk frá henni, og losna á þann hátt við þennan vágest. Nei, verksmiðjunni er áreiðanlega heppilegra að fá styrk úr ríkissjóði, auk þess sem það er skynsamlegra og sanngjarnara alment sjeð.

Háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir borið fram brtt. nokkrar; fór hann nokkrum almennum orðum um bráðabirgðaverðtollinn og sagði, að menn hefðu í byrjun vonast eftir, að hann þyrfti ekki að standa nema eitt ár. Já, jeg veit ekki, hvort nokkur hefir verið svo bjartsýnn; að minsta kosti ekki þeir, sem sömdu lögin. Þar er ákveðið, að þau standi til ársloka 1925, en þau gengu í gildi snemma 1924; og jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkrum manni hafi dottið í hug, að mögulegt væri að afnema slíkan toll í einni svipan, jafnvel þótt ríkissjóður hefði enga þörf á tekjunum. Það er svo ógurleg meðferð á þeim mönnum, sem hafa flutt inn vörur með þessum háa tolli. Annars er það náttúrlega skemtilegt að koma heim og segja kjósendum, að maður hafi afnumið þungan toll. En því miður er svo lítið skemtilegt við það, ef ekki er verulega

ljett byrðunum af; það verður að koma eitthvað í staðinn handa ríkissjóði. Það er í raun og veru engu ljett af þjóðinni með því að ljetta þessum skatti eða hinum af henni, ef tekjuþörfin er áfram sú sama. En hitt verða virkileg fagnaðartíðindi, sem hv. þm. geta flutt kjósendunum á sínum tíma, ef þeir gefast ekki upp við að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem hann þarf til þess að geta losað sig sem mest úr þeim skuldum, sem nú gera tekjuþörf hans svo mikla.

Verðtollurinn er náttúrlega þungur, en þó hefi jeg aldrei getað skilið fullkomlega í þeim stórkostlegu kvörtunum undan honum, í samanburði við aðrar byrðar. En jeg endurtek það, að 25% gengisviðaukinn er mjög ósanngjarn, og væri miklu meiri ástæða til að kvarta undan honum um alt land.

Seinustu till. hv. þm. hefir nefndin ekki borið sig saman um; tvær fyrstu till. finst mjer þannig, að það geri ákaflega lítið til, hvort þær verða samþyktar eða ekki.

Út af síðustu till. vil jeg benda hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) á það, að það er tvent, sem nefndin varð altaf að hafa í huga, þegar hún var að athuga þessi plögg; annarsvegar nauðsyn vörunnar, en á hinn bóginn það, hvort lögin verði framkvæmanleg. Og það var einmitt út frá því, að t. d. leirílát, plettvarningur og slitföt var sett í hærri flokkinn, að við gátum ekki sjeð nokkurn veg til að framkvæma tolleftirlitið, þar sem þessar vörur eru fluttar til landsins innan um aðrar vörur í þeim flokki, svo það kostaði það, að opna þyrfti hverja einustu sendingu, sem t. d. silfur- og plettvarningur gæti verið í, og rannsaka til hlítar, og er það svo að segja ógerningur.

En um leirvarninginn vil jeg auk þess segja, að jeg veit ekki, hvort hv. þm. er kunnugt um það, að það er flutt til landsins talsvert af leirvarningi, sem er meiri „luxus“ heldur en jafnvel postulín, skrautgripir, sem kosta of fjár og ætti því að tolla hærra en postulín, sem ýmsum þykir of hátt tollað. Sumir sjá sjer meira að segja hag í að kaupa postulín til daglegrar notkunar, því það er borin meiri virðing fyrir því í eldhúsinu en óvönduðum leirílátum, og brotnar því minna af því.

Jeg held, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafi verið að tala um, að miklir erfiðleikar væru á að sundurgreina vefnaðarvörurnar, og þyrfti „specialista“ til þess að ákveða, hvað skyldi undanþiggja. Nefndin hefir samt fundið einfalda reglu um þetta, sem sje þá, að undanþiggja fatnað úr þeim sömu klæðategundum, sem eru undanþegnar verðtolli. Það er því ekki þessi örðugleiki, sem gerir ómögulegt að undanþiggja sumt af fatnaði verðtolli, heldur enn þetta sama: Eftirlitið og framkvæmdin. Það mundi kosta svo mikið í framkvæmdinni að rannsaka allar vefnaðarvörusendingar til landsins til þess að tína það úr þeim, sem undanþiggja ætti.

Jeg býst við, að það verði sömu erfiðleikarnir, sem menn sjá við að samþykkja brtt. hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Hann sagði, að þetta væri bending til nefndarinnar um, hvort ekki væri fleira, sem nefndin vildi taka í 10%-flokkinn. Jeg býst ekki við, að nefndin eigi neitt við það. Nefndin er búin að vinna þetta verk á löngum tíma með geysilegri fyrirhöfn, rýna í margskonar skjöl og lista yfir þessar vörur, og jeg býst ekki við, að hún sjái sjer fært að fara út í rannsókn á ný, einkan-

lega þar sem fjhn. stendur svo að vígi, að hún kemst ekki á fund vegna þess hve þingfundir standa lengi á eftirmiðdögum.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vitnaði í ummæli sín við 1. umr., þar sem hann taldi sig geta fylgt frv., ef tekinn væri upp tollur á óþarfavarningi, en undanskildar þarfar vörur. En hann gat eins vel lýst hreinni andstöðu sinni við frv. yfirleitt, því slík aðgreining er varla á nokkurrar nefndar færi; getur altaf orkað tvímælis um, hvað eru þarfar vörur og hvað óþarfar. Í þessu efni má benda á tvo flokka, vefnaðarvöru og skófatnað. Ef ætti að fara að greina þar á milli þarfa og óþarfa, þá efast jeg um, að við höfum nokkurn mann hjer á landi, sem gæti það. Fyrst yrði að endurbæta sjálfan grundvöllinn, sem verðtollslögin byggjast á, sem sje vörutollslögin. Ef við ættum ítarleg vörutollslög, þá mætti kannske byggja verðtollslög á þeim eitthvað í áttina til þess, sem þessi háttv. þm. segist geta fylgt. En vörutollslög eru ekki það, sem maður býr til í einni þingnefnd. Þar sem þau eru til, eru þau stórar bækur, samdar á löngum tíma af fjölda fagmanna, því það skiftir líklega hundruðum þúsunda vörutegunda, sem þar þarf að telja upp, enda hefir sama varan oft mismunandi nöfn, eftir því frá hvaða bæ hún er komin. Það eru ekki nema einstöku forlærðir menn, sem geta skapað slíkan grundvöll.

Það er rjett, sem hv. þm. (ÁÁ) sagði, að verðtollur kemur einstöku sinnum fram sem verndartollur, ekki fyrir innlendan, heldur jafnvel útlendan iðnað. Hann hefir t. d. komið þannig fram á ýmsu, sem lýtur að viðgerðum togara, því að mönnum hefir þótt borga sig að láta gera við togara í Englandi.

Þá benti háttv. þm. á bókbandið. Jeg held, að alt sje háskalaust hvað það snertir, því að jafnvel þótt menn fái eitthvað af útlendum bókum í bandi, munu bókbindarar missa lítils í við það; þeir byggja lítið atvinnu sína á að binda erlendar bækur. En þetta sýnir, eins og hv. þm. sagði, að það er margs að gæta í þessu efni.

Þá hefir verið minst á einstaka teg. í 30%-flokknum og talið ósanngjarnt, að þar væru, svo sem úr og klukkur. En það er ekki svo þægilegt að fara millileiðina, því talsvert af þeirri vöru má hreint og beint telja til skrautgripa, en ekki nærri eingöngu það, sem enskurinn kallar „timekeepers". Þess vegna tel jeg, að talsverður hluti af þessum vörum eigi heima í hæsta tollflokki.

Annars er jeg hissa á, að enginn nefndi það, sem mjer finst mestur vafi á, hvort vera skuli undir 30% tolli, en það eru niðursoðin matvæli, niðursoðið kjöt t. d., sem suma tíma er nauðsynjavara í Reykjavík. En jeg ætla ekki að fara að ræða það. Hv. þm. sagði, að það væri fjöldamargt í 10%- flokknum, sem átt hefði að vera undanþegið. Nefndin byrjaði á að gera undanþáguflokkinn áður en hún gerði þennan 10%-flokk. Þó það væri ekki nema örfátt og smámunir einir, að því er nefndinni fanst, sem undan átti að taka, þá kom það upp á 1½ miljón, en það er um 300 þús. kr. í tolli. En nefndin vildi skoða huga sinn tvisvar áður hún legði það til.

Þá beindi hv. þm. spurningu til fjhn. um það, hvort von væri á frv., sem til hennar var vísað, m. a. um að sameina forstöðumannsstöðurnar fyrir áfengisverslun og landsverslun, og tollhækkun í sambandi við það. Því er til að svara, — reyndar stendur formanni nefndarinnar

nær að svara fyrir nefndina en mjer, — að fjhn. hefir nú í margar vikur verið gert ómögulegt að starfa það, sem hún hefir þurft, af því að þingfundir eru svo langir. Á hinn bóginn getur hún ekki tekið fundartíma fyrir hádegi, af því að það rekst á fundi annara nefnda. Nefndin byrjaði að ræða frv. þetta, og hefði getað afgreitt það tiltölulega fljótt, hefði tími unnist til, en af þessum ástæðum liggur þetta mál og önnur ennþá hjá henni.

Hæstv. fjrh. mintist á það, að hann teldi ekki óaðgengilega brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) um að færa tollinn niður í 15%, ef lögin gengju ekki í gildi fyr en um næstu áramót. En þá er það að athuga, að innflutningsbannið, sem nú er á allmörgum vörutegundum, og sem jeg held að öllum komi saman um að nú muni óhætt að ljetta af, það mundi þá einnig standa jafnlengi. Og sá vöruflokkur, sem nú er ætlast til að stimpla með 30%, er nálega allur þar í. Jeg tel óheppilegt að ljetta innflutningshöftunum aftur af fyr en búið er að ákveða tollinn eins og hann á að vera í framtíðinni. Ef til vill er ástæða til að láta tolllögin ganga í gildi fyr, t. d. þegar í stað, eða um mánaðamótin maí og júní, til þess að geta því fyr komið þessum ráðstöfunum í framkvæmd.

Um brtt. hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) held jeg, að jeg þurfi ekkert að segja. Það er rjett hjá háttv. þm., að það, sem þar er nefnt, tollast mjög tilfinnanlega með þungatolli, þó ekki komi verðtollur að auki.

Þá held jeg, að jeg hafi minst á allar brtt., sem fram hafa komið, og þurfi ekki að lengja mál mitt meira.

Jakob Möller: Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um brtt. mínar, og þá sjerstaklega um aðalbrtt., að lækka verðtollinn niður í 15%, hefi jeg fátt að segja.

Mig furðaði satt að segja, að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) skyldi komast að þeirri niðurstöðu, að hann kynni betur tillögum hv. meiri hl. en mínum, því ummæli hans hnigu öll í þá átt, að tollinn bæri að lækka, a. m. k. að svo miklu leyti, sem um nauðsynjavöru væri að ræða.

Nú eru langflestar vörutegundir, sem verðtollur hvílir á, að undanteknum þeim, sem hv. meiri hl. vill tolla með 30%, tvímælalaust nauðsynjavörur.

Að vísu kunna að finnast einstöku vörutegundir, sem telja mætti miður nauðsynlegar, eins og t. d. spil, sem háttv. þm. (ÞorlJ) hefir nú gert till. um, að færð verði í 30%-flokkinn.

En næst liggur þá að bera fram brtt. í þá átt, að slíkar vörur skuli tollaðar með 30%, eins og hv. þm. (ÞorlJ) hefir gert að því er spilin snertir.

Annars hygg jeg, að ekki sje mörgum slíkum vörutegundum til að dreifa í viðbót við þær, sem þegar eru komnar í 30%-flokkinn, enda mun hv. meiri hl. þykjast hafa gengið svo frá þeim flokki, að þar væru saman komnar allar ónauðsynlegustu vörur, sem til landsins flytjast, þó að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hafi tekist að hafa upp á spilunum fyrir utan flokkinn.

Annars fer mín brtt. í þá átt að lækka tollinn alment, og eftir forsendum háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) að dæma, þá ætti hann að fallast á hana og lýsa velþóknun sinni á því, að hún skyldi fram komin, eins og háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir gert. Jeg skil ekki, að nokkrum hv. þm. geti verið hugleikið að fá 10%-flokk háttv. meiri hl. inn í lögin, eins og nú er frá honum gengið, en hinsvegar er engin frágangssök að samþykkja hann, þó að till. mín um 15%-flokkinn yrði einnig sam-

þykt. En þegar jeg les yfir þennan 10%-flokk, þá finst mjer undarlega farið þeim mönnum, sem ekki getur á sama staðið, hvort hann er til eða ekki, einkum þegar þess er gætt, hvaða vörutegundir eru undir 20%-flokknum eftir sem áður. Tökum t. d. hagldabrauð og tvíbökur. Það er hægt að framleiða nóg af þeim vörutegundum í landinu sjálfu og engin ástæða til að búa til nýjan tollflokk fyrir þær. Annars má geta þess, að ef till. hv. meiri hl. verða samþyktar, þá verður kaffibrauð ýmiskonar tollað samkvæmt 3 flokkum, og geta allir ímyndað sjer, hversu mikilli fyrirhöfn slíkt muni valda við innheimtuna. Er hætt við því, að margskonar ósamræmi verði í framkvæmdinni, þegar greina á hinar ýmsu brauðtegundir í sundur. Hygg jeg, að alt það umstang svari ekki kostnaði.

Þá er hellulitur í 10%-flokknum; vörutegund, sem hætt er að nota að mestu leyti. Ekki skiftir heldur miklu máli, hvort hunang er yfirleitt tollað eða ekki.

Kaffikvarnir eru að vísu nauðsynjavara, en þær endast mjög lengi og því ekki tilfinnanlegt fyrir almenning að greiða 5% meiri toll af þeim. Sama er að segja um kaffikönnur. En hvers vegna eru katlar ekki í 10%-flokknum líka? Þeir eru engu síður nauðsynlegir en könnurnar.

Svona má halda áfram, og altaf ber að sama brunni. Menn má yfirleitt einu gilda, hvort þessar vörur eru tollaðar með 10 eða 15%. A. m. k. er ekki frekari ástæða til að tolla þær með 10% en ýmsar aðrar vörur, sem háttv. meiri hl. hefir gefist upp við að flokka í sundur, af ástæðum, sem hv. frsm. (MJ) hefir greint frá. Hann hefir játað, að í fyrra, þegar tollur þessi kom fyrst til umr., þá hafi menn talið ókleift að flokka tollvörurnar sundur í mismunandi flokka, og það því fremur, að hjer skyldi aðeins um bráðabirgðatoll að ræða. Sama máli gegnir nú, enda viðurkennir háttv. meiri hl. það, þar sem hann lýsir yfir því, að ókleift hafi reynst að flokka vörurnar eftir nauðsyn þeirra, svo að sanngirni væri í.

Hjer er einmitt gefið í skyn, að flokkun hv. meiri hl. sje að meira eða minna leyti fálm, þar sem hún er ekki bygð á því, hversu nauðsynlegar vörutegundirnar eru, heldur á ýmsu öðru, og þá fyrst og fremst á því, hversu auðvelt er að greina vörurnar sundur. En jeg fullyrði, að fleira hefir komið til greina, er háð hefir háttv. meiri hl. í flokkuninni. Þegar hann rak sig á einhvern vöruflokk, sem sanngjarnt var að lækka tollinn á, þá rak hann sig hinsvegar einnig á, að lækkun tollsins myndi skerða tekjur ríkissjóðs of mjög. Þetta atriði hefir ráðið fult eins miklu um, hvernig háttv. meiri hl. fórst flokkunin úr hendi. Tökum t. d. leirvörur. Ef þær væru fluttar í 10%-flokkinn, þá hlyti ríkissjóður að bíða allverulegt tjón við það. Þess vegna hefir hv. meiri hl. ekki haggað við þessari vörutegund, enda þótt full sanngirni kunni að mæla með því að lækka tollinn á henni. Sama má segja um margar aðrar vörutegundir, sem enn eru undir 20% verðtolli.

M. ö. o., þessi flokkun hv. meiri hl. er ekkert annað en málamyndatilraun til að sýnast ætla að vera sanngjarn, en ef gerður er samanburður á 10%- og 20%-flokkunum, þá sjest, að tilraunin er þýðingarlaust fálm.

Hv. frsm. (MJ) sagði, að verulegur munur væri á minni till. og till. háttv. meiri hl. að því leyti, að tekjur ríkis-

sjóðs væru rýrðar svo mjög með brtt. minni. Jeg hefi nú játað, að tolltekjurnar muni lækka eitthvað, ef brtt. mín nær samþykki. En þetta eru ekki mótmæli gegn till., nema að nokkru leyti. Það eru meðmæli með henni í augum alls almennings, sem tollana á að greiða, og jeg þykist vita, að ýmsir hv. þm. muni einnig geta litið á þá hlið málsins.

Annars tók hv. frsm. (MJ) munninn nokkuð fullan, þegar hann sagði, að ríkissjóður misti hundruð þúsunda, ef till. mín yrði samþykt.

Það er hægt að gera sjer nokkurn veginn grein fyrir, hversu ríkissjóður missir mikils. Ef allar verðtollstekjurnar eru áætlaðar 1 milj. kr. með 20% tolli, þá er gefið, að tolllækkun niður í 15% rýrir tolltekjurnar um 250 þús. kr. Það er þá rjett svo, að hægt er að nota orðatiltækið hundruð þúsunda. En hinsvegar skilst mjer, að 10%-flokkur hv. meiri hl. rýri einnig tekjurnar nokkuð, og kemur þar strax skarð í hundruð þúsundanna. Nú er þess að gæta, að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er verðtollurinn áætlaður 800 þús. kr., og jeg staðhæfi, að sú áætlun muni standast, þó að till. mín verði samþykt. Byggi jeg þá staðhæfingu á því fyrst og fremst, að síðastl. ár nam verðtollurinn á 9. hundr. þús. kr., og var þó ekki í gildi nema 3 ársfjórðunga, og í öðru lagi á þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið hjá skrifstofu lögreglustjórans í Reykjavík, að 3 fyrstu mánuði þessa árs nam innheimtur verðtollur þar helmingi meiru en 3 fyrstu mánuðina, sem hann var í gildi síðastl. ár. Hjer við bætist, að nú er stofnað til 30% tolls af þó nokkrum vörutegundum, sem annaðhvort var lítið flutt inn af síðastl. ár eða þá aðeins tollaðar með 20%.

Jeg þarf ekki að deila við háttv. frsm. (MJ) um, að ósamræmi sje í mínum till., vegna þess, að jeg skuli ekki leggja til, að 20%-flokkurinn sje feldur niður. Jeg hefi áður sagt, að jeg efist um, hversu mikill búhnykkur sá tollflokkur verði, en hinsvegar veit jeg, að ekki er til neins að gera till. um að afnema hann. En það er auðsætt, að ef það er galli að sundurliða verðtollinn í marga flokka, þá er gallinn því meiri, sem flokkarnir eru fleiri, og því full ástæða að sporna við, að þeir verði 3 eða 4. Og fyrir mjer vakir aðallega, þegar jeg vil ekki hafa nema í hæsta lagi 2 tollflokka, að yfirleitt eru allar verðtollsskyldar vörur, sem hv. meiri hl. hefir ekki tekið í 30%-flokkinn, nokkurn veginn jafnnauðsynlegar, og því hæpin sanngirni að taka nokkrar þeirra út úr og tolla þær með 10%, en láta 20% tollinn haldast á öðrum.

Háttv. frsm. (MJ) hefir játað, að hagkvæmast muni verða að láta verðtollinn hverfa úr sögunni á þann hátt, sem bent er til í till. minni, sem sje, að hann fari lækkandi frá ári til árs, uns hann er kominn veg allrar veraldar. Það er og auðsætt, að ef hann verður látinn falla úr gildi alt í einu, þá mun það valda töluverðum örðugleikum og vafalaust miklu fjárhagslegu tjóni þeim, sem við verslun fást. Mun því vinsælla, að hann hverfi smámsaman.

En þá er spurningin aðeins sú, hvenær á að byrja að lækka tollinn. Í nefndinni lýsti jeg yfir því, að fyrir mjer væri ekkert aðalatriði, hvort það yrði 1. júlí eða 1. janúar næstkomandi. Þetta er í mínum augum samkomulagsatriði, sem málið ætti ekki að þurfa að stranda á.

En ef till. mín verður feld nú, þá mun jeg við 3. umr. koma með brtt. í þá átt, að þessi breyting komist á frá næstu áramótum. Hinsvegar er vel fært að sam-

þykkja brtt. mína eins og hún liggur nú fyrir, sem sje að tolllækkunin gangi í gildi 1. júlí næstk., vegna þess fyrst og fremst, hversu miklar líkur eru fyrir því, að verðtollurinn fari að öðrum kosti stórkostlega mikið fram úr áætlun. Að öðru leyti voru undirtektir hæstv. fjrh. (JÞ) eins og jeg bjóst við af honum. Jeg gerði ráð fyrir, að einmitt hann myndi telja þetta líklega leið í þessu máli, að láta tollinn lækka jafnt ár frá ári. Eftir því sem hann ljet ummælt við 1. umr., gat honum ekki verið það fjarri skapi, að sú aðferð yrði upp tekin. Hitt er sem sagt álitamál, hvenær eigi að byrja á þessu, og getur sjálfsagt náðst samkomulag um það.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að sakir þess, hvernig fjárreiðurnar væru nú, bæri nauðsyn til, að sjeð væri um, að tekjurnar af verðtollinum yrðu ekki minni árið 1926 en þær eru nú. Geri jeg ráð fyrir, að hann hafi haft í huga, hvað þær urðu seinasta ár, því að auðvitað er óvíst, hverjar þær verða í ár, því að það er alt í óvissu. En jeg er ekkert hræddur um, að þótt aðalbrtt. mín verði samþykt, þá verði tekjurnar samt neitt minni. Þess ber og að gæta, að við það að framkvæmdin verður einfaldari og tollurinn lækkar, þá kemur hann betur út. Hann verður ekki eins óvinsæll og áður og enginn vafi á, að framkvæmdin verður öll ljettari. En hinsvegar, ef lögin verða óbreytt og tollurinn aðeins sumpart hækkaður og sumpart lækkaður, eins og farið er fram á í tillögum háttv. meiri hluta, þá verður tollurinn aðeins enn óvinsælli og alt eftirlit enn erfiðara. Kemur tollurinn því með því móti miklu ver út en yrði eftir mínum brtt.

Þá vil jeg aðeins víkja nokkrum orðum að hv. þm. Borgf. (PO). Hann talaði um verndartollinn frá 1923 og las upp ummæli frsm. fjhn. um frv. það, er þá lá fyrir, og sagði, að í þeim orðum fælist afstaða allrar nefndarinnar. En jeg vil geta þess, að eins og hv. þm. getur sannfærst um við nánari athugun, þá hafði jeg sjerstöðu í málinu, þótt frsm. tæki svo til orða. Ef hv. þm. (PO) les þessar umræður áfram, þá sjer hann skýrlega, að jeg hafði sjerstaka afstöðu og talaði á móti málinu, en jeg var einn um þetta, svo ekki var talað um nema einn frsm. nefndarinnar. Jeg hafði algera sjerstöðu. Eins og því hv. þm. (PO) er samkvæmur í afstöðu sinni til þessa máls fyr og nú, svo er jeg og það og mun verða. Hann telur það hyggilegt ráð að leggja á verndartolla, þótt örðugt sje í framkvæmd. Jeg tel það óviturlegt, en það mun vera með þetta sem annað, að menn á gagnstæðri skoðun eiga erfitt með að sannfæra hverjir aðra.

Eitt af því, sem háttv. þm. (PO) talaði um, var það, að verndartollar trygðu vörugæðin. Þetta tel jeg mjög hæpna staðhæfing. Það er einmitt ein af aðalástæðum þeirra, sem eru mótfallnir verndartollum, að þeir telja, að slíkir tollar dragi úr áhuga manna á því að vanda vörur sínar. Þetta liggur nokkurn veginn í augum uppi fyrir þeim, sem vilja sjá það. Ef verndartollar eru háir á einhverri vöru, geta menn selt sömu vöruna, ef innlend er, þótt lakari sje, nokkuð lægra verði en hægt er að fá betri vöru frá útlöndum fyrir, og almenningur leiðist oft þannig til slæmra kaupa. Annars hefir verið svo ítarlega rætt um þetta, að jeg tel óþarft að bæta við það mörgum orðum. Aðalástæðan á móti verndartollum er sú, að með þeim eru tekjur ríkisins aðallega teknar af þeim, sem minst mega við tollum, þeim, sem horfa verða í hvern skild-

inginn. Og ef styrkja á innlend þarfafyrirtæki, þá er sjálfsagt að gera það með beinum fjárframlögum af almennu fje, sem tekið er af mönnum eftir efnum og ástæðum með almennum sköttum. Hitt er sýnilega ranglátara, að gera það með því að tolla neysluvörur og láta byrðarnar lenda að mestu á fátæklingunum.

Útkoman fyrir fyrirtækin er sú sama. Spurningin er aðeins sú, hvernig á að taka styrktarfjeð af landsmönnum. Jeg held óhikað fram, að slíkt eigi að gera eins og gerst hefir um nauðsynlegar framkvæmdir ríkisins, að fjeð sje fengið með almennum sköttum.

Ásgeir Ásgeirsson: Háttv. frsm. (MJ) ljet svo ummælt, að jeg hefði alveg eins getað sagt, að jeg væri á móti frv. eins og að óska eftir, að frv. væri breytt þannig, að skift væri sundur nauðsynjavörum og óþarfa. Háttv. nefnd hefir þó verið að baxa við að fara eftir þessum óskum mínum, þótt hún hafi komist helst að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri mjög mikið vandaverk. En ef hún hefði talið það alveg ókleift, þá hefði hún eins getað leitt alveg hjá sjer að gera nokkrar flokkunartilraunir. 10%-flokkurinn er því aðeins lítil afsökun vondrar samvisku. Það er rjett hjá hv. frsm. (MJ), að þessi flokkun er mikið verk, ef það á að vera vel unnið, og til þess þyrfti ágæt og ítarleg vörutollslög. En hvort sem það nú verður stefna framtíðarinnar að hafa vörutolla eða verðtolla, þá er víst, að hjer er nauðsynjaverk, sem verður að vinna. Og mig undrar það, að sá undirbúningur tollalaganna skuli ekki hafa verið gerður, að gera greinarmun á þeim vörutegundum, sem þola mikla tolla, og hinum, sem mega aðeins við litlum tollum. Frá fyrstu hefir sú skoðun ríkt í tollmálum hjer á landi, að aðeins bæri að tolla þær vörur, sem menn gætu komist af án, þ. e. óþarfann. Og þar sem þetta hefir verið eitt aðalatriði tollalöggjafarinnar hjer á landi, er kynlegt, að ekki skuli vera búið að vinna að þessari flokkaskifting. Hv. frsm. (MJ) kvartaði einmitt yfir, að verkið væri óunnið, en það hefði auðvitað farið best á því, að það hefði nú verið af hendi leyst við undirbúning verðtollslaganna. Að vísu þarf til þess sjerþekking, en hæstv. stjórn hefir einmitt sjerfræðinga við að styðjast, t. d. lögreglustjórana, sem daglega fást við þessi mál, og fleiri. Jeg skal ekki áfella neinn þunglega fyrir það, að hann hefir ekki unnið að þessu, en aðeins leggja áherslu á, að í mínum augum væri það mjög þarft verk, ef hæstv. stjórn ljeti framkvæma þessa flokkaskifting áður en hún leggur þessi lög næst fyrir þingið.

Hv. frsm. (MJ) sagði, að nefndin hefði einmitt byrjað á því að taka töluvert af nauðsynjavörum undan 20% tollinum. En áður en hún vissi af, var kominn 300 þús kr. tekjurýrnun fyrir landssjóðinn. Jeg vil nú segja, að hv. nefnd hefði átt að halda áfram á þessari braut sinni og ekki að skelfast svo mjög tekjurýrnunina. En ef hún endilega vildi ráða bót á hallanum, sem af hlytist, hefði hún átt að reyna að leita í fórum sínum eftir því að bæta hann upp með öðrum ráðum en að fella skiftinguna niður. Nú vill svo til, að frv. okkar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um hækkun á áfengistollinum liggur fyrir nefndinni, og þótt það kynni ekki að jafna allan hallann, myndi það þó vega drjúgt á móti honum, ef það yrði samþykt. Ef hv. nefnd hefði tekið það frv. í sambandi við þetta verðtollsfrv., hefði hún ekki þurft að tefja það svo, að nú er allsendis óvíst, að það komist fram. Því fremur hefði hún líka átt að taka það í þessu

sambandi, þar sem hv. nefnd fer fram á, að tollurinn hækki upp í 30% á því, sem hún telur óhófsvöru. Hví ekki að taka mestu óhófsvöruna, áfengið, og hækka að sama skapi tollinn á því?

Jeg er hræddur um, að helsti mikil óheill hafi af því leitt, hve nefndin varð skelkuð, er hún sá, hvílík tekjurýrnun leiddi af sanngjarnri breyting verðtollslaganna.

Verðtollurinn er, eftir yfirlýsing háttv. frsm. (MJ) sjálfs, alveg rjettlaus nú. Hann gat um það í fyrstu ræðu sinni, eins og rjett er, að tilgangurinn með tollinum upphaflega var sá, að jafna tekjuhalla. En nú er sú ástæða ekki lengur fyrir hendi, og því er tollurinn orðinn algerlega rjettlaus. Reynsla síðasta árs var sú, að tekjuafgangur varð, og eins verður að líkindum í ár. Eitt hið fyrsta verk þessa þings hefði því átt að vera það að ljetta þessum tolli af öllum nauðsynjavörum, og það einmitt af sömu rökum og honum var komið á. Þetta átti aldrei að verða skattur til þess að mynda tekjuafgang, eins og hann gerði í fyrra og gerir í ár. Hvort því fje verður varið til afborgunar lausra skulda eða annara þarfra fyrirtækja, kemur ekki málinu við. Tollurinn var ekki settur í því augnamiði. Ef menn hefðu sjeð fyrir afkomu síðasta árs á þinginu í fyrra, hefði engum manni dottið í hug að fara fram á að leggja á þennan toll. En það var hægt að rjettlæta hann af því, að þá var neyðarástand og svart framundan. Þannig var hann aðeins neyðarúrræði. En þess ber vel að gæta, að það, sem getur verið rjettlátt í þessum sökum á hörðum árum, verður oft ranglátt í góðærinu. Svo er um þennan toll, og er það auðskilið, þótt sumir vilji enn ekki við það kannast.

Þessi verndartollur er illþolandi nú og verður enn verri á næsta ári, og það vegur lítið á móti ranglæti hans að sjá þá, sem telja sig unnandi frjálsri verslun, standa fastast með honum, enda þótt þeir ættu að vita, að hann er hin mesta hindrun öllum frjálsum viðskiftum. Því jeg veit ekki betur en að þar, sem stjórnmálalífið er betur þroskað en hjer, þá sje litið svo á af meðhaldsmönnum frjálsrar verslunar, að engin einkasala eigi að vera nje neinir verndartollar. En það er að heyra á hv. þm. Borgf. (PO), eins og þessi tollur nái ekki til frjálsra viðskifta. Ef honum væri ljóst, hvað hugmyndin frjáls viðskifti þýðir, myndi hann vita, að hún felur í sjer, að menn vilja, að sem flestar vörutegundir sjeu lausar við verndartolla og einkasölu, eða að aðeins sje lagður hátollur á einstaka vörutegundir og einkasala leyfð á örfáum vörum, til þess að afla ríkissjóðnum sem mestra tekna.

Klemens Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál, og þá vitanlega að mestu leyti frá almennu sjónarmiði. Því hafði jeg hugsað mjer að geyma mjer að tala til 3. umr. En ýms ummæli, sem komið hafa fram í dag, og þá einkum í garð nefndarinnar, hafa gert það að verkum, að jeg tel rjett að standa upp nú þegar, svo að mönnum skiljist, hvers vegna jeg fylgi þessu máli.

Frv. stendur, eins og það kemur frá nefndinni, í nánu sambandi við það, að nefndin ætlast til, að innflutningshöftin verði alveg afnumin. Þótt Framsóknarflokkurinn hafi ekki átt beinlínis upptökin að haftapólitíkinni, heldur hæstv. núverandi atvrh. (MG), þá hefir hann (flokkurinn) samt haldið henni uppi að mestu á þrem síðustu þingum. Því er ástæða fyrir mig til þess að gera grein

fyrir, hvers vegna jeg er nú horfinn frá henni. Jeg skal þá fyrst byrja með þeirri yfirlýsingu, að jeg hefi aldrei persónulega verið hrifinn af þeirri leið að banna innflutning á vörum. Jeg álít ekki, að Alþingi eigi, að raunalausu, að gerast fjárhaldsmaður landsmanna. Þeir eiga yfirleitt að ráða því alveg sjálfir, hvernig þeir verja fje sínu, hvort þeir kaupa fyrir það nauðsynlegar eða ónauðsynlegar vörur, hver eftir sinni getu. Þess vegna fylgdi jeg, meðan jeg var ráðherra, haftafyrirmælunum linlega fram, þegar mjer virtist vera að glaðna til hjer í landi, til dæmis haustið 1922. En þegar það reyndist aðeins augnablikssólskin, þá var aftur hert á. Hins vegar var það ekki óeðlilegt, þó að hindraður væri innflutningur á óþarfavörum, þegar svo var komið, að bankarnir hættu að geta yfirflutt fje fyrir menn til útlanda, af því að skuldirnar við útlönd voru þá orðnar svo miklar, að bankarnir gátu ekki rönd við reist, og menn jafnvel farnir að fara í kringum bankana með gjaldeyrinn. Þá hlutu nauðsynjavörurnar að sitja í fyrirrúmi. Og það var þessi ástæða aðallega, eða jafnvel eingöngu, sem rjeði afstöðu minni til þessa máls. Báðir bankarnir hjeldu því eindregið fram mína ráðherratíð, sem náði yfir 2 ár, að það væri eitt af aðalráðunum til þess að koma jafnvægi á innflutning og útflutning, að hindra aðflutning á óþarfavarningi. Og þetta var ekki gert að raunalausu. Það sjest af nýútkomnum verslunarskýrslum fyrir 1920, að innflutningur varanna var þá yfir 20 milj. kr. hærri en útflutningurinn. Hvernig átti slíkt góðri lukku að stýra? Og er bönkunum var þetta ljóst, var það þá ekki skylda þeirra að reyna að afstýra því, að skuldirnar ykjust? Hverjum stóð það nær og hverjum átti að vera það ljósara en þeim, hvað átti að gera? Jeg álcit því, og álít enn, að engum ætti að vera þetta ljósara en bankastjórunum, og að það væri því blátt áfram skylda Alþingis, og þó einkum ríkisstjórnarinnar, að fylgja bönkunum í þessu efni. Jeg þarf ekki að orðlengja um þetta. Get látið mjer nægja að vísa til fyrri ummæla um þetta, einkum á þinginu 1922. Þar sjest af brjefum beggja bankanna, að þeir mæla eindregið með innflutningshöftum.

Nú hefir aðstaðan mikið breyst, svo mikið, að jeg hygg óþarft að halda höftunum áfram. Það var á þessum miklu krepputímum talið aðalráðið að framleiða og spara. Hvort menn hafi nú sparað eins mikið við sig eins og æskilegt hefði verið og þeir hefðu vissulega getað, skal jeg láta ósagt, en jeg efast um það. En hitt er víst, að við höfum aukið framleiðsluna mjög, og öll líkindi eru til, að svo haldi áfram, þó það reyndar sje alveg óvíst, að útkoman verði eins glæsileg þetta ár og síðasta ár. Það er alt undir markaðinum komið. En þó jeg telji það vafasamt, já, meira en það, að útflutningsverðið verði á næstu árum jafnmikið og það var síðastliðið ár, þá verð jeg þó að ætla, að það verði svo mikið, að það, samanborið við þá upphæð, sem græðist við innflutningshöftin, jafnvel þó þeim væri fylgt til hins ítrasta, sem aldrei mun hafa verið gert, geri það vel forsvaranlegt að afnema þau nú um stundarsakir. Það er nefnilega alls ekki meining mín nje annara að afnema lögin frá 8. mars 1920; svo stjórninni er altaf í lófa lagið að innleiða höftin á ný, ef henni þykir nauðsyn til bera. Jeg hefi altaf haldið því fram, að haftalögunum verði að framfylgja gætilega. Þau eru nefnilega tvíeggjað sverð. Það verður að

meta og vega nauðsyn haftanna annarsvegar og hag ríkissjóðs hinsvegar. Það er að segja þann tekjumissi, sem ríkissjóður kann að verða fyrir vegna þeirra, og hvort hann er fær um að þola hann. Við það, sem jeg nú hefi sagt, bætist það, að bankarnir, sem árin 1922 og 1923 hjeldu ákveðið fram innflutningshöftum, hafa ekki nú, svo mjer sje kunnugt, látið neina ósk í ljós um það, að þeim verði haldið áfram. Að minsta kosti hefir ekkert slíkt borist til nefndarinnar. Þó leikur mjer grunur á, að einn bankastjórinn við annan bankann sje enn á sömu skoðun um þetta mál sem fyr. En bankarnir hafa ekkert opinberlega látið í ljós um þetta. Og á það verð jeg, samkvæmt áður sögðu, að leggja mjög mikla áherslu.

Af öllum framantöldum ástæðum hefi jeg talið það rjett að afnema nú, a. m. k. fyrst um sinn, innflutningshöftin. En jeg verð að taka það fram um leið, að jeg held hjer fram minni einkaskoðun. Framsóknarflokkurinn hefir ekki á flokksfundum sínum tekið neina fasta afstöðu til þessa atriðis. Jeg tala því ekki fyrir hans munn, enda er jeg ekki formaður flokksins. Mínir flokksbræður hafa því alveg óbundnar hendur að því er afstöðu þeirra snertir til þessa máls, og það er því vel mögulegt, að einhverjir þeirra sjeu mjer ósammála um þetta atriði, eða að minsta kosti byggi afstöðu sína á öðrum forsendum, þótt þeir sjeu mjer sammála um niðurstöðuna.

Þegar jeg tók við ráðherraembætti fyrir 3 árum, átti jeg marga góða vini úr kaupmannastjettinni, bæði hjer í Reykjavík og úti um land. Jeg átti tal við þá um þetta mál, einkum árið 1922. Sumir þeirra höfðu góðan skilning á því og viðurkendu, að innflutningur á óþörfum varningi færi fram úr hófi og nauðsynlegt væri að hefta innflutning þjóðarheildarinnar vegna, en margir, og þeir voru fleiri en hinir, töldu þetta beina árás á sig og frjálsa verslun yfirleitt. Það var viðkvæðið hjá þeim, að ekki ætti að banna innflutning, heldur leggja háan toll á óþarfar vörutegundir. Þeir sögðu: Leggið svo háan toll á þessar vörur, að það verki eins og innflutningsbann. Leggið á 50%, en hafið frjálsa verslun. Nú, þegar við hverfum að þessu ráði, sleppum höftunum, en leggjum á hæst 30% verðtoll, koma þeir sömu menn og segja: Þetta er alt of hátt gjald; það verkar eins og bann. Hvaða samkvæmni er í þessu? Ein af röksemdum þeirra var sú, að þetta hefði í för með sjer aukna smyglun. En hefir ekki það sama verið sagt undanfarið, meðan bannið var? Jú, það hefir altaf verið viðkvæðið þetta síðasta ár. Samt hefi jeg ekki orðið var við, ekki sjeð þess getið í blöðunum, að neinn hafi verið staðinn að eða dæmdur fyrir smyglun á þessum óþarfavarningi. Ef einhverjir hafa verið dæmdir fyrir smyglun, hefir verið um vínföng eða tóbak að ræða. Menn skulu taka eftir, hvort það verður nokkuð betra með tóbakið, þegar það er orðið frjálst.

Þá hefi jeg nú lokið mínum almennu aths. um málið. Um einstaka atriði frv. get jeg látið mjer nægja að vísa til framsöguræðunnar yfirleitt, en vil taka þetta fram. Jeg vona, að háttv. þdm., og þar á meðal hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem síðast talaði, geti skilið, hvernig á flokkuninni stendur. Um leið og við viljum afnema bannið, viljum við ekki gera það alveg laust.

Nefndin telur nauðsynlegt að halda 20% gjaldinu, eins og áður hefir verið, en áleit rjett að lækka á ýmsum vörutegundum,

sem nauðsynlegar eru til framleiðslu. Hvort nefndin hefir verið heppin í valinu með þær vörur, getur auðvitað orðið álitamál, og jeg er sannfærður um það, að ef allir hv. þdm. væru aðspurðir, hvort þeir væru ánægðir með flokkunina, þá mundu allir hafa eitthvað við hana að athuga. Það væri og kannske rjettara að hafa ekki eins margar vörutegundir undir þeim flokki, sem tollast með 10%, og jeg er fús á að greiða atkv. með brtt., og sama ímynda jeg mjer, að fleiri nefndarmenn geti sagt, því að það er ekki fastmælum bundið að halda fast við hverja einstaka till. Nefndin hefir aðeins komið sjer saman um þetta „princip".

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) lýsti í dag eftir frv., sem vísað var til fjhn. snemma á þinginu. Jeg skal játa, að það er rjett, að nefndin hefir ekki skilað áliti sínu um það enn, en hún hefir oft tekið það til athugunar. Það var ráðgert að fá landlækni á síðasta fund nefndarinnar, til þess að heyra álit hans, en hann gat ekki komið. Nefndin ætlaði að halda fund um þetta mál í gær, en hvarf frá því aftur, vegna þess að nauðsynlegt gamalt mál var til umr. hjer. Jeg get lofað hv. þm. (Á-Á) því fyrir hönd nefndarinnar, að á fyrsta fundi, sem hún heldur, skal þetta mál tekið til umræðu. Það hefir dregist eingöngu vegna þess, að nefndin hefir ekki haft tíma til að ræða það.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg skal lítið lengja umræðurnar.

Jeg hefi ekki reiknað út, hve miklu sá innflutningur nemur, sem fellur undir 10% toll. Mig minnir þó, að það sje um 1 miljón króna, en það er þó ekki víst. Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að flokkaskiftingin væri óheppileg, ef hún yrði innleidd, og oft óframkvæmanleg nema með úrskurði í hvert sinn. Hann sagði og, að allar þær vörur, sem ekki ætti að tolla með 30%, væru jafnnauðsynlegar, en það má nú lengi deila um það, hvaða vara er nauðsynleg. Nefndin fór yfir lista um verðtollsvörur og dró út úr í 10%-flokkinn þær vörur, er hún taldi nauðsynlegastar. Ef aðrir menn hefðu verið í nefndinni, getur verið, að flokkunin hefði orðið dálítið öðruvísi, en það hefði þó varla munað miklu. Það er alveg rjett, að það væri óhætt að láta tollinn lækka niður í 15%, og mundu tolltekjurnar svara til þess, sem þær voru í fjárlögum 1925. En hitt er rjett, að það munar hundruðum þús. kr., hvort till. er samþykt. Það munu vera um 250—300 þús. kr., sem tolltekjurnar lækka eftir till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM), en samkv. till. nefndarinnar lækkar tollur ekki nema af sem svarar 1 milj. kr. innflutningi, og eru það 100 þús. kr. Jeg gæti nú hugsað mjer, að það munaði þó um 150—200 þús. krónur.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sakaði nefndina um það, að hún skyldi ekki hafa tekið til meðferðar samhliða þessu frv. frumvarp hans og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um að leggja toll á meðalaáfengi. Það var vegna þess, að í frv. var farið fram á meira en þetta. Það var farið fram á það að sameina forstöðu áfengisverslunar og landsverslunar. Nefndarmönnum kom saman um, að það væri ekki eðlilegt að taka ákvörðun um það fyr en sýnt væri, hvernig færi um tóbakseinkasöluna, enda hefir hún ekki haft tíma til að athuga frv. nógu rækilega. Vitaskuld á áfengi ekki að vera nauðsynjavara *(ÁÁ:* Spánarvín), en meðalaáfengi er þó nauðsynjavara. Já, það er talað um Spánarvín í sambandi við þetta, en það nær auðvitað ekki neinni átt. Jeg hugsa, að slík vín fari ekki í

gegnum lyfjabúð. Og það er óhætt að segja, að þar má hækka toll. En nú eru og ýmsir, sem segja, að talsvert af spíritus fari ekki í meðul, heldur sje notað sem nautnameðal með óleyfilegu móti. Væri spíritusinn eingöngu notaður til meðala, þá er ekki hægt að segja, að hann sje ónauðsynleg vara. Þess vegna vill nefndin ekkert ákveða um þetta fyr en hún hefir haft tal af landlækni.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) er alt í einu orðinn fríverslunarmaður og getur ekki þolað slík höft sem innflutningstollar eru. Jeg veit ekki, hvaða lönd það eru, sem hafa fríverslun, að þau þoli ekki innflutningstolla. Þó veit jeg ekki betur en að þessi sami hv. þm. (ÁÁ) vilji leggja háa tolla á tóbak og vín.

Jakob Möller: Jeg þarf ekki að deila við háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) um það, hvað 10% tollurinn hefir mikla tekjurýrnun í för með sjer.

Um till. hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) um leirvörur er það að segja, að jeg hygg, að erfitt muni að greina vandlega á milli þeirra og postulíns, og er heldur engin ástæða til annars en að láta hið sama yfir báðar þessar vörutegundir ganga. Postulín er ekki fremur „luxus"-vara en leirvörur, heldur er það álitamál, hvort er „praktiskara".

Það eru aðeins sárfáar vörutegundir, sem taldar eru í 10%-flokknum, er nokkuð sjerstakt mæli með, að fremur sjeu tollaðar með 10% heldur en 15%.

Aðallega stóð jeg upp til að gera nánari grein fyrir því, hvernig verðtollurinn mundi koma út nú í samanburði við tolltekjurnar í fyrra. Þær urðu í aprílmánuði í fyrra 150 þús. kr., en nú 220 þús. kr. Af þessu má sjá, að það má vafalaust hækka tollinn, og þó líkur til þess, að hann fari fram úr áætlun.

ATKVGR.

Brtt. 369,2 feld með 18:6 atkv.
— 369,1 og 3 þar með fallnar.
— 368,1 samþ. með 14:2 atkv.
— 369,4 (aðaltill.) feld með 18:5 atkv.
— 369,4 (varatill.) feld með 13:11 atkv.
— 382,1 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÁF, BSt, HK, IngB, JAJ, JS, ÞorlJ.

nei: JÞ, KlJ, MJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JBald, JK.

Tveir þm. (BJ, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 382,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 305,1 feld með 14:6 atkv.
— 304,1.I (ný grein, verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
— 369,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 369,6 tekin aftur.
— 368,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 382,3 feld með 16:4 atkv.
— 304,1.II (ný grein, verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
— 304,1.III (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 304,2 (ný frvgr., verður 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 304,3, við fyrirsögn frv., samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 404, 409, 411, 412, 414, 415, 417, 418).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 414, 415, 417 og 418. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jakob Möller: Jeg á hjer brtt. nokkrar á tveim þskj., 409 og 412, og þarf að fara um þær örfáum orðum. Aðalbrtt., sem jeg ráðgerði við 2. umr. að koma með, er á þskj. 412, á þá leið að ákveða þegar, að þessi verðtollur lækki frá næstu áramótum, 30% í 20%, 20% í 15% og 10% í 5%. Jeg hefi ekki breytt skoðun um það, að þessi margskifting tollsins sje í raun og veru óhentug og ólíkleg til þess að ná tilgangi sínum eða gera nokkurt verulegt gagn; en jeg hefi ekki sjeð til neins að fara að koma með brtt. í þá átt að fella hana niður. En samkv. því, sem jeg sagði við 2. umr., þá held jeg fram, að rjettara sje að byrja þegar á því að lækka þennan toll, og láta hann falla niður smám saman. Jeg hygg, að það geti orðið samkomulag um þetta, að í stað þess, að brtt. við 2. umr. fór fram á að lækka tollinn strax, komi lækkunin ekki í gildi fyr en 1. jan. 1926. Þessi brtt. er víðtækari að því leyti, að einnig 30% tollurinn skal lækka; en það verður að teljast heppilegra að gera ekki alt of mikið bil á milli hæsta tollsins og þess næsta, enda er sannleikurinn sá, að 20% tollur á þessar vörur er þegar ærinn tollur, þó það sje litið á þær allar sem óhófsvörur. En hinsvegar eru þær vörur mismunandi hvað það snertir, og jafnvel hafa komið áskoranir um að fella niður sumar þeirra, eins og brtt. fara fram á.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja mjög um þetta. Hv. þdm. hafa víst gert sjer ljóst, hvað hjer er um að ræða. Jeg sje, að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir komið með brtt. við þessar till., um að setja í staðinn fyrir „1. jan.“ 1. apríl. Mjer finst þetta eiginlega ekki til bóta, það þýðir í raun og veru sama sem að skjóta þessu máli á frest til næsta þings; meiningin getur ekki verið nein önnur. Þá er í sjálfu sjer alveg þýðingarlaust að vera að fást við þetta nú. Ef meiningin er, að næsta þing taki endanlega ákvörðun, þá má láta vera að samþykkja nokkuð á þessu þingi; það væri þá aðeins til að sýnast fyrir kjósendum. Nei, þessi tollur á að hverfa smátt og smátt. Og jafnvel þótt það sje ekki sagt, að hægt verði á næstu 3 eða 4 árum að losna við hann með slíkri lækkun á hverju ári, þá er rjett að slá því þegar föstu, að hann eigi að falla þannig úr gildi. Hinsvegar, ef fjárhagsástandið verður svo slæmt í ársbyrjun 1926, að ekki þætti fært að fara svo geyst í að afnema tollinn, þá gæti komið til mála, hvort ætti að halda áfram og lækka tollinn frekar í ársbyrjun 1927; finst mjer það ætti að geta orðið að samkomulagi í þessu máli. En það fer í raun og veru betur á því, að slík lækkun gangi í gildi einmitt um áramót, og er það af ýmsum ástæðum, ekki síst hvað snertir ráðstafanir manna á vörukaupum. Eins og menn vita, þá byrjar vöruinnflutningur mjög mikið þegar í mars, og það mundi hafa þær afleiðingar, að menn mundu fresta kaupum þangað til eftir 1. apríl, og verða af því ýms vandkvæði. Aftur á móti er 1. jan. heppilegur, því að breyting á þeim tíma getur vart haft nokkur áhrif á haust- og jólainnkaup kaupmanna.

Um aðrar brtt. mínar get jeg verið mjög fáorður; sem sagt fara þær einungis fram á að flytja vörur milli flokka, eða

fella undan tolli. Fyrsta till. er að fella undan 30% tolli lifandi jurtir og blóm. Þetta kann að þykja undarlegt, vegna þess að sumir líta svo á, að hjer sje um hinn mesta „luxus“ að ræða. Í raun og veru er þessi vara ákaflega lítilfjörleg tollvara, því innflutningur mun ekki nema meira en kannske 2—3 þús. kr. á ári; svo tollurinn skiftir ekki nokkru máli fyrir ríkissjóð. En hinsvegar er það, að lifandi blóm eru ákaflega mikil híbýlaprýði og smekkbætir; það er blátt áfram hjer að ræða um „kultur“-mál. Menn flytja inn lifandi jurtir og blóm til þess að rækta fyrir sjálfa sig, en síður til sölu; sje jeg ekki ástæðu til að leggja á slíkt toll, þar sem það er heldur ekkert fjárhagsatriði fyrir ríkið.

Í öðru lagi hefi jeg lagt til að fella úr 30% tolli og bæta við í undanþáguflokkinn úrum og klukkum. Vitanlega eru þetta tvær till. Og ef mönnum sýnist, geta menn látið við það sitja að fella þessar vörur úr 30% fl., og lenda þær þá að sjálfsögðu í 20% flokki. Allir vita, að þetta eru nauðsynjavörur, þó mismunandi hóf eigi sjer stað um kaup þeirra.

Þá er önnur brtt., að blaðgull til gyllingar falli undan tolli. Það er í samræmi við það, að efni til bókbands var samþykt að undanþiggja við 2. umr.

Þá legg jeg til að undanfella þessi sömu hljóðfæri, sem jeg lagði til við 2. umr., en nokkuð á annan hátt; ekki flygel og orgel alment, heldur flygel, sem nota á í opinberum samkomusölum. Jeg get sagt það hv. deild, að svo er ástatt hjer í Reykjavík, að það er eiginlega ekkert slíkt hljóðfæri til til opinberra söngiðkana. Fyrir skemstu var flutt hingað slíkt hljóðfæri af útlendum listamanni, sem ætlaði að nota það við söngsamkomur hjer. Nú liggur fyrir, að það verði flutt út aftur, vegna þess að enginn sjer sjer fært að kaupa það, vegna verðtollsins. En það er mikil nauðsyn á slíku hljóðfæri til þess að halda uppi þesskonar söngiðkunum. Hinsvegar verður líklega ekki nema um 2—3 hljóðfæri að ræða að flytja inn.

Þá eru kirkjuorgel. Hjer er í ráði að kaupa dýrt orgel í kirkju, og jeg skal taka það fram, að þessi till. miðar eingöngu að því að losa það undan tolli, en vitaskuld leiðir það af sjálfu sjer, að ef kirkjuorgel verða keypt annarsstaðar á landinu, þá nær þessi undanþága til þeirra.

Í þriðja lagi koma harmonía, fiðlur og piano alment. Jeg hefi sundurliðað þessi hljóðfæri í brtt. í því skyni, að hvert þeirra væri borið upp fyrir sig.

Jeg skal geta þess, að af öllum þessum hljóðfærum skifta piano mestu máli, vegna hljómlistarnáms, og er því mest um vert, að greitt sje fyrir innflutningi þeirra. Hinsvegar eru þau dýrari en harmonía, og því ekki eins alment notuð.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. flytur eina litla brtt., sem fer í þá átt að fella ávaxtamauk undan 30% tolli, og kemur það þá að sjálfsögðu undir meginverðtollsflokkinn, ef till. nær samþykki, og verður tollað með 20%.

Þessi till. er flutt samkv. tilmælum Bakarameistarafjelags Reykjavíkur. Fulltrúar frá því fjelagi hafa komið á fund nefndarinnar og tjáð henni, að brauðgerðarhúsin hjer í bænum hafi yfirleitt átt erfitt uppdráttar undanfarið, en hinsvegar er öllum almenningi mjög viðkvæmt mál, að brauðverð hækki ekki. En brauðgerðarhúsin geta að miklu leyti fleytt sjer yfir erfiðustu tímana með því að selja hinar dýrari kökutegundir, og er ávaxtamauk einmitt mikið notað við til-

búning þeirra. Sýnist því varla sanngjarnt að tolla þessa vörutegund í hæsta tollflokki, þar sem hjer er í rauninni um iðnaðarvöru að ræða. Bakarameistarafjelagið fór fram á að fá lækkaðan toll á fleiri vörutegundum, en nefndin gat ekki fallist á aðrar beiðnir þess en þessa einu.

Flestar þær brtt., sem nú eru fram komnar, eru ekki stórvægilegar. Þær fara að mestu leyti í þá átt að flytja einstakar vörutegundir milli flokka. Hefir nefndin ekki getað tekið afstöðu til þessara brtt., og lætur þær því afskiftalausar. Sama máli gegnir um till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um að láta tollinn lækka frá næstu áramótum. Nefndin hefir ekki tekið ákveðna afstöðu til þeirrar till.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að 2 brtt., sem jeg hefi sjálfur borið fram. Önnur þeirra er reyndar svo smávægileg, að við prentun frv. hefði mátt taka hana til greina. Í frv. stendur „hjólvax“ fyrir „hjólnafir“, og er það misprentun, sem jeg hefi ekki veitt eftirtekt fyr en nú. Þarf því varla að efa, að þessi brtt. verði samþykt.

Hin brtt. mín skiftir meira máli. Hún er við brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á þskj. 412,1 og fer fram á, að í stað 1. janúar komi 1. apríl.

Hv. þm. (JakM) gat þess rjettilega, að sú till. mín væri fram komin til þess fyrst og fremst, að næsta þing yrði ekki sett út úr spilinu að ráða þessu máli til lykta. Er mín till. að þessu leyti í samræmi við stjfrv., eins og það var upphaflega, því að þar var farið fram á, að verðtollslögin yrðu framlengd til 1. apríl næstk., til þess að næsta þing gæti tekið ákvörðun um, hvað gera skyldi.

Það mun nú einróma álit manna, að tollurinn skuli lækka smámsaman, uns hann er alveg úr sögunni, en hitt greinir menn á um, hvenær slík tolllækkun skuli byrja og hvernig hún eigi að vera, og hafa allmargar till. komið fram um þau efni. Jeg get ekki fallist á þær röksemdir hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gegn till. minni, að ef hún verði samþykt, þá sje tollniðurfærslan í rauninni ekki til annars en sýnast. Niðurfærslan er þá lögfest frá 1. apríl, og þess vegna þyrfti næsta þing að taka í taumana, ef það vildi breyta því ákvæði. En það er öllum kunnugt, hversu miklum mun erfiðara er að fá þingið til að taka frumkvæði til breytinga en láta breytingu, sem samþykt hefir verið, haldast. Þess vegna er ekki hægt að segja, að till. mín sje þýðingarlaus.

Jeg get verið sammála þeim mönnum, sem þykir dálítið varhugavert að lækka þennan toll svo mjög rjett í sömu svifum, sem hv. deild hefir sent frá sjer frv. um hækkun á öðrum tolli, sem sje útflutningsgjaldinu. Það hefir hv. deild nýlega hækkað í þeim tilgangi, að ríkissjóður fái það fje, sem honum er gert að skyldu að leggja í stofnsjóð ræktunarsjóðsins væntanlega. Jeg býst við, að flestum hafi þótt sú tollhækkun talsvert neyðarúrræði. En einmitt þess vegna þykir mjer einkennilegt, ef hv. þdm. þykir ekki viðurhlutamikið að lækka þetta gjald svo mjög, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) vill gera. Jeg fyrir mitt leyti tel vafamál. hvort hið mótsetta væri ekki rjettara. Ef menn eru sannfærðir um, að ríkissjóður megi sjá af 250—300 þús. kr. árlega næstu árin, þá held jeg, að rjettast hefði verið að halda verðtollinum óbreyttum, en hækka útflutningsgjaldið ekkert. Jeg vil því ekki, að þetta þing höggvi á hnútinn, eins og till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fer fram á, því ef tollurinn á að lækka þegar frá næstu áramótum, þá er enginn vegur fyrir næsta þing að taka frekari ákvörðun í

því efni, nema þá ef það vill lækka hann enn meira.

Verði till. mín samþykt, þá getur næsta þing, ef því sýnist svo, komið í veg fyrir allar truflanir á innkaupum, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) óttast svo mjög, t. d. með því að færa tímamarkið fram um 1 mánuð þegar í þingbyrjun.

Loks skal jeg geta þess, að jeg er samþykkur brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB) um, að lög þessi gangi í gildi einum mánuði fyr en nú er ætlað. Jeg hygg það rjettara, að þau öðlist gildi 1. júní, m. a. vegna þess, að það flýtir fyrir afnámi innflutningshaftanna, enda mun brtt. meðfram flutt í þeim tilgangi.

Annars þarf jeg ekki að minnast á fleiri brtt. Mál þetta hefir verið rætt í öllum aðalatriðum, svo að væntanlega verða ekki miklar deilur um það nú.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg hefi leyft mjer að flytja nokkrar brtt. á þskj. 417, en aðeins ein þeirra fer nokkuð langt. Er það 2. brtt., sem segir, að frá 1. júlí næstk. skuli allir reikningar, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 20%, stimplast með 10%.

Jeg hefi margsinnis lýst yfir því, að jeg vil fúslega fylgja háum tollum á óhófsvarningi. Þess vegna hefi jeg enga brtt. gert við 30%-tollflokkinn í þá átt að lækka þann toll. Í þann flokk hefir hv. meiri hl. fjhn. sett þær vörur, sem að hans dómi geta talist minstar nauðsynjar þeirra vörutegunda, sem annars eru fluttar til landsins og vörutollur er greiddur af.

Það getur altaf verið álitamál, hvaða vörutegundir beri að leggja svo gífurlegan toll á, en þar sem hv. nefnd hefir ekki talið fært að ganga lengra í flokkuninni, verður þar við að sitja. Hinsvegar get jeg ekki fallist á flokkun hv. meiri hl. á hinum nauðsynlegri vörutegundum í 10- og 20%-flokka, og legg því til, að tollurinn lækki um helming á öllum nauðsynjum frá miðju ári. Auðvitað dregur ríkissjóð töluvert um þessa lækkun, en hún byggist á rökum, sem færð voru fram við 2. umr. og ekki verður hnekt.

Yfirleitt er ekki hægt að byggja verðtoll á sömu rökum nú og í fyrra. Allar aðstæður eru svo mjög breyttar síðan, að nú dytti engum í hug að ljá slíkum tolli fylgi sitt, ef hann væri ekki til fyrir, og enda hefðu fáir samþykt verðtollinn í fyrra, ef þeir hefðu fengið sjeð fyrir árgæsku síðastl. árs. Þessi tollur var settur til bráðabirgða, eins og nafn hans bendir til, en hann ber ekki lengur það nafn með rentu, ef hann á að standa áfram óbreyttur, þrátt fyrir alla árgæskuna.

Jeg hefi áður sýnt fram á, að enda þótt till. mín verði samþykt og tekjur ríkissjóðs rýrni þar af leiðandi, þá er engin hætta á því, að það komi að sök á yfirstandandi ári, þegar tillit er tekið til fjárlagaáætlunarinnar. En hinsvegar ber þinginu þá skylda til að sjá ríkissjóði fyrir tekjuauka á næsta ári, tekjuauka, sem ekki er fenginn með tolli, sem íþyngir öllum almenningi svo mjög sem verðtollurinn gerir. Vil jeg í því sambandi nefna frv. um hækkun áfengistollsins, sem nú er í nefnd og mun vera farið að skila eitthvað áfram, eftir því sem jeg hefi hlerað.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir lýst því yfir, að hann hafi reynt sitt besta til að fá það frv. samþykt í fyrra, og að ekki hafi verið sjer að kenna, hvernig þá fór fyrir því. Vil jeg því vænta þess, að hann ljái frv. sama fylgi nú og að því verði auðið framgangs að þessu sinni.

Aðrar till. mínar þarf jeg ekki að gera að umtalsefni. Þær ganga í þá átt að færa

vörur milli tollflokka, og svo að allur tvinni skuli undanþeginn verðtolli, í stað þess að nú er hörtvinni einn undanskilinn. Virðist það sjálfsögð breyting.

ATKVGR.

Brtt. 415 samþ. með 18:1 atkv.
— 409,1.a samþ. með 15:8 atkv.
— 409,1.b feld með 14:9 atkv.
— 417,1 feld með 16:5 atkv.
— 409,2.a samþ. með 20:1 atkv.
— 414 samþ. án atkvgr.
— 417,2 feld með 13:11 atkv.
— 418 samþ. með 13:8 atkv.
— 409,3 tekin aftur, sbr. þskj. 412,1.
— 412,1 tekin aftur af flm. (JakM), en tekin upp af þm. Ak. (BL) og þm. V.-Sk. (JK) og samþ. með 15:1 atkv.
— 417,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 412,2 samþ. með 13:7 atkv.
— 409,4.a samþ. með 13:3 atkv.
— 409,4.b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 409.4.c samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IIK. JakM, KlJ, MJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, HStef, BSv.

nei: IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, PO, PÞ, SigurjJ, ÁF, BSt. BL.

Þrír þm. (JBald, MG, ÞórJ) fjarstaddir.

Brtt. 409,4.d samþ. með 13:9 atkv.
— 409,4.e samþ. með 13:8 atkv.
— 409,4.f samþ. með 14:2 atkv.
— 409,2.b samþ. án atkvgr.
— 409,4.g feld með 13:11 atkv.
— 411 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., laugardaginn 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 422).

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 422, n. 478).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Fjhn. þessarar háttv. þingd. hafði lítinn tíma til þess að athuga þetta frv. eins og það kom frá hv. Nd., en þar var það búið að vera mjög lengi, og var víst dálítið erfitt að fá samkomulag um afgreiðslu þess þar. Nefndin var sammála um það, að eins og frv. kom frá hv. Nd. horfir það til mikilla bóta á lögunum yfirleitt, sjerstaklega þau ákvæði þess, sem miða að því, að tollurinn fari stiglækkandi. Því að nefndin álítur, að þessi tollur megi ekki, að minsta kosti í þeirri mynd, sem hann er nú, vera lengi við lýði. Þó fanst nefndinni ástæða til að gera smábreytingar á tollaflokkuninni, og koma þær fram á þskj 478. Það þarf sjálfsagt ekki að fjölyrða um þær; þær mæla að mestu leyti með sjer sjálfar. Þó skal jeg geta þess viðvíkjandi brtt. nefndarinnar við 1. gr., að nefndinni fanst aldeilis fráleitt að hækka verðtollinn á kjötmeti, pylsum og þess háttar vörum, sem fólk er nauðbeygt til að kaupa svo að segja daglega. Því þó talsvert sje búið til af slíku í landinu og stundum sjeu á boðstólum innlendar vörur af þessu tægi, þá er þó

víðsvegar úti um land oft og tíðum skortur á innlendu kjötmeti, og það sýnist því vera nægilega hátt að tolla þessar vörur með 20%, og algerður óþarfi að hækka tollinn á þeim upp í 30%, eins og farið er fram á með frv.

Nefndinni bárust tilmæli frá mörgum stöðum um að leiðrjetta frv. að ýmsu leyti, en hún tók ekki tillit til nema lítils hluta af því, er fram kom, til þess að brjóta ekki um of í bága við hv. Nd. Að því er snertir kaffibrauð, þá gat nefndin fallist á, að sanngjarnt væri að kex væri ekki hækkað í tolli, þar sem það er eiginlega sú brauðvara, sem fólk einna mest þarf að nota og enganveginn getur kallast óhófsvara.

Nefndinni fanst ástæða til að bæta nokkrum vörutegundum við þær, sem falla skulu undan verðtolli, og voru það aðallega húsgögn, hurðir og gluggar. Nefndinni kom sem sagt saman um það, að það væri ekki hægt í rauninni að taka svo mikið tillit til hins innlenda iðnaðar að því sjerstaklega er húsgögn, hurðir og glugga snertir, að ástæða væri til að hafa mjög háan verðtoll á vörum af því tægi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um fleiri brtt. nefndarinnar án þess að tilefni gefist til.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki mjög mikið að athuga við brtt. hv. nefndar, þótt það sjeu einstöku atriði, sem jeg teldi að betur mættu fara á annan hátt, en það er svo smávægilegt, að mjer þykir naumast taka því að gera það að umtalsefni. Það mun vera tilætlun hv. nefndar, að úr og klukkur og annað, sem lagt er til að falli úr a-lið, komi undir 20% verðtollinn, og skal jeg játa, að það getur verið ákaflega mikið álitamál yfir höfuð, hvernig flytja beri á milli þessara tveggja flokka. Sjerstaklega vil jeg mæla með einni brtt. hv. nefndar; þótt svo kunni að vera, að hún geti verið dálítið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, þá held jeg, að það hafi verið fyrir ógát í hv. Nd., að þetta kom inn, eða það, að lagður sje 20% tollur á hurðir og glugga. Hv. nefnd fer fram á að fella þetta burt, og það er rjett. Þessi tollur hefir verkað sem innflutningsbann, og þar af leiðandi ekki gefið neinar tekjur í ríkissjóð. Finst mjer vel stilt í hóf að hafa 10% toll á þessu, því mönnum er mjög nauðsynlegt að fá að flytja inn þessar vörur. Þetta var nú viðvíkjandi flokkunarbreytingum háttv. nefndar. Að því er snertir 3. brtt. hennar, um að tolllækkunin gangi í gildi 1. mars næstk., í stað 1. apríl, þá tel jeg, að ekki hafi verið færð nægileg rök fyrir henni og að það sje því ástæðulaust að samþykkja hana. Hinsvegar get jeg ekki sagt, að þetta skifti mjög miklu máli, því að jeg geri ráð fyrir, að síðustu mánuðina áður en tolllækkunin gengur í gildi muni menn hliðra sjer hjá innflutningi. Jeg býst því ekki við miklum innflutningi eða tolltekjum frá áramótum og þangað til tollurinn lækkar. Því er jeg ekki viss um, að þessi brtt. hafi mikinn tekjumissi í för með sjer fyrir ríkissjóð, en hún dregur dálítið úr þeim innflutningshömlum, sem frv. annars felur í sjer, þ. e. þennan eina mánuð.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú minst á brtt. nefndarinnar og tjáð sig geta fallist á þær að mestu. Jeg vil geta þess að því er snertir brtt. viðvíkjandi úrum og klukkum, í fyrsta lagi, að nefndin gat ekki fallist á að hækka toll á öllum sigurverkum upp í

30%. Í öðru lagi sýndist það ekki mundu koma að notum, þó farið væri að gera mun á klukkum, t. d. tolla luxusúr meira en vanaleg úr, eða viðhafnarklukkur meira en algengar húsklukkur. Því varð það niðurstaðan, að nefndin bar fram þessa brtt. um, að úr og klukkur skyldu framvegis tollaðar eins og hingað til með 20%, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) skildi rjettilega, og að við það stæði þangað til lækkun sú, sem gert er ráð fyrir í frv., kemst í framkvæmd. Hæstv. fjrh. (JÞ) var samþykkur brtt. nefndarinnar um húsgögn, hurðir og glugga, og þarf jeg því ekki að tala frekar um hana.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hafði sjerstaklega svolítið að athuga við 3. brtt. nefndarinnar. Eins og tekið er fram í nál., er sú brtt. fram komin af því, að nefndin sá ekki, úr því að ákvæðin um stiglækkun tollsins voru komin inn í frv., neina ástæðu til að gera verslununum að óþörfu erfitt fyrir um innflutning vörubirgða sinna. Það er auðvitað, að þegar menn vita fyrir víst, að tollurinn lækkar á ákveðnum tíma, þá bíða þeir, ef unt er, með að flytja inn vörurnar þangað til sú lækkun kemst á. Til þess að vorvörurnar komi í tíma verða þær að vera komnar hingað til lands fyrir 1. apríl. En eftir því sem hv. Nd. gekk frá frv., hefðu verslanirnar orðið að bíða með að flytja inn vorvörurnar þangað til í aprílmánuði, ef þær áttu að njóta tolllækkunarinnar. Brtt. nefndarinnar fer í þá átt að gera aðstöðuna hægari og eðlilegri fyrir verslanirnar. Hæstv. fjrh. (JÞ) kvaðst hugsa, að lítill innflutningur yrði frá áramótum og þangað til tolllækkunin gengi í gildi. Þetta get jeg vel fallist á, og því tel jeg, að það muni muna litlu fyrir ríkissjóðinn, hvort tolllækkunin gengur í gildi 1. mars eða 1. apríl. En eins og jeg tók fram, er það haganlegra fyrir verslanirnar, að hún gangi í gildi 1. mars, og það er engin ástæða til að gera þeim baga alveg að þarflausu.

ATKVGR.

Brtt. 478,1.a samþ. með 7:4 atkv.
— 478,1.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 478,1.c samþ. án atkvgr.
— 478,1.d samþ. með 11 shlj. atkv.
— 478,1.e feld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJós, JM, SE, BK, HSteins.
nei: JóhJóh, SJ, EP, EÁ, GÓ, HSn.

Tveir þm. (IHB, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 478,1.f samþ. með 10 shlj. atkv.
— 478,2.a samþ. með 7 shlj. atkv.
— 478,2.b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 478,2.c samþ. með 8:1 atkv.
— 478,2.d samþ. með 8 shlj. atkv.
— 478,3 samþ. með 8:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 478,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 512).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Það stendur eins á um þetta mál og hið fyrra, að jeg gat ekki talað í því við 2. umr. Jeg fyrir mitt leyti skoða toll þennan óhafandi, en háttv. Nd. hefir með breytingum sínum gefið fyrirheit um það, að hann eigi að falla

niður, og það er vonandi, að hann verði ekki framlengdur oftar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 512).

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það er eins um þetta mál og það næsta á undan, að nefndin hefir ekki haft fund um breytingar hv. Ed., en jeg hefi haft tal af öllum nefndarmönnum nema einum, og er það einróma vilji nefndarinnar að leggja til, að frv. sje samþykt óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Að vísu hefir því verið breytt nokkuð, en það er ekki um að ræða neinar grundvallarbreytingar. Það er sumpart færsla milli flokka og sumpart niðurfelling tegunda. Úr hæsta flokki eru feldar nokkrar tegundir og aðrar settar í staðinn. Yfirleitt eru breytingarnar ekki svo mikilvægar, að það taki því að þvæla málinu milli deilda. Ráðlegg jeg því fyrir nefndarinnar hönd, að það sje samþykt.

Jón Baldvinsson: Jeg get ekki látið þetta frv. fara út úr þinginu sem lög án þess að láta í ljós, að jeg tel það hafa orðið fyrir háskalegri meðferð og sje nú miklu erfiðara en áður að nema þennan ósanngjarna toll úr gildi. Form frv. er nú orðið miklu verra en var upphaflega, og mátti þó kalla fullilt þá. Að sjálfsögðu greiði jeg atkv. á móti þessu frv. Þeir, sem tala mest um, hve mikill kostnaður sje við innlenda framleiðslu, ættu að fara sjer hægt meðan ekkert er gert til þess að lækka verð útlendrar vöru.

Halldór Stefánsson: Jeg vil ekki láta alveg ómótmælt þeim ummælum háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), að örðugra sje að afnema verðtollinn eftir að þetta frv. hefir verið samþykt. Jeg lít svo á, að betra verði að afnema hann. Jeg geri ekki ráð fyrir, að honum verði kipt burtu í einu, heldur afnuminn smámsaman, þannig að tollstigsflokkarnir gangi undan tolli stig af stigi, en tollur á óþarfavarningi verði þó ef til vill látinn halda sjer.

Jón Baldvinsson: Jeg veit, að fyrir hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vakir, að tollurinn verði afnuminn smátt og smátt. En jeg held því fram, að það sje enn verra viðfangs nú en áður. Hjer eru eiginlega komin þrenskonar tolllög, og það verður þrefalt verra að afnema þau.

Frsm. (Magnús Jónsson): Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) tók að mestu af mjer ómakið að láta ekki alveg ómótmælt ummælum háttv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann (JBald) og fleiri hafa haft það á móti tollinum, að hann kæmi hart niður á nauðsynjavörum. Jeg skil því ekki, hvernig hægt er að segja, að málinu sje spilt, þegar teknar eru undan sumar nauðsynjavörur og yfirleitt stefnt í þá átt að lækka tollinn. Það, sem gægist í gegn hjá hv. þm. (JBald), er það, að best sje, að lögin sjeu sem óheppilegust, því að þá er hægast að fá þau afnumin, og aðalgalli þeirra nú er því sá, hve mikið þau hafa verið bætt. Að hjer sje um þrenskonar tolllög að ræða, nær auðvitað engri átt.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) tók fram, að ekki mætti búast við, að hægt væri að afnema svona toll nema smátt og smátt. Það er ómögulegt að gefa fyrirheit um meira en að hann skuli lækkaður eftir því sem ástæður leyfa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

24. Verslunaratvinna.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um verslunaratvinnu (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það leikur varla á tveim tungum, að verslunarstjettin hjer á landi sje of fjölmenn. Á stríðsárunum hljóp ofvöxtur í hana, svo mikill, að varla verður um það deilt, að kaupmenn sjeu of margir í hlutfalli við aðra landsbúa. Nú er það öllum auðsætt, að þjóðfjelaginu er enginn greiði gerður með þessu. Lífsuppeldi kaupmannanna hlýtur að leggjast á vöruverðið, og ef þeir eru of margir, veldur það hærra vöruverði en þörf er á.

Í árslok 1921 — yngri verslunarskýrslur eru ekki fyrir hendi — eru fastar verslanir hjer á landi taldar rúmlega 800, þar af 36 erlendar. Hjer í Reykjavík eru þá taldar 272 verslanir, og nú má telja líklegt, að þær sjeu um 300.

Margar þessar verslanir hafa ekki fáa menn í þjónustu sinni, og er það því auðsætt, að ekki eru þeir fáir alls á landinu, sem þurfa að lifa af verslunarágóða.

Einnig ber á það að líta, að á síðustu árum hafa ýmsir menn byrjað verslun, sem ekki er vitað um, að hafi þá þekkingu til að bera, sem nauðsynleg virðist til þess að stunda þá atvinnu, og á jeg þar sjerstaklega við þekkingu í bókhaldi og vöruþekkingu. Það ætti að vera sjálfsagt, að enginn ætti að byrja á verslun, nema hann hefði nokkurn veginn staðgóða þekkingu á þeim vörutegundum, sem hann ætlar að versla með. Þessa kröfu verður að gera bæði vegna hans sjálfs og viðskiftamannanna, og alveg hið sama er um bókfærsluþekkingu.

Verslun vor er altaf að færast meir og meir á innlendar hendur, og munu skoðanir ekki vera skiftar um, að það sje oss hollast. En um leið og það verður hljótum vjer að gera þá kröfu til verslunarstjettarinnar, að hún sje starfi sínu vaxin. Og þessi krafa er einnig verslunarstjettinni fyrir bestu, og jeg geng þess ekki dulinn, að allir bestu menn stjettarinnar muni taka undir það, því að vitaskuld er það ekki til hags verslunarstjettinni, að fleiri en góðu hófi gegnir fáist við hana nje að í hana safnist menn, sem ekki bera fult skyn á verslunarmálefni, eða hafa á einn eða annan hátt sýnt með framferði sínu, að þeir eru ekki starfinu vaxnir.

Tilgangur þessa frv. er sá, *að* safna í eina heild reglunum um skilyrði til verslunar, *að* þrengja aðganginn að atvinnu við kaupmensku, sumpart með heiðarleikaskilyrðum, sumpart með þekkingarskilyrðum og sumpart með hærra gjaldi fyrir verslunarleyfi, og *að* setja nánari reglur en hingað til hafa gilt um ýms atriði, er lúta að þessari atvinnu.

Frv., sem fór í svipaða átt og þetta,

var lagt fyrir Alþingi 1922, en náði þá ekki fram að ganga. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. eftir till. Verslunarráðsins, en fyllilega ánægt mun það ekki vera með frv., enda er varla við því að búast, þar sem slíkt frv. þarf að taka tillit til fleiri manna en þeirra, sem skipa verslunarstjettina.

Að þessari umræðu lokinni leyfi jeg mjer að óska þess, að frv. þessu verði vísað til háttv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., mánudaginn 16. febr., mælti

forseti (HSteins): Áður en fundi er slitið vildi jeg geta þess, að allshn. þessarar háttv. deildar hefir farið þess á leit, að hún mætti bæta við sig tveimur mönnum í einu máli, frv. um verslunaratvinnu. Það er ekki beinlínis heimilað í þingsköpum að bæta mönnum við í nefndir; aðeins að býtta á mönnum í nefndum. Þarf því afbrigði frá þingsköpum til þess að bæta við nefndina.

Jeg leyfi mjer að bera undir hæstv. stjórn og háttv. deild, hvort leyfð skuli þau afbrigði, að allshn. bæti við sig þeim tveim mönnum, sem hún hefir óskað eftir, til þess að eiga hlut í meðferð frv. til laga um verslunaratvinnu, en þeir eru: hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. 2. þm. S.-M. (IP).

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv., og tóku samkv. því sæti í nefndinni

Jóhann Jósefsson og
Ingvar Pálmason.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 249).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og sjá má af nál. frá allshn. á þskj. 249, hefir nefndin haft frv. til ítarlegrar athugunar og borið sig saman við stjórnina og menn úr verslunarstjettinni, bæði um frv. sjálft og um breytingar þær, er stungið var upp á af nefndinni og Verslunarráðinu. Brtt. nefndarinnar, sem máli skifta, eru ekki mjög margar. Skal jeg fyrst skýra fyrir hv. deild, í hverju þessar breytingar eru fólgnar og af hverju þær eru fram komnar.

Það er þá fyrst brtt. við 3. gr. frv. Nefndin leggur til, að þar sem ákveðið er, að ráðherra setji fyrirmæli eða reglugerð, þar sem til sjeu tekin þau skilyrði, er þeir verði að uppfylla, sem verslunarleyfi fá, að þau fyrirmæli sjeu gerð í samráði við þær tvær stofnanir í landinu, sem telja má málsvara verslunarstjettarinnar, Verslunarráðið fyrir kaupmenn og Sambandið fyrir hönd samvinnumanna. Því var raunar haldið að nefndinni af Verslunarráðinu, og það var einnig skoðun sumra nefndarmanna, að tilgreina ætti í lögunum þau skilyrði, sem heimtuð yrðu til þess að mega reka verslun. Verslunarráðið hafði búið til frv., þar sem þessi skilyrði voru ákveðin. Þetta mætti auðvitað setja í lögin, ef menn gætu þá orðið ásáttir um, hvað heimta skyldi. En það yrði á þann hátt miklu ósveigjanlegra heldur en ef ráðherra setti fyrirmæli. Þau tilfelli geta vel komið fyrir, að ekki þyki rjett að binda sig algerlega við öll þau skilyrði, sem sett kunna að verða í lögin.

Nefndin aðhyllist frv. stjórnarinnar í þessu efni og leggur til, að viðbót sje sett við 5. tölulið 3. gr., til þess að tryggja Verslunarráðinu og Sambandinu tillögur um þetta. Nú sje jeg, að 2 hv. nefndarmenn hafa gert brtt. við þetta atriði, og vík jeg að því síðar.

Þá gerir nefndin brtt. við 5. gr., þar sem talin eru upp þau skilyrði, sem ætlast er til, að þeir menn fullnægi, sem í fjelögum eru og allir bera ábyrgð á skuldum fjelagsins, t. d. þeir, sem eru í fjelögum innan Sambandsins. Nefndinni þóttu ákvæði frv. of kröfuhörð, þar sem ætlast er til, að hver einstakur fjelagi fullnægi skilyrðunum, sem upp eru talin í 3. gr. tölulið 1—4. Hún leit svo á, að ekki væri hægt að gera svo harðar kröfur til hvers einstaks fjelagsmanns, en hinsvegar sjálfsagt um alla þá, er stjórnina skipa og firmað rita, að gera þessar kröfur til þeirra.

Þá er brtt. við 10. gr., frá nefndinni. Eftir stjfrv. var ekki ætlast til, að sami maður gæti fengið leyfi til verslunar nema einnar tegundar á sama stað; ekki t. d. bæði smásölu og heildsölu. Nefndin gat ekki aðhylst þetta, og eru ástæður hennar teknar fram í nál. á þskj. 249. Er t. d. ein ástæðan sú, að miklum annmörkum er bundið að reka sjerverslun, ef ekki má selja bæði í heildsölu og smásölu. Er hætt við, að umsetningin yrði svo lítil, að verslunin gæti ekki þrifist og yrði að breyta til og versla með margar tegundir, eins og algengast er hjer á landi. En nefndin vill stuðla að því, að sjerverslanir geti orðið sem flestar. Það er sýnilegt hjer, þó í smáum stíl sje, að sjerverslanir hafa að öllum jafnaði best úrval og best verð. Er þetta mjög eðlilegt. Þeim mun færri vörutegundir, sem verslunin hefir á boðstólum, þeim mun meiri athygli er hægt að beina að því, hvar varan fæst best og ódýrust. Aðstaðan er miklu verri þegar verslað er með margar tegundir. Starfið deilist meira og nýtur sín ver.

Þá má og líta á það, að hjer í Reykjavík a. m. k. hefir þótt bera á því, að heildsalar seldu í smásölu við og við beint til neytenda. Það er eðlilegt, að þeim smásölum gremjist, sem eru alveg undir væng heildsalans, að vita hann selja í hálfgerðu pukri til einstaklinga, því með því er gengið á rjett smásalanna. Og þessi smásala heildsalanna fer ekki fram með sama hætti og gerist hjá smásölum, í búð, heldur selja þeir einstaklingum af birgðum sínum með heildsöluverði. Engin lög banna þetta raunar hjer á landi, en hinsvegar má telja það óskrifuð lög, að heildsala beri ekki að selja öðrum af heildsölu sinni (Lager) en kaupmönnum og kaupfjelögum. Ef heildsali vill reka smáverslun samfara heildverslun, þá horfir það alt öðruvísi við. Hann er þá bæði heildsali og smásali, og það er þá öllum vitanlegt, sem við hann skifta. Þess vegna vill nefndin, að það sje alveg gagnstætt því, sem ætlast er til í frv. stjórnarinnar, og að það sje leyfilegt heildsala að reka smáverslun á sama stað, gegn því að viðkomandi maður leysi það leyfisbrjef, sem þarf. Ef heildsali vill líka reka smáverslun, verður hann að haga þeirri smáverslun eins og hjá öðrum, hafa opna sölubúð; með öðrum orðum, þá er hans aðstaða til þess að reka smáverslun alveg eins og hvers annars kaupmanns. Hann greiðir sjerstakt gjald fyrir sitt leyfisbrjef og þarf að halda búðarfólk eins og hver annar.

Þá fanst nefndinni, að ákvæðin í 17. gr. um rjett þeirra manna, sem hafa fengið verslunarleyfi eftir gildandi lögum, væru þannig, að rjettur þeirra væri ekki óskertur samkvæmt greininni, en þennan rjett

vill hún láta vera óskertan og að þeir, sem hafa fengið verslunarleyfi, eins og þau hafa verið til þessa dags, þeir haldi þeim rjetti, sem þeir hafa, þó að ný skipun sje gerð um atvinnuna í heild sinni, og það er með þetta fyrir augum, að nefndin gerir brtt. við 17. gr.

Eitt nýmæli tók nefndin upp í frv. eftir till. Verslunarráðsins, árgjöldin. Verslunarráðið hafði stungið upp á því, að þeim, sem verslun reka, væri hjer eftir gert að greiða árlegt gjald, auk þess sem þeir kaupa verslunarleyfisbrjef, en það vildi, að hluti af þessum gjöldum gengi til Verslunarráðsins og verslunarskólans, en nokkur hluti í ríkissjóð. Nefndin getur fallist á, að það mætti taka upp einhver lág árgjöld, en að hinu leytinu getur hún ekki lagt til, að þessi árgjöld renni til neinna sjerstakra stofnana. Þau eiga, eftir hennar till., að renna í ríkissjóð. En á hinn bóginn er það vitaskuld ekki nema sanngirniskrafa af verslunarstjettinni yfir höfuð, að áhugamál hennar sjeu betur styrkt en verið hefir, ef innleidd er þessi skylda um árlegt gjald af verslunarstjettinni. Það varð ekki algerlega samkomulag innan nefndarinnar um það, hve hátt þetta árgjald ætti að vera, og á þskj. 270 er brtt. frá tveimur hv. nefndarmönnum, sem gengur í þá átt að hækka árgjaldið, og á sama þskj. eru tvær aðrar brtt., og miðar sú fyrri sjerstaklega að því að þrengja aðganginn að þessari atvinnu, þar sem brtt. fer fram á, að þeim sje ekki veitt verslunarleyfi, sem hafa einu sinni orðið gjaldþrota, en í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að maður geti fengið verslunarleyfi, þótt hann hafi tvisvar sinnum orðið gjaldþrota.

Þriðja brtt. frá þessum tveimur nefndarmönnum er í þá átt, að það sje þegar ákveðið í lögunum um þekkingarskilyrði manna. Þeir vilja, sem sagt, láta það standa í lögunum sjálfum, en meiri hl. nefndarinnar gerir sig ánægðan með það, sem stendur í frv. um það, að því viðbættu, að fyrirmæli þau, er sett verða, sjeu sett að fengnum tillögum Verslunarráðs Íslands og Sambandsins.

Jeg hefi þá minst á þær helstu brtt., sem nefndin hefir komið með, og vitaskuld eru brtt. um fleiri atriði, en þær eru ýmist til þess að lagfæra orðalagið eða til þess að skýra einstakar greinar, svo að þær þurfa ekki neinnar sjerstakrar útskýringar við.

Nefndin álítur, að það sje til bóta að draga nú saman, eins og gert hefir verið í þessu frv., bæði gildandi ákvæði um þetta efni og eins að bæta við þeim ákvæðum, sem þurfa þykir, og að settar sjeu reglur um kröfur til þekkingar þeirra, sem framvegis ætla að leggja fyrir sig verslunaratvinnu. Það var tekið fram af hæstv. atvrh. (MG), þegar þetta frv. var hjer til 1. umr., að tilgangurinn með því væri meðal annars sá, að þrengja aðganginn að þessari atvinnugrein, með kröfum um meiri þekkingu á bókhaldi og vöruþekkingu o. s. frv. Jeg get tekið undir það, að rjett sje að gera hæfilega miklar kröfur til manna, sem stunda þessa atvinnu, ekki síður en til annara, en á hinn bóginn held jeg, að með lagaákvæðum einum muni lítið hægt að stemma stigu fyrir því, að menn leggi fyrir sig verslunaratvinnu, því það er með hana eins og svo marga aðra atvinnu, að það verður ilt að stemma stigu við því með lagaboðum, að menn, sem langar til að versla, reyni sig á einn eða annan hátt. Þeir, sem ekki eru færir til þess að standa í stöðu sinni, dragast aftur úr, verða undir í samkepninni. Sem sagt, þetta „regulerar“ sig nokkuð mikið sjálft, og að

minni hyggju verður það altaf höfuðreglan, að þeir, sem færastir eru, þeir komast lengst áfram á þessari braut sem annarsstaðar. Þetta er þó ekki sagt til þess að hafa neitt á móti frv.; bæði jeg og eins allir nefndarmenn álíta það þarft og rjett að samþykkja það, með þeim breytingum, sem nefndin leggur til, og þeir tveir hv. nefndarmenn, sem hafa komið með aðrar brtt., eru samþykkir frv. í öllum aðalatriðum. En það er mín skoðun, að þó að þessi lög sjeu sett, þá verði þau ekki einhlít til að ráða við það, hve margir gefi sig við þessari atvinnu.

Ingvar Pálmason: Eins og nál. ber með sjer, höfum við tveir af nefndarmönnum áskilið okkur rjett til að koma með víðtækari breytingar heldur en þær, sem eru á þskj. 249. Það höfum við gert, og liggja þær fyrir á þskj. 270.

Um þær breytingar, sem nefndin í heild sinni leggur til og hv. frsm. nefndarinnar (JJós) hefir gert grein fyrir, hefi jeg ekki neitt að segja, og við erum þeim að vissu leyti sammála. En með nokkrar þeirra erum við tveir nefndarmenn ekki fyllilega ánægðir, og höfum því gert tilraun til þess að leggja fyrir þessa hv. deild það, sem við vildum að gengið yrði lengra en nefndin vildi. Við sáum ekki ástæðu til þess að kljúfa nefndina, álitum, að þar sem öll nefndin er sammála um, að frv. eigi fram að ganga með breytingum, sje engin þörf á því, en töldum nægja, að þær brtt., sem ekki náðu samþykki í nefndinni, kæmu fram fyrir hv. deild, og svo yrðu greidd atkvæði um málið í heild sinni.

Jeg er líklega einn í nefndinni um það álit, að jeg tel, að á einn hátt hefði verið betra, að stjfrv. hefði gengið fram óbreytt heldur en með þeirri breytingu, sem nefndin leggur til, og það er að því leyti, að í stjfrv. kemur það skýrt fram, að meiningin er að aðgreina stórsölu og smásölu. Þetta tel jeg til bóta, en meiri hl. nefndarinnar var þeirrar skoðunar, að þetta væri varhugavert, eins og hv. frsm. (JJós) hefir tekið fram, varhugavert gagnvart sjerverslunum, og hv. meiri hl. hefir þar mikið til síns máls, og þótt jeg hefði heldur viljað, að þetta stæði óbreytt eins og stjórnin ætlaðist til, beygði jeg mig fyrir meiri hl., og hefi því ekki komið fram með neina till. um það, að þetta stæði eins og það er í stjfrv.; því að jeg viðurkenni, að sjerverslanir mundu verða fyrir nokkuð þungum búsifjum, ef þetta væri aðskilið, og það má vel vera, að nefndin hafi rjett fyrir sjer í því, að þeim megi ekki gera þann greinarmun á heildsölu og smásölu. En jeg vil láta það koma fram í umr., að jeg efist um, að þetta sje rjett, og að æskilegra væri að hafa það eins og í stjfrv.

Þá mun hlýða að fara nokkrum orðum um brtt. okkar hv. 5. landsk. þm. (JJ). Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, þegar frv. var lagt fram hjer, að það væri að nokkru leyti komið fram með það fyrir augum að þrengja að nokkrum mun aðgang manna að þessari atvinnugrein, og hæstv. atvrh. (MG) færði töluverð rök fyrir máli sínu, og jeg tel, að það sje alveg rjett og nauðsynlegt að þrengja töluvert meira en verið hefir aðgang manna að þessari atvinnu, og það má segja, að nefndin hafi samþykt þetta. En við, tveir nefndarmenn, vildum ganga öllu lengra heldur en meiri hl. nefndarinnar, og kemur það fram í 1. brtt. okkar, sjerstaklega að því er það snertir, að þeim mönnum, sem hafa tekist á hendur að stunda þessa atvinnu og orðið gjaldþrota, þeim sje fyrirmunað að byrja á slíkri atvinnu aft-

ur, nema því aðeins, að þeir hafi komist að löglegri skuldagreiðslu.

Eftir síðustu hagskýrslum, sem fyrir liggja, munu vera rúmlega 1800 verslanir á öllu landinu, og það munu ekki vera deildar meiningar um það, að miklu færri menn mundu geta leyst þetta starf af hendi, án þess að þjóðin biði nokkurn baga við það, jafnvel þótt alt að helmingi færri rækju verslun; auk þess hefir það komið fyrir, að margir hafa fengist við verslun, sem mönnum virðist, að tæplega sjeu færir um það, og þótt því sje haldið fram, sem fram kom hjá hv. frsm. (JJós), að rjett sje að lofa mönnum að reyna sig, og þótt einhver byrji á þessari atvinnu, sem ekki sje fær um það, þá muni hann heltast úr leik og ekki stunda það til langframa. En við höfum töluverða reynslu fyrir okkur í þeim efnum, að þeir, sem heltast úr, hafa gert það á þann hátt, að þjóðin hefir beðið skaða við það. Það eru ekki svo fáir, sem hafa orðið gjaldþrota, og af gjaldþrotinu hefir leitt töluverðan skaða fyrir lánardrottin þessara manna. En það má kannske segja, að landsbúum yfirleitt komi það ekki svo mikið við, þó að lánardrottinn þessara manna tapi nokkrum stærri og smærri upphæðum; en jeg álít, að þeim komi það nokkuð mikið við, vegna þess að þessi lánardrottinn verður í flestum tilfellum bankinn, og tapi bankinn á þessum mönnum, kemur það að minsta kosti töluvert fram á öðrum viðskiftamönnum, t. d. í hækkuðum vöxtum. Það er alkunnugt, að við Íslendingar eigum við töluvert erfið vaxtakjör að búa, og jeg hygg, að það sje nokkuð að kenna töpum, sem bankarnir hafa orðið fyrir, og verður nokkuð af því að skrifast á reikning þeirra manna, sem hafa orðið gjaldþrota á undanförnum árum. Við, þessir tveir nefndarmenn, leggjum því til, að sú breyting verði gerð, að í stað þess að frv. gerir ráð fyrir, að þeir kaupmenn, sem tvisvar hafa orðið gjaldþrota, geti fengið verslunarleyfi, ef þeir hafa komist að löglegum samningum um skuldagreiðslu við lánardrottin sinn, þá förum við fram á, að slíkt leyfi sje aðeins veitt einu sinni, og það er auðsjeð, að þetta er gert til þess að þrengja kosti þeirra, sem um verslunarleyfi sækja.

Önnur brtt. gengur í þá átt, að við, höfundar hennar, viljum, að þekkingarskilyrðin sjeu ákveðin í lögunum sjálfum, en meiri hl. nefndarinnar telur rjettara að ákveða þau með reglugerð. Um þetta er ekki mikið að segja, en við lítum svo á, að þessar kröfur sjeu ekki svo harðar, að það sje ekki fyllilega óhætt að láta þær koma fram í lögunum sjálfum, en ef ekki má ákveða þær í lögunum, þá þykir okkur það benda til þess, að hv. nefndarmenn líti svo á, að ákvæðin eigi að vera eitthvað vægari; en ef við lítum á lagabálk þennan sem meðal til þess að fækka heldur þeim mönnum, sem verslun reka í landinu, og tryggja betur en verið hefir, að þeir, er þessa atvinnu reka, hafi næga þekkingu til slíks starfa, þá virðist mjer, að þessi skilyrði, sem við vildum setja fyrir verslunarleyfum, sjeu ábyggilega á fullum rökum bygð og ekki strangari en svo, að það virðist vera rjett að krefjast þess af hverjum manni, sem vill gera verslun að lífsstarfi sínu, að hann hafi aflað sjer þeirrar þekkingar, sem farið er fram á í brtt.

Þriðja brtt. okkar fer aðeins fram á það að fella úr frv. heimild ráðherra til þess að veita undanþágu frá skilyrðum þeim, sem sett eru um hlutafje í verslunarfjelögum. Það er sem sje í 2. tölulið

5. gr., sem talað er um verslunarfjelög, sagt svo:

„Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje ennfremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþyktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög.“

Þessu erum við samþykkir, en niðurlag greinarinnar er orðað þannig:

„Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um hlutafjeð, ef sjerstaklega stendur á.“

Þessa undanþágu viljum við fella burt. Ef það er álitið nauðsynlegt að ákveða það með lögum, að hlutafje í fjelögum skuli vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, þá get jeg ekki sjeð, að það þurfi að valda nokkrum vandkvæðum að afla slíks fjár í hlutafjelag, svo að það sje ekki hægt í landinu sjálfu. Ef það væri um annarskonar fjelög að ræða, gæti þetta frekar komið til greina, en við lítum svo á, að til þess að reka alment verslunarfyrirtæki þurfi þessa ekki með. Þess vegna leggjum við til, að þessi málsliður falli niður.

Þá kem jeg að 4. og síðustu brtt. okkar. Við viljum hafa árgjald til ríkissjóðs hærra en meiri hl. nefndarinnar gat fallist á. Við lítum nefnilega svo á, að fyllilega sje rjettmætt að hafa gjaldið helmingi hærra en hv. meiri hl. nefndarinnar vildi, sem sje 100 kr. fyrir smásala, en 200 kr. fyrir heildsala. Eftir núverandi gildi peninga er þetta lítilsvert fyrir hvern einstakling, en getur munað ríkissjóð töluvert, og sjerstaklega, ef fjöldi verslananna verður eins mikill og hann hefir verið. Og þar sem nú gott útlit er fyrir, að ríkissjóður þurfi á tekjuauka að halda, og núverandi stjórn og hennar fylgifiskar virðast hallast mjög að þeirri stefnu að ná sem mestum tekjuauka gegnum verslun, verður ekki annað sjeð en að skattur þessi sje fyllilega rjettmætur, auk þess, sem hann er einn liður í aðalstefnu frv., sem sje þeirri, að fækka verslunum og bæta þær.

Að síðustu skal jeg taka það fram, að þó að brtt. okkar verði ekki samþyktar, munum við eigi að síður fylgja flestum till. nefndarinnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekki ástæðu til að vera óánægður við nefndina fyrir meðferð hennar á þessu máli. Hún hefir viðurkent það rjettmætt, þó að hún vilji gera við það breytingar. Skal jeg þá segja henni álit mitt um hinar stærri breytingar hennar, en orðabreytingar og skýringar læt jeg vera, því að þær skifta svo litlu máli.

Er þá fyrst að minnast á þá brtt. nefndarinnar að setja árgjald á verslanir. Sú uppástunga lá fyrir, þegar frv. var samið, en mjer fanst hún ekki rjettmæt. Jeg tel ekki rjett að setja svona gjald á verslanir, þó ekki væri nema fyrir þá sök, að sama gjald á að vera bæði fyrir stórar og smáar verslanir. Jeg viðurkenni vitanlega, að það er ekki hátt gjald, sem hv. meiri hl. stingur upp á, og að stórar verslanir munar ekkert um það. En aftur getur smáverslanir munað það töluvert.

Ef slík tillaga sem þessi hefði komið frá stjórninni, er jeg ekki í neinum vafa um, að hún hefði verið talin ósanngjörn, úr því að það þótti ósanngjarnt og var kallað beinn nefskattur, að allir legðu dálítið af mörkum í sameiginlegan sjóð til þess að styrkja fátæka sjúklinga. Munurinn á verslununum er mjög mikill. En árgjaldið á að vera hið sama á þeim öllum. Það verður því þeim mun ósanngjarnara, sem það er hærra. Jeg get því alls ekki talið þessa till. til bóta, — síður en svo; enda

er hjer líka verið að fara inn á nýja leið. Árgjald af verslunum hefir aldrei verið hjer, nema af vínsöluleyfi, því að sá siður hefir verið hjer, eins og alstaðar annarsstaðar, að gjald fyrir verslunarleyfi hefir verið greitt í eitt skifti fyrir öll, þegar byrjað hefir verið.

Þá er annað atriðið, um smásala og heildsala. Það hefir lengi verið deilumál þessara tveggja aðilja, hvort heildsalinn mætti líka reka smásölu, samhliða heild sölu sinni, eins og talsvert þykir hafa bor ið á. Eru smásalarnir mjög óánægðir við heildsalana fyrir þetta. Telja þá vera sína verstu keppinauta, þrátt fyrir það, þó að þeir, smásalarnir, sjeu höfuðviðskiftavinir þeirra. Mjer hefir altaf fundist, að þessar umkvartanir smásalanna væru á rökum bygðar. Þess vegna var sett ákvæði í frv. til að útiloka heildsala frá smásölu. En nú hefir nefndin farið milliveg; vill leyfa heildsölunum að hafa smásölu líka, ef þeir einungis kaupi til þess leyfisbrjef og hafi opna sölubúð. Jeg er nú ekki viss um, nema hægt sje að fara í kringum þetta ákvæði. En eftir atvikum get jeg felt mig við þetta, sjerstaklega þar sem umboðsmaður smásalanna, sem nefndin talaði við, virðist hafa gengið inn á það. En jeg er hræddur um, að smásalarnir verði síðar óánægðir með það.

Þá er 3. brtt. nefndarinnar. Hún er við 5. gr. frv., um að fyrri málsliður 1. töluliðs orðist þannig: „Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi og fjelagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr.“ Jeg get að því leyti fallist á þessa brtt., að undir þetta falla samvinnufjelögin. En það var aldrei tilætlunin, að allir meðlimir samvinnufjelaganna ættu að uppfylla þetta skilyrði. Meiningin var, að í 1. flokki væru þau fjelög, sem hefðu takmarkaða fastákveðna fjelagatölu, í öðrum flokki hlutafjelög, en í 3. flokki samvinnufjelög. Eftir þessari brtt. nefndarinnar skilst mjer, að minni kröfur sjeu gerðar til fámennu fjelaganna, þar sem allir bera ábyrgðina. Eftir frv. stjórnarinnar áttu allir slíkir fjelagsmenn að vera búsettir á Íslandi, en eftir brtt. nefndarinnar er það ekki nauðsynlegt. Jeg efast því um, að þessi brtt. sje til bóta. Hefði jeg því heldur kosið, að ákvæðið hefði verið látið standa eins og það var í stjfrv.

Fleiri brtt. frá meiri hl. nefndarinnar hefi jeg ekki ástæðu til að minnast á, því jeg get felt mig við hinar allar. En um brtt. minni hl. er það að segja, að jeg get ekki gengið inn á neina þeirra. Um þær allar var rætt í nefndinni að mjer viðstöddum, og ljet jeg þá þegar það álit uppi.

Um 1. brtt. er það að segja, að mjer er ekki fyllilega ljóst, hvað átt er við með löglegum samningum. *(IP:* Nauðasamninga samkvæmt lögum). Því að allir samningar eru löglegir, sem gerðir eru með frjálsum vilja beggja aðilja, ef fullmyndugir eru. *(JJ:* Þetta sama orð stendur í stjfrv.). Í stjfrv. er gert ráð fyrir, að veita megi þeim manni verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota. En minni hl. nefndarinnar leggur til, að engum megi veita verslunarleyfi, sem gjaldþrota hefir orðið. Þetta finst mjer æðihart, því að þess má finna mörg dæmi, að menn hafa orðið gjaldþrota af óviðráðanlegum orsökum, þó að þeir hafi í alla staði verið mjög vel hæfir til þessa atvinnurekstrar.

Aðra brtt. hv. minni hl., að gera að skilyrði fyrir verslunarleyfi, að umsækjandi hafi lokið fullnaðarprófi við verslun-

arskóla Íslands eða samvinnuskólann, get jeg alls ekki gengið inn á; og vona jeg, að jeg geri ekkert lítið úr þessum góðu skólum fyrir það, þó að jeg líti svo á, að menn geti aflað sjer þeirrar þekkingar á annan hátt, sem fáanleg er þar, og sjái því ekki ástæðu til þess að gefa þessum skólum neitt „monopol“. Þannig er t. d. maður, sem hefir háskólapróf, svo vel að sjer, að hann þarf ekki nema stuttan tíma til þess að læra bókfærslu til þess að hann geti staðið hinum fyllilega á sporði. Auk þessa ber þess að gæta, að bæði verslunarskólinn og samvinnuskólinn eru einkafyrirtæki, sem geta lagst niður. Væru þá engir skólar til, sem gætu int af hendi þennan lögskipaða undirbúning.

Um þriðju brtt. er það að segja, að mjer er sama, hvort hún nær samþykki eða ekki.

Um síðustu brtt. hefi jeg talað áður, og get endurtekið það, sem jeg hefi sagt áður, að jeg tel hana því ósanngjarnari því hærra sem gjaldið er. Því að þó gjaldið sje ekki nema 100 kr., er jeg viss um, að það getur verið tilfinnanlegt fyrir suma smásalana, þó að stærri verslanir viti vitanlega ekkert af því, því að mörg dæmi eru þess, að fátækar ekkjur eru að reyna að halda áfram verslun, þó að tekjurnar sjeu litlar.

Að síðustu vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hv. nefndar, hvort tilætlunin sje ekki, að heildsalar, sem líka hafa smásölu, eigi að greiða hvorttveggja ársgjaldið, bæði 50 og 100 kr. Þetta er ekki fyllilega ljóst eftir till. nefndarinnar.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 8, n. 249, 270).

Jónas Jónsson: Þetta mál hefir legið lengi í nefnd og hefir mikið verið að því unnið. Höfum við orðið að mestu ásáttir um meginhluta þessa frv., en þó höfum við hv. 2. þm. S.-M. (IP) leyft okkur að flytja sjer brtt. við það, sem ekki varð hægt að ná samkomulagi um í nefndinni.

Áður en jeg fer út í þessar brtt. vil jeg eyða nokkrum orðum að ósamræmi því, sem mjer finst hafa átt sjer stað í flutningi málsins hjá hæstv. atvrh. (MG) og í umræðum hans um málið í gær. Og þó við sjeum sammála um ýmislegt í þessu máli, þá get jeg ekki varist því, að mjer finst hann hafi með ræðu sinni nú brotið allmjög þá stefnu, sem kom fram í framsöguræðu hans og sem hann þá taldi að frv. þetta sje bygt á.

Við getum líklega verið á sama máli um það, að ef frv. þetta á að koma að gagni, þá sje það aðallega á tvennan hátt. Í fyrsta lagi að verslunarstjettin taki ekki til sín fleiri menn en þörf sje á, og ennfremur, að sem hæfastir menn veljist til að stunda þessa atvinnu. Þetta fellur saman við það að gera harðar kröfur til þekkingar og manndóms þeirra, sem rjett öðlast til að versla. Og um nauðsyn þessa hafa bæði leiðandi menn samvinnufjelaganna og Verslunarráðið, sem er skipað fulltrúum kaupmanna, orðið ásátt. Og þar sem hæstv. atvrh. (MG) kveður sig aðhyllast nokkra fækkun verslunarstjettarinnar, þá hefði legið beinast við, að hann hefði fallist á þær hæstu kröfur, sem leiddu að þessu marki.

Þrent kemur til mála, þegar kveða skal á um, hverjir skuli öðlast rjett til verslunarrekstrar. Er fyrst skilyrðið um þekkingu, í öðru lagi skilyrðið um borgaralegan heiðarleik og í 3. lagi skilyrði þess að geta rekið verslun með skynsemi, svo

við árangri megi búast og líkindi sjeu til, að stofnunin geti staðið í skilum.

Hvað gjaldþrotum viðvíkur, þá skilur meiri og minni hlutann á um það, því við í minni hlutanum álítum, að ekki megi sami maður verða nema einu sinni gjaldþrota, án þess að teljast óhæfur til verslunar, en meiri hlutinn vill, að maður, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, en náð samningum við skuldunautana, geti haldið áfram að reka sjálfstæða verslunaratvinnu. Nú neita jeg því ekki, að þau tilfelli sjeu hugsanleg, að maður verði gjaldþrota, og ef til vill oftar en einu sinni, án þess að nokkuð sje siðferðilega brotlegt við það. En á hitt ber líka að líta, að með hverju gjaldþroti líður þjóðfjelagið altaf meira eða minna tjón, og menn, sem oft gera sig seka um slíkt, eru varla svo bráðnauðsynlegir fyrir verslunarstjettina, að ástæða sje til að gera þeim auðvelt að halda verslunarrekstri áfram. Það sýndi sig best fyrir stríðið, hve óvarlegt það getur verið að veita mönnum alt of greiðan aðgang til verslunar. Þá reis hjer upp fjöldi af heildsölum og umboðssölum, sem sumir hverjir voru mestu ónytjungar og „svindlarar". Þeir fóru utan og fengu vörur að láni, sem þeir borguðu ekki, en eyddu andvirðinu og komu óorði á sig og land sitt. Hefir einn mikilsvirtur þingmaður hjer í deild sagt við mig þau orð, sem munu vera alt of sönn, að alt annað en gaman sje að hitta erlendis menn, sem orðið hafa fyrir prettum af hendi þessara þokkapilta, — er heiðarlegum mönnum neitað viðskifta vegna þess að óheiðarlegir landar þeirra hafa svift íslensku verslunarstjettina trausti og virðingu. — Jeg skal játa, að ómögulegt er að gera lög, sem fyrirbyggi, að svona geti komið fyrir, en brtt. minni hlutans miða þó að því að útiloka, að slíkt verði algengt, með því að útiloka ljelegustu mennina frá verslunarstjettinni. Jeg held því, að það sje meiri bjartsýni á íslenskri verslunarstjett að meina þeim, sem tvívegis hafa orðið gjaldþrota, að halda áfram verslun. Mun slík till. þykja sanngjörn síðar, þó feld kunni hún að verða nú, því það bætir ekki fyrir okkur að láta þá menn halda áfram, sem fleirum sinnum hafa brugðist greiðsluskyldu sinni.

Þá kem jeg að þekkingar- og æfingarskilyrðunum. Við höfðum í þessu atriði uppkast að frv. frá Verslunarráðinu, þar sem líkt var ákveðið, þó ekki væru eins skörp takmörkin þar eins og í brtt. á þskj. 270, þar sem verslunarnám er gert að aðalundirstöðu verslunarleyfis. Hinsvegar hugsar Verslunarráðið sjer gagnfræðapróf sem skilyrði, en þess er að gæta, að þó að öðlast megi góða almenna mentun í gagnfræðaskólum, þá er þar ekki kent ýmislegt, sem verslunarmönnum ber nauðsyn til að vita. — Við höfum líka annað uppkast að frv., sem Verslunarmannafjelagið hafði víst hugsað sjer að fá lögleitt. þar sem gert er ráð fyrir, að aðrir öðlist ekki leyfi til að reka verslun en þeir, sem fengið hafa verklega æfingu sem undirmenn. Þetta hvorttveggja höfum við flm. brtt. brætt saman og gerum hvorttveggja í senn, bóklega þekkingu og verklega þekkingu að skilyrði fyrir leyfi til að reka verslun. Þessi skilyrði eru svo sanngjörn og heilbrigð, að undarlegt er, ef nokkur hv. deildarmaður legst á móti þeim.

Það er áreiðanlega nægilega mikil viðkoma af verslunarmönnum hjer á landi úr báðum skólunum, að þeim mönnum viðbættum — og þeir eru ekki svo fáir —, sem taka próf erlendis við jafngilda skóla og jafnerfiða. En það er engum ljósara en þeim, sem vinna við þessa skóla hjer

í bænum, að þar vantar — eins og raunar við slíka skóla erlendis — verklega æfingu, og að nemendur, þegar þeir útskrifast út slíkum bóklegum verslunarskólum, eru í raun og veru ekki fremur hæfir til þess að fást við verslun heldur en læknaefni, sem hafa lesið bækur um mannlegan líkama, en aldrei tekið neinn verklegan þátt í lækningum. Hæstv. ráðherra (MG) fann það til foráttu þessu formi með prófið, að það gæti komið fyrir dæmi, þar sem menn með mjög mikla bóklega þekkingu, t. d. háskólapróf, vildu versla, en gætu það ekki samkv. þessum lögum. Að vísu er jeg því samdóma, að slíkir menn þyrftu ekki nema sáralitla viðbót á vissu sviði og gætu lokið slíku prófi fyrirhafnarlaust. En á hinn bóginn hlýtur hæstv. ráðherra að vita það og þekkja þess dæmi, að sumum lögfræðingum hafa orðið mjög mislagðar hendur hvað snertir bókfærslu, og að sýslumannastjettin hefir liðið við það á undanförnum árum, að sýslumenn hafa ekki haft næga þekkingu á þessu sviði. Það vita allir, að talsvert af þeim skakkaföllum, sem orðið hafa á seinni árum í þessum efnum, stafar að nokkru leyti hreint og beint af ónógri þekkingu að þessu leyti, þó menn sjeu að öðru leyti færir. Þetta er langt frá að vera ásökunarefni. Það er ekki nema viðurkenning á því, sem er eðlilegt, að til þess að geta leyst af hendi vandasamt verk þarf kunnáttu til þess verks. Nú hefir háskólinn reynt að bæta úr þessu fyrir lögfræðingana. Mjer er kunnugt um, að fyrir 1—2 árum var byrjað að kenna bókfærslu. Jeg er þó ekki viss um, að því verði haldið áfram. En hvað sem því líður, þá er þarna fengin viðurkenning fyrir því, að háskólapróf í sjálfu sjer gefur ekki fulla tryggingu fyrir því, að menn geti alla hluti, líka það, sem þeir ekki hafa lært þá. Jeg geri sem sagt ráð fyrir, að í tilfellum eins og hæstv. ráðherra nefndi yrði mögulegt að taka próf, á sinn hátt eins og nú eru möguleikar fyrir hvern mann á vissum aldri að geta fengið að taka próf í mentaskólanum. En það, sem mjer fanst einna helst vanta í ræðu hæstv. ráðherra, var viðurkenning á þessu, að stjettin verði nógu margmenn, þó slík skilyrði yrðu sett. Vitanlega má segja það með rjettu, að verslunarskólarnir hjer sjeu ekki eins fullkomnir eins og þeir ættu að vera, og í öðru lagi að skólar þeir í nágrannalöndunum, sem ungir menn nema verslunarfræði í, sjeu heldur ekki alfullkomnir. En því meiri trygging er fyrir góðum árangri, sem lengra líður og skólarnir fá meiri festu. Það er vitaskuld ekki gefinn hlutur, að skólagangan geri alla að fínum verslunarmönnum, en með henni er þó trygð sú lágmarksþekking, sem óhjákvæmileg er í því starfi, sem þeir eiga að taka að sjer.

Það er samkv. till. hv. meiri hl. gert ráð fyrir, að stjórnin setji reglugerð um þetta efni. Það verður þá væntanlega hæstv. atvrh. (MG), er hana semur, og þætti mjer fyrir mitt leyti mjög fróðlegt að heyra, hvernig hann hugsar sjer að haga skilyrðunum í þessu efni. Því annaðhvort verður að fara nokkuð nærri því, sem hjer er talað um, eða skilyrðin verða því nær engin, eða hafa enga þýðingu fyrir stjettina.

Jeg held, að Alþingi megi vel líta á það, að frá kaupmannastjettinni sjálfri hafa komið kröfur um skilyrði. Og ennfremur að kaupmannastjettin hjer í bænum er að undirbúa lagabálk um verklega þekkingu á verslunarsviðinu. Og þegar þar við bætist, að kaupfjelög hjer á landi hafa ekkert að segja í gagnstæða átt,

þvert á móti eru þau samdóma Verslunarráðinu, eða vilja jafnvel ganga lengra, þá sje jeg ekki ástæðu fyrir þingið að halda þessari götu víðari heldur en þeir vilja, sem að verslun vinna.

Þá kemur síðasti liðurinn í brtt. okkar minnihlutamanna, um það að hækka árgjald fyrir verslun um helming. Var jeg satt að segja nokkuð hissa á, að hæstv. ráðherra skyldi ekki verða glaður yfir þeirri breytingu. Fyrst og fremst er þarna fundið fje fyrir ríkissjóðinn, það sem það nær; og á hinn bóginn er þessi skattur svo óendanlega hverfandi lítill, borið saman við útgjöld hjá hverri verslun, sem nefnandi er því nafni. Við vitum það vel, sem kunnugir erum hjer í Reykjavík, að meðalbúðarleiga — ekki fyrir stóru búðirnar, heldur litlar búðir — er oft um 300 kr. á mánuði. Hvað munar verslun, sem borgar 3600 kr. á ári í leigu, um einar 300 kr. í árgjald til ríkisins? Hæstv. ráðherra ber fyrir brjósti ekkjurnar, sem versla. Nú erfa þær sumar hverjar blómlegar verslanir; býst jeg alls ekki við, að þær verði frekar en aðrir í vanda með þessar 100 kr. Yfirleitt get jeg ekki hugsað mjer nokkra verslun, sem nefnandi er því nafni, sem munar nokkuð verulega um slíkt gjald. Ríkissjóð munar dálítið um það, þegar alt kemur saman; en aðallega hefir það þá þýðingu, að svo að segja hver aumingi sje ekki að byrja verslun. Það munar sem sagt engu fyrir dugandi fólk, þá, sem hafa efni og andlegan kraft; en það getur munað þá, sem ekki í neinum kringumstæðum ættu að hafa opna búð. Mjer urðu það vonbrigði, að hæstv. ráðherra (MG) skyldi ekki geta verið þessu fylgjandi. Get jeg því varla sjeð líkur til þess, að honum sje alvara að vilja með frv. þessu nokkuð verulega þrengja aðgang að stjettinni. Og er það þó svo, eins og hann tók sjálfur fram og öllum er vitanlegt, að stjettin er of stór, og eykst mikið með ári hverju.

Að síðustu vil jeg minnast á atriði, sem jeg er alveg samdóma hæstv. ráðherra (MG) um í raun og veru, þó jeg sje einn af þeim nefndarmönnum, sem hafa skrifað undir brtt. í gagnstæða átt. Jeg á við þann þátt frv., sem lýtur að því að greina alveg sundur heildsölu og smásölu. Fyrir mitt leyti geng jeg fúslega inn á þetta atriði stjfrv.; en niðurstaðan varð sú í nefndinni, að það væri ekki vel framkvæmanlegt, þó það væri að kenningunni til rjettara, og höfum við því gert þá breytingu, sem hv. frsm. (J. Jós) mintist á. En jeg vil aðeins undirstrika það, að það er vafalaust rjett hjá hæstv. ráðherra (MG), að þetta ákvæði, að heildsalar megi hafa smásölu, verður óánægjuefni milli þessara tveggja verslunargreina. En fulltrúi smásölunnar áleit þetta eiginlega góða lausn; og jafnframt var okkur ljóst í nefndinni, að ef einhver heildsali vill versla í smásölu, þá getur hann raunar ósköp vel gert það með lepp, eins og verslun hefir stundum verið rekin á útibúum. Jeg býst við, að þó stjfrv. sje máske í kenningunni rjett í þessu efni, þá sje þessi málamiðlun ekki óskynsamleg leið, að minsta kosti í bili, til þess að sjá, hvað þessar stjettir geta þolað í sambúðinni á þennan máta.

Ætla jeg svo ekki að tala frekar um þetta nú, og líklega ekki nema lítið eitt síðar meir. En jeg vil aðeins taka það fram, að ef litið er stórt á málið, þá er heppilegra að taka till. minni hl. og herða dálítið á skilyrðunum, bæði um heiðarleika í viðskiftum og um þekkingu og að því er snertir gjaldþrot.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er ekki til neins að hafa langa ræðu um þetta mál, enda ekki svo mikið, sem á milli ber. Það getur varla orðið mikið deiluatriði, hvort menn, sem tvisvar hafa orðið gjaldþrota, megi halda áfram að versla eða hvort eitt gjaldþrot sje nægilegt til þess að svifta þá verslunarleyfi. Í mínum augum er þetta ekki aðalatriði. En af því að dæmi eru til tveggja gjaldþrota hjá viðurkendum dugnaðarmönnum, þá finst mjer viðkunnanlegra að setja ekki harðari skilyrði en nú eru í frv. En því má ekki gleyma, að því aðeins mega menn halda áfram, sem gjaldþrota hafa orðið, að þeir sjeu búnir að koma samningum á eða greiða allar sínar skuldir.

Um 2. brtt. hv. minni hl. hefi jeg ekki annað að segja en það, sem jeg tók fram í gær, að mjer þykir það ekki sanngjarnt að gefa verslunarskólunum einkarjett til þess að uppala menn í þessar stöður, af því jeg sje ekki betur en að hægt sje á annan hátt að fá þá þekkingu, sem er alt eins góð og sú, sem þessir skólar veita. En náttúrlega dettur mjer ekki í hug að hneykslast á því, þótt hv. 5. landsk. (JJ), sem er skólastjóri verslunarskóla, vilji halda fram rjetti síns skóla. En það er um fleiri að hugsa en þessa tvo skóla og verslunarstjettina, og það eru landsmenn yfir höfuð. Jeg fæ ekki annað skilið en að sá maður, sem talsvert mikið hefir numið, þó annað sje en verslunarfræði, ef hann er eins vel að sjer og sjerskólagengnir menn í öllu, sem að faginu lýtur, þá sje hann ósanngirni beittur, ef hann er útilokaður nema hann hafi int af hendi þetta próf, sem er óneitanlega aðeins form fyrir mann, sem kannske þekkir alt saman, sem að starfinu lýtur, betur en þeir, sem eru útskrifaðir úr þessum skólum.

Að það hafi farið illa fyrir sýslumönnum vegna þekkingarleysis í bókfærslu, þekki jeg ekki til. Mjer er alveg kunnugt um það, að sú bókfærsla, sem sýslumenn þurfa að hafa, er ekki svo flókin, að það geti ekki hver sæmilega skynsamur og mentaður maður int hana af hendi. Það liggja alt aðrar ástæður til þess, að það hefir farið svo hjá sumum sýslumönnum, sem farið hefir, sem sje trassaskapur þeirra sjálfra eða óregla.

Hv. þm. (JJ) spurði, hvaða skilyrði jeg mundi setja í væntanlegri reglugerð. Jeg verð að segja honum það, að þegar jeg ákvað að taka ekki skilyrðin upp í frv., þá var það af því, að jeg áleit heppilegast að afráða ekkert um þau fyr en þar að kæmi. Jeg sje ekki ástæðu til að ákveða þau fyrirfram; enda geri jeg ráð fyrir, að um það verði leitað umsagnar bæði samvinnufjelaganna og Verslunarráðsins eftir till. hv. meiri hl. Og jafnvel þótt ekkert hefði komið fram í þá átt, þá býst jeg við, að að minsta kosti Verslunarráðið hefði verið að spurt.

Um árgjaldið hefi jeg ekki mikið að segja. Hann sagði, hv. þm. (JJ), að litlar búðir hjer væru leigðar á 300 kr. á mánuði. Leigan mun vera farin töluvert að lækka nú, eftir því sem jeg hefi komist næst. En svo er víðar rekin verslun hjer á landi en í Reykjavík, og má ekki miða eingöngu við það, sem þar er. Hinar smæstu verslanir munar töluvert um þetta gjald. Og það er ómögulegt að neita því, að sama gjald á allar verslanir er mjög órjettlátt.

Að síðustu var hv. þm. að tala um, að við værum sammála um að þrengja aðgang að verslunarstjettinni, og það er rjett. En það er álitamálið, hvað á að þrengja hann mikið. Það, sem okkur hv. þm. (JJ) aðallega skilur á, það er, á

hvern hátt þetta skuli gert. Jeg hefi þá skoðun, að þessir menn, sem fara í verslunarskólann og samvinnuskólann, þeir sjeu ekki þar svo lengi og njóti ekki þeirrar staðgóðu mentunar, að það sje rjett að láta þá hafa sjerstakan einkarjett til að fara í þessar stöður. Þá skildist mjer hv. þm. leggja áherslu á þetta gjald meðfram sökum þess, að það myndi þrengja aðgang að verslunarstjettinni. En þarna er hv. þm. í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann segir líka, að verslanir muni ekkert um svo lítið gjald. En aðalatriðið er, að það er ekki sanngjarnt að láta menn borga skatt ársárlega fyrir rekstur atvinnu. Yfirleitt er á þessu landi frjálst að reka atvinnu. Sumstaðar þarf þó atvinnurekandi að greiða gjald í byrjun, en eftir það er atvinnan algerlega frjáls. En hitt dettur mjer ekki í hug að segja, að þetta gjald sje neitt verulegt atriði; og gæti jeg felt mig við frv., jafnvel þótt gjaldið yrði samþykt.

Jeg get eftir atvikum felt mig við brtt. hv. meiri hl., en jeg á erfitt með að fella mig við brtt. hv. minni hl., því jeg sje ekki annað en að minsta kosti þurfi að hafa undanþáguheimild að því er snertir þessa skóla. Það má ómögulega rígbinda sig við þá með þetta verklega nám, sem hv. þm. nefndi. Í vöruþekking liggur þó dálítill angi af þeirri verklegu kunnáttu. Skal jeg svo ekki lengja umræður frekar; tel það ástæðulaust.

Jónas Jónsson: Jeg veit reyndar dæmi til þess, að það hefir komið fyrir á bestu heimilum að lenda í fjárvandræðum *einu sinni*. En jeg vil halda, að þau dæmi, sem við þekkjum og hugsum kannske báðir um, sanni frekar mitt mál en hv. meiri hl. Þá telur hæstv. ráðh. (MG) það nokkra bót, ef maður eftir að hafa t. d. tvisvar lent í fjárvandræðum, ef hann hefir komið lagi á allar skuldirnar. Þetta er formlega rjett. En í þessari kreppu, sem verið hefir nú síðustu árin, þá hefir því verið þannig varið, að enginn er kallaður gjaldþrota, sem hægt er að semja við um 5—10% af allri skuldasúpunni. Aðeins þeir, sem svo langt eru sokknir niður, að ekkert næst hjá, eru kallaðir gjaldþrota. Því oftar sem slíkt kemur fyrir, því verra fyrir þjóðfjelagið í heild. Og þetta er ein af ástæðunum til þess, að báðir bankarnir hafa svo háa vexti. Þeir hafa lánað fyrirtækjum, sem þeir svo hafa orðið að ganga inn á samninga við um stórfeldar uppgjafir. Þótt sum af óhöppum fyrirtækja á undanförnum árum megi telja óviðgeranleg, þá hafa þó ýms áreiðanlega verið viðgeranleg.

Þá sagðist hæstv. ráðherra ekki vilja gefa þessum skólum hjer neinn einkarjett. Jeg vil benda á það, að þeir, sem standa að þessum skólum hjer á landi, Verslunarráðið og þeir, sem standa að samvinnuskólanum, eiga sjaldan samleið. Því ekki að taka tillit til þessara aðilja, er þeir eru sammála? Það má því frekar ganga út frá góðum málstað þegar svona stendur á.

Jeg veit, að hæstv. ráðherra hefir tekið eftir því, að tekin verða til greina próf frá útlendum skólum; og mjög margir verslunarmenn hjer á landi hafa slík próf. Um það ætlast jeg einmitt til, að hæstv. stjórn segi álit sitt, af því skólarnir geta verið svo misgóðir. Jeg játa, að það er rjett hjá hæstv. ráðherra, að verði þessi grein um prófin samþykt við þessa umr., þá er óhjákvæmilegt við 3. umr. að bæta því við, að þessar tvær íslensku stofnanir sjeu skyldar til að prófa menn eftir sömu

reglu og nemendur þeirra. *(Atvrh. MG:* En ef þær verða lagðar niður?). Þá yrði ríkið að stofna nýja og dýra skóla. *(Atvrh. MG:* Þá yrði að breyta lögunum). Það er altaf siður hjer á þingi að breyta lögum til og frá. Annars held jeg, að ef slík þjóðarógæfa kæmi fyrir, að tvær slíkar stofnanir legðust niður, og allir verslunarskólar í nágrannalöndunum, sem Íslendingar hafa sótt, yrðu ekki lengur til, þá mundi tími fást til að finna einhver bjargráð.

Jeg hygg, að hæstv. ráðherra hafi ekki athugað það nógu vel, að sú stefna er stöðugt að verða meir ráðandi hjer á landi og úti um allan heim meðal stjettanna yfirleitt, að gera ráð fyrir, að hvert í meðallagi vandasamt verk verði að lærast.

Jeg sagði í gær við hæstv. ráðherra, að það væri ekki til neins fyrir okkur, sem ekki erum löglærðir, að fara að lesa lagasafnið í þeirri von að verða sýslumenn. Af hverju? Það er enginn vafi á, að ýmsir ólöglærðir menn gætu framkvæmt þau embættisstörf eins vel og þeir, er í embættunum sitja. En af hverju er það ekki leyft? Af því að í prófinu liggur talsverð trygging, þó ekki megi hún örugg teljast. Því jeg get nefnt dæmi, þar sem sýsla var rekin miklu betur af skrifaranum heldur en þegar sýslumaður var heima. Auðvitað er slíkt undantekning. Veröldin er einu sinni búin að slá því föstu um ýmsar greinir atvinnu eða embætta, t. d. um lækna, presta, lögfræðinga og jafnvel málfræðinga, — að jeg ekki tali um skipstjóra og vjelamenn —, að það er óhjákvæmilegt að heimta vissa þekkingu af þeim, er komast vilja í þessar stöður. Frá almennu sjónarmiði mun þetta mæla mjög með till. minni hl., en það er ekkert, sem mælir á móti. En í viðbót við þetta vil jeg taka það fram, að kaupmannastjettin og kaupfjelögin eru samdóma um að sætta sig við þessar kröfur. Og þá sje jeg ekki, hvers vegna sá ráðherra, sem hefir borið fram þetta frv. með þeim rökstuðningi, að það ætti að miða að því að draga úr óeðlilegum vexti verslunarstjettarinnar, getur verið á móti slíkum kröfum.

Hæstv. atvrh. (MG) segir, að ýmiskonar óreiða hjá sýslumönnum landsins stafi minst af vankunnáttu í bókfærslu, heldur af öðrum ástæðum. Þetta mál verður ekki útkljáð hjer. Jeg held við það, sem jeg hefi sagt, og hann vill væntanlega ekki heldur hvarfla frá sinni skoðun. Þó vil jeg benda á, að fyrir skömmu síðan fann háskólinn hvöt hjá sjer til að ýta undir þekkingu stúdenta, einkum laganema, í bókfærslu og hjelt kennara í því skyni. Ennfremur get jeg sagt frá því, að í vetur hefir einn lögfræðistúdent notið tilsagnar í bókfærslu í þeim skóla, sem jeg veiti forstöðu, vafalaust vegna þess, að hann hefir álitið, að betra væri að kunna eitthvað í þeirri grein en kunna ekki.

Enda þótt brtt. okkar á þskj. 270 verði feldar hjer í dag, þá höfum við ekki flutt þær að erindisleysu, því að með þeim höfum við túlkað skoðun verslunarstjettarinnar í landinu, sem óskar eftir, að strangari þekkingarskilyrði verði lögleidd á þessu sviði. Og með þeim er yfirleitt túlkað álit þeirra manna, sem vilja ekki, að verslunarstjettin vaxi svo úr hófi fram, að þjóðfjelagið bíði við það verulegan hnekki.

Hæstv. ráðh. (MG) segir rjettilega, að enga skyldu beri til að fara skilyrðislaust eftir áliti verslunarstjettarinnar, eða Verslunarráðsins fyrir hennar hönd, í öllum málum. Þetta er alveg rjett. En hinsvegar er skaðlaust að taka tillögur henn-

ar til greina, þegar þær falla saman við hagsmuni þjóðarinnar í heild, en það gera þær í þessu efni, eftir því sem jeg fæ best sjeð.

Sigurður Eggerz: Jeg sje ekki ástæðu til að gera þá breytingu, sem hv. allshn. leggur til að gerð verði á 5. gr. frv., sem sje að gera minni kröfur til heimilisfestu en gerðar eru í stjfrv. Í 5. gr. stjfrv. stendur m. a.: „Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skulu þeir, sem þá ábyrgð bera, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr.“ En samkv. brtt. hv. nefndar eiga ekki aðrir að fullnægja þessum skilyrðum en stjórn fjelagsins og svo þeir, sem rita firmað. Jeg fæ ekki sjeð neina ástæðu til að gera þessa breytingu.

Að því er snertir 2. brtt. á þskj. 270, þá verð jeg að segja, að jeg var í fyrstu að hugsa um að greiða henni atkv., því mjer finst ekki nema sanngjarnt, að sú þekking sje heimtuð, sem þar segir.

En hinsvegar er þess að gæta, að til eru margir menn, sem hafa fengist við verslunarstörf um margra ára skeið, þó ekki hafi þeir lokið prófi við verslunarskóla. Maður, sem t. d. hefir verið bókhaldari við verslun í 5—6 ár, mun að öllum jafnaði vera betur undir það búinn að reka sjálfstæða verslunaratvinnu en sá, sem kemur beint frá prófborði einhvers verslunarskóla.

Jeg skal játa, að það er rjett að heimta meiri þekkingarskilyrði en nú er gert af mönnum, sem vilja reka sjálfstæða verslun, en hinsvegar er hart að útiloka slíka menn frá þeim atvinnurekstri. Jeg get þess vegna ekki greitt umræddri brtt. atkv. skilyrðislaust. Ef hún verður samþykt, þá verður um leið að setja einhver bráðabirgðaákvæði um þá menn, sem nú eru gamlir og reyndir starfsmenn við verslanir, þó að þeir sjeu enn ekki orðnir kaupmenn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg legg ekki svo ýkjamikið upp úr því, þó að Sambandið og Verslunarráðið geti sameinast um brtt. 2 á þskj. 270, því á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir, og man hv. 5. landsk. (JJ), hvernig á því stóð. Þetta sannar engan veginn, að hjer sje um þjóðþrifamál að ræða, því að þessir aðiljar hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig, en við, sem hjer sitjum, eigum að hugsa um þjóðfjelagsheildina. Það er því ekki næg sönnun fyrir ágæti brtt., þó að Sambandið og Verslunarráðið sjeu sammála um hana, þar sem eigin hagsmunir þessara aðilja falla hjer saman. *(JJ:* Það er verslunarstjettin, sem vill gera sig sem best mentaða). Já, að vísu. En við erum ekki sammála um, að alt sje fengið þó að þessum skólum sjeu veitt einkarjettindi. Og við eigum ekki að fara skilyrðislaust eftir vilja Sambandsins eða Verslunarráðsins í þessum efnum, heldur eftir því, sem við teljum rjettast og heppilegast bæði fyrir verslunarstjettina og aðrar stjettir.

Út af ummælum hv. 1. landsk. (SE) um brtt. hv. allshn. við 5. gr. skal jeg taka það fram, að jeg er sammála hv. þm. (SE) um, að þessarar breytingar er ekki þörf. En brtt. þessi er flutt vegna þess, að hv. nefnd hefir fundist fjelög með breytilegri fjelagatölu falla undir 1. lið 5. gr., en þau falla í raun og veru undir 3. lið greinarinnar.

Svo var til ætlast, að 1. liður næði til fámennra fjelaga, þar sem a. m. k. einn fjelagi bæri ótakmarkaða ábyrgð á skuld-

bindingum fjelagsins. Jeg verð því að álíta, að stjfrv. sje brtt. betra að þessu leyti, þar sem það er þrengra. Ef t. d. 3 menn reka verslun í fjelagi, þá verða þeir allir að fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. samkv. stjfrv., en þurfa þess ekki eftir till. hv. nefndar.

Háttv. 1. landsk. (SE) benti einnig á menn, sem lengi hefðu starfað við verslunarfyrirtæki, t. d. sem bókhaldarar, í sambandi við brtt. á þskj. 270,2. Hjelt hann, að ráða mætti bót á því ákvæði með bráðabirgðaákvæði; en svo er þó ekki, því að slíkir verslunarmenn, án prófs, koma auðvitað jafnt hjer eftir sem hingað til, og ákvæðið verður jafnranglátt gagnvart þeim, sem síðar koma, sem þeim, er nú eru fyrir, og það er einmitt vegna þessara manna, sem það er ranglátt að gera það að föstu skilyrði, að menn hafi tekið próf við þá skóla, sem í brtt. segir. Það ætti að vera nægilegt, að maðurinn sýndi á einhvern hátt, að hann sje hæfur til að fást við verslunarstörf, og það má ómögulega blanda þessu saman við störf lækna. Þau eru alt annars eðlis og svo langtum vandasamari, að slíkt er ekki sambærilegt. Hver getur t. d. „opererað" nema sjermentaðir læknar? *(JJ:* Það eru til sjálflærðir læknar). Það er mjög sjaldgæft, og jeg held alveg útilokað, að til sjeu sjálfmentaðir læknar, sem geti leyst öll læknisstörf af hendi. Sama máli gegnir um lögfræðinga. Það er til fjöldi manna, sem getur int af hendi mörg þau störf, sem lögfræðingar hafa venjulega með höndum, en svo koma fyrir mál, t. d. sakamál, sem engir geta leyst úr nema lögfræðingar. Og svona er því varið á mörgum sviðum. En í verslun kemur slíkt ekki fyrir, og er því ekki sambærilegt.

Mjer finst þetta ákvæði brtt. einna sviplíkast því, ef sett yrði í lög, að engir gætu orðið bændur, sem ekki hefðu gengið í bændaskóla og lokið þaðan prófi, en það er braut, sem jeg fyrir mitt leyti vil ekki ganga inn á.

Frsm. (Jóhann Jósefssonn): Hæstv. atvrh. (MG) beindi þeirri fyrirspurn til nefndarinnar, hvort hún ætlaðist til, að heildsalar, sem versluðu einnig sem smásalar, ættu að greiða árgjald af hvorritveggja versluninni. Jeg hefi ekki beinlínis borið þetta atriði undir hv. samnefndarmenn mína, en jeg get svarað því frá mínu sjónarmiði, og jeg held, að jeg sje þar í samræmi við skoðun nefndarmanna yfirleitt, en annars svara þeir fyrir sig, ef svo er ekki. Jeg lít svo á, að menn eigi að greiða árgjöldin samkv. verslunarleyfisbrjefum sínum. Sá, sem hefir heildsöluleyfi, greiði árgjald sem heildsali, en hafi hann einnig smásöluleyfi, þá skuli hann og greiða smásalaárgjald.

Vegna þess, sem annars hefir verið sagt um þessi árgjöld, skal jeg geta þess, að nefndin hefir tekið þau upp samkv. till. Verslunarráðsins, sem verður að skoða málsvara verslunarstjettarinnar í landinu. En fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar vil jeg lýsa yfir því, að hann heldur fast við sínar till. um upphæð gjaldsins og mun ekki fallast á, að það verði hækkað samkvæmt brtt. hv. minni hl., enda er það rjett, sem hæstv. ráðh. (MG) sagði, að gjald þetta kemur altaf misjafnlega niður, þar sem það er jafnhátt á smáum og stórum verslunum, og verður því hlutfallslega þyngra á smærri verslununum. Hið eina, sem getur dregið úr þessu óhjákvæmilega misrjetti, er, að gjaldið sje lágt, og við það vill meiri hl. nefndarinnar halda sjer, og getur því engan veg-

inn fallist á till. háttv. minni hl. um að hækka það.

Jeg vil eindregið mótmæla því, að þessi skattur sje af mjer eða meiri hl. nefndarinnar hugsaður sem liður í því að fækka starfandi verslunum í landinu. Það getur alls ekki verið tilgangurinn.

Sem sagt er till. um þetta árgjald flutt samkv. bendingu Verslunarráðsins, og hefir það í huga, að verslunarstjettin verði sjálf látin njóta góðs af skatti þessum, enda stakk það jafnframt upp á því, að nokkur hluti skattsins gengi til þess sjálfs og verslunarskólans hjer í Reykjavík, sem er undir yfirstjórn Verslunarráðsins.

Nefndinni fanst þó ekki viðeigandi að ráðstafa skattinum þannig fyrirfram, heldur vill hún láta hann renna beint í ríkissjóð, en þó er hún öll á einu máli um það, eins og sjá má af nál., að ekki sje nema sanngjarnt og sjálfsagt, að ríkissjóður verji meira fje en hingað til hefir verið gert til þess að menta verslunarstjettina, og ennfremur til þess að hafa betra eftirlit með því, að ýmsum lagafyrirmælum um verslun og verslunaratvinnu sje hlýtt, eftir að verslunarstjettinni hefir verið íþyngt með slíkum aukaskatti.

Þetta er ekki nema sanngjörn krafa frá þeirra hálfu, sem skattinn eiga að greiða, og þetta hlýtur að vera aðaltilgangurinn með skattálagningunni, en ekki hitt, að hún verði til þess, að verslunum fækki til muna.

Út af ummælum hv. 5. landsk. (JJ) um verslunarskólana er þess að geta, að ekki er nema eðlilegt, að þessi ummæli komi frá honum, sem er skólastjóri annars skólans, sem um er að ræða, en annars eru kröfur hans um þekkingarskilyrðin ekki þannig vaxnar, að hægt sje að segja, að þær sjeu í rauninni of miklar. En hinsvegar finst mjer nægilegt, að hlutaðeigandi maður, sem sækir um verslunarleyfi, sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi nægilega þekkingu í bókhaldi og á vörum til þess, að honum sje trúandi til að reka sjálfstæða verslunaratvinnu, hvar sem þessi þekking kann að vera fengin. Ennfremur finst mjer nógu tryggilega um hnútana búið, að stjórnarráðið setji fyrirmæli um þetta atriði, að fengnum till. Verslunarráðsins og Sambands íslenskra samvinnufjelaga.

Ingvar Pálmason: Hæstv. atvrh. (MG) hafði m. a. á móti árgjaldinu af þeim ástæðum, að það kæmi jafnt niður á verslunum, hvort sem þær væru smáar eða stórar. Þetta er rjett að því er árgjaldið snertir, en þess ber og að gæta, að hið sama má segja um sjálft leyfisbrjefagjaldið. Hvorugt þessara gjalda er hægt að miða við stærð verslananna, eins og gefur að skilja. Enda hefir gjald fyrir verslunarleyfi hingað til verið tekið alveg án tillits til þess, að hve miklum hagsbótum leyfið kunni að verða leyfishafa, enda er ekki hægt að ætlast á um slíkt fyrirfram. Manni, sem byrjar verslun í mjög smáum stíl, getur t. d. vaxið svo fiskur um hrygg, að verslun hans verði tiltölulega mjög umfangsmikil á örfáum árum. Slíkt getur altaf breyst frá ári til árs. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að þessi árgjöld sjeu einkum nauðsynleg vegna eftirlits með verslunum í landinu.

Eins og kunnugt er, er það mjög slælegt víðast hvar, og t. d. þekki jeg til fjölda manna, sem hafa leyst verslunarleyfisbrjef, en reka þó enga verslun. Eina ráðið til þess að geta fengið glögt yfirlit yfir starfandi verslanir í landinu er einmitt

þetta, að leggja árlegt gjald á verslanirnar. Og þetta tel jeg mikilvægustu ástæðuna fyrir því að lögleiða árgjaldið.

Þá hefir talsvert verið um það deilt, hvort sanngjarnt sje að veita verslunarskólum þeim, sem nú eru starfandi hjer, nokkurskonar einkarjett til þess að framleiða verslunarmenn, eða öllu heldur sjálfstæða verslunarrekendur. Jeg fæ nú ekki betur sjeð en þetta sje í fullu samræmi við það, sem gildir hjá okkur á ýmsum öðrum sviðum. Við höfum allskonar sjerskóla, sem hafa það verkefni að veita mönnum sjerfræðimentun, sem víða er krafist í löggjöfinni til þess að menn megi hafa viss störf með höndum. Þessi brtt., að lögfesta sem skilyrði fyrir að mega reka sjálfstæða verslunaratvinnu, að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi próf við sjerskóla, er því í fullu samræmi við ýms ákvæði í okkar eigin löggjöf, sem og löggjöf nágrannaþjóða okkar um þessi efni. Annars er óþarfi fyrir mig að fjölyrða frekar um þetta, þar sem háttv. 5. landsk. (JJ) hefir talað rækilega fyrir brtt.

Viðvíkjandi aths. hv. 1. landsk. (SE) um, að til sjeu menn óskólagengnir, sem hafi starfað við verslun árum saman og á þann hátt fengið betri sjermentun en skólarnir geta veitt, skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki sjeð, að hart sje að gengið, þó að slíkir menn þyrftu að leysa af hendi próf við annanhvorn verslunarskólann, ef þeir vilja byrja sjálfstæðan verslunarrekstur. Jeg þykist vita, að slíkum mönnum muni veitast auðvelt að leysa þetta próf af hendi.

Dæmi, sem eru þessum prófum hliðstæð, eru til á öðrum sviðum, einnig hjer á landi. T. d. geta stýrimenn leyst próf sín af hendi, þó að þeir hafi ekki gengið í skóla, en til þess þurfa þeir að hafa öðlast þá þekkingu, sem sett er sem skilyrði fyrir prófinu.

Hv. meiri hl. þykir nægilegt, að hlutaðeigandi færi sönnur á, að hann hafi nægilega þekkingu til þess að reka verslun. En þá rís sú spurning, hvað sá atvrh., sem með völdin fer í hvert skifti, telur nægilega þekkingu. Ef það atriði er látið óútkljáð, þá verða kröfurnar komnar undir geðþótta atvrh., og er engan veginn víst, að þeir líti altaf sömu augum á þetta mál. En í öllum sjermentunargreinum hlýtur meiningin að vera sú, að skilyrðin til að geta talist sjerfræðingur sjeu altaf hin sömu, enda gæti annað leitt til misrjettis. Þess vegna efa jeg ekki, að rjettara er að taka fram þegar í upphafi, hver skilyrðin skuli vera, en láta þau vera komin undir geðþótta þess embættismanns, sem um málið fjallar á hverjum tíma.

Hv. meiri hl. vill ekki kannast við, að árgjöldin, hvort sem þau verða ákveðin há eða lág, verði mikill hemill á fjölgun kaupmanna eða verslunarfyrirtækja. En mjer skilst þó á þeirri andúð, sem hærra ákvæðið mætir, að hún bendi til þess, að menn telji það verða mundu vexti verslunarstjettarinnar til trafala.

Það getur meira en vel verið, að gjald þetta komi ekki ætíð rjettlátlega niður, en svo er ávalt um slík gjöld. Það er erfitt að ákveða þau svo, að enginn geti talið sjer misrjetti sýnt. Vil jeg því vona, að hv. deild geti gengið inn á þetta árgjald, ef ekki hærra gjaldið, þá a. m. k. hið lægra, ekki síst með tilliti til þess, sem jeg hefi sagt um eftirlitið með starfandi verslunum í landinu. Vegna þess sjerstaklega álít jeg spursmálslaust rjett að lögleiða þetta árgjald.

ATKVGR.

Brtt. 249,1 samþ. með 10:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 270,1 feld með 8:5 atkv.

— 249,2.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 270,2 feld með 8:3 atkv.

— 249,2.b samþ. með 8:2 atkv.

— 249,2.c samþ. með 9 shlj. atkv.

— 249,2.d samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 249,3.a samþ. með 9:3 atkv.

— 270,3 feld með 8:6 atkv.

— 249,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 249,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 249,5 samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 249,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 249,7.a—b samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 249,8.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 270,4.a—b feld með 8:5 atkv.

— 249,8.b samþ. með 9:3 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 249,9 samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 249,10 samþ. án atkvgr.

16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 249,11.a—b samþ. með 11 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að þetta mál verði tekið út af dagskrá. Jeg skal geta þess, að hv. frsm. (JJós) mun ekkert hafa við það að athuga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi aðeins óska þess, að málið tefðist ekki mikið. Það hefir verið það sem af er þingtímanum hjer í þessari hv. deild og á eftir að ganga í gegnum hv. Nd.

Sigurður Eggerz: Jeg bið ekki um, að því verði frestað lengur en til morguns. Það var ósk mín að athuga eitt atriði í málinu í erlendum rjetti. En jeg vil taka það fram, að málið getur þrátt fyrir það verið á dagskrá á morgun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 285).

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), hvort orðin í 5. gr.: „Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um hlutafjeð, ef sjerstaklega stendur á“, sjeu hlið-

stæð ákvæðum í erlendri löggjöf um þessi efni. Mjer hefir ekki unnist tími til að rannsaka þetta atriði eins og jeg hefði kosið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að segja, að jeg hefi ekki athugað útlenda löggjöf um þetta efni, og get því ekki svarað fyrirspurn hv. 1. landsk. (SE) að svo stöddu. Hinsvegar man jeg ekki betur en samskonar ákvæði sjeu í hlutafjelagalögunum okkar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 285).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta er hingað komið frá hv. Ed. Þar var það vandlega skoðað, og varð ekki ágreiningur um það nema í örfáum atriðum; var það allshn. Ed., sem hafði mál þetta til athugunar í þeirri deild. Jeg vona þess vegna, að þrátt fyrir það, hversu nú er orðið áliðið þings, er það hefir staðið í fulla tvo mánuði, að hv. allshn. Nd. flýti svo afgreiðslu þessa máls, að líkur verði til þess, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Í Ed. varð það aðallega að ágreiningi í sambandi við þetta mál, hvort leggja skyldi árgjald á kaupmenn og verslunarfjelög. Þetta hafði ekki staðið í frv. upphaflega, og er ekki mikilsvert atriði í sjálfu sjer, og þó jeg sje á móti þessum ákvæðum, geri jeg þau ekki að kappsmáli og vil heldur, að frv. verði samþykt svo breytt heldur en að þetta verði málinu til hnekkis á þessu þingi. Þá var og um það deilt, hvort heldur stórsalar ættu að skyldast til að versla eingöngu í stórkaupum eða þeim skyldi leyft að hafa einnig smásölu á hendi. Varð það efst í hv. Ed., að þeim skyldi leyfast að versla einnig í smásölu, ef þeir leystu bæði leyfisbrjef til heildsölu og smásölu. Þetta var heldur ekki leyft í frv. stjórnarinnar. Jeg sje að vísu ekkert á móti því, að þetta verði leyft, ef heildsalar þá hafa opna smásölubúð, þó að jeg sje hræddur um, að farið kunni að verða kringum þessi ákvæði. Þá vildi minni hl. allshn. Ed. setja það að skilyrði fyrir því, að menn mættu fást við verslun, að þeir hefðu tekið próf í verslunarskóla hjer á landi eða erlendis. Jeg var á móti þessu ásamt meiri hluta nefndarinnar, því jeg áleit þetta of langt farið og væri þetta fullmikil vernd fyrir þessa skóla hjer, sem eru einkafyrirtæki og gera má ráð fyrir, að geti því lagst niður. Jeg hygg jeg þurfi svo ekki að fara fleiri orðum um þetta frv., en mælist til, að því, að aflokinni þessari umr., verði vísað til allshn., sem jeg vænti, að geri það, sem í hennar valdi stendur, til að flýta framgangi þess sem mest.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 419 og 460, 470, 479).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 479. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta kom til þessarar hv. deildar þegar áliðið var þingtímans og var þá sent til allshn. Hefir hún athugað frv. allrækilega, en ekki getað orðið sammála um það. Eins og menn vita, fer frv. þetta fram á breytingar frá því, sem nú gildir, t. d. um rjett manna til að versla með innlendar iðnaðarvörur, sem hingað til hefir ekki þurft verslunarleyfi til að selja, en samkv. frv. þessu þarf nú að kaupa leyfi til þess að versla með þessar vörur. En í frv. er leyft að selja búsafurðir og fiskiframleiðslu án verslunarleyfis, og er það ekki nein breyting. En þó er slík sala því aðeins leyfileg án þess að hafa verslunarleyfi, að aðili hafi ekki opna sölubúð. En þetta, og margt fleira, sem vikið verður að síðar, getur meiri hl. allsherjarnefndar ekki fallist á, og vill því gera ýmsar breytingar á frv., meiri og víðtækari en þær, sem hv. minni hl. telur nauðsynlegt. Ganga breytingar meiri hl. því meir í þá átt að færa frv. í svipaða stefnu og núgildandi lög um þetta efni ákveða. Meiri hl. álítur ekki rjett að íþyngja íslenskum iðnaði með því að gera sölu á honum bundna við verslunarleyfi, og gerir því brtt. um þetta efni við 1. gr. 2. tölul. frv. Þá þykir okkur óviðkunnanlegt að þýða „agentur" með „tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup", 1. málsgr., og teljum að orðið „farsala" sje betra. Í 3. málsgr. 1. gr. frv. fellum við burt orðin „til þarfa sinna", og setjum í þess stað „pöntunarfjelag", sem átt mun vera við með þessum orðum.

Að öðru leyti gerir frv. ráð fyrir talsverðri rýmkun með tilliti til verslunar með erlendan varning, en meiri hl. getur ekki fallist á, að slík rýmkun sje æskileg eða nauðsynleg, þar sem ekki verður annað sagt en að nógu margir sjeu fyrir, sem fást við verslun. Aðalefnisbreytingar, sem meiri hl. hefir fallist á, að gera þurfi á frv., eru um sölu á iðnaðarvörum og svo um að þrengja rjett manna til að versla með erlendar vörur. Eftir núgildandi lögum mun sami kaupmaður ekki hafa leyfi til að hafa nema eina sölubúð á sama stað, en frv. gerir ekki ráð fyrir, að þetta sje takmarkað. En meiri hl. álítur þetta skakka stefnu og vill færa það í það horf, sem nú er. Myndi hitt ýta undir stærri og voldugri verslanirnar að koma upp mörgum búðum, og eru þær þó nógu víða fyrir, þó ekki sje ýtt undir menn að fjölga þeim með þessu.

Í sambandi við 10. gr. frv. vil jeg gera þá athugasemd, að þó gerður sje í frv. greinarmunur á ýmsum tegundum verslunarrekstrar og mismunandi gjald á hann lagt eftir því, svo sem smásölu, stórsölu, umboðssölu o. s. frv., þá er skiftingin samt sem áður mjög óljós eftir frv. T. d. verður ekki betur sjeð en að sá, sem hefir rjett til að versla í smásölu, hafi einnig alveg sama rjett og stórsalar, nema hvað hann verður aðeins að kalla sig smákaupmann. Nú hefir einnig hv. Ed. breytt frv. í það horf, að stórkaupmenn hafa jafnframt leyfi til að versla í smásölu. Nú vill nefndin leyfa sjer að skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), hvort ekki muni vera hægt að koma með skilmerkilegri greining á starfssviðum hinna ýmsu verslunartegunda við 3. umr.

7. brtt., við 11. gr. frv., er um sveitaverslunarleyfi. Viljum við gera heimilisfesti að skilyrði fyrir því, að leyfið sje veitt, því annars mætti hugsa sjer, að kaupstaðaverslanir tækju upp á því að fara að setja upp útibú úti um sveitir. Áður þurfti sá, sem fjekk leyfi til sveita-

verslunar, að hafa einhver jarðarafnot, en það skilyrði setjum við ekki, heldur förum við milliveg milli þess, sem er í stjfrv., og þeirra ákvæða, sem nú gilda um þetta efni, og krefjumst aðeins, að sá, sem leyfið fær, sje heimilisfastur í viðkomandi hreppi.

Þá mun sú brtt. meiri hl. þykja máli skifta, að fella niður árgjaldið, sem gert er ráð fyrir í frv. Einnig vill nefndin fella niður heimild ráðherra til að gefa eftir gjald fyrir verslunarleyfi. Mjer finst óþarfi að hafa slíkt ákvæði í lögunum, þar sem allir, sem bolmagn hafa til að reka verslun, geta greitt gjaldið, ekki meira en það er. En að nefndin vill fella niður úr 13. gr. ákvæðin um árgjald, kemur af því, að bæði er smásala lítið arðvænleg og í öðru lagi verður ekki sjeð, hvers vegna beri sjerstaklega að skatta þennan atvinnuveg. Fremur væri reynandi að setja einhverjar frekari hömlur fyrir því, að menn ráðist í verslun að ófyrirsynju.

Þessar munu nú aðalbrtt. meiri hlutans. En svo eru nokkrar smærri, sem jeg vil víkja að fám orðum, og sem flestar ganga út á það að þrengja rjett manna til að reka verslun.

Er þess þá fyrst að geta, að í stjfrv. er eins árs búseta í landinu nægileg til að öðlast leyfi til verslunar, að öðru uppfyltu. Þessu vill nefndin breyta svo, að viðkomandi maður skuli hafa verið búsettur hjer síðustu 3 árin, eða til vara 2 árin síðustu, ef fyrri till. nær ekki fram að ganga. Í líku augnamiði er það, að við viljum fella niður 15. gr. frv. Er ekki rjett, að sú grein standi í lögunum, því ef þeir, sem þar um ræðir, hafa öðlast frekari rjett samkvæmt löglegum samningi, þá halda þeir honum hvort sem er.

Þær brtt., sem þá er eftir að minnast á, eru flestar orðalagsbreytingar, og hefi jeg minst á sumar þeirra áður, svo sem brtt. við 1. gr. frv. Í 7. gr. frv. er talað um, að menn „missi kosta“. Þykir meiri hluta nefndarinnar þetta óviðkunnanlegt orðalag, og komum við því með brtt. um að orða þetta á annan veg. Ýmislegt fleira af þessu tægi mætti nefna, en jeg hirði ekki að vera að telja það upp. En þess vænti jeg, að allir muni fallast á, að orðabreytingar nefndarinnar miði flestar heldur til bóta.

Að lokum vil jeg geta þess, að þó að nefndin hafi varið allmiklum tíma til að athuga frv., þá má vel vera, að ýmislegt hafi farið framhjá henni, sem ábótavant er við frv. Jeg efast ekki t. d. um, að ýmislegt fleira hefði mátt færa þar til betra máls.

Jeg tel víst, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) muni sjálfur gera grein fyrir sínum brtt., og fer jeg því ekki út í þær að þessu sinni.

Vænti jeg svo, að háttv. deild sjái sjer fært að samþykkja brtt. meiri hlutans.

Bernharð Stefánsson: Eins og sjá má á þskj. 460, þá hefi jeg skrifað undir nál. meiri hl. allshn. með fyrirvara. En þar sem hv. frsm. meiri hl. (JBald) skýrði ekki að öllu rjett frá um eitt atriði þessa máls, sem olli því, að jeg skrifaði undir með fyrirvara, þá verð jeg að skýra ofurlítið frá afstöðu minni.

Sannleikurinn er þá sá, eins og jeg tók fram við nefndina, að fyrirvari minn þýddi það, að jeg gat ekki verið háttv. meðnefndarmönnum mínum sammála um að fella niður árgjaldið. Jeg álít, að verslanir sjeu þegar nógu margar, og helst of margar, í landinu, og að það sje ekki nema rjett og gott að setja einhvern hemil á þær; og jeg tel, að þetta árgjald, þótt lítið sje, geti orðið hemill á því, að rokið

sje til að setja upp smáverslunarholur, sem svo venjulega falla um koll fljótt aftur. Jeg get ekki sjeð, að neitt ranglæti sje í því fólgið að leggja slíkt árgjald á verslanir, ekki hærra en það er; því það, að þjóðfjelagið veitir þennan rjett, að hafa opna sölubúð og reka opinberlega verslun, það eru svo mikil rjettindi, að ekki er óeðlilegt, þótt fyrir þau sje eitthvað borgað. Jeg veit, að það mun verða sagt gegn þessu, að árgjaldið leggist á viðskiftamennina, það verði því ekki annað en nýr neysluskattur. En jeg hygg, að sá skattur muni nema sáralitlu, ef um nokkra verslun er að ræða; en eins og jeg hefi þegar sagt, ætti árgjaldið samt að geta orðið til einhverrar hindrunar því, að þessar smáu verslunarholur þytu upp eins og gorkúlur á haug. En verslun, sem er meira en nafnið tómt, munar þetta náttúrlega sáralítið.

Þá er annað atriði, sem jeg gat ekki fallist á í till. meiri hl., í brtt. við 3. gr., þar sem meiri hl. leggur til, að í staðinn fyrir „síðasta árið“ í 1. tölulið komi: 3 síðustu árin. Mjer finst það ekki allskostar rjettlátt að gera svo strangar kröfur til manns, þó hann vilji fá að versla hjer á landi, að hann þurfi endilega að hafa verið búsettur hjer 3 síðustu árin. Það má hugsa sjer góðan og gildan Íslending, sem hefir verið búsettur erlendis, og vill svo fara að versla hjer. Mjer finst hart, að hann þurfi að bíða eftir því í 3 ár. Jeg gæti ef til vill gengið inn á varatill. um 2 ár, en alls ekki aðaltill.

Jeg ætla svo ekki að eyða tímanum að ræða meira um þetta mál. Hefði slept því að gera nokkra grein fyrir þessum fyrirvara, ef ekki hefði viljað svo til, að hv. frsm. meiri hl. gleymdi að geta um það, að jeg skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara og var honum ekki sammála um þessi tvö atriði.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Áður en jeg kem inn á brtt. hv. meiri hl. og annara við þetta frv., ætla jeg með fáeinum orðum að lýsa brtt. minni hl. allshn. á þskj. 419, sem eru aðeins 3, og 1 á þskj. 479, sem af vangá var ekki tekin með, en hún leiðir af 3. brtt. á þskj. 419. 1. brtt. er við 5. gr. og er að mjer skilst leiðrjetting á prentvillu í frv., enda veit jeg til, að frsm. málsins í hv. Ed. benti á þetta.

Þá er önnur brtt. okkar, við 7. gr., sem einnig er leiðrjetting. Það er röng tilvitnun í 6. gr. Það er auðsjeð, þegar maður les þessa grein, að það getur ekki staðist eins og er, en nægilegt að vísa aðeins í 6. gr. um undanþágu.

Þá er 3. brtt., við 13. gr., að verslunarárgjaldið bæði fyrir stórsölu og smásölu, sem var sett í frv. í Ed., verði felt niður. Í þessu atriði er allshn., að undanteknum hv. 2. þm. Eyf. (BSt), alveg sammála. Okkur finst það ekki sanngjarnt að leggja þetta aukagjald sjerstaklega á þessa atvinnugrein í landinu. Þeir, sem þessa atvinnu stunda, þurfa að kaupa þau rjettindi áður en þeir byrja, svo að þessu leyti eru þar sett strangari skilyrði heldur en alment gerist með atvinnuvegi hjer á landi. Þess vegna þykir okkur það ekki sanngjarnt að leggja á atvinnu þessa sjerstakt aukagjald. Nú er það svo, að þetta er fram komið samkv. uppástungu frá Verslunarráði Íslands, sem ætlaðist til, að gjaldið rynni til þess að menta stjettina, og var það þá vel afsakanlegt. En hv. Ed. breytti þessu og samþykti, að árgjaldið rynni til ríkissjóðs, svo með því verður það aukaskattur á þessa at-

vinnugrein, og það verðum við að telja miður sanngjarnt. Vera má, að þetta kynni að verða lítilsháttar hemill á menn, sem stunda þessa atvinnu; en jeg hygg, að það mundi ekki verka neitt heppilega, eða að minsta kosti ekki í samræmi við tilætlun hv. meiri hl., sem vill reyna að sporna við því, að stærri verslanir geti náð útbreiðslu og bolað hinum minni á bug. Yrði þetta einhver hemill á verslun, þá myndu smærri verslanir hætta, en þær stærri gætu engu að síður haldið áfram og verið reknar á fleiri útsölustöðum í sama kaupstað. Svo er á það að líta, að árgjald þetta myndi aðeins leggjast á vörurnar, og þar með kaupendur þeirra, og kæmi þess vegna ekki rjettlátlega niður.

Þetta eru nú brtt. okkar í minni hl., og jeg býst við, að hv. meiri hl. sje yfirleitt með þeim, að minsta kosti aðalbrtt. við 13. gr., því þar gengur hann nokkru lengra. Hv. meiri hl. hefir einnig gert margar brtt. við frv., sem flestar eru orðabreytingar, sumar máske til bóta, aðrar vafasamar í því tilliti, og aftur aðrar, sem vafalaust eru heldur til skaða. Fyrsta brtt. er við 1. gr., að í stað „tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup“ fer hv. meiri hl. fram á að setja inn orðið „farsölu“. Jeg hefi ekki heyrt það orð fyr; veit ekki, hvort hv. meiri hl. á við farandsölu, sem til eru lög um frá 1907, en mjer skildist þó á hv. frsm. meiri hl., að „farsala“ væri sama og „agentur“. Jeg kann ekki við þetta orð, en vil þó hinsvegar tæpast gera það að ágreiningsatriði. Tilboðasöfnun um vörukaup er orð, sem mjer finst best ná meiningunni, en farsala getur ef til vill blandast saman við farandsölu, sem er alls ekki sagt, að fylgist að, þótt svo geti átt sjer stað í vissum tilfellum.

Stærsta breyting hv. meiri hl. er við 1. gr., að undanskilja þá alla, sem reka verslun með innlenda framleiðslu frá að heyra undir þessi lög um verslunaratvinnu. Þetta er allstórvægileg breyting, sem virðist ganga alllangt út fyrir það, sem eiginlega er hægt að fara. Skilst mjer það erfiðleikum bundið að setja slík takmörk, og gæti haft ranglæti í för með sjer. Við skyldum segja, að það kæmist á stóriðnaður í húsgagnasmíði. Sá, sem hefði atvinnu af að versla með þá muni, þyrfti ekki verslunarleyfi, en annar kaupmaður, sem verslar með sömu vöru útlenda, þyrfti verslunarleyfi. Jeg álít óheppilegt að hafa takmörkin þarna. Þó það hafi verið gömul venja að binda þetta við borgarabrjef, þá eru menn fyrir löngu horfnir frá þeirri hugmynd. Má sjá í lögum um þessi efni frá 1911 (almenn viðskiftalög), að þar er hugtakið miklu þrengra en hjer er farið fram á. Þar er tvímælalaust sá talinn kaupmaður, sem rekur verslun með innlendar afurðir eða innlendar vörur.

Við 3. lið 1. gr. hefir meiri hl. gert lítilsháttar orðabreytingu, að í stað „til þarfa sinna“ komi: (pöntunarfjelag). Jeg er ekki alveg viss um, að þetta sje til bóta; en þó býst jeg varla við, að breytingin geti valdið misskilningi.

Þá er ofurlítil breyting við 3. gr., þar sem hv. meiri hl. vill setja strangari skilyrði um heimilisfestu, þannig, að þeir, sem verslunarleyfi geti fengið, hafi verið búsettir hjer á landi 3 síðustu árin, eða til vara 2 síðustu árin; en frv. setur búsetu hjer síðasta árið sem skilyrði. Í stjfrv. er, minnir mig, ekki talið neitt nema heimilisfesta. Mjer virðist þessi breyting hv. meiri hl. vera óþörf. Yfirleitt þar sem er sett heimilisfesta í lög, þá virðist mjer nægja, að hún ein sje tiltekin, án þess að farið sje neitt aftur í tímann. Ef

nokkur meining er að fara aftur í tímann, þá finst mjer, að miða beri við rjettindi, t. d. kosningarrjettinn, dýrmætasta rjettinn, sem hægt er að fá. En að krefjast 2—3 ára búsetu álít jeg meiningarleysu. Það er alveg rjett, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) tók fram, að þetta getur verið ranglátt gagnvart íslenskum ríkisborgurum, sem hafa verið heimilisfastir erlendis, en flytja hingað; þeir eru útilokaðir frá þessari atvinnu þangað til þeir hafa dvalið hjer 2—3 ár. Heimilisfestan hlýtur að vera aðalatriðið, því með henni er fengin trygging fyrir því, að maðurinn sje hjer starfandi. Jeg tel því þessa till. heldur til hins lakara, og tel jafnvel, að þessi heimilisfesta síðasta árið, sem háttv. Ed. setti í frv., hafi verið óþörf. Jeg býst við, að ef þetta verður samþykt, geti það haft það í för með sjer, að kaupmenn fái sjer leppa til þess að stunda fyrir sig þessa atvinnu. Og það er ekki heppilegt að vera að setja svo ströng skilyrði í atvinnulöggjöfina, að menn þurfi að fara að nota leppa.

Brtt. hv. meiri hl. við 3. gr. 5. lið er ekkert annað en afleiðing af því, sem fyr er búið að gera.

Þá eru við 4. gr. brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Fer jeg ekki langt út í þær. Hina fyrstu brtt. get jeg ekki felt mig við, því mjer virðist það ekki geta komið til mála að leggja það undir bæjar- og sveitarstjórnir, hvort embættismenn og sýslunarmenn megi reka þessa atvinnu eða ekki. Því það er yfirleitt ætlast til með lögunum, að þessir menn eigi ekki að geta rekið verslun, og þar getur hlutdrægni ráðið um, ef bæjarstjórnum og sveitarstjórnum er lagt í vald, hvort leyfi skuli veita. Það yrði meira samræmi í undanþágunum, ef ráðherra veitir þær. Ein bæjarstjórn kynni að veita leyfið, þar sem önnur bæjarstjórn myndi synja.

Við 6. gr. hefir hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) lagt til, að orðin „nema sveitaverslun sje“ falli niður. Jeg held, að þetta sje ekki rjett hjá hv. þm.; þetta verður að standa þarna, til þess að samræmi sje milli þessarar gr. og 11. gr. frv., og samræmi við þau gildandi lög um þetta efni, að ekkja geti ekki haft sveitaverslunarleyfi manns síns.

Um brtt. við 10. gr. er lítið að segja, nema helst að því er snertir 3. málsgr., þar sem hv. meiri hl. hefir gert efnisbreytingu. Mjer virðist hann hafa misskilið það, sem stendur í greininni, og þar af leiðandi byggi hann brtt. sína á röngum forsendum. Hann skilur 3. málsgr. 10. gr. þannig, að verslunarleyfi heimili mönnum útsölu á fleirum en einum stað í sama kaupstað eða kauptúni. En það er misskilningur. Aftur á móti hefir maðurinn leyfi til að versla á fleirum en einum stað, t. d. í Reykjavík og Hafnarfirði. En í brtt. er ekkert um það sagt, hvort maður megi hafa fleiri útsölustaði en einn á hverjum stað. Annars er brtt. þessi ekki heppileg. Fyrst og fremst segir hv. meiri hl., að verslunarleyfi skuli ekki veita rjett til verslunar á nema einum stað í sama „verslunarumdæmi“. Nú vantar algerlega alla skilgreiningu á því, hvað verslunarumdæmi sje, því það er ekkert því til fyrirstöðu, eins og jeg hefi sagt, að einn maður getur fengið verslunarleyfi til að versla í öllum kaupstöðum landsins, svo verslunarumdæmið gæti þá verið alt landið. En jeg þykist vita, að hv. meiri hl eigi við einn kaupstað eða verslunarstað, sem hann fær leyfi til að versla í; þá þarf að útskýra þetta betur. Og þar sem hv. meiri hl. fer ekki fram á að fella burt

þessi ákvæði 16. gr., að opna brjefið frá 7. apr. 1841 skuli numið úr gildi, þá sýnist mjer hann ekki ná því, sem hann ætlar sjer að ná með þessari breytingu. Annars held jeg, að það sje ekki rjett að halda þessari gömlu reglu áfram, að banna mönnum að hafa nema einn útsölustað í sama kaupstað, því jeg held, satt að segja, að það sje nokkuð úrelt ákvæði og hafi ekki nokkra þýðingu. Hjer í Reykjavík t. d. er það talsvert farið að tíðkast, að menn, sem hafa stóra verslun, hafi útsölustaði víðar um bæinn. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að menn fari þannig í kringum þetta gamla ákvæði; bara að fá einhvern mann til að veita útsölunni forstöðu, og þannig getur sama verslunin haft fleiri útsölur. Vitanlega verða þeir að kaupa verslunarleyfi handa forstöðumanni útibús síns.

Með samvinnulögunum frá 1921 er líka kaupfjelögum veitt leyfi til að hafa útsölu á fleirum en einum stað. Að því leyti sje jeg enga ástæðu til að láta aðra reglu gilda fyrir kaupmenn en kaupfjelög, þar sem er nákvæmlega sama aðferð hjá báðum.

Orðabreytinguna við síðustu málsgrein 10. gr. læt jeg afskiftalausa. Þá hafa bæði hv. meiri hl. og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) komið með brtt. við 11. gr. Hv. meiri hl. fer fram á heimilisfestu í sveitinni, en hv. 1. þm. S.-M. gengur nokkru lengra, að hlutaðeigandi hafi jörð eða jarðarhluta til ábúðar. Það er að vísu svo, að hv. þm. er þarna í samræmi við núgildandi lög; en mjer virðist þetta gamla ákvæði vera úrelt og er ákveðinn fyrir mitt leyti að greiða atkvæði á móti þessum brtt. Jeg álít það nægilegan hemil, þar sem valdið er hjá sýslunefndunum, og tel því óþarfa að krefjast heimilisfestu eða að maðurinn sje búandi á jörð eða jarðarparti. Það getur jafnvel orðið til tjóns fyrir hjeraðsbúa í sumum tilfellum.

Brtt. hv. meiri hl. við 13. gr. er aðeins orðabreyting, og sje jeg því ekki ástæðu til að vera á móti henni. Sömuleiðis býst jeg ekki við að hafa á móti hinni brtt., að fella niður 3. lið síðari málsgreinar.

Brtt. hv. meiri hl. við 14. gr. er orðabreyting, og sömuleiðis brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Tel jeg þær fremur til bóta.

Þá leggur hv. meiri hl. til, að 15. gr. sje feld niður. Jeg sje ekkert á móti því, því að jeg býst við, að óþarfi sje að taka það ákvæði fram í lögum.

Þá hefi jeg farið í gegnum allar brtt. þær, sem hjer liggja fyrir. Eru aðallega þrjár efnisbreytingar, sem sje við 1., 3. og 10. gr., sem jeg vil vara háttv. deildarmenn við að samþykkja.

Sveinn Ólafsson: Jeg er ekki viss um, hvort í frv. þessu felast meiri rjettarbætur en rjettarspjöll. Eins og það er nú, finst mjer áhalt vera um þetta tvent.

Breytingar þær frá núgildandi lögum, sem frv. þetta flytur, ganga mest í þá átt að auka tekjur ríkissjóðs af verslununum, og eru því einskonar óbein skattalög; því að þau auknu gjöld, sem með þessu eru lögð á verslanirnar, koma vitanlega niður á viðskiftamönnunum. Má því segja, að hjer sje verið að fá einni stjett manna í hendur skattheimtu og skattálögurjett fyrir ríkissjóð. En hvort það er svo mikill búhnykkur, læt jeg ósagt, því sú skattheimta hefir í för með sjer álagningu á skattinn. Auðvitað fær ríkissjóður töluverðar tekjur með þessu í árgjöldum, ef fram gengur, en jeg álít það samt ekkert hagræði eða rjettarbót.

Um þetta skal jeg svo ekki fjölyrða frekar. Hv. frsm. beggja hluta allshn. hafa líka talað um þetta alment.

Hjer liggja fyrir til umr. brtt., bæði frá meiri og minni hl. allshn., á þskj. 460 og 419. Flestar eru þær til bóta. Þó vil jeg sjerstaklega undirstrika brtt. hv. meiri hl., því að þær færa frv. í aðgengilegri búning en áður var, ef samþykki ná. Eftir að brtt. þessar komu fram og jeg hafði sjeð þær, leyfði jeg mjer að koma fram með nokkrar viðbótartillögur við þær, á þskj. 470. Jeg hafði í byrjun hugsað mjer að hafa þessar till. fleiri, en af því að hv. meiri hl. kom fram með nokkrar brtt. samkynja þeim, sem jeg hafði hugsað mjer, fjell jeg frá sumum þeirra. Till. mínar koma hvergi í mótsögn við brtt. hv. meiri hl., en í tveimur atriðum ganga þær nokkuð lengra.

Jeg legg til, að sú breyting sje gerð við 4. gr. frv., að í stað þess að ráðherra úrskurði í hverju einstöku tilfelli, hvort ákveðinn embættismaður eða sýslunarmaður megi fá verslunarleyfi, þá skuli það lagt undir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir. Hv. frsm. minni hl. (JK) vjek að þessu, og að því er mjer skildist, taldi hann, að bæjar- og sveitarstjórnir mundu ekki alment vera færar um að dæma um þetta. Jeg lít svo á, að þeim megi betur treysta til að meta það, hvort sameina megi opinbera starfið við verslun, en ráðherra, sem sjaldnast getur komið á vettvang, og þess vegna síður dæmt um það, hvort verslun komi í bága við störf sýslunarmanns, en handgengnir menn.

Annars verð jeg að segja það um 4. gr., að mjer finst hún yfir höfuð óeðlileg. Eins og t. d. að meina konu hafnsögumanns að reka smámunaverslun eða konu símstöðvarstjóra, sem líka verður að teljast sýslunarmaður landsins. Að þessu leyti tel jeg 4. grein ganga of langt og álít eðlilegt, að það sje lagt undir bæjar- og sveitarstjórnir að skera úr, hvort slíkur verslunarrekstur geti komið í bága við þau opinberu störf.

Þá er 2. brtt. mín, við 5. gr. Þar legg jeg til, að niður falli síðasti málsliður 2. tölul. greinarinnar, þar sem ráðherra er heimilað að veita undanþágu um, að fullur helmingur af stofnfje verslunarfyrirtækis skuli vera innlendur. Þetta ákvæði finst mjer með öllu óþarft, því jeg tel ekki viðeigandi að opna upp á gátt fyrir útlendum fjesýslumönnum og leyfa þeim skilyrðislaust að keppa við landsmenn í verslun eða öðru innanlands. Það er einmitt í þessu, sem jeg geng nokkru lengra en hv. meiri hl. allshn.

Þriðja brtt. mín er við 6. gr. frv. og lýtur að því að fella niður þau ákvæði greinarinnar, sem banna ekkju manns, sem verslar í sveit, að hagnýta sjer, að honum látnum, verslunarleyfi hans. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að í grein þessari er gert ráð fyrir, að ekkja manns, sem verslar í kaupstað eða kauptúni, megi hagnýta sjer rjett þennan. En jeg lít svo á, að hið sama eigi að gilda í báðum tilfellunum.

Háttv. frsm. minni hl. taldi, að þessi rjettindamunur þyrfti að vera svo, vegna samræmis við 11. gr. En jeg tel það óþarfa, jafnvel þó að litið sje svo á samkvæmt 11. gr., að leyfi til sveitaverslunar sje ekki háð eins þröngum skilyrðum um þekkingu sem verslun alment, því að ekkjurnar, sem leyfið ekki var miðað við í upphafi, eru vitanlega jafnhæfar, hvort sem þær eru heldur úr sveit eða kaupstað, og ber því sami rjettur til þess að njóta þessara hlunninda.

Þá er 4. brtt. mín. Hún er við 11. gr. frv. og er að nokkru leyti hliðstæð brtt. hv. meiri hl. á þskj. 460, en fer að nokkru leyti lengra. Jeg legg nefnilega til, að sá, sem vill fá sveitaverslunarleyfi, verði að

hafa ábúð á jörð eða jarðarparti í hreppnum. Háttv. frsm. minni hl. taldi þetta ákvæði úrelt og óþarft, en jeg tel það eiga eins vel við og áður, því jeg býst ekki við, að sveitamenn kæri sig um að fá hina og þessa hlaupagosa úr kaupstöðunum til þess að reka verslun uppi um sveitir. En við því má búast, ef þetta ákvæði er ekki sett. Enda býst jeg ekki við, að sveitunum verði neinn ávinningur að þvílíkum útibúum úr kaupstöðum. Hitt er aftur víst, að sá, sem hefir jörð eða jarðarpart til afnota, hlýtur að vera þar fastur búandi og því um leið samverkamaður og stuðningsmaður sveitarfjelagsins og sveitarbúa.

Loks er síðasta eða 5. brtt. mín. Hún er ekki efnisbreyting, en lagfæring á máli, sem er óvenjulega álappalegt á þessari grein. Meiri hl. hv. allshn. hefir vitanlega lagt til breytingu í þessu efni, en hún gengur ekki eins langt og nægir ekki til þess, að greinin verði óbjöguð.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni, enda býst jeg ekki við, að um þessar brtt. þurfi að deila.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer sýnist flestir vera farnir úr deildinni, og veit jeg því ekki, hvort það hefir nokkra þýðingu að fara að ræða málið nú. *(KlJ:* Það er ekki verra en vant er).

Hv. frsm. meiri hl. (JBald) sagði, að jeg hefði skilið orð hans rjett, að frv. þetta gengi í þá átt að rýmka aðgang að verslun. Þetta er fjarri öllum sanni. Frv. gengur í þveröfuga átt, og það hefði hv. frsm. átt að geta sjeð, ef hann aðeins hefði kynt sjer núgildandi löggjöf í þessu efni. Og vil jeg því benda honum á, að í frv. þessu eru sjerstök ákvæði um vöruþekkingu verslunarmanna, sem ekki eru í eldri lögum. Sömuleiðis eru sett ný ákvæði um bókfærsluþekkingu manna, búsetu o. fl., o. fl., sem ekki voru áður í lögum. Alt þetta miðar að því að þrengja aðgang til verslunar, en ekki rýmka. Það eina, sem má telja rýmkun frá því, sem áður var, er, að sami maður má eftir frv. versla í fleiri en einum stað í sama kaupstað.

Af öllum þessum fjölda brtt. hv. meiri hl. mun jeg einungis ræða þær till., sem eru efnisbreytingar. Sparðatíninginn læt jeg vera, en svo nefni jeg ýmsar brtt., sem hv. meiri hl. allshn. kveðst flytja til þess að laga málið á frv.

Frv. þetta er samið af prófessor Einari Arnórssyni, þeim manni, sem jeg þekki bestan íslenskumann og færastan lögfræðing. Og jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að hv. meiri hl. allshn. tekur honum þar alls ekki fram.

Skal jeg þá fyrst snúa mjer að þeirri brtt. hv. meiri hl., að þeir, sem versla með innlendan iðnaðarvarning, þurfi ekki verslunarleyfi. Jeg get gengið inn á að rýmka þetta ákvæði svo, að þeir, sem versla með sínar eigin afurðir, þurfi til þess ekkert verslunarleyfi. En að maður, sem kaupir iðnaðarvörur af öðrum til þess að selja aftur, þurfi ekki verslunarleyfi, er alveg óhæft, enda á það sjer hvergi stað. Það sæist best, ef þetta land væri iðnaðarland, hversu mikil fjarstæða þetta er.

Jeg vænti því, að hv. nefnd taki till. þessa aftur til 3. umr.

Þá vill nefndin fella burt orðið „tilboðasöfnun", en setja í þess stað orðið „farsölu". Jeg veit ekki vel, hvað þetta orð „farsala" þýðir, en líklega mun það helst þýða sama og „farseðlasala". Þetta getur þó ekki verið tilætlun hv. nefndar, heldur mun hjer vera átt við það, sem í

lögum frá 1907 er nefnt „farandsala“. En hvers vegna nefndin þá hefir ekki viljað nota það orð, skil jeg alls ekki. Orðið er góð íslenska. Í Njálu er t. d. talað um „farandkonur“. En aðalatriðið í þessu er það, að orðið „tilboðasafnarar“ má ekki falla burtu, hvort sem í staðinn kemur „farsala“ eða „farandsala“, vegna þess að farandsala nær alls ekki til allrar tilboðasöfnunar, heldur aðeins til þeirrar tilboðasöfnunar, sem er framkvæmd á ferðalagi. En allir vita, að til eru tilboðasafnarar, sem hafa fast aðsetur hjer á landi og aldrei ferðast neitt til þess að safna tilboðum.

Brtt. hv. nefndar um, að menn þurfi að hafa verið búsettir 3 ár hjer á landi áður en þeir fá verslunarleyfi, tel jeg fara of langt. Það eru mýmörg dæmi þess, að Íslendingar flytja hingað aftur eftir að hafa verið búsettir erlendis. Og að fara að útiloka þá um svo langan tíma frá verslunarleyfi, fyrir það eitt að hafa verið utan nokkur ár, sýnist mjer engin ástæða til.

Næst vildi jeg gjarnan minnast á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) við 4. gr., um að bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir skuli segja til um, hvort veita megi skipstjórum, hafnsögumönnum og embættismönnum verslunarleyfi. Jeg sje ekki, að þessi till. sje til bóta. Ef hún yrði samþykt, er hætt við, að farið yrði eftir sinni reglunni á hverjum stað um þetta, og reyndin yrði sú, að reglurnar yrðu jafnmargar og bæjar- og sveitarstjórnirnar, sem ákveða þyrftu um þetta. En ef atvinnumálaráðuneytið úrskurðaði þetta, myndi myndast ein regla, sem farið yrði eftir um alt land. Jeg legg ekki mikla áherslu á brtt. við 5. gr., um að leyfa ekki undanþágu um hlutafje. Hent gæti, að slíka undanþágu þyrfti að veita, en ef hv. þingdeild er það á móti skapi, skal jeg ekki gera það að kappsmáli. Sama máli gegnir um brtt. hv. meiri hl. um að setja inn „og almenningsheill krefur“.

Það eru víst aðeins orðabreytingar við 6. gr. nema brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um að fella burtu „nema sveitaverslun sje“. Það er, að heimila ekkju manns, er stundaði sveitaverslun, að halda henni áfram eftir dauða hans. Ákvæði frv. eru samkvæm gildandi lögum. Sá jeg ekki ástæðu til að breyta þeim í þessu efni, en þó skal jeg ekki hafa á móti, þótt þessi brtt. verði samþykt.

Brtt. við 7. gr. eru aðeins mjög lítilfjörlegar orðabreytingar, og er jeg hálfhissa, að hv. nefnd skyldi nenna að elta ólar við slíkt, einkum af því að það er síst til bóta, sem hún hefir gert. Sjerstaklega er svo um síðari brtt. við 7. gr., að í stað „málinu“ komi: „þessu“. Þetta getur valdið misskilningi, en það gerir frv.-greinin ekki.

Þá kemur hin mikilvæga brtt. við 10. gr.: Í stað „Greina skal í verslunarleyfi“ komi: „Í verslunarleyfi skal greina“. Mjer finst satt að segja hvorttveggja jafngott. Mun jeg leggja það undir smekk hv. þd. að meta, hvort betra sje, og langt frá því deila við háttv. meiri hl. um þetta. Vildi aðeins benda á það, af því að það sýnir átakanlega sparðatíning hv. meiri hluta nefndarinnar.

Um það atriði, hvort sami maður megi versla á fleirum en einum stað í sama kauptúni eða kaupstað, vil jeg aðeins segja það, að þetta hefir sáralitla þýðingu nema á stærri stöðum, og líklega eingöngu hjer í Reykjavík. En ástæðan til að fella þetta burt er sú, að hjer er, þrátt fyrir bann gildandi laga, verslað á fleir-

um en einum stað, með því móti, að breytt er lítilfjörlega um nöfn eða verslunin rekin undir annars nafni. Enda er svo alstaðar í stórum borgum, að sami maður hefir útsölur í borginni á fleirum en einum stað. Jeg geri þetta ekki að kappsmáli, en mjer virðist það hafa litla þýðingu að banna þetta, þegar víst er, að menn muni fara í kringum það eins og þeir hafa hingað til virt að vettugi samskonar ákvæði gildandi laga frá 1841. Jeg verð líka að taka undir það með háttv. frsm. minni hl. (JK), að mjer virðist orðið „verslunarumdæmi“ svo óákveðið, að ómögulegt sje að vita, hvað það þýðir. Líklega á það að merkja ákveðið kauptún og þá jörð, sem heimilað er að reka sveitaverslun á, — eða er það ekki meining hv. nefndar? Jeg að minsta kosti þekki ekki annað sveitaverslunarleyfi en að leyft er að reka verslun á ákveðinni jörð, og ætti þá verslunarumdæmið í því falli að merkja það, sem er innan landamerkja þeirrar jarðar. Nú kemur kannske nánari skýring á þessu, og vil jeg því bíða með að ræða það frekar þangað til.

Hv. meiri hl. nefndarinnar og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vilja auka mikið við skilyrðin fyrir sveitaverslunarleyfi og hafa gengið alt of langt til þess að draga úr heimildinni til að veita það. Mjer finst eðlilegast að láta sýslunefndirnar ráða þessu, eins og hingað til, enda hefir engin óánægja sprottið út af því. Jeg get ekki sjeð annað en að sýslunefndirnar sjeu fullfærar til að setja þau skilyrði, sem þörf er á fyrir leyfinu. Sjerstaklega finst mjer það ósanngjarnt að setja það skilyrði, að maðurinn sje búsettur í sýslunni, þegar leyfið er veitt. Virðist að minsta kosti vera nóg að skipa honum að setja sig þar niður. Og alveg fráleitt virðist mjer að setja það að skilyrði fyrir leyfinu, að maðurinn hafi ábúð á jörð eða jarðarhluta. Sveitaverslunarleyfi er ekki veitt nema viðkomandi sýslunefnd telji það heppilegt að hafa verslun í sveitinni, — og hvað kemur það málinu við, hvort maðurinn býr á jörð eða ekki? Skifti það máli, getur sýslunefnd gert það að skilyrði, en að krefjast, að svo sje altaf gert, er fjarstæða.

Þá er brtt. hv. meiri hl. við 13. gr. Í stað þess, að verslunarleyfisgjöld renni í ríkissjóð og fyrir leyfin skuli greiða o. s. frv. vill nefndin setja: „Verslunarleyfisgjöld renna í ríkissjóð, og skal greiða fyrir þau sem hjer segir“. Þetta segir nú hv. meiri hl., sem er með allan sparðatíninginn í orðabreytingunum. Hann vill láta greiða svo og svo mikið fyrir gjöldin, en ekki leyfin, eins og stendur í stjórnarfrv. Dálagleg meinloka þetta og sýnir glögglega aðferð meiri hl. nefndarinnar gagnvart frv.

Um sjerstakt árgjald þeirra, er verslun reka, er það að segja, að það var sett inn í hv. Ed. á móti vilja mínum, svo jeg get ekki verið á móti því, að það sje felt burtu hjer.

Svo eru hjer brtt. við 14. gr., mest ómerkilegar orðabreytingar, svo sem að í staðinn fyrir „maður“ komi: einhver. Jeg veit, að Halldór Friðriksson hefði ekki viljað hafa „maður“; en jeg ætla, að sá, er samdi þetta frv., sje engu síðri íslenskumaður en hann var.

Í staðinn fyrir „hafi ekki ómöguleiki tálmað“ á að koma: valdi því ekki almennar tálmanir. Hið fyrra er nú lögfræðilegur „terminus“ fyrir það, sem kallast „objectiv Umulighed“, og það orðatiltæki er kent hjer við háskólann og öllum laganemum ljóst, að það er mótsetning við „subjectiv Umulighed“. Og sje

jeg því ekki, að brtt. hv. meiri hl. sje til bóta.

Jeg tel, að ekki sje rjett að fella burtu 15. gr. Höfundur frv. er prófessor í ríkisrjetti hjer við háskólann, og hann telur nauðsynlegt að hafa þessa grein. Það er líka svo, að löggjöf hvers lands verður að vera í samræmi við milliríkjasamþyktir, og ekkert er á móti því að leiða athygli manna að því, að vera kunni, að það þurfi að leita út fyrir lög um verslunaratvinnu til þess að afgera, hvort ber að veita eða neita um heimildina til verslunar.

Brtt. við 16. gr. er óþörf, og ef menn vilja fara í hártoganir, getur hún orðið villandi, því hægt væri að segja, að hún ætti við fulltrúa yfirleitt.

Við brtt. hv. minni hl. nefndarinnar hefi jeg ekkert að athuga; jeg tel, að þær sjeu til bóta, enda skilst mjer, að báðir nefndarhlutarnir hafi verið sammála um þær, nema einn maður, sem hefir gert sjerstakan ágreining.

Að sinni skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en verð að segja, að það virðist nokkurnveginn sýnilegt, að með þessum mörgu brtt. eru svo miklir steinar lagðir í götu þessa frv., að það verður að líkindum mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að koma því fram á þessu þingi.

Magnús Torfason: Það má segja í þessu máli sem oftar, að hverjum þykir sinn fugl fagur, að því er snertir hæstv. atvrh. (MG). Mjer finst, sem hann kunni ekki gott að þiggja. Nefndin hefir gert sjer mikið far um að athuga vel þetta frv. Hún hefir talað við marga menn um þessa lagasetning og unnið ósleitilega að því að athuga alt sem rækilegast, enda þarf þess með, þegar þess er gætt, að slík lagasetning sem þessi hefir ákaflega mörg og víðtæk áhrif á aðstæður mjög margra manna. En eins og hæstv. atvrh. (MG) er kunnugt, fengum við þetta frv. ekki hingað í deildina fyr en um miðjan apríl, og því hefir nefndin ekki getað athugað það eins rækilega og skyldi, eins og ýmsar brtt., sem fram eru komnar frá öðrum hv. þm., bera ljósan vott um. Nefndin veit nú, að hún hefir ekki farið nógu langt í brtt. sínum, og verður því enn að koma með brtt. við 3. umr., ef málið á að komast í sæmilegt horf. Annars virðist mjer sem hæstv. atvrh. (MG) hafi víða farið helst til langt í því að breyta þeim gömlu lögum, sem við höfum nú um þetta,og var það því að mörgu leyti verk nefndarinnar að færa frv. nær þeirri löggjöf, sem nú gildir. Hefir lítið verið kvartað yfir henni, nema hvað auðvitað er, að hún er ófullnægjandi á sumum sviðum, af því að verslunin hefir aukist stórkostlega og breyst margvíslega á síðari árum, og er því þörf á að auka við verslunarlöggjöfina.

Jeg skal taka það strax fram, að það var alls ekki tilgangur nefndarinnar að gera neitt til þess að varna málinu framgangs. Þvert á móti hefir hún lagt kapp á að undirbúa það þannig, að Alþingi gæti fallist á að samþykkja frv. Það hefir talsvert verið fundið að brtt. nefndarinnar. Fyrst það, að við notum orðið „farsölu“ í stað „tilboðasöfnunar“. Jeg skal fúslega játa, að þó nefndin væri að brjóta heilann um þetta, þá gat hún ekki fundið neitt orð, sem henni líkaði vel, en henni leist svo, að þetta væri skársta orðið. Bendir það til þess, að farmenn voru þeir menn kallaðir til forna, sem fóru landa á milli með varning sinn og sátu

hjer oft á vetrum og seldu hann. En farsali grípur meira yfir kaupmannshugtakið en farmaður. Hitt er rjett, að þetta hugtak nær ekki alveg yfir það, sem ætlast er til að það nái yfir í stjfrv., en jeg er þó viss um, að það er betra en tilboðasafnari, sem einnig nær aðeins yfir hluta af hugtakinu, er tákna átti („agent"), og að þegar menn venjast því, þá munu þeir vel skilja meiningu þess.

Farandsali, sem hæstv. atvrh. (MG) vildi mynda af farandkona, er ónqthæft. Því eins og allir vita, þýðir farandkona sama og förukona, og jeg býst ekki við, að meining hæstv. atvrh. (MG) nje annara sje sú, að gera þessa menn alla að förumönnum.

Þá hefir verið fundið að því, að nefndin leggur til, að menn þurfi ekki verslunarleyfi til að selja innlendar iðnaðarvörur. Meiri hl. athugaði þetta mjög vandlega og reyndi að festa þessi ákvæði sem best, en sýndist, að altaf væri annaðhvort of skamt eða of langt farið. Hann kaus svo heldur að hafa löggjöfina sem rýmsta í þessu efni, meðal annars af því, að menn hafa nú mikinn hug á að styðja innlendan iðnað, og það er svo að segja hugsjón manna að koma hjer upp almennum húsgagnaiðnaði innlendum. Býst jeg því við, að því yrði ekki illa tekið, ef þessi brtt. meiri hl. yrði samþykt.

Menn sækjast sjerstaklega eftir öllu útlendu, en vilja ekki innlendar vörur, þótt þær sjeu jafngóðar eða betri. Þó vitum við, að í öðrum löndum er uppi sú alda að styðja innlendan iðnað og framleiðslu, og í þessa átt stefnir breytingin.

Hæstv. atvrh. (MG) þótti skemtilegt þetta orðatiltæki „til þarfa sinna", en við rákum augun í, að í .3 lið 1. gr. er talað um að stofna „fjelag til þarfa sinna". *(Atvrh. MG:* Það stendur ekki). Jú, en um smekkinn er vitanlega ekki hægt að deila.

Þá viljum við og koma í veg fyrir það, að útlendingar geti vaðið hjer inn og sett hjer upp verslun. Var það af ráðnum hug gert, því að við lítum svo á, að börn landsins eigi að hafa þá atvinnu fyrir sig, og nóg er af verslunarmönnum hjer á landi, er hafa bæði vit og þekkingu á starfi sínu. Jeg hefi talað við marga kaupmenn, og þeir álíta bæði þarft og gott að takmarka aðgang útlendinga til verslunar hjer. Og þótt mönnum þyki ef til vill hart, að Íslendingur, sem hefir verið nokkur ár erlendis, skuli ekki mega setja upp verslun hjer, þá er því að svara, að það er ekki hægt að setja lög fyrir undantekningarnar.

Þá hefir verið talað um það atriði, að kaupmönnum leyfist ekki að hafa fleirí en eina verslun í sama kaupstað. Það er nú svo ákveðið í lögum, og er engin ástæða til að breyta því. Þessu ákvæði hefir máske ekki verið fylgt nú á seinni árum hjer í Reykjavík, en meðan Halldór Daníelsson var hjer bæjarfógeti, var því stranglega fylgt. En nú láta menn það dankast, meðan það skaðar ekki almenning. Með lögum 1841 var ákveðið, að sami maður mætti ekki versla nema á einum stað, og það stendur í forsendum opna brjefsins, að það hafi gefist illa áður, og nú er ekki síður hætta á því en þá, ef útlendir stórburgeisar ættu verslanirnar og gætu í byrjun sett verð niður úr öllu valdi, meðan þeir væru að koma íslenskum kaupmönnum á kúpuna.

Um sveitaverslunarleyfi verð jeg að líta svo á, að menn verði að vera heim-

ilisfastir í þeirri sveit, er verslunin er stofnuð í, til þess að geta fengið leyfið. Það er kunnugt um marga, sem hafa byrjað verslun í sveit, að þeir hafa verið góðir bændur og notað gróða verslunarinnar til þess að bæta jarðir sínar. Þess vegna er jeg fylgjandi brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ).

Þá er hjer eitt orð, sem hefir verið talið óalandi og óferjandi, en það er „verslunarumdæmi“. Það var sett af ráðnum hug. Það getur staðið svo á, að ekki sje rjett að binda verslunarleyfið við neina sjerstaka jörð, heldur aðeins við hrepp, og er hann þá „verslunarumdæmi“.

Að við leggjum til, að 15. gr. verði feld niður, stafar af því, að eins og hún er í frv. getur hún ekki staðist og er óþörf, enda hefir það komið fram hjer í deildinni, að sendiherra Dana teldi hana óþarfa; mundu líka mörg lögin, sem þetta ætti þá að standa í, ef það stæði hjer.

Um brtt. við 16. gr. er það að segja, að eins og greinin var orðuð í frv., mátti ef til vill skilja það svo, að ráðherra sjálfur ætti heimtingu á þessum upplýsingum, en frá okkar sjónarmiði er það nóg að gefa fulltrúa hans upplýsingarnar, eða fulltrúa lögreglustjóra, og því eru gild rök fyrir þessari brtt.

Það er langt frá því, að við sjeum að leggja stein í götu frv. með þessum brtt., því að þær þurfa ekki að tefja neitt fyrir því.

Að síðustu vil jeg geta þess, að með brtt. við 10. gr. er ljettara að greina betur heldur en eftir lögunum, hvað meint er með starfssviði sjerstakra verslunartegunda. Nú kvarta smásalar undan því, að sumir heildsalar selji í smásölu, og einnig hafa heyrst kvartanir um þetta frá þeim heildsölum, er ekki vilja hafa sig til þess.

Það get jeg sagt, að nefndin lítur svo á, að svo miklar bætur sjeu í frv. þessu, að það eigi skilið að ganga fram. Þess vegna hefir hún lagt bæði vinnu og tíma í að lagfæra það.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þykir vænt um að heyra það, að háttv. allshn. lítur svo á, að frv. eigi að ganga fram, en hún hefir ekki sýnt það vel í verkinu, því að ef frv. þarf nú aftur að fara til hv. Ed., þá munar það miklu, hvort það fer þangað með mörgum breytingum eða fáum, þar sem nú er komið að þinglokum.

Þá vil jeg minnast á orðið „farsali“, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) segir, að sje myndað eins og „farmaður“, þ. e. a. s. kaupmaður, sem sigli milli landa. Þetta orð er ekki rjett myndað yfir hugtakið „tilboðasöfnun“, því að það er hægt að safna tilboðum án þess að sigla milli landa, eða yfirleitt ferðast nokkuð. Það er ekki hægt að neita því, að hjer er átt við hina sömu menn, sem á útlendu máli eru nefndir „Agenter“. Jeg fann það líka á hv. þm. (MT), að hann er ekki ánægður með orðið. *(MT:* Nei, nei!).

Út af iðnvörusölunni skal jeg geta þess, að jeg þekki ekkert land, þar sem menn sjeu undanþegnir verslunarleyfi, ef þeir versla eingöngu með innlendar vörur. *(JBald:* Það er gert hjer). Jeg sagði annarsstaðar. Ef einhver keypti alla dúkana frá Álafossi og seldi þá svo aftur, þá finst mjer, að hann eigi að hafa til þess verslunarleyfi. Og lög þessi eru ekki um það að styðja innlendan iðnað, heldur til þess að ákveða, hvaða gjald menn eigi að greiða fyrir það að fá að reka þessa atvinnu. En jeg er nefndinni samþykkur

um það, að undanskilja þá menn, er versla eingöngu með sínar eigin framleiðsluvörur.

Mjer fanst hv. 1. þm. Árn. (MT) ekki fara rjett með 3. lið 1. gr. frv., þar sem hann sagði, að menn þyrftu að mynda fjelög til þarfa sinna. Í frv. stendur: „Vöruútvegun manna í fjelagi til þarfa sinna“. *(MT:* Það er fjelag). Hv. þm. (MT) veit vel, að maður getur verið í fjelagi með öðrum án þess að myndað sje sjerstakt fjelag.

Um verslun á fleiri en einum stað er það að segja, að samvinnufjelögin hafa nú rjett til slíks. Verði þetta samþykt, er sú heimild tekin af. *(MT:* Eru ekki sjerstök lög um það?). Hjer er verið að setja almenn lög. *(MT:* Svo). Jú! *(MT:* Það er gott að vita það!). En samvinnulögin verða ekki afnumin í heild, þótt þetta atriði sje tekið út úr. Jeg er hissa á því, að hv. þm. (MT) skuli ekki hafa athugað þetta frv. svo vel, að hann viti þetta. Allsherjarnefnd Ed. var ekki í vafa um þetta.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vill, að það sje skilyrði fyrir leyfi til verslunar í sveit, að viðkomandi hafi jörð til ábúðar. Jeg álít, að sýslunefndir eigi að ráða þessu og að þær sjeu fullbærar um að ráða því til lykta. Þegar jeg veitti leyfi til sveitaverslunar, þá batt jeg það við ákveðna jörð jafnan, og veit jeg ekki betur en að það sje „praksis“.

Það er máske ekki nauðsynlegt, að 15. gr. standi í frv., en hún getur þó aldrei gert neitt mein.

Um brtt. við 16. gr. má segja, að það er sama, hvort hún er samþykt eða ekki. Það má benda á 100 dæmi um það, að ráðherra sje falið þetta eða hitt, og er þá átt við ráðuneyti hans. Hið sama má segja um lögreglustjóra, að þar er átt við skrifstofur þeirra eða umboðsmenn.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg skal byrja á því að láta í ljós undrun mína yfir því, hve ómjúklega hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið á breytingartillögum okkar. Hann hlýtur þó að játa, að við höfum flýtt málinu eins og okkur hefir frekast verið unt, þar sem það var aðeins hálfan mánuð hjá nefndinni; en það getur ekki talist mikið á mesta annatíma þingsins. Enda sýnir það sig best á því, að efri deild hafði málið frá þingbyrjun til miðs aprílmánaðar. Hæstv. ráðherra verður þó að viðurkenna, að ástæða hafi verið til að athuga þetta mál, þar sem alls hafa komið fram við það 53 brtt. Ætti það út af fyrir sig að vera næg sönnun fyrir því, að málið hafi í raun og veru þurft athugunar við.

Háttv. frsm. minni hl. (JK) andmælti þeirri tillögu okkar að leyfa frjálsa sölu á innlendum iðnaðarvörum. Í sama streng tók og hæstv. atvrh. (MG). En jeg lít svo á, að þessi tillaga sje alveg í samræmi við það, sem ávalt hefir verið stefna þingsins, að hlynna að innlendum iðnaði. Þetta eru töluverð hlunnindi fyrir iðnaðarmenn, að þurfa ekki að kaupa verslunarleyfi til þess að versla með varning sinn.

Hjer þýðir ekkert að vera að tala um verksmiðjuiðnað í stórum stíl, eða miða við hann. Það er ekkert sambærilegt okkar iðnaði, og víst er það, að iðnaður verður seint aðalatvinnuvegur okkar.

Hæstv. atvrh. (MG) tók til dæmis, hve hættulegt það gæti verið, ef einn maður keypti t. d. upp alla dúka Álafossverksmiðjunnar. Á því er engin hætta, eða

ekki meiri en ef verksmiðjan veitti einum manni einkaumboð til þess að selja vörur sínar. Enda mundi salan ekki verða mikil, ef þessir dúkar frá Álafossi fengjust ekki nema í einni búð. Röksemdir þær, sem fram hafa verið bornar gegn þessari tillögu, eru því á engum rökum bygðar. Tillagan er í fullu samræmi við það, sem verið hefir, að iðnaðarmenn hafa ekki þurft sjerstakt verslunarleyfi til þess að versla með framleiðslu sína.

Þá hefir verið fundið að orðinu „verslunarumdæmi", og hafa sumir þingmenn viljað setja það í samband við það, þegar landinu var skift í verslunarhjeruð á einokunartímunum. En hæstv. ráðh. skildi það þó ekki svo, heldur á þann hátt, sem nefndin ætlaðist til, sem sje, að hjer sje með orðinu verslunarumdæmi átt við hina löggiltu verslunarlóð þess staðar, sem um er að ræða.

Hæstv. atvrh. fór hörðum orðum um það, sem jeg sagði í upphafi ræðu minnar í dag, að hjer væri að ræða um rýmkun á verslunarlöggjöfinni. Hann taldi þvert á móti og vitnaði í ákveðin skilyrði um verslunarþekkingu, heiðarleik o. fl. En jeg vil segja hæstv. ráðherra (MG) það, að ýms af skilyrðunum í 3. gr. frv. eru í lögum áður, þó að þeim hafi ekki verið fylgt, og ekkert er víst, að þeim verði betur fylgt eftirleiðis, þótt þau verði nú endursamþykt á ný. En hvorki hæstv. atvrh. nje nokkur annar getur borið á móti því, að með þessu frv. er að ýmsu leyti rýmkað um frelsi manna til verslunar, bæði í sveitum og eins hvað það snertir að hafa fleiri en einn útsölustað í sama kaupstað.

Hæstv. atvrh. fór háðulegum orðum um brtt. nefndarinnar og kallaði þær sparðatíning. En það sýnir best, að frv. hefir ekki að nauðsynjalausu verið athugað í báðum deildum þingsins, að þrátt fyrir allar brtt. og „sparðatíning", þá hefir nú verið bent á það, að nefndum beggja deilda hafi yfirsjest um mikilsvert atriði í frv., þar sem er um óljósa skilgreining að ræða milli hinna ýmsu tegunda verslunar. Það er í raun og veru sönnun þess, að við höfum ekki gengið nógu langt í „sparðatíningnum". Hæstv. atvrh. sagði, að frv. væri samið af besta íslenskumanni landsins, prof. Einari Arnórssyni. Jeg neita því alls ekki, að hann sje góður íslensku- og lagamaður, en honum virðist þó geta mistekist, þó hann sje góður lögfræðingur og íslenskumaður, og þarf það raunar ekki að rýra álit hans, því öllum getur yfirsjest, enda mun hann hafa samið frv. eftir uppkasti, sem áður var búið að semja og mun hafa verið miður vel orðað. Jeg skil það líka svo, að því aðeins sje frv. vísað í nefnd, að þau sjeu athuguð þar, bæði hvað snertir efni og orðfæri, og hvorki megi stjórn nje þm. mislíka, þó nefndirnar geri við þau sínar athugasemdir, ef ekki er um að ræða óforsvaranlega útúrsnúninga, en um slíkt er hjer alls ekki að tala.

Hæstv. atvrh. (MG) fann að þeirri brtt. meiri hl., að orðið „farsali" er sett í stað „tilboðasafnari", og þótti skift um til hins verra. Hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir svarað þessu, og skal jeg ekki gera það frekar, en þó vil jeg segja út af því, sem hæstv. atvrh. sagði í þessu sambandi, að til væru þeir menn, sem hafa umboð og ekki fara neitt, en safna þó tilboðum, þá á þetta heiti við þá eigi að síður, þar sem þeir selja ekki aðeins á þeim eina stað, þar sem þeir eru búsettir, heldur fá tilboð og safna þeim víðsvegar frá, þótt þeir ferðist ekki.

Hæstv. atvrh. sagði, að það hefði komið óþægilega, þar sem um það er talað í 3.

lið, að menn kaupi „til þarfa sinna“. Jeg verð að segja, að þetta kom ekki neitt óþægilega við nefndina, nema henni hafi þótt það leiðinlegt vegna stjórnarinnar að láta þetta standa svona. Hitt þori jeg ekki að segja um, nema einhverjum úr nefndinni hafi flogið í hug að nota þetta frv. stjórnarinnar til þarfa sinna.

Hæstv. atvrh. vildi gera veður út af því, að meiri hl. ætlaðist til, að brtt. hans gengju fram í þinginu hljóðalaust. En það er ekki neitt óþægilegt fyrir nefndina, þó hjer verði umr. Það er miklu óþægilegra fyrir stjórnina, að þessar umr. hafa átt sjer stað. Annars eru allar aðfinslur hæstv. ráðh. (MG) við nefndina ómaklegar. Nefndin hefir alls ekki tafið málið. Þvert á móti hefir hún lagt sig fram til þess að gera frv. aðgengilegra, og hæstv. ráðherra hefði átt að vera henni þakklátur. En hitt leiðir af sjálfu sjer, að ef brtt. verða ekki samþyktar, þannig, að menn verði ánægðir með frv., þá er mönnum frjálst, hvort þeir greiða atkvæði með því eða ekki. Hæstv. atvrh. sagði, að með brtt. væri frv. gert ómögulegt að komast gegnum þingið tímans vegna. Það get jeg ekki sjeð. Jeg veit ekki til þess, að enn sje ákveðið, hvenær þingi skuli slitið. En ef frv. þykir sú vansmíð, að ekki sje við unandi, þá er ekki rjett að láta það ganga fram fyr en það hefir verið nægilega lagfært. En annars verð jeg að halda því fram, að enn sje nægur tími til þess að afgreiða frv. Það er eftir að halda svo marga fundi í deildunum, að þó frv. eigi eftir að ganga til 3. umr. hjer, og síðan til hv. Ed. og hingað aftur, þá mun tíminn samt endast til þess að afgreiða það.

Því hefir verið haldið hjer fram, bæði af hæstv. atvrh. og hv. þm. V.-Sk. (JK), að þessi lög tækju einnig til samvinnufjelaganna, þrátt fyrir þau sjerlög, sem um þau gilda. Jeg játa það. að um það má deila, hvort frv. taki til samvinnufjelaganna eða ekki. En það er undarlegt, að hvorki í frv. sjálfu nje í aths. við það er það fram tekið, að það skuli gilda fyrir samvinnufjelögin. Og meiri hl. allshn. leit svo á, að svo væri ekki. Enda er til nýr. lagabálkur um þau, þar sem alt er tekið fram um rjettindi þeirra og skyldur, og ætti það að nægja. Það er því eðlilegt að líta svo á, að þessi lög nái aðeins til atvinnu kaupmanna.

Jeg veit, að hæstv. atvrh. vill láta líta svo út, sem 5. gr. frv. taki hjer af allan vafa, en svo þarf alls ekki að vera. Það geta verið fjelög önnur en samvinnufjelög, þar sem allir bera ábyrgð á skuldum fjelagsins. Jeg hefði þá a. m. k. kunnað betur við það, að t. d. í lok 17. gr. hefði verið beint tekið fram, hvaða ákvæði úr samvinnulögunum væru hjer með úr gildi numin, eða að hve miklu leyti ákvæði frv. tækju til samvinnufjelaganna.

Jeg verð að líta svo á, að frv. stjórnarinnar verði ekki aðgengilegt, nema á því verði gerðar minst þrjár höfuðbreytingar, sem sje að undanþiggja innlendan iðnað verslunarleyfi, að kaupmenn hafi ekki rjett til þess að hafa marga útsölustaði í sama kaupstað, og að leyfi til sveitaverslunar sje bundið við heimilisfestu. Á þessi þrjú atriði tel jeg rjett að leggja hina mestu áherslu. Þá eru ýmsar orðabreytingar, sem enginn ágreiningur er um. — Jeg get svo endað mál mitt. Háttv. 1. þm. Árn. (MT) hefir svarað flestu, sem jeg hefi ekki minst á nú.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Það eru aðeins tvö atriði, sem jeg vildi minnast á út af ræðu hv. frsm. meiri hl.

allshn. (JBald). Út af brtt. við 1. gr. frv. vil jeg taka það fram, að það hlýtur að skifta ákaflega miklu máli, að það sje markað skýrt og ákveðið, hvað lögin nái yfir. Eftir till. hv. meiri hl. virðist hann ætlast til þess, að verslunarleyfiskvöð skuli eingöngu miðast við verslun á útlendri vöru. En það nær vitanlega engri átt, og væri með því gengið miklu lengra en nú er í lögum. Ef hv. meiri hl. vildi kynna sjer almenn viðskiftalög frá 31. júlí 1911, einkum 4. gr. þeirra laga, þar sem það er skilgreint, hvað sje kaupmaður, þá sjest, að það fer mjög í sömu átt og þetta frv. Að vísu kennir nokkurs misskilnings þar sem taldar eru undantekningar frá hinu almenna, þar sem segir, að sá, sem rekur veitingar, handiðn, flutninga eða þess kyns smásölu, „sem ekki þarf borgarabrjef til", sje ekki talinn kaupmaður. Að miða undantekningar þarna við það, hvort borgarabrjef þurfi til atvinnunnar, er ekki rjett, því að hvort borgarabrjef þarf eða ekki, fer eingöngu eftir því, hvort verslað er með útlenda eða innlenda vöru. Fræðimaðurinn prófessor Jón Kristjánsson tekur skýrt fram í Kröfurjetti sínum, að hjer væri um ranga eða ónákvæma skýringu að ræða hjá löggjafanum. Því samkvæmt íslenskum lögum enn í dag er borgarabrjefsskyldan bundin við það, hvort verslað er með innlenda eða útlenda vöru. En eins og upphaf 2. málsgreinar 4. gr. hinna almennu viðskiftalaga frá 1911 ber með sjer, þá er verslun mjög margt annað. Þar er skýrt, hvað kaupmaður sje, en á því veltur þá einnig, hvað *verslun* er. Sá maður er þar talinn reka verslun, „sem hefir atvinnu af því að selja vöru, sem hann hefir í því skyni keypt". Hjer er enginn greinarmunur gerður eftir því, hvort varan er innlend eða útlend, eins og rjett er. En í síðasta málslið 4. gr. kemur svo þessi misskilningur, sem jeg gat um. En þar er vafalaust skilningur prof. Jóns Kristjánssonar, sá, er jeg gat um, rjettur, og er það ákaflega mikilsvert þegar samin eru jafnþýðingarmikil lög og lög um verslunaratvinnu, sem standa eiga til frambúðar, að þá sje ekki hvikað frá þessum skilningi.

Hv. frsm. meiri hl. (JBald) vildi vjefengja það, að þessi lög, sem hjer ræðir um, snertu nokkuð samvinnufjelögin. Jeg skil ekki, hvernig hann getur ímyndað sjer, að lög, sem snerta almenna verslunaratvinnu, snerti á engan hátt fjelög, sem hafa það starf að reka verslun, eins og á sjer stað með þau samvinnufjelög, sem hjer ber mest á, sem eru kaupfjelögin. — Jeg er sannfærður um, að hv. þm. (JBald) muni geta áttað sig á þessu, ef hann athugar rækilega 5. lið 3. gr. og 1. lið 5. gr. Í 1. málslið 5. gr. er beinlínis talað um samvinnufjelög og í nál. í hv. Ed. er það skýrt tekið fram, að brtt. sje gerð við ákvæði stjfrv. um kröfur til þeirra, sem slíkum fjelögum stjórna, vegna þess að þau þyki of ströng. Mjer skilst, að þessi misskilningur stafi af því, að hv. meiri hl. blandar saman samvinnufjelagi og pöntunarfjelagi, sem hefir rjett til þess að panta vörur handa sínum fjelögum, en ekki rjett til þess að reka verslun. Ef hv. meiri hl. athugar 27. gr. samvinnulaganna frá 1921, þá mun hann sjá, að ef samvinnufjelög reka verslun, þá falla þau að því leyti undir þær reglur, sem gilda almennt um verslun. Hv. frsm. meiri hl. (JBald) vildi sanna sitt mál með því að spyrja, hvaða greinir eða ákvæði samvinnulaganna væru feld hjer með úr gildi. Þessi lög fella ekkert úr gildi í samvinnu-

lögunum, vegna þess að þau koma hvergi í bága við þau. En ef brtt. hv. meiri hl. við 10. gr. frv. er samþykt, þá er niðurlagsmálsgrein 27. gr. samvinnulaganna fallin, því þar af leiðir, að þau mega ekki hafa fleiri en einn útsölustað. Annars vil jeg ekki deila við hv. meiri hluta um þetta, því jeg skil ekki annað en allir sjái, að hv. frsm. (JBald) er hjer á rangri braut.

Jeg mintist áðan nokkuð á brtt. háttv. meiri hl. við 10. gr. frv. Jeg vil nú fara þess á leit við hv. frsm. meiri hl. (JBald) að taka þá till. aftur til 3. umr. Jeg er alveg viss um, að við nánari athugun mun hann sjá, að brtt. fjallar um alt annað en sjálf greinin. Hjer mætti bæta við nýrri grein, en við frvgr. má ekki hreyfa eins og hún er. Þetta er augljóst, ef frv. frá 1922 er athugað, en það er nákvæmlega eins, grein fyrir grein, og þetta frv., en þó er þar ekki farið fram á að nema úr lögum ákvæði opna brjefsins frá 1841. Í aths. stjórnarinnar við 17. gr. er það tekið fram, að ekki sje ástæða til að halda ákvæðum opna brjefsins áfram, en 10. gr. er ekki breytt. Ef nú ekki vakir annað fyrir hv. meiri hl. en þetta um opna brjefið úr 17. gr., þá er æskilegt, að brtt. við 10. gr. verði tekin aftur, en brtt. við 17. gr. sett inn við 3. umr. málsins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal vera mjög stuttorður, vegna þess að umr. eru þegar orðnar langar. Jeg vildi mjög gjarnan, að þetta frv. mætti komast áfram, þó jeg sje nú mjög hræddur um, að það dagi uppi, vegna þess að hjer verði samþyktar brtt., sem hv. Ed. getur ekki gengið að, og verður þá málið að hrekjast milli deilda, og ef til vill koma í sameinað þing, en til þess mun varla vinnast tími.

Hv. frsm. meiri hl. (JBald) sagði, að jeg hefði verið með ónot við nefndina. Jeg vil nú ekki viðurkenna, að jeg hafi verið með nein ónot í hennar garð. En til hins verður ekki ætlast, að jeg flatmagi í þakklæti til nefndarinnar, þó hún hafi að vísu afgreitt málið, en líka gert ýmsar brtt., sem jeg tel óþarfar. Jeg var hv. nefnd þakklátur, er jeg heyrði, að hún vildi, að málið gengi fram, en jeg sagði um leið, að hún hefði lagt stein í götu þess með brtt. sínum. Hjer er ekki hægt neinu að spá um það, hvernig fer, en vitaskuld mun jeg reyna að herða á framgangi málsins eins mikið og jeg get.

Já, það voru þessi hlunnindi fyrir innlendan iðnað. Hv. frsm. (JBald) sló mjög á þá strengi, að það þyrfti að vernda innlendan iðnað. En það munu vissulega flestir hugsa svo, að það sje ekki minni vandi að versla með innlenda en útlenda vöru, og þar verði viss þekking og heiðarleiki að vera skilyrði, ekki síður en við verslun með útlenda vöru. Umhyggjan fyrir hinni innlendu framleiðslu á að koma fram í því að tryggja það, að þeir, sem með hana versla, sjeu engu miður hæfir en hinir.

Þegar jeg í fyrri ræðu minni var að tala um það, að þetta frv. þrengdi aðgang að verslunaratvinnu, þá átti jeg ekki síst við þekkingarskilyrði, hærri leyfisgjöld o. fl., enda var þetta viðurkent í hv. Ed. Nú sjer hv. frsm. meiri hl. (JBald) aðeins tvö ákvæði, sem stefna í hina áttina, og dregur þar af þá ályktun, að alt frv. gangi í þá átt, þó mörg ákvæði þess stefni að hinu, að þrengja aðganginn, eins og jeg nefndi. Þetta er kallað að gera undantekningarnar að reglu. Hv. frsm. (JBald) sagði, að enginn gæti þykst við brtt., og það er rjett; jeg hefi heldur ekki gert það. Það er nú svo, að þegar verið er að deila um mál, hversu gott sem

það er, þá eru skoðanirnar oft mjög mismunandi, og varla hægt að orða svo, að allir viðurkenni, að það sje gert á besta hátt. En sem sönnun þess, að frv. væri fullvel orðað, þá nefndi jeg höfund þess, og hv. frsm. (JBald) viðurkendi, að hann væri með allra færustu mönnum. *(MT:* Það viðurkenna allir). En nefndin hefir nú samt talið sig snjallari en höfund frv.

Annars er þetta ekki einasta frv. frá hv. nefnd, sem hún hefir breytt orðalagi á. Henni er auðsjáanlega sýnt um að gerbreyta orðalagi, en hún skeytir minna um meininguna. *(JBald:* Við höfum venjulega farið eftir bendingum hæstv. atvrh.). Nefndin hefir aldrei kallað mig á fund. Jeg var satt að segja hissa á því, að háttv. frsm. meiri hl. (JBald) skyldi halda því fram, að það væri óglögt, hvort frv. næði til samvinnufjelaga. Þar um var nefndin í Ed. ekki í vafa, og formaður nefndarinnar sagði mjer, að hann teldi engan vafa á því, enda segir í 2. gr. frv.: *„Enginn* má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt". Og í 5. gr.: „Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem nú skal sagt verða", o. s. frv. Hvernig er hægt að tala skýrara en þetta?

Ástæðan til, að ekki var tekin upp breyting á samvinnulögunum, er sú, að engu ákvæði þeirra þurfti að breyta vegna þessa frv. Þetta er undarlegur misskilningur hjá hv. þm. (JBald), sem ekki er ástæða til að ræða frekar um.

Magnús Torfason: Mjer skilst á hæstv. atvrh. (MG), að ekki sje margt nú orðið við tillögur nefndarinnar að athuga, nema þetta orðaskak, sem hann telur óþarft.

Að því er snertir brtt., skal jeg fyrst nefna farsölu. Jeg verð að halda því fram, að tilboðasöfnun sje ekki nema hluti af hugtakinu „agentur" og farsala ekki heldur. En jeg held, að orðið farsala sje tvímælalaust betra en hitt.

Hvað innlendan iðnað snertir, vil jeg leggja áherslu á, að aldrei kæmu til mála nema örfáir menn, sem nytu þess frelsis að fá verslunarleyfi. Þá vildi hæstv. atvrh. segja, að samvinnulögin, einkum 27. gr. þeirra, væri upphafin með þessum lögum. *(Atvrh. MG:* Ekki upphafin). Jæja. En ef við fjellumst á, að ekki mætti nema einn hafa verslunarleyfi á sama stað, væri upphafið leyfi samvinnufjelaganna í 27. gr. samvinnulaganna til þess að hafa fleiri útsölustaði en einn. Þessa grein ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að hafa yfir:

„Heimilt er samvinnufjelögum, er leysa borgarabrjef, að hafa verslunarviðskifti við utanfjelagsmenn, hvort heldur er aðaldeild fjelagsins eða útibú — —".

Að þessu leyti vísa þau til verslunarlöggjafarinnar yfirleitt, og að því leyti getur það til sanns vegar færst, að samvinnufjelögin komi undir 5. gr., þó að hún beri það ekki með sjer og hvergi í athugasemdunum sje bent á það.

Eftir fyrri hluta 27. gr. getur þetta þannig til sanns vegar færst, en síðari hlutinn hljóðar þannig (með leyfi hæstv. forseta):

„Ennfremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiftaþörf krefur."

Þetta eru sjerrjettindi, sem samvinnufjelögin hafa fengið, eða undanþága frá hinni almennu verslunarlöggjöf. Þá er spurningin, hvort þessi síðari yrði upphafin með brtt. okkar. Hvað þetta snertir,

ber fyrst að líta á það, hvort þessi lagabálkur sje tæmandi, en það hugsa jeg, að sje mjög vafasamt.

Í 17. gr. frv. er berum orðum sagt, að ein lög að minsta kosti standi óhögguð, sem vita að verslun og eru þáttur í verslunarlöggjöfinni, en það eru lög nr. 78, 22. nóv. 1907, um farsölu. Aðeins 6. gr. þeirra laga er upphafin. Jeg hjelt, að þá væri rökrjett afleiðing af því, að ef upphafinn væri rjettur samvinnufjelaganna í 27. gr. samvinnulaganna, hefði það líka verið tekið upp í hið upphaflega stjfrv. og vísað til þess á sama hátt. En jeg hjelt, að þar sem lögin yrðu ekki tæmandi, og þetta eru sjerrjettindi, væri ekki hægt að líta svo á, að þau væru upphafin, þó að við settum þetta inn.

Þá hefir hæstv. atvrh. haft á móti orðinu „umdæmi". En landinu var þó skift í umdæmi í gamla daga, svo að þetta orð er gott og gilt. Í þessu sambandi sagði hæstv. atvrh., að jeg hefði skilið 5. gr. laga 7. nóv. 1879 á þá leið, að sá búandi, sem hefði verslunarleyfi, mætti aðeins versla á tiltekinni jörð, og hjelt fram, að þetta væri praksis. En jeg hefi aldrei skilið þetta svo. Enda hafa menn flutt af jörðum sínum og haldið leyfinu, nema því aðeins, að þeir flyttu úr sveitinni. Í þessu frv. stendur, að verslunarleyfið sje aðeins bundið við ákveðið kauptún eða sveit. Þarna er sagt „sveit", en ekki „jörð", og því gátum við ekki notað orðið „verslunarstaður", eins og við ætluðum fyrst. Jeg sje því enga ástæðu til, að við tökum greinina (6. e.) aftur.

Jeg verð að segja, að við þessar umr. hefir komið í ljós, að nefndin hefir frekar haldið of skamt en of langt, og skal jeg játa það, að hún hefir ekki haft nægan tíma til að athuga málið eins vel og æskilegt hefði verið. Nú hefir henni verið storkað með því, að hún þættist hafa betra vit en prófessor Einar Arnórsson. Okkur dettur ekki í hug að jafna okkur við hann, en þó er það svo, að betur sjá augu en auga. Undir umræðunum hefi jeg orðið var við, að í 10. gr. er málvilla. Þar stendur „á fleir*um* stöðum en einum." En nú hefir mesti málfræðingur þessarar hv. deildar sagt mjer, að það eigi að vera „fleir*i*" stöðum.

Jeg held, að ekki sje ástæða til að gera miklar umr. út af lítilsháttar verslun eða sölu. Jeg veit, að menn úti um sveitir landsins láta oft kunningja sína selja afurðir sínar fyrir sig. Gegn þessu er ekki vert að stofna til nýrra laga. Alveg eins veit jeg, að sveitamenn búa til ýmislegt og fá menn til að selja það fyrir sig, þó að þeir sjeu ekki kaupmenn.

Yfirleitt skilst mjer frv. sniðið sjerstaklega eftir Reykjavík, enda er það ekki óeðlilegt, þar sem Verslunarráðið hjer átti upptökin að því. En okkur í nefndinni finst holt að fara ekki of geyst á stað, heldur mætti herða á seinna.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það var ekki meiningin með frv. að hreyfa við 27. gr. samvinnulaganna. Þvert á móti á hún að standa óbreytt og aðrar verslanir að fá sama rjett.

Um sveitaverslunarleyfið verð jeg að segja það, að jeg hefi vanist því, að sýslumaður ákvæði, á hvaða jörð skuli versla. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem er kunnugur þessum málum, sagði líka, að leyfið væri bundið við ákveðna jörð. Þó að svo sje til orða tekið, að leyfið sje bundið við ákveðna sveit, er tilgangurinn sá, að sýslumaður ákveði, hvar í sveitinni versla skal. Leyfið er veitt með tilliti til hagsmuna þeirra, sem skifta við verslunina.

Nú hefir nefndin gefið yfirlýsingu um,

að hún hafi ekki athugað málið nógu vel. Mjer sýnist því ekki líta vel út um framgang málsins. Jeg er ekki svo vitur, að jeg viti, hvort það er málvilla að segja „fleirum“ í stað „fleiri“, en jeg hefi oft heyrt það og sjeð það í riti, svo að jeg vona, að háttv. nefnd geti látið frv. ganga fram fyrir þessu.

Út af þeirri sölu í gegnum kunningja sína, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) var að tala um, skal jeg taka það fram, að frv. á alls ekki við það, heldur sölubúðir.

Það má segja, að Verslunarráðið hafi undirbúið frv. að nokkru leyti. En það er óánægt með frv. eins og það er nú, af því að ekki er tekið tillit til einnar ákveðinnar stjettar manna, heldur breytt, þar sem álitið er, að hagsmunir almennings og þessarar einu stjettar gætu rekist á.

Sveinn Ólafsson: Hæstv. atvrh. (MG) lagði á móti tveimur till. mínum á þskj. 470, við 4. og 11. gr. Jeg tók ekki eftir, að hann andmælti öðrum till. en þessum. 4. gr. frv. fer í þá átt, að ekki megi veita verslunarleyfi skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum o. s. frv. En hinsvegar er það ívilnun, að ráðherra geti veitt leyfið, ef hann álítur, að það geti samrýmst aðalstörfum þessara manna. Jeg hefi með 1. brtt. minni lagt til, að þessi undanþága verði veitt, ef bæjarstjórn eða sveitar mæli með því. Þetta er fyrir þá skuld, að bersýnilegt er, að ráðherra yrði að sjá með annara augum, og úrskurður hans færi eftir upplýsingum annara manna, sem vel geta verið litaðar á ýmsan hátt. Aftur á móti eru þau stjórnarvöld, sem jeg legg til, að ákveði þetta, altaf kunnug málavöxtum, enda mun það oftast snerta þau hvað mest. En öll greinin finst mjer nærgöngul, og hefði hún í rauninni mátt falla úr frv. Að vísu má álíta, að opinberir embættismenn eigi ekki við þetta að fást, og geti það ekki, en minni háttar starfsmenn geta venjulega sint slíkri aukaatvinnu án þess, að hún þurfi að koma í bága við aðalstörf þeirra.

Hæstv. atvrh. sagði, að ef þetta væri lagt undir ráðuneytið, mundi myndast föst regla um land alt, og myndi því ráðuneytið undir sömu skilyrðum æfinlega segja annaðhvort já eða nei. En úr þessu yrði handahóf.

Brtt. mín við 11. gr. lýtur að því að þrengja skilyrðin fyrir verslunarleyfi í sveit, sem sje, að slíkt leyfi sje bundið við ábúanda á jörð. Svo hefir jafnan verið frá 1879. Með lögunum frá 1879 var ekki beint ákveðið, að svo skyldi vera. En þar var ákveðið, að búandi, sem þýðir bóndi, gæti fengið rjett til að versla, þegar svo stæði á, og í framkvæmdinni hefir það altaf verið svo, að sá, sem fengið hefir sveitaverslunarleyfi, hefir orðið að hafa ábúð á jörðinni. Að minsta kosti er það svo þar, sem jeg þekki til, að hafi umsækjandi ekki haft jörð til ábúðar, hefir hann orðið að fá sjer jarðarpart.

Jeg sje ekki, að sýslunefndirnar geti farið lengra. Mjer finst þetta ákvæði vel viðeigandi. Það er ekki álitlegt, að aðrir en þeir, sem búsettir eru í sveitum, sjeu að þröngva sjer inn þar og versla. En ef verslunin gefur arð, þá er ávinningur, að maðurinn, sem verslar, sje búsettur í sveitinni. Jeg legg því áherslu á, að þetta ákvæði verði lögfest og þeirri reglu fylgt, sem gilt hefir að undanförnu.

Öðrum brtt. lagði hæstv. atvrh. ekki á móti. Hann skopaðist að vísu að þeirri brtt., sem haggar við 14. gr. og á að laga málið, en viðurkendi hana þó rjetta, og virtist mjer sem hann ætlaði sjer að greiða

henni atkv., enda er hún óneitanlega til bóta og margir liðsmenn með henni vissir.

ATKVGR.

Brtt. 460,1.a feld með 16:8 atkv.

— 460,1.b samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, H-Stef, JakM, JAJ, JBald, JörB, KlJ, MT, BSv.

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, H-K, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO.

Einn þm. (IngB) fjarstaddur.

Brtt. 460,1.c feld með 16:9 atkv.

— 460,1.d feld með 14:12 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 460,2.a (aðaltill.) feld með 15:8 atkv.

— 460,2.a (varatill.) feld með 15:10 atkv.

— 460,2.b feld með 16:8 atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 470,1 feld með 14:8 atkv.

4. gr. samþ. með 15:4 atkv.

Brtt. 460,3.a samþ. án atkvgr.

— 419,1 samþ. án atkvgr.

— 470,2 samþ. með 16:3 atkv.

— 460,3 b sjálffallin.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 470,3 samþ. með 15:1 atkv.

— 460,4 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 419,2 samþ. án atkvgr.

— 460,5.a samþ. án atkvgr.

— 460,5.b samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 460,6.a samþ. án atkvgr.

Brtt. 460,6.b tekin aftur.

— 460,6.c feld með 14:5 atkv.

— 460,6.d feld með 15:10 atkv.

— 460,6.e sjálffallin.

10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 470,4 feld með 14:9 atkv.

— 460,7 samþ. með 14:10 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 460,8.a tekin aftur.

— 460,8.b samþ. án atkvgr.

— 460,8.c samþ. með 15:7 atkv.

— 419,3 og 479 sjálffallnar.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 470,5.A samþ. án atkvgr.

— 470,5.B feld með 14:10 atkv.

— 470,5.C samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 460,10 (15. gr. falli burt) samþ. með 14:12 atkv.

— 460,11 feld með 14:7 atkv.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483, 484, 497, 516, 517).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 497, 516 og 517. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það er nú svo um þetta mál, að þótt nokkrar af brtt. allshn. væru samþyktar

við 2. umr., þá fjellu samt nokkrar þeirra. Meiri hl. nefndarinnar hefir nú athugað málið á ný, eftir því sem hægt var að koma við á svo stuttum tíma, og eftir þá athugun hefir hann leyft sjer að flytja þær brtt., sem standa á þskj. 516 og 517. Fyrsta brtt. á við 1. gr. 3. málslið. Það er þetta „til þarfa sinna", sem nefndinni þykir ljótt og hefir viljað breyta, en till. um það fjell við 2. umr. Nú vill nefndin enn breyta þessu þannig, að þar standi: til eigin þarfa. Fer betur á því.

Þá er 2. brtt., við 10. gr. 3. málsgr. Það er efnisbreyting. Það hefir komið í ljós við umr. um þetta mál, að bæði meiri hl. allshn. og ýmsum öðrum hefir ekki þótt nægileg grein gerð milli stórsölu og smásölu, þannig, að þeir, sem hafa leyfi til heildsölu, virðast jafnframt geta verslað í smásölu, af því að það er ekki tekið fram, að þeir megi einungis selja kaupmönnum, kaupfjelögum og stærri atvinnurekendum. Í frv. er gengið enn lengra, þar sem heildsölum er heimilað, að þeir megi hafa opna sölubúð og reka bæði heildsölu og smásölu á sama stað. Nefndin álítur, að þetta miði til þess eins að fjölga verslunum, því heildsalar eiga ákaflega auðvelt með það að setja á stofn nýjar og nýjar verslanir. Meiri hl. nefndarinnar vill því fella þetta niður úr 3. málsgr. 10. gr.

Þá er 3. brtt. á sama þskj., um að fella niður úr 16. grein frv. upphafning opins brjefs frá 7. apríl 1841, um að banna kaupmönnum að hafa nema eina opna sölubúð á sama verslunarstað. En breyting í þessa átt, við 10. gr., var feld við 2. umr. Við álítum rjett að reyna að takmarka á þennan hátt fjölda verslana, auk þess sem það ella gefur fjesterkum kaupmönnum tækifæri til þess að leggja verslunina á vissum stöðum undir sig með öllu. Vil jeg nú vænta þess, að þessi till. verði samþykt.

Enn er brtt. á þskj. 517 við brtt. á þskj. 484. Sú till. hljóðar svo: „Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru." Þetta „sem hjá honum eru" vill meiri hl. nefndarinnar fella burt. Meiri hl. virðist ekki ástæða til að heimta það, að börnin sjeu heimilisföst hjá föður sínum, til þess að honum sje leyfilegt að selja handavinnu þeirra. Maður getur t. d. átt son, sem er fluttur af heimilinu, og má þá ekki selja handavinnu hans.

Þá eru ekki aðrar till., sem meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar sjeu. Býst jeg við því, að þeir aðrir, sem hjer eiga brtt., muni tala fyrir þeim, og mun jeg þá síðar taka aftur til máls, ef ástæða þykir til.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjer tvær brtt., og hefir hv. allshn. lýst yfir fylgi sínu við aðra þeirra, með smábreytingu, sem jeg að vísu legg ekki mikla áherslu á, hvort samþykt verði eða ekki. Þó mun jeg fremur greiða atkvæði á móti þeirri breytingu. Enda vænti jeg þess, að hv. nefnd greiði minni till. atkv., þó hennar falli. — Hin brtt. mín er þess efnis, að þeir kaupmenn, sem hafa fleiri sölubúðir en eina, skuli greiða leyfisgjald fyrir hverja búð. Jeg sje ekki ástæðu til að halda hinu gamla banni gegn því að hafa fleiri en eina opna sölubúð í hverjum verslunarstað, enda hafa ekki komið fram nein rök við þessar umr., sem styðja það. Þvert á móti; það hefir komið í ljós við umr., að bannið er aðeins í orði. Hver sem vill getur sett upp eins margar sölubúðir og honum sýnist með því að hafa sjerstaka forstöðumenn, sem búðirnar eru kendar við. Það er nú samt alls ekki af því, að

menn óhlýðnist þessu, að bannið ber að afnema, heldur hafa engin skýr rök komið fram fyrir því, að því skuli haldið. En hinsvegar er sjálfsagt, ef kaupmenn hafa fleiri sölubúðir en eina, þá sje nauðsynlegt, að þeir greiði fult leyfisgjald af hverri. Annars kemur fram misrjetti, ef hver smákaupmaður, sem ekki á nema eina búð, greiðir í raun og veru jafnmikið fyrir sitt verslunarleyfi og auðugur kaupmaður, sem hefir opnar kannske 10 búðir í sama kaupstað. Verði hið gamla bann afnumið, þá er þessi breyting nauðsynleg til þess að afstýra misrjetti. Og jeg tel sjálfsagt, að það verði gert. Breytingin, sem af því leiðir, er ekki önnur en sú, að mönnum er þá leyft að gera það opinberlega, sem nú er gert með leppum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal lýsa yfir því, að jeg geng með ánægju inn á brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) á þskj. 484. Jeg tel aðra þeirra til bóta. En um þá seinni er það að segja, að hún er til skýringar og getur engu spilt, enda þótt jeg geti ímyndað mjer, að menn mundu samt hafa verið krafðir gjalds af hverri búð, þó að till. hefði ekki komið fram.

Um brtt. á þskj. 497, frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), er það að segja, að jeg hefi ekkert á móti a.-lið hennar. Mjer er sama, hvort lögin ganga í gildi í júlí í ár eða 1. janúar 1926. Um b.-liðinn stendur ekki alveg á sama, því að hann mun verða til þess, að margir kaupi verslunarleyfi á tímabilinu til 1. júlí, fyrir miklu lægra gjald en eftir þann tíma verður, og er það síst til bóta.

Jeg legg því til, að b.-liðurinn verði feldur.

Þá er brtt. frá hv. meiri hl. allshn. á þskj. 517. Jeg verð að segja það, að jeg sje ekki, að hún sje til bóta; því að skilyrði fyrir því, að iðnaðarmenn megi selja iðnaðarvörur án verslunarleyfis, á að vera, að þær sjeu framleiddar af honum eða skylduliði hans, sem hjá honum er.

Þá eru brtt. á þskj. 516. Við 1. brtt. hefi jeg ekkert að athuga. Það er orðabreyting, og eins og hún er nú orðuð, þá tel jeg hana til bóta. 2. brtt. er jeg aftur mótfallinn, vegna þess, að um það atriði varð mikil deila í hv. Ed., og varð að lokum samkomulag um þau ákvæði í þessu efni, sem eru í frv. Og jeg er sannfærður um það, að ef nú á að breyta því hjer, þá er það sama og að láta frv. daga uppi. Sama er að segja um 3. brtt. Jeg veit ekki, hvers vegna nefndin vill láta fella niður upphafning opna brjefsins frá 7. apríl 1841. Jeg sje ekki betur en að í 10. gr. frv. sje leyft að versla á fleirum en einum stað í sama kaupstað. Vil jeg benda á 3. málsgr. 10. gr. þessu til sönnunar.

Jeg tel það því ekki rjett að fella niður upphafningu hins opna brjefs. En þótt það sje gert, þá skiftir það þó ekki miklu máli, þó að það sje altaf skýrara að taka það fram, með hverjum lögum hvaða ákvæði sjeu þar með numin úr gildi.

Jeg vona, að hjer þurfi ekki að verða langar umr. á ný, og málið fái að ganga óhindrað áfram.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á hjer tvær litlar brtt. á þskj. 497. Um fyrri till. er það að segja, að jeg tel ekki rjett að lagafyrirmæli, sem snerta svo mjög hag og atvinnu margra manna sem þessi, sjeu látin koma til framkvæmda fyr en þeir, sem eiga við þau að búa, hafa átt kost á að kynna sjer þau. Jeg vænti þess, að þessi till. verði samþykt.

Hæstv. atvrh. (MG) fór nokkrum orðum um síðari till., og var fremur á móti henni, vegna þess, að menn mundu keppast við að kaupa verslunarleyfi fram til 1. júlí fyrir minna gjald. Hjer stendur, að þeir, sem keypt hafa leyfisbrjef fyrir 1. mars þ. á., skuli halda því. En eftir hvaða reglum fer um þá, sem keypt hafa leyfi frá 1. mars og fram að þessum tíma t. d.? *(Atvrh. MG:* Nýjar reglur). Ef þeir eru búnir að greiða gjaldið — á þá að rukka þá á ný? Jeg gæti hugsað, að slíkt reyndist erfitt þar, sem langt er frá lögreglustjóra til verslunarstaðarins, þar sem maðurinn er. Jeg tel heldur ekki rjett, er menn hafa öðlast leyfi gegn vissu gjaldi, að krefja þá svo eftir á um viðbót samkvæmt lögum, sem samþykt eru eftir á. Jeg legg að vísu ekki mjög mikla áherslu á þetta, en tel þó breytinguna í öllum tilfellum rjetta, því jeg býst ekki við, að lögin verði staðfest fyr en 1. júní.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg vil lýsa yfir því fyrir hönd minni hl. allshn., að hann leggur með till. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og leggur til, að þær sjeu samþyktar. Hinsvegar leggur hann á móti 2. og 3. brtt. á þskj. 516, frá hv. meiri hl. allshn. Jeg þarf ekki að orðlengja um þessi atriði, því hæstv. atvrh. (MG) hefir nú skýrt það í ræðu sinni. Jeg vil aðeins bæta því við, viðvíkjandi 2. brtt., að það, sem hv. Ed. átti við með sjerverslun, var það, ef heildsali verslaði með eina sjerstaka vörutegund, og þótti þá óheppilegt að banna slíkum manni smásölu, en ef hann hefir opna búð, þá kemur það ekki í bága við verslun í smásölu yfirleitt.

Jeg er sammála hæstv. atvrh. um það, að því er snertir brtt. við 3. gr., þá skifti það litlu máli, hvort hún verður samþykt eða ekki.

2. brtt., við 10. gr. 3. málslið, vill minni hl. fella.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Viðvíkjandi bendingu hv. frsm. minni hl. (JK), þá eiga ekki neinar takmarkanir að vera fyrir heimild stórsala til þess að hafa opnar sölubúðir, og getur hver heildsali notað sjer hana. En ef heimildin er takmörkuð við sjerverslun, þá er öðru máli að gegna. Meiri hl. lítur svo á, að það sje til ills, ef hver stórsali má fjölga verslunum eins og honum sýnist. Það er eðlilegast, að stórsalarnir haldi áfram að selja sínar vörur til kaupfjelaga, kaupmanna og stærri iðnrekenda, eins og áður, og víðast er siður.

Hæstv. atvrh. (MG) lagði á móti till. meiri hl. yfirleitt. En viðvíkjandi 10. gr. frv. er það að segja, að það kemur alls ekki skýrt fram, að menn hafi leyfi til þess að versla víðar en á einum stað í sama verslunarstað. Brtt. í þessa átt, að það væri ekki heimilt, var feld við 2. umr., en úr því hún var ekki samþykt, þá lítur meiri hl. svo á, að fella verði út úr 16. gr. klausuna um opna brjefið frá 1841, og þar með er því slegið föstu, að kaupmenn megi ekki hafa nema eina opna sölubúð í sama verslunarstað.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi ekki ganga inn á brtt. meiri hl. við till. hans. Mjer er það í raun og veru ekki kappsmál, því það er ekki svo mikill munur á, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Loks vil jeg víkja því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki bera upp til atkv. brtt. meiri hl. við 16. gr. áður en 2. brtt. á þskj. 484 er borin upp; því það leiðir af sjálfu sjer, að verði brtt. 484,2 sam-

þykt, þá er þar með gert ráð fyrir mörgum útsölustöðum, og brtt. meiri hl. við 16. gr. þar með þýðingarlaus.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af orðum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vil jeg geta þess, að takmarkið 1. mars 1925 var sett í stjfrv. til þess að fjöldi manna skyldi ekki hlaupa til og kaupa verslunarleyfi fyrir lægra verðið, sem nú gildir. Hversu fer um þá, sem kaupa leyfisbrjef frá 1. mars til þess er lögin koma í gildi, er ekki ákveðið, en jeg býst varla við því, að farið verði að ganga eftir viðbótargjaldi hjá mönnum.

Jeg skil ekki, hvað hv. frsm. meiri hl. (JBald) meinar með því að biðja hæstv. forseta að bera 16. gr. upp til atkv. á undan 13. gr. Jeg hefi ætíð vanist því, að slíkt færi eftir rjettri röð, en ekki eftir óskum einhverra hv. þm. Jeg vona, að hæstv. forseti fari hjer eftir þeirri reglu, sem vant er að fylgja við atkvgr.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg verð að segja, að það er talsvert algengt, að tillögur sjeu þannig bornar upp. Í raun og veru er okkar till. viðtækari, og því vil jeg láta greiða atkvæði um hana fyrst. Hins vegar verð jeg að segja, út af því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði áðan, að jeg skil ekki, að hægt sje að fara eftir því, þó að eitthvert samkomulag hafi orðið í hv. Ed. um einhverjar till., heldur á að fara hjer eftir því, sem mönnum virðist best á fara.

Jakob Möller: Jeg vil styðja að málaleitun hv. 2. þm. Reykv. (JBald), um að brtt. meiri hl. við 16. gr. sje borin upp á undan brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) við 13. gr. Ef sá skilningur er lagður í 16. gr., að smásalar hafi þá ekki leyfi til að versla á fleiri stöðum en einum, ef hún verður samþykt, þýðir það mikla breytingu á frv. En ef greiða á atkv. um brtt. hv. þm. V.-Ísf. án þess að vita, hvernig um hina fer, komast menn í vandræði. En ef till. meiri hl. við 16. gr. er feld, yrði till. hv. þm. V.-Ísf. vafalaust samþykt. *(TrÞ:* Þetta er alveg rjett). Mjer finst óhjákvæmilegt að verða við þessari ósk. Jeg get vel ímyndað mjer, að þó að brtt. meiri hl. væri feld við 2. umr., þá verði hitt samþykt nú. En jeg verð að segja það, að með það fyrir augum, að stórsalar hafi leyfi til að versla í smásölu, er þetta tvent samfara varhugavert. Það er auðsætt, að stórsalinn hlýtur að standa betur að vígi í samkepninni, og er ekki hægt að fullyrða, að ekki stafi hætta af því, að hringar nái undir sig versluninni, t. d. hjer í Reykjavík. Ef heildsalar fá að selja í smásölu, álít jeg frekar ástæðu til að hugsa sig vel um, hvernig greidd sjeu atkv. um brtt. meiri hl. nefndarinnar við 16. gr.

Þrátt fyrir orðalag 10. gr., sem gefur í skyn, að smásalar megi hafa útsölu á fleirum stöðum en einum, tekur það af tvímæli um vilja deildarinnar, ef brtt. meiri hl. við 16. gr. verður feld.

Jeg álít rjettast að taka málið af dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg legg annan skilning í 3. brtt. meiri hl. heldur en hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg held, að hún hafi ekki þessa þýðingu, vegna orðalagsins á 10. gr. Jeg hefi borið orðalagið undir formann nefndarinnar í hv. Ed., sem er höfundur þess, og mun meining nefndarinnar hafa verið sú, að leyfa smásölum að hafa útsölu víðar en á einum stað. Það liggur í 3. málsgr. 10. gr., að svo sje, og

ef 3. brtt. á þskj. 516 er samþykt, þá er það til að vekja að óþörfu efa um rjettan skilning.

Hinsvegar sje jeg enga ástæðu til að taka málið af dagskrá.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg vil taka það fram, að jeg byggi mína skoðun á frv. til atvinnulaga frá 1922, þar sem ætlast er til, að opna brjefið frá 7. apríl 1841 verði áfram í gildi, og segir í aths. við 33. gr. (með leyfi hæstv. forseta):

„Athygli skal hjer vakin á því, að opið brjef 7. apríl 1841 stendur ekki meðal þeirra lagaboða, sem ætlast er til að falli úr gildi með lögum þessum og eru sjerstaklega til nefnd. Ekki fellur þetta opna brjef heldur úr gildi af því, að það brjóti bág við nokkurt ákvæði laga þessara. Það er tæplega ástæða til þess að afnema þetta opna brjef ennþá. Og því er það ekki tekið með hinum lagaboðunum í þessari grein.“

Jeg vil bæta því við, að 10. gr. frv. nú er orði til orðs eins og 9. gr. upprunalega frv. frá 1922. Jeg skil þessa 3. málsgrein þannig, að veita megi sama manni leyfi til að versla í smásölu t. d. í Reykjavík, Hafnarfirði og á Ísafirði, en á hinn bóginn eigi hún ekki við það, hvort verslun hjer í Reykjavík megi t. d. hafa útsölu bæði á Laugavegi og í Lækjargötu. *(Atvrh. MG:* Í 10. gr. stendur: í sama kaupstað). Það á við stórsölu.

Jeg hefi ekkert á móti því að breyta röðinni í atkvgr. eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill. En jeg leyfi mjer að leggja hjer með fram skriflega brtt um það, að jafnframt verði þá numin úr gildi síðari málsgr. 27. gr. laga nr. 36, 1921, ef það er vilji Alþingis að leyfa sama manni ekki nema einn útsölustað á hverjum stað, til þess að fá samræmi á milli kaupfjelaga og kaupmanna. Jeg tek það þó fram, að mín brtt. verður tekin aftur, ef brtt. hv. meiri hl. verður feld. Jeg vil leggja áherslu á, að það sama gildi um þessi fjelög og einstaka menn, sem verslun reka.

Ágúst Flygenring: Mjer finst óskiljanlegt, ef nú á að fara þvert ofan í þá skoðun, sem áður hefir komið fram í deildinni, með 3. brtt. á þskj. 516. Hún er borin fram af illvilja, til þess að villa mönnum sjónir, svo að ekki verði hægt að koma þessu atriði í nauðsynlegt horf. Afleiðingin væri sú, ef brtt. yrði samþykt, að það yrði að loka útsölustöðum brauðbúða og kaupfjelaga, sem, eins og kunnugt er, eru nú víða á fleiri stöðum en einum. Þetta er því bara til þess að slá ryki í augu manna. Enginn stórsali hjer hefir smásölu. Það er aðeins óttinn við, að svo verði, sem hjer er á ferðinni. Þeir vita, stórsalarnir, að þeir þurfa að skifta við smásalana, og fara því ekki að keppa við þá. Jeg veit ekki betur en að alstaðar sje leyfilegt í nágrannalöndum vorum, að sama firmað hafi opna sölubúð á fleiri en einum stað. Ef þetta verður numið úr gildi, verður frv. drepið, þegar það kemur til hv. Ed.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bjóst ekki við, að jeg mundi taka til máls um þetta, en mjer finst horfa hjer til vandræða. Fjöldi af brtt. hefir komið á síðustu stundu, og nú síðast skrifleg brtt., þar sem á að fara að „krukka“ í samvinnulögin. Jeg vil mælast til þess af hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá. *(PO:* Það má drepa till.). Hver á það víst, að hún verði drepin, eða yfirleitt, að nokkuð

skynsamlegt verði gert í málinu í slíku flaustri? Jeg mun að minsta kosti greiða atkv. móti afbrigðum um þessa skriflegu brtt.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg skal lýsa yfir því, að jeg tek till. aftur, ef 3. brtt. á þskj. 516 verður feld. Það var aðeins vegna samræmis í löggjöf landsins, að jeg kom fram með hana.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 483, 484, 497, 516, 517, 542).

Magnús Torfason: Jeg vil hafa leyfi til þess að opna munninn út af brtt. þeim, sem fram eru komnar. Er þá fyrst brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) við 1. gr., um iðnaðinn. Það var nú svo vel frá frv. gengið við 2. umr., að þar vantaði iðnað, og sýnir það meðal annars, hvað málið er vel undir búið og athugað, að það skyldi vanta einn aðallið þess. *(Atvrh. M-G:* Var það undirbúningnum að kenna?). Jeg skal koma að því síðar.

Meiri hl. allshn. þótti greinin of þröng, þar sem stendur „sala á handavinnu" o. s. frv. Eftir því er það aðeins handavinna, sem má selja án verslunarleyfis. Þær iðnaðarvörur, sem framleiddar eru með vjelum, má eftir því ekki selja nema með verslunarleyfi. En meiri hl. allshn. kemur þó ekki fram með brtt. um þetta efni, í trausti þess, að þetta ákvæði verði skilið rúmt.

Aðalbrtt. allshn. eru við 10. gr. og 16. gr. Í brtt. við 10. gr. er farið fram á það, að heildsalar versli ekki einnig í smásölu. Í Kaupmannahöfn eru þetta lög og vak að afarstrangt yfir því, að þeim sje hlýtt, svo að heildsalar sjeu ekki að keppa við smásala. Smásalar þar hafa og með sjer öflugan fjelagsskap til þess að gæta þess, að lögin sjeu ekki brotin, og hætta þeir að versla við þá heildsala, er verða berir að því að selja í smásölu. Eiginlega ætti að koma inn í þessa grein ákvæði um það, að heildsalar megi ekki selja öðrum en kaupmönnum og kaupfjelögum, en verði það samþykt, að þeir megi ekki hafa opna sölubúð, þá hygg jeg, að það nægi til þess, að þeir geti ekki kept við smásala. Yfirleitt verð jeg að líta svo á, að ekki sje rjett að ýta á neinn hátt undir samkepni heildsala við smásala, með því að leyfa heildsölum að hafa opna sölubúð, eins og brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) fer fram á. Það gæti orðið til þess, að það mynduðust hringar og hinum stærri með því gefinn kostur á að gleypa hina minni. Það þyrfti ekki marga stórsala til þess að koma mörgum smákaupmönnum á knje. Yfirleitt er hjer um að ræða forrjettindi fyrir heildsala, er hvergi þekkjast annarsstaðar. Það er að vísu svo, að ýmsir stórkaupmenn hjer hegða sjer eins og þeir lifðu undir dönskum lögum og selja ekki öðrum en kaupmönnum; en maður veit, að sum ríkustu firmun hjer, sem flest eru útlend, selja líka í smásölu. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vill lögleiða þetta vegna þess, að farið mundi í kringum ákvæðin á ýmsan hátt. En jeg sje ekki ástæðu til að verðlauna lagabrot manna með því að hafa ákvæðin vægari þess vegna. Sje jeg ekki betur en að samkvæmt þeirri kenningu ætti þá að afnema bannlögin, vegna þess að þau sjeu brotin. Og ef þetta mál er rakið til hlítar, þá skilst mjer, að um leið sje verið að innleiða það siðferði, að ekki þurfi annað en að

brjóta einhver lög nógu mikið til þess að þau verði numin úr gildi.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um brtt. við 16. gr., um að opna brjefið frá 7. apríl 1841 sje ekki numið úr gildi. Í þessu opna brjefi eru ákvæði um það, að enginn megi hafa fleiri en eina útsölu á sama stað. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að engin rök hefðu verið færð fyrir því, að þetta opna brjef ætti að standa. Fyrst og fremst er því til að svara, að þetta hafa verið lög hjer og ekki hægt að benda á neinn skaða af þessum ákvæðum, en fyrir 1841 var leyfilegt að hafa margar útsölur á sama stað. Í forsendum fyrir opna brjefinu stendur þetta, sem jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

„Vjer Christján hinn Áttundi o. s. frv gjörum vitanlegt: að Vjer, til að komast í veg fyrir það, að sú samsókn ýmisra verslunarmanna, er nú tíðkast í höndlunarstöðunum á Íslandi, framvegis aftakist, og kauphöndlunin á einum eður fleiri af þessum plássum falli til fulls og alls í eins manns hendur" o. s. frv.

Reynslan hafði þá sýnt það, að með þeim ákvæðum, að hafa fleiri en eina útsölu í hverjum stað, söfnuðust viðskiftin á eina hönd. Þótt opna brjefið verði numið úr gildi, er ekki svo mikil hætta á þessu hjer í Reykjavík, en það er mikil hætta á því úti um land, þar sem fáar eru verslanir. Og yfirleitt hjelt jeg, að það væri hugsun löggjafarvaldsins, að ekki sje rjett að afnema þau ákvæði, sem vel hafa gefist. Og þess vegna hvílir sú skylda á þeim, sem nú vilja afnema ákvæði opna brjefsins, að sanna sitt mál um að það verði ekki til ills. Í upphaflega frv. var líka ætlast til þess, að opna brjefið stæði óhaggað.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) kom jafnframt fram með brtt. um það að afnema 27. gr. 2. lið í samvinnulögunum frá 1921. Þetta vil jeg ekki fyrir neinn mun. Samvinnufjelögin eru orðin til fyrir neytendur, en ekki sett á fót sem atvinnufyrirtæki, og það ákvæði, sem hjer um ræðir, er eitt með dýrmætari ákvæðum laganna. Ef samvinnufjelögin þróast, þá eru þetta dýrmæt rjettindi fyrir þau, og við vonum, að þau þróist sem best, og einkum veit jeg um hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hann muni vera fylgjandi því og ekki vilja gera neitt, er gæti orðið því til tálmunar, að sá fjelagsskapur fái notið sín.

Yfirleitt má segja, að stefna frv. nú sje sú, að hlynna að stórkörlum og þeim, sem betur mega, en stefna meiri hl. allshn. sú, að hlynna að hinum smærri. Þetta er mikill stefnumunur. Dálítil breyting varð þó til batnaðar á frv. við 2. umr.; þar á meðal að verja sveitirnar fyrir heildsölum, svo að þeir geti ekki vaðið þar inn hvenær sem þeim líst. Nú er þessi till., er meiri hl. nefndarinnar hefir homið fram með, gerð til þess að vernda hina smáu í kaupstöðunum líka. Það hefir verið fært því til stuðnings að afnema opna brjefið, að það sjeu ekki lengur í gildi slík ákvæði í Kaupmannahöfn og að menn fái þar leyfi til að versla á fleirum en einum stað. Þetta mun vera svo nú um smásala, en ekki var það svo þegar jeg var stúdent. Ástæðan til þessarar breytingar mun vera sú, að nú er Kaupmannahöfn orðin svo stór borg, að ekki er mikil hætta á því, að einstakir menn geti gleypt hina smærri kaupmenn. En í smábæjunum í Danmörku er þetta ekki leyft fremur en hjer. En hjer dugir ekki að miða landslög við Reykjavík eina. Þess var getið hjer í umræðum, að í brtt. meiri hl. nefndarinnar komi fram illvilji í garð kaupmanna. En þetta er ekki rjett. Það er einmitt þvert á móti. Þar kemur fram

velvilji í garð hinna minni kaupmanna, og mikill velvilji til neytenda. En hitt er annað mál, að jeg er hræddur við stórsalana, en jeg vil þeim þó ekki neitt ilt. Og mjer er illa við þá stefnu, sem hjer kemur fram, að veita stórkaupmönnum rjettindi á kostnað smákaupmanna.

Þá hefir verið talað um vinnubrögðin í þessu máli. Um það er því fyrst að svara, að allshn. hefir ekki fengið neina erlenda fyrirmynd að fara eftir. En þegar nefndin hafði kynt sjer málið, var hún strax klofin, og varð það því ekki jafnvel athugað og vera skyldi. Þegar nefndir klofna, þýðir það, að málin eru athuguð einhliða beggjamegin, en það er ekki holt fyrir málin. Minni hluti nefndarinnar vildi drífa frv. í gegn óathugað. Það sjest á brtt. hans, sem eru orðabreytingar eða smábreytingar, sem allir eru sammála um, og þó óhæfar sumar, enda síður en svo breytt til batnaðar.

Þrátt fyrir mikla vinnu meiri hlutans, þá er málið þó ekki athugað sem skyldi að því er snertir undirbúninginn. Það eru komnar fram rúmar 60 brtt. við frv., sem er 16 greinar, eða 4 brtt. við hverja grein að meðaltali, svo hæstv. atvrh. þarf ekki að firtast við, þótt menn dáist ekki að undirbúningi málsins. Það er mesta að segja spursmál, hvort rjett er að láta svona mál ná fram að ganga, þegar það reynist svo hroðvirknislega úr garði gert, að svona margar brtt. þurfa að koma fram við það. Rjettast væri að vísa málinu aftur til stjórnarinnar til betri athugunar og leggja það síðan fyrir næsta þing. Þó skal jeg ekki vera á móti frv., ef brtt. mínar við 10. og 16. gr. verða samþyktar. En ef svo verður ekki, þá get jeg ómögulega verið með frv. þessu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það kom nú fram í ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT), sem jeg hefi altaf sagt, en hann borið á móti, að það er meining nefndarinnar, að frv. þetta nái ekki fram að ganga. Það, sem nú er deilt um í frv., út af heildsölunum og smásölunum, var ekki í frv. upprunalega, en var sett inn í Ed. Nefndin í Ed. fekk á fund með sjer heildsala og smásala og þetta varð að samkomulagi hjá þeim. Jeg fæ ekki sjeð, að með þessu sje gengið á rjett smásalanna, er þeirra umboðsmenn hafa gengið inn á það. Þetta mál var mjög vel athugað í allshn. Ed. og fult samkomulag milli nefndarmanna. Jeg er sannfærður um, að ef brtt. nefndarinnar við 10. grein verður samþykt, þá dagar málið uppi. Það þýðir ósamræmi í áliti Ed. og Nd. Er hv. 1. þm. Árn. (MT) segir, að hjer sje verið að hlynna að heildsölum, þá lastar hann Ed., en ekki stjórnina. Þá kvartaði hann undan því, að kraftur hafi verið lagður á það að hraða þessu máli. Mjer þykir þetta nú harla undarleg staðhæfing, að ekki hafi verið hægt að athuga mál þetta nógu rækilega, þar sem þetta þing er nú búið að standa því nær 100 daga og frv. kom fram í byrjun þingsins.

Út af varatill. formanns nefndarinnar, um að vísa málinu til stjórnarinnar, þá óska jeg atkvæðagreiðslu um þetta ágreiningsatriði, til þess að vita vilja þingsins um það.

Þá skil jeg ekki, hví menn vilja halda í opna brjefið frá 1841. Það er með öllu úrelt og afnumið í Danmörku. Þar stendur meðal annars þessi klausa:

„Þegar á nefndri ey fleiri en einn vilja fást við verslun í samfjelagi, og þannig einungis nota eina búð, á það að vera

þeirra skylda, að auglýsa þeirra höndlunarnafn í þeim „Berlingsku pólitisku og avertissements-tíðindum“.

Jeg skil nú ekki í því, að það sje mikil eftirsjá í slíku ákvæði úr íslenskri löggjöf.

Jeg vil að síðustu mæla með brtt. hv þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Jeg get vel gengið inn á þær.

Ágúst Flygenring: Jeg get látið mjer nægja að skírskota til þess, sem jeg sagði við síðustu umræðu þessa máls hjer í deildinni. Það hefir ekki verið hrakið, enda var það ekki hægt. Bæði stórsala og smásala fara fram í nágrenni hvor við aðra og við hliðina hvor á annari. Þetta hljóta allir að vita, sem á annað borð fylgjast með auglýsingum í blöðunum, ef þeir vilja lesa þær.

Það er ekki rjett hjá hv. 1. þm. Árn. (MT), að jeg hafi talað um illvilja gagnvart þessu frv. í sambandi við brtt. nefndarinnar. Jeg sagði, að það væri lævísleg tilraun til þess að koma frv. fyrir kattarnef, því að flm. tillögunnar vita það fullvel, að frv. fer ekki í gegn í Ed., ef þeirra brtt. verður samþykt. Það er undarlegt, að menn skuli fást til þess að vilja halda í opna brjefið frá 1841. Það var sett í þá daga af ótta við það, að stórsalarnir legðu hina smærri kaupmenn undir sig. Er undarlegt, að sá ótti skuli enn vera til, er verslun hefir þróast svo mjög síðan og tekið miklum framförum. Óttinn við það, að stórsalarnir geti lagt smásalana undir sig, er algerlega gripinn úr lausu lofti. Heildsalar eru margir hverjir ekki efnaðir menn og mörg firmu ekki spor efnaðri en sumir smásalar. Auk þess getur smásali líka verslað sem stórsali, og eru dæmi til þess hjer í Reykjavík, og fer vel á því; sje jeg ekkert á móti því að láta lögfesta það, sem nú er „praktiserað“. Við eigum að afnema lög, sem virt eru vettugi og ekki fylgir neitt gott eða gagnlegt. Þau eru í skilningi fólksins andvíg því, sem heilbrigt er.

Það kemur ekki til, að nokkur hluti nefndarinnar hafi viljað hlynna að stórsölunum á kostnað smásalanna, eins og gefið hefir verið í skyn hjer. Sá nefndarhluti, sem hjer er átt við, hefir áreiðanlega viljað gera öllum rjett til. Jeg vil vekja athygli hv. deildarmanna á því, að með því að samþykkja brtt. á þskj. 516 fella þeir þetta frv. Og jeg get ekki sjeð, að með því sje unnið gott verk. Með því er spilt fyrir nauðsynlegri reglu fyrir því, hvernig menn öðlast rjettindi sem kaupmenn.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Meiri hluti allshn. ber fram efnisbreytingar við þetta frv., og ef þær eru feldar, þarf hæstv. atvrh. (MG) ekki að furða sig á því, þó afstaða okkar til frv. sjálfs breytist. Okkur er ant um, að þessar brtt. verði samþyktar. Meiri hluti allshn. hefir lagt mikla alúð við að reyna að gera þetta frv. aðgengilegt, en ekki fengið annað en ill orð og aðdróttanir fyrir. Það hefir verið talað um illvilja og lævíslegar tilraunir til þess að koma frv. fyrir kattarnef. Slíkt eru alveg ósæmilegar getsakir á nefndarmenn. Ef þessar efnisbreytingar okkar verða feldar, þá er eðlilegt, þó við hugsum okkur um, hvort fylgja beri þessu frv. út úr deildinni. Mjer þykir það hart, ef það á að vera sjálfsagt, þótt hæstv. atvrh. hafi bitið sig fast í brtt. Ed., að Nd. segi já og amen við því öllu. Það er sjálfsagt, að þessi deild ráði því, hvernig hún afgreiðir mál. Það á ekki að knýja

hv. þm. hjer til að þóknast einhverju „compromis“ milli stjórnarinnar og nefndar í Ed.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á brtt. á þskj. 484. Jeg hefi ekki heyrt hæstv. atvrh. lýsa skoðun sinni á þeim. Jeg heyrði að vísu, að hann kvaðst vera þeim samþykkur. En hvernig hugsar hann sjer framkvæmdina? Það væri fróðlegt að heyra. Undir brtt. fellur iðnaður í smæsta stíl, „handavinna manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru“ o. s. frv. Undir þetta fellur ekkert, sem með vjelum er unnið. Saumakonan og prjónakonan með sínar vjelar falla ekki undir þetta, ekki skósmiður, er notar vjelar við vinnu sína, o. s. frv. Það væri nógu gaman að fá að heyra hjá hæstv. atvrh., hvernig hann ætlar sjer að fylgja þessu í framkvæmdinni.

Jakob Möller: Jeg hefi ekki rannsakað þetta mál neitt nákvæmlega, en jeg er altaf að finna við og við atriði, sem mjer finst vafasöm. Mjer er það ekki full kunnugt, hvernig verið hefir með útsölu á brauðum og mjólk, hvort verslunarleyfi hefir þurft. Hygg þó, að svo hafi ekki verið. En mjer sýnist eftir frv. óhjákvæmilegt, að slík útsala falli ekki undir 2. lið 1. gr., nema aðeins að því er tekur til þeirra, sem framleiða slíkar vörur sjálfir; aðrir munu þurfa að fá verslunarleyfi. Afleiðingin yrði sú, að þessar vörur yrðu að minsta kosti ekki ódýrari en verið hefir. Mjer þætti því ekki ósennilegt, að nefnd þeirri, sem stjórnin hefir skipað til að athuga dýrtíðina í Reykjavík, þætti þessi breyting á verslunarlöggjöfinni athugaverð. Það er ekki einungis, að þessar verslanir sleppi nú við að greiða leyfisgjaldið, heldur og ýmsar kröfur, sem gerðar eru til verslunarrekenda í þessum lögum. Þessi verslun er oft í höndum þeirra, sem annars lítið kunna til þessarar atvinnu, og verður enginn skaði að. Og mjer er ómögulegt að sjá, að þessi tegund verslunar þurfi nauðsynlega að lúta svo ströngum lagafyrirmælum.

Jeg hefi litið svo á, að vafasamt væri, hvort leyfa ætti stórsölum að reka smásöluverslun, og eins hvort leyfa ætti sama smásala að hafa margar útsölur í sama verslunarstað. Mjer finst þetta atriði þó sjerstaklega varhugavert einmitt í sambandi við heimildina fyrir stórsala til að reka smásölu. Það gæti leitt til þess, að einstakir menn næðu of miklum tökum á versluninni. Það væri yfirleitt ekki úr vegi, að þetta væri athugað betur en gert hefir verið. En verði smásala heimiluð stórsölum, mun jeg greiða atkvæði á móti því, að sami maður megi reka smásölu á mörgum stöðum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) er í efa um, hvort mjólk, brauð og kökur megi selja án verslunarleyfis. Jeg tel, að þessar tegundir muni falla undir undantekninguna í 2. lið 1. gr., en ef til vill er þetta vafasamt vegna ákvæða 3. gr., en tilætlunin hefir ekki verið hjá mjer, að verslunarleyfi þyrfti í þessum tilfellum, og svo virðist hv. nefnd einnig hafa skilið þetta. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir sagt um vjelaunninn iðnað, eru aðeins hártoganir. Það mætti eins segja, að saumnál væri vjel og það vjelunnið, sem með henni er saumað.

Jakob Möller: Hæstv. atvrh. (MG) hefir sannfært mig um, að það, sem jeg hjelt fram, er rjett. 5. liður 3. gr. sýnir, að þessi verslun fellur undir þessi lög. Þessi gr. tekur af allan vafa, þó 2. liður

1. gr. ljeti einhvern vafa eftir um það. En það er nú alveg auðsætt, að hann á aðeins við það, sem menn afla *sjálfir*, eða einhver af skylduliði þeirra, — annað ekki. Meðal þeirra skilyrða, sem þarf til þess að sleppa við að kaupa verslunarleyfi, er einmitt þetta allsherjarskilyrði, að maður hafi sjálfur aflað eða framleitt vörurnar. Og þar sem á eftir upptalningunni er talað um aðrar *slíkar* vörur, þá felur þetta „slíkar" það í sjer, að aðrar vörur, sem upptalningin ekki greinir, eigi að öllu leyti að uppfylla hin settu skilyrði, þar á meðal það, að maðurinn hafi aflað þeirra sjálfur. Athugasemdin við 5. lið 3. gr. sýnir, að þessi verslun heyrir undir lögin að öllu öðru leyti en því, að bókfærslukunnáttan er ekki sett sem skilyrði fyrir verslunarleyfi. Jeg veit, að skrifleg brtt. kemur fram til að lagfæra þetta, og býst jeg við að styðja hana.

Jón Auðunn Jónsson: Þessi ákvæði eru óljós og geta valdið misskilningi, þó kannske megi einnig skilja þau eins og hæstv. atvrh. gerir. Mjer finst sjálfsagt að ganga svo frá að taka af allan vafa í þessu máli, og leyfi mjer því að bera fram tvær brtt. og kem með þær skriflegar, þar sem þetta er 3. umr. Jeg legg til, að við 1. gr. verði bætt nýjum tölulið, sem verði 4. liður, svo hljóðandi: „Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum." En aftan af síðari málsgr. 5. tölul. 3. gr. falli orðin: „nje þeirra, sem ætla að versla einungis með innlenda mjólk, rjóma, skyr eða egg, brauð eða kökur."

Jeg vona, að þetta þurfi ekki frekari skýringar.

Magnús Torfason: Hæstv. atvrh. (MG) gerir altaf veður úr viðgerðum á frv. sínum; það er eins og ekki megi við þeim hreyfa. En við höfum nú puntað æðimikið upp á þetta frv. Og hæstv. atvrh. ætti að eiga þá tegund stolts, að stjfrv. hans færu þannig úr þinginu, að lögin yrðu honum til sóma. Það er spurt um smíðina, en ekki hvernig hún varð til. Og þeir, sem að því vinna að gera gripinn góðan, ættu miklu fremur skilið þakkir hans en vanþakkir fyrir verk sín.

Mjer heyrist, að það sje verið að hóta okkur með hv. Ed. En jeg fullyrði, að Nd. er aðalkjarni og kraftur þingsins. Og jeg neita, að nefndin í háttv. Ed. hafi nokkra tilhneigingu til þess að fella þetta frv., þó að við bættum það dálítið. Jeg veit t. d. um einn nefndarmann, að hann er með öllum brtt. okkar. Og jeg skil ekki, hvaða ástæðu hv. 1. þm. Rang. (EP) ætti að hafa til þess að vera að hlaða undir stórsala í Reykjavík.

Það lítur út fyrir, að hjer hafi átt að gera miðlun milli stórsala og smásala, en það hefir orðið óskapnaður úr því. Jeg þekki einstaka smásala hjer í bænum, og einn kom til mín og bar sig upp undan ýmsum ákvæðum frv., og miklu fleiri hafa komið til hv. frsm. Fulltrúarnir, sem að lögunum stóðu, hafa því ekki verið í samræmi við óskir þessara manna, enda sennilega miðað meir við þá, sem voru af stærri endanum. Og það sjest af frv. Verslunarráðsins, að það er síður en svo, að málið sje vel undirbúið.

Þá vil jeg benda á það, að jeg er ekki einn um það, að sýslunefndir eigi að hafa umsögn um, hvort leyfa skuli manni sveitaverslun. Á þingi 1879 er það að lögum gert, að sá maður skuli vera bæði bóndi og heimilisfastur. Aðeins hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vildi, að hann væri líka bóndi. Ef álitið er, að ákvæðið sje rjett

og gott, þá á að festa það í lög á þingi, en ekki eiga það undir dánumensku annara, hverjir fái að reka þessa atvinnu.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Það var eins og hann væri að tala um Reykjavík eina, Hafnarfjörður væri þurkaður af jörðinni. Mjer fanst hann vera allur annar maður en fyrir nokkrum dögum, enda var auðheyrt á orðbragðinu, að hann hefir verið í vondum fjelagsskap. Hann talaði um „lævíslegar tilraunir". Þetta er afskaplegt, og jeg þykist vita, að forseti hafi ekki heyrt það, úr því hann vítti það ekki. Að tala um það sem lævísar tilraunir, sem eru sýnilegar umbætur, það er ekki vottur um góðan málstað.

Það var einu sinni borin upp sú gáta, að ef lykillinn kæmist ekki í skráargatið, hvort það væri af því, að lykillinn væri of stór eða skráargatið of lítið. Þetta ætti hv. þm. (ÁF) vel að athuga. Þá sagði hv. þm. (ÁF), að jeg hefði verið að tala um ilt siðferði í verslun. En jeg hefi aðeins haldið því fram, að það væri ilt til afspurnar, ef Alþingi færi að afnema lög vegna þess, að brotamenn væðu uppi. Slík stefna er vond, og munu fleiri við það kannast en jeg.

Þá kem jeg loks að blessuðum bökurunum. Er þá fyrst frá því að segja, að brtt. nefndarinnar við 1. gr. gekk út á það, að leyfa frjálsa sölu á íslenskum iðnaðarvörum. Jafnframt kom till. um að nema þessi orð burtu úr 3. gr. 5. tölulið: „nje þeirra, sem ætla að versla einungis með innlenda mjólk, rjóma, skyr eða egg, brauð eða kökur". En skilningurinn á þessu var nú ekki meiri en svo, að fyrst var iðnaðurinn drepinn og svo þessi till. En nú er komin ný till. til að lappa upp á þetta. En þó hún verði samþykt, þá fullyrði jeg, að till. er of þröng. Álít jeg, að fleiri tegundir ættu að standa í 5. lið 3. gr. Þess vegna komumst við að raun um, að ekki væri rjett að hafa þarna upptalningu, heldur liðinn nógu víðan. Og ýmislegt fleira bendir mjer á, að málið sje ekki nógsamlega athugað. En nú fer frv. til hv. Ed., og má þá kannske koma breytingum að þar til lagfæringar. En það verður aldrei nógu vel brýnt fyrir mönnum, að máli eins og þessu, sem snertir svo mjög athafna- og atvinnufrelsi manna, má ekki flaustra af rannsóknarlítið og illa undirbúnu, eins og hjer á sjer stað nú, þar sem málið er afgreitt í þinglokin með hverri skriflegri brtt. á fætur annari. Skil jeg ekki þetta mikla kapp. Mjer vitanlega hafa ekki komið neinar kvartanir um þá löggjöf, sem nú gildir um þessi efni, og væri því enginn skaði skeður, þótt lög sem þessi hefðu beðið nokkurn tíma. Mætti það þá fá betri undirbúning og athugun, en það skal vel vanda, sem lengi á að standa.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins þakka hv. 1. þm. Árn. (MT) fyrir hans fyndnu og skemtilegu ræðu. Veitir ekki af því, þó einum glampa bregði fyrir í öllum þessum nauðaleiðinlegu ræðum hans. En leiðinlegt var að vita til þess og hlusta á það, að skilningsleysi hans og dómgreindarleysi í þessu máli var engu minna nú en áður. Það var alt í myrkri fyrir honum, nema þessi gamanyrði, sem hann kom með. En þar sem hann mintist á fjelagsskap minn, þá vil jeg segja honum það, að honum væri fyrir bestu að skifta sjer sem minst af þeim fjelagsskap, sem jeg er í daglega. Jeg gæti ímyndað mjer, að ef út í það færi að gera samanburð við hans og telja upp sumt það

fólk, sem hann umgengst dagsdaglega, þá mundi honum ekki koma sá samanburður vel.

ATKVGR.

Fram kom á fundinum skrifleg brtt. (verður þskj. 543). — Afbrigði um hana leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 517 feld með 14:13 atkv.
— 484,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 543,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 516,1 samþ. án atkvgr.
— 543,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 516,2 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BSv.

nei: BL, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BJ.

Einn þm. (IngB) fjarstaddur.

Brtt. 516,3 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BJ, HStef, JakM, JBald, BSv.

nei: JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JAJ, JK.

Einn þm. (IngB) fjarstaddur.

Brtt. 542 tekin aftur.
— 484,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 497,a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 497,b tekin aftur. Till. var tekin upp af þm. Str. (TrÞ) og samþ. með 14:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:7 atkv. og endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 544).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (544, 552).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 552. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Frv. þetta, sem nú er komið hingað aftur eftir 3. umr. í hv. Nd., hefir, þrátt fyrir tilraunir hv. meiri hl. allshn. þar til að breyta því, tekið litlum verulegum efnisbreytingum frá því, er það fór hjeðan. Mætti helst telja það, að hv. Nd. hefir felt burtu árgjaldið, sem þessi hv. deild tók upp í frv., því eins og hv. þm. muna, þá var það ekki upphaflega í stjfrv. Það er því skoðun meiri hl. allshn. í þessari háttv. deild, að breytingar þær, sem orðið hafa á frv., geti ekki talist svo verulegar, að þeirra vegna sje ástæða til að hefta framgang þess. Að vísu væri það, eins og áður hefir verið tekið fram, að ýmsu leyti mjög þægilegt, að eitthvert árgjald væri ákveðið í lögunum, sjerstaklega með tilliti til þess, að þá hefði stjórnarráðið glögt yfirlit yfir þá, sem rækju verslun. Þar sem vitanlegt er, að ýmsir hafa fengið sjer verslunarleyfi, sem þó reka ekki verslun, gefur tala þeirra, er verslunarleyfisbrjef hafa keypt, ekki rjetta hugmynd um, hve margar verslanir sjeu í landinu.

Þá hefir talsvert verið reynt að hnekkja því leyfi, sem allshn. vildi láta veita heildsölum til að hafa einnig smásölu á hendi. Nú hefir hv. Nd. felt þá brtt. og hefir fallist á það sama í þessu efni og þessi hv. deild.

Jeg sje nú, að lögð hefir verið fram brtt. á þskj. 552, við 11. gr. frv., um skilyrðin fyrir að reka sveitaverslun. Er þar farið fram á, að samvinnufjelög sjeu undanþegin ákvæðum þeim, sem í 11. gr. standa. En ekki get jeg skilið, hvers vegna þau ættu að vera fremur undanþegin skilyrðum þeirrar greinar en aðrar verslanir. Verslun er altaf verslun, hvort sem fjelög eða einstaklingar reka hana, og ef sýslunefnd setur sig á móti því, að slík verslun verði sett á stofn, þá hljóta þau mótmæli eins að koma til greina gagnvart samvinnufjelögunum sem öðrum verslunarrekendum. En sjerstaklega finst mjer varhugavert að samþykkja þessa brtt. nú, því ef farið verður enn á ný að hrófla við frv. og senda það aftur til hv. Nd., þá er hætt við, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi. En það tel jeg illa farið, svo miklum tíma sem eytt hefir verið til að athuga það, bæði hjer í háttv. deild, og eins má sjá á brtt. þeim, er fram komu hjá hv. allshn. í Nd., að sú háttv. nefnd hefir ekki ætlað að sleppa frv. athugasemdalaust í gegnum þingið, þó fáum till. hennar yrði lífs auðið. Því væri mjög æskilegt, að málið yrði ekki tafið frekar, og leyfir meiri hl. allshn. sjer að leggja til, að það verði samþykt eins og það er.

Jónas Jónsson: Eins og vikið hefir verið að, þá á jeg hjer litla brtt. á þskj. 552. Og þó mjer sje ljóst, að hún sje ekki í sjálfu sjer neitt stórmál, þá fanst mjer þó rjett, að tekið væri fram í lögunum, að samvinnufjelög mættu setja upp búðir þar, sem þau teldu nauðsynlegt fyrir sig að hafa þær. En því þykir mjer betur, að till. verði samþykt, að komið hafa fyrir þau tilfelli, að fjelag sje í trássi við meiri hl. sýslunefndar. Má t. d. geta þess, að eitt elsta kaupfjelag á landinu, Kaupfjelag Þingeyinga, átti harla örðugt uppdráttar vegna þess, að sýslumaðurinn þáverandi, Benedikt Sveinsson, sem var voldugur hjeraðshöfðingi, var í andstöðu við fjelagið. Þegar líkt stendur á, getur oft verið óþægilegt fyrir fjelag að þurfa að hlíta meiri hluta sýslunefndar.

Hvað frv. annars viðvíkur, þá má segja, að hv. Nd. hafi reitt úr því flest það, sem til gagns mátti leiða. Raunar má vera, að eitt atriðið af þeim, sem eftir eru, horfi til bóta, og á jeg þar við ákvæðið um nýjar erlendar verslanir. En þó legg jeg ekki mikið upp úr því. Það mun hvort sem er verða sú reyndin á, að fjármunirnir finna jafnan eitthvað nýtt form til að komast inn í landið.

Einn aðaltilgangurinn með frv. þessu, að því er hæstv. atvrh. (MG) ljet ummælt, átti að vera sá, að draga úr óeðlilegri aukningu verslunarstjettarinnar, með því að takmarka það, að of margir tækju upp verslun. En nú hefir verið feld till. okkar hv. 2. þm. S.-M. (IP) um meiri kröfur til bóklegrar og verklegrar þekkingar þessara manna, og þannig numið burt helsta ráðið, sem svarað gat aðaltilgangi frv. Ákvæðið um árgjaldið, sem líka var spor í rjetta átt, hefir sömuleiðis verið felt niður.

Að öllu þessu athuguðu get jeg ekki annað sagt en að frv. hafi verið spilt æðimikið, og þó jeg telji, að eitt ákvæði þess kunni að vera til nokkurra bóta, þá greiði jeg sáróánægður frv. atkv. mitt.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg get vel skilið, að hv. 5. landsk. (JJ) sje ekki sem ánægðastur orðinn með frv., sjerstaklega

þar sem felt er burtu ákvæðið um árs-skatt af verslunum, sem sett var samkv. till. Verslunarráðsins. Hinsvegar dylst mjer ekki, að mörg ákvæði frv. miða til verulegra bóta, og hvað snertir tilgang frv., sem hæstv. atvrh. (MG) mintist á, að hamla óeðlilegri aðsókn að þessari atvinnugrein, þá held jeg, að hv. þm. (JJ) hljóti að kannast við, að t. d. hækkun leyfisbrjefagjaldsins sje ekki óverulegt atriði í þessu efni. T. d. kostar leyfi til að reka stórsölu 1000 kr. samkv. frv. þessu.

Hvað viðvíkur annars brtt. hv. þm (JJ), þá skal jeg ekki mæla á móti því, að hún kunni að hafa eitthvað til síns máls. En það er altaf nægur tími til að koma slíkri brtt. inn í lögin síðar meir. Þau tilfelli munu hvort sem er vera svo strjál, að samvinnufjelög hafi sýslunefndir á móti sjer, að ekki mun saka, þó þetta ákvæði bíði til næsta þings. En eins og nú er komið, stofnar brtt. frv. í hættu, ef hún verður samþykt, þar sem hún er svo seint fram komin, og vil jeg því enn á ný láta þá ósk í ljós, að hv. deild felli brtt. og samþykki frv. eins og það er komið frá hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 552 feld með 7:4 atkv.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 554).

25. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eins og sjá má af greinargerð fyrir frv. þessu, er meginatriði 1. gr. þess tilraun til að jafna skattgjald hlutafjelaga þannig, að það þurfi ekki að vera eins misjafnt ár frá ári eins og arður þeirra fjelaga, sem reka áhættusaman atvinnuveg, t. d. sjávarútveg.

Ákvæðin um skattgjald hlutafjelaga eru harðari hjá okkur en nágrannaþjóðum okkar, og þau koma sjerstaklega illa niður, þegar svo ber undir sem nú, að mikill arður verður á einu ári eftir undangengið tap og arðleysi.

Uppástunga sú, sem hjer er gerð, er sumpart sniðin eftir dönskum lögum, en sumpart eftir því, sem hjer á við vegna staðhátta. Að öðru leyti en því, sem farið er fram á í 1. gr. frv. þessa, eru það aðeins smábreytingar við núgildandi skattalög, sem það hefir í sjer fólgnar. Má þar fyrst til nefna, að farið er fram á, að með konunglegri tilskipun megi undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið, og er þetta í samræmi við reglur þær, sem fylgt er annars á Norðurlöndum.

Loks er farið fram á heimild til þess að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum og eignum í báðum ríkjum. Er uppástunga þessi komin frá dansk-íslensku ráðgjafarnefndinni, og hefir uppkast af slíkum samningi gengið á milli stjórna beggja landanna. Þó slíkir samningar

verði gerðir, munu þeir ekki hafa neinn tekjumissi í för með sjer fyrir ríkissjóðinn íslenska.

Það er efalaust, að full þörf hefði verið að taka tekju- og eignarskattslögin til gagngerðrar endurskoðunar, en til þess vanst ekki tími fyrir þetta þing, enda má segja, að reynslan fyrir þeim sje ennþá of stutt og einhliða vegna hins óhagstæða árferðis, sem verið hefir síðan lög þessi öðluðust gildi, þar til nú síðastliðið ár. Og nú fyrst er hægt að jafna skattinum niður eftir hagstætt árferði. Og þá fyrst, þegar búið er að fá reynslu bæði hagstæðra og erfiðra ára, verður fenginn grundvöllur fyrir gagngerða endurskoðun laganna í heild.

Að þessari umr. lokinni óska jeg málinu vísað til fjhn.

Tryggvi Þórhallsson: Hingað til hafa engir aðrir en ráðherrarnir tekið til máls, um leið og þeir hafa lagt frv. sín fram. Hygg jeg þó, að það muni síst vera af því, að allir sjeu ánægðir með þau, heldur af hinu, að menn vilji fara varlega af stað. Má og vel vera, að líka valdi það nokkru, að í þetta sinn var farið með meiri leynd með stjfrv. en venja hefir verið; að minsta kosti fjekk jeg þau ekki í hendur fyr en nú í þingbyrjun. En jeg veit ekki betur en venja hafi verið að senda þingmönnum þau nokkru áður en þing hefir komið saman, að svo miklu leyti sem unt hefir verið, til þess að þm. væru búnir að athuga þau, áður en þeir kæmu til þings. Þetta ásamt öðru má vel vera að sje orsök þess, að menn sjeu nú varbúnari en ella að taka þegar afstöðu til málanna.

Þrátt fyrir þetta get jeg ekki lengur setið rólegur hjá og látið frv. það, er hjer liggur fyrir, ganga umræðulaust til 2. umr., ekki eingöngu vegna þess sjálfs, heldur og miklu fremur fyrir þá sök, að jeg tel það einn lið í stefnuskrá, er kemur fram í fleiri frv., er hæstv. stjórn hefir lagt fyrir þetta þing. Má þar fyrst benda á frv. það, er hjer var til umræðu í gær, sem fór fram á að ljetta berklavarnakostnaðinum af ríkinu og leggja hann með nefskatti á einstaklinga þjóðarinnar.

Í hv. Ed. liggur fyrir frv., sem gengur í sömu átt. Er í því farið fram á að hækka kirkjugjöldin, þ. e. ljetta á þjóðfjelagsheildinni, en íþyngja einstaklingunum, án tillits til efnahags, með nefsköttum. Stefnan er því glögg, sem sje sú, að auka nefskattana, til þess að hlífa þeim, sem breiðust hafa bökin og eiga hægast með að borga.

Loks er frv. það, sem hjer er til umræðu. Það gengur einna lengst, þar sem það fer fram á að veita miklar ívilnanir um skattgreiðslur þeim, sem mest hafa gjaldþolið, og jafnvel heimilað að gefa þeim skattinn alveg eftir. Jeg skal ekki fara út í einstök atriði frv. þessa nú, því að það mun tæplega viðeigandi við þessa umræðu. En jeg vil leyfa mjer að mótmæla þessari stefnu, ekki aðeins fyrir mína hönd sem þingmanns, heldur og fyrir hönd margra þingmanna annara og meginþorra íslensku þjóðarinnar.

Jeg ætla ekki að fara út í það nú, hvort rjettara sje að afla ríkinu tekna með nefsköttum eða að hin reglan eigi að gilda, að þeir, sem hafa hæstar tekjur, eigi og að borga hæsta skatta. En aðeins vil jeg taka það fram, að stefna sú, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þeim, er jeg nú hefi nefnt, er ekkert einsdæmi hjá þessari hæstv. stjórn, heldur er hún sameiginleg öllu íhaldi hvar sem er: að reyna að velta skattabyrðunum af sjer og þeim,

sem breið hafa bökin, yfir á einstaklinganna. Það er þessi stefna, sem hjer verður barist um, og það vil jeg segja hæstv. stjórn, að baráttulaust skal hún ekki bera þessa stefnu fram til sigurs á Alþingi.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil aðeins skjóta nokkrum orðum til hv. fjhn., sem frv. þetta fær til meðferðar. Jeg er samþykkur hæstv. fjrh. (JÞ), að full þörf sje á að endurskoða tekju- og eignarskattslögin í heild sinni.

Það, sem jeg vildi skjóta til hv. nefndar, er atriði, er jeg sem yfirskattanefndarmaður hefi rekið mig á, að væri mjög ósanngjarnt í lögum þessum, en það er um námsfje.

Samkv. 13. gr. laga þessara er fje það, sem gengur til mentunar ungmennum, skattfrjálst, ef ungmennin eiga það sjálf, en ef feður þeirra eiga það, þá er það skattskylt. Í þessu er ekkert samræmi; í báðum tilfellum á slíkt fje annaðhvort að vera skattfrjálst eða skattskylt. Og jeg hefi þá skoðun, að alt það fje, sem lagt er fram til mentunar og menningar æskulýð landsins, sje lagt fram til almenningsheilla, og til þess að gera þjóðina þróttmeiri og eigi alt að vera skattfrjálst. Að fje þetta er skattskylt hjá þeim foreldrum, sem senda börn sín til náms, hefir ekki svo lítil áhrif á skatt þeirra. Fyrst þegar jeg starfaði í yfirskattanefnd, talaði jeg um þetta ósamræmi við skattstjóra hjer, og taldi hann óumflýjanlegt, að þetta fje væri skattskylt; hjá því ákvæði laganna yrði ekki komist. En síðar hefi jeg frjett, að sumstaðar sje farið að draga þetta fje undan skatti. Þetta, ásamt fleiru, verður því mjög til þess að auka óánægju með þetta ákvæði laganna. Þótt ekki væri undanþegið skatti kostnaður sá eða fje það, er menn verja til mentunar barnanna sínum, meðan börnin sjálf geta verið í foreldrahúsum, gengið á skóla heiman að frá sjer, heldur aðeins það fje væri undanþegið skatti eða skattfrjálst, sem lagt er út til mentunar ungmennum, sem eru fjarverandi heimilum sínum, þá álít jeg ekki, að slíkt ákvæði væri ósanngjarnt t. d. í garð Reykvíkinga, sem að mörgu leyti standa betur að vígi með að menta börn sín.

Jeg vænti nú, að hv. fjhn. sjái, að hjer sje um verulegt ósamræmi að ræða, og taki þetta atriði því til nákvæmrar athugunar.

Jón Baldvinsson: Þegar verðtollslögin voru samþykt hjer í fyrra, var ekki að því spurt, hvernig gjaldþol manna væri, heldur voru lögin hömruð í gegn með það eitt fyrir augum að afla ríkissjóði tekna. En nú hefir það sýnt sig, að óþarft var að leggja á þennan þunga skatt. Og nú, þegar verið hefir veltiár hjá togaraútgerðinni, kemur fram frv. um að undanþiggja fiskiveiðafjelögin skatti. En frv. þetta er, eins og rjettilega tefir verið tekið fram, einn liður í stefnuskrá hæstv. stjórnar, sem hefir hag burgeisanna, en ekki almennings, fyrir augum. Það er því rangt, sem Morgunblaðið hefir sagt um hæstv. fjrh. (JÞ), að hann beri mjög hag almennings fyrir brjósti, því að þetta frv. sýnir hið gagnstæða, þar sem farið er fram á að undanþiggja þá skatti, sem grætt hafa miljónir á útgerðinni síðastliðið ár, en þunga skatta á nauðsynjum almennings á að framlengja, samkvæmt till. stjórnarinnar. Greinilegar en þetta er ekki hægt að marka stefnu Íhaldsins.

Hæstv. fjrh. taldi mikla nauðsyn að koma frv. þessu í gegn nú. En hitt gleymdist honum að skýra, hve mikið tap ríkissjóður hefði af því, og hefði honum

þó síst átt að vera það ofvaxið, þar sem hann, að dómi Morgunblaðsins, er sá mesti fjármálaspekingur, sem nokkurn tíma hefir fæðst í Norðurálfu heims.

Jeg ætla ekki að skjóta neinu til nefndar þeirrar, er fær þetta mál til meðferðar, en aftur vil jeg skjóta því til háttv. deildar að sálga frv. þessu nú þegar, því að það er maklegasta meðferðin á því.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Str. (TrÞ) kvartaði undan því, að stjfrv. hefðu komið seinna í hendur þingmanna nú en venja hefir verið. Ástæðan fyrir því var fyrst og fremst sú, að nú var þing kvatt fyr saman en venja hefir verið, og í öðru lagi voru veikindi í ráðuneytinu. Aðrar orsakir en þessar tvær voru ekki þessum drætti valdandi.

Þá tók háttv. þm. sjer fyrir hendur að lýsa stefnu stjórnarinnar og Íhaldsflokksins, og risti hann þar ekki dýpra en vænta mátti af honum. Vel má vera, að hann geti lýst stefnu sjálfs sín og síns flokks, en stefnu Íhaldsflokksins getur hann ekki lýst, enda mistókst honum það algerlega. Hv. þm. byrjaði á því að fetta fingur út í frv. það til laga um sjúkratryggingar, sem hæstv. atvrh. leggur fyrir þingið. Það frv. er að vísu byrjunarlöggjöf í því efni hjer á landi. En háttv. þm. getur fengið vitneskju um það hjá bandamanni sínum, hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að einmitt sú stefna í þeim efnum, sem frv. flytur, hefir sigrað í mörgum helstu menningarlöndum Norðurálfu. Og það er satt best að segja, að víðast hafa það verið jafnaðarmannaflokkarnir, sem borið hafa slík mál fram. En stefna Íhaldsflokksins er svo heilbrigð, að hann hlífist ekki við því að taka upp góð mál, þótt aðrir flokkar gangist fyrir þeim í öðrum löndum. — Hjer hafa verið nefnd fleiri frv., sem stjórnin hefir látið leggja fyrir þingið, svo sem frv. til laga um breyting á lögum um sóknargjöld. Það frv. er komið frá nefnd, sem stjórnin skipaði samkvæmt tilmælum síðasta Alþingis, til þess að gera tillögur um sparnað á ríkisfje, og það hefði verið hart, ef stjórnin hefði neitað að leggja frv. hennar fyrir þingið. Auk þess er það skoðun margra manna, að rjett sje, að einstaklingarnir beri þær byrðar, sem leiða af trúmálum og prestahaldi í söknum landsins.

Hv. þm. Str. (TrÞ) var að lýsa stefnu Íhaldsflokksins með allri þeirri grunnfærni, sem honum er eðlileg. Taldist honum svo til, að hún væri í því falin að ná sem mestum tekjum ríkissjóðs af fátækum almenningi, en leggja sem minst á þá, er breiðust hefðu bökin. Kvaðst hann reiðubúinn að berjast gegn slíku og sagði, að þetta frv. skyldi ekki ganga baráttulaust í gegn. Jeg get trúað því, að stjórnin komi hvorki þessu frv. nje öðrum baráttulaust í gegn. En hitt tel jeg of mikið sagt, að kalla þetta illa bót á ljelegt fat, ef á að gera það að sjerstöku stefnumáli Íhaldsflokksins. Hjer er naumast tilefni til þess að fara að skýra frá stefnu Íhaldsflokksins í skattamálum yfirleitt. En jeg get sagt svo mikið, að fyrir honum er það berandi hugsun í öllum skattamálum að haga löggjöfinni í þeim efnum þannig, að atvinnuvegirnir á þessu landi fái sem best borið sig og blómgast. Því viðhald atvinnurekstrar, jafnt fjelaga og einstakra manna, er skilyrði fyrir allri blómgun landsins. Og það er lítill ábati að því, þó alþýða borgi lítinn skatt og alt sje lagt á „breiðu bökin“ svonefndu, ef atvinnurekstrinum er þar með íþyngt svo, að hann verður að draga saman segl-

in og fjöldinn fær hvorki atvinnu nje kaup. Jeg get ekki sjeð, að Íhaldsflokkurinn eigi skilið skammir fyrir það að vísa hjer veginn og vilja hlynna að því, að hverskonar heilbrigður atvinnurekstur geti blómgast. Háttv. þm. Str. (TrÞ) má berjast á móti því eins og hann langar til. En hann fær víst fáa til þess að fylgja sjer.

Háttv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JBald), tók í sama strenginn, og hefi jeg nú svarað flestu, sem hann talaði um. En þó vil jeg enn leiðrjetta eitt, sem hann fór rangt með, að fælist í þessu frv. Hann sagði, að frv. færi fram á það að undanþiggja togarafjelögin skatti af miljónagróða sínum árið sem leið. Kvað hann þetta stefnu Íhaldsflokksins í skattamálum. Hvorttveggja þetta er rangt, bæði hvað snertir frv. og íhaldsstefnuna. Frv. fer aðeins fram á það, að tekjuskattur þessara fjelaga sje miðaður við þriggja ára meðaltal af skattskyldum tekjum. Það ár getur komið, að arður sje enginn, og leggur það ár ekkert til meðaltalsins, en dregur heldur ekkert frá, þótt tap sje. Hafi nú eitt fjelag ekkert grætt og jafnvel tapað tvö undanfarin ár, en góður gróði orðið á árinu 1924, þá greiðir það ekki nema ⅓ tekjuskatts af þeim gróða í ár. En á næsta ári kemur sá gróði aftur til greina við meðaltalið, og loks enn þriðja árið. Þetta er hagur bæði fyrir fjelagið og ríkissjóð jafnvel líka. Skatturinn verður síður sligandi byrði fyrir fjelögin og fyrir ríkissjóð er hagkvæmara að fá jafnar tekjur ár frá ári en að hljóta stóra hvalreka einstök ár, sem freista til eyðslu, en missa svo teknanna þegar miður árar. Hjer er skattinum deilt á þrjú ár, í stað þess að hann sje allur goldinn í einu. Það hefir engin áhrif á raunverulegan hag ríkissjóðs, önnur en þau að jafna skatttekjurnar, er misjafnt gengur, en hinsvegar alls engin uppgjöf á skattinum. Alt, sem hv. þm. (JBald) sagði um það, var eins langt frá sannleikanum eins og lygin sjálf. Þá var hv. þm. (JBald) að tala um það, að mjer hefði láðst að gera grein fyrir því, hve miklu ríkissjóður tapaði við þetta frv. Það er ekki hægt að segja það með vissu, hverju muni muna á reikningi 1925. En minki tekjurnar þá, á þessu ári, þá verða þær því meiri 1926 og 1927, og munar það aldrei miklu í heildinni.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) þótti sem mjer hefði ekki tekist vel að lýsa stefnu Íhaldsflokksins í skattamálum. Nú hafði jeg ekki annað fyrir mjer í þessu efni en verk hans, eða stjórnarinnar. En jeg bjóst við því, að marka mætti stefnu flokksins af stjórninni og stefnu stjórnarinnar af frv. hennar. En sje þetta marklaust, þá játa jeg það, að erfitt sje að gera sjer grein fyrir stefnu Íhaldsins í skattamálunum.

Hæstv. fjrh. var að afsaka sig gagnvart einu frv. með því, að það væri komið frá útlendum jafnaðarmannaflokkum. Og enn annað frv. kvað sparnaðarnefndin eiga. Jeg játa það, að ef öll stjfrv. eru af tilviljun tínd hvert úr sinni áttinni, þá sje erfitt að átta sig á stefnu stjórnarinnar af þeim. En það nær þó engri átt, að stjórnin skjóti sjer á þennan hátt undan ábyrgð á þeim frv., sem hún leggur fyrir þingið. Henni dugir ekki að felast á bak við útlenda jafnaðarmenn eða sparnaðarnefndina.

En þó ekkert mark væri takandi á frv. stjórnarinnar, þá mundu verk hennar að einhverju hafandi. Ekki er lengra síðan

en í nóv. f. á., að hæstv. fjrh. ljet þá tilkynningu út ganga, að ekkert gæti orðið af stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbankann, sem samþykt var að stofna á síðasta Alþingi, vegna fjárskorts. Samhliða voru tíu nýir togarar keyptir til landsins og nóg fje til þess. Svo ólík er framkoma stjórnarinnar við bændur og stórútgerðarmenn. Tilkynning þessi vakti mikinn storm um alt land og var mjög óvinsæl. Og viti menn: Rjettri viku áður þing kæmi saman lætur stjórnin aftur boð út ganga um það, að nú láti hún stofna deildina. Þykir mjer þetta ljós stefna og festuleysið jafnframt augljóst.

Jeg mun ekki fara nánar út í efni þessa frv. að sinni. Það mun ekki fara framhjá neinum, að í því eru einstök atriði, sem ekki mundu standa þar, ef það væri fram borið af útlendum jafnaðarmönnum. Það hefir eingöngu hagsmuni hinna ríku hlutafjelaga fyrir augum.

Hæstv. fjrh. brá mjer oft um grunnfærni í ræðu sinni. Jeg skal játa það, að eins og stefna hæstv. fjrh. lýsir sjer í frv. þessu, þá er hún ekki grunnfær, heldur róttæk íhaldsstefna.

Jakob Möller: Það er óþarfi að hefja umræður um þetta mál af miklum hita og vígamóði, eins og hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JBald), sem vill láta sálga frv. nú þegar. Hitt er mjer ljóst, að það væri mikil fljótfærni, ef það næði fram að ganga íhugunarlítið eins og það liggur fyrir. Jeg held, að frv. þetta og afleiðingar þess hafi ekki verið athugaðar eins gaumgæfilega og vera ætti. Jeg hjó eftir því hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að hann taldi mikla nauðsyn á því að varast það að íþyngja atvinnuvegunum. Væri þeim íþyngt um of, yrði alþýða ver farin, af því að þá brigðist atvinna. Þetta er vitanlega rjett, en hitt liggur í augum uppi, að tekjuskattur, sem er miðaður við hreinan ágóða, getur aldrei komið neinu fyrirtæki á vonarvöl. Það eru miklu frekar útflutnings- og innflutningsgjöld, sem geta orðið hættuleg í þessu efni. Hæstv. fjrh. var að taka dæmi um framkvæmd þessa frv., ef það gengi fram. Gert er ráð fyrir því, að skattinum sje jafnað á ágóða þriggja síðustu ára. Nú má hugsa sjer, að stórgróði verði tvö árin, en skatturinn yrði samt ekki hár vegna lítils gróða að undanförnu. En á þriðja ári yrði stórtap, en þá yrði atvinnurekstrinn að greiða mjög háan skatt, sem gæti miklu frekar komið honum í kröggur heldur en ef hann væri látinn greiða ákveðið hundraðsgjald af ágóða hvers árs jafnóðum. Þessi breyting, sem á að ljetta undir með atvinnurekstrinum, gæti komið honum á kaldan klaka fremur en hitt. Jeg veit, að frv. er fram komið af því, að mönnum ofbýður sá skattur, sem útgerðarfjelögin verða að greiða fyrir síðastliðið ár, með það í minni, að þau hafa átt í vök að verjast að undanförnu. Jeg skil þetta vel. En þess verður að gæta, að ekki sje síðari villan verri hinni fyrri. Jeg skal fullkomlega fallast á það, að það sje vafasamt, hvort hjer sje um tap eða gróða að ræða fyrir ríkissjóð. En tapi hann engu, þá græða hinir heldur ekkert, og þá er frv. tilgangslaust. Þá er það ákvæði, að þetta skuli aðeins ná til hlutafjelaga, sem er fyllilega ranglátt gagnvart einstaklingum, ef hjer væri um rjettarbót að ræða.

Bæði þetta, að það virðist hæpið, að breyting þessi verði til bóta fyrir skattgreiðendur, og eins hitt, að ýmsar raddir hafa látið til sín heyra í þá átt, að gera þyrfti rækilegar breytingar á lögunum í heild, bendir eindregið til þess, að ekki beri að flana nú að neinum handahófs-

breytingum, heldur að lögin verði rækilega endurskoðuð sem fyrst, og mun þá ekki veita af því að setja milliþinganefnd til þess að undirbúa það.

Loks vil jeg minna á það, að eftir veltiárin í lok stríðsins var mjög alment haft á orði, að þingið hefði sýnt skammsýni í því að leggja ekki háa skatta á stórgróða stríðsáranna. Man jeg ekki til þess, að nokkur rödd hafi heyrst gegn því, en að vísu var þetta ekki fyr en eftir það, að sá gróði var allur kominn út í veður og vind. Nú er byrjaður annar uppgangstími, og er eðlilegt, að þeir, sem hljóta uppgripagróðann nú, sjeu mótfallnir miklum skatti. En sje nú látið undan þeim andróðri, þá get jeg trúað því, að menn sjái eftir því, þegar næsta þrengingartímabil kemur yfir þjóðina, og finnist þá aftur til um skammsýnina. Til þess eru vítin að varast þau, og á það ekki síst við í þessum málum.

Því hefir verið lengi haldið fram, að háir beinir skattar yrðu til þess að draga úr framtakssemi einstaklingsins. Þetta hefir margsinnis heyrst hjer á þingi í umr. um skattamál. En hvað segir reynslan? Sjá menn mót á því, að framtakssemi einstaklinganna hafi lamast vegna þess, að þeir eiga að greiða þennan skatt? Hefir ekki togaraflotinn verið aukinn nær að þriðjungi nýverið, þrátt fyrir skattana? — Nei. Menn vilja komast hjá því að greiða skatt, en því fer fjarri, að slíkt gjald af hreinum ágóða fæli menn frá framkvæmdum. Það sýnir reynsla síðasta árs. Sú mótbára er því fallin fyrir dómi reynslunnar. En hinsvegar væri bættur skaðinn, þó beinn skattur gæti dregið ögn úr áfergjunni að auka framkvæmdirnar á sviði útgerðarinnar, svo menn yrðu nokkru gætnari í því efni en nú er raun á.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um frv. til laga um sjúkratryggingar. Það er rangt hjá honum, að það frv. sje frá útlendum jafnaðarmönnum. Hitt er rjett, að stefna sú, er þar kemur fram, hefir náð miklum sigri í ýmsum helstu mentalöndum Norðurálfu og notið stuðnings jafnaðarmannaflokkanna.

Þá vil jeg leiðrjetta missögn hjá háttv. þm. Str., sem hann hefir lengi gert sjer gott af í blaði sínu og kemur nú með inn í þingið, þrátt fyrir það, að búið er fyrir löngu að bera hana til baka. Hann hefir borið það fram í blaði sínu, að stjórnin hafi ákveðið það í nóv. síðastl., að ekki skyldi stofna búnaðarlánadeild við Landsbankann samkv. lögum frá síðasta þingi. Þessi missögn komst í blöð hjer, og held jeg, að blað hv. þm. hafi ekki orðið fyrst til að flytja hana, en hún var þegar leiðrjett með opinberri tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu. En missögnin dó ekki þrátt fyrir það. Hún hefir lifað góðu lífi síðan í blaði hv. þm. Str. (TrÞ). Og nú kemur hann með hana inn í þingið, þrátt fyrir leiðrjettinguna og þrátt fyrir það, að búnaðarlánadeildin var stofnuð strax og föng voru á. Hafi hv. þm. (TrÞ) ekki flutt leiðrjettinguna enn í blaði sínu, sem jeg býst ekki við, að hann hafi gert, þá gefst honum nú gott tækifæri til þess að gera það í tilefni af þessari umr.

Jeg þarf litlu að svara háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Það er sjálfsagt að athuga þetta frv. vel. En mjer þótti kenna dálítillar mótsagnar í upphafi ræðu hans, er hann hjelt því fram, að tekjuskattur

af beinum gróða gæti engu fyrirtæki komið á vonarvöl, en komst þó litlu síðar að þeirri niðurstöðu, að slíkur skattur gæti komið útgerðarfjelögunum í kröggur, og færði fyrir því skynsamleg rök, er gróði fjelaganna næði hámarki og mikið tapár fylgdi á eftir. En þetta getur komið fyrir og kemur einlægt fyrir í hvert skifti sem tapár kemur eftir veltiár. Þá talaði hv. þm. (JakM) um, að gert væri hjer upp á milli fjelaga og einstaklinga, en það er ekki rjett, eins og 2. gr. frv. sýnir ljóslega. Háttv. þm. (JakM) var að tala um veltiár í lok stríðsins. Hann á hjer líklega við árin 1917—1918, en það voru sannarlega engin veltiár, heldur hin aumustu ár, sem gengið hafa yfir landið síðan 1909. Arið 1919 er eina veltiárið, sem komið hefir síðan, en þá var stríðinu lokið.

Háttv. þm. (JakM) var ennfremur að mótmæla því, að háir skattar drægju úr framkvæmd manna. Útgerðarfjelögin hafa ekki greitt háa skatta að undanförnu. Hagur þeirra hefir ekki staðið svo, að þau hafi haft af miklu að gjalda. Hjer vantar því reynsluna. Hún fer fyrst að sýna sig á miðju þessu ári, þegar farið verður að bera út gjaldseðlana frá síðustu niðurjöfnun. Þá fá menn að sjá framan í þessa reynslu.

Jakob Möller: Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði nú síðast, „að útgerðin væri ekki búin að fá reynslu af háum skatti.“ Já, reynslu! Jeg sje ekki, að það skifti miklu máli, hvað útgerðarmaðurinn er búinn að borga. Hann greiðir það, sem hann á að greiða, ef hann veit um það eða fær að vita það. Jeg er sannfærður um, að nú er enginn sá útgerðarmaður, sem ekki vissi eða hafði sjeð það fyrir, hvað honum bar að greiða í skatt í lok síðastl. árs, og var því við því búinn með handbært fje í þá greiðslu. Og eins þeir útgerðarmenn, sem keypt hafa nýja togara, hvort heldur sem þeir eru nýir sem útgerðarmenn eða gamlir í hettunni; allir munu þeir gera sjer ljóst fyrirfram, hvað þeir eiga að greiða, eða hefðu átt að greiða síðastl. ár.

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að hár skattur gæti átt að greiðast á tapári samkv. gildandi lögum, og það er rjett, en samkv. núgildandi lögum er skatturinn aldrei greiddur af tapi, heldur aðeins af hreinum gróða. Samkv. þessu frv. verður nú sú breyting á, að mönnum er gert að greiða skatt af gróða, sem ekki er til, sem búið er að ráðstafa. Það er sá mikli munur! Hjer er beinlínis gert ráð fyrir að skattleggja tapið; því gróði liðinna ára, jafnvel þótt verið hafi stórgróði, getur verið farinn út í veður og vind. Það getur verið búið að festa allan gróðann í atvinnufyrirtækjunum sjálfum, — í auknингu útgerðarinnar t. d. eða einhverju öðru — og svo, er greiða skal háskattinn á næsta ári á eftir, sem máske er tapár, þá er ekkert til í hann. Aftur á móti ef greiða skal skattinn í lok gróðaársins, þá hafa auðvitað allir lagt fje til hliðar fyrir skattinum.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) ljest vera að leiðrjetta það, sem jeg sagði áðan, en svo var þó ekki, því hann fer eins langt og hann þorir í því að velta skattinum af þeim, sem best eru færir að bera hann. Og þótt ekki sje ætlast til, að fjelögin sjeu undanþegin öllum skatti, þá má nú fyr rota en dauðrota. En svo er þar að auki heimildin, sem stjórnin á að fá til þess að gefa eftir skattinn. Og má geta nærri, hverjir verði fyrir slíkum ívilnunum. Það er svo sem auðvitað, að ef fjelag tapar, hefir það engan gróða og

borgar því ekki neitt. Eftir það uppgripaár, sem nú er, hljóta útgerðarmenn að standa vel að vígi til að greiða skattinn. En hæstv. fjrh. gleymir því, að skatturinn er stighækkandi, og er í því, með meðaltalsreglunni, einnig fólgin lækkun. Þannig á togarafjelag, sem grætt hefir 600 þús. kr. 1924, eftir núgildandi lögum að greiða skatt af þessari fjárhæð. En eftir frv. kemur ekki til skatts fyrir síðastl. ár nema 200 þús. kr. Og þar sem skatturinn er stighækkandi, þá kemur þannig fram stórkostleg ívilnun handa þessum skattgreiðendum. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir enga tilraun gert til þess að gera þinginu grein fyrir því, hversu mikið það er, sem ríkissjóður tapar á þessari breytingu á lögunum samkv. frv. Sýnir það eitt af tvennu, annaðhvort hefir hann ekki gert sjer grein fyrir þessu, ellegar þá að hann setur hærra hagsmuni þessara fjelaga heldur en hag ríkissjóðs.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vona, að umr. fari nú heldur að styttast úr þessu. Það er ekki margt, sem jeg þarf að segja að þessu sinni, en þó vil jeg svara háttv. samþm. mínum, 3. þm. Reykv. (JakM), því, að því miður er það allvíða, þegar skatturinn er nú á lagður á öðrum ársfjórðungi eftir áramót, að enginn peningur er til upp í hann.

Mjer þætti vænt um, ef háttv. fjhn., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, vildi grenslast eftir því hjer í bönkunum, hversu mörg þau togarafjelög eru, sem eiga inni handbært fje í bönkunum núna eftir áramótin. Nei, þau eru ekki mörg, ef nokkur eru; öll voru þau svo sokkin í skuldir, að ekkert er eftir, allur stórgróði veltiársins farinn í skuldagreiðslur. *(TrÞ:* Og í ný togarakaup). Því er alls ekki svo farið; fæst fjelögin eru svo stæð, að þau hafi getað ráðist í ný skipakaup.

Það er í ýmsum löndum erlendis sú grundvallarregla í þessum málum, að skattur er ekki greiddur af ágóða fyr en tap hefir verið greitt. Þetta er heilbrigð regla og rjettlát í framkvæmdinni. Hjer við bætist, að það getur ekki álitist rjett að tvískatta sama arðinn á sama árinu, en hjá hlutafjelögum er tvískattað meginið af útborguðum arði. Því meiri ástæða er þá til þess að nálgast þá reglu, sem skattleggur einungis raunverulegan arð, en ekki það, sem fer í greiðslur á tapi.

Jeg leyfi mjer svo að síðustu að vænta þess, að þetta frv. fái velvildarfulla athugun í hv. fjhn., út frá þessu sjónarmiði, sem jeg nú benti á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 189 og 213).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Við 1. umr. var um það deilt hjer í hv. deild, hvort meðaltalsregla sú, sem frv. á þskj. 16 vill lögfesta um skattgjald hlutafjelaga, mundi leiða til tekjurýrnunar fyrir ríkissjóð eða ekki. Frá annari hálfu var því haldið fram, að tekjurýrnun yrði töluverð, en hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt því fram, að þegar saman kæmu fleiri ár, yrði hún lítil, eða jafnvel engin. Úr þessu ágreiningsefni er *að nokkru leyti* skorið með nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 189, sem

sýnir með breytilega áætluðum tekjum útreikning á skattgjaldi hlutafjelags um 12 ára tímabil, eins og skattgreiðslan mundi verða eftir núgildandi ákvæðum laganna og einnig eftir þeirri reglu, sem frv. vill lögfesta. Af þeim samanburði kemur í ljós, að tekjurýrnunin getur orðið mikil, og hlýtur ætíð að verða nokkur, hvernig sem á stendur. Jafnvel álit hv. minni hl. fjhn. á þskj. 213 sýnir líka, að rýrnunin er töluverð, og hefir þó háttv. minni hl. fjhn. valið dæmin með það fyrir augum, að fá skattmismuninn sem minstan og aðeins miðað við 5—6 ára útreikning. Samt sem áður verður niðurstaðan sú sama, að rýrnunin er töluverð. Það er auðvitað, að útreikningur þessi getur ekki verið algild sönnun, heldur aðeins í þeim tilfellum, þegar eins stendur á og hjer um þær skattskyldu tekjur, sem þar eru áætlaðar. En af því að samanburðurinn hjá meiri hl. er látinn ná yfir svo langan tíma og breytilegt ástand, fer ekki hjá því, að hann sýni *nokkurnveginn* rjetta útkomu af meðaltalsreglunni. Eftir þeim útreikningi, sem sýndur er í nál. meiri hl. fjhn., verður mismunurinn eða tekjurýrnun ríkissjóðs á þessu 12 ára tímabili hjá fjelagi, sem hefir 400 þús. kr. höfuðstól og breytilegar tekjur, og stundum jafnvel tap, svo sem þar er áætlað, nærri því 34 þús. kr.

Vitanlega stafar þessi tekjurýrnun af því, að þegar meðaltalsreglunni er fylgt, þá lendir skatturinn oftast á lægstu þrepum skattstigans og fer sjaldan eða aldrei yfir 10% af skattskyldum tekjum, þótt í einstökum árum komi fram miklar tekjur, jafnvel 70—80% af stofnfje.

Þrátt fyrir þetta gæti verið ástæða til þess að taka upp þessa meðaltalsreglu, ef með henni ynnist meira rjettlæti í skattaálögum við aðra gjaldþegna en nú er. En því er ekki að fagna, að það fáist með þessu frv., vegna þess að þeir skattþegnar, sem skatt greiða eftir 6. gr. skattalaganna, verða að þola misrið, og bera þá hlutfallslega þyngri skatta. Vegna þessa er augljóst, að með því að lögfesta meðaltalsregluna kemur fram misrjetti gagnvart þeim, sem ekki geta fengið þessa ívilnun og greiða skatt eftir 6. gr.

Að vísu er á það minst í 2. gr. frv., að þessir gjaldþegnar geti fengið að njóta ívilnunar, en það er augljóst, að sú regla verður ekki notuð nema mjög takmarkað, og verður því sárfáum að liði, enda hefir hv. minni hl. fjhn. í sínu áliti lagt mikla áherslu á, að heimildin, sem felst í 2. gr., verði ekki notuð nema með stökustu varúð.

Því hefir mjög verið haldið á lofti í sambandi við flutning þessa frv., að áhættan, sem vofði yfir þessum útgerðarfjelögum, væri svo mikil, að sjálfsagt væri hennar vegna að veita þessa ívilnun. Máttuleiki þeirra til að starfa væri annars svo stopull, að þjóðfjelaginu gæti jafnvel staðið hætta af því, að þau reistu eigi rönd við. Að minni hyggju er alt of mikið úr þessu gert. Jeg hygg, að almenningsálitið sje á alt aðra leið en að þetta sje áhættumesta atvinnugreinin. Jeg held, að öllum sje ljóst, að útgerð smáskipa er mun áhættumeiri. Togaraútgerðin mundi tæplega hafa vaxið svo ört og raun hefir á orðið, ef hún væri ekki tiltölulega örugg atvinna. Með þetta fyrir augum verð jeg að segja, að mjer virðist fátt mæla með því að taka upp meðaltalsregluna og skapa með því misrjetti fyrir aðra gjaldendur í landinu.

Nú er eðlilegt, að spurt verði um það, hve mikilli tekjurýrnun meðaltalsreglan mundi valda fyrir ríkissjóð á þessu ári. Úr slíkri spurningu er ekki auðvelt að

leysa í svip, að nokkru leyti vegna þess, að hjer liggur ekki fyrir síðasta framtal útgerðarhlutafjelaganna, og að nokkru leyti vegna hins, að þinginu hefir ekki, svo jeg viti til, verið kunngert, hver sje höfuðstóll þeirra einstöku fjelaga. Þess vegna er ekki hægt að gera glögga áætlun um þetta í svip. En bending er það um, að hjer sje ekki um lítilfjörlegan mismun að ræða á þessu ári, að á þskj. 189 er fyrsta árið miðað við 35% skattskyldar tekjur af 400 þús. kr. höfuðstól. En útkoman á því ári er þá, ef fylgt er þeirri reglu, sem nú gildir, að skatturinn verður 27600 kr. af þess árs 140 þús. kr. tekjum, en aðeins 5933 kr., ef fylgt er meðaltalsreglunni. Að vísu kemur nokkuð af þessum mismun aftur á næstu árum eftir meðaltalsreglunni, en með það fyrir augum, að ræða væri um hlutafjelög, sem hefðu hagnast vel á síðasta ári, og höfuðstóll þeirra væri ekki óeðlilega stór í samanburði við skipafjölda eða útveginn, eins og sumstaðar virðist vera, mætti samt giska á með sterkum líkum, að tekjurýrnun ríkissjóðs yrði af meðaltalsreglunni svo mikil, að skifti hundruðum þúsunda króna á þessu ári.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi drepið á, og ýmsum fleiri, leggur meiri hl. fjhn. þess vegna á móti a.- og e.-liðum 1. gr. frv. á þskj. 16. Einnig leggur hann á móti 2. gr. frv., með því bæði að hann óttast, ef hún yrði samþykt í sambandi við 1. gr. óbreytta, að hún myndi ekki leiða til neinna hagfeldra breytinga á því skipulagi, sem nú er, að því er kemur til þeirra gjaldenda, sem greiða skatt eftir 6. gr., en ef þessir stafliðir, a. og e., verða samþyktir, á 2. gr. frv. ekki lengur heima í því. Um aðra stafliði 1. gr., b., c. og d., þarf ekki að fjölyrða; meiri hl. nefndarinnar getur fallist á þá og kannast við, að rjett sje að gefa þá hvað, sem þar er bent til fyrir útgerðarfjelögin, til að safna í varasjóð, fremur en að skifta arði með hluthöfum eða verja honum til aukningar hlutabrjefa. Vitanlega má segja, að með þessu sje þó ekki fyrirbygt, að varið kunni að verða ótilhlýðilega miklu af arðinum til hlutafjáraukningar, og vissulega er freistingin til þess ekki tekin á burt með þessu, en það er þó í áttina til tryggingar fyrir útgerðarfjelögin. Auðvitað verður freistingin til að auka hlutafjeð ætíð sterk, til þess að fá skattinn því lægri, eða koma honum á lægri skattþrep, en þess má þó vænta, að þeir gætnari og gleggri menn hagnýti einmitt þau hlunnindi, sem í þessum stafliðum gr. eru boðin, til þess að auka öryggi fjelaganna með öflugum varasjóðum.

Þriðja og fjórða grein frv. eru þess eðlis, að meiri hl. nefndarinnar finnur ekki ástæðu til þess að vera á móti þeim, þótt þær í sjálfu sjer skifti litlu máli. Úr því á annað borð á að breyta skattalögunum, þá virðist það vel forsvaranlegt að nota tækifærið til þess að taka upp um leið þau meinlausu ákvæði, sem í þeim greinum eru, og sem annars getur verið hagkvæmt, að komist inn í lögin.

Að svo komnu læt jeg hjer staðar numið. Jeg þykist ekki þurfa að gera frekari grein fyrir brtt. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 189. Þær eru að öðru leyti bein afleiðing þess, sem fram er komið um málið, og öllum auðskildar, sem annars hafa athugað nál.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Já, það er nú svo, að skattamál eru þau mál, sem mest taka til hvers borgara þjóðfjelagsins, og það hefir hingað til verið svo, og mun verða, að þau löngum verði álitin einhver vandamestu mál hvers lög-

gjafarþings. Víðast annarsstaðar hagar svo til, að taka má talsvert af tekjum ríkissjóðs með beinum sköttum, þar sem auðsafn mikið er saman komið á höndum einstakra manna eða fjelaga. Því miður, *ríkissjóðs vegna,* er oss vant þeirra hluta, sem auðsafn einstakra manna eða fjelaga gefa ríkissjóði. Að hinu leytinu er auðsafn ekki æskilegt, nema öllum geti liðið vel fjárhagslega. Við höfum ekki neitt hjer, sem auðsafn heitir, og efnin eru lítil, því miður, og þótt einstakir útgerðarmenn hafi orðið allvel efnaðir á bestu árunum, þá hefir það viljað brenna við, að gróði góðu áranna hefir horfið á misbrestsárunum; auk þess er öll aðstaða atvinnuveganna hjer á landi sú, að ekki er hægt að taka mikið af tekjum ríkisins með beinum sköttum. Fyrst og fremst er það sýnilegt með þeirri reynslu, sem fengin er með skattalögunum frá 1921, að af landbúnaðinum er varla að vænta neinna teljandi tekna með þessu fyrirkomulagi. Það má segja, að fyrirfarandi ár, að undanteknu árinu 1924, hafi verið fremur vond, en jeg hygg samt, að síðastliðið ár megi telja óvenjulega gott ár til lands og sjávar að því er atvinnuvegi snertir, en það mun sýna sig, að þetta góðæri í fyrra mun gefa ríkissjóði litlar tekjur af landbúnaðinum, en hlutfallslega mjög miklar tekjur af hinum aðalatvinnuveginum, sjávarútveginum, enda er það ekki nema sanngjarnt, þegar vel lætur í ári, að hann borgi talsvert af miklum tekjum, en þó verður að stilla svo í hóf, að ekki sje gripið svo djúpt niður í vasa skattgreiðenda, að þeir, ef misbrestur verður, sjeu ófærir til að stunda atvinnu sína áfram.

Meðan eingöngu var að ræða um smábátaútgerð, rjeði það ekki eins miklu fyrir eigendur útgerðanna, þó misbrestur yrði; þeir liðu ekki mjög mikinn hnekki efnalega, þótt lítið aflaðist og verðið lækkaði, en þar á móti lentu þessi vondu ár meira á sjómönnum og þeim, sem í landi unnu og bundnir voru við atvinnuveginn. Við þekkjum þess dæmi, að það hefir legið við, að meiri hluti fólksins hafi flust úr ýmsum hjeruðum, á meðan menn voru svo að segja bundnir við það að róa úr einni eða tveimur verstöðvum í hjeraði hverju og gátu ekki flutt sig, eða svo var ástatt, að ekki var hægt að stunda útgerð nema frá þeirri veiðistöð, sem menn lágu við í. Þá sáu menn nauðsynina á því að stækka skipin, til þess að geta leitað til annara hjeraða, þegar betra var þar. Á þessu var byrjað um 1890 í litlum stíl, með þilskipaútgerð, en um og eftir aldamótin var þilskipaútgerðin farin að sýna ýmsa galla og stórkostlegir örðugleikar á rekstri hennar, og svo fór að lokum, að þeir, sem áttu þilskip og gerðu út um margra ára bil, höfðu tapað öllum hagnaðinum af þeirri atvinnu, og margir miklu meira. Ráðið fyrir þessa menn varð þá að leita annara úrræða, stækka skipin og breyta um veiðiaðferð; og þetta var gert. Á þessu var byrjað um 1905 með vísi til togaraútgerðar hjer á landi, og sú breyting, sem orðin er á útveginum, er að mestu leyti orðin á 15 síðustu árum. Þeir, sem játa því, að þessi breyting hafi verið eftir atvikum nauðsynleg, hljóta líka að játa það, að samvinna manna í þessu efni, að stækka skipin og breyta útgerðinni, hafi verið nauðsynleg, því að það verður löngum einstaklingnum um megn að kaupa togara, enda ekki æskilegt eftir mínu áliti, að togaraútgerðin komist á fárra manna hendur. Hitt er æskilegt, að sem flestir geti orðið atvinnurekendur og tekið þátt í útgerðinni; en þetta verður

aðeins með því móti að hafa hlutafjelagsfyrirkomulag. Þar sem flestum mun koma saman um það, að þetta fyrirkomulag til útgerðar, eftir því sem ástandið og útlitið er nú um útgerð hjer á landi, muni vera heppilegast, þá er það sýnt, að löggjafarvaldið verður að búa svo um, að þessum fjelagsskap sje ekki íþyngt um of. Jeg hygg, að það sje farsælast fyrir þjóðarheildina að ætla sjer ekki að grípa alt of mikið niður í vasa þessa atvinnuvegar í einu lagi, heldur taka það eitt, sem skynsamlegt er, það eitt, sem hann getur borgað, án þess að atvinnureksturinn þurfi að stöðvast, því að það er vissulega svo, að nú orðið er afkoma og atvinna margra þúsunda manna undir því komin, að þessi atvinnuvegur stöðvist ekki, og það er heldur ekki svo, að þessi atvinnurekstur, togaraútgerðin, borgi ekki ríkissjóði geysimikið fje á ári hverju fyrir utan tekjuskatt; það er óhætt að fullyrða, að togari með meðalafla borgi í út- og innflutningsgjald, fyrir utan það, sem þeir borga, er stunda vinnu við hann á sjó og landi, frá 24—30 þús. kr. á ári. Á síðasta ári var þetta talsvert meira hjá nokkrum skipum, og auk þess, sem hlutafjelögin greiða þessa skatta, greiða þau líka útsvar, og það er víst, að afkoma sumra bæjarfjelaga hjer á landi er komin undir því, að þessi fjelög geti greitt ríflegan skatt til bæjarfjelaganna. Auk þess þurfa þau oft að greiða þann skatt á fleirum en einum stað. Eins og nú er ástatt, getur það komið fyrir, að hlutafjelag hafi borgað meiri tekjuskatt eingöngu heldur en gróði þess á 4 árum hefir verið að frádregnu tapi. Breytingar þær á tekjuskattslögunum, sem hjer liggja fyrir, gera ekki breytingu á þessu, og það er erfitt að koma því svo fyrir, að ríkissjóður fái hæfilegar tekjur og að hindra að þetta komi fyrir, enda ekki ætlast til þess með frv. Þessu líkt kemur *ekki* fyrir annarsstaðar, af því að atvinnufyrirtæki í öðrum löndum eru bygð á alt öðrum og traustari grundvelli en sjávarútvegurinn hjer á landi. Í öðrum löndum er það svo, að flest skipaútgerðar- og iðnaðarfyrirtæki — en það eru stærstu fyrirtæki þar — eru stofnuð með nokkurn veginn vissu um það að gefa árlega frá 7—15% arð. Það er mjög sjaldan, að þau fari niður fyrir það, og sjaldan yfir, nema á stríðsárunum, en þá voru þeir tímar, sem ekki er hægt að miða við og ekki á að miða við. Já, jeg held að það sje óhætt að fullyrða, að það komi *ekki* fyrir annarsstaðar, að atvinnufyrirtæki tapi höfuðstól sínum á einu ári, en slíkt hefir komið fyrir hjer í fiskiútgerð og annari útgerð. Þrátt fyrir þetta er það nú samt svo, að hlutafjelög eru sköttuð hjer hærra en annarsstaðar; þau hafa hærri tekjuskatt hjer en nokkursstaðar annarsstaðar, nema í Englandi; þar eru nokkrar greinar hlutafjelaga, sem eru skattaðar hærra en hjer, og það eru þau fjelög, sem taka tekjur sínar af almenningi, járnbrautarfjelög, talsímafjelög og fjelög, sem selja ljós og hita, en aftur þau fjelög, sem vinna úr skauti náttúrunnar, hvort sem það er til lands eða sjávar, þau eru sköttuð miklum mun lægra. Og það er víst, að hámarksskattur einstaklinganna er hærri en hlutafjelaganna í öllum öðrum löndum en Íslandi.

Við samningu og samþykt tekjuskattslaganna, árið 1921, voru lög nágrannaþjóðanna lögð til grundvallar; lögin voru, að heita mátti, í öllum atriðum og að því er skattstigann snerti alveg samhljóða dönskum og sænskum lögum, en síðan hefir skattstiginn verið lækkaður í þessum

löndum að því er snertir hlutafjelög. Árið 1922 voru þessi lög endurskoðuð í Danmörku, og eftir fenginni reynslu undanfarinna ára var hámark skattsins, sem var 30%, fært niður í 20%. Af ástæðum stjórnarinnar sje jeg, að það hefir sjerstaklega verið bent á það, að arður hlutafjelaga væri tvískattaður, en hjá einstaklingum væri hann aðeins einskattaður. Nú mun liggja fyrir danska þinginu frv. frá stjórninni, sem er jafnaðarmannastjórn, um að hækka skattinn upp í 25%. Hún hefir ekki treyst sjer til þess að fara lengra í kröfunum, og þó er það öllum vitanlegt, að það er hægt að skatta þau fyrirtæki meira, sem hafa jafnan arð, heldur en þau, sem hafa svo misjafnan arð, að 2—3 ára arður getur tapast á einu ári, og það er auðsætt, að hafi niðurfærsla skattsins í öðrum löndum haft við rök að styðjast, hversu miklu meiri rök myndi það þá ekki hafa við að styðjast að lækka skattinn hjer.

Jeg heyrði við umr. hjer í deildinni fyrir nokkru, að einn hv. þm., (þm. Str.), sagði, að hlutafjelagafyrirkomulagið væri stórhættulegt. Jeg held ekki, að svo sje hjá okkur. Það er undir vissum kringumstæðum í öðrum löndum, að svo getur verið, en með því fyrirkomulagi, sem hjer er, staðhæfi jeg, að þetta hafi ekki við nein rök að styðjast, og jeg held, að allir verði að vera sammála um það, að ef við getum ekki rekið stórskipaútgerð með atbeina einstaklingsins, þá verði menn að slá sjer saman; og allflestir eru sammála um það, og þar á meðal háttv. þm. Str., að sem flestir ættu að taka þátt í atvinnurekstrinum. Mjer er líka kunnugt um það, að í sumum útgerðarfjelögum er fjöldi þátttakenda; í einu hjer í Reykjavík eru nær 200 hluthafar. Sami hv. þm. sagði, að með þessu fyrirkomulagi, eða með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, væri stefnt að því að ljetta sköttunum af þeim stórríku, en þyngja á þeim fátæku. Þetta er mælt af mikilli vanþekkingu á þessum fjelagsskap. Jeg vil með einu dæmi benda á, hversu fjarstætt þetta er. Á Vestfjörðum hefir verið mjög aflalítið 4 undanfarin ár, að undanskilinni vorvertíðinni 1924; útgerðarmenn hafa tapað miklu fje, sjómenn hafa haft ljelega atvinnu og þeir, sem á landi voru, höfðu ljelega atvinnu, því að atvinna þeirra byggist mikið á útgerðinni. Þá var það að nokkrir menn, fyrst og fremst máske bankastjórnirnar þar vestra, kvöddu menn saman til þess að ráðgast um, hvað hægt væri að gera í þessu máli. Endirinn á þessu varð sá, að keypt voru tvö botnvörpuskip, og mjer er óhætt að fullyrða, að fjöldi hluthafanna er miklu fátækari eða efnaminni en margir þeirra, sem engan þátt tóku í þessum fjelagsstofnunum, enda lögðu menn ekki fje í þessi fyrirtæki af því einu, að þeir gerðu sjer von um háan arð, heldur af því, að þeir höfðu hug á að lyfta undir atvinnuvegi hjeraðsins. Af því að við erum yfir höfuð allir fátækir, verðum við að „slá okkur saman", ef um stór fyrirtæki er að ræða. Jeg hygg, að það mundi verða æðiþröngt fyrir dyrum hjá mörgum, bæði þeim, sem lagt hafa fje í þessa útgerð þar vestra, og þeim, sem bygt hafa atvinnuvon sína á þessum fjelögum, ef útgerðin yrði að hætta og menn yrðu að láta skipin af hendi aftur. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að lagt er í útgerð, er svona stendur á, og jafnvel þó ekki sjeu alstaðar jafnillar ástæður og voru á Vestfjörðum síðastl. ár, hygg jeg þó, að þessu líkt muni vaka fyrir þátttakendum í öðrum svipuðum fjelagsskap. En það, sem oft hefir valdið því, að bæði útgerðarfjelög og

önnur hlutafjelög hafa orðið að leggjast niður og hætta, er það, að þau hafa ekki haft nógu mikið innborgað hlutafje og komist í fjárþröng á fyrsta misbrestaárinu. Best og tryggilegast er, að hlutafje sje sem mest, svo að sem minst þurfi til annara að leita eftir rekstrarfje. Hv. þm. Str. (TrÞ) hjelt því fram í ræðu hjer í deildinni nýlega, að í stað venjulegra hlutafjelaga gæti vel komið til mála að hafa samvinnusnið á þessum fjelögum, en það held jeg að sje algerlega ótækt; og jeg held, að erfitt væri að samræma það samvinnulöggjöfinni. Ef við ætlum að breyta þessu í það horf og byggja sem mest eða einvörðungu á samábyrgð hluthafanna, mundu einstakir menn verða tregari til þátttöku og bankarnir mundu verða miklu tregari til að styrkja þau, þar sem lítið fje væri lagt fram og ábyrgðirnar tvísýnar, og yrði fjelögunum breytt í þetta horf, mundi ríkissjóður tapa stórfje á breytingunni, óhætt að segja mörg hundruð þúsund krónum árlega, því þá yrðu fjelögin sköttuð eins og önnur samvinnufjelög.

Háttv. frsm. meiri hl. fjhn. (SvÓ) gat þess, að í nál. meiri hl. væri sett fram dæmi um það, hversu mikið skatturinn mundi rýrna við að nota meðaltalsreglu þá, sem ætlast er til að notuð verði við álagning skattsins samkv. a-lið 1. gr. frv., og segir hann, sem satt er, að *þetta* dæmi sýni fram á talsverða skattrýrnun fyrir ríkissjóð, en gallinn á þessu er sá, að dæmið er *rangt reiknað* hjá háttv. meiri hl. En jeg sleppi að fara nánar út í þetta, þar eð jeg geri ráð fyrir, að hv. frsm., eða þá einhver annar háttv. meirihlutamanna, leiðrjetti þessa skekkju í nál. meiri hlutans við þessa umræðu. Mjer er það enginn ánægjuauki að hrekja samnefndarmenn mína í ræðum í þeim atriðum, sem sýnilega byggjast á vangá þeirra.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (SvÓ), að minni hl. hefði valið dæmi í nál. sínu með tilliti til þess að fá út sem minsta tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Þetta er alls ekki rjett. Dæmið, sem tekið var, er sem næst raunverulegt dæmi um eitt botnvörpungsútgerðarfjelag hjer í Reykjavík. Ef við hefðum viljað fá sem minstan skattmun eftir meðaltalsreglunni, þá hefðum við auðvitað tekið dæmi um jafnar árlegar tekjur, *því þá er enginn mismunur á tekjuskattinum, hvaða reglu sem fylgt er.*

Hv. meiri hluti segir, að „óneitanlega mundi meðaltalsregla þessi veita gjaldendum mikla ívilnun í skattgjaldi", ef tekið væri tillit til tekjurýrðar undanfarandi ára, en tekjur væru miklar í ár. Þetta skýrir sig að nokkru leyti sjálft, því þó að tekjurnar hafi verið ríflegar eitt árið, jafnar það sig upp á næstu árum, en skattrýrnunin fyrir ríkissjóð yrði sem svaraði 8—10%, samkvæmt þeim mörgu dæmum, sem jeg hefi reiknað, en jeg ætla ekki að þreyta háttv. þingdeildarmenn á því að lesa þau upp að sinni, en mun gera það í lok ræðu minnar. En hv. meiri hluti kemst líka að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt þessari reglu yrði nokkur hluti teknanna tvískattaður, og það gerir vissulega fyrstu árin meiri uppbót á skattinum fyrir ríkissjóð en nemur skattrýrnuninni hin síðari árin. Þá gerir hv. meiri hl. lítið úr því, þó að skatturinn jafni sig upp frá ári til árs, tekjur ríkissjóðs af skattinum verði jafnari. En það er einmitt mjög mikils um vert fyrir ríkissjóð að geta bygt á jöfnum tekjum frá ári til árs. Hv. frsm. (SvÓ) virtist ætla, að hin stórkostlega aukning útgerð-

arinnar, einkum stórútgerðarinnar, á hinum síðari árum stafaði einungis af gróðafýsn manna; jeg ætla mjer ekki að hafa fyrir því að andmæla þessu, þar eð dæmið, sem jeg tók áðan, ósannaði þessa staðhæfing hv. frsm. *(SvÓ:* Misskilningur). Jæja, ef hv. þm. vill ekki hafa sagt þetta, skal jeg á það líta, og tala þá ekki meira um það.

Jeg gat þess áðan, að hvergi þar, sem jeg þekki til, eru hlutafjelög jafnhátt sköttuð og hjer á landi; t. d. ekki á Norðurlöndum eða á Englandi. Skatturinn er þar alstaðar lægri. En jeg játa, að fyrir mjer er þetta þó alls ekkert aðalatriði, og jeg held því fram, að það geti verið forsvaranlegt, þegar ríkissjóður er í fjárþröng, en þó aðeins um fárra ára bil, að hámarksskattur á þessum fjelögum sje eitthvað hærri hjer en í öðrum löndum. Jeg skal og benda á, að annarsstaðar en hjer er hámarksskattur einstakra manna hærri en hlutafjelaga. Hjer er þetta öfugt, og það er algerlega óhæft, því mest af þeim gróða hlutafjelaganna, sem fer til arðgreiðslu, er tvískattað, fyrst hjá fjelaginu og síðan hjá hluthafa. Jeg get bent á eitt dæmi enn, er sýnir, að þetta er mjög ósanngjarnt. Á Ísafirði er 3 íshús, fyrir utan íshús það, sem hinar sameinuðu ísl. verslanir eiga. Eitt íshúsið er eign hlutafjelags, og eru hluthafar í því um 30. Hin tvö eru einstakra eða mjög fárra manna eign. Gróði þessa fyrnefnda íshúss er alveg sá sami og hinna, verslunarumsetningin er hjer um bil hin sama og hjá hinum fjelögunum, hvoru um sig, og aðstaða öll er alveg hin sama, en útkoman er sú, að íshúshlutafjelagið greiðir 2—3—4 sinnum meiri skatt á ári en hin bæði til samans. Þetta er af því, að gróði fjelagshússins er skattaður í einu lagi, en hinna í 8—9 pörtum. Þetta hlutafjelag var stofnað til þess að smáútgerðarmenn gætu fengið ódýrari beitusíld en áður; en með þeirri skattálagningaraðferð, sem nú er notuð, má fullyrða um þetta íshúsfjelag, að hefði því ekki verið vel og gætilega stjórnað alt frá byrjun, mundi það algerlega hafa orðið útundan í samkepninni við hin íshúsin.

Jeg gat þess áðan, að fyrir mjer væri þetta ákvæði frv., meðaltalsreglan, ekkert aðalatriði, þó jeg hafi með óhrekjandi sönnunum sýnt fram á, hversu ósanngjarnlega hlutafjelög eru nú sköttuð; heldur er það hin aðalbreytingin, sem öll nefndin var sammála um, að veita hlutafjelögum ofurlitla ívilnun í skatti af þeim upphæðum, sem lagt er upp til tryggingar og eflingar atvinnurekstrinum, og mundi þetta þá síður hvetja til ógætilegrar útborgunar á ársarðinum, en það hefir, eins og mörgum hlýtur að vera kunnugt, komið mörgum fyrirtækjum á knje, einkum erlendis, að of mikið af arðinum hefir verið greitt hluthöfum, en sama og ekkert lagt frá í tryggingar- og varasjóði. Það mundi ekki síst vera nauðsynlegt hlutafjelögum hjer á landi að safna sjer í tryggingar- og varasjóði, þar sem um stóratvinnurekstur er að ræða í samanburði við fjármagn þjóðarinnar. Því það eru ekki aðeins hluthafarnir, sem tapa við það, að fjelögin verða að hætta vegna misbrests í atvinnurekstrinum, heldur er það líka mikill þorri almennings, sem á undir þeim bæði fje og atvinnu.

Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að með þessari þriggja ára meðaltalsreglu fengist ekki rjettlát skattálagningaraðferð gagnvart einstökum mönnum. Þetta er hinn mesti misskilningur, því fjelögin eru nú sköttuð stórum hærra en einstaklingar með

sömu tekjum. Það má ekki gleyma því, að vegna þess að fjelögin hafa mjög mismunandi arð frá ári til árs, með öðrum orðum reka áhættusama atvinnu, þá verða þau að greiða alt að 50% hærri skatt en ef þau hefðu jafnan arð. Þeim er hegnt með þyngri skattálögum, af því þau reka áhættusama atvinnu.

Þá skildist mjer á hv. frsm. (SvÓ), að þetta næði aðeins til botnvörpuskipaútgerðarfjelaga, en það er langt frá að svo sje. Þetta nær til allra hlutafjelaga á landinu, bæði til smábátaútgerðarfjelaga og annara. Hv. frsm. hefir ef til vill ekki athugað, að það væri t. d. ekki úr vegi að stofna hlutafjelög til landbúnaðarframkvæmda, svo sem til að reka fyrirmyndarbú. Þá segir hv. frsm. (SvÓ) ennfremur, að höfuðstóll sumra fjelaga sje óeðlilega hár. Þessari skoðun er jeg algerlega ósamþykkur. Jeg álít, að þess hærri, sem höfuðstóllinn er, þess betra sje það að öllu leyti. Ef hlutafjeð er lítið, en tæki til atvinnurekstrarins eru dýr og mikið er haft í veltu, verður fyrirtækið stórkostlega áhættusamt, þ. e. það verður hrein og bein „spekulation" og ekki annað. Sje aftur á móti mikið hlutafje, er fyrirtækið miklu betur trygt fjárhagslega sjeð; það þarf minna að leita til banka eða annara lánsstofnana eftir rekstrarfje. Það getur verið hagnaður fyrir ríkissjóð í bili, að hlutafjeð sje lítið, en þá er hin stóra áhætta fyrir þjóðfjelagið, að atvinnufyrirtækið fari á höfuðið og máske þúsundir manna verði atvinnulausir. Það er nú svo, að við hv. frsm. (SvÓ) og jeg byggjum sinn á hvorum grundvelli. Hann virðist vilja haga skattálagningunni svo, að ríkissjóður fái sem mestar tekjur í bili. Jeg vil haga henni svo, að ríkissjóður fái sem jafnastar tekjur og koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtækin þurfi, vegna óskynsamlegrar skattálagningar eingöngu, að gefast upp, því það skaði þjóðfjelagið máske svo, að ekki verði undir risið.

Eins og sjest á nál. minni hl., eru báðir bankarnir eindregið fylgjandi þessu frv. og leggja til, að meðaltalsreglunni verði fylgt við álagning skattsins. Telja þeir nauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga og það mundi verða til þess, að atvinnureksturinn næði betur tilgangi sínum og starfaði á heilbrigðari grundvelli. Að lokum skal jeg með nokkrum dæmum sýna hv. deildarmönnum, hversu hlutafjelagaskatturinn er ósanngjarnlega hár og misrjettið í skattálagningunni, eins og hún er framkvæmd nú.

Jeg gat þess, að skattdæmi minni hl. á þskj. 213 væri ekki reiknað nákvæmlega, eins og líka sagt er í nefndarálitinu. Sje dæmið reiknað alveg út að fullu, þá verður skatturinn eftir þriggja ára meðaltalsreglunni kr. 114735,00, eða um 4000 kr. lægri heldur en ef fylgt væri núgildandi fyrirkomulagi. Að skatturinn yfirleitt er svona hár, kemur af því, að tekjurnar eru svo misháar. Ef þetta fjelag, sem dæmið er tekið um, hefði jafnar tekjur öll sex árin, þá væri skatturinn aðeins 97198 kr. Af þessu sjest, að fjelögum, sem reka áhættusama atvinnu, og hafa þess vegna misjafnar árstekjur, er hegnt, þ. e. þau látin greiða hærri skatt en hin fjelögin, sem hafa tryggari og jafnari tekjur.

Þess utan er það algengt, að útgerðarfjelögin greiði meira í tekjuskatt til ríkissjóðs en sem nemur öllum tekjum þeirra á fleiri árum, að frádregnu tapi. Í dæminu á þskj. 213 eru tekjurnar í þau sex ár, sem dæmið nær yfir, 530 þús kr., en töpin 450 þús., tekjur að frádregnum töpum

80 þús. kr., en skatturinn eftir núgildandi fyrirkomulagi kr. 118800,00 eða 38800 kr. hærri en allar nettótekjur.

Er þá nokkur sá, sem í alvöru vill halda því fram, að 4000 kr. ívilnun í skatti sje ekki á fylstu rökum og nauðsyn bygð, svo framarlega að hv. þdm. ekki af misskilningi eða blindu hatri til allrar útgerðar vilji eyðileggja útgerðarhlutafjelögin?

Það hefir ekki verið talinn búmannshnykkur að svelta mjólkurkýrnar, og jeg vil vona, að Alþingi beiti ekki slíkri aðferð við þessar mjólkurkýr ríkissjóðsins.

En það vil jeg endurtaka, að þriggja ára meðaltalsreglan er fyrir mjer ekkert aðalatriði, heldur hin önnur ákvæði frv. undir b.- c.- og d.-liðum 1. gr.

Skal jeg svo að endingu taka dæmi um hlutafjelag með 100 þús. króna höfuðstól og gera ráð fyrir,

1) að fjelagið starfi í 4 ár:

	Skattsk. tekjur.	Skattur eftir núg. lögum	Skattur eftir þriggja ára meðaltalsr.
1924	18000 kr.	2750 kr.	2750 kr.
1925	18000 —	2750 —	2750 —
1926	14000 —	1950 —	2255 —
1927	10000 —	1150 —	1750 —
	Alls	8600 kr.	9505 kr.

2) Sama fjelag með þessum tekjum:

	Skattsk. tekjur.	Skattur eftir núg. lögum.	Skatt. samkv. meðaltalsr.
1924	(tap 75000 kr.)	0	
1925	80000 kr.	19650 kr.	8150 kr.
1926	80000 —	19650 —	11650 —
1927	(tap 25000 kr.)	0	15650 —
		Alls 39300 kr.	35450 kr.

Dæmi þetta sýnir ljóslega, að skattgjaldið er margfalt hærra, ef fjelögin hafa misjafnar tekjur og stórtöp og stórgróði skiftist á heldur en ef þau hafa jafnar tekjur, þó sæmilegar sjeu; því fjelagið hefir nákvæmlega sömu tekjurnar í báðum dæmunum, þegar búið er að draga frá töpin í síðara dæmi. Dæmið sýnir ennfremur, að hjá þeim fjelögum, sem hafa vissa og jafna afkomu, er skatturinn hærri eftir þriggja ára reglunni, en hjá fjelögum, sem hafa óvissa afkomu, er nokkur ívilnun, eftir þessari reglu, í skattgjaldinu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil byrja með því að þakka háttv. nefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið undir aðalefni 1. gr. frv., liðina b.—d., sem beint miða að því að fyrirgirða það, að skattalögin geti hindrað vöxt og viðgang hlutafjelaga. En mjer þykir leitt, að hv. meiri hl. hefir ekki getað fallist á uppástungu þá, er felst í a-lið 1. gr. frv., að skatturinn skuli miðaður við þriggja ára tekjumeðaltal. En jeg vil þó fara fram á það við hv. deild, að hún samþykki till. hv. minni hl. nefndarinnar, þ. e. að samþykkja frumvarpið óbreytt. Í núgildandi skattalögum eru 3 mismunandi reglur, sem farið er eftir við álagning skatts á fjelög, eftir því hvort það eru fjelög með eða án innborgaðs hlutafjár eða samvinnufjelög, sem greiða 6%. Fjelög án innborgaðs stofnfjár og útlend fjelög greiða skatt eftir sama stiga og einstaklingar, og verður sá skattur venjulega miklu hærri en skattur samvinnufjelags af sömu tekjum. Loks greiða innlend hlutafjelög skatt eftir sjerstökum stiga, sem er ennþá miklu hærri, og yfirleitt 50% hærri en t. d. í Danmörku. Hjer við bætist það, að arður hlutafjelaga er hjá okkur tvískattaður, en samvinnufjelögin hafa með rjettu verið undanþegin tvísköttun. Þetta vona jeg að sýni, að nokkur ástæða er til að breyta ákvæðum laganna um hlutafjelög, þó lögunum í heild sinni verði ekki breytt í

þetta sinn. Á móti þessari tillögu um þriggja ára meðaltal er ýmislegt haft. Fyrst og fremst það, að hún veiti þeim fyrirtækjum ívilnanir á skatti, sem í mestum uppgangi eru og hafa þess því síst þörf. Þessi mótbára á vitanlega við togarafjelögin. En hún stafar að miklu leyti af ókunnugleik, og því til sönnunar skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp brjef frá einum bankastjóra Íslandsbanka, þar sem hann gerir mjer grein fyrir ástæðum þeirra togarafjelaga, sem hafa öll sín bankaviðskifti við Íslandsbanka. Brjef þetta er dagsett 15. mars þ. á. og hljóðar þannig:

„Samkvæmt tilmælum yðar, herra fjármálaráðherra, leyfi jeg mjer að staðfesta hjer með ummæli mín á sameiginlegum fundi gengisnefndar og bankastjóranna hjá yður skömmu áður en Alþingi kom saman, um það, að eftir að jeg hafði kynt mjer hag þeirra 15 botnvörpunga, sem hafa öll bankaviðskifti sín við Íslandsbanka, eins og hann var við síðastliðin áramót, bæði með því að kynna mjer efnahagsreikninga, sem þá lágu fyrir, og með því að eiga tal við aðstandendur skipanna, þá komst jeg að þeirri niðurstöðu:

1. að ⅓ — einn þriðji — skipanna eiga ekkert til upp í hlutafjeð, og skulda auk þess mikið fje, jafnvel um 200 þús. kr. sum þeirra;
2. að tæpur helmingur skipanna á fyrir skuldum og auk þess meira og minna upp í hlutafjeð;
3. að ⅕ — einn fimti — skipanna á fyrir hlutafjenu, og auk þess eitthvað umfram hlutafjeð.

En við þessa athugun hefi jeg *ekki* talið skipunum til útgjalda tekjuskatt vegna gróða þeirra síðastliðið ár. Væri tekjuskattur talinn með, mundi fullur helmingur skipanna að mínu áliti falla undir 1. lið og hin undir 2. lið, nema tvö skip, sem fjellu samt undir 3. lið.“

Þetta eru þá ástæður þessara skipa, sem öll eru eign hlutafjelaga. Og þetta ástand kemur engum á óvart, sem þekkja til, hvað gerst hefir undanfarin ár, að á flest skipin hefir hlaðist tap á tap ofan, og að bankarnir hafa haldið áfram að lána þeim, í von um, að einhverntíma kæmi góðæri, svo þeir á þann hátt gætu bjargað því fje, sem þeir þegar voru búnir að lána þeim.

Þegar því talað er um gróða þessara fjelaga síðastliðið ár, ber þess að gæta, að hann er alveg sama eðlis og gróði þess manns, sem týnir mikilli peningafúlgu fyrir nýár, en finnur hana svo aftur eftir nýárið. Það er ekki raunverulegur gróði, þó að fjelögin vinni dálítið á eitt ár og grynni á skuldasúpu sinni, sem safnast hefir á tapsárum. Á þessu eru bygð ummæli bankastjórnanna, sem fylgja áliti minni hlutans, þar sem þær telja nauðsynlegt að gera þá breytingu á útreikningi tekjuskattsins, sem stjfrv. fer fram á.

Þá er það haft á móti þessari till., að hún hafi í för með sjer tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, og til stuðnings því hefir meiri hl. fjhn. reiknað skattinn út um 12 ára tímabil, bæði eftir gildandi lögum og eftir reglum frv. Hefir hv. meiri hl. komist að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt því dæmi, sem hann tekur, þá nemi tekjur ríkissjóðs samkv. gildandi lögum fullum 172 þús. kr. yfir þetta tímabil, en ekki nema tæpum 139 þús. kr., ef reglum stjfrv. sje beitt. Við þetta er það fyrst og fremst að athuga, að mismunurinn er ekki svona mikill; því að skatturinn í þessu tilfelli er eftir reglum stjfrv. 155 þús. kr.

Samkvæmt þessu er að vísu dálítill tekjumissir á pappírnum. En það, sem

hjer á að skera úr, er það hvort ekki sje að öllu leyti sanngjarnt að veita þessar ívilnanir, og verður þá að miða við það, að fjelag, sem hefir jafnar tekjur öll árin, en sömu útkomu yfir tímabilið í heild, hefði aðeins gefið ríkissjóði yfir þetta tímabil 130 þús. kr. í tekjur. Það, sem er fram yfir þá upphæð, verður fjelagið í þessu tilfelli að greiða, af því að afkoman er misjöfn frá ári til árs. En jeg lít svo á, að engin sanngirni sje í því að láta fjelag greiða meiri skatt í ríkissjóð fyrir það eitt að reka áhættusaman atvinnuveg. Eftir ákvæðum stjfrv. er þó ekki bætt úr þessu nema að litlu leyti, því að ívilnanir í þessu tilfelli yrðu samkvæmt því ekki nema 17 þús., en ættu í raun og veru að vera 42 þús., ef sýna ætti þessum fyrirtækjum sömu sanngirni og þeim fyrirtækjum, sem eru áhættulaus og hafa jafna afkomu ár frá ári.

Þessi regla, að miða skattinn við meðaltal síðustu 3 ára, er því ekki nema lítið spor í áttina til þess að sýna hinum áhættusömu fyrirtækjum sanngirni, móts við þau fyrirtæki, sem enga áhættu hafa. Jeg hefi reiknað út mörg dæmi um þetta og altaf komist að þeirri sömu niðurstöðu, að þessar ívilnanir væru ekki eins miklar og þær ættu að vera. Því að eftir stórgróðaár getur skatturinn orðið svo mikill, að hann jafnvel verði fyrirtækinu að fótakefli, ef efnahagur þess er á mjög veikum þræði. En hagsmunir ríkissjóðs eru undir því komnir, að fyrirtækin geti eflst og þar með gefið honum tekjur í fleiri myndum en tekjuskattinum einum.

Í dæmi hv. meiri hl. er sú villa, að skatturinn er ávalt tilfærður einu ári áður en hann á að greiðast. Í reyndinni er það svo, að skattur af tekjum gróðaárs kemur á næsta ár þar á eftir, og ef hið síðara er rýrt ár eða tapsár, getur hinn hái skattur orðið fyrirtækinu að falli. Á þessu er hætta eftir núgildandi tilhögun, og er mjer kunnugt um, að höfundi tekjuskattslaganna var þetta þegar ljóst í upphafi og áleit þá þegar, að þriggja ára meðaltal væri miklu rjettara, en slíkt ákvæði var þá ekki hægt að setja inn í lögin, af því að framtöl tveggja undanfarandi ára voru þá ekki fyrir hendi. En nú er hægt að taka upp meðaltalsregluna, án þess að hún geri tjón, því að árin 1922 og '23 voru óvenjulega tekjulítil.

Þá hefir því verið hreyft sem mótbáru gegn frv. þessu, að af því geti leitt skattgreiðsla á tekjulausum árum, sem sje óeðlileg. Þetta á sjer stað einmitt nú. Skatturinn af gróðaárinu síðasta fellur að sjálfsögðu yfir á næsta ár, og ef það verður gróðalaust, fellur skatturinn á tapsár. Til þess að ráða bót á þessu er frv. fram komið; því að jöfn skattgreiðsla getur síður orðið fyrirtækjunum að fótakefli.

Frá sjónarmiði ríkissjóðs er ekki heppilegt að fá inn mikinn skatt sum árin, en svo ekki neitt hin. Hitt er betri regla, að fá skattinn jafnari, þó aldrei nema hann lækkaði lítið eitt, sem jeg geri þó ekki ráð fyrir að komi til eftir þessu frv.

Um 2. gr. frv., að veita einstaklingum, sem reka sjerstaklega áhættusamlega atvinnu, sömu ívilnanir og fjelögum, þarf jeg ekki að fjölyrða. Það er nú svo, að hætta einstaklinganna að þessu leyti er nokkuð lík og fjelaganna, að undanskildri tvísköttuninni, sem ekki kemur til greina gagnvart þeim. Þessu til sönnunar vil jeg nefna dæmi, sem jeg hefi heyrt, en er ekki skjalfest ennþá; en jeg hygg, að háttv. form. fjhn. (KlJ) sje það þó fyllilega kunnugt.

Dæmið er af manni á Norðurlandi, sem

rekið hefir undanfarin ár síldarsöltun og síldarsölu, en altaf með tapi. Fjeð til rekstrar þessarar atvinnu hefir hann fengið með sjálfskuldarábyrgðum og með því að veðsetja fasteignir ættingja sinna. Og í árslok 1923 er svo komið, að hann skuldar 100 þús. kr., og ættingjar hans þar með að verða öreigar, sem lánað höfðu honum eignir sínar að veði fyrir bankaskuldunum. En 1924 græðir hann 100 þús. kr. og borgar með þeim gróða það tap, sem hann hafði beðið á undanförnum árum. Eftir gildandi lögum á hann að greiða 20—30 þús. kr. í tekjuskatt, og er sagt, að ef lögunum verði framfylgt, þá sje ekki annað fyrir hann að gera en að gefa sig upp sem gjaldþrota eða fá lán til þess að greiða skattinn.

En jeg verð að segja, að skattalöggjöfin er illa komin, þegar eignalausir menn verða að taka lán til þess að greiða skatt af ímynduðum gróða, eða að öðrum kosti gera sig gjaldþrota.

Skal jeg svo ekki þreyta háttv. deildarmenn með lengri ræðu að sinni, og vildi jeg vona, að bæði þetta mál og önnur merkileg mál, sem liggja fyrir þinginu, þurfi ekki að tefjast vegna þess eins, að menn hafi ekki hóf á ræðuhöldum sínum. Skal jeg gera mitt til þess, að umræður teygist ekki úr hófi fram, og læt því þær skýringar, sem jeg hefi nú gefið, nægja, enda þó jeg hefði haft ástæðu til þess að taka fleira fram.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg verð að víkja fáum orðum að hv. frsm. minni hl. (JAJ) í þessu máli og hæstv. fjrh. (JÞ). Við fyrri hluta umr. báru þeir nokkrar brigður á það, að ástæður og útreikningar meiri hl. væru á rökum bygðir. Vitanlega eru þeir báðir mjög fylgjandi þeirri breytingu á 7. gr. tekjuskattslaganna, sem um er að ræða, eða ívilnun í skattgreiðslu fyrir hlutafjelög, og það er ekki að furða. Jeg hygg, að báðir sjeu nokkuð nærstæðir þeim hlutafjelögum, sem einna helst koma hjer til greina og eiga að njóta ívilnana af frv.

Hv. frsm. minni hl. (JAJ) hjelt alllangan fyrirlestur um þá miklu nytsemi og gagn, sem þjóðinni væri að útgerðarfjelögum þeim, sem togaraútveg stunda. Jeg hafði ekki yfirleitt gefið neitt tilefni til, að fjölyrt væri um það. Jeg hefi sem sje ekki látið í ljós neinn efa um það, að þau væru mikilsverður þáttur í þjóðarstarfseminni.

Annars er þetta út af fyrir sig mikið álitamál, hvað þýðingarmikil eða holl þessi hlutafjelagastarfsemi er eða kann að verða, og það tilheyrir dómi sögunnar á ókomnum tíma að ákveða það. Að minsta kosti getur það ekki talist neinn algildur sannleikur hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að starfsemi þeirra sje það þýðingarmesta í menningarviðleitninni hjá oss, eða heillavænlegasta framfaraspor okkar þjóðfjelags. Því hefir fylgt flótti mikils fjölda landsmanna úr sveitunum í bæi og verstöðvar, og það er ekki fært enn sem komið er að dæma um það, hver menningarleg áhrif það kann að hafa í næstu framtíð. Við verðum þess vegna að láta ályktanir um þetta bíða eftir dómi sögunnar á síðari tímum.

Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta. Jeg gaf í fyrri ræðu minni ekkert tilefni til umræðu um það.

Eðlilega lagði hv. frsm. minni hl. (JAJ) mikla áherslu á þær auknu tekjur í ríkissjóðinn, sem þessi starfsemi veitir og hefir veitt. Jeg hafði heldur ekki gefið tilefni til að draga þetta mjög sterklega fram. Jeg hefi sem sje engan efa látið í ljós um það, að þeirra nytsemi fyrir ríkissjóðinn væri mikil.

Hv. frsm. (JAJ) tók það meðal annars fram, að auk þess sem þessi fjelög greiddu í tekjuskatt — en það gera þau auðvitað því aðeins, að gróði sje á rekstrinum — þá greiddu þau mikið í ríkissjóðinn í óbeinum sköttum. Hann tók sem dæmi, að sum greiddu árlega 25—27 þús. kr. í ríkissjóð á þennan veg. Mjer þykir ekki ósennilegt, að svo sje; en það er ekki sjerstaklega eftirtektarvert, þótt svo væri, þegar þess er gætt, að í sumum togarafjelögum er talinn um 650 þús. kr. höfuðstóll fylgja einu skipi. Þá er þessi upphæð, segjum 26 þús., ekki nema 4 hundraðshlutar af höfuðstólnum, með öðrum orðum: Ríkissjóður ætti þá að fá í þessum óbeinu tekjum sem svaraði 4% af þeim höfuðstól, sem í slíku skipi er. Það eru engin einsdæmi, að ríkissjóður hafi álíka miklar tekjur, og jafnvel meiri, af öðrum fyrirtækjum. Það er enginn vandi að sýna fram á og sanna, að lítill vjelbátur, sem kostar ef til vill 8 þús. kr., gefi ríkissjóði í samkynja tekjum 400—600 kr. í árstekjur; en það er yfir 6% af höfuðstólnum.

Þetta er þess vegna alls ekki neitt einstakt eða óbærilegt, þótt svo væri, — sem jeg veit ekkert um og hefi ekki athugað — að einstöku stór skip gefi svona mikinn óbeinan arð. Og auðvitað kemur þetta lítið við því, sem hjer er um að ræða, sem sje meðaltalsreglunni um tekjuskatt fyrir hlutafjelög.

Þá tók hv. frsm. minni hl. (JAJ) það fram eins og mikilsverða ástæðu fyrir því, að meðaltalsregluna ætti að taka upp, eða til þess að rjettlæta hana, að þessi útgerðarhlutafjelög hefðu svo mikinn tekjuskatt að bera, að jafnvel gæti komið fyrir, að þau greiddu á 4 ára tímabili hærri tekjuskatt en svarar skattskyldum tekjum þeirra á sama tíma.

Jeg held það þurfi nú ekki langa umhugsun til að sjá, hvað þetta er fráleitt, að koma fram með aðra eins kenningu. Allir vita, að tekjuskattur er ákveðinn hundraðshluti af ákveðnum tekjum. Þess vegna getur það aldrei komið fyrir, að tekjuskattur á einhverju ákveðnu tímabili fari fram úr tekjum þeim, sem skatturinn á að borgast af. Hv. frsm. (JAJ) hefir sjálfsagt orðið hjer mismæli; hann hefir ætlað að taka upp það, sem stendur í nál. minni hl., að það geti komið fyrir, að slík fjelög greiði hærri tekjuskatt t. d. á 6 árum heldur en skattskyldar tekjur hafi orðið á því tímabili. En þetta, sem stendur í nál., er hreinasta meinloka. *(JAJ:* Að frádregnu tapi). Það er alt annað mál. En í nál. er ekkert um tapið talað, aðeins sett fram þessi ramskakka ályktun. *(JAJ:* Það var bent á það með dæminu). Það er hægt að láta það svo heita, ef til vill.

Hitt er auðvitað rjett, sem á að draga út úr dæminu hjá hv. minni hl., að það getur komið fyrir, að skattur sá, sem slík fjelög greiða á nokkru árabili, geti orðið hærri en þær skattskyldu tekjur, sem afgangs verða tapi á sama tíma. En slíkt er algengt hjá öðrum atvinnurekendum, og má sjálfsagt finna hliðstæð dæmi í hundraðatali um allar sveitir landsins, og ekki síst á undanförnum dýrtíðartíma.

Það er alkunna, að fjöldi manna, einkanlega smærri útgerðarmanna, hefir á undanförnum kreppuárum synt í botnlausum skuldum og væru í raun og veru löngu gjaldþrota, ef ekki hefði staðið svo á, að lánardrotnar kusu að bíða, með von um að þeir rjettu við, heldur en ganga að verðlitlum eignum skuldunautanna. Út frá þessu getur þetta heldur ekki talist nein fullgild ástæða fyrir því að taka upp meðaltalsregluna fyrir þessa einu gjaldendur frekar en aðra.

Hv. frsm. (JAJ) lagði mikla áherslu á það, að áhætta þessara fjelaga væri svo yfirgengilega mikil, að þess væri ekki dæmi um annan atvinnurekstur. Hann tók það meðal annars fram, að þessi fjelög töpuðu stundum á ári sem svaraði öllum höfuðstólnum. Jeg þekki að vísu ekki dæmi þess, en veit hinsvegar, að mörg þeirra hafa tapað á undanförnum kreppuárum, og það er heldur ekkert einstakt. Það hefir sem sje gengið yfir eins og landplága undanfarin ár, að flest útgerðarfyrirtæki hafa sokkið í skuldir. Ef jeg hefi skilið ástandið rjett, þá er það svo yfirleitt, að þessi stórútgerðarfjelög standa einna skárst að vígi, sem er í sjálfu sjer eðlilegt, því það er löngu sjeð og viðurkent, að aðferð þeirra við fiskiveiðar er langsamlega öruggasta aðferðin og líklegasta til þess að geta staðist misæri og náð fiskinum hvar sem er kringum landið og á hvaða tíma sem er. Öll önnur útgerðartæki eru að því leyti valtari, að þau eru miklu meir staðbundin og meir háð veðráttunni.

Hinsvegar hefi jeg aldrei neitað því, að áhætta væri mikil við þennan rekstur; aðeins hefi jeg látið á mjer skilja, að áhættan væri þar minni en í öðrum útgerðarfjelögum.

Þá sagði hv. frsm. (JAJ), að jeg hefði haldið því fram, að óeðlilega hár væri höfuðstóllinn hjá sumum þessum fjelögum. Það gerði jeg að vísu ekki, en jeg drap á það, að hann hjá einstökum fjelögum væri í samanburði við höfuðstól einstakra annara fjelaga óeðlilega mikill. Það eru sem sje dæmi til þess, eins og jeg áður nefndi, að 650 þús. kr. standi eins og höfuðstóll á bak við eitt skip, en í öðrum tilfellum ekki nema 50—60 þús. Það er óeðlilega mikill munur á þessu.

Hann hjelt því þá jafnframt fram, háttv. frsm., að fjelögin væru því öruggari og betur stæð sem hærri væri höfuðstóllinn. Getur verið, að svo sje, en þá því aðeins, að hann standi í sæmilega rjettu hlutfalli við þær eignir, skip og annað, sem tilheyra og hann á að sýna mynd af, — og þá því aðeins, að sá höfuðstóll sje ekki orðinn til á þann hátt, að varið hafi verið ársarði kannske fleiri ára til þess að fjölga hlutabrjefum án þess að reksturinn hafi aukist að sama skapi. En sje svo gert, þá er vitanlegt, að höfuðstóllinn verður ekki á neinn veg til hagsbóta, ef t. d. er vanrækt að leggja í varasjóð. En það leiðir hinsvegar til þess, að tekjuskatturinn verður eftir núgildandi reglum skattalaganna miklu lægri. Og það er sú freisting, sem ekki er hægt að taka burt; hún verður auðvitað altaf til, af því að skatturinn er miðaður við ákveðinn hundraðshluta af höfuðstólnum.

Hv. frsm. (JAJ) hafði eftir mjer, að jeg hefði talið vöxt togaraútgerðarinnar afleiðingu af gróðafýkn einni, og þess vegna ekki af rjettum rótum runninn. Þetta er fullkominn misskilningur hans. Jeg hefi ekkert um þetta talað, enda er það óskylt mál meðaltalsreglunni, sem hjer

ræðir um. Annað mál er það — og mælir hvorki með eða móti meðaltalsreglunni —, að til togaraútgerðarinnar hefir verið stofnað með gróðavon fyrir augum, alveg eins og tíðkast um önnur atvinnufyrirtæki.

Loksins kom hv. frsm. minni hluta að því, að skýrsla sú eða dæmi, er við meirihlutamenn birtum í nál. okkar á þskj. 189, mundi ekki sem ábyggilegust og að niðurstaða þess yfirlits um skaða ríkissjóðs á 12 árum af meðaltalsreglu skattgreiðslunnar væri röng. Vildi hann halda því fram, að skakka mundi um 6 þús. kr. sem tap ríkissjóðs yrði minna en okkar útreikningar sýndu. Ekki leiddi hann nei rök að þessum fullyrðingum sínum, en hjet á góða menn í deildinni að rökstyðja þetta fyrir sig. Hæstv. fjrh. (JÞ) varð vel við þessari beiðni og hljóp undir baggann. Reyndi hann að sýna fram á reikningsskekkju hjá okkur meirihlutamönnum, en þó á annan veg, því hafi jeg skilið hann rjett, vildi hann fallast á, að útreikningur okkar sýndi miklu meiri tekjurýrnun en því svaraði; hún væri ekki aðeins 6 þús. kr. of há, eins og hv. frsm. minni hl. (JAJ) heldur fram, heldur mundi hún vera um 20 þús. krónum of há, eftir því sem ráða mátti af orðum hans. Verður þá mismunur skattsins á 12 árum, sem meiri hl. telur í dæminu 33905 kr., ekki nema 13—14 þúsund krónur, eftir orðum hæstv. fjrh. (JÞ) að dæma. En það er aðeins einn galli á þessum útreikningi hans, og hann er sá, að allur þessi útreikningur hans er ramskakkur. Hæstv. fjrh. forðaðist líka að leiða nokkur rök að þessum staðhæfingum um skekkjuna. Hann sagði aðeins, að útreikningurinn væri hvarvetna ári á undan tímanum, og átti víst skekkjan að liggja í því. Að minsta kosti fann jeg engin önnur rök í ræðu hans.

Nú sje jeg ekki annað en á sama standi í slíku dæmi og valið var, hvert árið er, eða hvort byrjað er á skattgreiðslu 1924 af tekjum frá 1923, eða skattgreiðslu 1925 af tekjum ársins 1924. Að halda öðru fram er að rugla alla áætlun vísvitandi. Eins og dæmin eru valin fyrir árin 12 í röð, er útreikningur okkar laukrjettur. En með annari áætlun verður útkoman auðvitað önnur. Það má búa til óendanlega margar töflur af þessu tægi og sýna ýmiskonar útreikninga, alt eftir því, hvaða aðferð er notuð eða hvað háar tekjur eru áætlaðar, en það sannar ekkert um það, að okkar dæmi sje ekki rjett. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir því ekki haft þau rök fram að bera, að hægt sje að leggja neitt upp úr þeim. Þess vegna læt jeg þau inn um annað eyrað og út um hitt.

Þá tók hann fram, eftir því sem mjer skildist, að hlutafjelög yrðu oftast að greiða tvöfaldan skatt, og átti þetta að vera eitthvað sjerstakt um útgerðarhlutafjelögin. Jeg veit ekki betur en að sama megi segja um flesta skattgreiðendur, svo þetta er ekkert sjerstakt fyrir útgerðarfjelögin. Hann taldi líka, að samvinnufjelögin slyppu betur um skattgreiðslu en hlutafjelög. En þetta er ekki að öllu rjett, því þegar tekjur hlutafjelaganna eru litlar, greiða þau ekki nema 5% af tekjum sínum, en samvinnufjelögin verða ætíð að greiða 6%, hvort sem rekstur þeirra gengur vel eða illa, ef aðeins er einhver gróði. Fasteignaskattur er goldinn sjerstaklega, þótt andvirði fasteignarinnar sje talið fram öðru sinni í eignum og greiddur af eignarskattur. Er þar því um tvöfaldan skatt að ræða, og ekkert undarlegt, þó á þetta sje bent í sambandi

við togarafjelögin. Líka mætti nefna vörutolla og innflutningsgjald, sem er þrefaldur og ferfaldur skattur, er allir skattþegnar landsins verða að greiða, og þetta á alveg eins við þá, sem skattinn greiða samkvæmt 6. gr., eins og þá, sem greiða eiga skatt eftir 7. gr.

Þá las hæstv. fjrh. (JÞ) upp í ræðu sinni skýrslu um hag nokkurra útgerðarfjelaga og viðskifti þeirra við Íslandsbanka. Nefndi hann togarafjelög, sem skulduðu Íslandsbanka um 200 þús. kr., og virtist mjer hann álíta þetta óvenjulegar skuldir. En þetta ógnar mjer alls ekki. Bæði er nú, að undanfarið hafa verið kreppuár til lands og sjávar, enda mun þetta síst meira en tíðkast hefir hlutfallslega um önnur smærri fjelög og einstaklinga. Ef jeg hugsa mjer t. d., að togarahlutafjelag, sem skuldar 200 þús. kr., hafi höfuðstól, sem nemur einni miljón króna, þá er skuldin aðeins 20% af eigninni. Sje nú þetta samanborið við önnur smærri útgerðarfjelög og atvinnufyrirtæki í smáum stíl, sem eru svo skuldum hlaðin, að ekki má á þau anda og velta, ef að þeim er gengið, þá verður ekki annað sagt en að togarafjelögin standi vel að vígi hlutfallslega.

Að lokum kom hæstv. fjrh. með kringilega sögu af einhverjum síldarkóngi í Norðurlandi, sem tapað hefði aleigu sinni við síldarkaup og sokkið í skuldir árið 1923, skuldað þá um 100 þús. krónur, en árið 1924 græðir hann jafnháa upphæð og hann skuldaði, eða um 100 þús. krónur. Bregður þá svo kynlega við, að af því að maðurinn græddi þetta, verður hann gjaldþrota, þegar hann sjer fram á, að hann muni þurfa að greiða um 30 þús. kr. skatt af gróða þessum árið 1925.

Þetta er þungskildara dæmi en svo, að jeg reyni að skilja það, að maður, sem græðir 100 þús. króna á einu ári, þurfi að verða gjaldþrota þess vegna. Má vera að betri skilningur fáist á þessu stórmerkilega fyrirbrigði síðar, þó jeg hinsvegar sjái ekki, að það standi í neinu sambandi við frv. eða meðaltalsreglu þess um skattgreiðsluna. Annars held jeg, að hæstv. fjrh. hafi tekið of djúpt í árinni, er hann talaði um þennan 30 þús. króna skatt af 100 þús. kr. gróða, því eftir núgildandi lögum getur ekki verið um slíkan skatt að ræða.

Í enda ræðu sinnar tók hæstv. fjrh. það fram, að hann gæti ekki skilið, hvers vegna meiri hl. nefndarinnar legði til að fella e-lið 1. gr., þó að a-liðurinn yrði feldur. Því er til að svara, að e-liður er bein afleiðing af a-lið og getur ekki staðið, ef hinn fellur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta og býst tæplega við að tefja umr. þessar framar.

Jakob Möller: Það er af því að jeg hefi að vissu leyti sjerstöðu í málinu, að jeg kvaddi mjer hljóðs, þó jeg hinsvegar hafi ekki skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara.

Annars sje jeg ekki til neins að ræða um málið nú, svo illa sem deildin er skipuð, og fell þess vegna frá orðinu.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Mig undrar ekki, þó að hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) kvarti undan því, að jeg hafi farið of nákvæmlega út í málið í heild og gert athugasemdir við rangfærslur þær, er hann hefir verið að fleyta sjer á. Bar þessi síðasta ræða hans vott um, að hann hefði illa tekið eftir því, er jeg sagði, eða þá misskilið það, og því ekki nema von, að honum tækist illa að hrekja

orð mín, þegar hann vill ekki heyra rök þau, sem fram eru borin.

Hann hjelt ennþá fram þessari meinloku sinni, að arður hlutafjelaganna væri ekki tvískattaður, og tók dæmi því til sönnunar, sem enginn skildi, sem heldur er ekki von, því sjálfur skilur hann ekki, að það er verið að tvískatta sama arðinn með sömu lögunum. Hann sjer ekki, að fyrst er arðurinn skattaður hjá hlutafjelaginu sjálfu, en síðan hjá hluthafanum, sem telur hann fram. T. d. ef maður fær 1000 kr. í arð, þá er upphæð sú fyrst sköttuð hjá fjelaginu, en síðan verður hann að greiða skatt af upphæðinni, af því að hún er þá komin í vörslur hans eða á nafn hans og talin með hans tekjum.

Hitt er satt, að við greiðum tekjuskatt og eignarskatt af sama húsinu, en það sannar ekkert um það, að arður hlutafjelaganna sje ekki tvískattaður með sömu lögunum.

Þá vildi hann enn ekki kannast við, að dæmi þeirra meirihlutamanna á þskj. 189 væri skakt reiknað. Hjelt jeg þó, eins og honum var bent á þetta í gær, að hann gæti fallist á, að svo væri. Þetta hafa þó hv. samnefndarmenn hans gert, og hafði mjer síst komið til hugar, að hann ljeti sjer það ekki að kenningu verða. Nú skal jeg aftur reyna að koma honum í skilning um þetta með örlitlu dæmi, þ. e. a. s. með hans eigin dæmi, en aðeins reikna það á rjettan veg.

Á öðru ári, 1925, eru skattskyldar tekjur taldar eftir báðum reglunum 48 þús. krónur, en eru vitanlega 21667 krónum hærri eftir þriggja ára reglunni, því tekjuskattur fyrra ársins kemur til frádráttar tekjunum á síðara árinu, en skatturinn er 21667 kr. hærri 1924 eftir núgildandi reglum en hann yrði eftir meðaltalsreglunni, skattmismunurinn frá fyrra ári, sem að sjálfsögðu kemur til tekna á næsta ári á eftir. Auk þess er það hverjum manni augljóst, að í dæminu er hvergi talinn skattur af skattmismuninum, kr. 33905, sem fram kemur í þessu hroðvirknisdæmi hv. meiri hl. Jeg hygg, að háttv. frsm. ætlist ekki til, að þessum 33905 kr. sje slept við skatt. Skattur af þessari upphæð er minst 6000 kr., en verður um 10 þús., ef hann lendir á hæsta skattstiga. Þetta vona jeg, að hann skilji nú, svo ekki þurfi oftar að benda honum á rangfærslurnar í útreikningi hans.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að taka það upp, sem hann sagði um hlutafjelögin alment og gagnsemi þeirra, enda erum við sammála um það, að þegar reka á stórútgerð, þá sje hlutafjelagsfyrirkomulagið að sjálfsögðu heppilegast.

Annars hrakti hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) ekkert af því, sem jeg sagði, en reyndi hinsvegar að snúa út úr orðum mínum og rangfæra þau sjer í hag. Jeg tók það einmitt fram í gær, að þriggja ára meðaltalið væri ekkert aðalatriði, heldur mætti skoða það sem tilraun til bóta frá því, sem nú er, enda var öll nefndin á einu máli um það, að tryggja þyrfti betur allan hag hlutafjelaganna. Hann veit það, hv. frsm. meiri hl. (SvÓ), að mikill munur er á skatti þeim, sem hlutafjelög hjer verða að greiða, í samanburði við það, sem tíðkast erlendis, enda getur hann ekki neitað því, að þegar til alls kemur, þá eru skattar þessir miklu hærri hjer en nokkursstaðar annarsstaðar á Norðurlöndum. Hinsvegar hefi jeg ekkert á móti því, að þessir tekju- og eignarskattar sjeu hækkaðir eitt eða fleiri ár í bili, til þess að koma ríkissjóði úr fjárkreppu, en þá á að hækka þá yfirleitt, en láta ekki alla hækkunina lenda á hlutafjelögunum.

Þegar svo er komið, að viðurkent er, að tvískatta megi árð hlutafjelaganna, þá er auðsætt, að þeim er gert erfiðara fyrir í samkeppninni, er einstaklingar, sem sömu atvinnu stunda, eru látnir sleppa með margfalt minni skatt. Í þessu liggur ósanngirnin, og úr þessum göllum er frv., og þar á meðal með meðaltalsreglu þess, ætlað að bæta.

Jeg sýndi í gær fram á þetta misrjetti í skattgreiðslu hlutafjelaga og einstaklinga og nefndi fáein dæmi, og gæti komið með fleiri. Og vilji hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) ennþá rengja mig, gæti jeg símað vestur á Ísafjörð eftir tölum, sem sanna mál mitt. En jeg vona, að til þess þurfi ekki að koma, og að hann snúi nú frá villu síns vegar og fallist á, að sú skoðun er jeg held fram í þessu máli, sje rjett og heilbrigð í öllum grundvallaratriðunum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að biðja hv. þdm. afsökunar á því, að jeg er svo hás og á því bágt með að láta heyra til mín, enda verður þetta lítið, sem jeg hefi við að bæta það, sem jeg hefi áður sagt, og umr. líka orðnar óþarflega langar.

Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) sagði, að jeg mundi standa allnærri hlutafjelögum þeim, sem ívilnunar eiga að njóta samkv. frv., og virtist mjer hann með þessu gefa í skyn, að jeg með þessu væri að gæta eigin hagsmuna. Nú skal jeg lýsa því yfir, að jeg á ekki, og hefi aldrei átt, hlut í neinu útgerðarhlutafjelagi, og það eina fjelag, sem jeg á hlut í, svo teljandi sje, hefir engan arð 1924, en gaf dálítinn arð tvö undangengin ár, og er því breytingin til óhags fyrir það fjelag. Þá kvartaði hann um, að jeg hefði ekki leitt rök að skekkjunni í dæmi því, sem meiri hl. lætur fylgja nál. sínu. Að jeg ekki nefndi tölur, var af hlífð við hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) og aðra nefndarmenn, sem jeg hugði, að leiðrjetta mundu þetta, þegar búið var að benda þeim á vitleysurnar. Þess vegna furðaði mig satt að segja á því, að hann vildi fá leiðrjettingar þessar inn í umr., svo að öll vitleysan sæist í Alþt. Hitt hafði jeg hugsað mjer, að þetta yrði leiðrjett í framhaldsnál. fyrir 3. umræðu, og þar með slegið striki yfir allar vitleysurnar. En ef hv. þm. (SvÓ) óskar eftir frekari skýringum við þessa umr., þá skal jeg benda honum t. d. á, að fjelag það, sem dæmið fjallar um, hefir 48 þús. kr. skattskyldar tekjur árið 1925, en greiðir á því ári 27600 kr. skatt af fyrra árs tekjum. Til þess að þetta dæmi geti staðið, verða tekjur fjelagsins að hafa numið 75600 kr. árið 1925, því að annars gætu skattskyldar tekjur þess ekki orðið 48 þús. kr. En eftir reglum frv. ætti sama fjelag að greiða á árinu 1925 5933 króna skatt af tekjum ársins 1924, og kemur sú upphæð því til frádráttar 75600 kr. tekjum 1925. Skattskyldar tekjur þess árs verða því ekki 48 þús. kr., heldur 69667 krónur.

Í þessu liggur aðalvilla háttv. meiri hl. En ef hv. þm. (SvÓ) getur ekki skilið, að skattskyldar tekjur verða þeim mun meiri, sem lægri upphæð er dregin frá öllum tekjunum, þá gefst jeg upp við að skýra fyrir honum einföldustu reikningsdæmi og verð að biðja hann að leita sjer fræðslu í öðrum skóla.

Jeg sagði ekki, að ívilnunin á skatti fjelagsins í dæmi hv. meiri hl. væri 13—14 þús. kr., heldur um 17 þús. kr., sem sje mismunurinn á 172 þús. og 155 þús. En jeg bætti því við, að í raun og veru væri sanngjarnt, að fjelagið hefði greitt um 132 þús. kr. í skatt á þessu tímabili, því sá hefði skatturinn orðið, ef tekjur fjelags-

ins hefðu verið nokkurn veginn jafnar frá ári til árs. Það, sem fjelagið greiðir fram yfir þá upphæð, er nokkurskonar refsiskattur vegna þess, að fjelagið rekur áhættusama atvinnu, sem er misjafnlega arðberandi frá ári til árs. Og ívilnun frv. er aðeins eftirgjöf á nokkrum hluta þessa algerlega ástæðulausa refsiskatts.

Af ummælum hv. þm. (SvÓ) um brjef bankastjórans í Íslandsbanka mátti skilja, að hann hafði misskilið ærið margt í brjefinu. Hann sagði, að sjer ofbyði ekki, þó fjelög, sem hefðu 1 milj. kr. höfuðstól, skulduðu 200 þús. kr. En jeg sagði, að þessi fjelög skulduðu 200 þús. kr. umfram hlutafjeð. Fyrst skulda þau jafnmikið öllum eignum og hlutafje, en þar að auki 200 þús. kr. Í raun og veru er höfuðstóll þessara fjelaga ekki lengur til; hann er með öllu tapaður.

Skuldirnar eru orðnar langtum meiri en allar eignir, og fjelögin eiga um 200 þús. kr. minna en ekki neitt. Þetta eru gjaldþrota fyrirtæki, sem haldið er uppi eingöngu vegna þess, að starf þeirra er þjóðnytsamlegt og að ekki má hrekja framleiðslutækin úr landi. Þannig er ástatt um þriðjung þeirra botnvörpuskipa, er skifta eingöngu við Íslandsbanka. Og af þessum fyrirtækjum tala menn um að heimta stórgróðaskatt, af því að þau gryntu eitthvað á skuldum sínum síðastl. ár, en eiga mikið minna en ekki neitt eftir sem áður.

Sama skilningsdeyfðin kemur í ljós hjá hv. þm. (SvÓ), þegar hann kallar söguna, sem jeg sagði af Norðlendingnum, sem hafði tapað ógrynni fjár á síðustu árum en unnið það aftur upp á síðastl. ári, kýmnisögu. Hann virtist ekki skilja, að maðurinn er öreigi eftir að hann hefir greitt bankalán sín með gróða síðasta árs, og á því ekkert til þess að greiða með skattinn af síðasta árs tekjum.

Það er nú svo, að bankarnir hafa ekki gengið að mönnum, sem þeir hafa lánað peninga, enda þótt illa hafi gengið allur atvinnurekstur síðustu 3 árin á undan 1924, í þeirri von, að úr rættist og menn gætu greitt skuldir sínar, en bankarnir þyrftu ekki að tapa því fje, sem þeir áttu þannig útistandandi. En þegar bankarnir hafa náð inn slíkum útistandandi skuldum, þá getur enginn láð þeim, þó að þeir sjeu ekki fúsir til að ausa út lánum aftur til manna, sem engar tryggingar geta sett fyrir lánum sínum.

Það hefir enginn sagt, að menn hafi orðið gjaldþrota af því að græða sæmilega eitt ár. Umræddir menn hafa verið gjaldþrota löngu áður en þeir nutu þessa gróðæris, en það hefir ekki verið gengið að þeim, vegna þeirra ástæðna, sem jeg hefi getið um; en nú eru þær burtu fallnar, þegar eitthvað er af hlutaðeigandi skuldunautum að hafa. En mennirnir eru „insolvent“ þrátt fyrir þetta eina góða ár.

Þetta lýtur að 2. gr. frv. Með henni er í rauninni ekki farið fram á annað en það, að ríkissjóður megi sýna slíkum gjaldþegnum samskonar tilhliðrunarsemi og bankarnir hafa sýnt þeim áður, sem sje að ganga ekki að þeim og gera þá gjaldþrota vegna tekjuskattsins, heldur leyfa þeim að starfa áfram.

Ríkissjóður hefir hvort eð er ekkert upp úr gjaldþroti slíkra manna, en hinsvegar er það óþarfa eltingarleikur að ganga svo hart að þeim, að þeir fái ekki umflúið gjaldþrot.

Háttv. þm. (SvÓ) sagði, að sjer væri þetta torskilið mál, og get jeg trúað því, af því að hann segir þetta sjálfur. En ef einhver annar hefði komið til mín og sagt mjer, að hv. þm. (SvÓ) skildi ekki svo einfalt mál, þá hefði jeg sagt það ósannindi.

Þá sagði hv. þm. (SvÓ), að e-liður 1. gr. væri settur vegna a-liðsins, og yrði því að fella þá báða burtu, ef öðrum þeirra væri kipt út. Þetta er ekki allskostar rjett. E-liðurinn er settur vegna allra 4 undanfarandi liða og á jafnt við þá alla. Þess vegna er ástæðulaust að fella hann burtu, ef b-, c- og d-liðirnir fá að standa í frv., eins og hv. meiri hl. leggur til.

Jón Baldvinsson: Jeg varð dálítið undrandi, þegar jeg sá, að hv. fjhn. hafði hugsað sjer að taka eitthvað af frv. þessu og samþykkja, og enn meiri varð furða mín, þegar jeg varð þess áskynja, að þrír hv. nefndarmenn vildu samþykkja frv. óbreytt. Því hefði jeg aldrei trúað um einn einasta hv. þm.

Mig furðar á þessu vegna þess, að frv. er, að mínu viti, einhver mesti óskapnaður, sem nokkurn tíma hefir skotið upp höfðinu hjer á Alþingi.

Frv. gengur í þá átt að undanþiggja að miklu leyti stórgróða síðastl. árs tekjuskatti. Mestur hagnaður þess árs hefir lent í vasa útgerðarfjelaganna, en þau eru langflest hlutafjelög. Þau hafa grætt of fjár, á íslenskan mælikvarða, á síðastl. ári. Um það blandast engum hugur. En undir eins hleypur hæstv. stjórn til og vill nú ljetta af þeim skatti af þessum ágæta arði. En að ljetta skattinum af þessum fjelögum er sama og að íþyngja öðrum með sköttum. Það kemur fram á þann hátt, að annaðhvort verður gömlum skattaálögum ekki ljett af almenningi, eða bætt verður við nýjum sköttum. Slíkar afleiðingar eru óhjákvæmilegar, ef ríkissjóður missir þær tekjur, sem frv. vill svifta hann.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir ekki þreyst á að lofa hástöfum sanngirni þessa frv., enda er það undan hans rifjum runnið. En þetta lof um sanngirnina kemur mjer dálítið spánskt fyrir sjónir, einkum eftir þeim lýsingum að dæma, sem hann sjálfur hefir gefið. Hann hefir skýrt frá því, að bankarnir væru fúsir til að hjálpa útgerðarfjelögunum um rekstrarfje, jafnvel þó á móti bljesi og teflt væri mjög á tvísýnu. Þessi fjelög eru þannig óskabörn auðvaldsins í landinu, þ. e. stjórnarinnar og bankanna. Þeim er haldið uppi, hvernig sem vindurinn blæs. *(Fjrh. JÞ:* Jeg sagði, að þeim *hefði verið* veittur gjaldfrestur á lánum sínum). Það er engin hætta á því, að svo verði ekki áfram, og því alveg ástæðulaust fyrir ríkissjóð að hlaupa undir bagga með fjelögunum þess vegna.

Þá talaði hæstv. fjrh. um, að togarafjelögin hefðu verið rekin með tapi undanfarið. Jeg minnist þess nú, að hæstv. ráðh. (JÞ) lýsti yfir því fyrir einu eða tveimur árum síðan, að togarafjelögin stæðu yfirleitt föstum fótum. Þeim skyldi þá hafa hrakað svo mjög á síðasta ári, að nauðsyn bæri til að gefa þeim eftir mikinn hluta rjettmæts tekjuskatts. Nei, hæstv. fjrh. er hjer kominn í ógöngur og berst meira af kappi en forsjá fyrir hönd togarafjelaganna, en gætir þess ekki, að hann hefir áður talað um afkomu þeirra í öðru sambandi.

Jeg hjelt satt að segja, að hv. fjhn. yrði sammála um að hafna þessu frv. algerlega, og er því undrandi yfir, að hún skuli vilja líta við því. Og þó að háttv. meiri hl. vilji ekki ganga að háskalegustu ákvæðum frv., þá vill hann eigi að síður ganga með að nokkru leyti og samþykkja nokkra liði 1. gr. En verri er þó afstaða hv. minni hl., sem vill samþykkja frv. óbreytt. Það er ófyrirgefanlegt.

En jeg þykist skilja, hvað á bak við liggur. Við höfum sjeð ýms önnur mál, sem ekki eru vinsæl nje líkleg til að hafa góð áhrif á hagsmuni almennings, ná samþykki við atkvgr. hjer í þinginu. Það er valdið, sem stendur á bak við hæstv. stjórn, sem neyðir flokksmenn hennar til að fylgja slíkum málum. *(JAJ:* Ósæmilegar dylgjur). Og eitthvað svipað má sennilega segja um þetta mál. E. t. v. hefir hæstv. stjórn hótað því að leggja niður völd, ef málið nái ekki fram að ganga, og flokkurinn beygt sig í auðmýkt fyrir þeirri hótun.

Um það hefir verið deilt, hvort útreikningar hv. nefndar væru rjettir eða ekki. Þeir eru tveir útreikningarnir, sem fyrir liggja, og ef annar er rangur, þá held jeg að þeir sjeu það báðir. *(Fjrh. JÞ:* Það er rjett; þeir eru báðir rangir).

Dæmi hæstv. fjrh. (JÞ) um, hvernig hái tekjuskatturinn geti leikið menn, er dálítið varhugavert, og hefir hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) greinilega sýnt fram á, hversu hlægilegt sje að halda því fram, að menn geti farið á höfuðið vegna þess að þeir græði 100 þús. kr. á einu ári. Verði menn gjaldþrota vegna þess, að þeir græða of fjár, en ekki af því að tapa árum saman, þá fer að verða lítið mark takandi á öllu því, sem mönnum hefir áður verið kent. Nei, þetta mun eitt af hinum þjóðfrægu reikningsdæmum hæstv. fjrh. (JÞ), sem hafa gert hann að einum allra slyngasta fjármálamanni álfunnar, eins og eitt aðalstuðningsblað hans komst að orði.

Þó tekur 2. gr. frv. út yfir allan þjófabálk. Hún er hið langvarhugaverðasta af mörgu vondu, sem í frv. stendur. Þar er fyrir því ráð gert að leggja á vald stjórnarinnar að veita einstökum mönnum ívilnun á tekjuskatti, ef þeir æskja þess. Þetta er svo háskalegt ákvæði, að furðu gegnir, að nokkur hv. þm. skuli vilja ljá því atkvæði. Að vísu er skiljanlegt, að hv. þm. geti treyst þeirri stjórn, sem þeir styðja, til að fara sæmilega með þetta vald, sem henni er þarna gefið, en hitt er mjer með öllu óskiljanlegt, að nokkur hv. þm. vilji gefa hvaða stjórn sem er slíka heimild, sem mjög er hætt við, að stjórnir muni nota til þess að ívilna sínum flokksmönnum sjerstaklega.

Jeg fyrir mitt leyti treysti nú alls ekki núverandi hæstv. stjórn til að fara með þetta vald. Jeg þykist sjá fyrir, að einkum muni það verða hennar stuðningsmenn, sem fá slíkar ívilnanir. Það vill svo til, að einmitt flestir þeirra, sem reka áhættusama atvinnu, eins og það er kallað, standa að hæstv. íhaldsstjórn, sem nú fer með völd í landinu. Þess vegna má nærri því segja, að ívilnun 2. gr. frv. sje gjöf til hæstv. stjórnar, sem hún skuli síðan deila meðal sinna ástkæru stuðningsmanna. Því ekki dettur mjer í hug að halda, að atvinna verkamanna og sjómanna verði talin áhættusöm, þó svo sje, þar sem þeir, einkum sjómenn, leggja ekki einungis fje í hættu, heldur einnig líf og heilsu. Það er þó engin hætta á því, að þeim verði gefinn eftir tekjuskattur af þessum sökum. Nei, það verða stórútgerðarmennirnir, sem eftirgjöfina fá, ef núverandi hæstv. stjórn fær að ráða.

Jeg er því eindregið á móti þessu frv. og álít, að það eigi ekki fram að ganga, hvorki á þessu þingi nje öðrum. Þennan draug ber að kveða niður til fulls nú þegar, og það svo eftirminnilega, að hann skjóti ekki upp höfðinu aftur. Frv. er aðeins hagsmunamál fárra stóreignamanna, og hefir hæstv. stjórn gengið erinda þeirra með því að flytja það hjer á þingi.

Það er engin sönnun fyrir því, að

skýrsla þessa eina bankastjóra við annan bankann sje rjett, þó að hæstv. fjrh. (JÞ) láti mikið yfir henni. Fjelögin geta sjálf verið nauðulega stödd fjárhagslega, þó að hluthafarnir sjeu fullríkir, vegna arðs, sem þeir hafa fengið greiddan áður. Dæmi þessa hafa fundist. Þar að auki er ekki víst, að bankastjóranum sje í raun og veru jafnkunnugt um fjárhag fjelaganna og hann lætur í veðri vaka. Meðal almennings liggur orð á því, að togarafjelögin hafi geymt fje sitt í erlendum bönkum meðan ísl. krónan var að falla í verði.

Þessi efnahagsskýrsla er því mjög svo varhugaverð, enda þyrfti hún að vera meira en almenn umsögn, sem segir alt og ekkert og nefnir engar tölur, ef menn ættu að taka hana sem góða og gilda vöru.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. apríl, var enn f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv.

Jakob Möller: Jeg komst það langt síðast, að jeg hefði nokkra sjerstöðu í máli þessu. Og um það get jeg vísað til þess, sem jeg sagði við 1. umr. Jeg lýsti því þá, að jeg væri öldungis óviss um, hvernig sú breyting á tekjuskattslögunum, sem felst í þessu frv., þ. e. ákvæðin um meðaltalsskattinn, myndi verka. Jeg hefi síðan sannfærst enn betur um, að þessi breyting er mjög varhugaverð. Ekki fyrst og fremst vegna þeirrar tekjurýrnunar, sem búast má við að hún hafi í för með sjer fyrir ríkissjóðinn, heldur kannske öllu fremur sakir þess, að þessi breyting kemur afskaplega misjafnt niður á þeim skattþegnum, sem hjer ræðir um. Eins og hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. frsm. minni hl. (JAJ) bentu á, má deila um það, hvort dæmin um skattinn, sem tekin eru í nál., eru rjett reiknuð. En sú aths. á vitanlega jafnt við bæði, og ekki síður við nál. háttv. minni hl. en háttv. meiri hl. En saunleikurinn er sá, að ekki er hægt með neinni vissu að setja upp þessi dæmi þannig, að hægt sje að segja: Svona er það rjett. Dæmi hv. meiri hl. tekur þannig til samanburðar sömu skattskyldu tekjurnar til að reikna út skattinn. En það er vitanlegt, að ef skatturinn breytist, þá verða skattskyldu tekjurnar aðrar næsta ár. En það er fleira, sem hefir áhrif en skatturinn einn. Ef við tökum t. d. dæmi háttv. minni hl., þá er á árinu 1924 um að ræða 59 þús. kr. skatt samkv. gildandi lögum, en eftir jöfnunartill. verður hann 19 þús. kr. Skattskyldar tekjur yrðu þá 40 þús. kr. hærri næsta ár, ef breytingin kæmist á. Þó er það ekki víst, og jafnvel ekki líklegt, að svo miklu munaði, því að ætla mætti, að eitthvert tillit yrði tekið til þessarar lágu skattgreiðslu við útsvarsálagninguna, svo munurinn yrði ekki eins mikill. Þess vegna er ekki hægt að setja dæmið þannig upp, að segja megi: svona er það rjett, en hinsvegar vitlaust. En jeg skal samt játa, að hitt er nær lagi, að taka tillit til breytinga á skattinum. Hæstv. fjrh. gat þess, að eftir sínum útreikningi yrði skatturinn samanlagður eftir dæmi hv. meiri hl. um 155 þús. kr. Jeg hefi reiknað þetta líka og fengið mjög svipaða upphæð. Það kemur því út, að munurinn á skattinum eftir gildandi ákvæðum og því, sem hann verður eftir frv., er ekki eins mikill og gert er ráð fyrir í nál. Hann verður ekki nema 17 þús. kr., í stað 34 þús. kr. En sje hitt dæmið endurskoðað, þ. e. dæmi hv. minni hl., sem hefir fengið „attest“ frá bönkunum um að

útgerðarfjelögunum sje hrein og bein lífsnauðsyn að fá þessu framgengt, þá kemur það hlálega út, sje dæmið reiknað eins og hitt, að skatturinn verður lítilsháttar meiri, eða 120 þús. kr., í staðinn fyrir 118 þús. kr. Þetta verður því tap fyrir skattþegnana, í stað þess, að tilgangurinn er sá, að þeir græði á breytingunni. Staðfestir þetta fullkomlega það, sem jeg sagði um frv. við 1. umr., að vandsjeð væri, hver árangurinn yrði. Menn gæti og betur að mismuninum á dæmi hv. meiri og minni hl. Fjelag háttv. minni hl. er veikt og tiltölulega lítilfjörlegt, með aðeins 300 þús. kr. í hlutafje, í stað 400 þús. kr. hjá hinu. Því verða tekjur þess á góðu árunum hlutfallslega meiri og skatturinn hærri. En þetta þýðir, að nýstofnað fjelag með lítið hlutafje og sama sem engan varasjóð verður miklu ver úti en öflugt fjelag, sem á öflugan varasjóð og ríflegt hlutafje. M. ö. o., breyting sú, sem hjer er farið fram á, fer alveg í þveröfuga átt við það, sem ætti að vera. Hún ljettir skattinn á öflugu fjelögunum og þyngir hann á þeim, sem veikari eru. Hv frsm. minni hl. (JAJ) sagði, að dæmi þeirra væri ekki út í loftið, heldur væri það mjög nálægt því, sem hann vissi til um fjelag eitt. Staðfestir það enn frekar um mæli mín. Nú hefi jeg orðið var við, að menn spyrja: Hvernig getur staðið á því, að skatturinn getur orðið meiri eftir meðaltalsálagningunni? En þetta er vel skiljanlegt, þegar þess er gætt, að eftir meðaltalsálagningunni eru hinar skattskyldu tekjur alt aðrar en nú. T. d. eru tekjur þær, sem skattskyldar eru eftir dæmi hv. minni hl., 530 þús. kr. samkv. gildandi reglum, en eftir ákvæðum frv. eru þær 570 þús. kr. Munurinn er 40 þús. kr., sem vitanlega kemur hjer ofan á. Í öðru lagi nær skatturinn öll árin hærra skattstigi þrátt fyrir jöfnuðinn, sakir þess, hve tekjurnar eru miklar á góðu árunum í samanburði við höfuðstólinn. Þetta getur hver sannfært sig um, sem nennir að hafa fyrir því. Hjer við bætist það, að samkvæmt ákvæðum frv. verða ný fjelög harðara úti í skattgreiðslum en gömul fjelög Þau verða til dæmis að greiða þrisvar skatt af fyrsta árs tekjum. Því er ekki að neita, að öflug fjelög fá með þessu nokkra ívilnun, en hún er þó ekki svo afskaplega mikil, að hún sje nokkurt lífsspursmál fyrir útgerðina, eins og bankarnir segja. Því að ef fjelögin eru fjárhagslega veik þá hefir þetta enga þýðingu og er aðeins lakara fyrir þau, en sjeu þau öflug, þurfa þau síður stuðnings við. Það er því alveg þveröfugt í rauninni við það, sem haldið er fram, að hjer sje verið að hjálpa útgerðinni. Nei, það er miklu fremur verið að vinna henni til óþægðar. Hitt, að fjelögin megi telja varasjóð með hlutafjenu og að nokkur ívilnun sje gefin í skatti af því, sem árlega er lagt í varasjóð, er alveg rjettmætt, enda var enginn ágreiningur um það í nefndinni.

Með ákvæði 2. gr. er stjórninni gefin heimild til að ívilna einstaka atvinnurekendum, sem reka áhættusaman atvinnuveg, á svipaðan hátt og hlutafjelögum, ef skattur þeirra verður mjög ósanngjarn að öðrum kosti.

Þetta ákvæði virðist mjer algerlega ófært til samþyktar. Annaðhvort á engum að ívilna á þennan hátt eða ákvæðið verður að gilda jafnt fyrir alla. Jeg sje ekki betur en að eins megi hafa slíkt ákvæði um einstaka atvinnurekendur og hlutafjelög. Hitt er mjög hættulegt, án þess að jeg sje að væna sjerstaka stjórn þess, að beitt verði hlutdrægni. Það hefir verið

talað um, hversu sanngjarnt væri, að tekið væri tillit til þess, hve sjávarútvegurinn er áhættusamur og hversu miklu tapi hann verður oft fyrir. Þetta er rjett, en þess ber að gæta, að ekki einu sinni í þessu frv. er það gert. Það er ekki hægt að rjettlæta þetta ákvæði með því, þar sem meðaltalsreglan miðar ekki í þá átt nema í einstökum tilfellum. Og sannleikurinn er sá, að ekki aðeins þessi fyrirtæki verða fyrir töpum. Það er fjöldi manna yfirleitt, sem aldrei eru teknir til greina í þessu efni. Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um mann fyrir norðan, sem tapaði mjög miklu ár eftir ár á útgerð, en græddi það svo alt upp á síðastliðnu ári. Hann var auðvitað heppinn að græða. En hvað mega þeir segja, sem ganga í ábyrgð fyrir slíka menn? Þeir fá ekkert tillit tekið til þess, að þeir tapa stórfje á ábyrgðum. Því er engin sanngirni í, að maðurinn fái það sjálfur. Það þyrfti þá að taka lögin til allsherjarendurskoðunar og samræma slík ákvæði, til þess að fullnægja þessum kröf um.

Þetta var það, sem jeg þurfti að segja sjerstaklega vegna minnar aðstöðu. Þó að jeg hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara, tel jeg ekki aðalatriðið, hvort um ívilnun eigi að vera að ræða, heldur hitt, hvernig það kemur niður að öðru leyti. Hv. minni hl. hefir drepið á, að sum fjelög borgi meira í skatt á vissu tímabili en allar nettótekjur tímabilsins nema. Nú vill svo til, að eftir dæmi hv. minni hl. þá er það svo hvort eð er, og enn freklegar eftir breytinguna, þar sem skatturinn hækkar við hana. Það, sem þá ber að athuga og bera saman, er aðeins þetta, hvort skattþegni sje hentugra að greiða þegar í stað skatt af góðu ári eða að geyma það að mestu leyti til lakari ára. Samkv. dæmi hv. minni hl. á fjelag að borga mestan skatt 59 þús. kr. samkvæmt gildandi reglum, en af sama árs tekjum á fjelagið að borga samkv. frv. fyrst 19 þús. kr., fyrir næsta ár, sem ekki hefir gefið fjelaginu nema 30 þús. kr. tekjur, á það að borga 39 þús. kr., og fyrir næsta ár þar á eftir 17 þús. kr., fyrir ár, sem fjelagið hefir tapað 250 þús. kr. — Mundi nú ekki fjelaginu hentugra að borga skattinn allan á því árinu, sem tekjurnar fjellu til á?

Fyrir mjer er þetta hrein hugsunarvilla. Það hefir verið sagt, að tekjurnar verði farnar út í veður og vind, þegar árið sje liðið. En ekki eru þær frekar til staðar eftir 1—2 ár, með litlum eða engum tekjum.

Jeg hefi ekki mikið að athuga við það, sem sagt hefir verið. Skýrslu þá, sem hæstv. fjrh. las upp frá Íslandsbanka um hag botnvörpuskipa, sem við hann skifta, skal jeg á engan hátt rengja, en mjer virðist augljóst, að meðal þessara skipa muni ekki vera nein þeirra, sem gerð eru út af sterkustu fjelögunum. Hinsvegar er þá á það að líta, að fyrir þessi fjelög er ekkert unnið við breytinguna. Það eru einmitt öflugustu fjelögin, sem vinna við þetta, einmitt fjelögin, er best geta greitt tekjuskatt.

Hv. frsm. minni hl. (JAJ) lagði mikið upp úr því, að mikilsvert væri fyrir ríkissjóð að hafa jafnar tekjur af skattinum, og er töluvert til í því. En ef virkilega er um að ræða breytingu til hins verra, get jeg ekki metið það svo mikils, að það ráði úrslitum, enda er gott fyrir ríkissjóð að hafa eitthvað upp á að hlaupa eftir góðu árin. Ef núverandi fyrirkomulag helst, á ríkissjóður að eiga varasjóð eftir góð ár, í stað þess, að eftir frv. á hann aldrei varasjóð.

Jeg er hissa á, að hv. frsm. minni hl.

skyldi mæla með því, að hlutafjelög ættu sem mest hlutafje. Aðalástæðan til þess að ýta undir þau að leggja í varasjóð er einmitt sú, að koma í veg fyrir, að hlutafje verði óeðlilega mikið.

Jeg skal taka það fram um e.-lið, að að því leyti, sem hann á við ákvæði um varasjóð, hefi jeg ekkert á móti, að hann gengi í gildi þegar í stað. En ef frv. gengur fram óbreytt með a.-lið, greiði jeg atkv. með því, að e.-liður falli burt.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Aðeins örstutt ávarp til hæstv. fjrh. (JÞ), og skal jeg ekki tefja mikið.

Hann lagði áherslu á það við fyrri hluta þessarar umr., að hann væri ekki hluthafi í neinu togarafjelagi, rjett eins og það væri blettur á hæstv. fjrh. að eiga þar hlut að máli. Jeg hafði ekki sagt neitt um, að svo væri, en skýrt þannig fyrir mjer fylgi hans og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) við meðaltalsregluna um greiðslu tekjuskatts, að þeir hlytu að vera nærstæðir þessum fjelögum, og það held jeg, að geti ekki talist nein goðgá. Mjer finst ekki eðlilegt, að neinn sje svo viðkvæmur, að hann taki sjer þetta nærri. En að hæstv. fjrh. sje í skoðunum nærstaddur þessum mönnum, sem hjer eiga hlut að máli, held jeg að verði ekki varið. Annars er það svo, eins og vitað er um allan fjölda manna, að skoðanir þeirra eru meira eða minna litaðar af hagsmunavonum sjálfra þeirra og þeirra, sem standa þeim næstir. Þykist jeg vita, að hæstv. fjrh. sje í þessu efni engin undantekning frá reglunni. Hinu trúi jeg vel, að hæstv. fjrh. sje ekki beinn hluthafi í togarafjelagi, því að jeg veit, að hann er mjög slyngur og gætinn fjármálamaður. Jeg þykist vita, að hæstv. fjrh. sje ekki beinn þátttakandi í því stóra kaupmannafjelagi hjer í bæ, sem nú er að leita hófanna um að taka við tóbakseinkasölunni, þegar hún verður lögð niður, og reyna að ná þeim samböndum við útlönd, sem hún hefir haft. En þótt jeg álíti þetta, efast jeg samt ekki um, að hæstv. fjrh. er nærstæður þeim mönnum, sem þarna eru að verki, þar sem hann hefir í þinginu talað þeirra máli og rekið þeirra erindi. Það þarf engan að furða á því, þar sem það er lýðum ljóst, að öflugustu fylgismenn hans og hæstv. stjórnar eru þessir stórlaxar, kaupmannavaldið í Reykjavík og togarafjelögin. Hví skyldi hæstv. fjrh. ekki vera þessum mönnum þakklátur og sýna það, þegar um þeirra hagsmunamál er að ræða? Eru það ekki einmitt þessir menn, sem leggja fram fje til þess að halda uppi dýrum blöðum til stuðnings stjórninni, til þess að breiða yfir breyskleikasyndir hennar og óvirða andstæðinganna? Það er því eðlilegt, að hæstv. fjrh. sje nærstæður þessum mönnum, og mætti það heita mikið vanþakklæti, ef hann ekki í þinginu ljeti einhversstaðar skína í þakklátssemina.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, en færa heldur hæstv. fjrh. þakkir mínar fyrir ágætar upplýsingar, sem hann gaf mjer við fyrri hluta þessarar umræðu um hag togarafjelaganna, sem skifta við Íslandsbanka. Hann upplýsti, að auk þess, sem skuldir þeirra vegna rekstrarkostnaðar væru miklar, jafnvel hjá sumum 200 þús. kr., þá hefðu sum þeirra týnt öllum höfuðstól. En það þýðir, að þessi fjelög skulda þá, fyrir utan þessar skuldir vegna rekstrarkostnaðar, jafnmikið og nemur höfuðstólnum, úr því skip og tæki eru til. Þegar svo er komið, fer jeg að draga í efa, að rjett sje kenning hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um þær traustu og voldugu máttarstoðir þjóðfjelagsins, sem togarafjelögin sjeu. Mjer virðist þvert á móti, að þessar

stoðir sjeu harla ótraustar og fúnar, ef skýrslan er rjett. Og í öðru lagi finst mjer þetta benda á dálítið athugaverðan bankarekstur, eins og stundum hefir verið minst á á undanförnum þingum, og reikult eftirlit þeirra, sem fjármálastjórnina hafa á hendi, með peningastofnunum landsins. Það er augljóst, að þegar svona er ástatt um stór fjelög, þá vofir mikil hætta yfir lánardrotnunum, og þá er líka skiljanlegt, hvernig stendur á þeim okurvöxtum, sem skilamennirnir verða að greiða, þegar á liggur að taka krónuvirði að láni hjá bönkunum.

Það var vel gert af hæstv. ráðh. (JÞ) að gefa þessa skýrslu.

Jeg skal ekki fara langt út í þær vjefengingar, sem hann kom fram með um útreikning meiri hl. á tekjuskattinum, samanborið við meðaltalsreglu frv. Þeim hefir verið svarað svo vel og rækilega af háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að jeg þarf litlu þar við að bæta. Hv. 3. þm. Reykv. hefir með þessu gert hæstv. ráðh. (JÞ) álíka grikk og Steinvör kerling gerði Þangbrandi forðum, snúið öllu í villu fyrir hæstv. ráðherra. Það mátti ekki minna kosta. Annars benti hv. 3. þm. Reykv. á það, eins og áður hefir fram komið, að það má viðhafa margvíslegar aðferðir, og útkoman fer í hvert sinn eftir því, við hverjar tekjur er miðað og hvaða reglu maður vill fylgja. Jeg hafði áður tekið það fram, að jeg liti ekki á þennan útreikning sem neina algilda sönnun, heldur sönnun í *því tilfelli,* sem lá fyrir, og sem þá má líka byggja ályktanir á. Að telja útreikninginn rangan, eins og hæstv. ráðherra gerði, af því frádráttur eftir 11. gr. laganna kemur ekki fram á skattskyldum tekjum frá fyrri árum, er ekki annað en vindhögg eða hártogun, því að í yfirlitstöflunni er allur frádráttur gerður frá tekjum síðasta árs, áður en sýndar eru skattskyldar tekjur þess. Þetta er því aðeins hártogun hjá hæstv. ráðh. (JÞ) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Hv. þm. N.-Ísf. hafði litlar ástæður til að koma fram með svona aðfinslur, þar sem háttv. minni hl. fylgdi þessari sömu reglu um útreikninginn. Jeg verð því að halda því fram, að óvjefengjanlegt sje, að skaði ríkissjóðs af meðaltalsreglunni hljóti að verða mikill. Jeg skal bæta því við, að ótalinn er í þessum dæmum, bæði frá meiri og minni hl., sá skaði af meðaltalsreglunni, sem ríkissjóður verður fyrir af því, að tekjurnar koma altaf eftir á, með öðrum orðum vaxtatap um eitt og tvö ár, á ári hverju frá því að byrjað er á meðaltalsreglu frv. Eins og áður hefir verið drepið á, er ekki hægt, vegna þess að upplýsingar vantar um síðasta framtal, að fara nærri um það, hve miklu munar tekjumissir ríkissjóðs á þessu ári eftir meðaltalsreglunni, en með tilliti til þess, að mörg togarafjelögin hafa á síðasta ári hagnast vel, væru það að minni hyggju engar öfgar að áætla tekjumissinn á þessu ári nokkur hundruð þúsunda. Jeg hefi giskað á 4—5 hundr. þús.

Nokkur áhersla var lögð á það við fyrri hluta þessarar umr., að báðir bankarnir hefðu gefið frv. meðmæli sín og talið breytinguna sjálfsagða. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gaf svör við þessu, en jeg vil bæta því við, að ekki væri undarlegt, þótt bankarnir, sem eftir kenningu hæstv. fjrh. eiga stórfje hjá útgerðarfjelögum, sem týnt hafa öllum höfuðstól, vildu auka gjaldgetu fjelaganna með því að mæla þau undan háum sköttum. Annars verður hjer að minnast þess, að meðmæli bankanna eru ekki skýlaus, því að undirskrift tveggja bankastjóra vantar undir meðmæli bankanna.

Vel má vera, að atkvæðastyrkur hæstv. ráðh. (JÞ) sje nægur hjer í hv. deild til að fella brtt. vor meirihlutamanna og veita gæðingum hans ívilnunina mestu, en kurlin koma þá síðar til grafar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) vildi snúa öllu mínu máli í villu, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) komst að orði, og nú hefir hann á móti notkun meðaltalsreglunnar vegna þess, að hún sje hlutafjelögunum óhagstæð, en hv. samnefndarmenn hans hafa á móti reglunni vegna þess, að hún sje ríkissjóði óhagstæð. Þegar því hv. meiri hl. nefndarinnar er þannig tvískiftur og sýnist sitt hvorum, hv. 3. þm. Reykv. og samnefndarmönnum hans, þá er það líklegast, að hið sanna í málinu sje þar mitt á milli. Meðaltalsreglan mun því gera báðum aðiljum nokkur skil, því nefndin hefir einmitt klofnað um hana og nú fer hver nefndarhlutinn með sínar öfgar. Hv. 3. þm. Reykv. segir, að ekki sje rjett að reikna skattinn eftir meðaltalsreglunni, vegna þess að það valdi tjóni mörgum hlutafjelögum. Þetta getur átt sjer stað, ef um nýtt fyrirtæki er að ræða, sem einhverra hluta vegna hefir haft hæstar tekjur fyrsta starfsárið, en lægri að mun hin tvö árin, sem skatturinn er reiknaður af. Í slíku tilfelli getur tekjuhæð fyrsta ársins hækkað skattinn af hinum árunum, sem hafa verið tekjurýrari, en þetta er þó ekki annað en trygging, sem fjelagið verður að greiða gegn of háum skatti ella, ef meðaltalsreglan væri ekki notuð. Þetta á sjer og stað um önnur fjelög, ef slíkur mismunur hefir verið á tekjum undanfarinna ára, en þetta er þó álitið að borgi sig vel af þeim, sem við þetta eiga að búa; þeir telja það til góðs að fá þessa reglu innleidda í löggjöfina. Það má að vísu setja upp þannig löguð dæmi, að tap fjelaganna á þessu fyrirkomulagi sje hreinn gróði fyrir ríkissjóð, en dæmi hv. 3. þm. Reykv. verður þrátt fyrir það rangt. Það getur ekki átt sjer stað, að breyting þessi komi ljettar niður á efnuðu fjelögunum, en harðar á hinum miður efnuðu. Reglan þyngir aðeins á þeim fjelögum, sem hafa haft hærri tekjur þriðja árið áður en reglunni var fyrst beitt, en aftur á móti verður skatturinn ljettari á þeim fjelögum, sem hafa haft lægri tekjur fyrsta árið en á hinum tveimur árunum þar á eftir. Hv. 3. þm. Reykv. segir, að reglan leiði til þess, að skatturinn verði hár á þeim árum, sem hafi fært fjelögunum tap í stað gróða. Þetta verður ekkert fremur en nú á sjer stað; skatturinn er greiddur eftir á af tekjum síðastliðna ársins, án tillits til þess, þó að tap verði það árið, sem skatturinn fellur í gjalddaga. Meðaltalsreglan breytir þessu ekki, en hún mildar þetta dálítið, með því að skatturinn eftir eitt einstakt gróðaár verður ekki eins hár, þótt greiðsla hans lendi á tapári, eins og samkvæmt þeim lögum, sem enn gilda um þetta.

Um ákvæði 2. gr. frv. ætla jeg ekki að ræða sjerstaklega, en jeg viðurkenni, að það er leitt að þurfa að leggja ákvörðunarvald það, sem þar er gert ráð fyrir, undir fjármálaráðuneytið. Það þyrfti að vera til í Reykjavík einhver stofnun, sem hefði æðsta úrskurðarvald í þeim málum, sem rísa út af tekju- og eignarskatti, og ætti sú stofnun að hafa einræði um allar slíkar ívilnanir, sem hjer er átt við. Erlendis eru slíkar stofnanir víða, sem hafa æðsta úrskurðarvald í þessum skattamálum. Að misrjetti geti stafað af þessum lögum, því neita jeg alls ekki, enda er al-

gerlega ómögulegt að setja svo lög um tekju- og eignarskatt, að hvergi komi þau hart niður eða að mönnum finnist lögin ekki vera ranglát. Tilbreytni lífsins er svo mikil, að ókleift er að gera við öllu slíku, en tilgangur löggjafarvaldsins er að taka fyrir þau tilfelli, sem ranglátust eru talin og sem mestu máli skifta, hvort heldur það er ríkið eða einstakir menn, sem eiga í hlut. Þetta gerir meðaltalsreglan að mörgu leyti, en það er langt frá mjer að halda því fram, að hún girði fyrir alt misrjetti. Hv. 3. þm. Reykv. taldi það harðleikni, að maður, sem hefði gengið í ábyrgð fyrir annan mann og orðið að greiða fje þess vegna, megi ekki draga slíkar greiðslur frá skattskyldum tekjum sínum; en þetta eru nú lög hjer, og eru allir menn jafnir í þessu atriði gagnvart þeim lögum. Að öðru leyti læt jeg mjer nægja gagnvart hv. 3. þm. Reykv. að vísa til þess, að báðir bankarnir hjer, sem eru þessum málum gagnkunnugir, telja nauðsynlegt að innleiða meðaltalsreglu þessa, og aðstandendur flestra hlutafjelaganna eru einnig á sama máli, þó að lækkun skattsins, sem af reglunni leiðir, skifti þau ekki svo miklu máli; en afkoma fjelaganna verður við þetta miklu stöðugri og ábyggilegri en ella, og því eru þau meðmælt meðaltalsreglunni.

Jeg hefi áður sýnt fram á, að það er betra fyrir ríkissjóð, að tekjur hans sjeu jafnar frá ári til árs, en hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vil jeg þó svara nokkrum orðum. Hann taldi tekjurýrnun ríkissjóðs af notkun meðaltalsreglunnar mundu þegar í stað nema mörgum hundruðum þúsunda króna. Um þetta veit hann ekkert, og jeg ekki heldur, en jeg segi honum, að verði þessari meðaltalsreglu ekki beitt nú, þarf einskis tekjuskatts að vænta í ríkissjóð á árinu 1926 frá útgerðarfjelögunum, vegna þess að hinn hái skattur, sem verður greiddur á þessu ári, verður dreginn frá næsta árs skattskyldum tekjum, og þarf þá vart að vænta mikils afgangs af þessa árs gróða. Það er búið að margsanna það með augljósum dæmum, að það, sem ríkissjóður missir við meðaltalsregluna í ár, fær hann að mestu leyti upp bætt á næstu tveim árum þar á eftir, og hv. 3. þm. Reykv. segir, að það náist jafnvel upp að öllu leyti.

Þá þarf jeg enn að víkja örfáum orðum að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), út af því, sem hann talaði eitthvað um kaupmannasamtök og stuðning ríkisstjórnarinnar við þau, og að einstakir kaupmenn væru að leitast við að ná undir sig allri tóbaksverslun landsins, er einkasalan yrði lögð niður. Mjer kom þetta allundarlega fyrir eyru, vegna þess að jeg þekki dæmi þess, að núverandi starfsmenn við einkasölu ríkisins hafa að undanförnu verið að leita fyrir sjer við viðskiftamenn einkasölunnar erlendis um föst viðskiftasambönd við sig persónulega, ef einkasalan yrði lögð niður. Jeg vona, að hv. 1. þm. S.-M. beri ekki á móti þessu, svo jeg þurfi ekki að lesa hjer upp brjef, er jeg hefi í höndum, sem upplýsir þetta. *(KlJ:* Þess þarf ekki; við þekkjum þetta brjef). Jeg er ekki viðriðinn neinn kaupmannafjelagsskap, og þarf því hv. 1. þm. S.-M. ekki að ætla mjer, að jeg fari að gera mjer tóbaksverslun að atvinnu framvegis. Hv. 1. þm. S.-M. bregður mjer um ofstuðning við hlutafjelögin hjer í bæ og í nágrenninu, og að jeg reki hjer í þinginu þeirra erindi, en hv. 3. þm. Reykv. dregur þetta þó í efa. Jeg kannast vel við það, að jeg vilji styðja þessi fyrirtæki, og þykist jeg geta rekið þeirra erindi með óskertum heiðri

mínum sem þm., því jeg hefi einnig talað máli fleiri manna í þessari háttv. deild. Það er sem sje í fullu samræmi við stefnu Íhaldsflokksins þetta, fyrst að rjetta við fjárhag ríkisins eftir megni og þá næst að styðja og efla eftir föngum atvinnuvegina í landinu. Hv. 1. þm. S.-M. þarf ekki að ætla, að jeg beri kinnroða vegna þess, að jeg í dag hefi talað máli sjávarútvegsmanna, því í gær talaði jeg máli landbúnaðarins, sem jeg er og reiðubúinn til að gera aftur á morgun, enda hefir núverandi stjórn lagt þar meira fram og merkilegra til stuðnings landbúnaðinum og honum til viðreisnar en nokkur stjórn hefir gert nokkru öðru sinni hjer í þinginu, og það, sem jeg hefi lagt til að gert verði til að rjetta við landbúnaðinn í landinu, er miklu meira vert en alt það, sem gert hefir verið fyrir sjávarútveginn, og undanskil jeg þó ekki byggingu strandvarnaskipsins, sem er þó oft talið þann atvinnuveg einna mest varðandi. Jeg get einnig frætt hv. 1. þm. S.-M. um það, að Íhaldsflokkurinn á fleiri fylgismenn en útgerðarmennina; hann á líka traust fylgi þorra alls almennings úti um alt land. En þó að svo sje, mun Íhaldsflokkurinn aldrei taka upp til eftirbreytni framferði það, sem tíðkast hefir í öðrum stjórnmálaflokki í landinu, að kúga með meirihlutasamþyktum sína flokksmenn alla til að taka þátt í þeim kostnaði, er stafar af stjórnmálastarfsemi flokksins. *(TrÞ:* Hverjir eru það? — *BL:* Það vita víst allir, við hverja er átt. — *TrÞ:* Jeg skora á hæstv. ráðherra að tilgreina, við hvað hann á með þessum dylgjum. — *BL:* Samband íslenskra samvinnufjelaga t. d.). Jeg á við þá t. d., sem standa að blaði Framsóknarflokksins, „Tímanum", og verða að bera það uppi fjárhagslega, hvort þeir vilja eða ekki.

Þegar hv. 1. þm. S.-M. er að tala um ofstuðning bankanna við útgerðarfjelögin, má þar sannast segja, að „sá höggur, er hlífa skyldi", því það er fyrst á árunum 1922—23, sem það orkar tvímælis, hversu rjettmætt hafi verið, að bankarnir styrktu þessi fyrirtæki framvegis, og vilji hv. þm. víta þetta, á hann ekki að víta mig, en hann á aðganginn að fyrverandi stjórn fyrir þessar sakir. Síðan Íhaldsflokkurinn tók við stjórn landsins, hefir ekki annað verið gert en að grynna örlítið á skuldum þeim, sem safnast höfðu á næsta stjórnartímabili á undan. *(KlJ:* Frá næstu tímabilum; það er eldra en að alt stafi frá fyrv. stjórn). Það er eitt og sama samhangandi tímabil, sem jeg á við; fyrsta tapárið var 1921, og voru þó þessi fyrirtæki nokkurnveginn vel stæð þá í fyrstu. Sýnir það því mikið skilningsleysi að ámæla nokkurri stjórn fyrir að hafa haldið uppi þessum atvinnufyrirtækjum, sem öll afkoma landsmanna veltur svo mjög á, og þó að þetta komi mjer ekki svo mjög við, er mjer þó mjög ljúft að leiðrjetta þennan leiða misskilning hv. 1. þm. S.-M. Ef þessi fyrirtæki hefðu verið látin fara um koll á árunum 1922—23, mundu skipin hafa lent í höndum útlendinga, eins og þilskipin forðum, og þá væru það nú erlendir menn og stórgróðafjelög erlend, sem rökuðu hjer upp fje með fyrverandi farkostum landsmanna sjálfra.

Hv. 1. þm. S.-M. er ennþá að verja töfluútreikning sinn. Jeg hefi nú fengið vitnisburð þess manns, sem reikningsfróðastur á að vera hjer í deildinni, háttv. 3. þm. Reykv., og er hann þeirrar skoðunar að upphæð mín sje rjett, eða því sem næst, og læt jeg mjer því þann vitnisburð vel lynda og þrátta ekki frekar um þetta. Umræður hafa nú orðið æðilangar um þennan a.-lið, eða meðaltalsregluna,

og mættu þær því taka enda. Um b.- og c.-liðina get jeg tekið undir með hv. 1. þm. S.-M., að þeir hafa minna verið ræddir, en í þeim felast aðalvilnanirnar til handa hlutafjelögunum, og hefir ekki orðið neinn ágreiningur um þær. Er jeg því þakklátur hv. meiri hl. nefndarinnar fyrir að hafa fallist á og vilja samþykkja þessa tvo liði, sem eru aðalatriðin gagnvart hlutafjelögunum.

Jakob Möller: Jeg sagði um útreikning hæstv. fjrh. (JÞ), að í raunverulegum atriðum væri ekki hægt að setja svo upp þessi dæmi, að þó skakkaði ekki ávalt einhverju, ef fyrirkomulagi skattsins yrði breytt, en um þessa breyting frv. er óvíst, hvort hún mundi ekki hafa áhrif á útsvörin, sem einnig eru dregin frá skattskyldum tekjum, eins og skatturinn.

Hæstv. fjrh. kvaðst mundu láta sjer nægja þau rök, að meiri hl. nefndarinnar væri klofinn í þessu máli og lægi hið sanna mitt á milli þess, er um væri deilt. En meiri hl. nefndarinnar er alls ekki klofinn; hann er sammála í þeim atriðum, er mestu varða, að þetta yrði tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, og að þessi breyting verði til skaða þeim skattþegnum, sem síst skyldi. Mín sjerstaða er aðeins um það, hvernig þessu víkur við gagnvart hlutafjelögunum. Jeg verð að segja, að þessar röksemdir hæstv. fjrh. eru ekki annað en röksemdaþrot. Jeg tók það fram, að jeg hefði reiknað dæmi hv. minni hl. nákvæmlega með þeirri aðferð, sem hæstv. fjrh. vill láta nota, og jeg nefndi þá útkomu, sem jeg fjekk með þeirri aðferð. Hann segir útkomuna ranga, en hæstv. ráðherra hefir viðurkent, að hann hafi ekki reiknað þetta dæmi, og staðhæfing hans er því út í loftið. Jeg hefi þegar gert skýra grein fyrir þessu, og við þeim röksemdum mínum hefir ekki verið hróflað, enda er það ekki hægt. Það sannar ekkert í þessu efni, þótt fjelög þau, sem hlut eiga að máli, telji sig græða á breytinguuni. Það er einungis af því, að þau hafa ekki kynt sjer málið nægilega vel.

Jeg gæti lesið upp miklu fleiri tölur en jeg hefi gert, máli mínu til sönnunar, sem sje hvað skatturinn verður samkv. dæmi hv. minni hl. hvert ár samkv. meðaltalsreglunni og reikningsaðferð hæstv. fjrh. En hv. þm. geta alt eins reiknað út þær tölur sjálfir. Og ef þeir komast eftir samviskusamlegan reikning að annari niðurstöðu en jeg, þá geta þeir hrakið mínar tölur: að öðrum kosti verða þeir að láta sjer lynda minn útreikning.

Jeg fyrir mitt leyti get ekki lagt svo mikið upp úr því, þótt bankarnir mæli með frv. þessu. Jeg lít svo á, að þingið eigi hvorki að láta bankana nje aðra hafa áhrif á mál í þá átt, sem er til beins óhagnaðar fyrir ríkissjóð. Það er augljóst, að öflugri fjelögin geta grætt á breytinguuni, en þeim er engin ástæða til að hlífa við skatti. Hins vegar er eins ljóst, að veikari fjelögunum er á engan hátt ívilnað með frv., og því verður breytingin þeim ekki til batnaðar.

Enn má geta eins atriðis í þessu sambandi. Hæstv. fjrh. talaði um, að frv. hefði þann kost í för með sjer, að tekjur ríkissjóðs yrðu jafnari. Já, þetta kann satt að vera, *ef* þessi skattur næst þá altaf inn. Svo mætti vel fara, að það fyrirtæki, sem umlíðan væri þannig gefin á skatti sínum í góðæri, eyddi öllum gróða sínum á næsta kreppuári og ætti ekkert til að lúka skuld sinni með, er til kæmi. Það er ekki líklegra að skattar náist eftir ár, er hundruð þúsunda hafa tapast, held-

ur en er hundruð þúsunda hafa græðst. Hvernig sem þetta horfir við fyrir fjelögunum, þá er hjer lítil trygging fyrir ríkissjóð. Hæstv. fjrh. tók það upp eftir hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að ef ekki yrði breyting nú á tekjuskattslögunum, þá yrði ekki úr miklu að moða á næsta ári. Það er nú hvorttveggja, að hæstv. fjrh. er spámannlega vaxinn, enda fer hann ekki dult með það. Auðvitað fer tekjuskatturinn eftir árferði, eins og að undanförnu. Vel má vera, að gróði fjelaganna í ár verði enginn eða mjög lítill, en þó efast jeg um, að ástæða sje til að ætla, að þetta ár verði mun lakara því í fyrra. Útflutningur sjávarafurða hefir orðið meiri það sem af er þessu ári en á sama tíma í fyrra, og þótt fiskverð hafi lækkað nokkuð, þá hefir útgerðarkostnaður gert það líka. Hinsvegar er það sannast að segja, að ef tekjuafgangur útgerðarfjelaganna á þessu ári verður ekki meiri en sem svarar mismuninum á skattinum samkv. gildandi lögum og samkv. þessu frv., þá verður tekjuskattur þeirra ekki stórvaxinn næsta ár hvort heldur er.

Hæstv. fjrh. sagði, að ekki væri æskilegt fyrir fjármálaráðherra, er sæti 1925, að rýra tekjurnar það árið, þótt þær ykjust 1926. Mjer datt nú aldrei í hug, að hann hefði borið þetta frv. fram sín vegna. En jeg held, að frv. sje til óþurftar þeim, sem það er ætlað að hjálpa, og sem helst þurfa hjálpar við, og ríkissjóði til skaða, og því mun jeg greiða atkvæði mitt gegn því og vona, að sem flestir aðrir geri það sama.

Tryggvi Þórhallsson: Íhaldsflokkurinn hefir kvartað um það undanfarið, að umr. væru gerðar hjer óþarflega langar. Mjer þótti því næsta kynlegt, að hæstv. fjrh. (JÞ) skyldi nú við þessa 2. umr. kasta svo hnútum í allar áttir sem hann gerði, og gera þar með sjerstaka tilraun til að lengja umræðurnar. En svo vel vill til, að hægt er að kasta þeim til hans aftur, og skal það þegar gert.

Hann byrjaði á að segja það, að Framsóknarflokkurinn kúgaði menn með meirihlutavaldi til að leggja fje til útgáfu „Tímans“. Þetta hefir nú áður verið túlkað svo í blöðum Íhaldsins, en sannleikurinn verið látinn liggja þar milli hluta, eins og oft endranær. Á Sambandsfundi síðastl. ár komu fram tvær till. um styrk til blaðaútgáfu þessarar. Önnur fór fram á 8000 kr. fastan styrk, en samkv. hinni skyldi Sambandsstjórnin ákveða fjárhæðina. Sú till. varð ofan á, og endanlega greiddu allir henni atkvæði, en enginn á móti. Slík var kúgunin! Nú hefir reyndin orðið sú, að minna en 8000 kr. hefir verið varið í þessu skyni. Þetta er sú kúgun, sem hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um.

En jeg get minst á annað nýrra dæmi um kúgun. Í gær kúgaði Íhaldsflokkurinn einn ráðherra sinn til að gera það, sem stríddi á móti hans betri vitund og hann vissi, að rangt var. Þessi hæstv. ráðh. varð áður frægur fyrir það að vera ekki dómsmálaráðherra, en enn frægari í gær fyrir að vera ekki fjármálaráðherra. Líklega hefði frægð hans að endemum orðið minst, ef hann hefði aldrei orðið atvinnumálaráðherra.

Hæstv. fjrh. sagði, að það væri á stefnuskrá Íhaldsflokksins að rjetta við fjárhag ríkissjóðs. Til þess að framfylgja þessari stefnu samþykti þessi viðreisnarflokkur í gær að fleygja burtu úr ríkissjóði ¼ milj. kr. árlega.

Í dag er annað bjargráð á seyði. Er það borið fram til stuðnings atvinnuveg-

unum, að því er fylgismenn þess segja. En jeg vildi benda hæstv. stjórn á það, að ef hún vildi styðja atvinnuvegina, ætti hún að gera það á þann hátt, að sá stuðningur kæmi sem best og maklegast niður. Jeg á hjer við gengismálið og afskifti, eða öllu heldur afskiftaleysi, stjórnarinnar af því. Nú ber stjórnin fram frv. um það, að sú hætta geti vofað yfir, að enn haldist 10% verðtollur á afurðum bænda og sjávarútvegsmanna með örri gengishækkun. Hjer virðist hæstv. stjórn hafa brostið skilning á stuðningi við atvinnuvegina, hversu mjög sem hún þykist bera þá fyrir brjósti í þessu frv., er hjer liggur fyrir.

Hæstv. ráðherra (JÞ) gumaði af því, að hann hefði borið fram lögin um ræktunarsjóðinn. Mjer mun manna best kunnugt um, hvernig hann *ætlaði* að bera það frv. fram og hvað bæta þurfti. En hvað sem um það er, þá verð jeg að segja það, að ef svo heldur áfram í gengismálinu eins og síðan í fyrra, að íslenska krónan verði látin hækka svo gegndarlaust, — hvaða gagn er þá í að veita bændum lán, sem síðar verður að greiða með 133% eða meira? Jeg sje því ekki, að mikil ástæða sje fyrir hæstv. fjrh. að guma af ræktunarsjóðnum, enda þótt hann ætti nú meiri þátt í honum en hann á, og hann er nálega enginn annar en að vinna því máli tjón, ef gagn hans fyrir landbúnaðinn verður eyðilagt með óstjórn á gengismálinu.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg mun reyna að halda mjer við efnið, enda hefi jeg ekki miklu við að bæta frá fyrri hluta þessarar umr. málsins. Vil jeg þó víkja að nokkrum atriðum í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann talaði meðal annars um hættu þá, er af meðaltalsreglunni gæti leitt fyrir ríkissjóð, með því að svo gæti farið, að fjelögin gætu alls ekki greitt skatt sinn eftir vont ár. En gæti ekki farið svo, að fjelög, sem mikið skulda, fengju alls ekkert að greiða í skatt, þótt fyrirkomulaginu væri ekki breytt? Jeg þekki að minsta kosti dæmi til þess, að lánardrottnar hafa gengið svo hart að, enda er engin regla til, sem fyrirbyggi að skattfall verði á þann hátt.

Þá sagði hv. þm. (JakM), að veiku fjelögin nytu hjer einskis góðs af. Má og vera, að þeim verði minni styrkur að breytingunni en hinum. En það, sem fyrir mjer vakir, er það, að fjelögunum verði gefin hvöt til að efla sig með varasjóði. Jeg sje ekki ástæðu til að ívilna því fjelagi, sem flanar út í togarakaup fyrir 300 þús. kr., en á sjálft aðeins 100 þús. kr. Slík fyrirtæki eru ekki á svo traustum grundvelli bygð, að ástæða sje til að ýta undir stofnun þeirra.

Jeg gæti hugsað, að ekki yrði altaf fylgt þeirri reglu að leggja fyrir í varasjóð hjá ríkissjóði, er góðæri kæmi. Slíkt hefir ekki lánast enn, og mun ekki gera það fyrst um sinn, en fyrir liggur að greiða 3—4 milj. kr. af lausaskuldum á næstu árum. Það er því hentugra fyrir ríkissjóð, eins og aðra, að hafa sem jafnastar tekjur frá ári til árs.

Jeg er alveg sammála því, að nauðsyn beri til að hafa yfirskattanefnd fyrir alt landið. Benti jeg á það við fyrri hluta umræðunnar og hefi áður látið þá skoðun í ljós. Og þó jeg hafi verið með í að samþykkja 2. gr. frv., þá var það ekki af því, að jeg væri blindur fyrir göllunum. En jeg vænti þess, að bráðlega verði lög þessi tekin til rækilegrar endurskoðunar. Í Svíþjóð, Danmörku og Noregi er það svo, að þar hefir yfirskattanefnd vald til að ívilna mönnum í skattgjaldi

alt að 80%. Hjer eru engin stjórnarvöld eða stofnun með líku valdi, þó svo sje ástatt, að skattgreiðandinn missi heilsuna og verði að leggja niður atvinnurekstur sinn og hafi ekkert eftir sjer til uppeldis, er hann hefir goldið skattinn að fullu.

Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) vildi víst höggva nærri mjer, er hann sagði, að hjer rjeðu hagsmunir þeirra manna, sem stæðu að fjelögunum. Hann hefir síðar árjettað orð sín með því, að ekki væri nema eðlilegt, að skoðanir manna mótuðust af hagsmunavoninni. Jeg get sagt honum í hreinskilni og með fullum rökum, að þessi regla kemur ekki til greina að því er snertir mína afstöðu til málsins. Það er satt, að jeg hefi nýlega lagt nokkurt fje í togara. En það er svo langt frá, að breyting sú á lögunum, meðaltalsreglan, sem frv. fer fram á, komi mínu fjelagi til góða; þvert á móti verður hún beinlínis til að íþyngja því að miklum mun, að minsta kosti fyrstu árin. En jeg vil samt ekki standa á móti því, að önnur fjelög, sem sanngirniskröfu eiga, fái leiðrjetting mála sinna. Að vera andvígur slíku vegna hræðslu við nokkurt peningatap, það væri að líta á eigin hagsmuni. Annars vona jeg, að það verði aldrei almenn regla, að eiginhagsmunirnir móti skoðanir manna hjer á Alþingi.

Það er satt, að útkoman fer eftir því, hvorri reglunni er fylgt, þeirri, sem nú gildir, eða þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir að gildi eftirleiðis. En dæmið á að vera hægt að reikna stærðfræðilega rjett, hvor aðferðin, sem notuð verður. Hv. frsm. (SvÓ) gat þess, að minni hl. hefði haft orð á því, að dæmið, sem hann tók, væri ekki allskostar rjett reiknað. Þetta er rjett, og í nál. minni hl. er á það bent, hve miklu þessi reikningsskekkja geti munað. En hv. frsm. (SvÓ) hefir ekki viljað við það kannast, að dæmið í nál. meiri hlutans sje rangt reiknað, og ekki er heldur á það bent í nál. hv. meiri hl., enda lítur svo út, sem hann einn allra nefndarmanna meiri hl. vilji dylja það.

Að lokum skal jeg taka það fram, sem jeg hefi áður vikið að, að jeg legg aðaláherslu á að fá b.-, c.- og d.-liðina samþykta. Jeg vil, að ekki sjeu gerðar gyllingar til þess að veikja fjelögin og draga úr öryggi þeirra, með því t. d. að láta þau borga háan arð eða útþynna hlutafjeð. Fjelag, sem hefir 300 þús. kr. innborgað hlutafje og græðir 300 þús., sem það svo leggur í varasjóð, á betri fjárhagslega aðstöðu en fjelag, sem leggur allan sinn 300 þús. króna gróða í það að gefa út sömu upphæð nýrra hlutabrjefa; því borgi fjelagið 5% arð, þá eru það aðeins 15 þús. kr. í fyrra tilfellinu, en 30 þús. í hinu síðara, og ennþá meiru munar, ef útborgaður arður er hærri.

Jón Baldvinsson: Það er aðeins örstutt spurning til hæstv. fjrh. (JÞ) viðvíkjandi því, hvernig ætlast sje til, að skatturinn verði reiknaður samkv. 1. gr. frv. Hefi jeg aldrei heyrt greinilega frá því skýrt. Það mætti hugsa sjer t. d., að öll árin væru gerð upp í einu og tap dregið frá, þannig að fjelag, sem hefði grætt 8000 kr. og tapað svo 8000, ætti engan skatt að greiða. Um þetta væri gott að fá upplýsingar.

Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls og mun ekki þurfa þess frekar. Hinsvegar vildi jeg víkja að ummælum hv. þm. Str. (TrÞ) um gengismálið, og er það fljótsagt, að jeg er alveg á gagnstæðri skoðun.

Þá hefi jeg ástæðu til að víkja að hæstv. fjrh. (JÞ) út af starfsmannahaldinu við landsverslunina. Það er ekki óeðlilegt,

þó þeir menn, sem þar starfa, sjeu farnir að hugsa sjer fyrir stöðu, þegar nú mun útsjeð um, hvernig fari með verslunina. Hitt ber að víta, að varla hefir svo nokkur vika liðið, að Morgunblaðið hafi ekki flutt árásargreinir á starfsmennina við landsverslunina, og verður ekki betur sjeð en að hæstv. fjrh. (JÞ) sje þar með í verki. Að minsta kosti hefir einn maður þar verið sviftur starfi, sem honum hafði verið veitt, og var honum neitað um frest uns þingið hefði ákveðið um einkasöluna. En hæstv. ráðh. (JÞ) ætti ekki að tala drýgindalega, þó þessir menn leiti fyrir sjer um atvinnu, þegar búið er að kúga hæstv. atvrh. (MG) til hlutleysis í tóbakseinkasölumálinu og ekki verður annað sjeð en hún verði afnumin. Annars eru þær rógburðarherferðir, sem Morgunblaðið hefir hafið gegn þessum mönnum, sem starfa við landsverslunina, næsta óskiljanlegar. Og jeg álít það alveg ósamboðið hæstv. ráðh. (JÞ), ef hann gerir svo lítið úr sjer að taka þátt í þessu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (JBald) út af ákvæðum 1. gr. frv., þá get jeg lýst yfir því, sem líka er augljóst, að ekki er ætlast til, að tap undangenginna ára dragist frá, eða arður gerður upp í einu fyrir þrjú ár, en að skattskyldar tekjur hvers árs fyrir sig verði gerðar upp eftir núgildandi reglum, og er svo tekið meðaltal hinna þriggja ára. Þannig er dæmið reiknað í nál., og mun enginn ágreiningur um, að slík sje tilætlunin í frv.

Rangt er það, sem hv. þm. (JBald) sagði um herferð gegn starfsmönnum tóbaksverslunarinnar. Að minsta kosti hefir af minni hálfu engin slík ferð verið farin, og er það ekki rjett, sem hann sagði, að jeg hafi svift einn þessara starfsmanna, sem vera mun hr. Hjeðinn Valdimarsson, starfi, sem honum hafði verið veitt við hagstofuna. Jeg átti tal um þetta við viðkomandi mann og gaf honum hæfilegan tíma til að segja til um, hvort hann vildi hverfa að starfinu við hagstofuna. Hann vildi fá að bíða með svarið fram yfir þing, en hagstofunnar vegna var það ekki hægt. Þá er það síður en svo, að jeg amist við því, þó menn leiti fyrir sjer eða búi sig undir aðra atvinnu, þegar fyrir þeim liggur að fara úr þeirri, sem þeir hafa. Og jeg get sömuleiðis endurtekið þau orð, er jeg, að gefnu tilefni, sagði við Hjeðin Valdimarsson í sumar, að mig skifti engu máli, hverrar pólitískrar skoðunar starfsmenn þeir væru, sem jeg ætti yfir að segja, aðeins ef þeir væru góðir og dugandi starfsmenn. En verkið þurfti engu síður að vinna í hagstofunni en í landsversluninni, og því gat jeg ekki haldið plássinu þar lausu lengur.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) gerði að umtalsefni, en hann má kenna flokksbróður sínum, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um það, að dregið hefir verið inn í umræðurnar tillag Sís. til blaða Framsóknarflokksins. Stendur það óhrakið, að samvinnumenn úr Íhaldsflokknum verða að horfa upp á það, að af þeirra fje sje haldið uppi andstæðingablöðum. Má vera, að sumir aðrir verði meir varir við óánægju út af þessu en hv. þm. Str. — Hvað því viðvíkur, að hæstv. atvrh. (MG) hafi látið kúgast til hlutleysis í einkasölumálinu, þá býst jeg við, að honum verði ekki, fremur en endranær, skotaskuld úr því að svara fyrir sig. Annars er heppilegast fyrir hv. þm. (TrÞ) að tala varlega. Jeg gæti nefnt einn hv. þm., sem gerði tilraun til að fá atkvæði í því máli, þó sú tilraun hafi raunar mishepnast og strandað á sannfæringu

mannsins, sem átti að snúa til fylgis við einkasöluna. Hv. þm. Str. kannast víst við þetta.

Um gengismálið ætla jeg ekki að tala að sinni. Skoðanamunurinn er þar naumast svo mikill milli mín og hv. þm. Str., að ávinningur sje að deila um það. Um ræktunarsjóðsfrv. er það að segja, að þó ekki þætti ráðlegt að ráðast í margt næstu árin og lítil lán yrðu veitt, þá heldur löggjöfin sínu gildi fyrir það, því hún tekur engu að síður til framtíðarinnar.

Í sambandi við gengismálið liggur fyrir þinginu annað stórmál, sem jeg hefi undirbúið forsvaranlega, að því er jeg vona, en það er frv. um skipun seðlaútgáfunnar. Verður gengismálið ekki til lykta leitt fyr en ráðið er fram úr seðlaútgáfumálinu, og væri það ábyrgðarhluti fyrir þingið að tefja fyrir því, að það komist fram. En því miður hefi jeg ekki orðið var við nægilegan skilning á þessu í þinginu.

Jakob Möller: Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem háttv. frsm. minni hl. (JAJ) sagði, að jeg hefði reiknað rangt dæmið í nál. hv. minni hl. á þskj. 213. Hann sagðist sjálfur hafa reiknað dæmið með sömu aðferð og við hæstv. fjrh. hvor í sínu lagi höfum reiknað dæmið á þskj. 189, en hann hefir sjálfur sannað það áþreifanlega, að hann getur alls ekki hafa reiknað dæmið. Hann hefir þannig blátt áfram sagt ósatt frá, eða að öðrum kosti hefir hann reiknað skakt, og er þá komið að því, sem jeg sagði, að hann hefir ekki getað reiknað það.

Háttv. þm. (JAJ) hefir ekki gert sjer grein fyrir því, hver munurinn er á aðferðum við að reikna skattinn. Í nál. vísar hann til þess, hver munurinn sje á skattinum, en sú tilvísun er alveg út í hött. En hafi hann reiknað dæmið með báðum aðferðum, þá er best, að við berum okkur saman um tölurnar. Hverjar verða þá meðaltalstekjur, sem skattur reiknast af á hverju ári í báðum tilfellum? Hver verður skatturinn hvert árið? Jeg hefi þessar tölur allar, en hv. frsm. minni hl. ekki. En upp úr þessu fór hv. frsm. (JAJ) í hring. Hann neitar fyrst, að skatturinn geti orðið meiri fyrir þessa aðferð, játar svo, að hún geti komið sjer ver fyrir veikari fjelög — en hvernig má það ske nema þau greiði meira? Svo bætir hann því við, að hann hafi ekki trú á framtíð slíkra fjelaga. En bætir því svo við, að fjelag með lítið hlutafje, sem legði gróða sinn í varasjóð, hafi betri aðstöðu fjárhagslega en þau, sem hafi mikið hlutafje.

Þá er það um varasjóð ríkissjóðsins. Hv. frsm. minni hl. hafði ekki trú á því, að neitt af tekjum ríkissjóðs yrði lagt í varasjóð. Nei, jeg hefi ekki mikla trú á því heldur, að mikið verði gert að því. En jeg geri heldur ekki ráð fyrir því, að þingið geri það, heldur góðærið, sem öðruhvoru kemur þinginu að óvörum og gerir tekjur ríkissjóðs meiri en búist var við. Slíkur varasjóður myndast því án tilverknaðar þings eða stjórnar, og jeg segi, að það sje hentugt okkur, sem eigum svo mikið undir árferðinu, að geta þannig átt vísan nokkurn varasjóð eftir hvert góðæri. T. d. má geta þess, að í stað þess að í núgildandi fjárlögum er gert ráð fyrir 800 þús. kr. tekjuskatti, þá verða tekjurnar af skattinum, vegna góðærisins síðastl. ár, svo miklar, að hjer í Reykjavík munu þær verða meira en tvöföld þessi áætlunarupphæð, og líklegt, að á öllu landinu verði þær alt að 1½ miljón umfram áætlun. Þannig getur tekjuskatturinn með gildandi fyrirkomulagi orðið rík-

issjóði varasjóður frá góðærum til lakari ára. Jöfnun tekjuskattsins stefnir að því, að alt verði uppjetið jafnóðum.

ATKVGR.

Brtt. 189,1.I feld með 14:13 atkv.

— 189,1.II—III þar með fallnar.

1. gr. samþ. með 15:11 atkv.

2. gr. samþ. með 15:13 atkv.

Brtt. 189,2 þar með fallin.

3.—4. gr. samþ. með 15:5 atkv.

Brtt. 189,3 sjálffallin.

5. gr. samþ. með 15:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BÞ, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, BSv.

nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 16, 378, 380).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 378 og 380. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi borið fram litla brtt. á þskj. 378 við 4. gr. frv., um heimild fyrir stjórnina til þess að láta væntanlega samninga við stjórnina í Danmörku um tekju- og eignarskatt ná einnig til sveitargjalda. Vænti jeg, að hv. deild hafi ekki á móti þessari brtt., því að sama sanngirni mælir með því, að gjaldendur þurfi ekki að greiða sveitargjöld nema á einum stað, eins og tekjuskatt og eignarskatt.

Jakob Möller: Jeg á hjer brtt. við frv., en svo er ástatt um hana, að jeg er ekki fullsannfærður um, að hún sje til verulegra bóta á frv. Ástæðan til þess, að jeg bar hana fram, var sú, að koma á meira samræmi gagnvart öðrum en hlutafjelögum, þannig að ívilnanir skuli veittar, í stað þess að frv. gerir aðeins ráð fyrir, að heimild sje til þess að veita þær. Geta skattþegnar því valið um, hvort þeir vilja greiða skattinn eftir núgildandi lögum eða samkvæmt þessari breytingu, sem frv. gerir á lögunum; en jeg býst við, að allir gjaldþegnar geti fallið undir þessa breytingu.

Jeg veit, að þetta hefir og vakað fyrir stjórninni, en hún hefir kosið heldur að hafa það í heimildarformi; talið hitt erfiðara meðferðar. En jeg verð að líta svo á, að það sje öldungis fráleitt að hafa slíkt í heimildarformi, og jeg veit, að mjög margir líta svo á með mjer. Þó að það sje fjarri mjer að væna hæstv. núverandi stjórn þess, að hún mundi nota þessa heimild hlutdrægt, þá er þess að gæta, að þessi lög eru ekki sett aðeins fyrir yfirstandandi tíma. En sá galli er á tillögunni, að hún girðir að vísu engan veginn algerlega fyrir hlutdrægni, því að óákveðið er, hve mikla ívilnun skuli veita. En þegar jeg sá, að málið hafði verið tekið á dagskrá, datt mjer í hug að bera þessa brtt. fram, og álít jeg rjett, að hún komi til umr. og verði athuguð, þó að jeg sje sjálfur í nokkrum vafa um, að hún verði til mikilla bóta. Jeg hefi svo ekki neitt sjerlegt að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál, en þó tel jeg rjett að geta þess, að raunverulega er frv. í mótsögn við sjálft sig, þar sem frv. hefir ákvæði um að hlynna sem mest að því, að fjelögin leggi í varasjóði eitthvað af

umframtekjum sínum, heldur en að auka við hlutafjeð. En fjelagið kemst lítið ljettara frá skattinum með þessu, nema rjett í svip, því ef allur varasjóðurinn hverfur vegna taps, kemur skatturinn að mun þyngra niður heldur en ef gróðinn hefði verið notaður til að auka hlutafjeð. Jeg geri því ráð fyrir, að þessar ívilnanir frv. hafi ekki mikil áhrif á varasjóðsmyndanir yfir höfuð; en breytingin kemur sjerstaklega hart niður á þeim gjaldþegnum, sem hafa lítinn varasjóð eða lítið hlutafje, eða hvorttveggja, og hefi jeg sýnt glögt fram á þetta við 2. umr.

Brtt. hæstv. atvrh. (MG) hefi jeg ekki átt kost á að athuga ennþá, og hefi því ekkert um hana að segja.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það mun vera tilgangslítið að fjölyrða um þetta mál eins og því er nú komið og eftir þá meðferð, er það sætti við 2. umr. Forlög þess virðast vera þegar ráðin af hinum ríkjandi flokki þingsins og ívilnanir og verðlaun ætluð og heitin hinum trúu og dyggu þegnum Íhaldsins, sem hlut eiga að máli.

Það skiftir líklega litlu í augum þeirra manna, sem þessar breytingar skattalagganna styðja, hvort ríkissjóður missir nokkur hundruð þús. kr. tekjur eða ekki. En torskilin fer nú að verða sú mikla alvörugefni um bættan fjárhag ríkissjóðs, afborgun skulda og sparnað á ríkisfje, sem hæstv. fjrh hefir á vörum borið bæði á síðasta þingi og þessu, þegar hann til hagsmuna nokkrum stjórnargæðingum í kaupmannastjett vill á einu ári fórna vissum miljónarfjórðungi króna af tekjum tóbakseinkasölunnar, og hinsvegar draga undan stórgróðaskatti nokkra vildarmenn, og bíða auk þess svo árum skiftir eftir tekjuskatti, sem nema mundi líklega tvöfaldri upphæð hagnaðar af tóbakseinkasölunni, jafnframt og skapað verður átakanlegasta misrjetti við aðra skattþegna, sem engan frest eða ívilnanir fá um skattgreiðslur.

Engan þarf því að furða, þótt jeg og fleiri fari að efast um landsföðurlega umhyggju um fjárhaginn hjá hæstv. fjrh. Og engan þarf að furða, þótt stuðningur þm. við tekjuöflun hans í ríkissjóð rjeni, einkum þegar sú tekjuöflun er þá ýmist hugsuð eins og neysluskattur, nefskattur eða happdrættishagnaður. Með þeirri skattamálastefnu virðist í ljós komin svo einhliða og ógeðsleg kúgunartilraun við alla minnimáttar gjaldendur, að óhugsandi er annað en hún hefni sín og veki til mótspyrnu alla sanngjarna menn, og espi jafnvel ótamdar hvatir öreiganna til hefnda við þann, sem þvinguninni vill beita.

Það er ekki af hefndarhug eða óvild, að jeg bendi hæstv. ráðherra á þetta, heldur af því, að jeg vil vara hann við að skapa óöld í landinu með taumlausu dekri við þröngsýna fjepúka, og jafn taumlausri lítilsvirðingu á hag og kjörum smælingjanna.

Jeg veit vel, að öll siðmennileg viðleitni er með einskonar öldugangi, svo í stjórnmálum sem í öðrum efnum. Ýmist berast þær hærri hugmyndir á öldufaldi, og verður þá útsýni meira og bjartara, eða þær sogast niður í öldudal, þar sem útsýnið byrgir. Á einum þessum öldufaldi virtist mjer Alþingi standa 1921. Þá voru skattalög samin, sem að rjettlátlegri skattálagningu tóku mjög fram þeirri gömlu En nú á að takmarka það rjettlæti. Þá voru sett lögin um tóbakseinkasöluna, sem unnu það tvent í senn, að afla ríkissjóði mikilla og vissra tekna, án þess að valdbjóða gjald frá nokkrum manni og án

þess, að varan yrði neytendum dýrari vegna ríkisteknanna, af því að þær fengust af því, sem áður hafði verið kaupmannsgróði. Nú á að fella þau lög úr gildi.

Í þriðja lagi var þá borið fram frv. um korneinkasölu, sem að vísu varð ekki að lögum, en átti þó rætur í þjóðfjelagslegri umhyggju og ennþá geymir vísi til mikilla hagsbóta fyrir þjóðfjelagið, þótt ekki væri það þá þroskað til að hagnýta þær.

Fleira líkt mætti telja frá því þingi, sem sýndi, að því var öllu bjartara fyrir augum en þessu, svo sem lög um samvinnufjelög, lög um ríkisveðbanka o. fl., en jeg skal ekki þreyta háttv. þdm. á lengri upptalningu. Á hitt skal jeg benda, að hæstv. atvrh. (MG), sem þá var fjrh., bar einmitt þá fram til sigurs tvö fyrstu málin, er jeg nefndi: tekjuskattslögin og lögin um tóbakseinkasölu. Hann naut samhygðar og fylgis af meiri hl. þings og var sjálfur snortinn af þeim hærri hugsjónum, sem þessi mál áttu og eiga að baki sjer. Hann var þá í góðum fjelagsskap og samverkamaður þess atvrh., sem reyndi að koma á korneinkasölunni, manns, sem bæði flokksbræður og andstæðingar virtu og viðurkendu fyrir sakir drengskapar og ósjerplægni. Nú er öldin önnur. — Jeg vil ekki segja, að hún sje öll af dygðum snauð. — Útsýnið er breytt. Aldan er riðin hjá og vjer höfum sogast ofan í djúpan öldudal, þar sem gjörningaþoka fjepúka Íhaldsins grúfir yfir öllu og bregður ógeðslegri glætu á umhverfið. En niðurstöður starfsins verða þessu líkar.

Óskabörn núverandi hæstv. atvrh. frá 1921 eru nú borin út og hann veitir þeim sjálfur náðjargir. Afgreiðsla þýðingarmestu mála litast af hagsmunum og kröfum þeirra manna, sem yfir Íhaldinu standa með sjóðinn reiddan til höggs, ef út af ber, en opinn til stuðnings, ef hlýtt er.

Og þjóðin á að leita sannleikans í blöðum þessa flokks, sem útlendir og innlendir maurapúkar halda uppi vegna eigin hagsmuna, og hún á að falla fram og tilbiðja þann gullkálf.

Jeg skal ekki þrátta við hæstv. fjrh. (JÞ) út af rangfærslum hans og hártogunum á áliti meiri hl. fjhn. Taflan á þskj. 189 er rjett reiknuð og tekjuskattur fyrra árs er hvert sinn dreginn frá nýjum skattskyldum tekjum, en ekki þeim gömlu, eins og eðlilegt er eftir 11. gr. laganna. Tjón ríkissjóðs af lögfestingu þessarar meðaltalsreglu í frv. er svo auðsæilegt, að hverjum manni má vera það auðskilið, en önnur ákvæði þess, sem frambærileg eru, eru ekki þess verð, að þvílík fórn sje færð þeirra vegna.

Þess vegna hlýt jeg að greiða atkvæði gegn frv. og vænti þess, að allir þeir, sem samneyti vilja hafna við stefnu fjepúka Íhaldsins, geri það einnig.

Bjarni Jónsson: Jeg varð allur ein undrun, þegar jeg heyrði þessa síðustu ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg hjelt, að hann væri orðinn mjer samsekur og sammála um alla eyðslusemi o. fl. síðan við fylgdumst að með listamannastyrkinn síðast. En nú sest hann upp á öldufald rjettlætisins frá 1921 og hrósar mjög skattalögunum, sem án efa eru ranglátustu lög, sem samin hafa verið, fyrir það, hve ójafnt skatturinn kemur niður. Þannig greiða t. d. stóreignamenn úti á landi miklu lægri skatt en jeg af sultarlaunum. Lögum, sem áttu að skattleggja bækur okkar og fatnað. Þó hægt væri að leiðrjetta það á síðustu stundu, var það ekki

flm. að þakka. Það er þetta rjettlæti, sem fæddist á öldufaldi rjettlætisins 1921, sem þessi hv. þm. var að hæla.

Annars er jeg hissa á þessum hv. þm., sem einu sinni var sjálfstæðismaður, að fara að tala um þetta nú. Hissa á honum, sem var fylgjandi frjálsri verslun, að fara að harma það hjer, að ekki var hægt að koma á einkasölu á korni. Því að þetta er hvorttveggja langt frá stefnu hins gamla Sjálfstæðisflokks, sem hafði á stefnuskrá sinni „frjálsa verslun í frjálsu landi".

Um gjörningaþoku Íhaldsins, sem háttv. þm. var að tala um, skal jeg ekkert segja: læt Íhöldin togast á um hana. Að jeg tek til máls nú, er fyrir þá sök, að jeg ætla að fylgja þessu frv. út úr deildinni. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir sannfært mig um, að hjer geti ekki verið um tjón fyrir ríkissjóð að ræða, þó frv. þetta verði samþykt. En hinsvegar hafa gjaldþegnar farið fram á að fá þessa aðferð lögleidda, því að þegar stórgróðaár koma, getur skatturinn orðið svo hár, að atvinnurekendur beinlínis bíði tjón á atvinnurekstri sínum við að þurfa að greiða hann allan í einu. Sakir þess hafa þeir farið fram á að fá þessa greiðsluaðferð.

Það, sem hefði dregið mig til að vera á móti þessu máli, var aðeins það, ef ríkissjóður hefði tapað fje við hið breytta fyrirkomulag. En þar sem nú er upplýst, að svo muni ekki verða, þá sje jeg ekki, hvað getur verið því til fyrirstöðu að veita þessar ívilnanir, þegar gjaldið til ríkissjóðs er jafnt eftir sem áður.

Hvað viðvíkur fjepúkaíhaldi, þá veit jeg ekki með vissu, hvort Íhaldið ber það nafn með rjettu. Annars má vera, að hv. 1. þm. S.-M. geri grein fyrir því næst þegar hann stendur upp. En ef þetta fjepúkanafn á við útgerðarmennina, þá er víst, að það eru ekki margir þeirra, sem bera það með rjettu.

Læt jeg svo útrætt um þetta mál. En sakir þess, að flokkarnir voru dregnir hjer inn í, þá þurfti jeg að lýsa yfir því, að jeg hvorki tilheyri fjepúkaíhaldinu eða maurapúkaíhaldinu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á sem rjetta reglu að telja varasjóð með hlutafjenu við ákvörðun skattstigs hjá hlutafjelögum, en þetta hefir aftur í för með sjer hækkun á skattinum, ef varasjóður tapast. Alt um það hefir fjhn. fallist á að taka þessa reglu upp. Þetta sýnir ekkert annað en það, að í þessari löggjöf sem annari er ekki hægt að setja svo víðtækar reglur, að hægt sje að sneiða hjá öllum agnúum. Annars er það óeðlilegt, að hlutafjelög skuli þurfa að greiða mjög mismunandi skatt af gróða sínum, eftir því hvort þau hafa mikið eða lítið hlutafje. Þannig þarf t. d. hlutafjelag, sem hefir 10 þús. króna hlutafje, að greiða tiltölulega miklu hærri skatt en annað, sem hefir 100 þús. króna hlutafje. Þetta er hæpið rjettlæti. En því er ekki hægt að breyta nema með gagngerðri endurskoðun á lögunum, en um það þýðir ekki að tala nú.

Þá hefði jeg átt að svara hv. 1. þm. S.-M. nokkrum orðum. En mjer finst þegar búið að gera of mikið að því að teygja umr. með alt of löngum ræðum, sem ekkert koma málinu við. Öll ræða hv. 1. þm. S.-M. var af þessum skóla. Fyrst var hann með dylgjur um efni frv., sem hann sagði þó ekki rjett frá. Þá gerði hann allharða tilraun til æsinga, þótt í hógværðarbúningi væri. Hann talaði um ótamin öfl, sem hjer væri verið að verja, og virtist yfirleitt vera að gefa æsingagjörnum mönn-

um í skyn, að hjer væri tækifæri til að láta til sín taka.

Þá fanst mjer ekki með öllu laust við hálfgerða hugsjónaþoku hjá þessum hv. þm. (SvÓ), er hann talaði um það sem hugsjón, að ríkið tæki að sjer korneinkasölu. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvaða flokkur það er í þinginu, sem þá hugsjón elur. Það er ekki langt síðan einn af fyrirmönnum Framsóknarflokksins, hv. þm. Str. (TrÞ), lýsti yfir því, að flokkur sinn væri fríverslunarflokkur og andstæður einkasölu yfirleitt. Þá hefir öldungur Sjálfstæðisflokksins lýst yfir því sama fyrir hönd þess flokks. Enginn hefir vænt Íhaldsflokkinn um slíkt. Jeg veit því ekki, fyrir hönd hvaða flokks það er, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) ljet þessi ummæli falla.

Jeg mun ekki lengja umræður hjer og fylgja þannig illu fordæmi. Allir hafa verið sammála um það, að rjett væri að veita fjelögunum ívilnun um skattálagningu á varasjóð þeirra. Sumir andstæðingar málsins hafa haldið því fram, að frv. hefði engan gróða í för með sjer fyrir meiri hluta fjelaganna. En hinsvegar verður ekki um það deilt, að þau telja sjer miklu hagkvæmara að greiða skatta sína á þennan hátt. Og eins og nú stendur á, er mörgum fjelögum þetta fullkomin nauðsyn, svo að ríkissjóður verði ekki alt of harðhentur við þau. Þau hafa varið gróða sínum undanfarið ár til að greiða áfallið tap, og hafa því ekkert til að greiða skatta sína með. Auk þess verður að gæta þess, að hjer er alls ekki um endanlega uppgjöf að ræða á skatti nokkurs árs, heldur er þetta aðeins gjaldfrestur á nokkrum hluta þess skatts, sem fjelögin eiga að greiða af gróða síðastl. árs.

Jeg verð að segja það, að þótt andstæðingar mínir væru hluthafar í fjelögum þessum, að jeg met þó fjárhagslega heilbrigði svo mikils, að jeg vil ekki taka svo háan skatt af þeim, að bankarnir þyrðu ekki að lána þeim, og skatturinn yrði þeim þannig að falli. Auk þess miðar frv. að því að koma fjelögunum aftur á heilbrigðan grundvöll eftir öll skakkaföll undanfarinna krepputíma.

Jeg læt mjer því í ljettu rúmi liggja, þótt sagt sje, að jeg láti stjórnast af flokkshagsmunum í þessu máli. Vera má, að það bíti á einhvern nú, en þegar málið er komið í hæfilega fjarlægð, þá sjest, að jeg hefi aðeins viljað hindra það, að ríkisvaldið tæki við þar, sem kreppan endaði, til að stofna fjelögum þessum í glötun. Skylda ríkisvaldsins er þvert á móti að stuðla að því, að fjelög þessi, eins og önnur atvinnufyrirtæki í landinu, geti staðið upprjettum fótum og að hjálpa þeim til viðreisnar eftir örðuga tíma.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg mun ekki víkja að einstökum atriðum í frv. þessu eða ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), enda þótt hann liggi mjög vel við höggi. Læt jeg hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um að svara honum, enda var flestum skeytum beint til hans í ræðu hæstv. ráðh. (JÞ). En því vil jeg þegar mótmæla, að Framsóknarflokkurinn geri sjer að leik að lengja umr. hjer í deildinni, enda þótt hann láti það ekki fara fram hjá sjer orðalaust, að hvert óhæfuverkið sje framið hjer á fætur öðru. —

Ef til væri erindisbrjef fyrir fjármálaráðherra landsins, hlyti það að vera á þá leið, að fyrsta skylda hans væri að sjá ríkissjóði fyrir nægum tekjum. Þetta er alstaðar viðurkend aðalskylda hans. En hvað kemur upp úr dúrnum um hæstv. fjrh. (JÞ)?

Vjer stöndum nú á tímamótum vetrar og sumars. Síðasta verk vor Framsóknar-

manna hjer á þingi á vetrinum var að verja ríkissjóð fyrir ágangi hæstv. fjrh. (JÞ). Og fyrsta verk vort á sumrinu er að verja ríkissjóð fyrir ágangi sama hæstv. fjrh. Fyrir atbeina hans var samþykt hjer í hv. Nd. á síðasta vetrardag að kasta burt 250 þús. kr. tekjum úr ríkissjóði af tóbakseinkasölu. Í dag gerir hann og flokkur hans aðra tilraun til að svifta ríkissjóðinn enn meiri tekjum. Og þetta frv. er einmitt borið fram eftir það ár, þegar hlutafjelögin hafa grætt fleiri hundr. þús. en tugi þúsunda áður. Jeg held, að það sje ekki að ástæðulausu, þótt sumir haldi, að frv. sje borið fram til þess að hlífa gróða síðasta árs við skatti.

Jeg vil enn benda á, að þetta nýja skipulag stofnar ríkissjóði í mikla hættu um að fá þessa skatta alls ekki greidda. Eftir gróðaár er hægt að ganga að fjenu vísu, en hætt er við, að skattarnir komi ekki allir í leitirnar eftir næsta slæmt ár. Hæstv. fjrh. ætti að muna eitt dæmi um það, að tekjuskattur tapaðist af því, að hann var krafinn of seint. *(Atvrh. MG:* Þetta er ekki satt). Jeg veit ekki til, að skatturinn sje greiddur enn, sem jeg á við. Hjer myndi bera að sama brunni, að innheimtan færi of seint fram.

Síðasta vetrarverk fjármálastjórnarinnar íslensku var að svifta ríkissjóð 250 þús. kr. tekjum. Fyrsta sumarverk hennar er að svifta hann enn meiri tekjum. Jeg veit ekki, hvers vjer andstæðingar hennar erum megnugir, en eitt er víst, að jeg mun gera mitt til að slík stjórn þjái ekki land og lýð lengur en þörf krefur.

Jakob Möller: Háttv. þm. Dala. (BJ) segist hafa skilið mig svo við 2. umr. máls þessa, að jeg hafi sagt, að ríkissjóður tapaði engu við meðaltalsákvæðið um skattinn. Þetta er ekki rjett, því að jeg hjelt hinu gagnstæða fram. Það, sem vilt hefir hv. þm. Dala., er það, að jeg vjek einkum að þeirri hlið málsins, er að fjelögunum sjálfum snýr. Eins og sami hv. þm. (BJ) sagði, eru skattalögin ranglát í þessu landi, en eins og jeg hjelt fram og sýndi fram á, er þetta frv. einungis til að auka á það ranglæti. Frv. veitir þeim, sem hafa miklu úr að spila, allmikil hlunnindi, en íþyngir hinsvegar þeim, sem minni máttar eru. Hvort sem dæmi þau, sem meiri og minni hl. hafa sett fram, eru rjett sett upp eða ekki, þá bera þau það með sjer, að litlu fjelögin tapa á breytingunni en stóru fjelögin græða. Því tapar ríkissjóður á breytingunni, því þótt hann græði á litlu fjelögunum, vinst sá gróði upp og meira en það við tapið á stóru fjelögunum. Ranglætið í skattalöggjöfinni eykst því á ískyggilegan hátt.

Hæstv. fjrh. (JÞ) lagði mikið upp úr umlíðuninni á skattinum, og hv. þm. Dala. gerði hið sama. Jeg get hinsvegar ekki sjeð, að fjelögunum geti verið neinn hagur að þessari umlíðun á skuldum, sem hvort sem er ganga fyrir öllum öðrum skuldum til banka og annara. En bankarnir hafa fylgt þessari breytingu af því að þeir hafa álitið, að fjelögin græddu á breytingunni. Nú hefir verið sýnt fram á, að það eru aðeins stóru og vel stæðu fjelögin, sem græða, en þau þurfa ekki á þeirri ívilnun að halda, nje heldur getur skattgreiðsla þeirra haft nein áhrif á lánstraust þeirra hjá bönkunum. Jeg held til dæmis, að bankarnir myndu veita h/f „Kveldúlfi" lán jafnt eftir sem áður, hvort sem þetta fjelag fengi umlíðun á $^2/_3$ tekjuskatts yfirstandandi árs eða ekki.

Magnús Torfason: Það hefir vitaskuld verið lagt bann fyrir það að ræða þetta mál. Að þessu hefi jeg ekki teygt um-

ræðurnar, en ætla nú að leyfa mjer að tala nokkur orð, þó það verði sjálfsagt í fullri óþökk hæstv. fjrh. (JÞ).

Jeg verð að segja það, að jeg varð dálítið hlessa, þegar jeg sá, að þetta frv. kom fram og aftur var farið að hræra í skattalögunum frá 1921. Jeg varð hlessa á þessu bæði af því, að það er óvenja að grauta svona í slíkum lögum, enda ekki líkt því fengin full reynsla fyrir því, hvernig þau verka. Fyrir 2 árum komu tilmæli frá fjármálaráðuneytinu um það, að yfirskattanefndir segðu til um breytingar, sem þær vildu láta gera á lögunum. Þetta var tekið fyrir í yfirskattanefnd Árnessýslu, og eftir að hafa rætt um málið á annan dag komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki væri enn fengin nóg reynsla til þess að hægt væri að gera ákveðnar till. um breytingar á lögunum, nema þá þær, sem fælust í athugasemdum yfirskattanefndar, sem við gerðum eins ítarlega og hægt var. En einkum var þó eitt atriði, sem við þóttumst fullkomlega sjá, að ekki væri komin nóg reynsla á, en það er sjálft skattaframtalið. Það hefir farið svo, að á skattaframtalinu hafa orðið ýmsir gallar, en þeir hafa þó heldur lagast þessi ár, þótt langt sje enn frá því, að alt sje eins og vera ber, af ástæðum, sem jeg skal ekki þreyta menn á að fara út í.

Þó verð jeg að geta þess, að mikið bar á því, hve erfitt var að fá rjett framtal og fult hjá hærri og stærri gjaldendum. Eins og menn vita, eru engin stór fyrirtæki í Árnessýslu, en það er þó niðurstaða yfirskattanefndar, að landssjóður fái tiltölulega minni skatt hjá hinum stærri gjaldendum heldur en þeim smærri. En því skal ekki neitað, að smátt og smátt hefir þetta færst heldur í lag.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, gengur í þá átt að veita ívilnun hinum stærri gjaldendum. Nú vil jeg benda á það, að hinir stærri gjaldendur hjer í Reykjavík hafa sjerstaka menn til þess að hjálpa sjer til þess að telja sem minst fram. Það er vitanlegt, að hjer eru vissir menn, sem gera sjer það að atvinnu. Og án þess að jeg vilji vera að bera neinn óhróður á hærri gjaldendur hjer í Reykjavík, þá er það vitanlegt, að þeir komast fremur hjá því að telja vel fram en menn í sveitum, sem enga aðstoð geta haft og telja stundum fram sjer í óhag. Tryggingin fyrir rjettu framtali er ekki eins góð og vera ætti. Og frá þessu sjónarmiði er ekki kominn tími til þess að bera fram frv., sem gengur í þá átt að ívilna þessum hærri gjaldendum.

Það hefir verið sagt hjer í salnum, að útgerðarmenn undantekningarlaust heimtuðu þessa breytingu, sem í frv. felst. Þessu vil jeg neita. Jeg er nákunnugur einum útgerðarfjelagsformanni, og hann hefir lýst yfir því, að hann kærði sig ekkert um það. Eina ákvæðið, sem hann taldi nokkurs vert, er viðvíkjandi varasjóði, og skal jeg ekki neita því, þó jeg telji það athugavert, að þessari heimild eru engin takmörk sett, önnur en þau, sem sjálft fyrirkomulag hlutafjelaganna kann að hafa í för með sjer.

Nú kom það fram í ræðu hæstv. fjrh., að þessi breyting er beinlínis bygð á skökkum grundvelli. Hann lítur nefnilega þannig á, að upphæð hlutafjárins eigi ekki að liggja til grundvallar fyrir skattinum. Og þá finst mjer hann bæta gráu ofan á svart með því að byggja þessa breytingu á því, hvort hlutafjeð er mikið eða lítið. Besti kostur tekjuskattslaganna 1921 var, að menn samkv. þeim greiddu

skattinn strax eftir að tekjurnar fengust og voru ekki píndir til að greiða skatt löngu eftir að gróðinn var tapaður.

En með þeirri breytingu, sem hjer er verið að gera, er stofnað til þess, að menn borgi skatt af tapi — ekki aðeins ári eftir, heldur tveimur eða þremur árum eftir að tap er skollið á þá, og ganga þau því í öfuga átt.

Þá verð jeg að leggja afarmikla áherslu á það, að þessi lög innleiða mjög mikið misrjetti gagnvart einstaklingum. Í mínu lögsagnarumdæmi er talsverð bátaútgerð, sem er mörgum sinnum áhættumeiri heldur en togaraútgerðin, eins og menn geta gert sjer í hugarlund, þar sem hann er svo mjög háður óstöðugum gæftum. Þarna eru menn persónulega ábyrgir fyrir rekstrinum, en hjer hafa menn hlutafjelög á bak við sig, og er það mikill munur.

Enn er eitt atriði, sem jeg vil benda á, og það er þetta: Mjer virðist fullkomið Reykjavíkurbragð að þessu frv. Það er vitanlegt, að þar eru hlutafjelögin flest og mest, og því kemur þessi breyting til að verka fyrst og fremst í Reykjavík. Jeg álít, að hv. þdm. mættu taka nokkurt tillit til þess, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM), — sem kunnugt er um, að heldur allra manna skarpast fram hagsmunum Reykjavíkur —, hann getur ekki fallist á frv., og ætti hann þó að hafa athugað það vel, enda haft betri aðstöðu til þess en flestir aðrir. En það er víst, að hann mundi mæla með frv., ef hann sæi sjer það fært.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg þarf að víkja nokkrum orðum til hv. þm. Dala. (BJ). Mjer þótti hann koma út í nokkuð óvæntum lit, þar sem ekki var til hans talað í ræðu minni. En hann þóttist þurfa að taka fram í vegna hinna *stærri flokka,* líklega til þess að bera sættarorð á milli. En satt að segja flaug mjer í hug, að þetta stafaði af því, að honum hafi þótt sjer drukkið til með því, sem jeg sagði um Íhaldsflokkinn, og sannar það, að hann er, eins og marga hefir grunað, nokkuð nærstæður þeim flokki. Hv. þm. (BJ) tók það fram, að skattalögin frá 1921 væru fram úr öllu lagi ósanngjarnleg og ranglát. Jeg hefi ekki sagt, að þau lög geymdu alt rjettlæti í skattalöggjöf. Jeg bar þau aðeins saman við eldri skattalög og sagði, að þau tækju þeim mikið fram. Og við það held jeg, að flestir kannist. Hv. þm. (BJ) furðaði á því, er jeg nefndi frv. um korneinkasölu frá þinginu 1921 sem vott þess, að það þing hefði verið nokkru víðsýnna en síðari þing. Það er vitanlega álitamál, hvernig það verður metið. En þó bæði hv. þm. (BJ) og aðrir telji Framsóknarflokkinn fríverslunarflokk, þá er aðgætandi, að sú frjálsa verslun, sem þar er um að ræða, byggist á því, að þjóðfjelögin eru ekki alment þroskuð fyrir annað fyrirkomulag og verða þar um margt að dragast með fornar meinsemdir.

Hæstv. fjrh. (JÞ) átaldi mig fyrir það að hafa komið með dylgjur í garð stjórnarflokksins. Hvað eru dylgjur? Dylgjur eru hálfkveðin lastmæli, og eftir því að dæma hefir honum þótt jeg ekki vera nógu berorður! Annars reyndi jeg að haga orðum mínum þannig, að þau skildust vel. Í öðru lagi sagði hann, að jeg hefði með orðum mínum verið að æsa menn til mótstöðu við stjórnina. Jeg held nú, að mín orð megi ekki meira en annara um alt það, sem á undan er gengið í þessu máli og öðrum, sem stjórnina snerta, og jeg hefi ekki tekið eins djúpt í árinni eins og sumir aðrir hafa gert. Hróður hæstv. stjórnar í þessu máli og öðrum hefir borist andstæðingum hennar án míns tilverknað-

ar, og ef æsingar gegn henni eru nokkrar, þá eru þær löngu eftir öðrum leiðum komnar. Annars vona jeg, að jeg fái gætt hófs í orðum mínum nú og gefi ekki tilefni til þess, að andúðin milli flokkanna aukist.

Hv. fjrh. lagði á móti brtt. á þskj 380, sem hv. 3. þm. Reykv. ber fram. Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að þó nú till. nái ekki svo langt, sem þurft hefði til þess að skapa rjettlæti í þessari lagasetningu, þá er hún þó til töluverðra bóta, og ættu háttv. þdm. að samþykkja hana, þrátt fyrir þau vandkvæði, sem hæstv. fjrh. benti á að yfirskattanefndum stafaði af henni, og eins þótt handahófsleg kynni að verða framkvæmd þeirra á þessu. Það er með þetta eins og svo margt annað í skattalögunum, að með fljótlegri yfirsýn verður ekki ráðin bót á því, sem áfátt kann að þykja, því að smábreytingar geta ætíð skapað misrjetti og ósamræmi. Annars hefir hv. 1. þm. Árn. (MT) tekið þetta svo ljóslega fram, að jeg get sparað mjer að eyða frekar orðum að því.

Bjarni Jónsson:

Orð mjer af orði
orðs leitaði,
verk mjer af verki verks.

Það er nú svo hjer, að ef maður leyfir sjer að segja tvö, þrjú orð, þá verður þar af löng rekistefna. Jeg skal þá fyrst svara háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) og athugasemdum hans. Jeg sagði ekki í minni ræðu, að hann hefði sagt, að landssjóður biði engan halla af þessu frv., heldur sagði jeg, að ræða hans hefði sannfært mig um þetta. Af dæmi því, er hann tók og jeg hygg að væri rjett reiknað, var það auðsjeð, að litlu munaði fyrir landssjóð, hvort breytingin er samþykt eða ekki. Hjer er því ekki á annað að líta en þetta, hvort gjaldþegninn eigi að greiða skattinn á þægilegan eða óþægilegan hátt. En eins og hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, þá er hjer raunar aðeins um gjaldfrest að ræða.

Þá sagði háttv. 3. þm. Reykv., að veiku fjelögin yrðu hjer ver úti en þau öflugri. En það er ekkert sjerstakt við þessa breytingu, heldur hlýtur það altaf að verða svo. Það er auðvitað, að veiku fjelögin standa altaf ver að vígi. Það er ekki hægt að sigla fyrir öll sker, og ef maður hugsar um tekjuskatt einstaklinga, þá liggur í augum uppi, að það er þyngra fyrir þann mann að gjalda skatt, sem hefir þungt heimili, en hinn, sem veifar ljettum hala. Því er ver, að hjer verður alls ekki girt fyrir alt ranglæti. Það væri auðvitað rjettast, að hver greiddi skatt eftir efnum og ástæðum, en ekki í tollum. Það er hugsjón, sem allir játa, að eigi að keppa að, ef nokkur máttuleiki væri á því að koma því þannig fyrir. En ef litið er til niðurjöfnunar útsvara, þá glæðir það ekki vonir manna um, að ranglætinu verði þannig útrýmt. Það er alt annað þegar einstakt góðæri kemur eftir vond ár og menn þurfa á öllu sínu að halda, hvort þeir verða að greiða í einu háa upphæð í ríkissjóð eða þeir fá að skifta henni á fleiri ár. Háttv. þm. (JakM) sagði, að gjaldfresturinn væri einskis virði. Það er rjett, að fyrir þau fjelög, sem eru stórauðug, er hann lítils virði, en fyrir hin, sem ver standa að vígi og harðara verða úti, er hann mikils virði. Jeg beygi mig hjer fyrir vilja gjaldþegna sjálfra, og þeir álíta sjer það betra. — Jeg skal svo enda mál mitt til hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Mjer datt ekki í hug að rangfæra orð hans, en hann sannfærði mig um það, að

landssjóður mundi engan halla bíða af því, þó þetta frv. yrði samþykt. Það getur vel verið, að þetta hafi verið tómur fyrirsláttur af hálfu hv. þm., en hann *sannfærði mig, og það er mjer nóg.*

Þá var einhver hv. þm. að tala um það, að eftir þessu frv. yrði skattur greiddur af tapi. Það er ekkert nýtt. Flestir gjalda skatt af tapi, og fæstir þeir, sem gjalda tekjuskatt, hafa raunar ofan í sig. Flestir gjalda skatt með nýrri skuld. En svo er þetta ekki allskostar rjett. Þeir gjalda ekki skatt af tapi, heldur gjalda þeir skuld, sem þeir eru komnir í áður, jafnvel þó þeir hafi tapað.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að jeg hefði fundið mig knúðan til að standa upp flokkanna vegna, þessara stóru. Reyndar gerði jeg það ekki, enda hefi jeg ekkert umboð til þess og þarf ekki neitt um þá að sjá. En jeg stóð upp til þess, að mjer yrði ekki blandað neitt þar inn í. Jeg vildi láta það sjást, að jeg greiði mitt atkvæði eins og jeg tel rjett, en ekki af því, að jeg væri í neinu íhaldi, hvorki fjepúkaíhaldinu eða mauraíhaldinu, eða hvað þau kunna að verða kölluð þessi stóru íhöld. Þá talaði hv. þm. (SvÓ) um það, að hann hefði drukkið mjer til í íhaldsvíni. Ef þessi hv. þm. meinar, að jeg hafi mína skoðun þaðan, þá er það misskilningur. Jeg hefði orðið við ádrykkju hans, ef vínið hefði verið keypt í frjálsri verslun. En einokunarvín þykja mjer ekki svo góð, að jeg verði við ádrykkju nokkurs manns í þeim.

Hv. þm. (SvÓ) sagði, að hann hefði ekki haldið því fram, að þessi skattalög væru allskostar rjettlát, heldur væru þau rjettlát í samanburði við eldri skattalög. Þetta er rangt. Eldri skattalögin voru miklu rjettlátari, en hin gefa að vísu meira fje í ríkissjóð. Það var ekki öldufaldur rjettlætisins, sem hv. þm. (SvÓ) reið á 1921, heldur öldufaldur fjepúkans.

Eitt var harla einkennilegt í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), er hann mintist á korneinkasöluna. Hann sagðist vera fylgismaður frjálsrar verslunar, en þó hefði hann verið með einkasölu á korni, af því þjóðin væri ekki þroskuð upp í annað fyrirkomulag.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af orðum hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg segja það, að jeg hefi aldrei talið það æðstu hugsjón nokkurs fjármálaráðherra að reita alt, sem reitt verður, í ríkissjóð, hvort sem það er með röngu eða rjettu móti. Jeg tel hóf á því best eins og hverju öðru. Og jeg vil fremur segja, að ef jeg gæti talað um ánægju í starfi mínu sem fjármálaráðherra, þá væri hún sú, ef jeg gæti komið með einhverjar till. um að ljetta útgjaldabyrði almennings, þó hlutskifti mitt hafi orðið annað hingað til, af orsökum, sem öllum mættu vera kunnar.

Hv. þm. (TrÞ) hjelt því fram, að ekki væri víst, að miklar tekjur kæmu af hlutafjelögum árið 1926. Jeg skal ekki um það deila. Hinsvegar vita það allir, að það er engin nýbreytni hjer, þó það komi fyrir, að einstakir menn og fjelög greiði háan skatt á tapári, jafnvel engu síður en á tekjuári.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) talaði um það, að þetta nýja fyrirkomulag yki ranglæti að því er snerti illa stæð fjelög. En þetta er ekki rjett. Og jeg gæti meira að segja helst búist við, að ef þessi þriggja ára meðaltalsregla yrði til að lækka skattinn á nokkrum fjelögum, þá yrði það á þeim, sem hafa lítið hlutafje og sem undir núv. fyrirkomulagi mega einmitt óttast

tiltölulega há gjöld. Vel stæðum fjelögum ívilnar frv. ekki. Og ef eitthvað mætti að því finna, þá væri það einmitt helst, að það veitir þeim fjelögum, sem við þröngan hag eiga að búa, ekki svo mikla ívilnun sem sanngjarnt væri. — Jeg held, að enska reglan sje rjett, að sá, sem hefir tapað, verður að fá að vinna upp tapið, áður en konungurinn kemur að krefja hann skattsins. Það er ríkinu heillavænlegra til frambúðar, að fjelagið borgi fyrst skuldir sínar, áður en það greiði því sjálfu háan skatt.

Þá verð jeg algerlega að mótmæla því, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að algengt væri, að menn hjer fengju sjer reikningsfróða menn til aðstoðar við að koma eignum sínum undan skatti. Þetta á auðvitað við engin rök að styðjast. Hinsvegar tíðkast það, að menn fá reikningsglögga menn til að gera upp ársreikninga sína, og miðar það einungis til þess, að skatturinn verði rjettur. Eins nær það auðvitað ekki neinni átt að halda því fram, að fyrirtæki, sem hafa bókfærslu, geri eða geti fengið reikningsgerð, er dregur undan skatti, því hverju framtali verður að fylgja ársreikningur fjelaganna. Þess krefst skattstofan. Í annan stað verð jeg að segja, að það situr illa á hv. þm. (MT) að bera Reykvíkingum á brýn óheiðarleik hvað greiðslu tekjuskattsins snertir, því það er vitanlegt, að svo er með þau mál farið hjer, að varla mun í betra lagi annarsstaðar á landinu, enda er hjer sjerstakur skattstjóri, sem hefir tök á að ganga eftir því, að rjett sje talið fram. Lögin um tekju- og eignarskatt hafa líka reynst koma sjerstaklega niður á borgurum þessa bæjar, og það svo mjög, að kringum ⅔ af skatti alls landsins eru goldnir hjeðan.

Sami hv. þm. (MT) taldi ákvæðin um varasjóð varhugaverð. En rjett er að geta þess, að þau eru tekin upp úr dönsku lögunum um þetta efni og hafa þar reynst svo vel, að jafnaðarmannastjórnin, sem nú situr þar, hefir í frv. til nýrra tekjuskattslaga stungið upp á, að skattfrjálsa upphæðin yrði hækkuð úr ¼ upp í ⅓.

Þá sagði hv. þm. (MT) ennfremur, að misrjetti kæmi fram við þá einstaklinga, sem ræku áhættusaman atvinnuveg. En þetta er ekki rjett. Í 2. gr. frv. er einmitt gerð tilraun til að sýna einstaklingum svipaða sanngirni og hlutafjelögum. Og því má heldur ekki gleyma, að skattstigi hlutafjelaga er miklu hærri en einstaklinga, svo að þó að hlutafjelögum sje gerð nokkur ívilnun með varasjóðsákvæðinu, þá mun samt svo, að þau greiða hærri skatt samkv. 7. gr. en einstaklingar greiða af sömu upphæð eftir 6. gr. frv. Annars er sjerstök ástæða til að ívilna hlutafjelögum, því þau eru mjög þungt sköttuð og þyngra en nokkur önnur fjelög, sem atvinnu reka. En það er vegna ríkissjóðs, að ekki er farið fram á meiri rjettingu á þessu. Því má ennfremur bæta við, að í raun og veru eru hlutafjelögin tvísköttuð, þar sem bæði er lagður skattur á þau og svo aftur skattlagður sami arðurinn hjá einstaklingunum, sem í þeim eru.

Hvað viðvíkur brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JakM), þá skal jeg geta þess, að eftir þeim skýringum, sem hann ljet fylgja, þá sje jeg ekki, að máli skifti, hvort þær verða samþyktar eða ekki.

Jakob Möller: Það var aðeins út af þeim ummælum hæstv. fjrh. (JÞ), að þriggja ára meðaltalsreglan komi veigaminni fjelögum mest að gagni, að jeg vil

leyfa mjer að koma með stutta athugasemd. Jeg hefi nú áður sýnt fram á það gagnstæða, og engin tilraun verið gerð til að hrekja það, en nú hefi jeg athugað dæmið á þskj. 213 nokkru nánara og sjeð þá, að eftir núgildandi lögum verður meðalprósenttala hinna 5 ára 35, en 37,5 samkv. frv., eða

1.	ár	samkv	gildandi	lögum	0%	en	30%	samkv.	frv.	á	þingskj	16
2.	—	—	—	—	10%	—	58%	—	—	-	—	—
3.	—	—	—	—	66%	—	60%	—	—	-	—	—
4.	—	—	—	—	80%	—	33%	—	—	-	—	—
5.	—	—	—	—	20%	—	6,6%	—	—	-	—	—

2 árin nær skatturinn hámarki í báðum tilfellum, en munurinn er sá, að hin árin er skattprósentan hærri samkv. frv. en samkv. gildandi lögum. Afleiðingin verður sú, að ívilnunin er engin samkv. frv. Þar við bætist enn, að skattskyldar tekjur eru meiri samkv. frv. en samkv. gildandi lögum.

Þá vil jeg að lokum taka það fram, að jeg get ekki látið það fara að hafa áhrif á atkvæði mitt, hverjar kunni að vera óskir gjaldþegna í þessu efni. Jeg held því þvert á móti fram, að þingið eigi að hafa vit fyrir þeim í þessu efni sem öðrum.

Magnús Torfason: Mjer fanst hæstv. fjrh. (JÞ) vera æðikrumpinn fyrir hönd útgerðarmanna, er hann átaldi mig fyrir að segja, að þeir drægju úr tekjuskatti sínum. En jeg þóttist hafa talað svo skýrt, að óþarft væri að draga þá ályktun af orðum mínum, að jeg hjeldi því fram, að þeir notuðu sjer aðstoð reikningsfróðra manna í sviksamlegum tilgangi. Jeg þekki ekki slíkt, og það er ekki siður minn að fleipra um það, sem jeg get ekki dæmt um. En jeg get sagt hæstv. fjrh. það, að það eru fleiri en kaupmenn og útgerðarmenn, sem fá reikningsglögga menn til að gera upp reikninga sína á undan framtali, og mjer er kunnugt um, að þeir gera það til að vera vissir um að borga ekki meiri skatt en þörf er á. Sjálfur hefi jeg orðið að borga skatt af tekjum, sem jeg myndi hafa losnað við að greiða hjer, og eins hefi jeg veitt því eftirtekt, að útgerðarfjelög komast hjá að greiða tekjuskatt af allháum upphæðum, sem eðlilegt væri, að þau borguðu af. Reikningsfróðir menn hafa veitt þeim sínar leiðbeiningar, og skattstjóri auðvitað gætt þess, að láta þau ekki, fremur en aðra, borga meira en þeim bar. Annars eru þessi lög að mörgu leyti svo flókin og erfitt að setja sig inn í þau, að ekki er nema von, að almennir gjaldþegnar telji oft meira fram en þeim ber skylda til.

Hæstv. fjrh. talaði um, að skattstigi hlutafjelaga hækkaði fyr en einstaklinga. Jeg ber ekki á móti því. En á það ber líka að líta, að einstaklingar hafa allskonar þarfir og þurfa að minsta kosti að lifa, á skuldum, ef ekki vill betur. Þetta held jeg, að geti vegið eins mikið, ef á alt er litið.

ATKVGR.

Brtt. 380 samþ. með 15:6 atkv.

— 378 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JAJ, BSv.

nei: JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM.

Frv. afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Nd. (A. 386).

Á 61. fundi í Ed., mánudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jónas Jónsson: Jeg býst við, að það hefði átt best við, að hæstv. stjórn hefði sjálf mælt fyrir þessu frv., en þó að hæstv. fjrh. (JÞ) sje ekki viðstaddur, og ætli sjer máske ekki að taka til máls, verð jeg að hreyfa mótmælum þegar við 1. umr. Jeg vil í stuttu máli lýsa þeirri skoðun minni, að af öllum þeim vondu málum, sem stjórnin og stuðningsmenn hennar standa að, er þetta eitthvert það versta. Jeg á að vísu erfitt með að gera samanburð á þeim, því að þau eru mörg, en jeg býst við, að þetta mál þyki þó sýna einna berast, að stjórnin og flokksmenn hennar eru á þennan hátt að halda með hagsmunum fámenns peningahrings gagnvart hagsmunum þjóðfjelagsins. Það fer vel á því, að þetta frv. sje til umr. næst á eftir tóbakseinkasölunni, og að þessi hv. deild fái tækifæri til að vísa öðru máli til sætis hjá nefnd, máli, sem ber sama hugsunarhátt gagnvart þjóðfjelaginu.

Það, sem hjer er um að ræða, er það, að hjer er komið fram frv. til að leysa undan skatti ríkasta fólkið á landinu, á því ári, þegar náttúran hefir verið þeim sjerstaklega hagstæð og þegar þeir menn myndu borga eitthvað, sem um munar, á því sama ári, þegar verklegar framkvæmdir ríkissjóðs hafa legið niðri fyrir fátækt hans, þegar stjórnin hefir orðið að hækka margar nauðsynlegar vörur um 20%, til þess að ná tekjum í ríkissjóð, og á því sama ári hefir forsjónin verið svo örlát að gefa sumum miklu meiri gróða en nokkru sinni áður. Nú vill svo illa til fyrir forsjónina, að sá sami fjrh., sem kom á tóbakseinkasölunni, kom líka á lögum um tekjuskatt á því sama herrans ári, og var ekki svo forsjáll að sjá, að mikið mundi græðast af sumum mönnum. En nú sjer fjármálaráðherra landsins, að þeir menn, sem höfðu grætt svo afskaplega, mundu þurfa að borga dálítið, og nú er svo komið, að það á að fara að bjarga þeim undan skattinum, því að það er í raun og veru ekkert annað, sem hjer liggur fyrir. Það er dálítið einkennilegt að hugsa sjer, að það skuli vera hægt að fá meiri hluta atkvæða fyrir annari eins fjarstæðu og þessu nú, þegar skrúfaðar eru undan nöglum fátækra manna þúsundir og aftur þúsundir króna af tekjum ríkissjóðs. jafnt þegar gott er í ári sem hart í ári. En einungis fyrir þá sök, að borist hafa á land hjer í Reykjavík um 20 miljónir króna og lent í eigu fáeinna manna, þá fer stjórnin og stuðningsmenn hennar af stað til þess að bjarga þeim undan rjettmætum skatti til ríkissjóðs, því að það er svo sem auðvitað, að hefðu þessir menn ekki grætt svona mikið, þá hefði þetta frv. ekki verið borið fram. Það, sem hefir orðið þessum mönnum að happi, á að verða ríkissjóði að óhappi; það á að verða til þess, að forsjóninni sje ekki til neins að senda góð ár, því að altaf muni þeir misvitru menn í stjórninni hafa einhver ráð til að koma fjenu undan, sem þessir

fáu stórauðugu menn græði. Líti maður á það, hvernig hagur landsins var árið 1917, þegar núverandi forsætisráðherra tók við stjórn, og hvernig hagur þess var, þegar hann eftir 5 ár skilaði af sjer stjórn, þá er munurinn sá, að þegar hann skilaði af sjer stjórninni, þá var landið í miklum skuldum, þó að fjöldi manna hefði grætt mikið og ríkissjóður hefði líka átt að geta safnað, — en hvernig fór? Þessu tímabili lauk þannig, að tiltölulega lítið af þessum mikla gróða manna fór í ríkissjóð, því að altaf vakti sama hugsunin fyrir þingi og stjórn: ríku mennirnir mega ekki borga. Landið safnaði miljónum á miljónir ofan af skuldum, þangað til það síðast kom svo á stjórnartíð þessa forsætisráðherra, að það varð að taka það hörmulegasta lán, sem okkar þjóð á að dragast með í 30 ár, með þeim hroðalegustu skilmálum, sem nokkurri þjóð hafa verið boðnir. Jeg bendi á þetta til þess að það sjáist, að ef hæstv. forsrh. (JM) hefði haft útsýn yfir það, hvernig hagir landsins þá voru, þá áttu að fylgjast aukin útgjöld við auknar þarfir og aukna getu, en nú kemur til það sama, að landið situr í sínum miklu skuldum og hefir ekkert á að byggja nema nefskattana, og að þeir miklu fjármunir fá að safnast hjá einstökum mönnum, sem ríkið hefði þörf á að fá, þá er gerð á þessu þskj., 386, skipulagsbundin tilraun til þess að bjarga þessu gróðafje undan skatti. Það er ekki hægt að segja, hve miklu þetta geti munað; en það er talið sennilegt af einum hv. þm. í Nd., sem hefir rannsakað þetta, að það muni verða um ½ milión, sem þannig er komið undan. Jeg vil skjóta því til þeirra hv. þm., sem hafa mikinn áhuga fyrir landsspítalanum, að með þessum tveim frv., afnámi tóbakseinkasölunnar og þessu, er fleygt burt á einu ári fje, sem hefði borgað byggingu hans að mestu.

Jeg efast ekki um það, að þegar hæstv. fjrh. kemur til að leggja líkn þessu barni sínu, þá muni hann finna ástæðu til að mæla þessu frv. sínu bót, þrátt fyrir það, þótt allir verði að viðurkenna tekjutapið; en þá dettur mjer það í hug, sem jeg hefi lesið um Ferdinand Spánarkonung, sem hengdi menn og skaut án varalögreglu og ljet setja gyltan kross með gyltu letri yfir dysjar þeirra: „Fyrir öryggi borgaranna og heiður föðurlandsins.“ Jeg efast ekki um, að stjórnin og stuðningsmenn hennar muni láta álíka sönn orð og álíka gylt verða letruð yfir þessu máli.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg var bundinn við atkvgr. í hv. Nd. og er því afsakaður, að jeg gat ekki verið viðstaddur, þegar frv. var tekið fyrir. *(JJ:* Jeg fylgdi því úr hlaði). Þetta frv. hefir verið samþykt að heita má óbreytt í hv. Nd. Það er nokkuð ósamstætt að efni til, en menn mega líta svo á, að aðalákvæðin felist í 1. gr., sem fjallar um útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga, og tilgangurinn með ákvæðunum er fyrst og fremst sá, að hvetja aðstandendur þessara fjelaga til þess að efla fjelögin sjálf með því að safna þeim varasjóði, heldur en að útbýta miklum arði meðal hluthafanna. Það eru sjerstaklega b.- og c.-liðirnir í 1. gr., sem lúta að þessu og fara fram á það, að ¼ þeirrar upphæðar, sem slíkt fjelag leggur í varasjóð, skuli vera skattfrjáls, og er þetta ákvæði tekið eftir samskonar lögum í Danmörku; og ennfremur, að með innborguðu hlutafje skuli mega teljast sá varasjóður, sem fjelögin hafa safnað, og það er vegna þess, að eftir ákvæðunum skiftir það hlutafjelagið nokkru, hvort hlutafjeð er mikið eða lít-

ið, og í þessu liggur hvöt til að auka hlutafjeð með öllum ráðum, sem ekki er æskilegt fyrir fyrirtækið, og er rjettara, að löggjöfin stuðli að því, að fyrirtækin leggi fje í varasjóð, heldur en að útbýta nýjum hlutum. Um þessi ákvæði greinarinnar varð enginn ágreiningur í Nd., en ágreiningurinn varð um a.-liðinn, sem segir, að skatturinn skuli vera miðaður við meðaltal af skattskyldum tekjum þriggja næstu ára á undan. Þetta ákvæði er bygt á því, að afkoma margra fjelaga verður ákaflega misjöfn, þeirra, er stunda áhættusaman atvinnuveg; þau hafa stundum mikinn ágóða, en stundum mikið tap. Það hafði komið til mála að taka upp þessa reglu, þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru samin, en þetta þótti ekki gerlegt þá, af því að tekjuframtöl fyrir næstu ár á undan voru ekki fyrir hendi, en nú er farið fram á, að þetta verði tekið upp, og það mun standa svo, að það verði ekki mörgum hlutafjelögum til taps, þótt reglan sje tekin upp, ef reiknað er eftir henni í fyrsta skifti á þessu ári. Fjelögin fá frest á greiðslu á nokkru af þeim skatti, sem þau annars mundu greiða af tekjum síðastl. árs; en þetta vinst aftur upp með því, að skattar fjelaganna verða þá hærri næstu tvö árin. Það hafa komið fram í hv. Nd. útreikningar á því, hvaða þýðingu þetta hefði, og þó að þeir hafi verið misjafnlega rjettir, þá hefir það þó sýnt sig, að í sumum tilfellum verður skattur fjelaganna í heild, jafnvel þótt afkoman sje nokkuð misjöfn, ekkert minni, þegar tekið er nokkurt árabil í heild. Þá hafa verið reiknuð önnur dæmi, sem sýna, að á löngu árabili verður skattur fjelaganna heldur lægri; þó munar þetta mjög litlu. Til þess að dæma um, hvort þessi ívilnun muni vera sanngjörn, verður að bera svona fjelag saman við annað, sem hefir jafnar tekjur ár frá ári yfir sama árabil og sömu útkomu að lokum. Meðaltalsreglan hefir engin áhrif á skattgreiðslu slíks fjelags, sem hefir jafnar tekjur, en útreikningurinn sýnir það, að í sumum tilfellum lækkar skattgjaldið dálítið, ef tekjurnar eru misjafnar, en þó er það ávalt svo, að ívilnunin nemur ekki nema litlum hluta af því, sem skattur slíks fjelags er umfram það, sem fjelög með jafnri afkomu greiða, en það verður að líta svo á, sem það sje í raun og veru óeðlilegt, að fjelög greiði hærri skatt einungis fyrir það, að afkoman er misjöfn ár frá ári. Ef skattalöggjöfinni væri hagað rjettlátlega, ætti það fjelag, sem hefir sömu niðurstöðu efnalega eins og annað fjelag eftir sama tímabil, að bera sama skatt. Það, sem áhættufjelag greiðir yfir tímabilið umfram það, sem fjelög greiða með jöfnum vinningi, er ekki annað en refsiskattur fyrir að reka áhættusama atvinnu, og ívilnunin, sem meðaltalsreglan felur í sjer, nemur aldrei meira en nokkrum hluta af þessum refsiskatti. Þetta er því aðeins til þess að koma á meiri sanngirni á skattgreiðsluna milli fjelaganna innbyrðis, og það er því meiri ástæða til að koma meiri sanngirni á þarna, sem innlend hlutafjelög eru harðar sköttuð en nokkrir aðrir gjaldþegnar ríkisins. Á meðan hlutafjeð skiftir ekki miljónum, verður hann miklu hærri en nokkur skattur, sem reiknaður er eftir 6. gr. laganna, og jeg þarf ekki að taka það fram, að hann er miklu hærri en skattur samvinnufjelaganna, sem er 6% af tekjunum. Ennfremur eru þessi fjelög einu fyrirtækin á landinu, þar sem ágóðinn er tvískattaður, fyrst hjá fjelögunum sjálfum og svo hjá hluthöfunum á eftir, að því leyti sem þeir fá hann útborgaðan.

Jeg hefi nú gert grein fyrir aðalatrið-

unum í 1. gr. frv., en tel hinar greinarnar síður þurfa skýringar við, og skal þess vegna ekki lengja umr. með því að gera þær sjerstaklega að umtalsefni að svo stöddu.

Jónas Jónsson: Þegar litið er á þau tvö mál, sem hjer hafa verið til umr. í dag, kemur í ljós sami munur á hæstv. atvrh. (MG) og hæstv. fjrh. (JÞ), að annar er nú að beita allri orku til að eyðileggja þau fáu nýtilegu mál, sem fjelagi hans studdi í fyrri stjórnartíð sinni. Því með þessum tvennu lögum, sem hjer hefir átt að breyta í dag, og hæstv. núverandi atvrh. (MG) kom fram á þingi 1921, er hægt að segja, að lagður hafi verið grunlvöllur að allmiklum og vissum tekjum fyrir ríkissjóð. En þessar miklu tekjur vill nú hæstv. fjrh. (JÞ) gera að engu. Önnur breytingin er af kunnugum talin skaða landssjóð um ½ miljón króna á ári, en hin um ¼ milj. kr. Það má því segja, að þessi dagur í Ed. sje dýr fyrir landið, þegar sá, sem geyma á kassann, kastar frá sjer ¾ milj. kr. tekjum, samhliða því, sem hann er að reyna að halda í verðtollinn, sem var neyðarráðstöfun og kemur mest niður á þeim, sem fátækir eru.

Í ræðu sinni í dag segir hæstv. fjrh. (JÞ), að þessi ráðstöfun eigi að vera til þess að tryggja hlutafjelögin. En þau hafa verið hjer áður og þrifist vel. Þegar þeim hefir gengið illa, hefir það einungis verið illu árferði að kenna. En svo kemur þetta dásamlega frv., sem sagt er, að sumum yngri fjelögunum þyki jafnvel skömm að, því að þau vilja ekki skjóta sjer undan skatti, þegar þau hafa grætt mikið. Er því frv. þetta sjerstaklega komið fram til þess að ljetta undir með eldri hlutafjelögunum, sem betur ættu að þola skattinn.

Jeg býst nú við, að hæstv. fjrh. muni eftir þeim ummælum sínum í öðru máli hjer í vetur, þar sem hann sagði, að menn yrðu sumpart að flýja hjeraðið og sumpart að gefa rangt upp tekjur sínar, ef þeir ættu að geta greitt tekjuskattinn. Jeg vildi ekki trúa því þá. En ef til vill á þetta frv. að vera til þess að lögfesta þá skoðun hans, sem hann fjölyrti þá um í ræðu sinni.

Hæstv. ráðherra skýrði ekkert, hvað landið myndi tapa við þessa breytingu. En hann var svo kurteis að taka það fram, að hann hjeldi ekki, að breytingin yrði til tjóns fyrir hlutafjelögin. Því trúi jeg líka.

Þá sagði hæstv. ráðherra (JÞ), að þessar ívilnanir væru mjög sanngjarnar. Það er nú svo. En hvað segir hann þá um verðtollinn og innflutningstollana? Eru þeir sanngjarnir? Jeg held ekki. Er þá nokkurt vit í að taka einstaka menn út úr og veita þeim stórar ívilnanir, aðeins til þess að vera sanngjarn, samhliða því að leggja 60—70 kr. á hvert nef landsmanna með tollum á nauðsynjavörum? Telur hæstv. fjrh. verðtollinn sanngjarnan, sem mestmegnis kemur niður á hinum fátækari neytendum í landinu? Telur hann vörutollinn, kaffitollinn og sykurtollinn sanngjarna? Ef svo er ekki, hvers vegna á þá að vera svo sanngjarn að veita þeim einum, sem græða hundruð þúsunda, og jafnvel svo skiftir miljónum, þær ívilnanir, að breyta lögum til þess að hlífa þeim?

Og ef það er rjett, að tap ríkissjóðs á einu ári við þessa breytingu nemi 5—6 hundr. þús. kr., hvað þýðir þá fyrir hæstv. fjrh. að vera að hrópa með það, að hann vilji á einu ári losna við lausaskuldir og kvarta um háu vextina á fjenu. Það gerir enginn annað en hlæja að slíkri fjarstæðu,

Þá talaði hæstv. fjrh. um, að það væri refsiskattur á hlutafjelögin að borga stighækkandi gróðaskatt, sem þó er svo meistaralega útbúinn, að hann hækkar ekki eftir að hann hefir náð vissri hæð.

Þessi refsiskattur er ekkert annað en gælunafn þeirra manna, sem ná vilja háu tekjunum undan tiltölulega lágum skatti. Hvað mætti þá segja um hina skattana? Eru það ekki refsiskattar?

Nei, því verður ekki neitað, að það er sanngjörn leið, sem farin er í tekjuskattslögunum, svo að síst þarf betur að gera. Þegar illa gengur fyrir hlutafjelögunum, þurfa þau engan skatt að borga. En þegar vel gengur, er ekki nema rjett, að þau borgi. Að þessu leyti eru stórgróðafjelögin betur sett en einstaklingarnir. Ef embættismennirnir eru teknir til dæmis, þá borga þeir sinn kaffi-, sykur- og verðtoll, hvernig sem árar. Að þessu leyti eru þeir píndir á árum eins og 1921 og 1922. Því verður ekki neitað. Og fátæklingarnir, sem búa í kjallaraholum eða þakherbergjum, borga sinn toll af kaffi, sykri og tóbaki, hvort sem vel eða illa gengur. Skýrsla, sem fyrir þinginu hefir legið í vetur, sýnir vitanlega, að tóbaksnautn er dálítið minni á krepputímum en á öðrum tímum, en þó hvergi nærri eins lítil og hún í raun og veru ætti að vera. Það má því segja, að aðaltekjustofn ríkissjóðs sje refsiskattur, sjerstaklega í vondu árunum, þar sem bæði ríkir og fátækir verða að greiða jafnt. Ein ástæðan fyrir þessum ívilnunum við þá, sem græða tugi miljóna, er sú, að þeir reki svo áhættusaman atvinnuveg. En þetta er ekki rjett. Áhættan við áhættufyrirtækin kemur niður á almenningi gegnum bankana. Tapið lendir því á skilamönnunum, sem borga sína litlu víxla skilvíslega.

Jeg hefi skrifað hjá mjer eitt orð: „Krossanes“. Út af því vil jeg skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh., hvort ekki sje ætlast til, að hálfútlend eða alútlend fyrirtæki njóti blessunar af þessu frv., þegar það er orðið að lögum. Jeg spyr þessa af því, að altaf eru fleiri og fleiri leppfjelög að flytja hingað til lands og reka hjer atvinnu. Fjelög, sem safna hjer stórgróða, sem þau flytja burtu af landinu, en leppa atvinnu sína meira eða minna. En með þessu fyrirkomulagi er verið að hjálpa þeim til þess að komast undan að greiða hjer rjettlátan skatt.

Þá harmaði hæstv. fjrh., að hlutafjelögin skyldu þurfa að greiða meiri skatta en einstaklingar. Þetta er ekki allskostar rjett, því einstaklingarnir borga mikla neysluskatta, sem hlutafjelögin borga ekki.

Annars er það rjett, að hlutafjelög eiga að borga meiri skatta en einstaklingar. En af því að þau eru undir þessu dásamlega merki „Ltd.“, geta þau svikist frá skuldbindingum sínum, þegar þeim sýnist. Til stuðnings því má nefna dæmi: Setjum svo, að við hæstv. fjrh. værum í fjelagi saman, græddum mikið 5 fyrstu árin og stingjum gróðanum í vasa okkar, en svo kæmi mikið tapár. Við hlypum frá og ljetum tapið lenda á bönkunum, því að við þyrftum ekki að borga nema það, sem við höfðum lagt fram sem hluthafar.

Einmitt bak við þetta liggur hið mesta eitur í viðskiftalífinu í heiminum. Það er því rjett, að því ábyrgðarminna sem fjelagið er, því hærri skatt á það að greiða. Þetta ætti að vera svo auðskilið, að jafnvel hæstv. fjrh. ætti að geta skilið það. Jeg hefði nú gaman af, ef hæstv. fjrh. vildi láta dálítið af skattaheimspeki sinni í tje sem svar við þessum spurningum: Hvers vegna eiga ríku mennirnir ekki að

greiða skatt, þegar þeir eru hepnir í fyrirtækjum sínum, þegar þeir sleppa við hann, er miður gengur? Og í öðru lagi: Er hæstv. fjrh. ánægður með að skrúfa skatta út úr fátæklingum, eins og gert er með neyslusköttunum? *(Fjrh. JÞ:* Fæ jeg ekki þessar spurningar skriflegar?). Hæstv. fjrh. hefir einu sinni af flokksbróður sínum verið kallaður „heili heilanna", og verður honum því sennilega ekki mikið fyrir að muna og skilja þessar einföldu spurningar. Og jeg vildi enn bæta þeirri við, hvort honum sýndist ekki rjettast að halda nú þessum litla tekjuskatti óbreyttum eins og einn fyrirrennari hans kom honum fyrir 1921.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer er auðvelt verk að rökræða þetta við háttv. 5. landsk. (JJ). Öll hans frammistaða er í því fólgin að búa sjer til grýlu í máli þessu, án þess að slíkt sje á nokkru bygt, og á þessu fóstri sínu hamast hann með hnúum og hnefum, uns hann hefir gengið af því dauðu. Jeg hefi því ekki getað annað en kímt að öllum hans tilburðum í dag í þessu máli.

Hann segir, að með þessu frv. sje verið að svifta ríkissjóð 500—600 þús. kr. tekjum á ári, og ljest vorkenna mjer sem fjrh. þennan tekjumissi og talaði um, að mikið hefði mátt greiða af vöxtum skulda með fjárhæð þessari. Jeg fer ekki út í það mál, en þar skulum við spyrja að leikslokum, en ekki vopnaviðskiftum.

Þá sagði hv. 5. landsk., að í frv. fælist tilraun til að skjóta gróða síðasta árs undan skatti. Frv. heimilar skattfrelsi fyrir ¼ af því, sem lagt er í varasjóð fjelags. Þetta er alt og sumt. Um þetta hefir enginn ágreiningur verið í hv. Nd.

Það er alls ekki hægt að segja, að meðaltalsreglan undanþiggi nokkra upphæð skatti. Að vísu getur hún leitt til dálítillar lækkunar á skattstiganum, en líka haft gagnstæðar afleiðingar, eins og þegar hefir verið bent á.

Háttv. þm. (JJ) spurði um álit mitt á kaffi- og sykurtolli. Án þess að háttv. 5. landsk. sje nokkur skriftafaðir minn, get jeg sagt honum það, að mitt álit er, að hið opinbera vasist í alt of mörgu og verði þess vegna að ganga lengra í ýmsum álögum heldur en eðlilegt er. En hvað tollana snertir að öðru leyti, eru þeir alls ekki sambærilegir við þennan skatt, er hjer um ræðir. Ætti sá samanburður að eiga sjer rök, yrði t. d. kaffitolli að vera svo fyrir komið, að hann væri annar á fimtudögum en laugardögum.

Þá sagði hv. 5. landsk., að skattur á hlutafjelögum hjer væri mjög hógvær á móts við það, sem annarsstaðar gerðist. Sannleikurinn er þó sá, að ef stjórnin hefði treyst sjer til vegna fjárhags landsins, hefði hún átt að flytja till. um lækkun á skattstiga 7. gr. tekjuskattslaganna, sem fjallar um hlutafjelög. Í Danmörku er skatturinn miklu lægri en hjer, og einnig í Englandi, enda þótt hann sje innheimtur þar eftir öðrum reglum, svo að hann er eiginlega ekki sambærilegur við okkar skatt.

Háttv. 5. landsk. bar ekki skatt þennan saman við skatt einstaklinga, enda tók hann fram, að slíkt væri ekki sambærilegt. Hinsvegar ætti að mega bera skatta innlendra hlutafjelaga saman við skatta annara fjelaga. Jeg þarf ekki annað en minnast á hina margnefndu Krossanesverksmiðju. Það er öllum kunnugt, að ákvæði 7. gr. um tekjuskatt hlutafjelaga ná ekki til útlendra fjelaga, heldur greiða þau miklu lægri skatt eftir 6. gr. laganna.

En hvaða sanngirni er í þeim mismun, sem á sjer stað í þessu efni milli innlendra hlutafjelaga og annara fjelaga?

Þá sagði háttv. 5. landsk., að áhætta hlutafjelaganna lenti öll á bönkunum, og þyrfti því ekki að vorkenna þeim, er að fyrirtækjunum stæðu, þótt illa færi. Þetta síðara get jeg að vísu engan veginn fallist á, en hitt, að áhættan komi einkum niður á bönkunum, og svo á almenningi, er einmitt orsök til þess, að bankarnir mæla eindregið með þessari breytingu. Þeir líta sömu augum á málið og hv. 5. landsk., en þeir draga rjettar ályktanir af skoðun sinni, en það gerir hv. þm. (JJ) ekki.

Hv. þm. (JJ) hrósaði samábyrgð sinni í þessu sambandi, og þarf engan að undra slíkt. Jeg fer ekki inn á það svið hjer, en hinsvegar álít jeg ákvæðin um tekjuskatt samvinnufjelaga einmitt vel sniðin og geta orðið til fyrirmyndar um skattalöggjöf hlutafjelaga. *(JJ:* Það er gleðilegt fyrir þá, sem lögin sömdu). Jeg á hjer ekki við skatt til sveitarfjelaga, sem talsvert hefir verið deilt um, enda þótt jeg hafi setið hjá í þeirri sennu.

Þá spurði hv. þm. (JJ), hvers vegna þeir ríku ættu ekki að greiða tekjuskatt, er vel áraði, úr því að þeir slyppu á hallaárunum. Þessari spurningu get jeg alveg gengið fram hjá, af því að hún er ekkert annað en öfugmæli, eins og öllum mun vera ljóst.

Þá fór hann aftur að spyrja mig um stefnu mína í tollamálum og hvort jeg væri ánægður með að skrúfa skatta út úr fátæklingum sem ríkum með vörutolli. Jeg segi eins og fyr, að jeg er ekkert skriftabarn hv. 5. landsk. En hitt get jeg sagt, að í raun og veru finst mjer, að sú stefna, er fylgt var fram til 1911, frá því að vjer fengum fjárhagslegt sjálfstæði, að leggja aðeins tolla á munaðarvörur, er að mínu áliti hin rjetta stefna. En nauðsyn brýtur lög, svo að fleira verður að gera en gott þykir til að afla ríkissjóði tekna.

Jeg hefi þá svarað háttv. 5. landsk., en vildi aðeins bæta örfáum orðum við framsöguræðu mína. Það, sem felst í frv., er einkum tvent. Annað er það að jafna tekjur ríkissjóðs frá ári til árs og gera þær vissari um leið; hitt er að koma í veg fyrir það tjón, sem fjelögin sjálf og almenningur um leið bíður við það, að þeim sje ofboðið með skatti, vegna þess að einstakt gróðaár kemur inn á milli tapára eða arðlausra ára. Ef útgerðarfjelögin ættu nú að greiða skatt eftir núgildandi skattalögum, yrði afleiðingin að öllum líkindum sú, að þau fjellu úr skatti næsta ár. Samkv. brjefi því frá Íslandsbanka, er borist hefir um málið, er ástand fjelaganna nú þannig, að mörg þeirra eiga ekkert upp í hlutafje sitt, sum nokkuð, en fá eða engin alt. Það er því ekki furða, þótt það valdi bönkunum áhyggju, að háar upphæðir sjeu lagðar á svokallaðan gróða síðasta árs, sem eingöngu gekk til að greiða áfallið tap. Frv. hefir því, eins og jeg sagði, tvenskonar hlutverk, að tryggja starfsemi fjelaganna og að jafna tekjur ríkissjóðs og gera þær vissari.

Jónas Jónsson: Það er alkunnugt, að það hefir oft komið fyrir, að áhættufyrirtæki hafa farið um koll áður en þau greiddu skatta sína. Þarf jeg ekki annað en að nefna Carl Sæmundsen í því sambandi, sem fór á hausinn áður en að skuldadögum kom.

Það getur ekki verið rjett, að útgerðarfjelögunum sje ofviða að greiða þennan skatt í ár. Hvernig stendur á öllum

togarakaupunum? Þeir eru keyptir fyrir gróða að mestu leyti, en ekki lán. En á hinu þarf enginn að furða sig, þótt bankarnir hugsi um sjálfa sig í þessu máli. Þá eru vottorð tveggja bankastjóra úr tveim bönkum. Þau sanna ekkert annað en það, að bankastjórarnir vilja, að fjelögin sleppi við það að greiða af gróða sínum til landssjóðs, til hagnaðar fyrir bankana.

Hæstv. fjrh. hefir ekki svarað spurningum mínum viðvíkjandi skattaheimspeki hans nema óbeinlínis. Hann kveðst sætta sig við tolla á munaðarvörum, kaffi, sykri og tóbaki. En þetta er hreinn neysluskattur, að leggja toll á flestar þessar vörur, einkum í bæjunum. Kaffi og sykur er af fátæku fólki í bæjum notað jafnvel meira en margar aðrar útlendar vörutegundir. Við þessa skatta fellir hæstv. fjrh. sig vel, þó hann vilji ekki skatt á gróða, eins og frv. þetta ber með sjer. Það gladdi mig, að hæstv. fjrh. bar lof á samvinnulögin, af ástæðum, sem jeg skal ekki fara út í nú. Mega þeir taka sjer þetta til inntektar, sem fengust við þá lagasmíð. En fyrir sjálfan hann verður dýrðin minni, því hann barðist manna mest á móti þeim lögum með orðum og atkvæði.

Þá talaði hæstv. fjrh. um jafnaðarmensku mína; en hann hefði heldur átt að minna á jafnaðarmanninn hv. þm. Snæf. (H-Steins), sem er sá eini þm. í þessari hv. deild, sem hefir þá æru að vera formaður í verkamannafjelagi. Og þar sem meiri hl. þessarar hv. deildar hefir kosið hann yfirmann sinn, þá eru a. m. k. 8 menn hjer, sem þannig hafa viðurkent skoðanir hans og fallist á hans jafnaðarpólitík.

Hæstv. fjrh. vildi síður heyra hjer siðferðisprjedikanir, og skil jeg það vel. Hann veit, að það á ekki sem best við að tala um viðskiftaheiðarleik í sambandi við þetta frv. Hann var hjer með dæmi um fjelag, sem eitt ár græddi 100 þús., en tapaði 100 þús. kr. næsta ár. Eins og hann setti dæmið fram, er þetta í rauninni hrein „spekulation", og jeg sje ekkert á móti því, úr því talið er rjett, að landið græði á happdrætti, að það græði líka á þessu. Hitt er ekki rjett, að þetta sje eins og kaffi á fimtudag og laugardag; því kaffitollurinn er jafn á fimtudegi og laugardegi, og gelst jafnt þegar fólkinu líður vel og þegar því líður illa. Því hefði hæstv. fjrh. átt að segja: Eins og jeg vil hlutafjelögunum vel, eins vil jeg búa vel að fátæklingunum. En það er ekki því að heilsa. Hann sýnir aðeins, að hann er að hugsa um þessa hepnu „spekulanta". Annars verð jeg, þar sem tíminn er búinn, að geyma ýms atriði til næstu umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. sagði, að fjelögin gætu verið komin um koll, þegar þau ættu að fara að greiða skattinn eftir þessu frv. Og það er ekki fortakandi, að slíkt kunni að koma fyrir, þó æskilegt sje, allra hluta vegna, að það verði sem sjaldnast. En hverjum kemur þá ívilnunin til góða? Bönkunum fyrst og fremst, og svo skilamönnunum. Það er rjett, að ef skattur tapast, þá er það í raun og veru aðeins ívilnun til skilamannanna.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um togarakaupin sem sönnun þess, hvað fjelögin hefðu grætt. Hann vildi gera ekki lítið úr því, að fjelögin hjer hefðu bætt við sig togurum. Jeg þekki nú aðeins tvö, og er annað þeirra fátækt, en hitt er auðugt, eitt efnaðasta útgerðarfjelagið, sem hjer er. En einstaklingar þeir, sem að þessum atvinnuvegi standa, höfðu yfirleitt góðar tekjur árið sem leið, og eiga að greiða

þar af fullan skatt án tillits til þessa frv., og þeir hafa sjeð sjer fært að leggja fram hluti í ný fyrirtæki.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að afstaða bankanna sannaði ekki neitt. Hún sannar að vísu ekki annað en það, sem hann sagði, að það eru þeir og skilamennirnir, sem standa fyrstir í áhættunni.

Ennfremur drap hv. þm. (JJ) á samvinnulögin og að jeg hefði verið á móti þeim. Jeg hefi ekki dregið þau inn í þessa umr. Jeg hefi aðeins sagt, að tekjuskattsákvæðin gagnvart samvinnufjelögunum væru sanngjörn og rjettmæt. En þau standa ekki í samvinnulögunum, heldur í lögunum um tekju- og eignarskatt, svo að þó jeg sje ánægður með þessi ákvæði, þá get jeg vel verið óánægður með ýmislegt í samvinnulögunum.

Jeg ætla að ganga fram hjá röksemdum hv. þm. (JJ) viðvíkjandi skoðunum hæstv. forseta (HSteins). Aðrir mega dást jafnmikið eða jafnlítið og jeg að því, hvernig honum tókst að sanna það, að hjer væru minst 8 jafnaðarmenn í deildinni.

Seinast sagði hv. þm. (JJ), að ef eitt fjelag hefði engan ágóða eitt ár, en græddi 100 þús. kr. næsta ár, þá væri það „spekulation". Þetta kalla jeg nú grunt rist, eða þá að margt fellur undir „spekulation". Við vitum, að af þeim fyrirtækjum, sem hjer eru rekin, þá eru það einkum fiskiveiðafjelögin, sem eiga við ójafnasta útkomu að stríða. Er það þá „spekulation" að fara á sjó og veiða fisk? Jeg vona, að hv. þm. (JJ) svari þessu við næstu umræðu. Jeg hefi altaf haldið, að „spekulation" væri alt annað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JJ.

Einn þm. (SJ) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 386, n. 524).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Tekjuskattur hjer á landi var fyrst ákveðinn með lögum 1877, en þá hvorki af landbúnaði eða sjávarútvegi. Tekjuskattur af þeim atvinnuvegum var fyrst ákveðinn 1917, er hv. 2. þm. G.-K. (BK) var fjrh., og einnig í lögum um sama efni frá 1921.

Það frv., er hjer liggur fyrir, ræðir um verulegar breytingar á tekjuskattslögunum frá 1921. Fjhn., sem haft hefir málið til meðferðar, hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. stjórnarinnar verði samþykt, en þó með allverulegum breytingum, er jeg nú mun víkja að. Fjhn. hefir orðið sammála um að láta eitt atriði í stjfrv. standa óbreytt með öllu. Er það ákvæðið um varasjóðinn, sem er á þá leið, að nokkur hluti þeirrar upphæðar, er fjelögin leggja í varasjóð sinn, skuli vera skattfrjáls, og að varasjóður skuli framvegis vera talinn með hlutafjenu við ákvörðun skattsins. Nefndin telur þetta gott ákvæði, þar sem það hvetur fjelögin til að safna fje fyrir á góðu árunum, er verði þeim kjölfesta, er ver árar. Saga botnvörpuútgerðarinnar hjer á landi hefir því miður sýnt, að ekki hefir jafnan verið nægrar varfærni gætt í þessu efni. Hluthöfum hefir verið borgaður út

of mikill ágóði, er vel hefir látið í ári, en er slæmu árin hafa dunið yfir, hefir af engu eða litlu verið að taka.

Nefndin telur sjálfsagt og eðlilegt, að löggjafarvaldið hvetji og styðji fjelög þessi til þess að sýna fullkomna varúð. Afkoma þessara fjelaga hefir svo stórvægilega þýðingu fyrir fjárhag ríkissjóðs, að einskis má láta ófreistað að stuðla að öryggi þeirra. Nefndin var því sammála um, að þetta ákvæði væri heppilegt. Og enda þótt minni hl. nefndarinnar teldi sig geta bent á annað fyrirkomulag, varð það þó að samkomulagi í nefndinni að hækka hinn skattfrjálsa hluta varasjóðs fjelaganna úr ¼ upp í ⅓.

Þetta ákvæði hefir þá fyrst og fremst þá skattminkun fyrir fjelögin í för með sjer, að þessi vissi hluti varasjóðs verður skattfrjáls. Í öðru lagi færist tekjuskatturinn af hærra stigi á lægra, eftir því sem varasjóðurinn verður stærri, þar sem hann reiknast með hlutafjenu. Enda þótt svo færi, að fjelögin legðu nokkurt kapp á að safna í varasjóð í því skyni að minka skatt sinn, fælir það mig alls ekki frá því að fylgja þessu ákvæði. Þótt ríkissjóður færi þannig á mis við nokkrar tekjur, væri það lítilsvert á móts við þá tryggingu, sem slíkur varasjóður gæti veitt fjelögunum í illu árferði.

Kem jeg þá að hinu meginatriði frv., a.-lið 1. gr., sem ákveður svo, að skattgjald fjelaganna skuli miðað við tekjur næstu 3 ár á undan, eða 2 ár, ef fjelögin hafa ekki starfað lengur. Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til að fella þetta ákvæði burt. Að vísu hefir einn hv. nefndarmaður (BK) gert þá athugasemd, að hann væri þessari reglu meðmæltur að sumu leyti, en vildi, eftir því sem atvik lægju til, ekki gera ágreining við nefndina um þetta atriði.

Nefndin lítur svo á, að regla þessi sje alls ekki heppileg fyrir fjelögin sjálf. Að vísu mun ekki hægt að neita því, að regla þessi dregur úr skatti fjelaganna að einhverju leyti, án þess þó að hægt sje að segja um, hversu miklu sú lækkun nemur. Það liggur í hlutarins eðli, að meðaltalsreglan gerir það að verkum, að hinar skattskyldu upphæðir ná ekki eins háu skattstigi eins og ella. En ef tilgangur reglunnar væri sá, mætti auðvitað alveg eins ná honum með því að lækka skatt á hærri skattstigum. Nefndin álítur því, að reglan, þegar litið er burt frá þessu atriði, sje hvorki heppileg fyrir fjelögin sjálf nje heldur ríkissjóð, og mun jeg greina ástæður til þess.

Samkvæmt ákvæðum, sem giltu fyrir nokkrum árum, var tekjuskattur ekki innheimtur fyr en tveim árum eftir að hann var lagður á. Þessi frestur var styttur fyrir nokkru, enda voru allir sammála um, að þetta ákvæði væri mjög óheppilegt. Svo gat farið, að ástæður þess manns, sem greiða átti skatt eftir tvö ár, væru svo breyttar síðara árið, að hann ætti erfitt eða ómögulegt með að greiða skattinn síðara árið, enda þótt fyrra árið hefði verið honum hagstætt. Menn eru ekki jafnan svo varkárir í góðu árunum, að taka tillit til erfiðleikanna, sem framundan kunna að vera, og því gat farið svo, að ríkissjóður bæri engan skatt úr býtum eftir ákvæði þessu. Hið sama gildir um reglu þá, er flutt er í stjfrv.

Ef vjer tökum t. d. góða árið 1924, sem er eindæma gott ár, og gerðum svo ráð fyrir, að næstu ár, 1925 og 1926, yrðu vond ár. Þá mundi reglan hafa þau áhrif, að fjelag með miklum tekjum frá árinu 1924 mundi losna við að greiða allmikinn skatt á góða árinu, en verða svo að endurgreiða hann á vondu árunum. Eða með

öðrum orðum, á góðu árunum er skuld lögð til hliðar, sem á að greiðast á vondu árunum. Þessi regla dregur því til óvarfærni, öfugt við varasjóðsregluna. Þá er enn að athuga það, að ef fjelag yrði gjaldþrota, þá misti landssjóður skattinn. Svo er eitt enn. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það, sem gagnar einu fjelaginu í þessu efni, geti verið ranglátt gagnvart öðru. Einkum gæti þetta komið hart niður á nýstofnuðum fjelögum, sem nú yrðu að borga skatt af eins árs tekjum. Svo gæti komið vont ár næst, og þá yrðu þau samt að borga háan skatt, þar sem góða árið mundi í 2 ár hafa áhrif á skatt þess.

Jeg veit, að því er haldið fram, að reglur svipaðar þessum gildi í öðrum löndum. Jeg hefi heyrt sagt, að þær hafi gilt í Englandi. Nefndin sneri sjer því til breska konsúlsins og spurði hann, hvernig þessu væri háttað í Englandi. Hann er glöggur maður og vel að sjer, en hann gat ekki fundið neinn staf fyrir því, að reglan gilti þar. Hann spurði Englending, sem hjá honum var staddur, og hann kvað þessa reglu ekki mundu gilda í Englandi. Í Frakklandi mun hún ekki heldur gilda. Annars get jeg ekkert fullyrt um þetta.

Svo að jeg víki að skýrslu frá skattstofunni, þá sýnir hún, að tekjuskatturinn allur 1922 var 28899 kr., 1923 43974 kr., en 1924 nemur skatturinn 919770 kr. Þessar tölur sýna, að tekjuskatturinn hefir komið ákaflega ljett niður á útgerðarfjelögunum. Ef vel er að gáð, sjest, að hann kemur mjög ljett niður bæði á sjávarútveginum og landbúnaðinum, en aftur á móti lítur út fyrir, að hann hvíli einna þyngst á launamönnunum. Þá fer betur að skiljast, hvað launalágir menn verða hart úti, þegar ríkið, auk þess að launa þeim illa, tekur af þeim bróðurpartinn af þessum skatti. Þyrfti að rannsaka þetta efni betur.

Það er eitt ákvæði enn, sem nefndin hefir lagt til, að felt yrði burtu, ákvæðið í 2. gr. um, að undir vissum kringumstæðum megi veita ívilnun í tekjuskatti. Þetta ákvæði telur nefndin viðsjárvert að hafa, og vill því að það sje felt burtu.

Eins og tekið er fram í nál., virðist nefndinni æskilegt, að stjórnin tæki þessi lög sem fyrst til gagngerðrar endurskoðunar. Jeg skal benda á, að þegar þessi lög voru sett 1921, var líkt um meðferð þeirra eins og nú kemur of oft fyrir á hinu háa Alþingi, að stórmál eru fengin fjárhagsnefnd á síðasta augnabliki, svo að hún verður að hraða störfum sínum alt of mikið. Ástæðan til þess, að þetta frv. var afgreitt 1921 án þess að nægilega væri til þess vandað, var sú, að hagur ríkissjóðs var örðugur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en legg til fyrir nefndarinnar hönd, að frv. sje samþykt með þeim breytingum, sem hún hefir á því gert.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eftir þær miklu deilur, sem orðið hafa hjer í þinginu út af meðaltalsreglunni svonefndu, mætti ætla, að jeg væri óánægður með undirtektir nefndarinnar. En jeg er alls ekki mjög óánægður. Að því er snertir breytinguna á skattskyldu hlutafjelaganna hefi jeg álitið, að aðalatriðið fælist í ákvæðunum um varasjóð, bæði um ívilnun skattgjalda á því, sem lagt er í varasjóð, og heimildina til að telja varasjóð með hlutafje við ákvörðun skattstigsins.

Jeg lít svo á, að meðaltalsreglan skifti ríkissjóð fremur litlu máli, ef litið er yfir langt árabil. Jeg get verið nefndinni

þakklátur fyrir það, að hún gengur að ívilnun á skattgreiðslu af því, sem lagt er í varasjóð, þó að auðvitað lækki það tekjur ríkissjóðs, eins og hv. frsm. (SE) tók fram. Eftir atvikum er jeg ekki mjög óánægður með breytingar nefndarinnar, því að jeg tel frv. mikla rjettarbót þrátt fyrir þær. Jeg tel þó upphaflega frv. algerlega rjettmætt. Án þess að gera þetta að deiluatriði skal jeg gera grein fyrir því, hvert þessi uppástunga var sótt. Fyrirmyndin er tekin þar, sem mestrar fyrirmyndar er að leita um fjármálastjórn. Hún er tekin frá Bretlandi. Þetta ákvæði er þar í gildi og hefir gilt í langan aldur. Það hefir orðið umtal um að fella það niður núna, til þess að fá hærri skatt fyrir árið 1924, því það ár er tekjumikið eins og hjá okkur, en þó hefi jeg ekki sjeð þess getið, að sú tillaga hafi verið borin fram í þinginu. Þar er stigið tekið hreint þannig, að ef tap verður eitthvert árið, þá kemur það fram í meðaltalinu sem frádráttur. Einnig mun reglan þar ná til fleiri gjaldenda en hlutafjelaga. Þetta fyrirkomulag hefir reynst vel og komið á meiri jöfnuði um tekjur ríkissjóðs, þrátt fyrir mismunandi árferði. Jeg hefi ekki orðið var við neinar mótbárur gegn þessu fyrirkomulagi, nje að það hafi þótt valda óþægindum í Englandi. Fyrirmyndin er því í besta lagi, og hefði þetta verið hjer frá byrjun, hefðu allir talið það eðlilegt. En ástæðan fyrir því, að þetta var nú borið fram hjer, var óttinn um það, að skattgreiðslurnar 1924 yrðu ýmsum atvinnufyrirtækjum ofviða og kynnu að koma þeim á knje, ef árið 1925 yrði rýrt ár, sem ekkert varð um vitað, þegar stjórnarfrumvarpið var samið. Til sönnunar því, að þessi ótti var ekki ástæðulaus, má vísa til álits bankanna. Skrifleg umsögn þeirra var ekki útveguð fyr en komið var fram á þing, en mjer var álit þeirra áður kunnugt. Mjer þykir rjett, að umsögn þeirra sjáist í umræðuparti Alþt., og leyfi mjer því að lesa brjefin hjer upp. Umsögn Landsbankans er dagsett 14. mars og hljóðar þannig:

„Með brjefi dags. í dag hefir hið háa fjármálaráðuneyti beiðst yfirlýsingar bankastjórnarinnar um það, hvort hún sje því meðmælt, að lögleitt verði ákvæðið 1. gr. a. í frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæði þetta fer fram á þá breytingu á núgildandi löggjöf, að tekjuskattur innlendra hlutafjelaga skuli miðaður við meðaltal af skattskyldum tekjum þriggja ára, ef fjelagið hefir starfað svo lengi, en tveggja ára, ef fjelagið hefir starfað í tvö ár einungis.

Út af þessu leyfir bankastjórnin sjer að láta í ljós það álit sitt, að hún telur umrædda lagabreytingu eigi aðeins heppilega, heldur og nauðsynlega til þess, að umrædd atvinnufyrirtæki geti unnið á heilbrigðum grundvelli. Hjer á landi er alveg sjerstök nauðsyn á að miða skattskyldar tekjur slíkra atvinnufyrirtækja við meðaltal fleiri ára, þar sem oft er stórfeldur mismunur á afkomu atvinnufyrirtækjanna frá ári til árs, og það er öllum til hagsmuna, einnig ríkissjóði sem skatttaka, að atvinnufyrirtækin komist á heilbrigðan grundvöll og, svo frekast sem unt er, komist varanlegt jafnvægi í afrakstur atvinnunnar.

Virðingarfylst,

Landsbanki Íslands“.

Þá er álit Íslandsbanka, dagsett 16. sama mán., og er á þessa leið:

„Út af brjefi hins háa ráðuneytis, dags. 14. þ. m., skulum vjer leyfa oss að skýra frá því áliti voru, að vjer teljum miklu

rjettara að miða tekjuskatt innlendra hlutafjelaga við meðaltal af skattskyldum tekjum þriggja ára, ef fjelagið hefir starfað svo lengi, en tveggja ára, ef fjelagið hefir starfað tvö ár einungis, heldur en að miða tekjuskattinn aðeins við síðasta árið, eins og nú er gert. Að miða við þriggja ára meðaltal mundi koma á miklu meiri festu og öryggi í þessum efnum en nú á sjer stað, og teljum vjer það alveg nauðsynlegt, en núverandi fyrirkomulag álítum vjer hættulegt fyrir atvinnufyrirtækin, og þess eðlis, að það muni, þegar á alt er litið og að öllu samanlögðu, verða happadrýgra fyrir ríkissjóð að taka upp þriggja ára meðaltalið.

Vjer mælum því eindregið með því, að umrædd breyting á tekjuskattslögunum komist á.

Vjer skulum taka það fram, að með því að mál þetta kemur undir nefnd í Alþingi, sem Sigurður Eggerz bankastjóri á sæti í, hefir hann ekki tekið þátt í þessu svari bankastjórnarinnar.

Virðingarfylst,

Íslandsbanki.“

Þá hefi jeg ennfremur umsögn E. Claessens bankastjóra við Íslandsbanka um hag útgerðarhlutafjelaganna í Reykjavík, sem eingöngu skifta við Íslandsbanka, eins og hann kom bankastjóranum fyrir sjónir um áramótin. Jeg skal einnig lesa þetta brjef. Það er dagsett 15. mars og er svo hljóðandi:

(Sjá bls. 2173—2174 hjer að framan).

Allir vita, hverjar ástæður eru fyrir þessum bágborna hag fjelaganna, þrátt fyrir gróðann 1924. Næstu þrjú árin á undan voru þessi fyrirtæki sem sje rekin með tapi og vaxandi skuldum, og þó að árið 1924 væri veltiár, hefir það ekki nægt til þess að jafna þann halla. Ástandið er ekki enn betra en svo, að sum fjelögin eru ekki einungis búin að tapa öllu hlutafje sínu, heldur skulda bönkunum mikið auk þess. Jeg vona, að enginn, sem heyrt hefir rjettmæt ummæli hv. frsm. (SE) um þýðingu þessara fyrirtækja fyrir þjóðfjelagið, lái mjer, þó að mjer þætti djarflega teflt að taka allan tekjuskattinn 1924, sem landinu ber eftir gildandi lögum, þar sem allar tekjurnar fara í greiðslur til skuldheimtumanna upp í áfallið tap.

En það má vitanlega hafa það á móti því að innleiða regluna núna, að til þess að byrja með má segja, að fyrsta árið verði það alveg einhliða ívilnun til handa gjaldendunum, og vinningur sá, sem ríkissjóður hefir af upptöku reglunnar, fellur ekki í ríkissjóðs skaut fyr en næstu tvö árin á eftir. Ef reglan hefði verið fram borin undir þeim kringumstæðum, að hún hefði ekki á fyrsta ári haft nein áhrif á upphæð skattsins, og þess vegna hvorki verið ívilnun til gjaldenda nje gróði fyrir ríkissjóð, þá held jeg, satt að segja, að enginn maður hefði haft neitt á móti henni, en það má náttúrlega frá vissu sjónarmiði segja, að svo framarlega sem þessi fyrirtæki eru fær um að borga sinn skatt, þá sje ekki rjett að vera að gefa þeim frest með það, því að ríkissjóður geti haft góð not fjárins nú þegar upp í lausaskuldir sínar, en ef fjárhagur ríkissjóðs væri í góðu lagi, þá teldi jeg það ekkert lán fyrir hann að hafa svo misjafnar tekjur, heldur væri hitt hollara, að þær verði sem jafnastar ár frá ári. En það, sem gerir það, að jeg ætla ekki að verða harður á því, að þessi regla verði lögleidd að sinni, er það, að mjer sýnist nú vera horfur á því, að fjelögin geti borgað þetta, án þess að að því verði

verulegt tjón. Mjer sýnist miklu meiri horfur á því nú en áður; vertíð hefir gengið vel og allar horfur taldar á því, að afkoma verði góð fyrir fjelögin. En jeg vil geta þess, að geta fjelaganna til þess að borga háan tekjuskatt í ár byggist alls ekki á afkomu umliðins árs, að minsta kosti ekki þeirra fjelaga, sem hafa orðið að skila öllum gróða sínum upp í tap fyrri ára, og ekki nema að litlu leyti fyrir þau fjelög, sem standa nokkuð betur, án þess þó að hafa bjargað öllu sínu hlutafje. Svona verður það venjulega, að getan til þess að borga tekju- og eignarskatt byggist ekki á tekjum undanfarandi árs; getan byggist á tekjum þess árs, sem skattgreiðslan fellur á. Horfurnar eru, eins og jeg sagði, talsvert bættar, og þegar nú einn af bankastjórum Íslandsbanka, þess banka, sem jeg geri ráð fyrir, að hafi meðal sinna skiftavina flest þau fyrirtæki, sem eru tæpast stödd, þegar hann kemur og lætur það álit í ljós, að það sje vegna fyrirtækjanna ekki nauðsynlegt að taka upp meðaltalsregluna, og eins og stendur get jeg ekki rengt hann um það, að hann byggi þetta álit sitt á nægilegri þekkingu í þessu efni, þá get jeg ekki af minni hálfu lagt neina sjerstaka áherslu á það, að reglan skuli upp tekin að þessu sinni, en verð þó að segja það, að jeg er honum alveg ósammála um það, sem hann hjelt fram, að meðaltalsreglan myndi verða í reyndinni óhagstæðari fyrir fjelögin heldur en núgildandi reglur. Það er sem sje svo um núgildandi reglur, að skatturinn fellur aldrei á það ár, sem teknanna er aflað á, og komi vont ár á eftir góðu ári, þá eru öll vandkvæði á því að greiða skattinn, og því meiri sem skatturinn er í því tilfelli, því meiri hætta er á því, að núgildandi regla verði óhagstæð, ef vont ár kemur á eftir verulega góðu ári. Í fylgiskjali með nál. hv. nefndar er tekinn upp útreikningur, sem nefndin bað skattstofuna um og hún hefir látið nefndinni í tje, um niðurstöðu fyrir ríkissjóð, ef meðaltalsreglan væri upp tekin. Eftir þeim útreikningi kemur það í ljós, að eftir núgildandi reglu ættu hlutafjelögin hjer í Reykjavík að greiða í skatt kr. 919770, en eftir meðaltalsreglunni færi þetta niður í kr. 306130, eða nálægt ⅓, og þar sem tekjuupphæðir undanfarandi ára hafa verið mjög lágar, leggja þau ár þess vegna lítið til meðaltalsins. En þeir, sem eru ekkert inni í þessum málum, kynnu út af þessum tölum að draga þá ályktun, að þessi regla hefði í för með sjer það tekjutap fyrir ríkissjóð, sem gerði mismuninn; en jeg veit þó, að þetta villir engan hv. þdm., heldur þýðir þetta aðeins það, að ⅔ hlutum af skattinum, sem það á eftir gildandi reglu að greiða þetta ár, er frestað til næstu tveggja ára. Þannig leiðir ekki af meðaltalsreglunni neina teljandi breytingu á tekjum ríkissjóðs í heild, nema að því leyti sem svo kynni að fara, að fjelag legðist niður eða liði undir lok áður en skatturinn eftir meðaltalsreglunni er að fullu goldinn, þ. e. a. s. innan þriggja ára frá því tekjuári, sem um er að ræða. Útreikningurinn sýnir það einmitt átakanlega, hve lítil breyting verður á heildarupphæðinni; menn þurfa ekki annað en hugsa sjer árin 1925 og 1926 samskonar ár að tekjum til og árin 1922 og 1923 í yfirlitinu, þá helst skatturinn til ríkissjóðs óbreyttur, verður 306130 kr., en mundi eftir núgildandi reglu falla niður í þá örlitlu upphæð, sem var árin 1922 og 1923.

Viðvíkjandi varasjóðsreglunni þykir mjer rjett að gera hjer ofurlitla athugasemd, og þá gefst tilefni til þess að líta

á, hvernig hagur þessara fyrirtækja, sem brjef bankastjóra Íslandsbanka fjallar um, hefir verið síðustu árin. Reglan er ótvíræð gagnvart fyrirtæki, sem stendur svo, að það á einhvern varasjóð, á eignir fyrir hlutafje sínu og einhverja upphæð þar framyfir, sem þá er reikningslega talin í varasjóði. Þetta fjelag fær ívilnun í skattgjaldi á þeirri upphæð, sem það bætir við varasjóð sinn; en svo getur það verið, að í stað þess að eiga varasjóð umfram hlutafje sitt, hafi fjelagið haft tap, þannig að mismunurinn á eignum og skuldum falli á hinn veginn, þannig að nokkuð af hlutafjenu sje tapað, eða varasjóður sje orðinn neikvæður; þá hefi jeg viljað skilja þessa reglu svo, að það fjelag, sem þannig er illa stætt, ætti að njóta sömu ívilnunar um þá upphæð, sem það leggur til fjelagsins þarfa, eins og það fjelag, sem betur er stætt og leggur upphæðina í varasjóð, því að byrjunin til að safna varasjóði er vitanlega sú, að greiða það tap, sem greiða þarf, áður en nokkur eign getur byrjað að safnast við hliðina á hlutafjenu. En mjer þykir samt rjettara, af því að fjhn. þessarar hv. deildar hefir farið svo ítarlega út í þessa varasjóðsreglu, að geta um það hjer, til þess að nefndin geti íhugað það og, ef svo sýnist, látið í ljós, hvort henni þykir ekki þessi skilningur rjettur vera. Mjer sýnist það auðsætt, að ef reglunni er ekki þannig framfylgt, þá er vel stæðum fjelögum gerð meiri ívilnun heldur en ver stæðum. En ef gera ætti mismun á þeim, þá finst mjer, að það ætti heldur að vera á hinn veginn.

Í hinu tilfellinu, um að fella burt 2. gr. frv., hefi jeg það að segja, að jeg skoða þá grein einungis sem beina afleiðingu af a.-liðnum, eða að hún er sett í frv. til þess að koma á ofurlitlu samræmi gagnvart öðrum gjaldendum, ef meðaltalsreglan er tekin upp fyrir hlutafjelög, en ef meðaltalsreglan er feld úr frv., þá óska jeg ekki eftir, að 2. gr. frv. verði samþykt.

Jeg átti því miður ekki kost á að heyra ræðu hv. frsm. nefndarinnar (SE) nema að litlu leyti, af því að jeg var bundinn í hv. Nd., en jeg heyrði, að hann gerði það að umtalsefni, hvar tekjuskatturinn hefði komið niður á undanförnum árum. Það er satt best að segja, að tekjuskatturinn í heild hefir undanfarið orðið minni en menn höfðu gert sjer vonir um, sem stafar bæði af erfiðari afkomu á þessum árum og breytingu á skattalögunum, sem gerð var á þingi 1923, sem gerði að fremur litlu skattinn hjá mjög mörgum lægri gjaldendum, en þó er það svo, að Reykjavíkurbær ber, að því er jeg hygg, um ⅔ alls skattsins síðustu árin. Þessi skattur hefir ekki hvílt nema að mjög litlu leyti á útveginum. Nokkuð hefir hvílt á launamönnum; þó er það ekki svo há upphæð, sem kemur frá þeim, en þó að útgerðarfjelögin hafi ekki borið skatt nema að litlu leyti, vegna afkomu sinnar, þá hafa þeir, sem starfa við þau, haft mjög viðunanleg laun, bæði verkamenn og aðrir starfsmenn, og þetta starfsfólk hjer í bæ hefir borið æðimikið af tekjuskattinum. Fyrir kunnuga menn er auðvelt að sannfæra sig um þetta, með því að líta yfir tekjuskattskrána hjer í Reykjavík.

Hv. fjhn. hefir fundið til þess, að tekjuskattslögin þyrftu endurskoðunar við. Þetta er eitt af því, sem jeg hefi fundið átakanlegast til í starfi mínu í fjármálaráðuneytinu, síðan jeg kom þangað, og jeg mundi vera fús til þess að taka þau til endurskoðunar. Það er rjett, sem hv.

frsm (SE) tók fram, að sú endurskoðun, sem ákveðin var í lögunum sjálfum um leið og þau voru sett, hefir ekki farið fram enn; það hefir verið bjargast við smábreytingar einar, en sjálfri endurskoðuninni skotið á frest. En það verður ekki komist hjá henni til lengdar, en er hinsvegar mjög erfitt verk fyrir stjórnina án sjerstakrar aðstoðar, og það er af því, að það veltur svo mikið á því að taka sem mest tillit til þeirrar reynslu, sem fengist hefir um lögin hjá skattanefndum og yfirskattanefndum, og það er ekki hægt nema að njóta við það aðstoðar sjerstaklega glöggra manna, sem starfað hafa að framkvæmdum laganna hingað til. Það er þess vegna frekar við það mál heldur en við nokkur önnur, sem ætlast er til að undirbúin verði á næstunni, sem stjórninni hlýtur að verða þörf aðstoðar, og jeg vildi mjög gjarnan heyra einhver ummæli, t. d. við 3. umr., frá hv. nefnd um það, hvort hún fyrir sitt leyti vill heimila stjórninni að greiða nauðsynlegan kostnað við aðstoð í þessu skyni, þannig að endurskoðunin virkilega geti orðið byggð á þeirri reynslu, sem fengin er við framkvæmd laganna.

Jónas Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að sá fyrri liður, sem við höfum lagt til, að væri feldur niður, hefði verið tekinn eftir reglu í enskum lögum. Þegar við vorum að athuga þetta í nefndinni, heyrðum við þessa getið, og það var líka tekið fram í aths. stjórnarinnar, að þessi regla væri víðar en á einum stað erlendis. Við leituðumst fyrir um þetta, en niðurstaðan varð sú, að þessi regla væri hvergi erlendis, ekki í Frakklandi, hefði verið í Englandi, en væri nú lögð niður. (*Fjrh. JÞ:* Það er ekki rjett). Jeg skal svo ekki ræða þetta frekar nú, en jeg krefst þess, að hæstv. fjrh. láti nefndinni í tje þá vitneskju, sem hann hefir um samskonar löggjöf í Englandi.

Út af ummælum hæstv. fjrh. um endurskoðun tekjuskattslaganna og þörf á sjerfróðri hjálp í þeim efnum skal jeg taka fram, að þetta er rjett, sem hæstv. fjrh. segir, en því miður hafa stuðningsmenn hans neitað samskonar hjálp við mál, sem máske er ennþá erfiðara að framkvæma án þessarar hjálpar þeirra, sem þekkja vel til úti um land. Jeg vil benda á ósamræmið í þessu, því að hjer er alveg um hliðstæða athugun að ræða.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það má segja, að það þýðir ekki að halda hjer uppi alt of löngum umr. um þetta, þar sem jeg hefi skilið hæstv. fjrh. (JÞ) svo, að hann hafi fallist á álit nefndarinnar og ætli ekki að gera þetta að neinu kappsmáli. Að því er snertir bresku löggjöfina, þá veit jeg ekki annað um hana en það, sem jeg sagði í framsöguræðu minni. Jeg hefi spurt breska ræðismanninn hjer um þetta, en hann fann ekkert hjá sjer í lögum um þetta. Þá var staddur hjá honum Englendingur einn, greindur maður og merkur, sem sagði, að þetta mundi vera numið úr lögum þar fyrir nokkru. Jeg vil taka undir það, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði; jeg vildi gjarnan að nefndinni gæfist kostur á að sjá þessa bresku löggjöf um þetta, því að við leituðum einmitt að þessu, en gátum hvergi fundið. Jeg verð að halda því fram um sjálfa regluna, — jeg játa það að vísu, að reglan er að því leyti útgerðarfjelögunum í hag, — að hún myndi minka tekjuskattinn á þann veg, að það kæmu færri upphæðir undir hærri skattstigin, en aðalatriðið er það, og jeg

sný ekki frá því „principi“ í reglunni, er sje einmitt það, að í staðinn fyrir það, að varasjóður leggur fje til hliðar til að tryggja fjelagið, sem verður að skoða sem mjög holla reglu, þá er það svo í þessu tilfelli, að þar er verið að leggja skuld til hliðar, það er að segja, að maður, sem á að greiða skuld, honum er gefinn frestur á töluverðri greiðslu, og hún færð yfir á næstu ár. Þetta sjest greinilega, ef menn hafa fyrir sjer skýrslu skattstofunnar og kasta svo árunum 1922 og 1923 fram fyrir góðárið 1924, svo að það kæmu tvö vond ár yfir á eftir; þá losna fjelögin við að greiða töluverðan skatt nú, en þurfa svo að endurgreiða mikið af honum á vondu árunum. Þetta er mjög óheppilegt og óholt, því að það er hart að fá tekjuskattinn yfir sig, þegar ástæðurnar eru orðnar erfiðar. Mjer er ennfremur ómögulegt að sjá annað en að fjelag, sem byrjað hefði á góða árinu 1924 og borgað fullan skatt af því, af því það hafði enga fortíð, mundi verða hart úti, ef 1925 og 1926 yrðu vond ár, því þá þyrfti það að borga auk fulla skattsins eftir árið 1924 einnig skatthækkun fyrir það ár á 1925 og 1926. Þannig hefi jeg skilið þetta, — eða er það ekki rjett? *(Fjrh. JÞ:* Jú). Með þessu er í skattalöggjöfinni skapað svo mikið ranglæti, að jeg minnist ekki að hafa sjeð annað meira.

Jeg skal nú, meðan jeg man, leyfa mjer að leiðrjetta villur í nál. Þar stendur 628428 kr., en á að vera 613640 kr. Ennfremur stendur á öðrum stað „hækkun“ fyrir „lækkun“.

Eftir útreikningi skattstofunnar tapar ríkissjóður þetta ár fullum 613 þús. kr. við meðaltalsregluna. Það er auðvitað, að mikið af þessu fje kemur inn aftur á næstu árum. En hve mikið það verður, er ekki hægt að segja um nú.

Hæstv. fjrh. talaði um álit bankanna. Það er satt, að bankastjórar beggja bankanna, að mjer undanteknum, hafa látið uppi álit sitt um þetta mál. Er ekkert um það að segja. Það er auðsjeð, að bankastjórarnir hafa ekki getað litið öðruvísi en vingjarnlega á þá hlið málsins, að fjelögin þyrftu ekki að greiða allan þennan háa skatt á þessu ári.

Þá sagði hæstv. fjrh., að afstaða sín til málsins nú miðaðist við afstöðu mína til málsins sem bankastjóra Íslandsbanka.

Út af þessum ummælum hæstv. ráðherra vil jeg taka það fram, að bankarnir eru þegar búnir að taka sína afstöðu með áliti meiri hluta bankastjórnanna. En jeg hefi tekið mína afstöðu sem fulltrúi þjóðarinnar, en ekki sem bankastjóri. Þetta bið jeg hæstv. ráðherra að athuga.

Þá vil jeg þakka hæstv. ráðherra (JÞ) fyrir, hversu vel hann tók í að taka tekjuskattslögin til endurskoðunar. Það er rjett, að fjhn. þessarar hv. deildar kom því ákvæði inn í þau á þinginu 1921, að þau giltu aðeins um ákveðinn tíma. Var þetta gert til þess að tryggja, að lögin yrðu endurskoðuð mjög bráðlega.

Það er satt, að endurskoðun þessa lagabálks er mikið verk, svo mikið, að telja má víst, að stjórnin þurfi aðstoð til þess. Jeg skal að sjálfsögðu bera þetta atriði undir meðnefndarmenn mína, en jeg tel sjálfsagt, að stjórnin fái þá hjálp, sem hún þarf.

Það er þá ekki fleira, er jeg þarf að taka fram. Jeg þykist hafa gert fulla grein fyrir afstöðu minni til þriggja ára meðaltalsreglunnar. Jeg tel regluna sem slíka mjög óheppilega, jafnvel þó að maður hugsaði sjer þann möguleika, að tekjuskatturinn yrði hvorki meiri eða minni fyrir ríkissjóð, því að hún kemur altaf ranglátlega niður á sumum fjelögum. Í

öðru lagi dregur hún fjelögin til þess að geyma skuldir til framtíðarinnar, sem þau myndu annars borga, og hvetur því fremur fjelögin til óvarfærni. Og í þriðja lagi er hún óheppileg fyrir þá sök, að ríkissjóður getur átt á hættu að tapa við hana fje.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælum hv. 5. landsk. (JJ) vil jeg taka það fram, að hæstv. atvrh. (MG) bjóst við, að hægt yrði að gera forsvaranlegan undirbúning á endurskoðun sveitarstjórnarlaganna án milliþinganefndar. En endurskoðun tekjuskattslaganna mun tæplega geta orðið framkvæmd nema með mikilli aðstoð þeirra manna, sem sjálfir hafa staðið í framkvæmd laganna.

Jeg skal ekki deila við hv. frsm. (SE) um kosti og galla meðaltalsreglunnar. Það er aldrei nema rjett, að hún getur orðið óhagstæð fyrir ný fjelög, sem fá gott ár fyrst, en síðan vond ár. Þetta kom til tals í neðri deild, en var ekki tekið til greina þar, sem ekki var vonlegt, þar sem mikil áhersla er lögð á að fá þessa reglu, bæði af bönkunum og hlutafjelögunum, því að þau telja hana miklu hagstæðari fyrir sig. Þá er ekki nema eðlilegt, að þau taki þennan ágalla á sig, til þess að fá hina hagstæðari reglu.

Að hlutafjelögin fari að leggja skuldir til hliðar, ef meðaltalsreglan kemst á, tek jeg varla alvarlega. Því ef þau gera það, þá leggja þau jafnframt eign til hliðar sem því svarar. Vitanlega getur komið fyrir, að svo illa gangi, að fjelögin tapi bæði þessu fje og meiru, svo ríkissjóður bíði halla við það. En sjaldan mun það koma fyrir.

Það er alveg rjett, að þeirri litlu lækkun á skatti, sem leiðir af meðaltalsreglunni, er auðgert að ná með lækkun á skattstiganum. En hvað ríkissjóð snertir, þá lít jeg svo á, að honum muni meiri þörf á 300 þús. kr. tekjuauka hvort árið 1926 og '27 en þó hann fái 600 þús. kr. nú á þessu ári.

ATKVGR.

Brtt. 524,1.a samþ. í e. hlj., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, JJ, SE, SJ, BK, EP, EÁ, GÓ, H-Steins.

Brtt. 524,1.b samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 524,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—5. gr. (verða 2.—4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 541).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Þegar þetta mál var hjer til umr. í gær, óskaði jeg þess, að hæstv. fjrh. (JÞ) ljeti mjer í tje heimildir þær, sem hann hefði viðvíkjandi enskri löggjöf um meðaltalsregluna um 3 ár. Hann svaraði því þá ekki, en jeg vildi mjög gjarnan, að hann gerði það, og ef hann getur ekki lagt fram neinar heimildir, þá skýri hann nánar frá einstökum atriðum í þessu efni. Það er langt frá mjer að gera lítið úr enskri löggjöf, en þó er þar ýmislegt, sem jeg vildi ekki taka upp í okkar löggjöf, svo sem það að miða útsvarsskyldu við húseignir.

Jeg skildi hæstv. ráðh. (JÞ) svo, að

hann byggist við því, að málið mundi koma fyrir aftur, og er þá gott að þjóðin fái öll gögn á borðið nú þegar. En jeg vil nota tækifærið nú til þess að minnast á meginatriði frv., því það er eflaust eitt af þeim frv., sem mesta athygli hefir vakið. Hæstv. fjrh. veit það, að frv. um herinn, um afnám tóbakseinkasölunnar og um það að hjálpa Standard Oil til að ná hjer fótfestu aftur eru ekki vinsæl meðal borgaranna. En þó hefir mörgum fundist þetta frv. verst og óverulegast, og er þá mikið sagt um frv. þessarar stjórnar.

Það, sem hæstv. stjórn fer fram á, er að hækka ýmsa skatta, svo sem kirkjugjöld, berklavarnagjöld og skólagjöld, og líka að halda fast á verðtolli. Þessi skattapólitík stjórnarinnar er ekki ný, en hæstv. fjrh. hefir gengið lengra en áður hefir verið gert, því að hann hefir hlynt að verðtolli, sem er þyngsti skatturinn á mörgum heimilum. Fólk, sem stofnar heimili, þarf að kaupa margt, og þess vegna er þetta þrælaskattur á því, sem ekki á sinn líka áður. Menn hafa furðanlega sætt sig við þetta, og líka við kaffi- og sykurtollinn, í því trausti, að það sje meining stjórnarinnar að láta þá, sem græða, borga sinn skerf líka. En í þingbyrjun kemur hæstv. fjrh. fram með frv. um að ljetta á þeim, sem mest hafa notið góðærisins. Það vita allir, hvað á bak við liggur, því að hjer lá fyrir að gera þau endemi að bjarga undan skatti þeim, er mest græða. Á kreppuárunum 1921—'24 píndu ótal fátæk heimili sig möglunarlaust til þess að greiða tolla og skatta í ríkissjóð, en svo þegar uppgripagróði fellur í skaut vissra stjetta, býr hæstv. fjrh. til frv. um það að svifta ríkissjóð mörg hundruð þús. króna tekjum. Þetta hefir aldrei verið gert áður. Ekki var talað um það að ljetta skatti af bændum á Austur- og Norðurlandi í fyrra, þegar þeir mistu í mörgum hjeruðum þriðjung lamba sinna. Það á ekki eingöngu að taka hlutafjelög undan, heldur er hjer farið fram á að gefa stjórninni heimild til að gefa eftir skatt einstökum mönnum. Menn hafa haldið fram, að hæstv. fjrh. (JÞ) beri frv. fram fyrir vissa flokksbræður sína, sem væntanlega hafa lagt fram fje í kosningabaráttunni. En hvernig fer? Í hv. fjhn. Nd. er dauft fylgi með a-lið framan af, en svo sækja stjórnarmenn í sig veðrið og flokkur Íhaldsmanna knýr þetta fram þvert ofan í öll mótmæli og rök.

Nú hjeldu allir, að eins og þessi hv. deild er skipuð, mundi málið fara sigurför hjer og hæstv. fjrh. gæti losað landið við 600 þús. kr. í ár. Þetta gekk nú vel framan af, en þá kom fyrir atvik, sem rjett er að segja frá hjer, til þess að sýna, hvað stjórnarflokkurinn hjer er þjóðræknari en í hv. Nd.

Þetta er líkt og með sölu Vestmannaeyja, er hæstv. atvrh. (MG) kvað renna á sig tvær grímur með að selja. Þá dró einn af andstæðingum stjórnarinnar upp fasteignamatið, og kom þá í ljós, að eign sú, sem átti að selja fyrir 250 þús. krónur, var metin yfir 600 þús. kr. Var frammistaða ráðherrans reginhneyksli, enda dó frv. hægum dauðdaga í hv. Nd. Framkoma stjórnarinnar í báðum þessum málum er hliðstæð. Almannafje er kastað í hít sjerhagsmunanna. Íhaldsstjórnin þekkir sína vini. En galdurinn í þessu tekjuskattsuppgjafarmáli stjórnarinnar er sá, að einn Framsóknarmaður í nefndinni krafðist, að skattstjórinn í Reykjavík væri látinn reikna út, hver áhrif breytingin hefði á tekjur landssjóðs úr höfuðstaðnum. Taldi hann það allmikið verk, en hjet því þó, enda er hann duglegur maður. Þegar útreikningur próf. Einars

Arnórssonar kom fyrir nefndina, urðu fylgismenn stjórnarinnar víst öldungis hissa. Annars hafði hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) komist að sömu niðurstöðu með líkindareikningi. En skattstjórinn bygði á framtalsskýrslunum sjálfum. Menn bjuggust við, að hæstv. fjrh. mundi gera sitt ýtrasta til að knýja þetta fram hjer í Ed., eins og hann gerði í Nd., en nú er orðið verra við það að fást fyrir hann, því að hjer eru þungvæg ný gögn komin fram í málinu. Hjer á að svifta ríkissjóð tekjum, sem nema um 600 þús. kr. á ári samkv. útreikningi Einars Arnórssonar. Með þessu fje hefði mátt höggva skarð í lausaskuldir ríkisins, sem fjrh. er að tala um að hann vilji grynna á. Það er því sýnilegt, að hann ætlast til, að þetta tvent fari saman, að grynna á skuldunum og minka tekjur ríkissjóðs. Þegar jeg hafði látið uppi, hver væri niðurstaðan í skýrslu próf. E. A. og þetta vitnaðist meðal þingmanna, rauk hæstv. fjrh. þegar í símann og spurðist fyrir hjá skattstjóra. Stjórnin hefir þá verið svo grunnfær, að hún hefir ekki haft hugmynd um afleiðingarnar af glapræði sínu. Ennfremur hefir það óhapp hent hæstv. fjrh., að í gær drápu allir flokksmenn stjórnarinnar, og hæstv. forsrh. (JM) líka, a.-lið 1. gr. með nafnakalli, og hafði þó hæstv. fjrh. (JÞ) lagt mikið kapp á að koma einmitt þessu atriði fram í Nd., og var honum sá liður aðalkeppikeflið í þessu máli. Það væri annars óskandi, að þeir flokksmenn hæstv. fjrh., sem á annað borð lesa þingtíðindin, vildu bera saman ræður hæstv. fjrh. í þessu máli í Nd. og í Ed., því þeir mundu verða að játa, að það er fyrst eftir meðferð málsins hjer í deildinni, sem maðurinn fer að sjá að sjer, og hefir því ef til vill hjervist ráðherrans í Ed. haft þau áhrif að vekja hjá honum einhvern vísi til föðurlandsástar. En það er miður viðkunnanleg aðferð hjá hæstv. fjrh., að þegar hann sjer, að hann verður að kúvenda í málinu, þá tekur hann tvo bankastjóra í Íslandsbanka og krossfestir þá í þingtíðindunum, með því að lesa upp tillögur þeirra hjer í deildinni. Sjerstaklega er það óviðkunnanleg aðferð, er allir flokksmenn hans hundsa þessar tillögur og fella þær, er þær eru bornar fram, og hæstv. forsrh. (JM) er jafnvel líka með í því að hrella þennan meðbróður sinn. Hinsvegar sýnist höf. frv. hafa fundið einhverja gleði í því að draga Claessen bankastjóra í ógæfuna með sjer. Það var annars ekki fjelegur vitnisburður, sem þessi kauplági bankastjóri gaf hlutafjelögunum; ⅓ þeirra á minna en ekki neitt, ⅓ þeirra á máske eignir, sem eru fyrir skuldum, og ⅓ á ef til vill eitthvað til fram yfir skuldir, ef skynsamlega væri á haldið. Það er því einna líklegust skýring á ofurást hæstv. fjrh. á hlutafjelögunum, að hann hefir fundið, að þeim er farið eins og ungbörnunum, að þau eru algerlega ósjálfbjarga, en eins og nú er komið, virðist þessi hlutafjelagaást snúast upp í útburðartilhneigingu, er Íhaldsmenn Ed. ganga frá barninu dauðu, barninu, sem þeir áttu að bjarga við og fóstra, en bera nú út á kaldan klakann. Jeg skal nú benda á fáeinar meginvitleysur í frumvarpinu. Fyrst að taka út úr vissa gjaldþegna, þ. e. hlutafjelögin, og láta ekki þriggja ára meðaltalsregluna ganga jafnt yfir alla. Þetta stafar auðsýnilega af hlutdrægni og er bersýnilega tilraun til að hjálpa þeim fremur en öðrum. Þetta er frekja og ósvífni, því lögin eiga að vera jöfn fyrir alla. Í öðru lagi hefir hæstv. fjrh. ekki gáð að því, að reglan er sýnilega miðuð við tiltekin fjelög, helst þau, sem eldri eru, og sjerstaklega Kveldúlfs-

fjelagið, enda hefir einn forstjóri þess játað, að það hafi lagt stórfje í blað stjórnarinnar. Hjer á sýnilega greiði að koma á móti greiða. Það má ljóslega sjá, að Kveldúlfsfjelagið græðir á þessu fremur en önnur yngri fjelög. Nýstofnað fjelag, sem hefði t. d. keypt tvo togara á góða árinu 1924, eins og Kveldúlfur, og hefði aflað vel fyrsta árið, en síðan hefðu komið tvö slæm aflaár, færi óðar á höfuðið. Reglan hefði drepið slíkt fjelag, en eldra og sterkara fjelag græðir á breytingunni. Stjórnin hefir undirbúið málið svo illa, að hún hefir ekki tekið eftir því, hversu gífurleg hætta nýjum fjelögum getur stafað af 3 ára reglunni. Eða elskar stjórnin aðallega gömlu togarafjelögin? Í þriðja lagi hefir ráðherrann ekki hugsað út í, hvaða áhrif þetta mundi hafa á tekjuskattinn yfirleitt. Það er mjög mikið fje í veltu, sem rekið er undir nafni einstakra manna; t. d. hefir háttv. þm. Vestm. (JJós) ekki gagn af þriggja ára meðaltalsreglunni með verslun sína. En hver hefði orðið niðurstaðan, ef frumvarpið hefði orðið að lögum óbreytt? Eflaust gagnstætt því, sem nú er efst hjá þjóðinni, sem með skattalöggjöfinni hefir sýnt það, að hún vill ekki ýta undir hlutafjelagsmyndanir og hefir ákveðið dálítið þyngri skatt á þeim en einstökum mönnum. Þetta er og alveg rjettlátt. Það er alkunnugt, að hið mesta böl stafar þjóðinni frá vantandi ábyrgðartilfinningu hlutafjelaganna, því enda þótt til sjeu, sem betur fer, mörg ærleg fjelög, sem reka starfsemi sína með forsjálni, þá er þar þó opin braut fyrir fjárglæframenn að stofna til atvinnurekstrar í hlutafjelagsformi og stökkva síðan á braut frá ábyrgðum og skuldbindingum með fenginn ágóða. Þess vegna hefir þingið viljað gera hlutafjelagsformið óaðgengilegra, vegna hættunnar, sem stafað getur af glæfrum þeirra, og því ákveðið vægari skatt á einstökum mönnum. Ef illa fer, lendir tapið á bönkunum og öðrum viðskiftamönnum, en ýmsir hluthafar geta setið eftir óáreittir með mikinn ágóða. Þetta hefir hæstv. fjrh. annaðhvort ekki sjeð eða þá verið því samþykkur, þó ljótt sje. Þetta út af fyrir sig er nægilegur formgalli til þess að gera frv. óalandi, en þar við bætist, er hæstv. fjrh. þykist þurfa að láta leggja niður bjargráðafyrirtæki þjóðarinnar, steinolíuverslun ríkisins, sem allir vita, að ekki yrði til annars en að hleypa að aftur hringnum sæla, er áður rjeði hjer lögum og lofum í þeirri verslunargrein, en þar eru nokkrir menn nátengdir hæstv. fjrh. Það er líklega til að verðlauna þá fyrir framferði þeirra fyrrum, sem háttv. 1. þm. Rang. (EP) lýsti svo vel 1917.

Jeg sá, að hæstv. fjrh. var allalvarlegur á svip meðan jeg vjek að ósigri hans inn á við og út á við í ræðu minni áðan, en nú brosir hann, er hann heyrir, að minst er á Rockefeller. Skyldi hann gleðjast yfir væntanlegum hrakförum þeirra, sem hringurinn hafði áður leikið svo grátt?

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg á ósvarað háttv. 5. landsk. (JJ) í næsta máli, og jeg hygg, að jeg þá geti fengið leyfi hæstv. forseta til að slá þeim málum báðum saman, til þess að stytta umr., en þó ætla jeg samt að fara nokkrum orðum um þessa síðustu ræðu hv. 5. landsk. Hann kvartaði yfir því; að jeg hefði ekki verið viðstaddur, er hann hjelt hjer námsskeið í deildinni um breska skattalöggjöf, en svo stóð á, að jeg hafði annað að gera í svipinn, og hafi fræðslutilhneiging hv. 5.

landsk. ekki kulnað út á meðan, verð jeg að skjóta því á frest að þiggja fræðslu hans, þangað til þingstörfin eru um garð gengin. Allar aths. hans um þau mál, sem fyrir þinginu liggja, fer jeg lítt út í að þessu sinni. En út af orðum hans um verðtollinn, sem hann kallaði þrælaskatt á nýjum heimilum, og hverjir þar eigi sök á að þetta ráð varð upp að taka, skal jeg þó segja honum eins og er, úr því að hann hefir dregið þetta inn í umr., að það var sú fjármálastjórn, sem með völdin fór árin 1922—1923 og sýndist vera blind á alt, sem þá fór fram, og ljet safnast tekjuhalla í lausum skuldum á hverju ári, án þess að nokkur vissi um, og jafnvel ekki stjórnin sjálf. Að síðustu fór auðvitað svo, er alt var komið í öngþveiti, að grípa varð til þessara harðræða, og var það gert með nær einróma fylgi þingsins, að þessi tollur var lagður á. En í tíð núverandi stjórnar hefir svo giftusamlega til tekist, að tollur þessi hefir fengist uppbættur á annan hátt, svo að hann hækkar ekki lengur verð varanna frá því, sem það var áður, því tekist hefir að jafna gengismismun á okkar peningum og erlendum peningum, t. d. dönskum, svo að meira nemur en verðtollinum. Því finst mjer sem bæði jeg og öll núverandi stjórn geti þessa vegna borið höfuðið hátt, en hv. 5. landsk. ætti að tala með meira lítillæti um þessa hluti. Um útreikning Einars próf. Arnórssonar skal jeg taka það fram, að hann kom mjer alls ekki á óvart. Mjer var ljóst, að um stórar upphæðir var að ræða, sem hlutafjelögin ættu að gjalda, en fjárhagsástæður margra þeirra voru þannig, að þeim var mjög hætt, ef ekki var eitthvað að gert, en hrun þeirra gat haft almennar og illar afleiðingar. Að öðru leyti hefi jeg þegar svarað hv. 5. landsk. við 2. umr., og þarf jeg ekki að bæta neinu þar við.

En er hann gaf í skyn, að tillaga sú um vantraust á núverandi stjórn, sem fram er komin í hv. Nd., hafi haft áhrif á afstöðu mína til þessa eða annara mála, þá er sú tilgáta svo ólíkleg, að hún er naumast samboðin jafnvel svo lítið vitrum manni, sem hv. 5. landsk. (JJ) er. Hann veit vel, að stjórnarflokkurinn hefir aðeins 13 atkv. í hv. Nd., og veltur því á utanflokksmönnum um fylgi stjórnarinnar í þeirri deild. Veit jeg um tvo þeirra (úr Sjálfstæðisflokknum), er fylgja meðaltalsreglunni, og munu þeir að öllum líkindum einnig greiða atkv. stjórninni í vil, ef til atkv. kemur um vantraustsyfirlýsingu. Það gæti jafnvel hugsast, að jeg hefði brotið af mjer fylgi þessara manna með því að setja ekki meðaltalsregluna á oddinn hjer í þessari deild, þar eð þeir leggja allmikla áherslu á, að hún komist í lög. Þetta eitt, fyrir utan ýmislegt annað, sýnir, hversu ólíkleg þessi tilgáta hv. 5. landsk. þm. (JJ) er, að jeg álít það sje honum sjálfum jafnvel ekki samboðið að koma með aðra eins fjarstæðu. Það hefir flogið fyrir, að hv. 5. landsk. ljeti hlera fyrir sig eftir því, sem ýmsir þm. segðu, er þeir væru að tala í síma hjer í þinginu. Þetta er ekki fjelegt athæfi, að setja út fyrir sig menn til þess að standa á hleri, og datt mjer síst í hug, að háttv. þm. (JJ) mundi játa þetta á sig, eins og hann gerði áðan. Það er alveg satt, að jeg hringdi hr. skattstjórann, próf. Einar Arnórsson, upp, og bað hann um afrit af skýrslu sinni til fjhn., en það gat hv. 5. landsk. ekki hafa vitað um, nema hann hefði haft mann til að hlera eftir þessu fyrir sig, ef hann hefir ekki haft tækifæri til að standa á hleri sjálfur. En þetta er öllum þingheimi alkunnugt, að þess háttar athæfi er dagleg venja þingmannsins. *(JJ:* Lygi!). Hv. 5. landsk. (JJ) sagði,

að lögin ættu að ganga jafnt yfir alla. Því er nú svo farið með alla skattalöggjöf, ef fylgja ætti reglum þeirra út í æsar, að ótal dæmi má þá jafnan finna um það, að þau sjeu ekki í alla staði sanngjörn, enda hygg jeg, að það muni reynast torvelt að búa skattalög svo úr garði, að ekki verði eitthvað að þeim fundið, og það með meira og minna rjetti.

Annars ætla jeg ekki eins og nú stendur að yrðast meira við hv. 5. landsk. Hann er í slæmu skapi í dag, líkt og þegar verið er að venja barn af pela. Það er alkunna, að slíkt veldur skapbrigðum, svo að barnið verður órótt og óþekt, enda er það mála sannast, að nýskeð hafi verið kipt pela frá þessum hv. þm. í Sþ. *(JJ:* Getur hæstv. fjrh. sannað dylgjur sínar?). Jeg á við niðurstöðuna í steinolíumálinu og veit, að enginn misskilur orð mín, svo sem jeg meini, að hv. þm. hafi bókstaflega drukkið sjálfa steinolíuna úr pela. *(JJ:* Hvað eiga þessar dylgjur að þýða?).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg bjóst ekki við, að jeg þyrfti að taka hjer til máls aftur. En út af ummælum hæstv. fjrh. um fyrverandi stjórn í þessu sambandi vil jeg segja nokkur orð.

Þegar stjórnin tók við 1922, var nýbúið að endurskoða skattalöggjöfina. Þá var engin vissa fengin fyrir því, hvernig hún gæfist. Var því eðlilegt, að stjórnin vildi bíða eftir niðurstöðunni. En hún sýndi, að skattalöggjöfin gaf minni tekjur en áður. Hæstv. atvrh. (MG), þáverandi fjármálaráðherra, hafði og lýst yfir því, að ekki mætti íþyngja þjóðinni meira með sköttum. 1923 komu fyrst örðugleikarnir alvarlega í ljós. Hefi jeg oft áður skýrt rækilega frá því, hvernig stóð á því, að M. G. í sinni fjármálaráðherratíð varð svo lítið var við hallana, þó miklir væru, og mun jeg ekki endurtaka það hjer. Alt var gert, sem hægt var, til sparnaðar, og fyrirtæki jafnvel stöðvuð, og hvarvetna gætt hinnar ýtrustu varfærni. Þá kom stjórnin í byrjun þingsins 1924 fram með frv. um 25% gengisviðauka, enda þótt núverandi stjórn kæmi því frv. að vísu í gegn. Lögin um verðtollinn voru borin fram af fjhn. Nd. Þessi stjórn hefir því ekki aflað landinu tekna á annan hátt en þann, sem bent var á og undirbúið af fyrverandi stjórn. Hún útvegaði ennfremur 6 milj. kr. lán handa Landsbankanum, eða rjettara studdi að þeirri lánveitingu, og þá var tilætlunin, að lausaskuldir við bankann skyldu festast. Það var því fyrverandi stjórn, sem var búin að slá því föstu að festa skuldirnar og að hins ýtrasta sparnaðar þyrfti að gæta í meðferð landsfjár. Það var á hennar tímum, að hinn alvarlegi snúningur varð í fjármálunum og augu manna opnuðust fyrir því, hvert stefndi.

Nú hefir forsjónin sent þetta gæðaár, 1924, þegar ágóðinn af ríkisbúskapnum varð meiri en allar skuldir ríkissjóðs. Það er ómögulegt að þakka stjórninni þetta, en forsjóninni ber að þakka það. Það er ljett að vera fjrh. í slíku árferði. En 1923 var öldin önnur. Þá var um verulega örðugleika að ræða. Fyrv. stjórn hafði sýnt hinn ýtrasta vilja til sparnaðar, og því verður ekki neitað, að hún var úrræðagóð til að ráða fram úr vandræðunum. Hæstv. fjrh. er væntanlega nú búinn að sjá, hvað örðugt er að ráða við fjárlögin, því altaf sýnist mjer sparnaðarsvipurinn á þeim vera að minka á þessu þingi.

Jeg hefi þá svarað hæstv. fjrh. nægi-

lega fyrir hönd fyrverandi stjórnar og vona, að jeg hafi fyllilega sýnt fram á, að hún gerði það, sem hún gat, til eflingar og viðreisnar fjárhagnum á þeim erfiðu tímum, sem þá stóðu yfir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefði ekki minst á athafnir fyrverandi stjórnar í þessu sambandi, ef mjer hefði ekki verið gefið tilefni til þess af einum flokksmanni hennar. Jeg deildi alls ekki á háttv. 1. landsk., enda sagði hann, er þingið 1921 hafði skattakerfið til meðferðar, að breytingarnar myndu valda 2½ milj. kr. tekjuhalla, og verður ekki annað sagt en að hann hafi orðið þar sannspár. En hitt verður ekki hrakið, að stjórnin 1923 kom ekki fram með nauðsynlegar till. til endurbóta. Sú eina till., sem fram var borin, svo til bóta væri, var um lágan verðtoll á nokkrum vörutegundum, en fyrir henni voru færð svo ljeleg rök, að hún náði ekki fram að ganga. Hv. þm. (SE) mintist á góðærið 1924, þessa sendingu forsjónarinnar. Ekki vil jeg draga úr þeim ummælum. En það mætti líka minna á, að forsjónin sendi þá einnig landinu stjórn, sem meðal annars lækkaði útgjöldin, sem hv. þm. (SE) lýsti svo átakanlega, um 1½ milj. kr.

Jónas Jónsson: Mjer virðist framkoma hæstv. fjrh. (JÞ), þegar hann er að tala um sínar útlendu fyrirmyndir, minna á börn, sem biðja um að lána sjer 25 aura „þangað til á morgun". Hann segir, að þetta fyrirkomulag tíðkist í „ýmsum" löndum. Þó mun hálf fordæmi í Englandi vera það eina, sem hægt er að benda á. Í stað þess að láta opinberar skýrslur fylgja stjfrv., hafa verið settar aths. við það, þar sem sumt hefir reynst vera hrein ósannindi við athugun nefndarinnar. Og þegar hæstv. fjrh. er gefinn kostur á að koma með heimildir máli sínu til sönnunar, þá þegir hann eins og steinn, eða beiðist vægðar. Jeg held því, að óhætt sje að segja, að margt í þessum „athugasemdum" hans sje uppspuni einn.

Í fyrra hjelt þessi sami hæstv. ráðherra fyrirlestur um fjármál landsins og bauð þingmönnum að hlusta á. Gekk hann þá í gegnum landsreikningana, einkum í tíð hæstv. forsrh. (JM) og hæstv. atvrh. (MG). Tilgangurinn með ræðu hans þá var að kasta skugga á þessa núverandi samverkamenn hans til að hreppa forsætið sjálfur, sem þó mistókst af leiðinlegum en skiljanlegum ástæðum. Það er alveg rjett hjá hæstv. fjrh., að ef athugaðar eru gerðir núverandi yfirboðara og jafningja hans, kemur margt misjafnt fram. En verri blekking en þetta er þó fáheyrð. Hæstv. fjrh. er formaður þess flokks, er fór með völdin 1921, er fjárlögin fyrir 1922 voru afgreidd. Getur það talist sparnaðarstjórn, sem situr eftir slíka afgreiðslu á fjárlögum? Hvað var eðlilegra en að stjórnin leysti upp þingið og efndi til nýrra kosninga? En hvað gerði stjórnin, sem núv. yfirboðari og jafningi hæstv. fjrh. skipuðu þá? Hún sat eins lengi og henni var unt, án þess jafnvel að gera nokkuð til að vara þjóðina við ástandinu. Hún gerði ekki hið sama og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) gerði 1923, er hann stöðvaði allar framkvæmdir á ríkissjóðskostnað og hringdi stórubjöllu, svo þá skildu allir hvar komið var.

En meðan landið safnaði miljónaskuldum voru haldnar hjer dýrlegar veislur, svo að hundruðum þúsunda nam, þvert ofan í vilja þess gert, er fagna skyldi. Sá tigni gestur skildi ástandið betur en þeir, sem fyrir veislugleðinni og sukkinu stóðu.

Þá voru innlend lán tekin, og þau

sukku í botnlausa hít. Þá var tekið enska lánið með 15% afföllum og mátti ekki borgast fyr en eftir vissan árafjölda. Hundruð þúsunda gengu til braskara fyrir að vera milliliðir og kannske meira. A. m. k. skrifuðu slíkir menn hingað síðar og sendu þunga bakreikninga.

Jeg held, að ef hæstv. fjrh. vildi bera saman, hvað tapaðist og eyddist í stjórnartíð núv. hæstv. forsrh. (JM) og hv. 1. landsk. (SE), að þá kæmi það meðal annars í ljós, að það voru hans samherjar, sem tóku enska lánið til að bjarga þessum brjóstbörnum, útgerðarfjelögunum, sem Claessen lýsti svo vesallega. Jeg hefi aldrei heyrt meiri ósvífni en þá, að sá flokkur, sem setti landið á hausinn, skuli nú byrja að tala um sig sem viðreisnarflokk. Vel má vera, að hann segi: „Jeg var þá ekki fjármálaráðherra“. En hann var stuðningsmaður þeirrar stjórnar, er tók við fjárlögunum 1922 með 2½ milj. tekjuhalla. Það var hans stjórn, sem safnaði miljónaskuldum, og tók síðan enska lánið með hinum alkunnu ókjörum. Ekkert annað en viðurkenningin á þessum syndum getur mildað dóm þjóðarinnar.

Hæstv. fjrh. getur verið glaður yfir þorskinum. Hann lagaði talsvert fjármál Íslands árið sem leið, og hvernig sem hæstv. fjrh. vill láta meta það við þorskinn, þá er það víst, að þessi skepna, sem aldrei hefir látið kalla sig heila heilanna, hefir haft betri áhrif á fjármálalíf landsins heldur en hæstv. stjórn, sem sjálf var að gefa sjer meðmæli áðan hjer í deildinni.

Hæstv. fjrh. vildi þakka sjer, að ástandið væri betra, og talaði um sparsemi núverandi stjórnar. Jeg vil benda honum á, að þegar fjárlögin voru samin í fyrra, voru Framsóknarmenn jafnsterkir Íhaldsmönnum í fjvn. Nd., og það voru engu síður andófsmenn stjórnarinnar, sem reyndu að spara þar sem það átti við. Hæstv. landsstjórn hefir ekki meiri viðbjóð á eyðslunni en svo, að hún hefir undir sinni vernd þann manninn, sem allra þingmanna hefir verið ógætnastur um fjármál landsins. Það verður ekki betur sjeð en að hæstv. fjrh. hafi verið mjög óspar á fríðindi til þess að tryggja sjer þennan mikla sparnaðarmann. Hæstv. fjrh. vildi afsaka verðtollinn með því, að krónan hefði rjest við. En hefði þá ekki verið gott að fá hvorttveggja, hækkun krónunnar og engan verðtoll. Ef hæstv. stjórn hefði gengið inn á till. okkar Framsóknarmanna í fyrra um að banna innflutning á óþörfum varningi, þá hefði stjórnin ekki þurft að gefa þorskinum æruna fyrir batnandi fjárhag ríkisins. Jeg skal benda á, hvernig stóð á lækkun krónunnar. Það voru ekki kaupfjelögin, sem feldu hana. Þau hafa haft nægan útlendan gjaldeyri, og jafnvel hjálpað bönkunum. Nei, það voru brjóstbörn Íhaldsins, sem feldu hana, það voru togararnir. Þeirra vegna söfnuðust skuldir 1920 og þeirra vegna varð að taka enska lánið. Þeir menn feldu krónuna, sem nú vilja opna fyrir steinolíuhringnum. Það var mótsögn hjá hæstv. fjrh., þar sem hann sagði, að sjer hefði ekki komið á óvart útreikningur skattstjórans. Það hefir verið hlegið mikið að þeim snúningi Íhaldsinna, sem orðinn er í þessu máli hjer í deildinni, en auðvitað dettur mjer ekki í hug að áfella neinn fyrir að snúast til betra máls. Það sjest, að hæstv. fjrh. hefir ekki verið búinn að leita álits skattstjórans, þegar hann bar fram frv., enda játar hann að hafa hlaupið strax í símann þegar útreikningurinn kom. Hann

leit fyrst og fremst á hagsmuni fjelaganna. Nú segir hann, að góður afli togaranna í vetur hafi komið sjer til að snúast, af því hann sjái að fjelögin geti borgað. En sú skýring er ekki trúleg. Sá, sem vildi þetta í byrjun þingsins, gat ekki snúist af þessum ástæðum. Það er sannað, að hæstv. fjrh. hefir ekki farið í frumheimildina, skattstjórann. Þá hefði hann ekki þurft að stökkva hjer út úr deildinni meðan jeg var að halda ræðu, til þess að spyrjast fyrir. Honum þykir undarlegt, að jeg skyldi vita um erindi sitt. En jeg get sagt honum, að hún varð strax heyrinkunn í þinginu þessi setning Íhaldsmanna, er þeir voru ráðþrota: „Við skulum bara þegja og láta þá skamma okkur eins og hunda“. Þar sem hæstv. fjrh. segir, að jeg muni hafa einhverja heyrara í þinginu, þá eru það hrein og bein ósannindi. Sjálfur var jeg að halda ræðu og gat ekki hlustað á hann, en um þjóna þingsins er það að segja, að þeir eru ráðnir af forsetunum, flokksbræðrum hæstv. fjrh., svo að það væru þá fremur þeir, sem gætu ráðið menn til að hlusta. Jeg lýsi ráðherrann ósannindamann að því, að jeg hafi slíka menn í þjónustu minni. Aftur get jeg mint hann á, að það hefir sannast um einn flokksbróður hans, sem er starfsmaður landsins við símann, að hann hefir misnotað aðstöðu sína með því að hafa eftir mjer ummæli, sem jeg átti að hafa talað í símann. Ef hæstv. fjrh. óskar að fara út í, hvernig aflað er til starfsfólks, sem best stendur að vígi með að hlusta á símtöl manna hjer, þá mun hann ekkert græða á því, nje heldur vinir hans, sem að þeim ráðningum standa.

Þá segir hæstv. fjrh., að það geri víst ekki mikið til, þó að lögin gangi ekki jafnt yfir alla; að minsta kosti sje ekki kvartað yfir því, þó að þau komi þungt niður á hlutafjelögunum. Hæstv. fjrh. gefst fyrst upp á því að afsaka það, sem hjer er aðalatriðið. Hann ætlaði að búa til sjerstaka undantekningu fyrir vini sína í hlutafjelögunum. Hann ætlaði að raska því jafnvægi, sem á að vera í skattaálagningu, með því að gera hlutafjelögunum óeðlilega ljett fyrir. Hæstv. fjrh. vill hvorki nú nje endranær koma inn á það, hvort heppilegra sje að reka viðskifti í hlutafjelögum eða fyrir einstaklings reikning. Ef til vill er sementsverslunin hans hlutafjelag. *(Fjrh. JÞ:* Alls ekki hlutafjelag). Það gleður mig, að hæstv. fjrh. er enn á hinu fullkomnara siðferðisstigi um verslunarrekstrinn. Hlutafjelögin eru að vísu samsafn manna, en sálin í þeim eru þó peningarnir, og það er það, sem gerir þau ósiðleg. Peningarnir eru voldugir. Þeir stjórna blöðum, þeir ráða atkvæðum, þeir mynda steinolíuhring, þeir ráða á ótal sviðum. Hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) hefir alveg gefist upp við að afsaka þá siðferðilegu hættu, sem af hlutafjelögum getur stafað, þar sem peningarnir standa bak við, en ekki menn.

Út af dylgjum hæstv. fjrh. um, að jeg hefði hagnað af steinolíueinkasölunni, gaf jeg honum tækifæri til að sanna þau ummæli. Hann gerði það ekki. Jeg verð því að lýsa hann ósannindamann að þessum dylgjum. Hafi hann rök, þá skora jeg á hann að koma með þau. Jeg hefi engar tekjur af þessu fyrirtæki og á þar engra persónulegra hagsmuna að gæta. Jeg tek enga borgun fyrir blaðagreinar mínar um þetta efni fremur en önnur. Jeg skrifa aldrei neitt fyrir peninga. Jeg geri aldrei neitt fyrir peninga. Hæstv. fjármálaráðherra skilur þetta kannske ekki, en það er ekki mín sök.

Í sinni löngu ræðu útskýrði hæstv. fjrh. á engan hátt þann flótta, sem hann lagði á hjer í gær í þessu máli. Hann gerði enga grein fyrir því, hvers vegna allar áskoranirnar út af togarafjelögunum eru nú hættar að gilda. Hann segist ekki vera hræddur við vantraustið, — en gæti nú ekki verið, að einhver þessara 13 sálna, sem fylgja honum í Nd., hefði orðið hissa við að sjá skýrsluna frá skattstjóranum og hikað við að rjetta upp hendina til trausts? Að minsta kosti er mjög undarlegur þessi flótti hæstv. fjrh. hjer í deildinni, eftir því sem hann talaði um þetta mál í Nd. Hvort hann vill skrifta fyrir þjóðinni eða láta hana giska á sannleikann, því ræður hann auðvitað sjálfur. Mjer hefir dottið í hug ein líking út af framkomu hæstv. fjrh. í þessu máli. Það kemur stundum fyrir um bjartar nætur, að stigi sjest reistur upp við hús og maður á leiðinni upp stigann, sem ætlar inn um glugga, þar sem fjárvon er inni. En ef hrópað er til hans, þá hraðar hann sjer niður aftur sömu leið tómhentur. Það, sem komið hefir nú fyrir hæstv. fjrh., er hliðstætt þessu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg veit ekki, hvort aukandi er á raunir þessarar hv. deildar með því, að jeg, sem ekki á sæti hjer, fari að bæta við þetta langlokutal hv. 5. landsk. (JJ), sem er hennar maður og hv. deildarmenn eiga ekki undanfæri frá nema flýja úr stólum sínum, þegar lopinn teygist sem mest. Jeg ætla samt að svara fáeinum orðum. Hv. 5. landsk. er sjálfur þannig innrættur, að það, sem hann gerir, gerir hann af persónulegum hvötum, annaðhvort af velvild eða hatri til einhverra manna. Þess vegna skilar hann ekki, að nokkur maður geti tekið sjer fyrir hendur að setja fram rjettar upplýsingar, nema það sje gert af góðum eða illum hvötum til sjerstakra manna. Vegna þessa ófullkomleika síns getur hv. 5. landsk. ekki skilið annað en að þessi fyrirlestur minn um fjárstjórn landsins hafi verið fluttur til þess að setja vissa menn í skugga. Ef hv. þm. (JJ) semdi fyrirlestur um þjóðmál, þá mætti ganga út frá því vísu, að hann gerði það til þess að bera hól á þá, sem honum þætti vænt um, og til þess að kasta skugga á hina. En hv. 5. landsk. er undantekning í þessu efni. Þó að jeg leggi eitthvað til landsmála, þá er það ekki af þeirri ástæðu, sem stjórnar tungu og penna hv. 5. landsk. Jeg gat ekki annað en brosað, þegar háttv. 5. landsk. lýsti því, að fyrv. atvrh. (KlJ) hefði hringt stóru bjöllunni og stöðvað allar framkvæmdir. En hvernig stóð á því, að þrátt fyrir þessa hringingu og stöðvun urðu útgjöldin 1½ milj. kr. hærri 1923 en hjá mjer og samverkamönnum mínum 1924? Við hringdum þó ekki neinni stórri bjöllu. Nei, það er alt annað, sem verður að gera, en að hringja stórri bjöllu og láta allar framkvæmdir stöðvast á miðju sumri. Það er tilgangslítið að deila um, hverjum sje að kenna þær illu kringumstæður, sem ríkissjóður komst í í stjórnartíð Framsóknarflokksins. *(JJ:* Það var ekki Framsóknarflokksstjórn, sem samdi fjárlögin fyrir 1922). Nei, það er rjett, að aðrir voru við stjórn 1921, en það hefði heldur ekki farið eins illa, ef fjárlögunum hefði verið fylgt. Út af tali hv. 5. landsk. (JJ) um þetta er rjett að geta þess, að eftir landsreikningunum 1922 hefir stjórnin á því ári borgað utan fjárlaga 2 milj. 118 þús., og umframeyðsla á fjárlagaliðum 648 þús., eða alls 2 milj. 766 þús. kr., en síðara árið, 1923, 2 milj. 82 þús. utan fjárlaga og umframeyðsla 1 milj. 132 þús., eða alls 3 milj. 214 þús.

Niðurstaðan verður sú, að stjórnin, sem sat 1921, fer sigri hrósandi út úr samanburðinum við þá, sem á eftir kemur, ef bornir eru saman þeir liðir, sem ekki eru lögbundnir, en það verður að gera, því að það eru þeir einir, sem stjórnin hefir á valdi sínu. Það væri kannske ekki svo mikil ástæða til að fást um þetta, ef ekki stæði svo sjerstaklega á, að þessi hv. þm. gerir sjer það að atvinnu meðal annars að vera sagnaritari og skrifar sögubækur, sem hann ætlar til kenslu barna og unglinga í landinu. Jeg verð að játa, að jeg hefi ekki lesið þær, en það verð jeg að segja, að ef hann er jafnóáreiðanlegur í söguritum sínum eins og frásögn sinni hjer um viðburði, sem öllum eru kunnir, þá er vissulega ástæða til að taka þessar sögubækur til sjerstakrar skoðunar til þess að athuga, hvort ekki sje verið að kenna æskulýð landsins algerlega rangar frásagnir um sögu landsins.

Það er öllum vitanlegt, að Íhaldsflokkurinn var stofnaður í þingbyrjun 1924, og þó að menn að einhverju leyti vilji telja, að bandalag það, sem var hjer á þinginu næstu árin á undan, hafi verið fyrirrennari þessa flokks, — sem jeg skal ekki bera neinar brigður á — þá var það bandalag altaf kallað Sparnaðarbandalagið og var ekki stofnað fyr en 1922.

Hvað mig sjálfan snertir, þá átti jeg engan þátt í stjórnmálum á neinn hátt frá 1917 og þangað til jeg bauð mig fram 1921. Alt tal um það, að þessir og þessir menn hafi á löngu liðnum árum verið mínir flokksbræður er tilraun til að falsa söguna, þegar það er sagnaritari, sem setur slíkt fram. Á sömu bókina er það lært hjá hv. þm., sem hann er að masa um gildi og vín og veisludýrð og þar fram eftir götum. Þetta eru tilraunir til þess að búa til ranga sögu um undanfarna viðburði.

Það var alt misskilningur hjá hv. þm., að jeg hafi verið að minna á fjárlögin á síðasta þingi. Jeg hafði einungis getið þess, að útgjöldin á síðasta ári hefðu verið 1½ miljón kr. lægri en á næsta ári á undan.

Þá skal jeg víkja ofurlítið að því, sem hv. þm. sagði um afstöðu mína til meðaltalsreglunnar. Hann tók það rjettilega fram, að mjer var ókunnugt um skatthæð þá, sem þessi hlutafjelög áttu að greiða. Þegar stjórnarfrv. var samið, þá voru enn ókomin framtöl frá síðasta ári, svo ekki var hægt að miða við þau. En þegar þau gögn komu fram, voru þau mjög nálægt því, sem við höfðum búist við.

Út af því, sem hv. 5. landsk. sagði um mína verslun, vil jeg geta þess — sem jeg að gefnu tilefni gat einnig um í hv. Nd. —, að hún er ekki hlutafjelag, og að jeg er ekki og hefi aldrei verið hluthafi í neinu útgerðarfjelagi, og ekki nú hluthafi í neinu hlutafjelagi, sem myndi hafa neinn hagnað af upptöku meðaltalsreglunnar. Það eina hlutafjelag, sem jeg á nokkurn verulegan þátt í, er ekki gróðafjelag, og það mundi tapa á meðaltalsreglunni, af því að það hafði engan arð 1924, en dálítinn arð næstu árin á undan.

Háttv. þm. bar af sjer, að hann hefði sjálfur verið að hlusta á tal mitt í símann. Enda fer meira orð af því, að þessi hv. þm. hafi aðra til að hlusta fyrir sig yfirleitt. En þar með vildi jeg ekki segja, að það væri starfsfólkið hjer á Alþingi, sem háttv. þm. notar í þessum erindagerðum sínum. Jeg vil algerlega bera af starfsfólkinu það ámæli, sem hv. þm. beindi til þess, þar sem hann virtist gera ráð fyrir, að ekki gæti verið öðrum til að dreifa um þessa sakargift en annaðhvort honum sjálfum eða starfsfólkinu. Hjer eru sím-

arnir svo að segja á almannafæri, þannig að sjerhver, sem fær aðgang að hliðarherbergjum þingsins, getur haft færi á að hlusta á símtöl, ef hann vill hafa sig til þess, og það hefir hver þm. rjett til að leyfa tiltekinni tölu manna aðgang að þingherbergjum, hv. 5. landsk. (JJ) eins og aðrir.

Um hagsmuni peninganna ætla jeg lítið að tala; jeg þekki þá ekki, enda aldrei verið peningar. *(JJ*: Sama sem). En hv. 5. landsk. (JJ) talar um þá af svo mikilli þekkingu, að ætla mætti, að það væri af eigin reynslu. En þar sem jeg sagði, að pelinn hefði verið tekinn frá honum, þá átti jeg ekki sjerstaklega við það, að hann hefði persónulega hagsmuni af steinolíueinkasölunni, heldur átti jeg við það, að hann og hans flokkur hefir mikla pólitíska hagsmuni af henni, eins og framkoma þeirra ljóslega sýnir. En hvernig fjárskiftin eru innan flokksins, læt jeg mig ekki varða, en jeg get vel tekið það trúanlegt, þegar hv. þm. segir að hann hafi aldrei neitt þegið fyrir það, sem hann hefir gert.

Háttv. þm. kvartaði undan því, að jeg gerði ekki grein fyrir, hvers vegna jeg að svo komnu máli hjeldi ekki fast við meðaltalsregluna, en mjer datt ekki í hug, að þörf væri að endurtaka það, þar sem jeg gerði það svo skilmerkilega við 2. umr. málsins. En jeg skal honum til hugnunar endurtaka tvö höfuðatriði; annað er það, að það lítur svo vel út með árferði, að það má að minsta kosti vonast eftir, að fjelögin geti borgað skattinn, og hitt er það, að einn bankastjórinn við Íslandsbanka kemur fram með till., bygða á því, að fjelögin geti borgað þetta, án þess að það verði atvinnu þeirra til hnekkis. En hvorugt þetta var fyrirsjáanlegt um áramótin.

Hv. 5. landsk. (JJ), sem hefir bakað samdeildarmönnum sínum marga leiðinlega stund, var nú að reyna að bæta úr því með því að tilkynna Íhaldsmönnum í þessari hv. deild, að þeir væru þjóðræknari og vitrari og betri en flokksbræður þeirra í hv. Nd. Jeg ætla alls ekki neitt úr þessu lofi að draga, þegar þetta kemur af vörum hv. þm.; en jeg vil einungis benda honum á það, að þegar hann ber þá ástæðu fyrir þessu, að Íhaldsmenn hjer í hv. deild vildu ekki aðhyllast meðaltalsregluna, þá leiðir það þar af, að t. d. Danir, sem ekki hafa þessa reglu, þeir ættu að vera þjóðræknari og vitrari og betri en Bretar, sem þessa reglu hafa.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki að gera hv. 5. landsk. (JJ) það til geðs að ræða um það, sem hann beindi til mín, því jeg býst við, að hv. þdm. hafi fengið í bili nokkurnveginn nóg straff synda sinna, þótt einhver verði endir á vaðli hans. En jeg vildi aðeins biðja hv. þm. að segja, hvað hann hefir fyrir sjer í því, hvað jeg hafi átt að hafa verið að tala um við konung í veislunni, og hvað hann hefir fyrir sjer í því, að vínið hafi flotið eins ört og hann gaf í skyn. Jeg skal ekki segja, hvernig þessu er varið í veislum, þar sem hv. 5. landsk. er viðstaddur, en jeg hefi aldrei nokkurn tíma orðið var við, að við slík tækifæri væri haft vín um hönd. Nei, þetta er ein af Gróusögum hv. 5. landsk., sem maður er farinn að venjast.

Jónas Jónsson: Það væri eiginlega æskilegt, að hæstv. forsrh. (JM) reyndi

að nota sitt litla minni, þó hann gerist nú sjálfur nokkuð gamlaður.

Jeg get mint hæstv. forsrh. á það, að veislan var hjer í bænum og það var veitt vín í þeirri veislu; þar sat hæstvirtur forsætisráðherra og helstu broddborgarar bæjarins. Vínið flaut í straumum. Allir vissu, að það var óleyfilega innflutt og notað. En landsstjórnin lokaði augunum. Hæstv. ráðherra (JM) ætti líka að muna eftir þeirri útreið, sem hann fjekk við Ölfusárbrú, og hann ætti ekki að minnast of mikið á þessi veisluhöld og kostnaðinn, sem varð við þau, sem landsreikningarnir sýndu.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að fyrirlestrar sínir hefðu verið fluttir í fræðsluskyni. Hvaða heilbrigður maður getur lesið þessa fyrirlestra án þess að finna, að þeir eru beint stílaðir til þess að lækka þessa tvo samherja hæstv. ráðherra (JÞ), sem áttu sæti í stjórninni 1920—'22?

Hæstv. ráðherra (JÞ) vildi láta heita svo, að það hefði enga þýðingu, að fyrverandi fjrh. sagði þjóðinni það sumarið 1923, að sú stefna og það ástand, sem stofnað var til 1920—'22, gæti ekki lengur haldið áfram; það yrði að fara að snúa við. Á þessari viðvörun var bygður sparnaðurinn á þinginu 1924. Hvernig sem hæstv. ráðherra reynir að snúa þessu, þá er ómögulegt að komast utan um enska lánið eða innanlandslánið og alt sukkið og alla miklu eyðsluna, sem kölluð var „fjáraukalögin miklu.“ Viðvíkjandi fjárlögunum varð hæstv. fjrh. að játa. að samherjar hans tóku við þeim ómögulegu fjárlögum, sem giltu fyrir árið 1922. Einmitt núverandi yfirmaður hans var þá líka forsætisráðherra, og það var hans skylda og þeirra, sem með honum voru, að kippa í taumana. Greiðslur fyrv. stjórnar voru svo hverfandi litlar í samanburði við fjáraukalögin miklu. Náttúrlega var það áframhald á sömu braut, en í ofursmáum stíl; og síðast var það komið svo, að fyrverandi fjrh. borgaði ekki eftir fjárlögum til nýbygginga, til vega og brúa og síma. Hann braut þar af leiðandi formlega fjárlögin, enda viðurkendi hann það. En sukk Íhaldsmanna olli, að svo harðlega varð að taka í taumana.

Að hæstv. fjrh. vill afneita samherjum sínum, það á hann við sjálfan sig. Það verður ekki kringum það komist, að nær allir sömu menn núlifandi, sem voru leiðandi menn í Heimastjórnarflokknum, voru fylgismenn hæstv. forsrh. á stríðsárunum og síðan í sparnaðarbandalaginu. Þeir skírðu sig bara upp; — það er líkt og fínn flöskumiði, sem á að breyta innihaldinu, en það verður samt altaf það sama.

Hæstv. ráðherra (JÞ) byrjaði skrítna vísindamensku. Hann dæmdi um bækur, sem hann hefir ekki lesið, og býst við að þær sjeu óhæfar. Það, sem hann byggir á, er það, að maðurinn, sem skrifaði þær, hafi talað um veislur 1921, og að hann hafi nefnt sukk og svo enska lánið. Jeg hefði gaman af, að hæstv. ráðherra (JÞ) vildi athuga, hvað hann er að gera, því það, sem hann heimtar, er, að sagan sje fölsuð. Þó það sje máske hæstv. ráðherra (JÞ) til hrygðar, þá verð jeg að segja, að jeg hefi ekki lesið litlu bókina hans. Mjer finst hún eitthvað svo heimskuleg á svipinn, einhver vandræðalegur lánþiggjandablær á öllu útlitinu. En mínar bækur eru lesnar svo að segja á hverju heimili á landinu. Þær hafa aldrei verið í lággengi.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skil, að hv. 5. landsk. (JJ) þykir slæmt að geta ekki tekið þátt í umræðunum um van-

traustið í hinni deildinni, og vill því bæta það upp hjer.

Hv. þm. var ennþá að tala um það, að jeg hefði fengið ofanígjöf við Ölfusárbrú. Það er þá best jeg segi frá þessu atviki, til að sýna, hvað þetta bendir á mikla fávisku. Jú, jeg sagði það í ræðu, að ferðin hefði gengið mjög vel, og vildi þakka það, að hamingja konungsins hefði fylgt okkur. Konungur svaraði, að það hefðu verið æðri völd en sín hamingja, sem hefðu hjálpað á ferðinni.

Ef sá maður, sem heyrði þessi orð og bar söguna, hefði þekt ofurlítið það, sem allir nokkurnveginn sæmilega mentaðir menn þekkja, úr sögunni um Cæsar, þá hefði honum aldrei dottið í hug, að neitt athugavert væri við þetta. Ferjumennirnir óttuðust, að þeir mundu farast, er þeir fóru yfir fljótið, en Cæsar bað þá að óttast ekki, af því þeir hefðu hamingju Cæsars í förinni. Þetta er síðan frægt orðið, og hafa margir minst þessara orða síðan. Nú hlustaði þarna maður, sem efalaust er fremur fáfróður og skildi þetta ekki. Háttv. 5. landsk. (JJ) skilur það vel, þó hann vilji ekki skilja, að hviksaga þessi er einungis sprottin af heimsku og fáfræði manns, er á hlýddi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. vildi bera blak af fyrverandi fjrh. Framsóknarflokksins, sem hafði stjórnað 1922, með því, að mínir samherjar hefðu tekið við fjárlögunum fyrir 1922. En tölurnar, sem jeg var búinn að hefja fram, sýna það, að það, sem stjórnin 1922 brúkaði utan fjárlaga og umfram fjárlögin, nemur meiri upphæð en allur tekjuhalli ársins, þannig að ef stjórnað hefði verið eftir þeim fjárlögum, sem mínir samherjar tóku við, þá hefði enginn tekjuhalli orðið. *(JJ:* Var enginn tekjuhalli á þeim?). Jeg hefi ekki frv. fyrir framan mig, en hann var máske einhver; en jeg hygg þetta sje samt rjett, að það hefði enginn tekjuhalli orðið, ef gjöldunum hefði verið haldið í því horfi, sem fjárlögin ætluðust til. Þó fjárlögin væru áætluð með tekjuhalla, þá urðu tekjurnar það mikið fram úr áætlun, að nægt hefði. Ef einhver stjórn á hjer sök, er það auðvitað sú stjórn, sem framkvæmdi fjárlögin.

Þá nefndi hv. þm. fjáraukalögin miklu, og mintist þar með á eina af þeim mestu blekkingum, sem blað hans hefir flutt, þegar farið var að gera það að ásökunarefni á stjórnina, að þingið 1919, sem samdi fjárlögin fyrir 1920 og 1921, umsteypti jafnframt allri launalöggjöf landsins á þann hátt, að mikill þorri gjaldanna var ekki tekinn upp í fjárlagagreinirnar sjálfar, heldur átti að greiðast samkv. þeirri fjárlagagrein, sem síðan er tekin upp sundurliðuð í aukafjárlög. Þessi blekking var fram borin sem tilraun til þess að álasa stjórninni fyrir það, að hún inti af hendi lögmælt útgjöld.

Þá talaði hv. þm. um það, að jeg hefði verið að afneita samherjum mínum, og vildi halda því fram, að í Íhaldsflokknum væru allir þeir sömu menn og í Heimastjórnarflokknum áður. Mætti jeg minna þennan háttvirta sagnaritara á það, að 2. þm. Árn. (JörB), sem nú er í Framsóknarflokknum, og síðasti fjármálaráðherra þessa lands (KlJ), þeir voru báðir í Heimastjórnarflokknum fyr á árum; einnig herra landsverslunarforstjóri Magnús Kristjánsson, sem ekki er talinn ómerkur liðsmaður Framsóknarflokksins. Og aðalritstjóri Framsóknarflokksblaðsins, sem nú er þm. Str. (TrÞ), hann var

einnig, þó ungur væri, liðsmaður í þeim sama flokki.

Þetta ætti væntanlega að nægja til þess að sýna það, hvort í Íhaldsflokknum í hv. Nd. sjeu allir sömu menn, sem áður voru í Heimastjórnarflokknum. Svo mætti vitanlega halda áfram með því að telja þá menn, sem eru nú í Íhaldsflokknum en voru ekki áður í Heimastjórnarflokknum. Jeg skal einungis nefna í þessari deild hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. þm. Vestm. (JJós), og í Nd. hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Jeg gæti talið marga fleiri, en þessi upptalning nægir til að sýna og sanna, hversu hv. 5. landsk. er ósýnt um að vita rjett um og segja satt frá samtímaviðburðum. Það færi betur, að honum hafi tekist betur við bækur sínar, sem hann segir, að sjeu mikið lesnar, og er það ánægjulegt fyrir hann. Hitt er jafnánægjulegt fyrir mig, að hann segist ekki hafa lesið mína bók, af því að honum hafi fundist hún svo heimskuleg. En af hverju fanst honum bókin heimskuleg? Hann virðist hafa orðið einhvers vísari um efni hennar án þess að lesa hana.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 541).

Á 80. fundi í Nd., fimtudaginn 14. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Fjhn. hefir ekki haft tækifæri til þess að halda fund um málið og breytingar þær, sem á því hafa orðið. Að vísu finn jeg ekki ástæðu til þess að kvarta um þær breytingar, en jeg gæti trúað því, að einhverjir aðrir litu á þær með minni velþóknun. En þrátt fyrir þetta býst jeg við því, að meiri hl. nefndarinnar geti sætt sig við frv. og þá niðurstöðu, sem hv. Ed. hefir komist að. Breytingar hv. Ed. eru í rauninni fullkomin viðurkenning á því, að rjettur hafi verið skilningur meiri hl. nefndarinnar hjer í Nd. á því, hverjar hefðu orðið afleiðingar frv., ef það hefði verið samþykt í sinni upphaflegu mynd, og að till. hans hafa verið á góðum rökum bygðar. Breytingin gengur í sömu átt og meiri hl. nefndarinnar vildi vera láta, þegar frv. var til meðferðar hjer í þessari hv. deild, þ. e. að fella niður meðaltalsregluna úr 1. gr. og sleppa 2. gr., og jeg finn ástæðu til þess að fagna yfir því, að ekki hefir tekist að traðka rjettu máli um þessa breytingu, eins og gerð var tilraun til við 2. og 3. umr. málsins hjer í hv. deild af hæstv. fjrh. (JÞ).

Það hefir nú komið í ljós, að tjón það, sem landssjóður mundi hafa beðið af meðaltalsreglunni, munar geysilega miklu. Þessu mótmælti hæstv. fjrh. í gær, og kom að því í varnarræðu sinni gegn vantraustinu, að ekki hefðu verið sjáanlegar þessar afleiðingar af staðfestingu frv. eins og það var, og meðaltalsreglunni, fyr en á síðustu stundu, eða eftir að frv. fór hjeðan, skildist mjer. Þetta er hæpin fullyrðing og tæplega rjett; hæstv. fjrh. fer þarna ekki með rjett mál, því að frv. var hjer til meðferðar í aprílmánuði, þegar auðvitað var búið að afhenda skattstof-

unni framtalið; þess vegna skaut hæstv. ráðherra dálítið framhjá marki, þegar hann vildi afsaka sig með því, að hann hefði ekki vitað betur á þeirri stundu, sem hann þrætti við meiri hl. fjhn. um það. Jeg verð að líta svo á, að jafnskýr maður og reikningsglöggur og hæstv. fjrh. hefði átt mjög hægt með að átta sig á því, hvert stefndi með ríkistekjur þessa árs eftir frv. hans. Hinsvegar má, sem áður sagt, una við frv. eins og það nú er orðið. Í einu atriði hefir hv. Ed. þó breytt frv. frá till. meiri hl. fjhn. þessarar deildar, og getur sú breyting ekki til bóta talist. Hún hefir sem sje fært þann skattfrjálsa hluta tekna, sem í varasjóð falla, úr ¼ í ⅓; með öðrum orðum, hún hefir lagt til nokkrar frekari ívilnanir fyrir þessi fjelög heldur en ráðgert var, þegar frv. fór hjeðan og framar því, sem var í stjfrv. sjálfu. En af því að meiri hl. fjhn. hefir litið svo á þessa tilraun til þess að hvetja fjelögin til söfnunar í varasjóð eins og aðalefni og kost frv., þá liggur beint við að láta þetta óbreytt og hallast að frv. eins og það er, en í sjálfu sjer hlýtur afleiðingin af þessum frekari ívilnunum að verða sú, að þar sem gert er ráð fyrir, að með höfuðstól sje jafnan talinn varasjóður, þá verður hvötin ennþá ríkari til að draga úr skatti og færa hann niður á lægra skattaþrep, því að skatturinn fellur að sjálfsögðu niður, því stærri sem höfuðstóllinn er.

Sem sagt, jeg geri ráð fyrir því, að meiri hl. fjhn. hallist eindregið að frv eins og það liggur nú fyrir, þar sem það í öllum aðalatriðum er nú orðið eins og hann vildi hafa það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði ekki ætlað mjer að segja neitt við þessa umr.; taldi þess ekki mundu þurfa, með því að jeg hafði gert alveg fulla grein fyrir minni afstöðu í hv. Ed., og gerði ráð fyrir, að það mundi verða fult samkomulag um það að samþykkja frv. óbreytt eins og það kom frá þeirri háttv. deild. Jeg vil mæla með því, en jeg má til að segja fáein orð út af ummælum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem sýna það, því miður, að þessi hv. þm. (SvÓ), sem hefir haft þetta mál til meðferðar alt þingið, veit ekki enn, hvað hann hefir verið að gera alt þingið. Hv. þm. (SvÓ) talar um, að það tjón, sem landssjóður muni bíða af upptöku meðaltalsreglunnar, verði geysimikið; en þetta er algerður misskilningur hjá hv. þm. (SvÓ). Það kom raunar í ljós, sem jeg vissi og kom ekki á óvart, að það er mikil upphæð, sem færist frá yfirstandandi ári og yfir á 1926 og 1927, en um tjón af meðaltalsreglunni er ekki að ræða, sem nokkru nemi. Hv. Ed. vildi ekki fallast á að taka upp þessa reglu, og jeg gerði þar grein fyrir því, vegna hvers jeg teldi ekki næga ástæðu til, frá mínu sjónarmiði, að halda fast við hana. Þær ástæður eru sem sje þær, að nú er útlit fyrir, að yfirstandandi ár verði gott fyrir atvinnureksturinn, og atvinnufyrirtækin geti því greitt þennan skatt, án þess að bíða skaða af því, en þetta varð ekki sjeð fyrir um áramót, og þetta styrkist við það, að einn hv. þm. í Ed., sem er bankastjóri í Íslandsbanka og hefir ágætt tækifæri til að fylgjast vel með því, hvort þessi fjelög geti greitt skatta sína, hefir með till. sínum látið í ljós, að ekki mundi hljótast tjón af því, þó að þau þurfi að gera það, sem jeg býst við, að sá hv. þm. byggi á viðunanlegum horfum um tekjur yfirstandandi árs. En hvað snertir tekjutap ríkissjóðs, þá er jeg sannfærður um það, að sú breyting, sem gerð var á frv. í hv. Ed.,

muni heldur rýra tekjur ríkissjóðs. Þessi hækkun á þeirri skattfrjálsu upphæð, sem leggja má í varasjóð, muni hafa dálítið meiri tekjumissi í för með sjer fyrir ríkissjóð heldur en upptaka meðaltalsreglunnar, en þó ekki svo mikinn, að neinu máli skifti. Það er þess vegna alveg rangt hjá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að jeg hafi ekki sjeð fyrir afleiðingarnar af meðaltalsreglunni fyrri en nú á síðustu stundu, enda hefi jeg aldrei gefið í skyn, að jeg væri í neinum vafa um það; þær eru sem sje jöfn skattgjöld ár frá ári, í stað þess, að núgildandi skattaregla gerir skattinn misjafnan ár frá ári, sjerstaklega af þessum fyrirtækjum. Hin gerir skattinn jafnan. Næsta ár má eftir gildandi reglum ekki vænta mikils skatts frá þessum fyrirtækjum, vegna þess hve mikið kemur til frádráttar, þar sem er hið mikla skattgjald, sem greitt verður á yfirstandandi ári. Jeg hefi ekkert misskilið, en það, sem ekki var hægt að leggja fram í apríl, það voru tölur viðvíkjandi tekjum fyrir árið 1924, en hinsvegar var ekkert í þeim, sem mjer kom á óvart.

Jón Baldvinsson: Það er fyrirspurn til hæstv. fjrh. (JÞ) út af þessu frv. Mjer skilst, að það verði við útreikning á skattinum árið 1925 notuð þessi aðferð, og þá vil jeg spyrja hæstv. fjrh., hvort öll þau fjelög, sem hafa yfirfært til næsta árs einhverja fjárupphæð, eða aðeins þau fjelög, sem lagt hafa í svokallaðan varasjóð einhverja fjárupphæð, njóti góðs af ákvæðum þessa frv. Mjer skilst þá, ef hið síðara er, að þetta komi ákaflega misjafnt niður, því að engir nema þeir, sem kunna að hafa vitað það um áramót, að lögin kæmu fram, hefðu getað hagað reikningsfærslu sinni þannig, að leggja tekjuafganginn í varasjóð. Nema taka eigi það svo, að alt, sem fært er til næsta árs, komi undir þessi lög; en þá er frv. víðtækara en jeg og margir hafa búist við. Mjer finst því ekki rjett að láta þessi lög koma til framkvæmda á árinu 1925, sem þá verður fyrir árið 1924; því að ef svo er, að örfá fjelög hafa vitað af því, að svona ætti að haga til, hefðu þau getað hagað reikningsfærslu sinni þannig að þau fengju linun á skatti, en hin ekki, og þá kemur fram misrjetti. Þess vegna ber jeg fram þá brtt., að fyrir „1925" í d.-lið 1. gr. komi: 1926. En jeg vil samt taka það fram, að þó jeg komi með þessa brtt., þá ætla jeg ekki að greiða atkvæði með þessu frv.; en ef það nær fram að ganga, sem jeg tel líklegt, vil jeg þó reyna að koma í veg fyrir, að nokkurt misrjetti leiði af því, eins og hlýtur að verða, ef það er ekki sá rúmi skilningur á því, að telja megi varasjóð alt það, sem er yfirfært til næsta árs á reikningum þeirra fjelaga, sem hjer um ræðir. Svo vil jeg benda á, að það hlýtur að vera einhver skekkja í c.-lið 1. gr., þar sem talað er um varasjóð samkvæmt b.- og c.-lið. Það hlýtur því að koma fram önnur brtt. til þess að breyta því og færa það í annað horf, því að mjer finst, að hjer hljóti að vera átt við annan lið en c.-liðinn. *(Forseti*: Mjer láðist að taka það fram, að það er villa í frv. Það á að vera a.- og b.-lið). Já, þetta má þá laga, en hina brtt. vildi jeg afhenda hæstv. forseta, því að ef frv. verður samþykt, vil jeg að allir standi jafnt að vígi, sem eiga að njóta hlunninda við þetta frv.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Frá hálfu okkar minni hl. fjhn. get jeg sagt það, að við leggjum til, að frv. verði samþykt óbreytt. Eins og menn muna, tók jeg það fram við framsögu málsins í

þessari háttv. deild, og endurtók það síðar, að fyrir okkur væri þessi meðaltalsregla ekkert aðalatriði, heldur hitt, að tryggja fjelögin með því að gefa þeim kost á að leggja í varasjóð og að fá undanþeginn skatti hluta af því fje, sem færi í varasjóð; það væri megin málsins fyrir okkur. Jeg vil nú samt segja það frá sjálfum mjer og fyrir minn eiginn reikning, að jeg er dálítið hissa á þeim háttv. þm., sem nú telja sig mjög ánægða með frv. eins og það kemur frá háttv. Ed., en voru óánægðir með það, þegar það fór frá þessari hv. deild, og nefndu það þá skaðsemdarverk. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta, en það hljóta allir að sjá, að eins og frv. liggur fyrir nú, gefur það mestar ívilnanir þeim fjelögum, sem vel eru stæð fjárhagslega, en fátækari fjelög njóta lítils eða einskis góðs við það. En það er annað, sem þetta frv. gerir; það hvetur til fjársöfnunar í varasjóð og stendur á móti því, að menn í gáleysi borgi hluthöfunum alt of mikinn arð. Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (SvÓ) hjelt því fram, að með frv. eins og það var samþykt hjer við 3. umr. væri kastað úr ríkissjóði hundruðum þúsunda, og fleiri hv. þm. hafa haldið því fram. Það má segja, að á yfirstandandi ári er kastað hundruðum þúsunda úr ríkissjóði, en þau hundruð þúsunda koma aftur að mestu leyti, eða í sumum tilfellum að fullu, og þá er spurningin um það, hvort heppilegra sje að fá eitt árið mjög miklar tekjur, en annað árið mjög litlar; en jeg skal ekki deila um það, því að jeg heyri, að allir, nema hv. 2. þm. Reykv. (JBald), eru sammála um það að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, en jeg get ekki látið ljá líða að lýsa undrun minni yfir því, að sumir hv. þdm. láta svo um mælt, bæði við umr. um þetta mál og jeg held við umr. um flest mál, sem hafa verið til umr. síðustu viku, að þetta frv. sje sniðið til þess að gefa þeim eftir skattana, sem ríkastir eru og best stæðir, en taka blóðpeninga af fátæklingunum. Jeg skil satt að segja ekki, með hvaða hugsun þessu er slegið fram, nema með því blátt áfram að bera vantraust á hæstv. fjrh. (JÞ), sem bar þetta frv. fram hjer í deildinni, en það hefir þegar verið upplýst, að það er hvergi jafnhár skattur á hlutafjelögum og hjer, og í Danmörku hefir jafnaðarmannastjórnin lagt til, að skatturinn væri hækkaður úr 20% upp í 25% (hjer er hann 30%), en jafnframt lagt til, að skattfrjáls skyldi ⅓ af því, sem lagt er í varasjóð. Árið 1921 var jafnaðarmannastjórn, frjálslynd stjórn í Svíþjóð, að því er jeg hygg, og þá var skattur, sem hafði verið settur á þinginu 1919 30%, færður niður í 20%. Skatturinn í sjálfu sjer er ekki óbærilega hár, jafnvel þótt hann sje hærri en hjá öðrum þjóðum af samskonar fyrirtækjum, en það, sem gerir það, að skatturinn er of hár hjer, er það, að hjer er svo mikill misbrestur í atvinnuvegunum, einkum fiskiveiðum, að fiskiveiðafjelögin tapa kannske öllu því á einu ári, sem þau hafa grætt á fleiri árum. Mjer hafa leiðst ummæli ýmsra hv. þm. um togaraútgerðina og þá, sem að henni standa. Það lítur helst út fyrir það, eftir ummælum þessara hv. þm., að þetta sjeu fjárglæframenn, eða stórauðugir menn, sem alls ekki þurfi að sýna neina sanngirni, og ekki þurfi af ríkisvaldsins hálfu að hafa neina hliðsjón af því, hvort þeir geti greitt skatta sína eða ekki. Einn hv. þm., 2. þm. Reykv. (JBald), kallar þá stórríka burgeisa, þegar þeir eiga að greiða skatt, en bláfátæka útgerðarmenn, þegar þeir eiga að fara í mál við Krossanesverksmiðjuna. Jafn-

framt þessu eru afgreidd lög frá þinginu, sem hækka útflutningsgjaldið um 50%, og það er þó öllum vitanlegt, að togaraútgerðin ber mikið af þessum sköttum og fær ekkert beint í staðinn, en óbeint njóta allir landsmenn þess, sem lagt er í ræktunarsjóðinn. Þessi auknu útgjöld eru þó frá 3—5 þús. kr. á hvert skip, og meira, ef vel gengur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg segja það, að jeg get ekki alveg svarað þessu, enda kemur þetta ekki undir minn úrskurð, nema að því leyti, sem skattstjóri eða einhver gjaldandi kann að óska úrskurðar þar um, en forsenda hv. þm. (JBald) var skökk, þar sem hann gerði ráð fyrir því, að sum fjelög hefðu gert upp reikning sinn áður en þingið var sett, 7. febrúar. Jeg hygg, að engin útgerðarfjelög hafi lokið uppgerð reikninga sinna fyr en eftir þann tíma, er frv. var samið og lagt fram, svo að jeg geri ráð fyrir, að öll fjelög hafi haft jafnt tækifæri hvað þetta snertir. En jeg get ekki sagt annað um það, sem háttv. þm. (JBald) spurði um, en alment tekið, að jeg mun reyna að haga svo mínum úrskurðum, að sem minst misrjetti eigi sjer stað, og jeg hygg, að af þessum ástæðum sje algerlega óþarft að fresta framkvæmd laganna í eitt ár, og leyfi mjer því að mæla á móti þeirri brtt., sem háttv. þm. (JBald) flytur.

Jón Baldvinsson: Þetta er ekki fullnægjandi svar, enda lýsti hæstv. fjrh. (JÞ) yfir því, að hann gæti ekki svarað þessari fyrirspurn minni. Það er þess vegna ekki útilokað, að það kunni að koma fram misrjetti, en það getur líka verið, að alt það fje, sem fært er á reikningum þessara hlutafjelaga til næsta árs, verði ef til vill talið til varasjóðs. Jeg veit, að á reikningum ýmsra fjelaga er venjan að færa það, sem afgangs er, yfir til næsta árs án þess að það sje kallað varasjóður; ef þetta alt saman verður við skattaniðurjöfnun talið varasjóður, þá sjá allir, að það verður ekki eðlilegur hluti af eignum skattfrjáls, því að jeg geri ráð fyrir, að hjá mörgum fjelögunum sje um stórar upphæðir að ræða. Hinsvegar þykir mjer ekki ólíklegt, að mörg fjelög muni vera búin að leggja drög til sinnar reikningsfærslu áður en frv. kom fram, og þau gátu heldur ekki vitað, hvort það yrði samþykt eða ekki. Þess vegna geri jeg ráð fyrir, til þess að láta öll fjelög standa jafnt að vígi, að rjettast sje að láta þessi lög ekki koma til framkvæmda fyr en árið 1926, við niðurjöfnun skatta þá fyrir árið 1925, og þess vegna ætti þetta ekki að verða málinu að falli, því að hv. Ed. á sjálfsagt eftir að halda fund enn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil einungis bæta því við það, sem jeg sagði áður, að það mun í hverju einstöku tilfelli verða yfirskattanefnd, sem úrskurðar um þetta, en ekki fjármálaráðuneytið.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg vildi aðeins segja örfá orð út af svari hæstv. fjrh. (JÞ) til mín áðan, en jeg hefi enga löngun til þess að vekja upp langar deilur eða umr. Hæstv. fjrh. ljet svo ummælt, að honum hefði ekki verið kunnugt um framtal útgerðarfjelaganna, þegar frv. var hjer áður til meðferðar í deildinni. Það má vel vera; jeg ætla að

taka það trúanlegt, og það afsakar þá afstöðu, sem hæstv. fjrh. tók til málsins, ef honum var það ekki kunnugt, því að ella verður hún að álítast að öllu leyti óafsakanleg. Þá heldur hæstv. fjrh. því fram, eins og fyr, að sá halli, sem ríkissjóður bíður, ef meðaltalsreglan er tekin upp, mundi ekki vera neitt teljandi, og vjefengir hann þannig þá útreikninga, sem gerðir voru í hv. Ed. og sýndir eru á þskj. 524. Út af þessu skal jeg benda hæstv. ráðherra (JÞ) á töfluna, sem fylgir áliti hv. Ed., sem sýnir 628 þús. kr. tekjurýrnun á þessu ári af meðaltalsreglunni, en 6% vextir einir til næsta árs af 628 þús. kr. nema 37680 kr., sem ekki verður neitað, að týnist ríkissjóði, en samkvæmt meðaltalsreglunni verður ⅓ af þeim skattskyldu tekjum að geymast til 3. ársins.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 560), frá 2. þm. Reykv. (JBald), leyfð og samþykt með 12:2 atkv.

Brtt. 560 feld með 16:3 atkv.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 561).

---

26. Eignarnám á landspildu í Ytri-Reistarárlandi.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi (þmfrv., A. 44).

Á 7. fundi í Ed., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Jeg læt nægja að vísa til greinargerðar fyrir frv., þar sem jeg álít þar tekið fram alt, sem máli skiftir um frv., og vildi aðeins óska þess, að málið fengi að ganga til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 80).

Frsm. (Jónas Jónsson): Nefndin hefir lagt til, að þetta leyfi verði gefið, frv. samþykt. Er ekki þörf á að fara um málið mörgum orðum. Svo stendur á, að þessi hreppsnefnd í Eyjafjarðarsýslu hefir verið svo óheppin að byggja hús á landi, sem er sjereign, án nægilega tryggra samninga um lóðina. Nú þegar ekki hefir náðst samkomulag milli eigenda og hreppsnefndar, virðist sanngjarnt að veita hreppsnefndinni eignarrjett á landspildunni, sem húsið stendur á, og þar sem landið, sem hjer um ræðir, er verðlítið eða verðlaust, sýnist þetta enn sjálfsagðara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 44).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 44).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 44, n. 129).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (A. 159).

---

27. Fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóðir.

Á 11. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði (þmfrv., A. 62).

Á 11. fundi í Ed., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Jeg þarf ekki að vera langorður um mál þetta. Eins og sjest af greinargerðinni, hefi jeg borið frv. fram vegna þess, að fiskiveiðasamþykt sú, er nú gildir í Vestmannaeyjum, er úrelt orðin að því leyti, að hún tekur ekki til báta, sem eru yfir 15 tonn. Auðvitað nær hún til margra báta með því móti, en þó hvergi nærri allra. Þetta er mjög óheppilegt, sjerstaklega um róðrartímann. Þeir bátar, sem samþyktin nær ekki til, geta farið á alt öðrum tíma en hinir, og veldur þetta ekki alllitlum óþægindum og jafnvel misrjetti. Því er nauðsyn á fiskiveiðasamþykt fyrir báta, sem eru yfir 15 tonn. Lög um það efni voru sett 1917, en hingað til hafa þau ekki náð til Vestmannaeyja, líklega af því, að þar var til sjersamþykt áður. Þessum lögum þarf að breyta á þann hátt, að ákvæði þeirra gagnvart sveitarstjórnum og sveitarfjelögum í þessu efni nái einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja.

Jeg lýk svo máli mínu í þeirri von, að hv. deild taki vel í mál þetta, og leyfi mjer að óska, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 62, n. 119).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er eiginlega ekki mikið um þetta frv. að ræða. Sjávarútvegsnefnd er sammála um að leggja til, að það verði samþykt, enda er nú þannig ástatt, að nauðsynlegt er að kippa því í lag. Það vantar lagaheimild í Vestmannaeyjum til að geta sett fiskiveiðasamþyktir fyrir báta stærri en 15 smálestir. Jeg vona, að hv. deild sjái, að ekki er nema sjálfsagt, að Vestmannaeyjar hafi þá heimild eins og sýslufjelögin. Jeg get fallist á þá breytingu, sem sjávarútvegsnefndin gerði á sektarákvæðunum, sem sje að breyta lágmarkinu í 25 krónur. Get jeg ekki annað sjeð en að það sje alveg eins heppilegt. Vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja 1. gr. með breytingum þeim, sem nefndin vill gera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 119 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 136).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 136).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til. 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 136, n. 176).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er komið hingað frá hv. Ed. og flutt þar af hv. þm. Vestm. (JJós). Er það fram komið vegna þess, að lögin frá 1917 um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði taka ekki til Vestmannaeyja eftir að þar er orðinn sjerstakur kaupstaður. Jeg sje í rauninni ekkert á móti því, að ákveðið sje, að þessum kaupstað sje veitt heimild til þess að setja reglugerðir samkvæmt því, sem þessi lög heimila. Og sjávarútvegsnefnd leggur það til, að frv. sje samþykt eins og það kom frá hv. Ed. Málið er einfalt og þarf ekki að valda miklum umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 206).

---

28. Löggilding Hellna í Breiðuvíkurhreppi.

Á 26. fundi í Ed., mánudaginn 9. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurhreppi (þmfrv., A. 155).

Á 27. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Halldór Steinsson): Eins og hv. deild mun kunnugt vera, er jeg flutningsmaður frv. þessa, en þar sem málið er svo einfalt, mun jeg ekki fara um það fleiri orðum við þessa umr., og vona, að hv. deild hleypi því óhindrað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv

Á 29. fundi í Ed., föstudaginn 13. mars, var frv. tekið til 2. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til. 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., mánudaginn 16. mars, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 155).
Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. mars, var frv. tekið til 2. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 223).

---

29. Brúargerðir

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir (þmfrv., A. 73).

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frsm. (Klemens Jónsson): Fyrir síðasta þing kom fram af hendi stjórnarinnar frv. til gagngerðra breytinga á vegalögunum, og um leið frv. til laga um brúargerðir, sem stóðu í nánu sambandi við fyrra frv. og bein afleiðing af því, ef það næði fram að ganga. Var þar bætt inn einni brú á Hvítá í Borgarfirði, og fjórum brúm öðrum, 2 í Þistilfirði og 2 í Vopnafirði, en hinsvegar slept úr nokkrum brúm á þær ár, sem ekki urðu lengur á þjóðvegum vegna vegalagabreytinganna. Frv. var borið upp í Ed. og afgreitt þaðan með öllum atkvæðum. Nd. vísaði því til samgmn., en þar dagaði það uppi. Ástæðan til þessa er mjer ekki vel kunn, en jeg ímynda mjer, að ástæðan hafi verið sú, að vegalagafrv. átti talsvert erfitt uppdráttar í þeirri deild, og því hafi nefndinni þótt rjettast að bíða og sjá, hvernig vegalagafrv. reiddi af, og þess vegna hafi málið orðið þann veg endaslept.

Þannig horfir þá málið við. Stjórnin mun hafa hugsað sjer að leggja frv. óbreytt fyrir þingið aftur, en það farist fyrir, því það er víst, að samgöngumálaráðuneytið kom með það til samgmn. og beiddi hana að koma fram með frv. Vegna þess að nefndinni þótti þetta sjálfsagt, hefir hún borið það fram nú, enda er það bein afleiðing af vegalögunum, eins og áður er sagt. Býst jeg við því, að samgöngumálaráðherra bæti við framsöguna því, sem honum þykir best henta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi engu við að bæta. Það er alt rjett, sem hv. frsm. (KlJ) sagði um frv. og að það var ekki samþykt á síðasta þingi. En vegna vegalagabreytinga þeirra, er gerðar voru á síðasta þingi, verður frv. þetta fram að ganga. Samkvæmt vegalögunum eiga brýr að koma á þessum stöðum. Þakka jeg svo nefndinni fyrir það, að hún tók að sjer þetta mál, sem jeg hafði gleymt. En vegna þess að málið er nú komið frá nefnd, álít jeg óþarft, að það fari til nefndar aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 24., 25. og 26. fundi í Nd., dagana 3., 4. og 5. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 73).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 73).
Á 27. fundi í Ed. miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., laugardaginn 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 205).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er, eins og hv. deild er kunnugt, sjálfsögð afleiðing af lögum um vegi, sem samþykt voru á síðasta Alþingi. Það dagaði uppi á þingi í fyrra og er þess vegna komið aftur nú og gekk greiðlega gegnum Nd. En þegar til samgmn. þessarar hv. deildar kom, þótti henni rjettara að bíða við og sjá hvað yrði úr öllum þeim breytingum á vegalögum, sem fluttar voru í hv. Nd., og láta frv. um brúargerðir bíða, uns útsjeð yrði um þau. Nú er svo komið um þessi frv., að þau eru ýmist feld eða tekin aftur, og því engin ástæða lengur til þess að draga það að taka ákvörðun um brúargerðirnar.

Það er að vísu ákaflega mikið fje, sem þarf til þess að fullgera þær brýr, sem samkvæmt fyrri ákvæðum og þessu frv. á að fullgera. En það er óhjákvæmilegt til þess að koma samgöngunum í það horf, sem nauðsynlegt er. Nefndin leggur því til, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 224).

---

30. Veiði.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um breyting á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849 (þmfrv., A. 120).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og hv. þdm. hafa sjeð, er þetta frv. í raun-

inni sama frv. sem það, sem hv. þm. Barð. (HK) bar hjer áðan fram um selaskot á Breiðafirði. Við ætluðum líka í upphafi að verða samferða með þessi mál, en svo stendur á, að sjerstök löggjöf er fyrir hendi um selaskot á Breiðafirði, og ná ákvæði hennar ekki til annara hjeraða landsins, svo að til þess að mínum tilgangi yrði náð, varð að fá breyting á tilskipuninni gömlu frá 1849. Sömu ástæður liggja annars til þess, að þetta frv. er fram borið og hitt frv.; það er komið fram samkv. eindregnum áskorunum bænda í Strandasýslu, sem fara alveg í sömu átt og óskir bændanna við Breiðafjörð.

Annars vildi jeg í þessu sambandi aðeins víkja að einu atriði, sakir þess, að mjer hefir heyrst, að fremur andi kalt í garð þessara frv. frá einstaka þm. Þeir telja sem sje selinn slíkt óargadýr, að dæma beri hann ólandi og óferjandi. Um þetta hefir og staðið deila norður í kjördæmi mínu. Selabændurnir telja sjer selina jafnvissa á vorin og kindurnar sínar af fjalli á haustin, halda fast í rjett sinn, en aðrir sækja það fast að fá hagnaðinn af því að mega skjóta selinn, og hinir síðarnefndu halda því fram, að selurinn spilli svo fiskigöngum, að hann eigi að vera rjettdræpur hvar sem er. Bar jeg nú málið undir þann mann, sem fróðastur er um þessa hluti, Bjarna Sæmundsson, og spurði hann, hvort rjettmæt væri sú löggjöf, sem nú gildir um friðun sela. Lagði hann þann úrskurð á og leyfði að hafa þau ummæli eftir sjer, að þar sem svo stæði á, að selur lægi fyrir minni ár, sem víst væri að silungur og lax gengi í, þar væri rjett að útrýma selnum. Er það kunnugt, að af þessum ástæðum hafa Borgfirðingar útrýmt selnum úr Hvítá í Borgarfirði. En, bætti Bjarni Sæmundsson við, þar sem ekki stendur svo á, þá eru tekjurnar ef selaveiðunum svo vissar og góðar, að ekki er víst, að aðrar tekjur bæti þær upp, og er því sjálfsagt að halda á þeim stöðum lögunum um friðun sela. Því það er með öllu ósannanlegt, að aukin fiskiganga komi í kjölfarið, ef sel er útrýmt.

Þess vegna standa ekki aðeins kröfur þeirra, sem hlut eiga að máli, bak við þetta frv. mitt og frv. hv. þm. Barð. (HK), heldur hefir og sá maður, sem allra manna hefir best vit á þessum málum, lýst því yfir, að þau sjeu rjettmæt.

Að svo mæltu vil jeg óska þess, að þetta frv. fari sömu leið og frv. næst á undan, þ. e. að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 179).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Fyrir hönd landbn. hefi jeg ekki annað um þetta mál að segja en það, sem stendur í hinu örstutta nál., sem hv. deild mun kunnugt. Nefndin telur rjett, að frv. nái fram að ganga. Það er náskylt því frv. að efni til, þó ekki sje það alveg sama efnis, sem hv. deild samþykti rjett í þessu að vísa til 3. umr. Sá er munurinn. að það frv. var bundið við ákveðið svæði, en þetta frv. getur átt við um land alt, eins og sjálfsagt er. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil þakka hv. landbn., hversu vel og greiðlega hún

hefir afgreitt frv. þetta. Tel jeg engan vafa á því, að það fái sömu meðferð hjá hv. deild sem frv. það, er rjett áðan var samþykt til 3. umr. Þó er eitt atriði, sem jeg vil taka fram til viðbótar því, sem jeg sagði við 1. umr. Í fyrra var svipuðu máli vísað til umsagnar sýslunefnda við Breiðafjörð, og eins hefi jeg nú fengið senda fundargerð sýslunefndarfundar Strandasýslu, þar sem þess er einróma óskað, að frv. þetta verði að lögum.

Þess vegna liggur jafnbeint fyrir að afgreiða þetta frv. sem hitt, um selaskot á Breiðafirði, sem hv. deild hefir nú afgreitt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 120).

Á 35. fundi í Ed., föstudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 120, n. 228).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Það er vonandi, að um mál þetta þurfi ekki að verða miklar umr., og síst eins langar og um frv. það, er við vorum nú að afgreiða.

Það er tekið fram í greinargerð frv., að hjer sje aðeins um að ræða að hækka sektirnar, enda er það ekki nema eðlilegt, því að tilskipun þessi, sem er frá 1849, sje úrelt orðin og samræmist ekki því peningaverði, sem nú er, enda eru sektirnar svo lágar, að það margborgar sig að brjóta. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Jeg hefi ekki annað að segja en það, að það er ósk mín, að hv. deild taki þessu frv. vel, eins og við fyrri umræður, og láti það verða að lögum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 254).

31. Aflaskýrslur.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um aflaskýrslur (þmfrv., A. 134).

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Ágúst Flygenring: Þar sem frsm. þessa máls er ekki viðstaddur, vil jeg leyfa mjer að láta fylgja því nokkur orð.

Frv. þetta er komið frá Fiskifjelagi Íslands. Það hefir undanfarin ár safnað aflaskýrslum, en kvartað undan, að oft hafi verið mjög erfitt að ná skýrslunum, því að svo er ástatt hjer, að margir af útgerðarmönnum eru kaupmenn líka, og verka því afla sinn og selja sjálfir. Um hann er því mjög vont að fá skýrslur. Er því hjer um alt aðra aðstöðu að ræða en t. d. í Noregi og fleiri löndum, þar sem fiskurinn er seldur nýr eftir tölu eða vigt strax og honum er lent.

Þessi skýrsluvöntun getur oft valdið miklum óþægindum, þó ekki sje nema t. d. hviksögur um svo og svo mikinn afla, sem oft myndast í veiðistöðum. En hviksögur þessar eiga oft sinn þátt í verðfalli eða snöggum óeðlilegum hreyfingum í verðinu. En óvissan veldur altaf óeðlilegri varfærni stærri kaupenda í útlöndum. Sökum hinnar sjerstöku aðstöðu okkar geta þessar skýrslur ekki orðið nákvæmar, en þó bætt úr því, sem nú er. Nákvæmar geta þær ekki orðið fyr en farið er að telja eða vega allan afla, en því er ekki hægt að koma við að öllu leyti ennþá, og verður máske aldrei. Skýrslurnar verða því að byggjast á sem nákvæmustum athugunum á hverjum stað, þar sem ekki er hægt að telja, eins og t. d. á botnvörpuskipunum, því að það er miklu hægara að áætla aflann, þegar hann er kominn í land af þeim og hefir staðið dálítið, heldur en gera það alveg jafnóðum og honum er lent. En af öllum bátum, sem lenda daglega með aflann, er auðvelt að áætla þyngdina, því þar er aflinn talinn. Annars verður reynt að haga þessu eftir því, sem reynslan sýnir, að hentast muni verða.

Jeg býst nú við, að allir hv. þm. sjeu sammála Fiskifjelaginu um, að skýrslur þessar sjeu til mikilla bóta, og lofi því frv. þessu að ganga fram. En til nefndar sje jeg ekki ástæðu til að láta það fara nú, þar sem það er flutt af nefnd. En vel má vera, að nefndin taki upp einhverjar breytingar við það fyrir næstu umræðu, þegar hún hefir borið sig betur saman við Fiskifjelagið og athugað frumvarpið nákvæmar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, 168).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Eins og stendur í greinargerð þessa frv., er það flutt af sjávarútvegsnefnd eftir tilmælum Fiskifjelags Íslands, en hinsvegar hefir nefndin ekki tekið afstöðu til einstakra greina frv. nje orðalags á þeim.

Eins og kom fram við 1. umr., ætlaði sjútvn. að athuga málið milli umr. Það gerði hún í morgun, og hefir hún komið fram með brtt. við frv., á þskj. 168. Brtt.

er í því fólgin, að feld sje niður af 8. gr. seinni málsgr. Ástæðan er sú, að það ákvæði er gersamlega óþarft, því að í öðrum lögum eru ákvæði um sektir við því að gefa rangar skýrslur. Þessi hluti 8. gr. er því óþarfur. Sjútvn. viðurkennir, að 3. og 4. gr. hefðu getað verið heppilegar orðaðar, en af því að augljóst er, við hvað þær eiga, hefir nefndinni ekki þótt taka því að breyta þeim. Það er fyrri málsgr. beggja greinanna, sem hjer um ræðir. Síðast í fyrri málsgr. 4. gr. stendur: „.... eftir því sem krafist er.“ Þótt nú sjútvn. þyki ekki taka að breyta þessu, vil jeg, að fram komi í umr., að sjútvn. geri ráð fyrir, að ekki komi fram aðrar kröfur en þær, sem geta talist sanngjarnar og hægt er að fullnægja. Það er ekki hægt að krefjast þess, að sundurliðað sje nákvæmlega, hve mikill afli er í hvert skifti, en ætlast er til, að það sje gert eins nákvæmlega og unt er, og ætti það að nægja.

Nú geri jeg ekki ráð fyrir, að þörf sje að hafa fleiri orð um þetta mál. Frv. fer fram á að lögfesta það, sem árum saman hefir tíðkast, sem sje að Fiskifjelag Íslands fái aflaskýrslur. Það er engum vafa undirorpið, að best er að hafa sem glegst yfirlit yfir hag þjóðarbúskaparins í öllum greinum. Til þess er nauðsynlegt að hafa sem nákvæmastar aflaskýrslur.

Vil jeg svo óska þess, að brtt. verði samþykt og málinu síðan vísað til 3. umr.

Jón Kjartansson: Jeg stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv., en vil aðeins skjóta því fram nefndinni til athugunar, að mjer finst það bæði mjög óákveðið og í því felast mótsagnir. T. d. stendur í síðari málsgr. 1. gr.: „Skal Fiskifjelagið hafa umboðsmenn í helstu veiðistöðvum landsins ....“. Jeg veit ekki, hvort hjer er átt við fasta starfsmenn Fiskifjelags Íslands, eða hvort skipa á sjerstaka menn í þessu skyni; sýnist eðlilegast, að það sjeu lögreglustjórar eða hreppstjórar, sem yrði falin þessi störf.

Í 8. gr. frv. segir, að alt að 50 kr. skuli greiða í sekt á dag, eftir að veiðin er komin á land, en í 3. gr. er árabátum ætlað að gefa skýrslu vikulega. Í þessu felst ósamræmi, og vil jeg skjóta því til nefndarinnar, að þetta sje lagfært. Annars er jeg þakklátur fyrir brtt. á þskj. 168.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Jeg get borið það fram við sjútvn. á næsta fundi, að þetta sje athugað. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) mintist á um umboðsmenn Fiskifjelags Íslands, er gengið út frá, að erindrekar fjelagsins í hverjum landsfjórðungi safni skýrslum og hafi menn sjer til aðstoðar í öllum aðalveiðistöðvum. Yrðu þá fastir starfsmenn þess í hverjum fjórðungi og þeir sjá um, að útvegaðir sjeu menn. Annars skal jeg bera þetta fram við sjútvn., svo að það verði enn einu sinni lesið yfir fyrir 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 168 samþ. með 21 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

9.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 175, 181, 186).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Jeg vil aðeins minnast á brtt. á þskj. 181, frá sjútvn. Brtt. þessi er engin efnisbreyting, heldur aðeins orðabreyting við 8. gr. frv., og á aðallega við ákvæði 3. gr. Það stóð í 8. gr., eftir orðunum „eftir að veiði er komin í land", ákvæði um sektir fyrir að gefa rangar skýrslur, og þar átt við ákvæði 3. gr. um það atriði. Þetta þótti nefndinni ógreinilegt orðalag, og vegna þess er brtt. fram komin.

Brtt. á þskj. 186 er frá hæstv. fjrh. Sjútvn. hefir ekki rætt þá till. sjerstaklega, en mjer þykir líklegt, að hún verði talin sjálfsögð, a. m. k. virðist mjer það sjálfsagt, að Fiskifjelagið láti þessar skýrslur og upplýsingar í tje t. d. hagstofunni, eftir því sem hún kann að æskja þess.

ATKVGR.

Brtt. 186 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 181 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 197).

Á 35. í Ed., föstudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., laugardaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 238).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. Þar var það flutt af sjútvn. eftir ósk Fiskifjelags Íslands og samið af því. Hv. Nd. gerði á því tvær breytingar, en annars var það samþykt fyrirstöðulaust. Eins og kunnugt er, hefir verið allmikið sleifarlag á um aflaskýrslur. Þær hafa ekki til skamms tíma verið til nema þær, sem lögreglustjórar söfnuðu um áramót, og vanalega var nokkuð liðið á árið, þegar þær komu til hagstofunnar, og komu því að litlum notum. Nú er nokkuð síðan Fiskifjelag Íslands tók málið í sínar hendur og beitti sjer fyrir því, að betra skipulag kæmist á. Síðasta ár hefir það gengist fyrir skýrslusöfnun með góðum árangri. En Fiskifjelaginu hefir verið ljóst, að ef aflaskýrslur ættu að vera fullkomnar og koma að tilætluðum notum, væri óhjákvæmilegt að lögbjóða skýrslusamningu, það er að segja, að skylda alla, sem útveg stunda, til þess að gefa aflaskýrslur. Það má kannske segja um ýms ákvæði frv., að þannig sje nokkuð mikið lagt á vald Fiskifjelags Íslands, hvernig aflaskýrslusöfnuninni skuli hagað. En fjelagið lítur svo á, að þetta sje óhjákvæmilegt. Staðhættir eru breytilegir og veiðistöðvar dreifðar og margar afskektar, og því hætt við, að ekki verði gott að setja strangar reglur viðvíkjandi aflaskýrslum, nema gefa Fiskifjelaginu sem mest vald í því.

Jeg tel ekki hægt að þrengja meir fyrirmæli um þetta. Að vísu eru í 8. gr. viðurlög, ef vanrækt er að gefa skýrslu. Þetta ákvæði getur í fljótu bragði virst dálítið varhugavert, en jeg treysti því

fyllilega, að Fiskifjelagið beiti því ekki nema í ítrustu nauðsyn. Víða hagar svo til, að ef þessu væri stranglega beitt, gæti það valdið fjártjóni. Jeg veit til þess víða á Austurlandi, að veiðistöðvar eru slitnar úr öllu sambandi við nágrannastöðvar, nema að því leyti, að sambönd eru milli þeirra á sjó, og þá aðeins á smábátum. Svo er t. d. um Vaðlavík og Sandvík sitt hvoru megin við Gerpi, sem hvortveggja eru allgóðar veiðistöðvar. Það kæmi ekki til nokkurra mála að beita dagsektum, þó að drægist að koma skýrslum úr þessum veiðistöðvum vikulega til erindreka Fiskifjelagsins, sem nú er á Seyðisfirði. Enda er jeg viss um, að fjelagið mun athuga alla staðhætti og hvernig stendur á drætti á skilum. Því sje jeg ekki ástæðu til að draga úr þessu ákvæði, þar sem jeg treysti því, að því verði aðeins beitt, þegar um beina vanrækslu er að ræða. En jeg taldi rjett að láta það koma fram í umr. hjer á Alþingi, til þess að Fiskifjelagið vissi, hvað fyrir okkur vakir.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Nefndin leggur eindregið til, að frv. fái að ganga fram óbreytt, og komi í ljós einhverjir ágallar á frv. í framtíðinni, sem vel getur orðið, verður sennilega auðvelt að bæta úr þeim eftir tillögum Fiskifjelagsins, sem er dómhæfasti aðilinn í þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samb. með 10 shlj. atkv.

2—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samb. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 255).

---

32. Veiting ríkisborgararjettar.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að veita sjera Friðriki Hallgrímssyni ríkisborgararjett (þmfrv., A. 217).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Árni Jónsson): Eins og kunnugt er, hefir legið fyrir allshn. stjfrv. um að veita 6 mönnum ríkisborgararjett. Af þeim eru 5 erlendir, en aðeins þessi eini, sjera Friðrik Hallgrímsson, fæddur hjer á landi, en hefir dvalið langvistum vestan hafs, og er því ríkisborgari í Canada.

Nú stendur svo á um þennan mann, að hann er fyrir skömmu kosinn dómkirkjuprestur hjer í Reykjavík og væntanlegur hingað til lands bráðlega, til þess að taka við embætti sínu. Áður en sjera Friðrik hvarf vestur um haf, var hann um hríð prestur á Útskálum og því embættismaður landsins. Hann er maður íslenskur í hjörtu og hár, þó að löggjöfin hinsvegar eftir allan þennan tíma skoði hann ekki sem íslenskan ríkisborgara.

Um hina mennina fanst nefndinni vanta fullnægjandi upplýsingar fyrir því, að veita bæri þeim ríkisborgararjett. Þó má

vera, að slíkar upplýsingar fáist um suma þeirra, og mun nefndin þá að sjálfsögðu leggja til, að þeim verði einnig veittur ríkisborgararjettur. En hvað sem því annars líður, vænti jeg þó, að allir geti verið sammála um, að engra tvímæla orki að veita þessum manni ríkisborgararjett, og lofi því frv. þessu að ná fram að ganga.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi ekki svo mikið að athuga við það, þó að nefndin leggi til, að sjera Friðriki Hallgrímssyni sje veittur ríkisborgararjettur. En mjer finst undarlegt að taka hann einan út úr og flytja sjerstakt frv. um hann, og láta þó getið, að upplýsingar vantaði um hina mennina. Nefndin gat aflað sjer þeirra upplýsinga, er þurfti, hjá stjórninni, og því ástæðulaust að fara þessa leið að órannsökuðu máli, enda verður sjera Friðrik að líkindum kominn hingað áður en lögin öðlast gildi. Það hefir verið spurst fyrir um það vestra, hvernig litið sje á ríkisborgararjett hans þar, en svarið ókomið.

Jeg hefði kunnað betur við, að nefndin hefði athugað málið betur, því að ætli hún sjer að koma með einn og einn svona eftir hendinni „að fengnum upplýsingum", er það þvert ofan í þær venjur eða reglur, er fylgt hefir verið um þessi mál. Þingið hefir æskt þess, að stjórnin ætti frumkvæði slíkra mála. Stjórnin hefir nú leitað sjer þeirra upplýsinga, er auðið var, og gert tillögur um þá menn eina, er hún taldi til greina geta komið.

Jeg hefði ekkert haft við þessa aðferð allshn. að athuga, hefði hún aðeins getað fallist á þennan eina mann, en lagt á móti öllum hinum. Hitt er óvenjulegt, að ætla að koma með mennina smátt og smátt og hvern þeirra í sjerstöku frv. Með því er brotin gömul venja.

Klemens Jónsson: Jeg tek það fram, að jeg er ekki sammála hæstv. forsrh. (JM) um þessi formsatriði, er hann heldur fram. Mjer geðjast vel að aðferð hv. allshn. í þessu máli, og sýnir hún, að nefndin að athuguðu máli hefir einmitt tekið þann manninn út úr, sem sjálfsagðastur var. Með þessu móti finst mjer betri trygging fyrir því, að hjer sje ekki rasað um ráð fram. Það hafa mjög fáir menn fengið þennan rjett ennþá, enda sje jeg engan gróða í því fyrir okkur Íslendinga að veita hinum og þessum útlending ríkisborgararjett, sem ef til vill aðeins notar hann sem skálkaskjól til atvinnurekstrar í landinu og skýst hingað um 2 mánaða skeið að sumrinu, eins og kunnugt er um marga Norðmenn fyrir norðan.

Jeg er á því, að stjórnin eigi að hafa frumkvæði í þessu efni, en hún á líka sannarlega að rannsaka slík mál vel áður en hún leggur þau fyrir þingið. Þó vil jeg geta þess, að eitt sinn hefir erlendum manni verið veittur ríkisborgararjettur eftir frv., sem þm. bar fram, og er mjög hæpið, að sú beiðni hafi verið nægilega athuguð.

Það er sannarlega ástæðulaust að hrapa mjög að því að veita allra handa aðskotadýrum ríkisborgararjett, og því síður að gera það að lítt rannsökuðu máli. Mjer er kunnugt um, að margir sækjast eftir þessum fríðindum af miklu kappi, enda gat hæstv. forsrh. (JM) þess, að fleiri beiðnir lægju fyrir, en einhverjum þm. hafa borist brjef að norðan í þessu efni, að veita fleiri mönnum þessi rjettindi.

Þess vegna er jeg á því, að hv. allshn.

hafi gert rjett í þessu efni, að taka einn og einn út úr frv. stjórnarinnar eftir að hún hefir sannfærst um, að næg rök sjeu fyrir hendi og viðkomandi eigi það skilið eða hafi til þess unnið, að Alþingi veiti honum þennan rjett.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg þarf ekki að vera margorður. Hjer eru ekki nein mótmæli gegn frv. á ferðinni, heldur aðeins fundið að aðferð allshn. í þessu máli. Oss nefndarmönnum fanst málið horfa alveg sjerstaklega við að því er snertir þennan mann, sem hjer er um að ræða. Hann er fyrst og fremst Íslendingur í húð og hár, og auk þess stendur svo á, að ekki má veita honum embætti það, sem hann hefir verið kosinn til, nema hann verði íslenskur ríkisborgari. Hitt er að sjálfsögðu miklu athugaverðara, hvort veita eigi ríkisborgararjett öllum þeim útlendingum, sem stjórnin hefir borið upp í frv. sínu, einkum þar sem vjer sumir ef til vill höfum önnur og meiri persónuleg kynni af þessum mönnum heldur en er að græða á meðmælum þeim, er umsóknum þeirra fylgja. Má vera, að vjer berum og fleiri menn upp af þeim, sem til eru teknir í stjfrv., og þá í samráði við hæstv. forsrh. (JM). Verður þá eflaust borið fram eitt frv. um þá alla. Þó er mjer kunnugt um, að á þingi 1921 var tveim mönnum veittur ríkisborgararjettur eftir tveim frv. Annars er það um þessa menn að segja, er nú æskja ríkisborgararjettar hjer, að sumir þeirra a. m. k. uppfylla ekki þau skilyrði, sem gerð eru. Um einn þeirra veit jeg, að hann getur alls ekki mælt íslenska tungu, og um annan veit jeg, að hann mun að vísu tala íslensku, en hefir ekki dvalið hjer nógu lengi. Því held jeg, að sú aðferð, sem nefndin hefir fylgt og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) talaði um, að athuga hvern einstakan fyrir sig, sje einmitt heppileg.

Forsætisráðherra (JM): Eftir þessa ræðu hv. frsm. (ÁJ) veit jeg eiginlega ekki, hvað á milli ber. Mjer heyrðist á honum, að meiningin væri sú, að taka aðeins þennan mann út úr af sjerstökum ástæðum, sem jeg get vel fallist á, en bera hinsvegar alla hina upp í einu lagi. Ef svo er, þá hefir það verið misskilningur hjá okkur hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að ætlunin væri sú, að bera hvern mann upp í sjerstöku frv. Jeg get ekki sjeð annað heldur en að hægt sje og sjálfsagt sje að afla sjer sem fullkomnastra upplýsinga um hvern einstakan mann, enda þótt margir sjeu bornir upp í sama stjfrv. Hitt, að bera upp eitt stjfrv. fyrir hvern mann, er á móti allri venju, sem jeg þekki til. Það er alveg rjett, að komið hafa fram frv. frá einstökum þm. um að veita mönnum ríkisborgararjett, en í hvert skifti, sem slíkt hefir skeð, hefir þess verið getið annaðhvort í nál. eða framsögu, að slíkt ætti ekki að vera, heldur ættu því lík frv. að koma í einu lagi frá stjórninni í hvert sinn. Um dvalartíma þeirra manna, er hv. frsm. (ÁJ) nefndi, skal jeg ekki segja, en þó sýnist hann vera nægilegur, ef ekki er annað til hindrunar. Um íslenskukunnáttu þessara manna er ráðuneytinu að vísu ekki persónulega kunnugt, en þó veit jeg um einn mann, sem jeg nefndi við 1. umr., sem talar íslensku mjög vel. Má vera, að hv. frsm. (ÁJ) sje hjer kunnugri en jeg. Einn maður sótti, sem ráðuneytinu var kunnugt um, að kunni ekki málið, og hefir hann heldur ekki verið tekinn upp í frv. En annars hygg jeg, að fáir útlendingar gætu fengið þennan rjett, ef kröfur ætti að gera til fullkominnar kunnáttu í íslenskri tungu.

Það er öllum kunnugt, að útlendingum veitist mjög erfitt að tala íslensku, svo vel sje.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta, þar sem sá skoðanamunur, sem jeg hjelt að væri milli hv. allshn. og mín í þessu máli, hefir, að því er virðist, verið á misskilningi bygður.

Frsm. (Árni Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af síðustu ummælum hæstv. forsrh. Jeg vildi aðeins geta þess, að nefndin hefir enga fullnaðarákvörðun tekið um það, hvernig hún snýr sjer í þessu máli. Hún mun bera þá, sem hún þykist geta mælt með, hvort sem þeir verða einn eða fleiri, upp í einu frv., eftir því sem jeg býst við.

Forsætisráðherra (JM): Ef þessu er svo varið, þá hefir það ekki verið algerðum misskilningur hjá mjer, að nefndin ætlaði að koma fram með annað frv. eða önnur en stjfrv.

Magnús Torfason: Nefndin ætlaðist ekki til, að umræður yrðu um þetta mál, þar sem þær hlytu að verða meira og minna persónulegar, og þar að auki hafði hún ætlað sjer að leita álits hæstv. forsrh. Ef aðeins þetta frv. verður borið fram, þá er það til þess að forða umræðum um þá menn, sem ekki verða teknir upp. Annars er óráðið, hvort borið verður fram frv. fyrir hvern mann eða fleiri í einu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 217).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40 fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 217).

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 283).

33. Selaskot á Breiðafirði.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (þmfrv., A. 118).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hákon Kristófersson): Þetta frv. er flutt fyrir ósk fjölmargra manna við Breiðafjörð. Eins og drepið er á í greinargerð fyrir frv., eru sektarákvæðin í lögunum frá 1885 svo lág, að þau hafa engin áhrif á lögbrjóta. Jeg get fullyrt eftir minni reynslu og annara, að brot og yfirtroðslur gegn lögum þessum hafa verið og eru svo úr hófi fram, að margar selalagnir því nær eyðileggjast, ef ekki verður við gert. Okkur er þannig farið á þessu landi, að við höldum yfirleitt engin fyrirmæli, nema nokkurnveginn tryggi lega sje um búið. Og hjer er farið fram á að tryggja friðunina með hækkun sekta svo um muni. Það mætti ef til vill segja, að sektarákvæði þessi sjeu nokkuð há, er ákveða skuli 50—100 krónur fyrir hvern sel. En sannleikurinn er sá, að víða er margur selur skotinn, sem er meira virði. Til þess að tryggja þetta enn betur, er svo ákveðið, að byssan skuli einnig upptæk ger. Mjer er kunnugt um, að skyttur, sem stunda þessa iðn, eiga að jafnaði góðar byssur og rifla, og á svæði því, er þessi lög mundu ná yfir, kaupa menn iðulega dýra og góða rifla í þeim tilgangi einum að skjóta sel. Er það trú mín, að það mundi draga allmjög úr lögbrotum, ef menn væru hræddir um að missa byssuna sína. Geri líka ráð fyrir, að það hafi dálítil áhrif til að brot komist upp, að uppljóstrarmaður fái ⅔ sektanna.

Jeg hefi sjálfur orðið fyrir miklum óþægindum af þessum lögbrjótum, og má svo að orði kveða, að vart sje eftir ¼ hluti fyrri selveiði jarðar þeirrar, er jeg bý á, einkum að því er útsel snertir. Af hvaða ástæðum sú rýrnun er, kemur vitanlega ekki af neinu öðru en skotunum, og svo mun víðar vera. Jeg lít svo á, eftir því verði, sem nú er á skinnum, að sjálfsagt sje að vernda þessa atvinnugrein. Hinir, sem lögbrotin fremja, telja eigendur selalátranna ekki hafa meiri rjett til selsins en sig. En þess er að gæta, að þetta eru stórhlunnindi einstökum jörðum, sem verið er að eyðileggja, en stundarhagnaður einn fyrir hina. Þess má einnig geta, að rýrnun á selveiði jarða þeirra, sem hlut eiga að máli, er um leið rýrnun á verðmæti þeirra, og þar af leiðandi rýrnun á ýmsum fasteignum landsins.

Jeg býst við, að þetta sje svo ljóst, að ekki þurfi að vísa því til nefndar, þó eftir reglu þyki hæfa, að svo sje gert. Jeg sting því upp á að vísa málinu til landbúnaðarnefndar, þó hjer sje um sjávardýr að ræða. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta meir, með því að þá yrði að geta fjarstaddra manna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 118, n. 177, 188).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 188. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál. Í nál. á þskj. 177 er tekið fram það, sem nefndin hefir um það að segja. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 188, sem nú hefir verið útbýtt í hv. deild, skal jeg geta þess, að þegar nefndin hafði betur athugað orðalag frv., og einkum vegna samræmis þess við næsta mál á dagskránni í dag, þá leyfir hún sjer að leggja til, að brtt. þessi verði samþykt.

Eins og hv. deild er kunnugt, hefir hv. þm. Dala. (BJ) borið fram frv. í svipaða átt sem þetta, og hefir landbn. einnig haft það til meðferðar. Jeg hefi fyrir nefndarinnar hönd átt tal við háttv. þm. (BJ) um það frv., og fellst hann góðfúslega á, að því sje ekki sýnd nein óvirðing semd, þó að nefndin hafi borið fram brtt. á þskj. 177, sem er frv. hans orð rjett, og kemur það því ekki á dagskrá aftur.

Brtt. á þskj. 177 fer í dálítið aðra átt en sjálf frvgr., eins og hún nú er, sem sje að færa út takmarkalínuna, sem selaskotum eru sett á Breiðafirði.

Nefndin telur þessa breytingu sjálfsagða. Jeg hefi nýlega átt símtal við einn merkasta bónda í Dalasýslu, og segir hann, að andróður sá, sem nokkrir íbúar Stykkishólms og þar í grend hafi hafið gegn þessari útvíkkun línunnar, eigi svo lítinn rjett á sjer, að hann megi engan veginn varna því, að breytingin nái fram að ganga. Má í þessu sambandi einnig vísa til hinnar skýru og rökföstu greinargerðar hæstv. forseta Ed. (HSteins), er fylgdi frv. hans um þetta efni hjer í fyrra. Þar er svo skýrt kveðið á um nauðsyn þessa máls, að jeg hefi engu við að bæta. Enda mun hv. þm. Dala. (BJ), sem er hinn eiginlegi flm. brtt., tala betur fyrir henni en mjer er unt, þar sem mig brestur kunnugleika á þessum slóðum sem skyldi.

Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki till. landbn. í máli þessu.

Bjarni Jónsson: Jeg vil aðeins þakka hv. landbn. meðferðina á mínu frv. Til þess að sanna orð hv. frsm. (HK) skal jeg endurtaka það, sem jeg sagði í framsöguræðu fyrir mínu frv., að jeg teldi rjett, að þessi tvö frv. yrðu sameinuð og eitt frv. steypt upp úr þeim. Það er þess vegna langt frá því, að jeg þykkist nokkuð, þó að frv. mitt komi ekki aftur fram, úr því sem komið er. Mjer má vitanlega á sama standa, í hvaða formi frv. mitt verður samþykt.

Jeg býst við að þurfa ekki að bæta löngu máli við það, sem jeg sagði við 1. umr. frv. míns um tilefni þess. Á svokölluðu Breiðasundi hefir verið ófriðað svæði, þar sem hefir mátt skjóta sel eftir vild. Nú er því svo háttað, að þar örskamt frá eru selalagnir allmiklar, og hefir þótt við brenna, að menn hafi freistast til að fara í lagnir þessar og skjóta þar, með því að þær eru svo nálægt ófriðlýstu svæði. Þess vegna þykir mjer rjett að

færa takmörkin út, til þess bæði að menn freistist síður til að skjóta í lögnunum við Breiðasund og svo líka til þess, að hægara verði um eftirlit með ólöglegum selaskotum um þær slóðir.

Þess ber og að geta, að selalagnir á þessum slóðum gefa mjög mikið af sjer. T. d. geta tekjur af selveiði á Staðarfelli orðið alt að 2000 kr. árlega, og yfirleitt gefa þær almenningi þar vestra svo mikið í aðra hönd, að ekki sýnist vera áhorfsmál að friða lagnirnar alveg, þó að nokkr- ir menn frá Stykkishólmi og grend hafi undanfarið skotið sel þar inni á sundinu sjer til gamans og ef til vill líka til gagns. Það gagn vegur aldrei á móti hinu, sem ábúendur selveiðijarðanna hafa af því, að lagnir þeirra sjeu algerlega friðaðar. Þess vegna mælir full sanngirni með því, að frv. mitt, sem nú er orðið brtt. háttv. landbn. við frv. á þskj. 118, verði samþykt.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, er svæðið fyrir framan ósa laxveiðiánna, sem í Hvammsfjörð renna, ófriðað eftir sem áður, og þar má því skjóta sel eftir vild, svo að hann fái ekki hindrað laxgöngur í árnar. Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að fara frekar út í þetta mál, enda kemst jeg þá varla hjá því að endurtaka það, sem jeg sagði í framsögu fyrir frv. mínu. Jeg hefi tekið þetta fram vegna þess, að hv. frsm. (HK) sagðist vera ókunnugur þessari hlið málsins.

ATKVGR.

Brtt. 177 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 188 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frvgr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 190).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 190).

Á 35. fundi í Ed., föstudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 190 n. 240).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg held, að það sje ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. Nefndin leggur fram nál., sem skýrir víst nægilega, hvernig í þessu máli liggur. Meginmál frv. er fyrri hluti 1. gr. Það má segja, að frv. þetta sje gamall kunningi í deildinni; það kom fyrir þessa hv. deild á síðasta þingi frv., sem gekk í þessa stefnu og var afgr. með rökstuddri dagskrá til stjórnarinnar, vegna þess að menn vildu láta leita álits hlutaðeigandi sýslunefnda, áður en það væri gert að lögum. Þessa álits hefir nú verið leitað, og frá tveimur sýslunefndum hafa komið ákveðin svör. Þær hafa ekkert á móti því, að það verði lögleidd þannig löguð friðunarlög. En hin þriðja

hefir ekki svarað neinu. Það má því segja, að ekkert sje því til fyrirstöðu að lögleiða frv. Eins og sjá má, hefir frv. frá því sem var í fyrra fengið viðbót í hv. Nd., að því leyti, eins og stendur í 2. málsgr. 1. gr., að það er undanþeginn þessu banni dálítill blettur af Hvammsfirði. Þar má eftirleiðis skjóta selinn. Það stendur sem sje þar svo á, að þar eru nokkrar laxveiðiár, Laxá, Haukadalsá, Miðá og Hörðudalsá. Mönnum hefir ekki þótt rjett að banna selveiði fram undan mynnum þessara áa, svo að á Hvammsfirði myndast þannig þríhyrningur, er selaskot verður leyft á, en bannað bæði fyrir innan og utan þann þríhyrning. Það er sama hugsun, sem liggur í frv. sjálfu eins og í brtt. þeim, sem nefndin hefir komið með, en hún telur betra að undanþiggja þennan blett heldur en að segja, að sama bann skuli gilda í Hvammsfirði, eins og stendur í frv. Við lítum sem sje svoleiðis á, að Hvammsfjörður tilheyri að vissu leyti Breiðafirði og þess vegna eigi að láta bannið grípa yfir alt, Breiðafjörð með fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, en undanfella svo friðuninni það svæði, sem þykir við eiga. Það er enginn ágreiningur um þetta; allir nefndarmenn eru samþykkir um þær brtt., sem nefndin hefir gert, og hv. flm. frv. í Nd. telja breytingarnar til bóta.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. En nefndin mun til 3. umr. athuga, hvort ekki ætti að breyta fyrirsögn frv. Fyrirsögnin er orðuð eins og á frv., sem lá fyrir þessari háttv. deild í fyrra, en svo er komin 2. gr. um sektir, samhljóða sektarákvæðunum í frv. til laga um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849, og lögin frá 1885 þar með fullkomlega upphafin. Nefndin mun því athuga, hvort ekki sje rjett að breyta fyrirsögn frv. í samræmi við þetta.

Forseti (HSteins): Mjer fyndist einmitt fara vel á því, að nefndin athugaði þetta fyrir 3. umr., því að mjer virðist rjettara, að frv. heiti: Frv. til laga um selaskot á Breiðafirði.

ATKVGR.

Brtt. 240,a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 240,b samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 253, 256, 261).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 261. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Við 2. umr. gat jeg þess, að landbn. mundi koma með brtt. við þetta frv. til 3. umr., og er þær nú að finna á þskj. 256.

Þá gat jeg þess einnig, í hvaða átt þessar brtt. myndu ganga, svo ljóslega, að jeg held, að jeg þurfi ekki að fara frekari orðum um það atriði nú, en jeg hygg, að þær miði til bóta, og vil því ráða hv. deild til að samþykkja þær.

Í annan stað hafa komið fram brtt. á þskj. 261. Þær eru í rauninni ættaðar frá hv. Nd. Það var farið fram á það við landbn. þessarar deildar fyrir stuttu, að

hún tæki að sjer að flytja þessar brtt., en hún vildi ekkert við það eiga, enda þóttist hún hafa gert nóg að því að umbæta frv. þetta fyrir háttv. Nd. Annars verð jeg að álíta, að brtt. á þskj. 261 sjeu ekki allskostar þarfar. Jeg held, að í þessu falli hljóti friðhelgi eignarrjettarins að vera svo vernduð, að mönnum haldist ekki uppi, án víta, að fara í látur annara manna og rota þar sel eða drepa á annan hátt.

Aðaltilgangur brtt. er að fá drápið undir sektarákvæði 2. gr. frv., en þá er þess að gæta, að ef þetta verður samþykt, þá gilda önnur sektarákvæði um dráp í selalátrum á Breiðafirði en annarsstaðar á landinu. Ef nauðsyn bar til, að þessi breyting á sektum næði fram að ganga þá hefði hún átt að koma við frv. til laga um breyting á tilskipun um veiði, sem hjer var nýlega til umræðu, því þá hefðu sömu sektarákvæði gilt um alt land. En af þessu varð nú ekki. Og ef þessi brtt. verður nú samþykt og þetta frv. þannig afgreitt, þá leiðir af því, að sjerstök sektarákvæði gilda um seladráp í látrum á Breiðafirði. Mjer fyrir mitt leyti finst þetta frekar óviðkunnanlegt, en ef mönnum sýnist það vel við eigandi þá get jeg látið mjer það á sama standa.

Annars finst mjer slæmt orðalag á brtt. Þar stendur: „Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi“.

Eftir þessu virðast eigendur látranna ekki mega láta aðra drepa sel fyrir sig. Samkvæmt orðanna hljóðan eiga þeir jafnan, ef þeir vilja vítalausir vera, að gera það sjálfir. Vitanlega er það ekki meiningin, að víti liggi við því, að selalátraeigendur láti þjóna sína eða vinnumenn drepa selinn í látrunum, en mjer finst samt sem áður orðalagið óviðkunnanlegt og álít, að betur færi á því, að þar stæði „rota eða láta rota“, eða eitthvað því líkt.

Einar Árnason: Brtt. á þskj. 261 eru fluttar eftir beiðni aðalflutningsmanns frv. í hv. Nd. (HK). Honum láðist að koma þessum breytingum að undir meðferð málsins í þeirri hv. deild, en hinsvegar telur hann, sem gagnkunnugur maður þar vestra, þess fulla þörf, að þessar breytingar verði gerðar á frv.

Mjer skildist hv. frsm. (EP) vilja amast dálítið við þessum brtt., og fæ jeg ekki skilið, af hverjum ástæðum það getur verið. Eins og hann sagði rjettilega, eru brtt. fram komnar með það fyrir augum, að uppidráp komi einnig undir sektarákvæði 2. gr. frv., enda er alls ekki óeðlilegt, að sömu viðurlög sjeu við að rota sel og drepa uppi sem við því að skjóta hann. Fæ jeg því ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að vera á móti brtt., þó að þær eigi við Breiðafjörð sjerstaklega.

Hv. frsm. (EP) þótti orðalag brtt. óviðkunnanlegt og vildi jafnvel líta svo á, að samkv. till. mættu ekki aðrir en eigendur látranna sjálfir eða umráðamenn þeirra drepa sel á hinu friðlýsta svæði. Þetta er augljóslega ekkert annað en hártogun, því það er alment sagt svo, þegar um bændur er að ræða, að þeir geri sjálfir það, sem þeir láta hjú sín gera. Enda hafa lögfræðingar litið yfir brtt. og ekkert sjeð við þær athugavert, heldur fundist þær rjettmætar og í alla staði formlegar.

Ef 1. og 2. brtt. á þskj. 261 verða samþyktar, þá leiðir samþykt 3. brtt. af sjálfu sjer, en þá þyrfti hv. nefnd líka að taka aftur 4. brtt. sína á þskj. 256.

Annars geri jeg þetta mál alls ekki að kappsmáli. Jeg þykist vita, að hv. þdm. hafi áttað sig á því, hvað hjer er um að ræða, og nenni ekki að deila mikið um slíka smámuni.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg ætla alls ekki heldur að gera þetta mál að kappsmáli. Jeg vildi aðeins vekja athygli á því, að við erum nýbúnir að samþykkja lagafrv. um sektarákvæði fyrir brot gegn tilskipun um veiði frá 1849, alveg samhljóða þeim, sem sett eru í 2. gr. þessa frv. Ef nú brtt. á þskj. 261 verða samþyktar, þá gilda önnur ákvæði fyrir Breiðafjörð en alla aðra hluta landsins um viðurlög við seladrápi. Þessar brtt. hefðu því átt að koma við það frv., því þá hefðu sektarákvæðin orðið samhljóða um land alt.

ATKVGR.

Brtt. 256,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 261,1 samþ. með 7:5 atkv.
— 256,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 261,2 samþ. án atkvgr.
— 256,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 261,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 256,4 sjálffallin.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 265).

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg vil aðeins geta þess, að frv. hefir tekið örlitlum breytingum í hv. Ed. Hefir landbn. Nd. fallist á þær og telur þær vera til bóta. Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 296).

---

34. Einkenning fiskiskipa.

Á 25. fundi í Ed., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um einkenning fiskiskipa (þmfrv., A. 149).

Á 26. fundi í Ed., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Frv. þetta hefir sjútvn. leyft sjer að flytja eftir tilmælum hæstv. landsstjórnar.

Eins og kunnugt er, þá er eftir samningi frá 6. maí 1882 til ákvæði um, hvernig fiskiskip skuli merkt og auðkend utan landhelgi, en hingað til hafa ekki verið til ákvæði að því er þetta snertir innan íslenskrar landhelgi.

Frv. þetta mælir svo fyrir, að öll skip, útlend og innlend, er koma í íslenska landhelgi, skuli bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, að viðlögðum sektum, ef út af er brugðið.

Að því er botnvörpuskip snertir skoðast það brot, ef breitt er yfir merki, og skal fara með það eins og ef veiðarfær-

um væri óleyfilega fyrir komið. Þetta á við, þegar merki er hulið af ásettu ráði, en ekki eins saknæmt, þó að það kynni að hafa máðst út óvart.

Það kemur oft fyrir, þegar vopnlausir bátar elta botnvörpuskip, að þau komast undan með því móti að breiða yfir merki, svo að það virðist full ástæða til þess að reyna að kippa þessu í lag og leggja fullkomna sekt við slíkum brotum.

Með því að sjútvn. hefir haft þetta frv. til athugunar áður en það var flutt, sýnist ekki ástæða til að vísa því til nefndar, og mælist jeg til, að það verði látið ganga beint til 2. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir að flytja þetta frv. fyrir ráðuneytið, því að við það sparast bæði tími og kostnaður til símunar.

Jeg er samdóma hv. frsm. um það, að ekki sje ástæða til að vísa frv. til nefndar. Ákvæði þess eru svo einföld, að þau ættu ekki að þurfa frekari meðferðar en hægt er að hafa við umræður í deildinni.

Það er, eins og bent er á í greinargerð frv. og hv. frsm. hefir minst á, ákveðið í þjóðasamningi, sem Ísland hefir tekið þátt í, að skip skuli merkt eins og nú er orðið algengt um flestra þjóða fiskiskip. Það er beinlínis ákveðið í samningnum frá 6. maí 1882, að fiskiskip öll skuli merkt ákveðnum merkjum á stafni og beggja megin að framan, og þannig eru merkt allra þjóða fiskiskip, er þátt tóku í þessum samningi. Samningur þessi gilti um Norðursjóinn og alt norður að 61. breiddarstigi. Tóku þátt í honum auk Íslands: Danmörk, Þýskaland, Holland, Belgía, Bretland og Frakkland. Milli Íslands, Danmerkur og Bretlands voru gerðir samningar 24. júní 1901 um höfin milli Íslands og Færeyja fyrir norðan 61. breiddarstig.

Það sjest, að Norðmenn hafa ekki tekið þátt í þessum samningum, og fiska þeir þó hjer við land. En þeir hafa hjerumbil sömu ákvæði um merkingu á fiskiskipum sínum. Við það á frv., þar sem tekið er fram, að nægja megi samskonar merki og gert er ráð fyrir í samningunum 1882 og 1901. Það gæti rekist dálítið á, ef hingað kæmi fiskiskip frá þjóð, sem ekki hefði lögmælt merki, og yrði í þeim tilfellum að fara gætilega og taka það til greina, ef ske kynni að skipið vissi ekki um lögin.

Í byrjun þarf að framfylgja þessum lögum vægilega gagnvart þeim þjóðum, sem ekki hafa samskonar merkingu, ef ekki er beinlínis hægt að álíta, að um landhelgisbrot sje að ræða. Þetta er aðeins fyrst. Lögin verður auðvitað að tilkynna. En það er ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja slík lög sem þessi.

Það getur skiljanlega verið dálítið hart, ef skip, sem bara siglir um farinn veg og ekki er að veiðum, væri tekið og því hegnt fyrir það, að merki þess væru ekki í lagi.

Um nauðsyn þessara laga hefir hv. frsm. (JJós) talað og lítillega vísað til greinargerðar frv., svo jeg þarf ekki að sannfæra hv. þdm. um nauðsyn málsins.

Það er stungið upp á þrennskonar hegningu, eftir því hvort um vísvitandi afbökun á merki er að ræða samfara ólöglegum veiðum, eða vísvitandi dulið merki, þó skipið sje ekki staðið að ólöglegum veiðum, og loks ef um hirðuleysi eitt í merkingu er að ræða.

Gagnvart útlendum skipum verður í fyrstu að fara vægilega í sakir, ef ekki

er ástæða til að gruna skipið um landhelgisbrot. En hin íslensku skipin verða auðvitað að hlýða lögum þessum þegar í stað eftir að þau eru afgr. úr þinginu. Og út af skipum frá þeim þjóðum, sem taka þátt í samningunum, geta engin vandræði orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 149).

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Hv. sjútvn. í Ed. hefir borið þetta frv. fram fyrir hönd stjórnarinnar. Það er alkunnugt, að á síðari árum hafa skip, sem hafa verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, mjög oft falið merki sín, og þannig gert óhægra fyrir um eftirlit. Þetta frv. fer fram á að gera þetta að sjerstöku broti, þótt annað ólöglegt sje ekki aðhafst, en jafnframt sje hegningu fyrir þetta brot bætt við, ef fleiri sakir eru. Frv. fjekk góðar viðtökur í hv. Ed., enda mun það vera vilji allra hv. þingmanna að hlífa ekki slíkum lögbrjótum.

Jeg hygg, að ekkert sje í frv. þessu, sem brýtur í bága við alþjóðalög, en þó vil jeg til varúðar leggja það til, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 246).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Þetta frv. er um einkenni skipa í landhelgi, og ákveður það sektir við því, ef einkennin eru ekki nógu skýr, eða ef skipverjar verða berir að tilverknaði í þá átt að dylja merkin. Fyrir utan landhelgina gilda ákvæði samkvæmt alþjóðasamningum um merking skipa, en innan landhelgi hefir ekki legið sekt við, þó merkin væru í ólagi. Slíkt er ótækt, einkum vegna landhelgisgæslunnar, að hafa ekki nein lagaákvæði um þetta. Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, kemur frá sjútvn. Ed., og hefir sjútvn. Nd. athugað það og er einhuga í því að leggja til við þessa hv. deild, að það verði samþykt.

Það er áreiðanlega full þörf á lagasetningu um þetta, einkum í sambandi við landhelgisgæsluna, sem verður örðugri, ef skipum helst uppi að vera merkjalaus eða óglögt merkt.

Það er aðeins ein brtt. (við 4. gr. frv.), sem sjútvn. Nd. leggur til við þetta frv., að sektir fyrir brot gegn ákvæðum þessara laga renni í landhelgissjóð. Nefndin hefir fært þetta í tal við hæstv. dómsmálaráðherra (JM), og hefir hann ekki haft neitt sjerstakt við þetta að athuga. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sektir fyrir brot á einkennislögunum verði ákveðnar í sambandi við sektir fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi; — verði því aðeins ákveðin ein sektarupphæð. En eins og allir vita, renna sektir fyrir brot á landhelgislögunum í landhelgissjóðinn, og er því eðlilegast, að sektarfje fyrir hvortveggja brotin renni í sama sjóð, enda munu þessi einkennislög oftast verða brotin af þeim hinum sömu, er brjóta landhelgislögin. En þótt það auðvitað geti komið fyrir, að sektir verði ákveðnar fyrir brot aðeins á þessum lögum, án þess að önnur lög hafi einnig verið brotin, gerir ekkert til, þótt þær sektir fari einnig í landhelgissjóðinn, enda mun þá heldur aldrei verða um háar upphæðir að ræða.

Jeg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta mál, en endurtek aðeins tilmæli sjútvn. til þessarar hv. deildar um að samþykkja þetta frv.

Ágúst Flygenring: Það var aðeins lítið atriði viðvíkjandi þessu máli, sem jeg vildi víkja að nokkrum orðum. Eins og kunnugt er, þurfa fiskiskip og bátar, sem eru við veiðar í hafinu kringum Ísland, ekki að vera merkt, ef þau eru innan landhelgi, en skylt er þeim að sýna merki, er þau eru utan landhelginnar. En þó þetta hafi oft verið brotið, hefir ekki legið sekt við því. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, gerir ráð fyrir þessu hvorutveggja, að skip skuli skyld að hafa merki bæði innan sem utan landhelgi, og leggur sekt við, ef brotið er gegn þessu, og er þetta alveg rjettmætt.

Samkv. tilskipun frá 1903, sem enn er í fullu gildi, er gert ráð fyrir, að öll skip, sem hjer eru mæld og skrásett, skuli hafa merki og önnur einkenni, þ. e. skrásetningarbókstafi og tölu, og skyldu lögreglustjórar þeir, er um skrásetninguna áttu að annast, einnig sjá um þetta atriði, nefnilega merkinguna. Þetta var í fyrstu framkvæmt allítarlega, en því hefir í seinni tíð ekki verið jafn stranglega framfylgt. En nú hagar hjer svo til víðasthvar, að menn verða að sækja á fiskimið út fyrir landhelgina, jafnvel á smábátum, og því hefir þetta átt að ná til báta líka. En ákvæðin um bátana hafa að mestu fallið í gleymsku í seinni tíð, þó mest fyrir tómlæti lögreglustjóranna, en það stafar af því, að ekkert hefir verið hægt að gera við ómerkinga þá, sem fyrir hafa hist í landhelgi. Þetta frv., sem hjer er til umræðu, gerir ráð fyrir þessu hvorutveggja, en þó eru ákvæðin „öll skip“ ekki nógu skýr, þar sem ekki er tiltekin stærð skipanna, og verður þetta því of óljóst orðað. En tilskipunin frá 1903 gerir ráð fyrir, að ákvæði hennar taki til alls, sem flýtur utan landhelgi, og því vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvað hann álíti rjett í þessu efni. Hvort ekki eigi að vera nánar tiltekið um, hvaða skip skuli

merkt vera innan landhelgi, ef ekki er ætlast til, að skrásetningin nái til báta líka, eins og á sjer stað utan landhelgi. Þetta finst mjer ætti að leiðrjetta og setja gleggri reglur um, hvaða skip skuli merkingarskyld og hverjum megi sleppa.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins taka það fram, að það er ekki jeg, sem hefi látið bera þetta frv. fram, heldur er það fram komið fyrir tilstilli hæstv. dómsmálaráðherra (JM), vegna þess að álitið er, að einkenning fiskiskipanna sje einn liður í lögregluefirlitinu á sjó, en það eftirlit er hjá dómsmálaráðuneytinu. Geri jeg því ráð fyrir, að hæstv. dómsmálaráðherra (JM) muni upplýsa háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) um það, sem hann spurði um.

Forsætisráðherra (JM): Það er ekki ætlast til, að þetta gildi fyrir önnur skip en þau, sem tiltekin eru í 2. málsgr. 1. gr. frv., þ. e. fiskigufuskip. Annars hefi jeg ekkert tilefni til þess að segja neitt frekar út af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF), sem er rjett.

Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, að jeg hygg ekki, að frv. brjóti í bág við alþjóðalög um frjálsar siglingar á hafinu. Jeg hefi rannsakað þetta talsvert og held að það sje óhætt að samþykkja þetta frv. þess vegna. Jeg get vel fallist á brtt. nefndarinnar. Það er eðlilegast, að allar sektir fyrir landhelgisbrot renni í sama sjóðinn, en þó held jeg, að þetta hefði ekki þurft að reka sig á lögin um botnvörpuveiðar. En sem sagt, breytingin er til bóta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 246 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 259).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 259).

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Sjútvn. þessarar hv. deildar hefir komið sjer saman um að samþykkja þá breytingu, sem gerð hefir verið á þessu frv. í hv. Nd., og er till. hennar á þá leið, að þetta frv. verði samþykt eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

---

35. Vörutollur.

Á 11. fundi í Ed., laugardaginn 21. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þmfrv., A. 69).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þó að flokkunin í vörutollslögunum sje orðin talsvert greinileg, þá er samt ekki nema eðlilegt, að árlega komi ef til vill ýmislegt það í ljós, er sýni, að hún gæti verið betri og komið sanngjarnara niður, og er þá nauðsynlegt að breyta því til hins rjettara undir eins og þörfin krefur. Það er af þessum ástæðum, að jeg ber fram frv. þetta, sem er á þskj. 69.

Þær vörur, sem jeg legg til, að færðar verði til í flokkuninni, hafa hingað til fallið undir 7. fl. og tollurinn því verið 6 kr., að viðbættum 25% gengismismun, miðað við 100 kg. Allar þessar vörur eru ýmiskonar veiðarfæri og útgerðinni jafnnauðsynlegar eins og þau önnur veiðarfæri, sem talin eru upp í 2. lið 1. gr. laganna. Virðist því ekki nema sanngjarnt að láta þessar vörur eftirleiðis falla undir 2. lið.

Það má að vísu segja, að hjer sje um smámál að ræða, en það er líka rjettlætiskrafa að lagfæra lögin, svo að þau komi ekki misjafnlega niður að óþörfu. Þess vegna vona jeg, að háttv. deild geti fallist á þessar breytingar, og legg til, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 130).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Breyting sú á vörutollslögunum, sem hjer er farið fram á, er í því fólgin að færa nokkrar vörutegundir undir 2. lið 1. gr. þessara laga, sem áður hafa ranglega verið heimfærðar undir 7. fl. Nú er það svo, að allmikill munur er á tolli samkv. 2. lið 1. gr. og 7. fl., og virðist öll sanngirni mæla með því, að þessar vörutegundir sjeu færðar til og settar í sama flokk og aðrar samskonar nauðsynjavörur. Nefndin hefir athugað þetta mál og leggur einróma til, að frv. verði samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þessi breyting skiftir litlu máli fyrir ríkissjóðinn, og þar sem jeg tel breytinguna ekki óeðlilega nje ósanngjarna, þá vil jeg fyrir mitt leyti mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 69).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 202).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Þar sem svo er orðið áliðið fundinn, mun jeg ekki bæta miklu við það, sem stendur í nál. fjárhagsn. á þskj. 202. Þegar lögin um vörutoll voru endurskoðuð á þingi 1921, var það tilætlunin, að flestar vörur, sem landbúnaður og sjávarútvegur þyrftu til framleiðslunnar, skyldu tollaðar samkv. 2. lið 1. gr. þeirra laga. Þrátt fyrir það getur engum dulist, að enn eru margar slíkar vörutegundir tollaðar samkvæmt 7. fl. sömu gr. Í þessu frv. er talið það, sem nauðsynlegast þykir að flytja yfir í 2. fl., sökum þess að tollurinn er alt of hár í hlutfalli við verðmæti vörunnar, svo og til þess að fá samræmi í framkvæmd laganna. Girðinganet eru t. d. sumstaðar á landinu tolluð í 2. fl., en sumstaðar í 7. fl., og vill nefndin færa þau yfir í 2. fl.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil vekja athygli hv. nefndar á því, að samkv. heimild í 3. gr. vörutollslaganna hefir tollur á girðinganetum verið lækkaður úr 7. fl. niður í 2. fl. 1. gr. vörutollslaganna. Slíkt hefir oftar verið gert, þegar tollurinn hefir verið ósanngjarnlega hár, samanborið við innkaupsverðið. Mjer finst ekki fara vel á að telja sumar þessar vörutegundir upp í frv.; annaðhvort á að taka allar eða enga. Jeg vil því skjóta því til hv. nefndar til athugunar, hvort ekki megi taka upp í frv. allar þær vörutegundir, sem hafa verið úrskurðaðar úr 7. fl. og í 2. fl., því að annars getur þetta valdið ruglingi.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það er sjálfsagt að laga þetta til 3. umr. og mun fjhn. koma fram með brtt. í þessa átt. En hitt tel jeg rjett, að afgreiða frv. nú þegar frá 2. umr. Þó að tolla beri girðinganet samkvæmt stjórnarráðsúrskurði eftir 2. lið, þá er það víst, að sumir lögreglustjórar hafa, sennilega af misgáningi, tollað þessa vörutegund eftir 7. lið. Jeg fyrir mitt leyti álít, að allar þær breytingar, sem hæstv. stjórn hefir á þennan hátt gert á vörutollslögunum, ætti að taka upp í þetta frv. Annars mun nefndin bera sig saman við hæstv. fjrh. áður en frv. kemur til 3. umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Vatill. 202 samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 220, 239, n. 273).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og sjá má af nál. fjhn. um þetta frv., þá hefi jeg sem skrifari nefndarinnar og frsm. í þessu máli skrifað undir nál. og brtt. fyrir hönd fjhn. Það þýðir það, að meðnefndarmenn mínir gátu ekki lesið yfir nál. — vegna þess, hvað tíminn var naumur — en fólu mjer að skrifa það. Vænti jeg þess, að þeir hafi ekki neitt sjerstakt út á orðalagið að setja. Hinsvegar voru þær breytingar, sem gerðar eru á þessu þskj., samþyktar í einu hljóði á nefndarfundi í gær. Sömuleiðis var það samþykt í nefndinni að leggja á móti brtt. á þskj. 239. Þarf jeg ekki mörgum orðum að bæta við það, sem tekið er fram í nál. Aðeins vil jeg geta þess, að síðan 2. umr. fór fram hefir nefndin fengið lista yfir þær vörur, sem fjármálaráðuneytið hefir samkv. heimild vörutollslaganna fært úr 7. lið og í 2. lið; og ennfremur, að nefndin hefir bætt við örfáum vörutegundum, sem henni þótti sjálfsagt, eftir núgildandi vörutollslögum, að setja undir 2. lið. Úr því netagarn er undir 2. lið, þá fanst nefndinni ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að garn til fiskiumbúða fjelli undir þann lið. Ennfremur hefir nefndin bætt við nokkrum vörutegundum, sem stjórnin hefir fært milli liða, botnvörpuhlerum, skipaskrúfum, bátsuglum, togspilum, veiðarfæralásum, botnrúllukeðjum og stýriskeðjum. Nefndinni þótti sjálfsagt, að þar sem akkerisfestar falla undir 2. lið, þá ættu líka stýriskeðjur og botnrúllukeðjur að falla undir sama lið. Um togspilin er það að segja, að það hvílir ákaflega þungur skattur á einu einasta stykki, ef þau eru í 7. lið. En hinsvegar er það nauðsynlegt fyrir útgerðina að hafa varaspil; því það getur komið fyrir hvenær sem er á vertíð, að spil eyðileggist. Samkv. 7. lið mun vörutollurinn á þessu eina áhaldi nema milli 600 og 700 kr. En áhald þetta er eins nauðsynlegt og lóðarspil í bátum.

Um brtt. nokkurra hv. þdm. á þskj. 239 var nefndin sammála að leggjast á móti henni, af þeim ástæðum, að af henni leiðir ca. 7½ eyris toll á hvert kg. þessarar vöru, heyi. En slíkt álítur nefndin með öllu ófært, þar sem svo stendur á í mörgum kauptúnum og sjóþorpum, að það er alls ekki hægt að afla nægilegs heys í grendinni, og mjög erfitt að fá það keypt að, nema helst frá útlöndum. Það mun líka verða ærið vandasamt fyrir stjórnina, ef hún ætti að gefa undanþágur samkv. fyrirmælum till., því það hygg jeg henni erfitt að ákveða, hvenær er yfirvofandi fóðurskortur í þessu eða hinu hjeraðinu. Annars hjelt jeg, að það væri ekki svo ríflegur heyskapur á landi hjer, að hey megi telja verslunarvöru meðal landsmanna, nema kannske hjer í Reykjavík og lítið eitt á Akureyri.

Ekki fæ jeg skilið, að útlenda heyið útrými hinu innlenda, eða spilli sölu þess í venjulegum árum. Gæti það vitaskuld átt sjer stað að einhverju leyti, þegar mjög vel heyjaðist. En þegar lítið aflast af heyi, þá mun sveitunum síst veita af öllum heyskapnum handa sjer. Og þar sem nú svo stendur á, að á hverju ári er heyvöntun í einhverju bygðarlagi, þá finst mjer fyrir mitt leyti ekki ástæða til að tolla svona hátt þetta aðkeypta fóður.

Jeg býst við, að öllum komi saman um nauðsyn þess að flytja inn kraftfóður, enda er það flutt inn í langtum stærri stíl en hey. Og í tollaálagningu virðast svipaðar reglur eiga að gilda um hey og kraftfóður.

Jón Sigurðsson: Jeg á, ásamt fleiri hv. þm., brtt. á þskj. 239, og enda þótt hv. fjhn. leggist allþungt á móti henni, þá vildi jeg þó fara um hana nokkrum orðum.

Innflutningur á útlendu heyi, einkum norsku, fer stöðugt vaxandi hingað til lands, og veldur þar talsvert miklu, að útlent hey mun nú vera öllu ódýrara en innlend taða, en það mun aftur að miklu leyti stafa af því, hversu gengi norsku krónunnar er lágt. Njóta Norðmenn þar lággengisins og eiga þess vegna ljettara um vik í samkepninni við innlenda framleiðslu að þessu leyti.

Við flm. brtt. á þskj. 239 teljum innflutning á útlendu heyi með öllu óeðlilegan og jafnvel skaðlegan. Hann er óeðlilegur vegna þess fyrst og fremst, að venjulega er nóg hey til í landinu, þó að stundum kunni að virðast vera hörgull á því. Enn það stafar oftast ekki af því, að heyið sje í raun og veru ekki til í landinu, heldur af hinu, að kaupendur og seljendur finna ekki hvorir aðra. Öll heysala fer hjer enn fram í fullu skipulagsleysi. Hver, sem hey á og vill selja, hokrar í sínu horni, ef svo mætti að orði komast. Hann gerir lítið sem ekkert til þess að bjóða heyið til sölu, svo að fáir vita, að hann hefir hey á boðstólum, nema nágrannar hans og nánustu kunningjar. Er því ekki nema eðlilegt, að honum gangi illa að hitta kaupendur. En ef greitt er fyrir heysölu innanlands, þá verður afleiðingin sú, að bændur, sem hafa hey aflögu, mynda með sjer framleiðslufjelög til þess að annast sölu þess. Þetta er eðlilegasta leiðin, því þá vita kaupendur, hvert þeir eiga að snúa sjer, þegar þá vantar þessa vöru.

Jeg sagði, að innflutningur á heyi væri óeðlilegur, vegna þess, að oftast væri nóg hey til í landinu sjálfu. Nú sem stendur er mjer t. d. kunnugt um, að talsverðar heybirgðir munu vera til sölu, bæði uppi í Borgarfirði, sumstaðar norðanlands og víðar; en menn geta samt sem áður ekki selt, vegna skipulagsleysis á sölunni og svo af því, að menn taka jafnvel útlent hey fram yfir. Ef þessu heldur áfram og innflutningur á útlendu heyi vex hröðum fetum, þá dregur það mjög úr heyframleiðslu innanlands. Þegar menn geta fengið útlenda heyið ódýrara, er ekki von, að menn vilji leggja í mikinn kostnað til þess sjálfir að framleiða hey úr skauti jarðarinnar.

En mjer sýnist hjer vera farið eftir undarlegri tollmálastefnu. Við leggjum tolla á rúgmjöl og hveiti. Við tollum sementið, sem við flytjum inn til þess að geta reist skýli yfir höfuð okkar. Við tollum kol, sem okkur er nauðsynlegt að flytja inn, m. a. til þess að við ekki króknum úr kulda. Allar þessar vörur og langtum fleiri, sem háir tollar hvíla á, getum við ekki framleitt hjer í landinu, hversu fegnir sem við vildum.

En útlent hey má ekki tolla, og þó er hey svo að segja eina vörutegundin, sem við getum framleitt úr skauti jarðarinnar í stórum stíl. En hjer eiga útlendingar að hafa frjálsar hendur í samkepni við innlenda framleiðslu. Þetta sýnist mjer fremur hjákátleg stefna í tollmálum.

Jeg skal ekki neita því, að fyrst í stað gæti tollur þessi komið lítið eitt

óþægilega niður, einkum á einstöku kauptúnum. En það yrði ekki nema rjett snöggvast. Jeg er viss um, að fljótt mundi koma skipulag á heysöluna innanlands, eins og sölu annara innlendra vörutegunda. Og mjer sýnist útilokað, að menn þurfi að óttast, að verð á innlendu heyi mundi keyra úr hófi fram, því seljendur eru margir, og því yrði framboðið mikið og verðið þar af leiðandi lægra, samkvæmt almennum viðurkendum reglum. Og enda þótt framleiðendur mynduðu fjelagsskap um sölu á heyinu, sem mjög er líklegt, eins og jeg drap á áðan, þá er altaf fjöldi manna, sem stendur utan við allan slíkan fjelagsskap, og þeir myndu bjóða fram vöru sína í samkepni við framleiðendafjelögin, eins og ávalt á sjer stað, og á þann hátt halda verðinu niðri.

Þá hefir verið haft á móti því að setja toll á hey af þeirri ástæðu, að venjulega væri meiri og minni heyskortur í landinu. Þetta er ekki rjett, sem betur fer. Heyskortur er ekki algengur, og þó hann komi stundum fyrir í einstöku sveitum, þá eru það venjulega ekki þær sveitirnar, sem best skilyrði hafa til heyframleiðslu. En víða er stærð engja svo mikil, að eini möguleikinn til að nota þær til fulls er, að heysala geti þrifist innanlands. Mjer virðist því hjer vera um svo mikið sanngirnismál að ræða, að ekki geti komið til mála, að þetta fyrirkomulag verði látið haldast framvegis. Reyndar hefir verið bent á það, að landsstjórninni myndi reynast örðugt að ákveða, hvenær væri yfirvofandi hætta á fóðurskorti. En slíkt segir venjulega sjálft til sín, og enda er jeg þess fullviss, að stjórninni myndi ekki reynast erfitt að fá í tíma nægilegar skýrslur um þetta efni. Ber jeg því engan kvíðboga fyrir, að vandræði hljótist af, þó að brtt. verði samþykt.

Jeg vil leggja aðaláhersluna á, að það er í alla staði óeðlilegt og ósanngjarnt að tolla allar nauðsynjar, sem ekki er hægt að framleiða í landinu sjálfu, en neita landbúnaðinum um að tolla hey, sem nóg er til af í landinu og hægt er að framleiða í langtum stærri stíl en gert hefir verið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þar sem framhaldsnál. hv. fjhn. var ekki útbýtt fyr en nú á fundinum, hefi jeg ekki haft nægilegan tíma til þess að bera þær brtt., sem þar er stungið upp á, saman við núgildandi lög um vörutoll frá 1921. Þó get jeg sagt svo mikið, að ýmislegt er í þessum brtt., sem leiðinlegt er að fá inn í lögin. Má þar til nefna hrein útlend vöruheiti, eins og t. d. í síðustu brtt. hv. nefndar. Mjer sýnist allsendis óþarft að hafa vöruheiti þetta á öðru máli en okkar eigin. Sama er um flest þau orð að segja, sem eru höfð í svigum í brtt. Þau mættu gjarnan missa sig, enda alveg óþarft að festa þau heiti í íslenskum lögum.

Sumstaðar mætti fara betur með efnið, ef gera á svo víðtæka endurskoðun á 2. flokki vörutollslaganna, sem bæði þær breytingar, sem þegar er búið að samþykkja, og svo þessar, sem hv. nefnd leggur nú til, hafa í för með sjer.

Sem dæmi skal jeg nefna, að nú eru í 2. flokki akkeriskeðjur, en samkv. brtt. hv. nefndar eiga botnrúllukeðjur og stýriskeðjur einnig að tollast í þessum flokki. Þegar svo langt er komið, er eðlilegast að tolla allar keðjur úr járni í 2. fl. í 7. fl. verða aðallega eftir kýrbönd og þesshättar keðjur, og er mjög erfitt fyrir tollheimtumenn að aðgreina sömu

vörutegundina í mismunandi tollflokka eftir því, til hvers á að nota það, sem inn er flutt í hvert skifti.

Annað dæmi, sem jeg get tekið í fljótu bragði, er um togspil, sem út af fyrir sig er ljótt orð, sem er alveg óþarfi að lögfesta. Nú eru tollaðar samkv. 2. flokki lóða- og akkerisvindur, og ef menn vilja bæta þessum vindum við 2. flokk, þá fer að láta nærri, að hreinlegra sje að tolla allar vindur samkv. 2. flokki, til hvers sem þær kunna að vera notaðar.

Mjer finst sem sagt, að ef menn annars vilja breyta vörutollslögunum svo mjög, þá sje rjettara að yfirvega málið dálítið betur og fá til þess aðstoð þeirra manna, sem hafa sjerþekkingu í þessum efnum, manna, sem eru vanir að framkvæma slíka aðgreiningu ýmsra vörutegunda.

Ef tími hefði til unnist, þá veit jeg ekki nema jeg hefði reynt að koma með nokkrar brtt., en úr því sem komið er, ræður hv. deild, hvað hún gerir. Frv. fer að öllum líkindum aftur til Ed., og þá gefst enn möguleiki til þess að gera á því nauðsynlegar breytingar.

Annars verð jeg að segja, að jeg álít enga nauðsyn bera til að breyta vörutollslögunum eins og nú standa sakir.

Í 3. gr. þeirra laga er stjórninni heimilað að lækka toll á ýmsum vörutegundum, ef hann verður annars að telja svo háan eftir lögunum, að ekki sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar. Þessi heimild hefir verið talsvert notuð á þann hátt að flytja vörur úr 7. fl. niður í 2. fl. laganna, en lengra verður ekki komist niður á við, samkv. takmörkunum í 3. gr.

Í rauninni mætti nota heimild þessa meira en gert hefir verið, samkv. bendingu frá Alþingi og einstökum nefndum, og hygg jeg, að best væri að láta það nægja að þessu sinni, úr því sem komið er. Þó skal jeg geta sjerstaklega um eina vörutegund, sem í frv. þessu á að flytja í 2. flokk, sem sje net, einkum þorskanet. Stjórninni hefir ekki þótt næg ástæða til að flytja þessa vörutegund úr 7. fl. í 2. flokk. Henni hefir ekki þótt hlutfallið milli tollsins samkv. 7. fl. og verðs vörunnar rjettlæta það samkv. 3. gr. laganna. Nú mun þetta frv. aðallega til þess fram borið að fá net tollað samkv. 2. fl., og get jeg þá lýst yfir því, að stjórnin mun sjá sjer fært að færa toll af netum niður í 2. fl. samkvæmt heimild 3. gr., eftir að hafa heyrt samróma álit hv. fjhn. beggja deilda um, að svo beri að gera.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 239, um að tolla hey, sem nú er tollfrjálst, samkv. 7. fl. vörutollslaganna, verð jeg að segja það, að þessi brtt. er ekki í hinu minsta samræmi við lögin að öðru leyti og ekki heldur við tilgang laganna.

Tilætlun vörutollslaganna var upphaflega eingöngu sú, að afla ríkissjóði tekna. Þau voru upphaflega sett til þess að bæta ríkissjóði upp tekjumissi, sem hann varð fyrir vegna annara breytinga á löggjöf landsins, nefnilega þegar bannlögin voru sett, enda bera lögin sjálf þess ljósust merki, að sá er tilgangur þeirra. En þessi brtt. fer beinlínis fram á, að tollákvæði vörutollslaganna verði notuð sem verndartollur, enda mælti hv. aðalflm. (JS) fyrir till. á þeim grundvelli. Þessi breyting mun heldur aldrei gefa ríkissjóði tekjur svo nokkru nemi, og það því síður, sem óhjákvæmilegt verður að beita heimild 3. gr. gagnvart heyi, ef til kemur, og færa það niður í 2. flokk. Útsöluverð á heyi mun nú vera 20—25 au. kg., og eru fáar vörutegundir

svo ódýrar. Að minsta kosti er óhætt að fullyrða, að engar vörutegundir, sem tollaðar eru í 7. fl., eru nándar nærri eins ódýrar. Þar af leiðandi verður ekki hjá því komist að beita heimild 3. gr. um hey, ef það verður tollað á annað borð og heimildin látin standa.

Annars álít jeg ekki viðeigandi að ræða mikið um verndartolla í sambandi við vörutollslögin. Verndartollar verða ekki settir á í þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna, heldur af alt öðrum ástæðum. Og jeg held, að það sje rangt á þessu sviði, eins og öðrum, að leggja svo gífurlegan verndartoll á aðfluttar vörur sem brtt. segir. Afleiðingin yrði sú, að innflutningur á útlendu heyi hyrfi úr sögunni, nema í neyð, og jafnframt mundi verð á innlendu heyi hækka að mun hjá þeim, sem stunda heyskap í þeim tilgangi að selja heyið til kaupstaðanna. Að vísu eru það einkum kaupstaðabúar sjálfir, sem þessa atvinnu stunda; en útkoman verður sú sama, eins og yfirleitt með alla verndartolla. Þeir taka fje úr vasa eins borgara þjóðfjelagsins og láta í vasa annars, en ríkið sjálft græðir lítið sem ekkert.

Innflutningur á heyi hingað til lands er svo lítilfjörlegur, að ómögulegt er, að hann geti haft nokkur áhrif til eða frá á afkomu annars aðalatvinnuvegar landsmanna, landbúnaðarins. Árið 1922, síðasta árið, sem verslunarskýrslur eru fullgerðar fyrir, nam innflutningur á heyi 173 tonnum, og sem betur fer er sveitabúskapurinn ekki enn orðinn svo vesall, að hann skifti nokkru, hvort þetta er flutt inn eða ekki. Ennfremur er þess að gæta, að þetta hey er nær eingöngu flutt til þeirra staða á landinu, sem innlendur heyafli nær ekki til, og ef tekið verður fyrir þennan innflutning, verður afleiðingin sú, að til þessara staða verður meira flutt inn af útlendum búsafurðum. Heyið er aðallega flutt inn til mjólkurframleiðslu þar, sem erfitt er að ná til innlendra heyja, og hverfi innflutningurinn, verður að flytja þess meira inn af útlendri dósamjólk í stað mjólkurinnar, sem þá verður ekki hægt að framleiða á þennan hátt.

Annars er þetta mál í sjálfu sjer of smávaxið til þess að ræða út frá því verndartollastefnuna í heild. En ef tolla á hey eftir núgildandi vörutollslögum, þá nær ekki nokkurri átt, að það sje tollað annarsstaðar en í 1. flokki laganna. Það er engin skynsamleg ástæða, sem mælir með því að borga hærri toll af 1 kg. af heyi en 1 kg. af kartöflum, sem tollaðar eru samkv. 1. flokki.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend upp eingöngu vegna þess, hversu fast hæstv. fjrh. (JÞ) lagðist á móti brtt. á þskj. 239. Jeg fyrir mitt leyti er ráðinn í að greiða þeirri brtt. atkv., þó að hún fari fram á verndartoll. Jeg hefði meira að segja viljað ganga enn lengra og beinlínis banna innflutning á heyi til landsins. Ekki vegna þess fyrst og fremst, að jeg álíti, að bændur okkar eigi að sitja fyrir með heysölu, heldur miklu fremur vegna þess, að landbúnaðinum stafar mikil hætta af útlendu heyi.

Það getur að vísu verið, að fjarlægðin hjálpi okkur eitthvað í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, en þó er það nú svo, að merkustu vísindamenn hafa sannað, að gin- og klaufsýki í búpeningi berist með heyi.

Nú hefir sú stefna verið upp tekin, m. a. fyrir forgöngu dýralæknisins í Reykja-

vík, að leyfa alls ekki innflutning á húsdýrum, nema að undangenginni nákvæmri læknisrannsókn. Er þetta gert til þess að fyrirbyggja sýkingarhættu, sem stafar af þessum sjúkdómum og öðrum. En þegar vitanlegt er, að veikin getur einnig borist með heyi, þá er fullkomlega ástæða til að vera strangur og banna innflutning þess, engu síður en skepnanna sjálfra.

Jeg álít því sjálfsagt að athuga fyrir næsta þing, hvort ekki sje rjett að banna innflutning á heyi með öllu.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) hneykslaðist mjög á útlendu orðunum, sem eru að finna í brtt. fjhn.; sjerstaklega heiti á einni vörutegund, sem nefndin vill flytja í 2. flokk. En jeg skal geta þess, að fjhn. fjekk þetta heiti hjá fjármálaráðuneytinu. Við, sem í nefndinni sitjum, kunnum ekki annað heiti á þessari vörutegund og vissum yfirleitt lítið um hana, annað en það, að þetta er efni í steingólf.

Þá mintist hæstv. fjrh. (JÞ) á það, sem rjett er, að við hefðum fært milli flokka 3 tegundir af keðjum, sem sje akkeriskeðjur, stýriskeðjur og botnvörpukeðjur, og taldi hann, að rjettast myndi þá að undanskilja allar keðjur. Þetta get jeg fyrir mitt leyti ómögulega fallist á. Það eru til fjöldamargar keðjur, sem eru svo ljettar, að það munar engu í verði, hvort tollurinn af þeim er 7½ eða 2 aurar af kg., t. d. reiðhjóla- og bílakeðjur o. s. frv. Því er engin ástæða til að færa þær úr 7. flokki og í 2. flokk. En á þeim keðjum, sem hjer um ræðir, munar það mjög miklu, hver tollurinn er. Sama máli gegnir um þær vindur, sem hjer eru færðar til í tolllögunum. Tollurinn er þar í engu hlutfalli við verðið. Að setja 700 kr. toll á nauðsynlega togaravindu nær ekki nokkurri átt. Það leiðir til þess eins, að menn skirrast við að flytja nokkrar slíkar vindur inn til vara, og kjósa heldur að fara til útlanda og skifta, þegar með þarf, til þess að losna við tollinn. Jeg get getið þess, að fyrir nefndinni lágu tilmæli í þessa átt um 60—70 vörutegundir, en þar sem það heyrði mest til smájárnvöru, áleit nefndin, að þær ættu að vera kyrrar í 7. flokki, þar sem engu munaði í verði þeirra, þó að tollurinn á þeim væri 7½ eyrir á kg.

Vel má vera, að sumir hefðu talið heppilegast, að hæstv. landsstjórn hefði fært þessar vörur milli flokka samkv. þeirri heimild, sem henni er gefin í vörutollslögunum. En það er nú svo, að mjer er kunnugt um, að vörur, sem færðar hafa verið milli flokka, eru ýmislega tollaðar úti um land, og af sumum tekinn tollur eftir alt öðrum flokki en þær heyra til. Svo er t. d. um margar vörur í 2. flokki, að þær eru oftlega um alt land tollaðar eins og þær heyrðu til 7. flokki. Jeg held því, að úr því sem komið er, þá sje best, að þessi breyting á vörutollslögunum nái fram að ganga, því að þá passa lögreglustjórarnir upp á, að tollað sje eftir rjettum flokkum. Það hefir þráfaldlega komið fyrir þá að þeir fái tilkynningu frá landsstjórninni um, að einhver vörutegund hafi verið færð á milli flokka, þá hættir þeim til að gleyma því, jafnvel þó það sje birt í Stjórnartíðindunum, eins og á síðasta ári. Mjer er kunnugt um það, að lögreglustjórar af athugunarleysi hafa tollað eftir skakkri flokkun, en það athugunarleysi hefði ekki komið fyrir, ef um lögin ein hefði verið að ræða. Þess vegna vil jeg eindregið fyrir hönd fjhn. mæla með því,

að frv. verði samþykt með þeim brtt., er nefndin leggur til.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að venjulega væri nóg hey til í landinu. Því betur er svo venjulega, en því miður, já, of oft er það ekki svo. Hann sagði og, að heyskortur yrði ekki nema í einstöku sveitum. Það er heldur ekki tilfellið. Jeg veit ekki betur en að fyrir 4 árum hafi orðið heyskortur um alt land og að síðastliðið vor hafi hey þrotið bæði á norður- og norðausturlandi. Háttv. þm. (JS) sagði, að erfitt væri fyrir seljendur heyja að hitta kaupendur. Það er ekki rjett. Það er lítill vandi fyrir seljendurna að finna kaupendur, því að þeir finnast í flestum sjávarþorpum og kauptúnum landsins. En það er oft erfitt fyrir kaupendur að finna seljendur, og þess vegna kemur það fyrir næstum á hverjum vetri, að kaupendurnir í kaupstöðunum finna ekki seljendur. Má vel vera, að með betra skipulagi megi bæta úr þessu, en fyr en það er komið á, er engin ástæða til þess að tolla hey eins og hv. þm. (JS) og þeir, sem að brtt. á þskj. 239 standa, fara fram á. Jeg held líka, að heysala yfirleitt sje engin lyftistöng fyrir sveitabúskapinn, heldur einmitt þvert á móti. Þar, sem jeg þekki til, gengur búskapurinn ver í þeim sveitum, þar sem heysala er, en í hinum, þar sem engin heysala er. Sem betur fer selja bestu sveitirnar á Vestfjörðum aldrei hey. En rýru sveitirnar, þær, sem nærri eru kaupstöðunum, láta hey af hendi, og það sjer til skaða. Tveir síðustu áratugirnir sýna ljós merki þess, að heysala hefir verið sveitunum til tjóns. Það er ekki svo afargott sem hv. þm. (JS) vildi vera láta fyrir erlenda menn að selja hingað hey. Það er þvert á móti afarerfitt, því að heyið er svo rúmfrekt, að flutningsgjald á því verður mjög hátt. Jeg ætla, að það sje nú 10 aurar á kg.

Hv. þm. (JS) mintist á, að hægt myndi fyrir landsstjórnina að fá nægilegar skýrslur um, hvort nokkursstaðar væri yfirvofandi fóðurskortur. En jeg held, að þetta sje ómögulegt. Að vísu getum við í kaupstöðunum sagt um það, að fóðurskortur muni verða, ef sýnilegt er, að menn hafa ekki nóg hey handa skepnum sínum, en það vill oft til, að hey, sem lofað hefir verið um veturinn, er ekki látið af hendi þegar til kemur. Jeg man eftir því, að til Ísafjarðar var 1920 lofað heyi úr nyrstu hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu, og nam það þúsundum að tvípundatali, en þegar kom fram á miðjan þorra, þá neituðu hreppsnefndirnar — og það með rjettu — um, að heyið væri látið af hendi. Stóðu menn þá uppi í megnustu vandræðum, og stóð til að slátra helmingnum af þeim fáu beljum, sem aldar eru á Ísafirði. En með aðstoð eins góðs búmanns í bænum, sem hlaupið gat undir baggann, komust menn þó af þar til hey kom frá útlöndum. Ef þurft hefði þá að sækja um leyfi stjórnarráðsins til þess að flytja þetta hey inn, ætla jeg, að farið hefði verið að minka lífið í sumum gripunum.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki þreyta menn með lengri umr. um þetta mál. Það er ástæðulaust að pexa um þetta, því að þegar annar segir klipt, en hinn skorið, eru lítil líkindi til, að samkomulag náist. Jeg vil aðeins með örfáum orðum víkja að því, sem fært hefir verið fram á móti brtt. okkar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) benti á, og það er vitanlega rjett, enda hefi jeg ekki borið á móti því, að hjer er í raun rjettri um verndartoll að ræða, sem ætti að fyrir-

byggja innflutning á heyi. Það er sannfæring mín, og hún hefir ekkert haggast við umr., að engin þörf sje á að flytja inn nokkurt hey. Og sú er reyndin líka, að ef fóðurskortur verður, þá panta menn ekki hey, sem mjög er erfitt að flytja til sveitanna, heldur annað fóður, sem hægara er í flutningum sveita á milli. Þá sagði hæstv. fjrh., að með þessum hætti væri einstökum plássum gerður ómaklegur kostnaður og að þetta væri í rauninni til þess eins að taka úr einum vasanum til þess að láta í annan, gera einn ríkan, annan fátækan. En mjer þykir nú dálítið undarlegt, ef það að auka framleiðsluna í landinu hefir ekkert að segja; og þó að þetta kunni — því neita jeg ekki — að koma einhverjum óþægilega í bili, þá dylst mjer ekki, að þetta muni verða til þess að auka stórum framleiðsluna á þessu sviði, og það ekki síst kringum kaupstaðina. Því að með þessu móti mun áhugi manna vakna á því að rækta þá bletti, er þeir eiga, og þeir verða fúsari til að leggja peninga í jarðræktarfyrirtæki en nú, þegar þeir eiga vofandi yfir höfði sjer harðvítuga samkepni útlendinga, sem styðst meðal annars við lággengi lands þeirra. Það hefir verið bent á það hjer, að um lítinn innflutning sje að ræða á þessu sviði og að 1922 hafi aðeins verið fluttar inn 173 smál. af heyi. En mjer er nær að halda, að lítt sje hægt að reiða sig á þær tölur, því að eftir því, sem jeg veit best, hefir þessi innflutningur aukist stórum við gengisbreytinguna, og nægir líka í þessu efni að vísa til auglýsinganna um útlent hey, sem nú standa stöðugt í blöðunum. Þá var líka minst á það, að þetta væri mikið harðrjetti gagnvart kaupstöðunum, sem ekki gætu náð í hey, sem framleitt væri innanlands, og voru sjerstaklega tilnefndir tveir, Siglufjörður og Vestmannaeyjar. Jeg mótmæli þessu að því er Siglufjörð snertir. Þar er jeg kunnugur og veit, að sá kaupstaður á mjög hægt með að afla sjer heyja. Skamt frá honum liggja sjerstaklega góðar engjasveitir, þar sem slíkar uppgripaslægjur eru, að varla finnast aðrar eins á landinu, t. d. í Stíflunni, og er mjög auðvelt að flytja heyin þaðan og til Siglufjarðar á mótorbát.

Þá sagði háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að enginn vandi væri að finna kaupendur að heyjunum. Þessu get jeg ekki samsint. Jeg veit, að þetta er gagnstætt, að hey liggja víðsvegar um land, sem engir kaupendur fást að, af því að menn kjósa heldur útlent hey. Að ástæður manna sjeu lakari þar, sem hey er selt, held jeg ekki, að sje rjett sagt alment. Það mun svo vera að vísu, að ástæður manna, sem búa rjett í kringum kaupstaðina, sjeu lakari en annara, en það kemur ekki af því, að þeir selja hey, heldur af alt öðrum ástæðum.

Jeg gat þess áðan, að sem betur fer er svo víða um land, að möguleikar eru fyrir meiri heyafla en sá peningur þarfnast, sem landrýmið þolir. Því er eðlilegt, að menn svipist um eftir markaði.

Jeg viðurkenni, að það er nokkrum örðugleikum bundið að segja til um, hve mikið hey menn muni þurfa handa peningi sínum, en hv. þm. (JAJ) talaði eins og hann vissi ekki um, að til eru lögskipaðir skoðunarmenn, sem eiga að fara um, og gera það líka víðast. En þó að þeir teldu ekki heyjaforðann nógan að hausti, og sveitirnar mættu ekki selja af heyafla sínum, þá sje jeg enga hættu því samfara. Ætli menn sæktu þá ekki í þorpunum, eins og nú, hey til útlanda? Eins og nú standa sakir, tel jeg, að engin hætta en

verulegt gagn myndi af hljótast, ef brtt. okkar verður samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er náttúrlega alt annað mál, ef það þykir rjett að banna algerlega innflutning á heyi vegna þeirrar hættu, að það kunni að flytja með sjer hættulega húsdýrasjúkdóma, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um. En jeg get ekki sjeð, að heyið verði neitt heilsusamlegra fyrir skepnurnar, þó það sje tollað í lögum með 7½ eyri á kg., eða að landsstjórnin samkv. lögum undanskilji það þessum tolli. Hitt, ef á að banna innflutninginn, þá er auðvitað ekki hægt að færa neina skynsamlega ástæðu fyrir því að ná slíku takmarki með breyting á tollalöggjöf.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að engin þörf væri á að flytja inn hey. Það, að heyið er nú flutt inn, sannar þörfina, því að vitanlega er það aðeins flutt inn af því, að menn þurfa að nota það. Hann sagði ennfremur, að víða um land lægi óselt hey. Má vel vera, en menn verða að gæta að því, að samgöngunum hjer á landi er nú svo háttað, að oft getur reynst ókleift að flytja heyið frá þeim, sem hafa það, til hinna, sem skortir það. Það er vitanlegt öllum, að í heyskorti geta menn ekki náð til þeirra, sem heyin eiga, ef þeir búa langt í burtu. Það er nú líka svo, að mest hey eru flutt til sjávarþorpanna og kaupstaðanna að vorinu, þegar heimafengni heyfengurinn reynist ónógur. T. d. er það flutt hingað til Reykjavíkur eingöngu á vorin, eða um þetta leyti árs. Og jeg get ekki annað sagt en að eins og uppástunga þessara hv. þm. er orðuð, þá myndi hey sennilega verða undanþegið vörutollinum á hverju vori. Því ekki er farið fram á, nje heldur er það tilgangurinn, að almennur fóðurskortur þurfi að vera um alt land til þess að undanþága sje veitt, heldur aðeins í því bygðarlagi, sem ekki á völ á að ná sjer í hey í nærsveitunum.

Segjum t. d., að Vestmannaeyingar hefðu svo mikið af kúm, að þeir yrðu að treysta á útlendan heyfeng. Þá gætu þeir rólegir, á haustin eftir að strandferðum er lokið, tilkynt, hvort þeir þættust hafa nóg hey eða ekki. Og ef þeir hefðu ekki nóg, þá mundu þeir að sjálfsögðu fá það tollfrítt innflutt eftir till. hv. flm., því að jeg trúi ekki öðru en að þorp með 3 þús. íbúa eigi eins mikinn rjett á sjer og álíka mannmörg sýsla, sem kvartaði undan að geta ekki náð í nóg hey.

Annars hygg jeg, að það sje fullkominn misskilningur að ætla, að slík aðflutningshindrun á heyi sje svo afskaplega mikilsverð, sakir þess að hún muni lyfta undir og auka framleiðsluna á heyi innanlands. Jeg ætla, að þetta yrði þvert á móti. Þeir, sem hafa kýr í þorpum, reyna að rækta svo stóran blett, að hann nægi til að fóðra þær, en grípa aðeins til þess að flytja inn hey, meðan þess er ekki kostur. En ef tekið er alveg fyrir þetta með slíkum hindrunum, þá er mönnum gert erfiðara fyrir að ráðast í þessa jarðrækt í smærri stíl.

Magnús Torfason: Jeg ætla ekki að fara út í tollatriði eða verndaratriði þessa máls, heldur aðeins undirstrika það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, og lýsa því yfir, að hvað mig snertir, þá mun jeg greiða brtt. á þskj. 239 atkv. mitt. Jeg skoða hana nefnilega sem nauðsynlegan undirbúning þess að banna algerlega heyflutning til landsins, því að hann getur verið landbúnaðinum stórhættulegur. En jeg veit, að slíkt bann mundi mæta afarmikilli mótstöðu, og því tel jeg nauðsynlegt að setja þetta fyrst inn í lögin, því

verði það gert, má búast við að mótstaðan gegn banninu verði minni á sínum tíma.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Aðeins nokkur orð út af skriflegu brtt. Eins og menn sjá, er aðeins um orðabreytingar að ræða, og vænti jeg, að hv. þm. hafi ekkert á móti þeim.

En út af því, sem hv. þm. Str. sagði, má geta þess, að það mun vera lítt rannsakað mál. En sje svo, að t. d. klaufnasjúkdómur geti flust með heyi, þá er það mjög athugavert og gæti orðið til þess, að banna yrði að flytja inn hey frá þeim löndum, þar sem þessi sjúkdómur er landlægur. En við höfum nú flutt hey inn frá Noregi um tugi ára, og sem betur fer hefir það aldrei komið að sök, enda er það vitanlegt, að til Noregs hefir þessi sjúkdómur ekki borist, og berst þangað vonandi aldrei, því Norðmenn hafa sterkar varnir í því skyni. En þetta stendur ekki í neinu sambandi við það, sem hjer er verið að ræða um, tollverndun fyrir innlent hey. En þá þarf að sjá öðruvísi fyrir búpeningnum í landinu en hingað til hefir verið gert. Því oft hefði orðið alger fellir í sumum sjávarþorpum, ef ekki hefði verið flutt inn útlent hey.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat í þessu sambandi um Vestmannaeyinga. Þeir afla að miklu leyti heyja sinna í Rangárvallasýslu, en jafnvel þriðja og fjórða hvert ár er það svo, að þeir ná ekki heyinu til Vestmannaeyja vegna brims, og verða þá að kaupa útlent hey.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla að víkja ofurlítið að brtt. á þskj. 273. Mjer líka illa nöfnin, til dæmis botnrúllur. Það eru botnvörpuvaltar, eða almennar völtur, og er best að það nafn haldi sjer. Tog er vitlaust. Það er dregið af nýyrði, sem þessi skip eru kölluð, en er ekki rjett. Togara á að kalla þau skip, sem draga önnur skip, en ekki skip, sem fara með botnvörpur. Þetta er því misskilningur. Auk þess vil jeg taka fram að því er keðjurnar snertir, að það er nóg að setja bara keðjur, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir bent á. *(MJ:* Það nær þá líka yfir t. d. hjólhestakeðjur eða úrkeðjur). Þær hafa enga þýðingu fyrir tollinn. En með þessu móti eru teknar allar akkeriskeðjur og stýriskeðjur. Þær eru mismunandi gildar, eftir því hvort skipin eru stór eða smá, sem nota þær. En allar eru þær járnkeðjur. Því er nóg að setja það. Einnig finst mjer amlóðaleg upptalning hv. nefndar að því er körfurnar snertir. Jeg vil því fyrir mitt leyti leggja til, að málið verði tekið af dagskrá og frv. vísað til háttv. nefndar aftur, til frekari athugunar, vegna þessara málvillna sjerstaklega.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Mjer þykir undarlegt, að háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) skyldi finna svona mörg mállýti í þessum brtt. Jeg veit ekki betur en að nöfnin sjeu tekin eftir lista frá Fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, en þar hefir hv. 1. þm. G.-K verið mikils ráðandi um margra ára skeið. Þar að auki hafa nöfnin verið notuð af stjórninni, þegar hún hefir gefið undanþágur, og birt í Stjórnartíðindum. Því þarf ekki að kenna fjhn. um þetta. Botnrúllurnar vill hv. þm. kalla valtara. Þær eru ekki ætlaðar til þess að sljetta botninn, á sama hátt og valtarar á landi eru hafðir til að sljetta jarðveginn, enda er orðið rúlla svo gamalt í málinu, að jeg skil ekki í, að það hneyksli marga. Jeg mótmæli því, að málið sje tekið út af dag-

skrá og sent nefndinni, því til þess eru engar skynsamlegar ástæður.

ATKVGR.

Á fundinum kom fram skrifleg brtt. (verður þskj. 276). — Afbrigði um hana leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 273,1 feld með 13:11 atkv.
— 273,2 feld með 13:10 atkv.
— 276,a—b samþykt með 16 shlj. atkv.
— 273,3, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Vatill. 239 feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, IngB, JS, JörB, MT, PO, PÞ.

nei: SigurjJ, SvÓ, ÁF, ÁÁ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ, KlJ, MJ, BSv.

Þrír þm. (ÁJ, BJ, MG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, IngB, JakM, JAJ, JBald, JK, KlJ, MJ, SigurjJ, SvÓ, ÁF, ÁÁ, BSv.

nei: HK, JS, JÞ, JörB, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt.

Þrír þm. (ÁJ, BJ, MG) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 277).

Á 50. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið hingað aftur frá hv. Nd. Hefir hún gert á því nokkrar breytingar, bætt við nýjum vörutegundum, sem áður hafa fallið undir aðra liði 2. gr. Fjhn. hefir athugað breytingarnar og fallist á þær. Auðvitað eru nokkrar vörur, sem bætt hefir verið inn í frv., sem orka kunna tvímælis, hvort rjett er að setja þar, en fjhn. gerir það ekki að ágreiningsatriði og leggur til, að frv. sje samþykt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 321).

---

36. Bæjarstjórn á Akureyri.

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri (þmfrv., A. 63).

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Líndal): Jeg vona, að þetta frv. þurfi ekki að tefja mikið tímann. Tilgangur þess er aðeins sá, að koma í veg fyrir, að ágreiningur geti orðið um það, hvort kjósa megi með hlutfallskosningu í nefndir innan bæjarstjórnarinnar á Akureyri.

Að dómi þeirra, sem um hafa fjallað, er það ekki leyfilegt nema með lagabreytingu, ef ekki fæst til þess samþykki allrar bæjarstjórnarinnar. Sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að þetta sje samþykt, þar sem þetta er þegar lögákveðið í þremur kaupstöðum landsins, og ákveðið með reglugerð í hinum, svo að Akureyri er eini kaupstaðurinn, er slíkar heimildir vantar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, 91).

Jón Baldvinsson: Í þessu frv. er tekið fram, að hlutfallskosning til nefnda skuli þá viðhafa, er 4 bæjarfulltrúar æskja þess. Þetta þykir mjer fullhá tala, miðað við fjölda bæjarfulltrúa á Akureyri. Jeg vil miða þetta við þá minstu tölu bæjarfulltrúa, sem með hlutfallskosningu gætu komið manni í þriggja manna nefnd. Sje nú t. d. miðað við tölu bæjarfulltrúa á Akureyri, sem nú eru 11, þá ættu 3 fulltrúar að geta komið að manni í þriggja manna nefnd, ef hlutfallskosning væri viðhöfð. Jeg vil því láta orða þetta svo, að ef 3 bæjarfulltrúar krefjast þess, skuli viðhöfð hlutfallskosning í fastanefndir bæjarstjórnarinnar á Akureyri. Jeg hefi vakið máls á þessu atriði við hv. flm. frv. (BL), og hefir hann fallist á þessa till. fyrir sitt leyti. Þá er sú önnur brtt. mín, um það, að lögin öðlist þegar gildi, og vil jeg jafnframt taka það fram í lögunum, að bæjarstjórn Akureyrar sje heimilt, ef henni sýnist svo, að láta fara fram nýjar kosningar í fastanefndir. Á Akureyri mun vera kosið í nefndir til tveggja ára, og nú eru þær kosningar, að því er jeg hygg, nýafstaðnar, og væri því rjett að heimila bæjarstjórninni þetta, til þess að lögin geti komið til framkvæmda sem fyrst, ef bæjarstjórnin teldi þetta æskilegra. Jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til þess fyrir hv. þm. að leggjast á móti þessum till. mínum, enda hygg jeg, að hv. flm. (BL) sje heldur ekki mótfallinn þessari tillögu minni.

Björn Líndal: Það er ekki margt, sem jeg þarf að taka fram ennþá í þessu máli. Jeg hefi lítið eða ekkert að athuga við þessar till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Bæjarstjórn Akureyrar hefir óskað, að sú breyting yrði gerð á lögunum, að 3 eða 4 bæjarfulltrúar gætu krafist hlutfallskosningar í nefndir. Mjer fyrir mitt leyti er því alveg sama, hvora töluna hv. þdm. samþykkja. Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú sýnt fram á, að það geti þó haft nokkra þýðingu, hvor talan er samþykt, og get jeg því vel fallist á þessa brtt. En hvað hina brtt. snertir, álít jeg hana vera óþarfa, því bæjarstjórnin getur gert þetta, ef hún vill, en þó sje jeg heldur ekkert á móti því, þó þetta yrði samþykt, til þess að taka af allan vafa í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 91,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 91,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 96).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 96).

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 280).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er mjög einfalt. Það er flutt af hv. þm. Ak. (BL), og í greinargerðinni er sagt, að Akureyri sje eini kaupstaður landsins, sem enn hafi ekki fengið rjett til þess að viðhafa hlutfallskosningar við nefndaskipun í bæjarstjórn. Frv. fer ekki fram á annað en það, að Akureyrarkaupstaður öðlist þau rjettindi, sem aðrir kaupstaðir landsins njóta og hafa öðlast smátt og smátt. Allshn. hefir athugað frv. og þykir henni ekki ástæða til þess að bíða með þetta eftir því, að allsherjarkaupstaðalöggjöf verði sett, sem væntanlega verður þó áður langt líður. Nefndin vill því mæla með frv., að það nái nú fram að ganga, þótt hún geri ráð fyrir því, að þetta ákvæði, sem í frv. felst, verði tekið á sínum tíma upp í allsherjarlöggjöf fyrir kaupstaði landsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 322).

---

37. Sóttvarnalagabreyting.

Á 41. fundi í Ed., laugardaginn 28. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902 [Sóttvarnalög] (þmfrv., A. 245).

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að þetta frv. er borið fram eftir beiðni hæstv. forsrh. (JM) og að landlæknir hefir samið greinargerð frv. Jeg tel ekki nauðsynlegt að fjölyrða frekar um málið við þessa umr. Allshn. hefir athugað frv., svo að jeg geri ráð fyrir, að það geti gengið gegnum þessa hv. deild án þess að verða vísað aftur til hennar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem jeg sagði

við 1. umr., en vil skírskota til greinargerðar frv., en þar má finna ástæðuna fyrir því, að frv. kom fram. Þessi sóttvarnarhús hafa altaf reynst ríkissjóði byrði. Þeirra hefir aldrei verið þörf í þeim tilgangi, sem til var ætlast. En ef lögin standa óbreytt, eiga yngstu kaupstaðirnir, Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og Siglufjörður, fulla heimtingu á sóttvarnarhúsum. Jeg legg því til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt.

Forsætisráðherra (JM): Jeg var ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls, en jeg er nefndinni þakklátur fyrir, að hún vildi flytja það fyrir mig, til þess að forðast kostnað við að fá símleiðis samþykki konungs. Þetta mál þurfti að koma fram nú, því að sæmilegt boð var fyrir hendi í sóttvarnarhúsið á Ísafirði, og fæst máske ekki eins gott síðar. Andvirðið þykir mjer rjett að gangi til þess að fá sótthreinsunarofn handa sjúkrahúsinu á Ísafirði, og mætti það máske hjálpa eins vel til varna gegn erlendum sjúkdómum.

Sóttvarnarhúsið á Akureyri er nú notað fyrir sjúkrahús. Það þykir rjettast, að kaupstaðnum yrði afhent húsið eins og það er.

Um húsið á Seyðisfirði hefir ekki sjerstaklega verið rætt. Jeg býst við, að sá kaupstaður geti notað húsið á einhvern hátt til heilbrigðisráðstafana. Það er rjett, sem háttv. frsm. (JóhJóh) sagði, að hús þessi hafa verið byrði fyrir ríkissjóð og verra að hafa þau en ekki, þar sem ekki hefir þótt ástæða til að kosta viðhald á þeim, en á hinn bóginn hefir aldrei þurft að nota þau. Og þó þess nú þyrfti, mundi kosta of mikið að útbúa þau sæmilega. Svona sjúklingar koma ekki oftar en svo, að óhætt er að láta skipið fara til Reykjavíkur. En sje ómögulegt fyrir það að komast til Reykjavíkur, verður að gera sjerstaka ráðstöfun. Jeg vona, að háttv. deild geti fallist á þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—3. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 245).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg býst ekki við að þurfa að hafa langan formála fyrir þessu frv., því að jeg hygg, að það sje þegar allkunnugt orðið hv. þdm. Hv. allshn. Ed. gerði mjer þann greiða að bera þetta frv. fram, svo ekki þyrfti að kosta til símskeytis til konungs þess vegna.

Frv. þetta er að nokkru leyti komið fram vegna þess, að sóttvarnarhúsinu á Ísafirði býðst nú kaupandi. Landlæknir er þeirrar skoðunar, að vel megi fella niður sóttvarnarhúsin utan Reykjavíkur, og virðist reynslan hafa sannað þetta; nefnilega að í Reykjavík aðeins sje slíks sjúkra-

húss þörf. Það virðist því óþarft fyrir ríkissjóðinn að vera að burðast með hús þessi. Betra að láta viðkomandi kaupstaði notfæra sjer þau í því skyni, sem þau voru ætluð í fyrstunni, nefnilega á einhvern hátt til heilbrigðisráðstafana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

---

38. Skifting Ísafjarðarprestakalls.

Á 15. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt.

Frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll (þmfrv., A. 79).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vona að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta, áður en það gangi til nefndar. Þetta prestakall er líklega það langerfiðasta á landinu. Annexíuleiðin milli Ísafjarðar og Hóls er hættulegri en nokkur önnur annexíuleið á landi hjer. Á þeim fáu árum, sem jeg man eftir, eða síðustu 30 árunum, hafa 4 slys orðið á þessari leið. En aðalástæðan er sú, að presturinn getur ekki annað að þjóna embættinu svo viðunandi sje. Hann hefir ekki tíma til annars en að skreppa hálfan dag til að messa eða jarðsyngja, en viðdvöl getur hann enga haft. Þetta er og skiljanlegt, þegar þess er gætt, að í Eyrarsókn eru nær 3000 manna. Af því að liðið er fram yfir venjulegan fundartíma, skal jeg ekki fara fleiri orðum um frv., enda var frv. sama efnis rætt óvenju ítarlega á þinginu 1921 og háttv. deildarmenn að sjálfsögðu kynt sjer allar ástæður. Óska jeg, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til mentamálanefndar.

Pjetur Ottesen: Jeg vil ekki láta hjá líða að geta þess nú þegar, fyrst flm. þessa frv., hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), fór á annað borð að reifa þetta mál nú og færa fram ástæður fyrir því, að nú sem fyr má benda á miklar og margar ástæður, sem mæla í gegn því, að nauðsyn sje að stofna þetta embætti, en þar sem nú er komið að fundarlokum, gefst ekki færi á því að þessu sinni, og verður það að bíða þangað til síðar. En út af því, að komin er fram till. um að vísa máli þessu til mentmn., vil jeg geta þess, að það er hvorttveggja, að hin eiginlega fræðslu- eða mentastarfsemi prestanna er nú að

litlu eða engu orðin, og svo hitt, að þegar mál þetta var hjer síðast fyrir þinginu, var það í allshn., og tel jeg því sjálfsagt, að því verði vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 79, n. 166).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þegar þetta mál kom fyrir þingið 1921, sem var fyrsta þing, sem jeg hefi átt sæti á, þá fanst mjer strax, að það vera svo sanngjarnt og sjálfsagt að veita því fylgi, að jeg greiddi því hiklaust atkvæði mitt þá, og síðan hefi jeg ekki breytt skoðun minni. Allshn., eða meiri hl. hennar, hefir fallist á það, að rjett væri að mæla með frv. til samþyktar.

Frá mínu sjónarmiði er hjer í fyrsta lagi um sanngirnismál að ræða gagnvart þeim starfsmanni ríkisins, sem hlut á að máli. Það var ómótmælanlega sannað með umr. á þinginu 1921, að hjer er um að ræða erfiðasta prestakall landsins og hættulegasta yfirferðar. En jafnframt því, sem ferðir prestsins eru hættulegar, þá kom í ljós, að þær eru jafnframt svo kostnaðarsamar, að þær meira en jeta upp tekjur þær, sem presturinn hefir af því að þjóna þessari sókn.

Jeg skil vel, að til sjeu raddir, sem ekki vilja fjölga prestaköllum, og varð þess vart í allshn. En meðan ekki er gerð önnur skipun á um samband ríkis og kirkju en nú er, þá er ómögulegt annað en að taka til greina nauðsynlegar og sanngjarnar breytingar á skipulaginu. Hjá því verður ekki komist, meðan ekki er gerður skilnaður ríkis og kirkju, sem jeg tel rjettast, og margir fleiri. En jeg býst við því, að það mál þurfi svo mikinn undirbúning, að það eigi enn langt í land. En meðan svo er, virðist mjer sjálfsagt að taka til greina nauðsynlegar umbætur á núverandi skipulagi kirkjumálanna. Og þar á meðal er þetta mál, sem hjer liggur fyrir. Það er sanngirniskrafa, sem jeg og meiri hl. allshn. teljum sjálfsagt, að verði tekin til greina. Það mun vera einsdæmi, að lögð sjeu á nokkurn embættismann störf, sem auk þess að vera hættuleg fyrir líf og heilsu leggja á hann miklar fjárhagslegar byrðar. Það er stundum svo, að lögð eru á menn erfið störf, en þau eru venjulega vel borguð. Því er ekki að heilsa hjer. Það er sannað, að það er fjárhagslegt tjón fyrir prestinn að fara þessar ferðir frá Ísafirði til Bolungarvíkur. Jeg er kunnugur á þessum slóðum og þekki vel alla staðháttu og veit, að landleiðin er erfið og ófær með köflum. Sú breyting hefir orðið hin síðari ár, að þorpið í Bolungarvík hefir eflst og stækkað og tekið til sín þá verslun, sem áður var sótt inn í Ísafjarðarkaupstað. Fyrir ca. 25 árum voru jafnan tíðar bátsferðir milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. En það voru róðrarbátar, sem þá voru notaðir, og þeir eru ódýrir í ferðum; en nú hafa menn stærri báta og dýrari, sem þeir skjökta ekki á á sama hátt og á hinum, enda þurfa þess síður en áður, vegna verslunarinnar. Alt þetta veldur því, að presturinn verður að leigja vjelbát í hvert

sinn að heita má, er hann þarf að f: þarna í milli, en getur ekki sætt ferðum nema af hendingu, einu sinni eða tvisvar á ári.

Jeg get sagt það fyrir mig, og líklega meiri hl. allshn. líka, að þetta er okkur ekkert kappsmál. En jeg lít svo á, að þetta sje rjettlætismál, ekki aðeins gagnvart prestinum, heldur líka sóknarmönnum.

Að svo komnu mun jeg ekki fara fleiri orðum um málið. Jeg veit, að fleiri hv. þdm. eru mjög vel kunnugir á þessum slóðum og geta lagt meira til málanna. En fyrir hönd meiri hl. allshn. vil jeg mæla með því, að hv. þd. samþykki frv.

Pjetur Ottesen: Eins og háttv. þdm. muna, stóð þannig á, þegar frv. þetta kom til 1. umr. hjer í deildinni, að komið var fram undir lok fundartíma og ekki tækifæri til þess að tala alment um það. Vænti jeg nú, að hæstv. forseti verði umlíðunarsamur við mig, þó jeg segi hjer fáein orð alment um málið.

Eins og menn vita, hefir mikið verið rætt um það á undanförnum þingum að gera breytingar á embættaskipun landsins, einkum með það fyrir augum að draga úr hinum gífurlega kostnaði, er þar af leiðir og segja má, að sje vaxinn þjóðinni langt yfir höfuð, eins og best sjest á því, að þótt nálega hafi verið stöðvaðar allar verklegar framkvæmdir í landinu, þær, sem stuðst hafa við fjárframlög úr ríkissjóði, hefir samt orðið að ganga mjög nærri gjaldþoli þjóðarinnar til þess að fá nógar tekjur til þess að standast lögboðin útgjöld og vexti og afborganir af skuldum ríkisins.

Það má segja, að tiltölulega lítið hafi áunnist á undanförnum þingum í því efni að draga úr útgjöldum ríkissjóðs með því að fækka og færa saman embætti og sýslanir, og hefir þó ögn orðið ágengt í þá átt. Aftur á móti hefir mikið unnist á í því að standa á móti þeim stríða straum af stofnun nýrra embætta, sem áður kvað svo mikið að, svo næstum hefir tekið alveg fyrir hann.

Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi skorað á stjórnina að skipa nefnd til þess að gera till. um breytingar á embættaskipuninni, þannig að færa hana í það horf, að henni fylgdi minni kostnaður fyrir ríkið.

Nefnd þessi var skipuð og hefir hún nú starfað um hríð, og jeg geng út frá því sem sjálfsögðum hlut, að hún haldi áfram að gera till. um þessi efni, og það alveg eins fyrir því, þó þeim till. verði ekki lokið svo snemma, að þær geti komið fyrir þetta þing. Og einmitt með þetta fyrir augum hefi jeg og fleiri háttv. þm. ekki komið fram með till. í þessum efnum, sem við mundum annars hafa gert.

Þær till., sem frá þessari hv. nefnd hafa komið og bornar hafa verið fram hjer í þinginu, tel jeg að liggi utan við hið eiginlega verkefni nefndarinnar. Það er vitanlegt, að svo víðtækar breytingar, sem gera þarf á embættaskipuninni, svo verulegur sparnaður yrði að fyrir ríkissjóðinn, krefjast mikils undirbúnings og umhugsunar, og er engin furða, þótt nefndinni hafi ekki enn unnist tími til slíks. En þegar rætt verður um breyting á embættaskipuninni, þá er þess að vænta, að ekki verði alveg gengið framhjá kirkjumálum landsins. Eins og kunnugt er, var á þinginu 1904 kosin milliþinganefnd til að athuga skilnað ríkis og kirkju, sem ýmsir hjeldu þá fram, að væri æskilegur. Nefndin klofnaði, og hjelt minni hluti hennar, núv. hæstarjettardómari Lárus H.

Bjarnason, fram skilnaði, en hinir nefndarmenn lögðust á móti honum. Aðalniðurstaðan var þá sú, að steypa saman brauðum, þar sem því yrði helst við komið, enda fækkaði prestum nokkuð við það. Það væri nú ekki ástæðulaust að ætla, að nefnd þessi, er nú situr á rökstólum um þessi mál, athugaði það, hvort ekki væri tiltækilegt að skilja ríki og kirkju, og því fremur er ástæða til að ætla þetta, þar sem Lárus H. Bjarnason, er leit svona á málið þá, er formaður nefndarinnar. Auðvitað er ekki hægt að segja um það, hver niðurstaða nefndarinnar myndi verða, hvort það yrði skilnaður ríkis og kirkju eða frekari brauðasamsteypa, sem sumstaðar virðist geta átt sjer stað. En að þessu athuguðu þykir mjer harla kynlegt að fara að bera þetta frv. fram nú, áður en sjeð verður, hverjar till. nefndarinnar kunna að verða, og meðan ekki hefir ræst betur úr fjárhagsástandi ríkissjóðs en enn þá er orðið. Því þó afkoma síðasta árs megi teljast góð, þá eru margar óbættar syndir að baki. — Er auk þess lítill vafi á því, að af samþykt þessa frv. mundi leiða, að það kæmi fleira á eftir. Man jeg það, að á þinginu 1921, er þetta sama frv. lá hjer fyrir, sigldi undireins í kjölfarið annað frv., um stofnun prestsembættis í Skaftafellssýslu og fleira. Mjer þykir ekki ólíklegt, að krafan um það yrði vakin upp aftur, ef þetta frv. yrði samþykt. Jeg verð því að telja mjög varhugavert að ganga inn á þessa braut, því þó ekki vinnist mikið á í því efni að draga úr útgjöldum ríkisins í þessa átt, þá er að minsta kosti sjálfsagt að standa á móti straumnum og sporna við stofnun nýrra embætta.

Í nál. hv. allshn. er vitnað í umræðurnar, sem urðu um þetta mál 1921, og get jeg vel fylgt því dæmi. Þar mun flest hafa verið tínt til með og móti, og hefir víst lítið breyst síðan í þessu efni, nema helst það eitt, að nú sje ennþá minni ástæða til að stofna þetta nýja embætti en áður var. Má þar á meðal nefna það, að fólki mun frekar hafa fækkað þarna en fjölgað á síðari árum, af breyttum atvinnuháttum. Erfiðleikar eru miklir á um útræði í Bolungarvík, og því hafa veiðar á stórum bátum (mótorbátum) aukist mjög í seinni tíð, en þeim verður ekki haldið úti frá Bolungarvík sökum hafnleysis. Jeg vil enn taka það fram, að þó erfiðleikar sjeu auðvitað nokkrir á því fyrir prestinn að koma á annexíuna, þá voru þær frásagnir um þessa erfiðleika, sem færðar voru hjer fram er mál þetta lá fyrir þinginu 1921, mjög orðum aukn ar, og þá ekki síður gert mikið úr kostnaðinum við að komast á annexíuna; í hvorutveggja tilfellinu var gerður úlfaldi úr mýflugunni, eins og jeg sýndi fram á eftir upplýsingum, sem ekki var hægt að hrekja.

Að erfiðara sje að fara sjóveg á þessa annexíu heldur en áður, vegna þess hve Bolvíkingar sjeu orðnir sjálfum sjer nógir um alla verslun og því um líkt, þá er mjer sagt, að úr þessu sje meira gert en rjett er og að ferðir sjeu einmitt mjög tíðar milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Og ekki get jeg tekið undir það, að þetta hafi breyst til hins verra við það, að mótorbátar komu í stað árabáta. Skil jeg ekki, að þeir, sem hlut eiga að máli, setji presti sínum svo þrönga kosti um flutning, að ekki megi við una, þegar um ferð er að ræða hvort sem er.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg þakka hv. allshn. fyrir skilning hennar á þessu máli. Komu hinar góðu undirtektir hennar mjer þó ekki á óvart, þar sem jeg vissi, að

tveir hv. nefndarmenn eru kunnugir þar vestra. — Jeg hefði líklega ekki farið að flytja þetta frv. nú, ef ekki hefðu alveg sjerstakar ástæður verið fyrir hendi. Svo liggur í því, að íbúarnir í Hnífsdal, sem munu vera um 400, hafa nú ákveðið að byggja sjer kirkju og hafa fengið lofo ð biskups um, að hún verði gerð að annexíu frá Ísafirði. En við það mundu minka tilfinnanlega þau not, sem menn í Hólssókn hafa af presti sínum, og þar sem þeir nú þykjast vanhaldnir í prestsþjónustu, og eru það líka, þá má nærri geta, hvað síðar verður. Þó er presturinn á Ísafirði mjög skyldurækinn í starfi sínu og leggur mikið á sig til að fullnægja þörfum safnaðanna, en það er hverjum presti um megn.

Þeir, sem ekki þekkja til á þessum slóðum, munu varla skilja, hve samgöngurnar þarna eru erfiðar og hve vont er að koma því við að þjóna kirkjunni í Hólssókn frá öðrum stöðum. Bæði er leiðin þangað landveginn oft mjög hættuleg, enda slys tíð, og í annan stað er sjóleiðin oft alveg ófær, sökum þess að ekki er hægt að lenda í Bolungarvík. Ennfremur hafa sóknarmenn allmikinn aukakostnað af því að sækja prestinn til Ísafjarðar. Er ekki hægt nema sjaldan að sæta ferðum, sem falla, þar sem söfnuðurinn heima er um 3000 manns, og því ekki von, að presturinn megi vera mikinn tíma að heiman í hvert sinn. Presturinn hefir líka mikinn aukakostnað af ferðum sínum, og er engum blöðum um það að fletta, að sá kostnaður fer langt fram úr þeim aukatekjum, sem hann hefir úr Hólssókn.

Það, sem biskup leggur aðaláhersluna á, er það, að þar sem nú verði reist kirkja í Hnífsdal, þá sje óhugsandi, að Hólssókn fái þá prestsþjónustu, sem unandi verði við. Kveður hann rjettilega, að hvergi muni standa eins á og þarna, og þó víða væri máske ástæða til að fjölga prestum, þá mun þörfin hvergi vera eins brýn og þar vestra.

Jeg vona nú, að hv. deild láti það ekki hræða sig frá að greiða atkvæði með frv. þessu, að hún geti átt von á, að fleiri frv. um fjölgun prestakalla verði borin fram. Það væri í hæsta máta ósanngjarnt að sinna ekki rjettmætustu kröfunni, þó ekki sje hægt að fullnægja öllum öðrum kröfum, þó sanngjarnar sjeu.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefir skýrt frá sínum ástæðum. Jeg bjóst nú sannast að segja ekki við, að hans skoðun hefði breyst síðan 1921, þó ennþá hafi ein knýjandi ástæða bæst við síðan þá, nefnilega kirkjubyggingin í Hnífsdal og þar af leiðandi minkuð prestsþjónusta í Hólssókn. Hv. þm. (PO) benti á, að legið gæti við borð aðskilnaður ríkis og kirkju. Jeg geri varla ráð fyrir, að svo stóru máli verði ráðið til lykta nema með þjóðaratkvæði, og þá get jeg trúað því, að sum útkjálkahjeruðin hugsi sig tvisvar um áður en þau greiddu atkvæði með aðskilnaði, nema þeim væri sjeð fyrir því meira fje til að halda uppi kirkju og kristindómi. En því vil jeg ekki trúa, að menn vilji, að þjóðin verði ver kristin en hún er nú.

Jeg skal játa, að fjárhagurinn er erfiður. En það er engu að síður erfiður fjárhagur þeirra manna, sem árum saman hafa búið við afla- og atvinnuleysi, en verða að leggja á sig þungar kvaðir fram yfir aðra til að geta orðið prestsþjónustu aðnjótandi. Svo má geta þess, að prestlaunasjóður fær meiri tekjur frá þessum sóknum en hann og ríkissjóður greiða prestunum, þó tveir verði. Sú ástæða hv. þm. (PO), að fólki fækki óðum í Bolungarvík, er alls ekki rjett. Árið 1920 er íbúatalan þar 935, en 1924 er hún komin

upp í 966. Tölur þessar eru teknar eftir skýrslum biskups. Hitt er satt, að fólki hefir ekki liðið vel á þessum slóðum undanfarið. Aflaleysi hefir verið mikið og útgerðin gengið illa, en það ætti ekki að hafa þau áhrif, að menn þessir fengju síður rjetting mála sinna hjá hæstv. Alþingi.

Mál þetta var mikið rætt á þinginu 1921, og þá var sýnt ítarlega fram á rjettmæti þess. Vil jeg því ekki tefja tímann með löngum umr. um það og vona, að afgreiðsla þess dragist ekki fram úr hófi.

Magnús Jónsson: Jeg vil ekki sleppa þessu máli fram hjá mjer án þess jeg láti mína skoðun í ljós, einkum þar sem hv. þm. Borgf. (PO) hefir gerst til þess að andmæla því, eins og líka á þinginu 1921. En að jeg hefi meiri áhuga á framgangi þessa frv. en máske flestir aðrir hv. þm., þá kemur það til af því, að jeg veit ger en þeir, hvernig skórinn kreppir að þar vestra.

Háttv. þm. Borgf. fór talsvert út fyrir efnið og sneri máli sínu að embættafækkuninni alment. Jeg er honum samdóma í því, að sjálfsagt er að hafa ekki fleiri embættismenn en nauðsynlegt er, og mjög væri gott til þess að vita, ef ríkið gæti fengið meiri vinnu hjá þeim; en hætt er þá við, að þörf yrði á að bæta laun þeirra að sama skapi. Sjerstakur fagnaðarhreimur var í rödd hv. þm. (PO), þegar hann talaði um fækkun presta. Má og vel vera, að prestar hafi verið óþarflega margir, meðan í Skálholtsbiskupsdæmi einu voru um 300. En sje hlutdrægnislaust litið á þessi mál, þá held jeg að varla verði sagt, að íslensk prestastjett hafi unnið sjer til óhelgi. Þeir hafa lifað við lík kjör og öll alþýða manna, verið bændur og ekki ósjaldan frömuðir og forgöngumenn í búskap og menningarmálum fólksins. Þeir voru einustu menn sinna sóknarbarna, voru læknar þeirra og ráðunautar í öllum málum og stunduðu embættisstörf sín með sæmd og prýði. Auk þess voru þeir vísindamenn margir hverjir, og þó þeir gætu ekki hlaupið með hvað eina strax í prentsmiðjuna, þá liggur mjög mikið eftir þá af slíkum störfum á söfnum og víðar, og er það undravert, hvað þeir hafa getað afkastað miklu af merkilegum störfum á því sviði. Og þegar aðrir embættismenn tóku að „dependera af þeim dönsku", þá hjeldu þeir áfram að vera þjóðlegir embættismenn og hafa gert meira en nokkur önnur stjett til þess að varðveita þjóðerni vort.

Eftir því sem prestsembættunum er fækkað, verða minni og minni líkindi til þess, að þeir hafi sömu menningarleg áhrif á þjóðina og áður. Eftir því sem embættin verða umsvifameiri, minka hin persónulegu kynni prestsins og sóknarbarna hans, og starfsemi hans verður þar af leiðandi meira úti á þekju. En þó önnur stjett ætti að koma í stað prestanna til að verða fræðari og yfirlýstur ráðunautur almennings, þá tel jeg mikið vafamál, að sú stjett verði því hlutverki betur vaxin en einmitt klerkastjettin.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt, kemur ef til vill ekki mikið frv. við, en þó óbeinlínis. Hv. þm. Borgf. mintist á sparnaðarnefnd þá, er situr nú á rökstólum, en í stað þess, að hann virðist líta hana með miklum velvildarhug, þá myndi jeg vilja hlífa henni við því að minnast á hana. Mjer finst það, sem frá henni hefir sjest enn sem komið er, svo nauðaómerkilegt, að furðu sætir. Aðalbjargráðið, sem hún hefir fundið, er að ráðstafa þannig skemtanaskattinum, að útilokað sje, að hann komi að nokkru gagni, og annað því um líkt.

Það er satt, að einn maður úr kirkjumálanefndinni gömlu var fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju. Og hlerað hefi jeg það, að þessi sparnaðarnefnd, sem sami maður á nú sæti í, ætli að koma fram með till. um stórkostlega fækkun á prestum, jafnvel niður í 40. Þar skýtur sama stefnan upp höfðinu og í skemtanaskattsmálinu, og mun þá hv. þm. Borgf. vel líka. Með öðrum orðum, það á að fækka þessum embættismönnum svo mikið, að öll starfsemi þeirra verði vitaþýðingarlaus. Ef þeir eiga ekki að gera annað en þeysa um landið og vinna einungis „útvortis" prestsstörf, þá er alveg eins gott að afnema þá alveg. Slíka fækkun væri ekki hægt að skilja öðruvísi en sem einskonar háðsmerki, sem sett væri við kirkjulega starfsemi í landinu, og væri þá betur farið, að ríkið geri hreint fyrir sínum dyrum og skildi hæðnislaust við presta sína.

Um þetta sjerstaka frv. var háttv. þm. (PO) fáorður. Þó hjelt hann því fram, að ýktir væru örðugleikarnir fyrir prestinn að hafa annexíu í Hólssókn, en mjer er fullkunnugt um, að þetta er alls ekki ýkt. Og það er heldur engin mótsögn í því að segja, að þetta hafi versnað við það, að mótorbátar hafa komið í stað árabáta. Við það hafa ferðirnar orðið miklu dýrari og þeim þá stórum fækkað, enda er Bolungarvík að verða meir og meir sjálfri sjer nóg. Áður voru ferðir nær daglega milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, en þegar jeg var fyrir vestan, hafði þeim fækkað mjög. Helst voru þær á laugardögum, en þess á milli engar. Jeg varð því að sitja um ferðirnar, þegar þær fjellu, því að launin levfðu það ekki að leigja bát fyrir 50—60 kr. Hinsvegar leiðin á landi oftast mjög erfið og hættuleg.

Það er auðvitað ekki nema hálfgerður útúrsnúningur hjá hv. þm. Borgf., þegar hann talar um, að sóknarbörnin setji hátt upp við prestinn, er þeir lofa honum að fljóta með. Fargjaldið er ekki tilfinnanlegt, ef ferð fellur á annað borð. Ferðirnar eru bara svo stopular, að stundum er ekki hægt að komast hjá því að kaupa bát. Jeg hafði að þessu leyti betri aðstöðu en presturinn hefir nú, sökum þess að þá var fríkirkjuprestur í Bolungarvík, enda sá jeg fram á, að nær ómögulegt hefði verið að þjóna 1000 manns í viðbót í Bolungarvík, nema með því móti að fara þangað aðeins 3. hvern helgidag og hafa litla viðstöðu. Mjer finst þetta mál ósköp augljóst. Hólssókn hefir um 1000 íbúa, og eru fá prestaköll fjölmennari. Jeg má segja, að hún sje 10. eða 11. í röðinni að fólksfjölda. Þetta kall er líka þannig samsett, að ekki er lítil þörf á að hafa þar sjerstakan prest. Þarna er fjölment sjóþorp og uppvöðslusamur ungdómur. Það þótti bregða við, þegar presturinn fór þaðan, enda er það ekki nema sjálfsagt, að presturinn hafi áhrif til bóta í þessu efni. Fyrir utan þetta sjóþorp er allvíðáttumikil sveit, og síðan annað bygðarlag, en þar á milli er erfiður fjallvegur.

Sem dæmi þess, hvað þessi fjallvegur er talinn varasamur, má nefna það, að sagan segir, að þarna hafi haldist reimleikar miklir, og áttu forynjur að granda mönnum, sem um heiðina fóru. En svo var sett vígð klukka í kirkjuna á Hóli, sem hrakti burtu óvættirnar. Þessi þjóðsaga geymir í sjer þann sannleika, að hjer sje um verulega vondan fjallveg að ræða.

Í þessu bygðarlagi eru um 100 manns, eða álíka margir og í fámennustu sóknum, og væri því ástæða til að hafa þar

litla kirkju. En öllu þessu bygðarlagi er svo þjónað, að þar er ein kirkja og þangað kemur presturinn eins og byssubrendur 3. hvern sunnudag, því að heima bíður 3. fjölmennasta sókn á landinu. Það eina, sem gæti bætt þetta upp, er, að auðvelt væri að komast á milli staðanna. En það er síður en að svo sje. Það er t. d. eins og fara ætti að þjóna Akranesi úr Reykjavík, og þó öllu verra. Oft komst jeg í að leggja af stað þegar brimlaust var, en verða svo að snúa við á miðri leið, af því að ólendanlegt var í Bolungarvík. Mjer finst, að svo framarlega sem háttv. þm. viðurkenna, að fullnægjandi prestsþjónusta sje nauðsynleg, verði þeir að vera með frv. Það er náttúrlega hægt að láta einn prest þjóna heilli sýslu eða öllum Vestfjörðum, en ef svo ætti að vera, er líklega sama, hvort nokkur prestur er eða enginn.

Jeg ætla að enda mál mitt með því að segja hv. þm. Borgf., að jafnvel þó að prestum fækkaði niður í 100, þá er eftir sem áður ekki nema sanngjarnt, að Hólssókn fái sjerstakan prest. Frá fjárhagslegu sjónarmiði ber að líta á, hvað Hólssókn leggur mikið af mörkum í prestlaunasjóð. Áður en laun presta voru hækkuð, borgaði Ísafjarðarprestakall öllum prestum í prófastsdæminu, og býst jeg við, að það muni borga tveimur, þótt búið sje að hækka launin.

Árni Jónsson: Þetta skal aðeins verða stutt aths. Jeg ætla ekki að bera af mjer sakir, heldur ætla jeg að bera af mjer þakkir. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) þakkar allshn., en hefir ekki veitt því eftirtekt, að 2 af nefndarmönnum áskilja sjer rjett til að hafa óbundið atkv. um málið, sem sje hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og jeg. Jeg skal játa, að það mælir nokkur sanngirni með málinu. Því hefir verið lýst, hversu leiðin sje erfið og hættuleg. Jeg hefi að því leyti tilhneigingu til þess að vera með frv., og það því fremur, sem jeg er persónulega kunnugur prestinum og veit, að hann er ágætismaður. En jeg segi með hv. þm. Borgf., að sje þessu prestakalli skift, er sjálfsagt ástæða til að skifta fleiri prestaköllum hjer á landi.

Jeg vil benda á það, að í Þistilfjarðarlæknishjeraði, þar sem jeg er vel kunnugur, er 1 læknir en 3 prestar. Menn munu samt alment vera þannig hugsandi nú á tímum, að þeim finnist engu minni þörf á lækni en presti. Háttv. þm. Borgf. mintist á sparnaðarnefnd og taldi ekki ólíklegt, að fram mundi koma frv. um aðskilnað ríkis og kirkju. Álít jeg þá ekki rjett að fjölga prestaköllum nú.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fór mörgum velvöldum og fögrum orðum um, hvað prestarnir hefðu verið nauðsynlegir fyrir þjóðina. Þetta er nú alt gott og blessað, en sannast að segja fæ jeg ekki skilið, hvað það kemur málinu við. Þó að prestarnir hafi áður verið alt í senn, kennarar, prestar og læknar, þá eru þeir það ekki lengur. Hjer er ekki um það að ræða, að þessi prestur eigi að taka að sjer læknis- eða kennarastörf í Bolungarvík. Ef svo væri, mundi jeg greiða frv. atkvæði mitt.

En það er ein hlið, sem ekki hefir verið athuguð á þessu máli, sem sje kostnaðarhliðin. Það er ekki sanngjarnt, að presturinn þurfi að hafa beinan kostnað af að rækja annexíuna. Gæti jeg því felt mig við, að hann fengi einhverja uppbót fyrir að þjóna Hólsprestakalli.

Magnús Torfason: Það er eitt atriði í þessu máli, sem mjer finst ekki hafa komið nógu vel fram, sem sje það, að þetta prestakall, sem hjer um ræðir, er það næstfjölmennasta á landinu. Þar eru um 4000 manns, og er það álíka margt og í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem eru með fjölmennustu sýslum landsins. Þetta atriði ætti að sýna mönnum, að meiri ástæða er til að sinna þessu en um öll önnur prestaköll, sem verið er að biðja um skiftingu á.

Að því er kostnaðarhlið málsins snertir vil jeg strika undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði. Prestakallinu koma svo miklar tekjur, að það borgar sig, og hefir auk þess um langan tíma lagt stóran skerf í landssjóð. Ekkert var 1921 minst á, og heldur ekki núna, fastar tekjur prestakallsins. Jeg sló upp í jarðamatsbók og öðrum gögnum og sá, að sú fúlga, sem Ísafjarðarprestakall hefir fært kirkjujarðasjóði, nemur hvorki meira nje minna en 60 þús. kr. Jarðir, sem prestakallinu tilheyrðu, hafa verið seldar fyrir offjár, og t. d. hefir 700 kr. afgjald af Eyri í Skutulsfirði verið lagt prestakallinu. Tekjur prestakallsins munu vera um 9—10 þús. kr. á ári, og sjest á því, að það er sjálfu sjer nógt, þótt skift verði. Og þótt aðskilnaður ríkis og kirkju komi einhverntíma til mála, verður þessi skifting prestakallsins því aldrei til fyrirstöðu. Þau geta sjeð fyrir sjer sjálf.

Í þessu prestakalli eru 4 læknar, og hygg jeg það vera einsdæmi. Á því sjest, hversu afskaplegt er, að því sje ekki skift, án alls tillits til örðugleikanna. Í greinargerðinni er talað um reiðveg út í Bolungarvík, en hann er enginn. Það eru víst 15 ár síðan farið hefir verið með hest þar; það borgaði sig ekki að viðhalda veginum; kostnaðurinn varð alt of mikill. Er því síst gert of mikið úr vegatorfærunum.

Það er rjett að geta þess, að komið hefir til tals að sameina Súgandafjörð og Hólssókn í eitt læknishjerað; það má heita, að læknirinn hafi land undir fæti alla leið þar á milli, og er fjallvegurinn fremur stuttur og lágur. Það væri vit í að sameina Súgandafjörð og Hólssókn líka í eitt prestakall; með því þarf ekki prestaköllum landsins að fjölga neitt. Að ekki hefir verið stungið upp á þessu, kemur til af því, að álitið er, að skiftingin þurfi að fara fram strax, en presturinn í Súgandafirði er maður mjög heilsugóður, þó gamall sje, og er sjálfsagt, að hann sitji í sínu embætti eins og það er nú. Sameining þessara prestakalla á því langt í land. En þessi skifting er nauðsynleg nú þegar.

Sigurjón Jónsson: Það hefir verið tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi segja, og sjerstaklega nú af háttv. 1. þm. Árn. (MT), hvað snertir fjárhagshliðina. Eins og sýnt hefir verið fram á, er það sanngjörn krafa með tilliti til fjárhagsins, að skifta. Seldar hafa verið 4 jarðir frá prestakallinu, og hefir andvirði þeirra runnið í kirkjujarðasjóð. Er það orðin stór fúlga, sem prestakallið á beinlínis hjá prestlaunasjóði.

Jeg verð að segja það, að mjer finnast orð þeirra hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) ekki hafa borið vott um traust þeirra á sinni eigin dómgreind. Hjer er hverjum manni ljóst og fullsannað, að frv. sje á fullkominni sanngirni bygt. Innan þessa prestakalls eru 2 læknishjeruð. Það er vansjeð, að nokkur eyrir færi til prestakallsins frá prestlaunasjóði, annað en endurgreiðsla á því, sem

sjóðurinn hefir áður fengið frá prestakallinu, þó að skift væri í tvent.

Gjald ríkissjóðs í prestlaunasjóð er yfir 2 kr. á hvern mann í landinu. Ef Ísafjarðarprestakall fengi helming af því, mundi það hafa meiri tekjur en 2 prestar fá.

Það er hreinn óþarfi að vera hræddur við það fordæmi, sem þessi skifting gefi, en komi fram önnur tilmæli um skiftingu prestakalls, og hafi þau tilmæli jafnmikið til síns máls og allar ástæður sjeu jafnríkar, þá tel jeg sjálfsagt, að einnig það frv. fái að ganga fram. Þarf jeg nú ekki miklu við að bæta, en vil einungis strika undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að Bolungarvík væri nauðsynlegt að fá sjerstakan prest. Starf hans er ekki eingöngu fólgið í þeim prestsverkum, sem Ísafjarðarprestur hefir gegnt og gegnir þar; á hinu er engu síður mikil þörf, að presturinn hafi tíma og tækifæri til þess að starfa fyrir söfnuð sinn annað og meira en sjálf prestsverkin, en eins og nú standa sakir, getur ekki verið þar nema um almenn prestsverk að ræða, þar sem presturinn þjónar jafnframt prestakalli, sem er jafnfjölment og Ísafjarðarprestakall er.

Pjetur Ottesen: Þó að mjer sje hjer gefið allmikið efni til athugasemda, ætla jeg ekki að halda langa ræðu. Flest af því, sem nú hefir verið sagt til meðmæla með þessu frv., hefir áður verið tekið hjer fram og því svarað þá.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að nýtt væri komið fram í málinu, sem herti á því, að skiftingin færi fram; sem sje það, að Hnífsdælingar hefðu í hyggju að koma upp hjá sjer kirkju. Jeg sje ekki, að þetta skifti miklu máli fyrir prestinn; hjer er um örlitla vegalengd að ræða, ekki meiri en svo, að það er bara til hressingar og heilsubótar fyrir prestinn að skreppa þennan spöl. Þangað verður presturinn auðvitað að fara öðruhvoru til þess að framkvæma prestsverk hvort sem er, en þetta mundi í mörgum tilfellum geta farið saman, að presturinn framkvæmdi slík aukaprestsverk messudaginn, og er þessi kirkjubygging þarna í Hnífsdal engan veginn sú höfuðástæða í þessu máli, sem hv. þm. N.-Ísf. vill vera láta. Jeg get ekki betur sjeð en að sumstaðar annarsstaðar sjeu þó nokkuð meiri erfiðleikar fyrir prestinn að sjá sóknarbörnum sínum fyrir sálusorgun en hjer. Í þessu sambandi má geta þess, þar sem altaf er verið að gera ferðakostnað prestsins svo ægilegan, að eftir því sem fólksfjöldinn er meiri í hverju prestakalli, má búast við meiri aukatekjum, og má þá ætla, að presturinn standi betur að vígi með að leggja eitthvað í kostnað við ferðalögin.

Hv. þm. N.-Ísf. tók af skarið um það, er hann sagði, að þetta væri eina rjettmæta krafan, sem fram gæti komið um stofnun nýs prestakalls, og að allar aðrar kröfur væru órjettmætar, samanborið við þessa. Jeg byggi nú ekki svo mjög á því, að hann geti fullyrt sjerstaklega um þetta efni, af því að hann sje svo nákunnugur annarsstaðar á landinu, eða líti sömu augum á þarfir annara í þessu efni. Jeg veit t. d. ekki betur en að hv. þm. A.-Sk. mundi fara fram á eitthvað svipað, vegna þess að aðstaða er svipuð hjá honum, og jeg geri ráð fyrir, ef gengið er inn á þessa braut, að þá myndu fleiri koma á eftir, sem erfitt væri að mótmæla, að hefðu hliðstæðan rjett. Jeg mintist á, að til mála gæti komið, að nefnd sú, sem jeg gat um áðan, mundi ef til vill gera

tillögur um skilnað ríkis og kirkju; að öðru leyti fór jeg ekkert út í það mál, nema hvað jeg sagði, að mjer þætti slíkt ekki óhugsandi. Út af þessu var hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fljótur á sjer að dæma um aðskilnaðinn, hvað þjóðin mundi verða vel kristin við þá breytingu. Án þess að jeg vilji fara að dæma um þetta, vil jeg segja, að það horfir svo, frá mínum bæjardyrum sjeð, að þar sje einmitt leiðin til að gera hana betur kristna; að slík breyting mundi vekja menn til umhugsunar um trúarmálefni og hrekja á brott þá deyfð og þann drunga í trúarefnum, sem sýnilega þróast svo vel í skauti þjóðkirkjunnar. Háttv. þm. hjelt langa ræðu um þetta mál, og var ekki nema nokkur hluti hennar um efni þessa frumvarps sjerstaklega. Hann þykist hafa góða aðstöðu, og það öðrum fremur, til að leggja hjer orð í belg, bæði af því, að hann telur sig samkvæmt stöðu sinni nokkurskonar læriföður í þessum málum hjer í deildinni, og svo af því, að hann hefir verið þjónandi prestur í þessu prestakalli. En þótt hv. þm. (MJ) gefi upplýsingar um þessa erfiðleika, sem presturinn eigi þarna við að stríða, þá get jeg ekki gengið fram hjá upplýsingum, sem jeg hefi fengið frá presti, sem hefir starfað þar í tugi ára, og þær eru enganveginn í samræmi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) og aðrir bera fram, og verð jeg að draga þá ályktun af því, að engu síður megi byggja á upplýsingum þess mæta manns, sem hefir látið mjer þær í tje, og það því fremur, sem hann talaði um þetta af meiri og lengri reynslu en meðmælendur þessa frumvarps allir til samans. Og hvíldu þó í tíð þessa merka prests meiri og fleiri störf á prestunum en nú, t. d. eftirlitið með barnafræðslunni, sem prestar nú alment álíta að sje fyrir utan sinn verkahring.

Annars ætla jeg ekki að fara að fjölyrða um það, sem hv. þm. (MJ) talaði alment um prestastjett þessa lands. Það er vitanlegt, að það hafa verið ýmsir mjög mætir menn í þessari stjett, en eftir því sem honum fórust orð, þá var naumast hægt að skilja hann öðruvísi en að það gengi furðu næst, að lífvænt skuli vera hjer á landi síðan prestunum fækkaði, því þeir hefðu verið sveitunum alt bæði í andlegum og líkamlegum efnum; hvað þá heldur ef þeim væri fækkað enn meira eða annað skipulag tekið upp. Það mætti máske minna hv. þm. (MJ) á, að það er eitt verkefni biskups á synódus að lesa upp registur yfir messuföllin á landinu, og munu þau sjaldnast vera færri en þetta 3000 á ári, og mjer hefir verið bent á, að það væri hægt að nefna nokkrar sóknir á landinu, þar sem messað væri 2—3 sinnum á ári, jafnvel þó presturinn hafi ekki nema tveim kirkjum að þjóna. Jeg geri ráð fyrir, að þar sem um svo daufa kirkjusókn er að ræða, sje sambandið milli prests og sóknarbarna mjög svipað. Heldur nú hv. þm. (MJ) virkilega, að þetta sje alt því að kenna, hversu prestarnir eigi erfitt með að sinna preststarfinu og hafa samband við söfnuðina? Nei, þar kemur fleira til greina, og jeg get vel skilið, að hv. þm. (MJ) vilji hlíðra sjer hjá að rekja orsakirnar til þessa ástands til annars en þess, að prestarnir sjeu of fáir. Jeg tala um þetta vegna þess, að hv. þm. (MJ) sagði, að með brauðasamsteypunni væri slitið nálega öllu sambandi milli prestanna og sóknarbarnanna, og því væri komið sem komið er; en hjer

kemur líka fleira til, og þær ástæður liggja nokkuð í þjóðkirkjufyrirkomulaginu sjálfu.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) kvaðst líka nákunnugur þarna og vildi láta sitt ljós skína í þessu máli. Hv. þm. segir, að það standi alt öðruvísi á um þetta prestakall en önnur, og ekki ástæða til að sinna öðrum kröfum, þótt fram kæmu. Þetta segir hver um sig.

Þá var talað um fjárhagsviðskifti ríkissjóðs og þessa prestakalls og sagt, að það legði svo mikið í ríkissjóð, og eiginlega miklu meira en það fengi aftur. Það má vel vera, að svo sje. Það er misjafnt, hve miklar eignir fylgja prestaköllum, en jeg vil benda á eitt í þessu efni; það er, að það eru ávalt mikil hlunnindi fyrir prestana, þar sem miklar heimatekjur eru, og sjerstaklega þar sem mikið smjörgjald er um að ræða, ekki einasta af því, að smjörið sje góður hlunnur, heldur af því, að venjan er að reikna þeim smjörið langt fyrir neðan sannvirði. Jeg held, að í Hólssókn sje það reiknað á 90 aura pd. *(MT:* Það kemur ekkert þessu máli við). Jú, það kemur einmitt sjerstaklega þessu máli við, þegar verið er að tala um, að presturinn verði sjerstaklega hart úti við að sækja annexíuna; þá má líta á það, að það er ekki einskis virði fyrir prestinn, að heimatekjurnar sjeu ekki metnar upp í launin nema sem svarar helmingi eða þriðjungi þess, er þær raunverulega gefa af sjer. *(TrÞ:* Það er ekki presturinn, sem metur smjörið). Það er sama, hver metur það. Það er presturinn, sem nýtur þess, að það er metið svona. *(MT*: En næsta mat?). Já, það breytist kannske nokkuð við næsta mat, en grundvöllurinn er altaf sá, að prestarnir munu oftast fá heimatekjurnar reiknaðar upp í laun sín langt undir sannvirði.

Þá var talað um ósamræmi í því, að ekki væri nema einn prestur í þessum söknum, þó þar væru fjórir læknar. Já, þá er víst aukalæknir á Ísafirði með í töllunni. Þá er það þó svo, að það er að nokkru leyti bætt upp, sem háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) var að tala um, að prestarnir hefðu áður þurft að vera meðal annars læknar í söknum sínum. Það er þá sjeð fyrir því hjer, að svo þarf ekki að vera.

Þá kom háttv. 1. þm. Árn. (MT) fram með till. í þessu máli, sem vel er þess verð, að hún sje athuguð, að kannske væri hægt að sameina Hólssókn við annað prestakall, sem ljettara væri að þjóna henni frá en frá Ísafirði. Það er ekkert við það að athuga, en niðurstaðan, sem hv. þm. (MT) komst að út frá þessari athugun, var harla einkennileg, því hann vildi fyrst stofna sjerstakt embætti þarna og veita það ungum manni, og fara svo að athuga möguleikana á því að sameina þessar sóknir.

Mjer finst, að hjer komi einmitt fram alveg ný ástæða til að fresta því að taka ákvörðun í þessu máli nú, því að vel má vera, að hægt verði að ná samkomulagi nú þegar við þennan prest í Súgandafirði um að taka að sjer þennan söfnuð. Hafi hann lítið að starfa, og sjer það hinsvegar, að þeir í Hólssókn verða hart úti með prestsþjónustu, þykir mjer líklegt, að kennimannsandinn verði svo sterkur hjá honum og umhyggjan fyrir sálarheill þeirra, að hann vilji sjá þeim fyrir betri sálusorgun.

Að endingu vil jeg minna á það, þar sem menn segja, að þessi prestur ofþjakist af prestsverkunum, að jeg hefi heyrt, að hann hafi með höndum aukastarf, sem taki hann töluverðan tíma; en sje hann svona hlaðinn prestsverkunum, sem af er látið, þá er engin ástæða til að halda, að hann fari að taka að sjer ýmislegt verald-

arvafstur og vanrækja þar með skyldur sínar gagnvart sóknarbörnunum. Mjer finst því, að þessi ráðbreytni prestsins vitni á móti því hvorutveggja, að hann sje alt of störfum hlaðinn við prestsverkin og að söfnuðurinn sje vanhaldinn af prestsþjónustunni hjá honum.

Magnús Jónsson: Það sagði einhver: Atkvæði! Já, það væri kannske alveg rjett að hafa þegar atkvæði um þetta mál, vera ekki að ræða það lengur. Það er auðsjeð, að það á að beita sömu grýlunni við þetta mál sem við svo mörg önnur góð mál, að þingið verði að samþykkja alt, sem hlíðstætt er, hversu vitlaust, sem það kann að vera; ef farið sje að fjölga prestum fyrir Ísfirðinga, þá verði að fjölga prestum alstaðar, hvar sem beðið er um það. Þegar þetta sama mál var flutt á þinginu 1921, kom þegar beiðni um skiftingu á öðru prestakalli, og þótti ægileg útsýn opnast, ef svo ætti að ganga. Fyrir þessari beiðni voru flutt ýms góð rök, en það var þó ómögulegt að bera það saman við þetta frv. Jeg skal játa, að það er rjett, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að það eru víðar erfiðar annexíur, en það dettur t. d. engum manni í hug að fara að skifta Skálavík frá Ísafjarðarprestakalli, þótt þar væru 100 manns, en ef ofan á örðugleikana bætist, að þar er að ræða um fjölmenna sókn, þá er, svo framarlega sem menn leggja nokkuð upp úr prestsþjónustu, mikið meira í húfi. Og því er hvergi til að dreifa á landinu nema hjer, að annexía sje bæði með þeim erfiðustu og auk þess að fólksfjölda eins og eitt af fjölmennustu prestaköllum landsins.

Jeg efast ekki um, að það er víða um land þörf á að fjölga prestum. Jeg get sagt, að það er mín persónulega skoðun, að prestum hafi verið fækkað um of. Þessi fækkun, sem gerð hefir verið, hefir leitt til þeirrar hrörnunar, sem að ýmsu leyti verður vart við og sem kirkjan er vítt fyrir. Hv. þm. Borgf. sagði, að jeg væri hræddur um, að alt mundi fara í kaldakol, ef prestum væri fækkað mikið meira. Nei, jeg er alveg viss um, að það mundi fara í kaldakol, ef prestum væri fækkað niður í 40. Hv. þm. (PO) tók það sem dæmi upp á blóma kirkjulífsins, að það hefðu verið 3000 messuföll síðastliðið ár, sem jeg þó veit ekki, hvað satt er í. *(PO:* Það er eftir skýrslu frá synodus). Nú, jæja; það er þá t. d., að einn hríðardagur um alt land gerir um 100 messuföll, og ekki er hægt að kenna daufu andlegu lífi um það. Í því tilfelli er sama, hve blómlegt kirkjulífið er, og hver, sem komið hefir út í íslenskt hríðarveður, veit, að þau verða mörg messuföllin af þeirri ástæðu. Jeg skal fúslega játa, að messuföll hjer á landi eru fleiri en æskilegt væri. En er nokkurt vit í að segja það, ef búið er að skemma einhverja stofnun, þannig að hún er farin að sýna greinileg afturfararmerki, þá eigi að bæta úr því með því að skemma hana ennþá meira? Það er alveg eins og ef maður væri settur í óholla vinnu, og svo færi hann að sýna þess merki, að hann væri farinn að missa vinnuþrek, og þá ætti að setja hann í enn óhollari vinnu. Hv. þm. Borgf. sannaði vel mál mitt með því að draga þetta inn í það, en hinsvegar vil jeg ekki láta draga svo vitlausa ályktun, sem oft er dregin af þessum 3000 messuföllum, að þarna sje um að ræða 3000 vanrækslusyndir hjá íslenskum prestum.

Þá var hv. þm. (PO) að tala um hlunnindin við Ísafjarðarprestakall, þar sem heimatekjur væru svo miklar, en heimatekjurnar væru metnar lágt. Heimatekjur Ísafjarðarprestsins eru eftirgjald eða af-

borgun af jörðunum Eyri og Stakkanesi, og prestsmata frá Hóli í Bolungarvík. Afgjaldið er hreint peningagjald, og er því hvorki hagur nje óhagur að því fyrir prestinn. Prestsmötugjaldið er á hinn bóginn svo lítið, að jafnvel þótt gengið sje út frá of lágu mati á smjöri, þá getur það aldrei numið meiru en 20—30 krónum eða svo. Þá talaði hv. þm. (PO) um nokkuð, sem freistandi væri að ræða nokkru nánar, því að þar sprakk sparnaðarblaðran, eins og oft vill verða hjer á þingi, þegar hv. þm. (PO) fór að tala um aðskilnað ríkis og kirkju. Jú, þá fyrst myndi nú ljetta á ríkissjóði, en við skulum svo líta á eftir nokkur ár, þá mundi það sjást, að þjóðkirkjan er stórkostleg sparnaðarstofnun. Ef fríkirkja kæmist á fót, þá mundu vera komnar 3—4 kirkjur á Akranesi, 6—7 á Ísafirði og fjöldi hjer í Reykjavík og prestur við hverja kirkju. Jeg þekki þetta vel, því að jeg hefi sjálfur búið undir fríkirkjufyrirkomulagi. Það getur vel verið, að það hafi geysimikla kosti að hverfa frá þjóðkirkju til fríkirkju; það getur fyrir mjer haft alla kosti, nema sparnað. Þann kost hefir það áreiðanlega ekki, og ef á að innleiða fríkirkju, þá er það ekki til sparnaðar, heldur af trúmálaáhuga; og ef menn vilja, að þjóðin leggi 5—6-falt meira til kristnihalds, er ekkert við því að segja, nema að það er alveg fráleitt, að það sje til sparnaðar fyrir þjóðarheildina.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist ósk frá 6 hv. deildarmönnum um að slíta nú þegar umr., og hljóðar hún svo:

„Undirritaðir óska eftir, að umræðum um 3. mál á dagskrá verði hætt nú þegar. JörB, BSt, PÞ, KlJ, SvÓ. BL.“

ATKVGR.

Till. um að slíta umr. feld með 10:10 atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Í raun og veru hefir ekki neitt komið hjer fram við þessa umr., sem ekki hefir verið sagt hjer áður, og þau andmæli, sem hjer hafa komið fram gegn frv., eru mestmegnis afturgöngur frá umr. 1921. Það eina nýja, sem þó ekki kemur þessu máli við, er það, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, er hann talaði um væntanlegar till. frá sparnaðarnefndinni um að fækka embættum. Annars geri jeg ráð fyrir, að við getum ekki beðið eftir, að þær till. komi frá þeirri nefnd, sem geti orðið til verulegra þjóðþrifa. Háttv. þm. sagði, að ekki hefði tekist að fækka embættum, en að tekist hefði að stöðva embættafjölgun. En þetta er ekki rjett; nýir embættismenn smjúga alstaðar inn gegnum greipar þings og stjórnar, í fjárlögum og sjerstökum lögum, og veit jeg ekki nema hv. þm. Borgf. (PO) sje einn af þeim, sem skapar nýja embættismenn, enda er það eðlilegt. Þess vegna er það villandi hjá hv. þm. Borgf., að nota þetta sem grýlu á móti því að skifta þessu prestakalli, því að það er svo, að á hverju ári eru fleiri eða færri embætti stofnuð.

Hv. þm. Borgf. vildi halda því fram, að það væru ýkjur um örðugleikana á samgöngum milli þessara staða, og að hann hefði átt tal við prest, sem hefði þjónað þar. En þetta er alveg í samræmi við það, sem nú hefir komið fram, að áður fyr voru samgöngur tíðari og ódýrara að fá far á milli staðanna, og þess vegna eru upplýsingar þær, sem hv. þm. Borgf. hefir frá fyrverandi presti þar, alveg í samræmi við þær skoðanir, sem við höfum haldið fram í þessu efni.

Háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) var að gera grein fyrir atkv. sínu. Hann var ekki sammála okkur í allshn. En jeg held, að hann geri of mikið úr því, að hjer sje kipt úr nokkurri stíflu, þó að þessi skifting sje leyfð. Þeir hv. þm. gera þá ekki ráð fyrir, að þeir sjeu mjög sterkir á svellinu, ef þeir geta ekki staðið á móti stofnun annara nýrra embætta, sem miklu síður eiga rjett á sjer. Þá var það miklu háskalegri stefna, sem kom fram hjá hv. þm., að veita í fjárlögum 1—2 þús. kr. styrk handa prestakallinu. Þá yrði sú leið víst víða farin, að smeygja inn styrk handa prestum í erfiðum prestaköllum, því að það er ólíkt auðveldara að koma inn í fjárlög lítilli upphæð heldur en að láta mál ganga í gegnum þingið í lagaformi, sem þarf að *minsta kosti* þrjár umr. í hvorri deild. Þess vegna er það miklu háskalegra fordæmi að fara að veita fje í fjárlögum heldur en að skifta embætti með lögum, eins og hjer á að gera, því að ef þar að auki á að fara að greiða í fjárlögum álíka upphæð og þá, sem ríkið greiðir við stofnun þessa embættis, þá get jeg ekki sjeð, hver sparnaðurinn verður, en hann virtist mjer einmitt vera aðalatriðið hjá hv. þm. (ÁJ).

Það hefir verið drepið á það í þessum umræðum, að til mála gæti komið að sameina Hólssókn í Ísafjarðarprestakalli við Suðureyrarprestakall í Súgandafirði. Þetta getur vel verið, að verði einhverntíma, en jeg sje ekki ástæðu til þess að ræða það atriði nú í sambandi við þetta mál. Til þess að sú sameining geti orðið, þarf mikinn undirbúning áður, t. d. þyrfti að flytja kirkjuna í Suðureyrarprestakalli um langan veg, og fyr en það hefir verið gert, verður þessi sameining ekki tiltækileg.

Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að presturinn á Ísafirði hefði tekist ýmisleg annarleg störf á hendur, sem ekki kæmu prestsembættinu við. Þetta tel jeg ofurskiljanlegt að hann geri, þar sem hann þarf að verja allverulegum hluta prestslauna sinna til þess að standast kostnað af aukaferðunum; því það er vitanlegt, að þessar ferðir eru prestinum mjög dýrar. Það er því ekki nema eðlilegt, að maðurinn verði að taka að sjer ýmisleg aukastörf, ef þau fást, til þess að vinna upp þann kostnað.

Þá kem jeg að þessari allsherjargrýlu, sem svo margir hv. þm. virðast vera svo hræddir við, þ. e., að ef þetta frv. verði samþykt, muni mörg önnur frv. svipaðs efnis koma í kjölfar þess. Þetta er alkunn ástæða, sem oft er gripið til í vandræðum. Þetta kvað við í fyrra hjer á þinginu í umr. um fjárlögin, þegar einn hv. þm. bar fram till. um að setja lítilsháttar fjárupphæð inn í lögin, sem verðlaun eða viðurkenningu til gamallar ljósmóður fyrir vel unnin störf í 50 ár. Þá rauk upp hver hv. þm. á fætur öðrum og sagði: „Ef þið samþykkið þetta, kem jeg með samskonar till. úr mínu kjördæmi.“

Já, jafnvel þó þetta ætti sjer stað, að fleiri frv. kæmu fram, þá sje jeg ekkert athugavert við það. Þá kemur til þingsins kasta að athuga rjettmæti þeirra tillagna. En svo veit jeg heldur ekki til, að neitt þess háttar sje hjer á seyði nú, og þó svo væri, gætu þar vart verið jafnríkar ástæður og rjettmætar fyrir hendi og í þessu máli; en það er þingsins að greina þær ástæður í sundur. Þeir menn, sem annars meta álit og till. biskupsins að nokkru, ættu á það að líta, að hann hefir mælt með þessu frv., en þó þurfti þess alls ekki með, því ástæður þessa máls eru rjettmætar, og er hjer aðeins um sjálfsagðar sanngirniskröfur að ræða.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla ekki að lengja mikið þessar umr., sem þegar eru orðnar alllangar, en það eru þó nokkur atriði í þessu máli, sem jeg vildi víkja að með nokkrum orðum. Menn hafa fært þrjár ástæður með þessu frv. Fyrsta ástæðan er fólksfjöldinn, sem geri þessa tvískiftingu nauðsynlega, önnur erfiðleikar, sem stafa af staðháttum, og þriðja, að það sje nauðsyn þjóðinni að fjölga prestsembættum. Viðvíkjandi fólksfjöldanum er það að segja, að hann einn er ekki næg ástæða til að rjettlæta frv., þar sem mestur hluti fólksins er á einum stað — Ísafirði. Þetta er því ekki berandi saman við víðlend og strjálbygð prestaköll í sveit. Staðlegir erfiðleikar geta að vísu verið miklir á þessum slóðum, en það hefir þó ekki verið bent á, að nokkur bylting af náttúrunnar völdum hafi orðið þarna nýlega, sem hafi orsakað aukna erfiðleika. Þessir erfiðleikar eru ekki annað en það, sem þarna hefir átt sjer stað alla tíð frá upphafi. *(MT*: Reiðvegurinn hefir þó eyðilagst). En enda þótt ástæðurnar fyrir þessu frv. væru að sumu leyti viðurkendar rjettar, þá er þó ekki þar með sagt, að þetta sje eina rjetta úrlausnin á málinu. Það hefir áður verið bent á það, að komið gæti til mála að sameina Hólssókn við annað prestakall (í Súgandafirði). En þó er þar sá hængur á, að það verður ekki hægt fyr en það brauð losnar. En þá finst mjer, að bæta mætti úr þessu með því að veita prestinum á Ísafirði erfiðleikauppbót til þess að halda aðstoðarprest, og með því mætti komast hjá að stofna nýtt prestsembætti. Ef menn eru þeirrar skoðunar, að prestarnir sjeu of fáir hjá okkur, þá er eðlilegt, að frv. eins og þetta komi fram. En þeir eru líka til, sem álíta prestana óþarflega marga. Jeg viðurkenni fúslega þá þýðingu, sem prestarnir hafa haft og hafa fyrir þjóðlíf okkar, en prestafjöldi sá, sem við nú höfum, er að nokkru leyti arfur frá liðnum öldum, frá miðöldunum, þegar prestar voru nær einu lærðu mennirnir í þjóðfjelaginu og urðu því að vera svo að segja alt í öllu. Nú er þetta breytt. Það er búið að ljetta af prestunum miklu af þeim störfum, sem þeir höfðu áður, en við sitjum eftir með allan þennan fjölda af prestum. Þeim hefir ekki fækkað að sama skapi og störf þeirra hafa minkað. Jeg fæ nú ekki sjeð, eftir því sem ástæður eru til, að þörf sje á að hafa fleiri presta en lækna. Við höfum nú um 40—50 læknishjeruð, og litlu fleiri lækna, en prestarnir eru yfir 100. Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tilfært, vona jeg, að mönnum skiljist, að jeg muni ekki greiða þessu frv. atkv. mitt.

Jón Auðunn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til háttv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem vill leysa þetta mál með erfiðleikauppbót handa prestinum á Ísafirði. En þetta er engin úrlausn á málinu. Aðalástæðan fyrir skiftingunni er sú, að íbúar Hólssóknar eru illa haldnir vegna prestsleysisins, og úr því geta peningarnir ekki bætt. Þó Ísafjarðarpresturinn fengi kapelán, er ekki víst, að menn sættu sig við það, enda myndi það alls ekki nægja. Það eina, sem bætir úr þessu til fulls, er að skifta prestakallinu, enda myndi kapelán hafa sömu laun og prestur, og því ekkert unnið frá fjárhagsins sjónarmiði. Hv. þm. sagði, að fólkið væri alt á sama stað, og því væri ljettara fyrir prestinn að þjóna þar. Þessi umsögn hv. þm. sýnir dæmalausa vanþekkingu á staðháttum, sem jeg vona, að ekki þurfi að svara öðru en því að vísa þeim, sem ókunnugir eru

og rengja vilja lýsingu mína og annara kunnugra, á landabrjef „Generalstabens“ Væru allir sóknarmenn á sama stað, eins og hann sagði, mundi alls ekki vera farið fram á þessa skiftingu. Það var heldur ekki allskostar rjett hermt hjá hv. þm. um tölu presta á landinu. Hann sagði þá ca. 140, en þeir munu vera um 112 alls. Jeg skal játa, að það er ef til vill hægt einhversstaðar að fækka prestum. En jeg tel varhugavert að fækka prestum að mun, ef við viljum halda í það þjóðkirkjufyrirkomulag, sem við nú búum við. Jeg skal svo ekki lengja þessar umr. meir en búið er, en jeg vænti þess, að þó að umr. þessar hafi orðið úr hófi langar, að mínu áliti tilefnislítið, þá hafi það ekki þau áhrif á atkv. háttv. þdm., að þeir vilji granda þessu sjálfsagða frv.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 16:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:9 atkv.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 79).

Á 36. fundi í Ed., laugardaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 79, n. 315).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg þykist skilja, að hæstv. forseti ætlist til, að umræður verði ekki langar um þetta mál, er hann tekur það fyrst af þeim málum, sem á dagskrá eru, og skal jeg þess vegna ekki lengja þessar umr. fyrir mitt leyti.

Það er vitanlegt, að um það eru nú allskiftar skoðanir, hvort nokkur þörf sje á að hafa presta, og hafa ekki ósjaldan heyrst raddir um það, að fremur bæri að fækka þeim en fjölga, vegna þess að stjett þessi væri miður þörf í þjóðfjelaginu. En hinsvegar sýnist þessi skoðun þó ekki eiga mjög fastar rætur hjá þjóðinni. Það hefir oft sýnt sig, ef komið hefir til mála að leggja niður eitthvert prestakall, að þá hafa jafnan komið fram mótmæli frá viðkomandi söfnuði eða söfnuðum. Og hafi það komið fyrir, að prestakall hafi verið lagt niður, hafa óðar komið áskoranir um endurreisn þess. Það sýnist því, að meiri hluti þjóðarinnar vilji heldur hlynna að kirkju og kristnihaldi í landinu en draga úr því, og því virðist mjer, að þing og stjórn, sem hefir það með höndum að vernda kirkjuna og halda henni við, verði að taka slíkar raddir til greina. Þó getur vitanlega ekki komið til mála að sinna öllu slíku, sem fram kann að koma. En þegar rjettmætar kröfur koma fram, verð-

ur að sinna þeim, og svo virðist einmitt vera háttað um þetta frv.

Í greinargerð þessa frv. er ítarlega lýst kringumstæðum þeim, sem orsakað hafa að frv. er fram komið. Prestakall það, sem hjer ræðir um, er afarörðugt, og að dómi allra, sem yfir höfuð vilja sinna kirkjumálum, verður að gera eitthvað til að gera kallið ljettara, t. d. að skifta því, eins og hjer er farið fram á.

Jeg veit, að margir háttv. þingdeildarmanna eru þarna eflaust kunnugri en jeg, og munu þeir viðurkenna þetta. En það er þó öllum kunnugt, að alllangur vegur er á milli Ísafjarðarkaupstaðar og Bolungarvíkur. Og þó er ekki mest um vert vegalengdina, heldur hitt, hversu vegurinn er illur yfirferðar.

Fyrrum átti svo að heita, að einhver vegarnefna hafi verið þarna á milli, en þeim vegi hefir lítt eða ekki verið við haldið, og er hann nú með öllu af tekinn, eftir því sem mjer er sagt. Það er því ekki um annað að gera fyrir prestinn á Ísafirði en að fara sjóleiðina, er hann þarf að fara til að gegna prestsverkum í Bolungarvík. En það er ekki nema endrum og eins, sem ferðir eru þar á milli. Um daglegar ferðir er alls ekki að ræða, og falla þær því ekki nema með höppum og glöppum. Nú stendur svo á í þessu prestakalli, að langmestur hluti safnaðarins er á Ísafirði, og auk þess er presturinn búsettur þar. Af þessu leiðir það, að þegar presturinn er kominn til Bolungarvíkur, verður hann að vera eins og byssubrendur og flýta sjer sem mest hann má, til að komast heim aftur til Ísafjarðar, með því að þar kalla flest störfin að honum. Þetta er því ilt og lítt viðunandi, bæði fyrir prestinn og safnaðarfólk hans. Auk þessa er um fleira að gera en Bolungarvík eina, sem hlýtur með þessum hætti sem er að hafa ónóga prestsþjónustu, því að allstór hluti af Hólssókn, þ. e. Skálavíkin, heyrir og undir þessa sókn og þetta prestakall. Presturinn þarf því ekki aðeins að fara frá Ísafirði til Bolungarvíkur, heldur verður hann einnig að fara frá Bolungarvík út í Skálavík, og er sá vegur afarörðugur, sem þangað er farinn.

Þó að ýmsir kunni að vera þeirrar skoðunar, að varlega eigi að fara út í það að fjölga prestsembættum, held jeg þó, að enginn geti samkvæmt framansögðu staðið á móti þessu frv. Þrátt fyrir það, þó að þessi skifting færi fram, verður þó fullkomið prestakall eftir sem áður á Ísafirði. Og verði sjerstök kirkja byggð í Hnífsdal, eins og nú er gert ráð fyrir, stækkar verksvið Ísafjarðarprestsins óbeinlínis við það. Bolungarvík verður einnig fullkomið prestakall. Þorpið er stórt og allmannmargt, og þegar tekið er tillit til Skálavíkur, er það ljóst, að sjerstakur prestur í Bolungarvík komi einnig til að hafa næg verksvið.

Jeg lít svo á, að ekki þurfi mikið lengri framsögu fyrir þessu máli. Öll nefndin er sammála um, að þrátt fyrir alt beri að samþykkja þetta frv., hvað sem annars mætti segja um fjölgun prestsembætta yfir höfuð.

Einar Árnason: Mjer er vel ljóst, að verði þetta frv. samþykt, hlýtur það óhjákvæmilega að draga samskonar dilka, og þá líklega marga, á eftir sjer, áður en mjög langt verður um liðið.

Það má vel vera, að það sje nauðsynlegt að skifta þessu prestakalli, en jeg veit líka, að það má tilfæra svipaðar ástæður annarsstaðar á landinu, og þegar þingið einu sinni er gengið inn á þessa braut,

verður það að halda áfram að skifta prestaköllum, og getur það leitt til þess, að prestum verði fjölgað úr hófi fram.

Mjer finst, að frv. þetta hafi enn ekki verið útskýrt nógu vel, hvorki í nál. eða af hv. frsm. nefndarinnar (EP). Það kom til orða í umræðunum um þetta mál í háttv. Nd., að hugsanlegt væri, að hægt mundi að sameina Bolungarvík við Eyri í Súgandafirði. Jeg er ekki nógu kunnugur til að geta dæmt um þetta, en jeg álít, að ástæða hafi verið til að rannsaka það atriði nánar, því sá háttv. þm., sem drap á þetta í hv. Nd., var vel kunnugur þarna vestra.

Hv. frsm. (EP) talaði um, hversu kall þetta væri örðugt. Jeg veit lítið um það, en geri þó ekki ráð fyrir, að hægt verði að neita því, að svo sje; en hitt er jafnvíst, að mörg önnur prestaköll eru jafnerfið. Hann sagði, að þegar presturinn væri kominn til Bolungarvíkur, þyrfti hann að flýta sjer mjög að komast heim aftur til Ísafjarðar, vegna embættisanna. Það má vel vera, að svo sje, en jeg spyr þá, hvað hæft sje í því, sem jeg hefi heyrt, að þessi prestur hafi með höndum annað starf, prestsverkum óviðkomandi, á Ísafirði. Jeg hefi sem sje heyrt, að hann sje gæslustjóri við annað bankaútibúið þar, og ef svo er, tel jeg eðlilegt, að hann megi ekki vera lengi að heiman. Jeg orðlengi svo ekki frekar um þetta; jeg þykist vita, að forlög þessa frv. muni fyrirfram ráðin vera og að andmæli sjeu tilgangslaus. En jeg mun ekki greiða því atkv. mitt, til þess að binda ekki með því hendur mínar, svo að jeg verði síðar ef til vill að samþykkja fleiri slík frv., sem áreiðanlega munu koma fram á eftir þessu frv.

Frsm. (Eggert Pálsson): Háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) andar á móti þessu frv., og þótti mjer svo, sem aðalástæða hans væri sú, að frv. þetta mætti ekki samþykkja með því að þá mundi vera skapað fordæmi til þess að fjölga prestaköllum enn þá meir framvegis. Þetta held jeg þó, að ekki sje rjett á litið. Og ef hv. þm. athugar mál þetta betur, mun hann sjá, að óvíða annarsstaðar á landinu munu finnast svipaðar ástæður og hjer eru fyrir hendi. Jeg viðurkenni að vísu, að sumstaðar á landinu eru til erfiðleikar, sem geta dálítið samrýmst þessum. En þó svo sje, mun hvergi annarsstaðar vera um jafnmikinn mannfjölda að ræða og þann, sem hjer um ræðir.

Hjer verður á það að líta, að fólksfjöldinn er afarmikill. Á Ísafirði búa á 3. þús. manna og í Bolungarvík um 1 þús. manna, og það má ætla, að þeim fjölgi fremur en fækki þarna, eins og í öðrum sjávarplássum. Og þetta er því ekki saman berandi við það, þó fyrir kunni að finnast svipaðar vegalengdir og þessar til sveita, þar sem fólksfjöldinn aðeins skiftir nokkrum hundruðum manna. Jeg hygg því enga hættu á framvegis, þó einhver frv. kæmu fram um fjölgun prestakalla, að hægt verði með neinum rjetti að benda á samþykt þessa frv. sem fordæmi.

Þetta, sem hv. þm. mintist á, um sameiningu Bolungarvíkur við Súgandafjörð, lá einnig fyrir nefndinni, og er henni því kunnugt um þá uppástungu. En þeir menn, sem best þekkja til á þessum slóðum, telja slíkt hartnær ókleift og segja, að slík samsteypa yrði sama sem að fara úr öskunni í eldinn. Þá tækju sömu örðugleikarnir við þar á milli að því er prestsþjónustu snertir og nú er við að stríða frá Ísafirði. Presturinn yrði að sitja í Bolungarvík og hafa Stað í Súgandafirði fyrir annexíu, og yrði þá jafnerfitt fyrir Bolungarvíkurprest að sækja

til Súgandafjarðar og nú er fyrir Ísafjarðarprest að sækja til Bolungarvíkur.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði eitthvað á þá leið, að ekki væri að sjá, að Ísafjarðarpresturinn væri mjög önnum kafinn, þar sem hann hefði nú önnur störf á hendi en prestsstörfin. Þetta sannar raunar alls ekkert um það, að hann hafi ekki nóg að gera sem prestur, og meira en það. Prestur, sem á að veita prestsþjónustu um 3 þús. manns, eins og er nú á Ísafirði og Hnífsdal, hefir sýnilega nægilegt að gera, hvað þá þegar hann á líka að gegna prestsverkum á fjarlægum stað með alt að 1 þús. manns, eins og nú er í Bolungarvík eða Hólssókn. Að hinn núverandi Ísafjarðarprestur hafi nóg verkefni fyrir hendi sem prestur, liggur í augum uppi. Að hann hefir bætt við sig öðru starfi, á sjer því rót í öðru en því, að hann hafi ekki sem prestur nægilegt að gera. Jeg held einmitt, að hann hafi verið neyddur til að fá sjer þetta aukastarf, sem hann hefir tekist á hendur, til að standast þann gífurlega kostnað, sem ferðalög hans hafa í för með sjer.

Ef skiftingin næði fram að ganga, myndi honum verða kleift að sleppa þessu aukastarfi, þar eð hann losnaði þá við kostnaðinn, sem af ferðalögum hans sem prests leiðir, en annars ekki.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala frekar í þessu máli, enda vona jeg, að það eigi sjer vísan framgang hjer í deildinni.

Jónas Jónsson: Í nál. er tekið fram, að við hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) höfum nokkra sjerstöðu í þessu máli. Við lítum svo á, að síst sje þörf á fjölgun presta í landinu og álítum, að hægt væri enn að færa brauð saman meira en gert hefir verið. Slíkar brauðasamsteypur hafa víða gefist vel, t. d. í Eyjafirði, þar sem einn prestur þjónar sjö kirkjum.

En þrátt fyrir þessa skoðun lít jeg svo á, að nauðsyn beri til að gera þá undantekningu, sem frv. fer fram á í þessu efni, vegna þess að hjer stendur alveg sjerstaklega á. Jeg hefi heyrt sagt, að 18 skriður hafi fallið á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur á einum degi á leið prestsins til Bolungarvíkur. Það er því beinlínis lífsháski fyrir prestinn að fara þessa leið. Af þeirri ástæðu einni fylgi jeg frv. þessu, enda þótt jeg hafi aðra skoðun á þessum málum yfirleitt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 9:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 353).

---

39. Prestsmötusala.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu (þmfrv., A. 198).

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg sje ekki ástæðu til þess, að þessu sinni, að fara mörgum orðum um málið; það er svo ljóst. Enda býst jeg við því, að háttv. þdm. langi fremur til þess að heyra umræður um næsta mál, og bíði því fullir eftirvæntingar.

Aðeins vil jeg afsaka það, hvað frv. þetta kom seint fram, en það stafaði af því, að jeg þurfti að afla mjer upplýsinga um málið, og getur sú nefnd, er fær það til meðferðar, fengið þær upplýsingar hjá mjer.

Vil jeg svo leyfa mjer að óska þess, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 274).

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Jeg býst ekki við að þurfa að hafa langa framsöguræðu, því að hv. fyrsti flm. (H-K) færði við 1. umr. skýr rök fyrir málinu, og í greinargerðinni er nákvæmlega gerð grein fyrir ástæðunum fyrir frv. Leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Hjer er um gamla kvöð að ræða, sem að sumu leyti er bæði óeðlileg og ósanngjörn. Jeg er ekki sögufróður, en þetta ætla jeg upphaf þessarar kvaðar: Þegar hin svonefnda siðbót komst á hjer á landi, fækkaði prestum allmikið, svo að margir bændur, sem þyngsli höfðu haft af prestshaldi, losnuðu við þau. Þótti samt ekki sanngjarnt, að þeir tækju engan þátt í því, enda þurfti nú að launa presta enn meira en áður, þar eð þeir tóku að kvongast. Var þá tekið það ráð að leggja á kirkjueigendur að borga til presta helming af þeim kúgildaleigum, sem kirkjan átti. Þetta var fastsett með Alþingisdómi 1629. Svo gömul kvöð er nú þetta. Hún hefir altaf verið óvinsæl, en þó sjerstaklega nú í seinni tíð, þegar búið er að rýra tekjur kirknanna svo mikið, að það er stór ábaggi að vera kirkjueigandi til sveita. Kirkjueigendur hafa skyldu til þess að viðhalda kirkju sinni, en tekjur kirknanna eru svo naumar, að ómögulegt er fyrir menn að halda kirkjuhúsunum sæmilegum sjer að skaðlausu. Nú getur heldur enginn maður bygt kirkju án stórútgjalda úr eigin vasa. Og reynslan hefir sýnt, að eigi það að vera sæmilegt guðsþjónustuhús, sem bygt er, þá verður það svo dýrt, að erfitt verður og jafnvel ómögulegt að koma því af herðum sjer yfir á söfnuðina. Þannig fælir ástandið menn frá því að byggja sæmilegar kirkjur, þar eð menn vilja komast hjá, ef hægt er, að stór skuldasúpa og þung viðhaldskvöð leggist á þá, og gangi jafnvel í erfðir til barna þeirra og barnabarna. Því væri í rauninni sanngjarnast og rjettast, að prestsmatan legðist til kirknanna, eins og gert var í hitteðfyrra viðvíkjandi Grundarkirkju. Væri þess þá frekar von, að kirkjur úti um land væru sæmilega bygðar. Kvaðir kirkjueigenda og kröfur þær, sem til þeirra eru gerðar, eru líka miklum mun meiri nú en áður. Nú vilja menn hafa ofn í kirkjum og telja jafnvel, að kirkjubóndi eigi að leggja til eldsneyt-

ið að meiru eða minna leyti og taka drjúgan þátt í sönggjaldi, og þótt hvorugt sje lögboðið, er það illa sjeð, ef kirkjubóndi skorast með öllu undan því Þetta er að bæta gráu ofan á svart, þar sem svo er búið að rýra tekjur kirknanna, að ómögulegt er að koma upp guðsþjónustuhúsum sæmilega án stórútgjalda fyrir einstaklinga og söfnuði.

Þess vegna væri langsanngjarnast, að prestsmatan legðist til kirknanna sjálfra. Þó er ekki farið fram á það í frv. þessu. Hjer er hvorki um ívilnun eða eftirgjöf að ræða, heldur það eitt að koma stöðugra verðlagi á þessa prestsmötu en verið hefir.

Samkv. lögum um laun presta frá 1907 er prestsmatan metin til 10 ára í senn og miðuð við verðið næstu 5 ár á undan, en samkv. lögum um sölu á prestsmötu, nr. 54, frá 27. júní 1921, er verð mötunnar miðað við verðlag á smjöri næstu 10 ár á undan. Með þessu móti breytist verð mötunnar frá ári til árs, einkum á sveiflutímum eins og nú eru. Af þessu leiðir, að menn draga það oft lengur en skyldi að kaupa af sjer þessa kvöð. Menn fresta að kaupa mötuna er verðið er hátt, í von um að það lækki, og getur hún þá oft brugðist. Þetta verðlag er svo óstöðugt, að tilviljun ein getur ráðið því, hvort jeg eða nágranni minn hitti á að kaupa mötuna með hagkvæmu verði. Þá virðist og varla sanngjarnt að miða verð mötunnar aðeins við smjörverð, því að allir vita, að það er mjög breytilegt og mismunandi á landinu. Ráða sveitabændur minstu um verðlagið, heldur fer það fyrst og fremst eftir staðháttum, og þó einkum eftir því, hvort stórir kaupstaðir og sjávarþorp eru í grendinni.

Með því fyrirkomulagi á sölu prestsmötunnar, sem hjer er stungið upp á, er komið meira samræmi á milli sýslnanna og stöðugra verði á mötuna. Breytist verðið hjer ekki frá ári til árs. Er þetta nokkur hagur fyrir þá, sem mötuna vilja kaupa, en enginn órjettur er gerður prestum nje ríkissjóði. Ætla jeg, að öllum sýnist þetta sanngirnismál og að jeg þurfi ekki að fara um það fleiri orðum. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að frv. nái greiðlega samþykki hv. deildar.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Eins og hv. þdm. sjá af þskj. 274, þá varð nefndin ekki sammála um þetta mál, þótt vart geti það stórmál heitið. Og eins og við í minni hl. höfum skýrt frá í þeim fáu línum, sem þar eru í letur færðar, þá álítum við, að frá þessu máli hafi verið gengið fullnægjandi með lögum nr. 54, 1921. Þar er kirkjubændum heimilað að leysa prestsmötukvaðir af jörðum sínum með mjög viðunandi móti. Það, sem farið er fram á í því frv., sem hjer liggur fyrir, er eiginlega ekki annað en það, að ívilnanir nokkrar sjeu gerðar að því er verð prestsmötunnar snertir, að þeir, sem prestsmötukvaðir hvíla á, geti losað sig við þær með nokkuð ódýrara móti en verið hefir. Þýðir það ekki annað en það, að jarðir þær, sem prestsmötukvaðir hvíla á, hækka nokkuð í verði; því ganga má út frá, að þær jarðir, sem kvöð liggur á, lækki að sama skapi og kvöðinni nemur. Og að gera kvöðina ljettari með lögum er ekki annað en að gefa jarðeigendunum ákveðna upphæð. Við í minni hl. sjáum ekki ástæðu til þessa, þótt við á hinn bóginn teljum ekki ósanngjarnt að leysa kirkjubændur undan kvöðinni, ef þeir leggja fram svo mikið fje, að ríkissjóður sje skaðlaus af.

Hv. frsm. meiri hl. (BL) fór dálítið sögulega út í það, hvernig prestsmatan er til orðin, en mjer virtist, sem ekki væri

laust við, að hann hallaði þar dálítið rjettu máli. Auðvitað er það rjett, sem hann sagði, að matan er til komin þegar siðaskiftin komu á. Var þá prestum fækkað stórum. Áður skiftu prestar hundruðum í Skálholtsbiskupsdæmi einu, enda voru prestar við allflestar kirkjur. En er fjöldi prestsverka, er tíðkaðist í kaþólskum sið, var af tekinn, gerðist þess ekki þörf, að prestar væru svo margir eða við jafnmargar kirkjur og fyr. Prestshaldi var því ljett af fjölda kirkna, en í staðinn var lögð á þær sú kvöð að borga nokkuð af prestsgjaldinu, eða sem nam ½ kúgildaleigu kirkjujarðarinnar. Því er það fjarri sanni, að dembt hafi verið alt í einu þessum kvöðum á kirkjurnar. Þvert á móti er þessi prestsmata stórkostleg ívilnun, sem kirkjubændum hlotnaðist. Þeir losnuðu við að borga prestum heilt eða hálft kaup og fengu í staðinn að borga tiltölulega vægt gjald fyrir prestsþjónustu, því ekki þótti rjett, sem von var, að losa menn alveg við prestsgjaldið. Þannig er prestsmatan minnismerki um stórar ívilnanir, sem menn fengu að því er prestshald snerti. Ekki var fastákveðið, hve gjald þetta skyldi vera mikið. Það mun hafa verið fyrst snemma á 17. öld, í tíð Odds biskups, að farið var að koma föstu skipulagi á þetta, en til skamms tíma var ekki ákveðið nákvæmlega um það alstaðar. Þó mun venjan hafa verið sú lengst af, að það væri ½ fjórðungur smjörs af kúgildi. Af því, sem hjer hefir verið sagt um uppruna prestsmötunnar, sjest, hvílík fjarstæða það er að láta sjer detta í hug, að þetta gjald eigi að renna til kirknanna. Það væri alveg sama og segja, að forvextir víxla ættu að renna til víxilskuldara. Þetta er gjald, sem kirkjunum ber að borga til prestanna, og því verður ekki snúið svo við, að það beri að borga til kirknanna. Kirkjueigendur eiga að gjalda þetta. En eftir öllum aðstæðum nú virðist þó ekki ósanngjarnt að leyfa kirkjubændum að kaupa af sjer prestsmötu. Og spursmál það, sem menn hjer greinir á um, er þetta eitt: Hvort er sanngjarnara að meta verð mötunnar samkv. lögunum frá 1921 eða eins og hjer er farið fram á? Þessi mismunur er hið eina og eiginlega deiluefni, þó lítið sje látið á því bera, heldur tali allir um, hvort það sje sanngjarnt eða rjett að láta þessa kvöð hvíla á mönnum. En nú skulum við gera samanburð á málinu með litlu dæmi. Segjum, að einhver kaupi nú prestsmötukvöð af kirkju sinni. Þá er svo ákveðið með lögunum frá 1921, að verð mötunnar skuli miðast við meðalverð 10 undanfarinna ára á verðlagsskrárverði smjörs og upphæðin skuli kapitaliseruð með 5%. Jeg veit ekki, hvernig finna á sanngjarnari grundvöll en þennan fyrir söluverðinu. En það, sem hjer er farið fram á, er það, að raunar skuli fylgt verðlagsskrárverði, en ekki næstu ára á undan, heldur meðaltalsverði því, sem þá gildir um heimatekjur presta, en það er ákveðið á 10 ára fresti, og getur því oft orðið mjög úrelt, og það er miðað við meðaltal 5 ára næstu þar á undan. Seinast var matan metin 1919, og það mat gildir til 1929. Hjer er því farið fram á, að þeir, sem nú kaupa prestsmötu, fái hana samkv. verði smjörsins á árunum 1914—'19. Virðist það lítil sanngirni, og því minna vit, að hafna eðlilegum mælikvarða og seilast eftir öðrum ósanngjarnari.

Þetta er farið fram á í frv., og ekki annað. Þess vegna er hjer ekki um að ræða, hvort prestsmatan sje sanngjörn, eða eigi að leyfa mönnum að kaupa hana

af sjer, heldur einungis, hvor matsaðferðin sje yfirleitt hentugri. Mjer skildist, að sumir álitu prestinum vera metin prestsmatan eftir sjerstöku mati á smjöri, en svo er ekki, enda hefir biskup látið í ljós, að ekki sje hægt að leggja þar neitt til grundvallar annað en verðlagsskrárverð.

Jeg held, að jeg þurfi þá ekki að fara lengra út í þetta. Það er bara þetta, sem um er að ræða, hvort á að slá þessu af prestsmötunni eða ekki. Því á hv. deild að skera úr.

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Jeg ætla mjer ekki að fara að deila hjer um söguleg atriði þessa máls. Til þess treysti jeg mjer ekki, síst við dósent í guðfræði. En svo mikið er víst, að nú eru flestir sammála um það, að hyggilegast sje að koma öllum þessum gömlu og úreltu kvöðum fyrir kattarnef sem fyrst. Mjer skildist háttv. frsm. minni hl. (MJ) telja efasamt, hvort gróði yrði fyrir þann, sem prestsmötuna kaupir, að þessari lagabreytingu. *(MJ:* Gróði nú). Já, það kann að vera þangað til næsta 10 ára mat fer fram, árið 1929, og jafnframt tapa þá prestar einhverju tilsvarandi á sama tíma, en þó ekki öðru eða meira en því, sem þeir hingað til hafa hagnast árlega á miklu hærra smjörverði en lagt var til grundvallar þegar verðlagið var síðast sett á mötuna upp í tekjur þeirra. Ef smjörverðið lækkar eftir árið 1929, mega prestar búast við stórtapi við það að fá prestsmötuna upp í laun sín. Þess vegna mega þeir þakka fyrir að losna við hana nú. Jeg tel öllum þeim hagkvæmast, er hlut eiga hjer að máli, að þessar kvaðir verði úr sögunni sem allra fyrst, og mun jeg svo ekki orðlengja þetta frekar

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Jeg ætla ekki að lengja mikið umr. um þetta mál, en það, sem hv. frsm. meiri hl. (BL) sagði, kemur ekkert málinu við. Kvaðir, sem lagðar eru á kirkju, koma ekki prestinum við. Nei, ef tekjur kirkna eru of litlar, þá verður að útvega kirkjunum annan tekjustofn, og skal jeg ekki spilla því. Ein kirkja fjekk eftirgefið stórfje sem verðlaun fyrir bóndann. Kirkjan hafði alt of litlar tekjur.

Jeg skal styðja hv. frsm. meiri hl. og aðra, sem vilja hlynna að kirkjunum með tekjum, en jeg get ekki fallist á, að það komi þessu máli neitt við.

Prestarnir mundu tapa á því að hafa prestsmöturnar áfram, sagði háttv. frsm. meiri hl. Þetta er þá kannske gert af einskærri umhyggju fyrir prestunum, að vilja kaupa mötuna nú, til þess að þeir eigi ekkert á hættu eftir 1929. *(BL:* Er það ekki kristilegt hugarfar?). Jú, að vísu, en jeg efast um, að það kristilega hugarfar hafi stjórnað þessu. Hjer er um að ræða, hvort sanngjarnara sje að miða verðið við verð á smjöri 10 árin næst á undan, eða við einhvern tíma löngu umliðinn. Það er einungis þetta, sem um er að ræða að meta. Jeg vona, að hv. þdm. láti ekki villa sig, með því að farið sje út í aðra sálma, sem ekki koma málinu við.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. frsm. meiri hl. (BL) er nú búinn að taka fram mest af því, sem fram þarf að taka. Jeg held það sje best og farsælast, að aðferð sú, sem frv. gerir ráð fyrir, verði viðhöfð. Það má ekki miða prestsmötukaup við smjörverð 5 undanfarin ár, því við því verði vill enginn kirkjubóndi kaupa. Jeg er alveg sannfærður um, að smjör verður í viðlíka verði og undanfarin 2—3 ár, svo

að 1928 ætti smjör að vera kringum 4 kr. kg., en ef það yrði 1932 í 2 kr. kg. og reiknað prestum í heimatekjur 4 kr., þá hygg jeg, að prestar komi og segi: „Við fáum ekki þær heimatekjur, sem okkur ber.“ Annars er ekki hægt að neita því, að margir kirkjubændur hafa orðið hart úti, vegna þess að í mörgum tilfellum hafa jarðir lagst í eyði, eða afgjöld hafa lækkað. Jeg veit til þess t. d. um Ögurkirkjubónda. Þar hafa tvær eða þrjár jarðir lagst í eyði, en á 3 orðið að lækka afgjöldin, þar sem afgjaldið var, eins og sagt var, hálft af landi og hálft af sjó. En 1883—87 brást afli, og þá vildu menn ekki búa á jörðunum fyrir sama afgjald og áður, svo að nauðugur einn kostur var að lækka afgjöldin.

Það er ekki hægt að neita því, að svolítil ívilnun er áskilin kirkjubændum frá lögunum 1921, ef þeir vilja kaupa mötuna, en jeg held, að með sanngirni sje ekki hægt að segja annað en að þeir hafi orðið afarþungt úti í mörgum tilfellum.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg er ekki sammála hv. frsm. meiri hl. (BL), þótt jeg sje með frv. Það er alveg rjett hjá hv. frsm. minni hl. (MJ), að það var stór ívilnun fyrir jarðeigendur þá, er prestsmötukvöðin var sett á í fyrstu. Upprunalega var það svo, að í katólskri tíð gáfu eigendur jarðanna höfuðstól til að halda uppi guðsþjónustum og halda presta á stöðunum. Eftir siðaskiftin fækkaði prestum. Jarðareigendurnir voru þá losaðir við þá kvöð að halda presta á staðnum. Í staðinn skuldbundu þeir sig til að greiða prestsmötuna, og í öllum tilfellum tóku þeir þá á sig ljettari byrði fyrir þyngri. Nú sje jeg ekkert á móti, að haldið sje áfram á sömu braut og studdir sjeu sjálfseignarbændur í landinu, eins og ríkið hefir stutt þá með sölu þjóðjarðanna, sem að jafnaði hefir verið bændum hagstæð. Ríkið getur selt prestsmötu við vægu verði eins og jarðir kirkjunnar; það á hvort sem er að annast kirkjuna fjárhagslega.

Hákon Kristófersson: Jeg þarf ekki að vera fjölorður. Jeg vildi aðeins þakka hv. fjhn. og þeim, sem hafa sýnt þá sanngirni að vilja láta málið ná fram að ganga. Hinir geta ekki búist við þakklæti frá mjer, en jeg vona, að mótstaðan verði ekki svo mögnuð, að hún geti spornað við því, að frv. verði samþykt.

Hv. frsm. minni hl. (MJ) rakti sögulega atriði þessa máls, sem jeg er ekki svo fær að geta hrakið, enda kemur það ekki málinu við. Jeg skal fúslega játa, að það er ekki tilgangur minn að stuðla að því, að prestar græði á þessu. Mjer gekk það eitt til að færa í lag þá agnúa, sem mjer þótti vera á prestsmötulögunum frá 1921. Þótt frv. nái fram að ganga, er á engan hátt gengið á hag ríkissjóðs. Prestar eru vel launaðir menn, og ekki ástæða til að láta þá hafa neina sjerstaka ívilnun að þessu leyti. Jeg verð að segja það, að ef slík ívilnun getur orðið að ágreiningsefni hjer, þá er ekki síður ástæða til, að hitt verði að ágreiningsefni, að haft sje á móti því að sýna viðkomandi prestsmötugreiðendum þá sjálfsögðu sanngirni, sem felst í frv. Þess ber að gæta í sambandi við þetta mál, að það, sem eftir er af óseldum prestsmötum, mun vera ca. 4400 kg. Hugsunarháttur manna er sá, að vilja losa sig undan þessum kvöðum, enda virðist fullkominn þingvilji vera fyrir því, að svo eigi að vera. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að þessi eign, sem hann tilnefndi, hefði hlotið stóra ívilnun. Hvaða ívilnun? Jeg vil spyrja hv. þm., hvort honum hafi fundist ósanngjarnt að fella niður Maríu-

og Pjeturslömbin án endurgjalds. Það er ekki ólíkt þessu. Hinsvegar lít jeg svo á, að annað samband sje milli safnaða og presta nú en þegar þetta myndaðist. Ríkið hefir tekið að sjer að halda uppi kirkju landsins. Þar af leiðandi ber því skylda til að gera það án þess að láta einstöku menn bera sjerstakar byrðar þess vegna. En ómótmælanlega verður það svo í framkvæmdinni, ef það á að verða svo um aldur og æfi, að einstöku mönnum er gert að skyldu að inna þessa ranglátu kvöð af hendi, kvöð, sem mjög er efasamt, að ríkið eigi nokkurn rjett á, að einstaklingur inni af hendi. Mjer er spurn, — hvað ætti að gera af prestsmötu, ef aðskilnaður yrði milli ríkis og kirkju? Hvert ætti fjeð þá að renna?

Þá vil jeg geta þess, að jeg man ekki eftir mótstöðu hv. þm. gagnvart lagasetningunni um, að prestsmatan á Grund rynni til kirkjunnar. Það er síður en svo, að jeg álíti það ekki sanngjarnt, en samanburður á því og þessu frv. á alls ekki við. Hjer er talað um sölu, sem að nokkru leyti er sanngjörn fyrir kaupendur, en hefði þó átt að vera miklu sanngjarnari, en ríkissjóður ber engan halla af, eins og jeg hefi þegar tekið fram, þegar miðað er við, hvað honum verður úr prestsmötunum til greiðslu á launum prestanna.

Þá sagði hv. þm., að með framkomu frv. væru menn að nota sjer af því, hvernig á stendur með smjörverðið, nefnilega hvað það er hátt. Þetta er ekki rjett. Jeg á ekki lítinn þátt í frv., og get því best um það sagt, að háttv. þm. fer ekki rjett með. En það er annað, sem kom málinu af stað að þessu sinni. Þegar jeg bar saman, með hvaða hætti prestar fá þessa kvöð upp í laun sín og hvernig gjaldendur greiða hana, sá jeg, að vel væri í hóf stilt, að lögunum 1921 væri breytt í það horf, að prestsmötugreiðendur ættu kost á að fá hana keypta við sama verði og ríkissjóðnum verður úr henni upp í laun prestanna. Jeg býst við, að hv. þdm. sjeu mjer sammála um, að á alt öðrum grundvelli er að byggja nú, og má í því sambandi minna á brauðasamsteypu o. fl., sem sýnir, að svo er. Það er þetta og fleira, sem verður að leggja til grundvallar: Er sanngjarnt að heimila sölu á prestsmötu, eins og gert er í frv., eða ekki? Það er spurningin, sem háttv. þingmenn verða að leggja fyrir sig, og hver einn að svara henni eftir því, er honum virðist rjettast og sanngjarnast.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Jeg ætla fyrst að svara hv. þm. N.-Ísf. nokkrum orðum. Jeg er ekki viss um, að jeg hafi heyrt rjett, en mjer heyrðist hann segja, að prestsmötugjald þyrfti að greiða af jörðum, þótt þær væru í eyði. *(JAJ:* Gjaldið færist á heimajörðina). Það er ósköp eðlilegt, að svo sje. Þar sem mörg innstæðukúgildi fylgdu stórbýlum, notuðu eigendur vald sitt til þess að setja svo og svo mikið af þeim yfir á hjáleigur og kot í kringum sig, og fylgdi þá prestsmatan með. Þegar svo kotin hafa farið í eyði, færðust þessar kvaðir auðvitað aftur heim til sín. Það er hárrjett, að þegar jarðir leggjast í eyði, hverfa kvaðirnar undir höfuðbólið.

Hv. þm. Barð. (HK) sagði, að ekki væri gengið á hag ríkissjóðs, þótt prestsmöturnar væru seldar lægra verði. *(HK:* Rangfærsla). Ekki er það hagur fyrir ríkissjóð. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig menn losnuðu við Maríu- og Pjeturslömbin. *(PO o. fl.:* Ókeypis). Jæja, var það ókeypis! Má þá segja, að þar hirti

skelli sitt. Á það ef til vill vel við, að vondir menn hrifsi nú aftur til sín frá kirkjunni það, sem góðir menn gáfu henni áður. Hjer er líka farið fram á gjafir. Jarðirnar hækka í verði, því það er vitlaus maður, sem kaupir jörð með kvöð jafndýrt og kvaðalausa.

Hv. þm. mintist á Grundarkirkju. Það er alveg satt, að það er ekki alveg hliðstætt þessu. En það eru ekki allir, sem leggja eins mikið af mörkum og leggja eins mikið á sig og Magnús á Grund gerði.

Það, sem kom hv. þm. Barð. (HK) til að flytja þetta frv., var hinn grátlega mikli gróði prestanna, sem fengju þetta við alt of lágu verði; háttv. þm. viðhafði máske ekki þau orð, að gróði prestanna væri „grátlega“ mikill, en þó var þetta skoðun hans, og er því rjettmætt, þó jeg færi þetta til betra máls. En hver er þá þessi „grátlega mikli gróði“ prestanna? Það er vitanlega ekki annað en fyrirframgreiðsla upp í það mikla tap, sem þeir hljóta að bíða, þegar smjörverðið lækkar.

Jeg held það sje svo óþarfi að vera fjölorðari um þetta, og læt jeg því skeika að sköpuðu um það, hvernig fer um þetta mál, en það hygg jeg, að allir muni sjá, að það er ekki eins mikið sanngirnismál þetta og hv. þm. Barð. lætur í veðri vaka. Hann vill aðeins leyfa sjerstökum mönnum að nota verðlagsbreytingar sjer í hag.

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Það voru aðeins fáein orð, sem jeg vildi sagt hafa út af ræðu háttv. frsm. minni hl. (MJ). Mjer fanst þar gæta minni mannúðar en jeg annars hefði vænst frá honum. Háttv. þm. taldi hiklaust rjettmætt, að kirkjubændur yrðu að taka á sig skyldur og kvaðir þeirra jarða, sem væru komnar í eyði. Hjer á þá að gilda alt annað rjettlæti en annars gildir um gjöld af fasteignum. Ef jörð eyðilegst eða spillist af náttúrunnar völdum, get jeg heimtað, að nýtt mat fari fram, og á þann hátt fengið hæfilega lækkun á öllum opinberum gjöldum af henni. En prestsmötukvöðina verður maður að sitja með, þótt jörðin sje í eyði og einskis virði. Þetta get jeg ekki talið kristilegt rjettlæti eða guðsmönnum samboðið.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Jeg útlistaði það nákvæmlega, að þessar kvaðir hefðu aldrei löglega hvílt á kotunum eða hjáleigum stórbýlanna, heldur á höfuðbólunum sjálfum, og þess vegna hverfur þessi kvöð aftur til höfuðbólanna þegar kotin eru úr sögunni. Því var þetta ekki rjett dæmi, sem hv. þm. Ak. (BL) kom með.

Pjetur Ottesen: Vegna þess að menn hafa hjer farið að rekja hinn sögulega grundvöll þessa máls, þá vildi jeg einnig segja þar fáein orð.

Það mun hafa orðið skömmu eftir siðaskiftin, að þessi prestsmötukvöð komst í núverandi horf, og það með þeim hætti, að kirkjubændur undirgengust að leggja þessa kvöð á jarðir sínar, til þess að leysa sig undan því að halda prest á búi sín.

Nú á síðustu árum hefir það, sem koma átti á móti prestsmötukvöðinni, — tiltekin prestsþjónusta — verið stórum skert, og nægir í því efni að benda á brauðasamsteypurnar.

Það, sem ennfremur gerir prestsmötukvöðina þungbæra og ósanngjarna, er það, að fyrir þær framfarir í búnaði, sem orðið hafa á síðari árum, hefir verð afurðanna hækkað allmikið, og þá einmitt

smjörið einna mest, en sú verðhækkun er til orðin fyrir dugnað og atorku bændanna, en ekki fyrir aðgerðir prestanna eða þess opinbera.

Af þessu er það fullljóst, að full sanngirni mælir með því að greiða götu þeirra, sem búa undir þessari kvöð, til þess að losna við hana. Með lögum frá 1921 var prestsmötugreiðendum gert nokkuð hægra fyrir en áður hafði verið um að kaupa þessa kvöð af sjer, en með þessu frv. er allmikið rýmkað til frá því, sem ákveðið er í þeim lögum. Og jeg verð að segja það sem mína skoðun, að jeg teldi fullforsvaranlegt, að þessu prestsmötumáli væri ráðið til lykta á þann hátt, sem gert var um prestsmötuna á Grund í Eyjafirði nú fyrir 3 árum, að þær væru lagðar til viðhalds kirkjunum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 198).

Á 53. fundi í Ed., fimtudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 361).

Frsm. (Jónas Jónsson): Fjhn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga í þeirri mynd, sem hv. Nd. skildi við það. Eins og hv. þdm. er kunnugt um, er það um breytingar á lögum, sem ekki eru mjög gömul og hafa verið notuð dálítið, en breytingarnar eru í því fólgnar að gera auðveldara fyrir þá, sem búa á jörðum, sem þessi kvöð hvílir á, að kaupa prestsmötuna. Það er öllum kunnugt, að þessar gömlu kvaðir frá miðaldakirkjunni eru smámsaman að hverfa. Prestsmatan er með síðustu leifunum af þeim. Það lágu upplýsingar fyrir nefndinni frá stjórnarráðinu, sem það hafði fengið frá biskupi, um að breytingin mundi leiða til skaða fyrir ríkissjóð að öllum líkindum, en það fer eftir því, hvernig gildi þessarar vörutegundar verður ákveðið framvegis. En það er rjett að gera ráð fyrir nokkrum skaða fyrir ríkissjóð. En aðalástæðan til þess, að nefndin fjelst á þetta, er sú, að okkur var kunnugt um, að þeir menn, sem þessi kvöð hvílir á, hafa á margan hátt illa aðstöðu, þar sem þeir verða að halda við kirkjum, sem oft verður þeim erfiður baggi. Jeg er ekki nægilega kunnugur til þess að geta sagt, að allir verði fyrir skaða, en nefndarmenn vissu annars allir um einstaka menn, sem höfðu orðið fyrir tjóni á þennan hátt. Þetta er fyrir okkur

aðalástæðan til þess að hlynna að þessum mönnum. Annars skal jeg taka það fram, að eins og nú stendur á, er þetta ekki reikningslegur skaði, af því að munurinn á framkvæmdum gömlu laganna og þessa frv. er fólginn í því, að hugsanlegt er undir vissum kringumstæðum, að prestur, sem fær mötuna „in natura", gæti hagnast á henni, ef hann seldi. En spursmálið er, hvort æskilegt væri fyrir presta, að söfnuðurinn hafi þá skoðun, að þeir græði á að versla með smjörið. Þó að það sje að öllu leyti löglegt, tel jeg vafasamt, hvort það er hagnaður fyrir álit presta. Jeg álít heppilegra að bæta kjör presta á annan hát.

Eggert Pálsson: Jeg býst við, að það sje tilgangslítið fyrir mig að fara að taka til máls, þar sem jeg er á móti þessu frv., en nefndin hefir á að skipa 5 mönnum, sem eru einróma með því. Hinsvegar er stöðu minni þannig háttað, að jeg tel mjer skylt að gefa upplýsingar í málinu, og það því fremur, sem jeg álít að nefndin hafi gengið blindandi að þessu, þar sem hún hefir ekki leitað sjer upplýsinga um, hverju mundi muna fyrir þjóðina, ef þessi ákvæði yrðu samþykt. Þetta hefir nefndin ekki gert. Hún hefir fengið skrá yfir óseldar prestsmötur; það er alt og sumt. En að öðru leyti ekki leitað sjer upplýsinga um, hverju muna mundi, ef prestsmötur væru seldar eftir ákvæðum frv., samanborið við, ef seldar væru eftir gildandi lögum. Þegar um slíkt mál er að ræða, var nefndinni skylt að leita upplýsinga hjá þeim manni, sem stendur málinu næst, sem sje biskupi landsins.

Mál þetta varðar ekki svo mjög prestana sjálfa. Eins og háttv. frsm. (JJ) tók fram, geta prestar tapað í bili, en þess ber að gæta, að í framtíðinni gætu þeir grætt á að vera lausir við mötuna. Matan er nú metin eftir 5 ára meðaltalsreikningi, frá 1914—1919. Þá var verð á smjöri lágt, og því sitja prestar nú uppi með mötuna með frekar góðum kjörum. Næst þegar metið verður, yrði farið eftir verðskrá frá 1924—1929. Þá er viðbúið, að matan hækki mikið, og þá sitja prestar þar af leiðandi uppi með mötuna með háu verði. Eftir því sem matan er hærra metin, þarf minna að leggja fram úr prestlaunasjóði til að launa prestum. Það segir sig sjálft. Í framtíðinni er því viðbúið, að tapið af því að selja prestsmötuna samkv. ákvæðum þessa frv. komi aðeins niður á ríkissjóði. Jeg hefi reynt að gera mjer ljóst, hverju munaði, ef matan yrði seld eftir gildandi lögum eða eftir því, sem frv. gerir ráð fyrir. Samkv. þeim gögnum, er jeg hafði í eigin fórum, komst jeg að þeirri niðurstöðu, að það mundi muna ⅓. En mjer þótti þau gögn ófullkomin og leitaði því til manns, sem vit hafði á málinu, og vil jeg nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp skýrslu, sem jeg þori að ábyrgjast, að er rjett. Skýrslan hljóðar svo:

„Alt prestsmötugjaldið nú jafngildir 9165 pd. af smjöri, metið prestum á 8615,30 kr. Væri þetta selt eftir 10 ára meðalverði á undan, mundi á hvert pund vera 28 kr. í höfuðstól, miðað við 5%. Þessi 9165 pd. jafngiltu þá höfuðstól að upphæð 256620 kr. Þetta fengist, ef selt væri nú eftir gildandi lögum. Væri farið eftir frv., væri það svo: Heimatekjumatið er miðað við 5 ára tímabil (1914—1919), og upphæðin eftir því mati 8615,30 kr. jafngildir 5% höfuðstól að upphæð 172306 kr."

Mismunurinn, sem á að slá af, er þá

84314 kr. Þetta væri máske sök sjer, ef þeir, sem þetta eiga að fá, mættu teljast þurfalingar, eða ættu sanngirniskröfu til þess. En jeg álít, að svo sje ekki.

Hv. frsm. afsakaði þetta með því, að á kirkjubændum hvíldi sú skylda að halda kirkjunum við. Þetta má vel vera að eigi við á stöku stað, en ekki mun þetta vera alment, þar eð það er mjög víða, er söfnuðirnir hafa tekið við kirkjunum, og eru þá kirkjubændur þeirra kirkna lausir við þá kvöð. Á hina hliðina er og á það að líta, að eigendur þessara jarða, sem annaðhvort hafa tekið þær að erfðum eða eignast þær við kaup, hafa ávalt fengið tekið tillit til þessara kvaða, sem á jörðunum hvíldu. Ef jörð með prestsmötukvöð á hefir verið lögð út til arfs, hefir ávalt verið tekið tillit til þessarar kvaðar, er jörðin hefir verið metin til arfskiftanna, og á sama hátt er jörð með þessháttar kvöð hefir seld verið eða keypt, hefir ávalt verið tekið tillit til þessarar kvaðar, og söluverðið því ákveðið lægra en ella. Sjálfur hefi jeg selt jörð með þessari kvöð á, og bæði mjer og kaupandanum var fullljóst, að þetta gjald hvíldi á jörðinni og að verðið varð þess vegna að ákveðast mun lægra.

Þrátt fyrir það, sem jeg nú hefi reynt að upplýsa í þessu máli, geri jeg þó ráð fyrir, að frv. þetta verði samþykt, er svo mikill styrkur stendur á bak við það; en mjer dylst það ekki, að þetta mál mun draga dilk á eftir sjer. Samkvæmt gildandi lögum hefir verið selt ekki svo lítið af prestsmötu á síðustu árum, og þeir, er keypt hafa nú síðast, munu fljótt sjá, að þeir hafa keypt af sjer þessa kvöð við hærra verði en þeir, sem kaupa vilja næstu ár, þurfa að greiða fyrir, ef frv. þetta verður að lögum. Það væri því ekki að undra, þótt þessir menn kæmu t. d. fyrir næsta þing með málaleitanir eða færu bónarveg um ívilnanir á því verði, sem þeir hafa greitt umfram fyrir prestsmötu, borið saman við verð það, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Jeg veit að vísu ekki, hvernig þingið mundi taka undir slíkar málaleitanir, en þetta væri þó sanngirnismál, því að allir eiga að vera jafnir gagnvart lögunum, eins í þessu sem öðru. Og það er alls ekki svo lítið, sem hjer er um að ræða; jeg veit t. d. til, að fyrir norðan, í Reykjahlíð, hefir verið seld prestsmata nýlega, sem var eitthvað á annað hundrað pund. Þeir, sem keyptu, hafa því greitt 600—700 kr. meira en greitt verður samkv. þessu frv., og því væri ekkert undarlegt, þó óánægja kynni að rísa út af þessu og öðru svipuðu.

Jeg er ekki að mæla á móti þessu frv. vegna hagsmuna presta, því þó þeir kunni að missa einhvers í við þetta þau fáu ár, sem eftir eru þangað til metið verður aftur, þá munar það ekki svo ýkjamiklu hvern einstakan. En það er ríkissjóður, sem blæðir. Og næst, þegar metið verður, mun það sjást betur en nú, ef eitthvað verður þá eftir til að meta, ef þá verður ekki búið að selja alt, sem nú er óselt af prestsmötu. En við því er búið, að það verði lítið. Því gjaldendur þessara 9165 pd., sem nú eru eftir óseld af prestsmötu, munu óefað sjá sjer leik á borði að notfæra sjer þau kostakjör, sem þeim eru boðin með frv. þessu, þegar það er orðið að lögum.

Frsm. (Jónas Jónsson): Það er ljóst af ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP), að hann er mjer sammála um þá hlið þessa máls, er að prestunum veit, og þarf því ekki að reikna með andstöðu af þeim ástæðum, því tap þeirra er óverulegt, enda mælir hv. þm. ekki á móti frv. þeirra vegna. En

jeg býst við, þótt hann nefndi það ekki í ræðu sinni, að hann sje mjer einnig sammála um það, að óheppilegt sje, ef það orð kæmist á um presta, að þeir lifi helst á smjörverslun og verði því kallaðir „smjörkaupmenn“. Hv. þm. hefir nú fært fram nokkur rök frá sínu sjónarmiði fyrir því, er hann heldur fram, að ríkissjóður hafi halla af frv., ef það verður að lögum. Þetta hefi jeg þegar játað að sumu leyti, og mun jeg síðar víkja að rökum hv. þm. um þetta efni. Okkur í nefndinni var öllum ljóst, að minna mundi fást fyrir prestsmötu framvegis en hingað til, og spurðumst við því fyrir um álit hæstv. fjrh. (JÞ) í þessu máli og hvað um þetta hefði verið sagt, er málið var til meðferðar í hv. Nd. fyrir nokkrum dögum síðan. En þar höfðu bæði hæstv. fjrh. og hæstv. atvrh. (MG) greitt atkv. með frv.; og hæstv. forsrh. (JM), sem um leið er kirkjumálaráðherra, og málið því heyrir undir, hafði einnig tjáð sig þessu máli hlyntan. Þetta verður því að skiljast þannig, að bæði fyrir hv. Nd. og hæstv. stjórn hafi vakað hið sama og nefndinni hjer, að þessi útlát eða tekjurýrnun ríkissjóðs sjeu rjettlætandi vegna þeirrar kvaðar um kirknaviðhald, sem hvílir á mörgum þeirra manna, er hjer eiga hlut að máli. Það eru og talsverð rök í þessu máli, að núverandi stjórn leggur ekki mikið upp úr tekjurýrnun ríkissjóðs af þessu frumvarpi.

Jeg ætla ekki að fara neitt nákvæmlega út í reikning þann, sem hv. 1. þm. Rang. (EP) lagði hjer fram, því hann er líklegast að mestu bygður á skýrslum biskupsins, og verður útkoman því lík þeirri, er við í nefndinni fengum samkvæmt upplýsingum frá stjórnarráðinu. Það má víst segja hið sama um þennan útreikning hv. 1. þm. Rang. og dæmt hefir verið um reikningsfærslu bónda nokkurs í kjördæmi þessa sama hv. þm. Þessi bóndi „sýndi og sannaði“ með útreikningi sínum, að hann hefði byrjað búskap eignalaus og búið allmörg ár við engin efni og altaf tapað meira og minna á hverju ári, en þó var hann orðinn allvel efnum búinn, er hann ljest. (*EP*: Það voru engin svik í þessu; þetta var alveg rjett). Þetta þykir nú mörgum allundarleg útkoma; þótt máske megi verja þetta reikningslega sjeð, verður það þó ávalt torskilið, að menn geti orðið efnaðir á því einu að tapa. Þetta sýnir því ekki annað en það, að það má ekki byggja of mikið á öllum útreikningum, enda þótt þeir kunni að vera stærðfræðilega rjettir. Þannig hygg jeg og, að sje varið þessum útreikningi hv. 1. þm. Rang. Jeg hefi nú sýnt fram á, hvers vegna það var, að jeg sætti mig við þetta tap ríkissjóðs, sem leiðir af þessu frv., og fært fram ástæður mínar fyrir því. Þá fer hv. 1. þm. Rang. ekki nákvæmlega rjett með sum atriði í þessu máli. Hann segir t. d., að söfnuðirnir hafi víðast hvar tekið að sjer kirkjurnar. Jeg hefi því miður ekki getað aflað mjer upplýsinga um það, hve margar kirkjur eru í höndum safnaða og hve margar bændakirkjur eru eftir, en jeg þekki þó allmarga kirkjubændur, er þurfa að viðhalda kirkjum sínum, og söfnuðirnir eru ekki óvíða of skvnsamir til þess, að þeir vilji taka við kirkjunum, en vilja heldur láta þessar kvaðir haldast við á þessum mönnum, og er jeg alls ekki að ámæla söfnuðunum fyrir þetta. Jeg hefi spurst fyrir um það hjá nokkrum kirkjubændum, hvort þar standist á kostnaðurinn við viðhald kirknanna og tekjur kirkjubændanna, þ. e. kirkjugjöldin frá sóknarmönnum, og svarið hefir verið ský-

laust nei, — þeir hafi skaða af kirknaviðhaldinu og fái ekki söfnuðina til að taka tillit til þess.

Jeg þekki dæmi um þetta úr minni sveit, — Ljósavatn, — þar sem jeg má fullyrða, að ekkert tillit hefir verið tekið til þessarar kvaðar við sölu eða mat á jörðinni. Þetta er og ekki undarlegt í sumum sveitum, þar sem stundum er kepni talsverð um stærstu jarðirnar, og sjást menn þá ekki ætíð fyrir, þó ekki sje tekið tillit til þessara kvaða á jörðunum. En þetta verður til þess, að kvaðir þessar verða hreinn og beinn þyngslabaggi á þeim, sem að síðustu verða svo hepnir eða óhepnir að hreppa þessar jarðir.

Um smjörverslunina var því sama haldið fram í háttv. Nd., að sumstaðar væri prestsmatan metin undir verðlagsskrárverði, og er þetta eitt af því, sem gerir það erfitt að byggja raunverulega útreikninga á þessum greiðslum, er verðlagsskrárverði er ekki fylgt, en sitt matið gildir í hverju hjeraði, og gerir það mikinn rugling, og þess vegna er hv. 1. þm. Rang. samþykkur mjer prestanna vegna, að því leyti, sem málið kemur þeim við. *(EP:* Ofmælt). Jæja, jeg legg ekki svo mikið upp úr skoðun prestanna á þessu, en jeg vil benda á, að þess eru mörg dæmi, að maður, sem slíka kvöð hefir átt að inna af hendi og hefir ekki haft til nóg smjör, hefir óskað eftir að mega gjalda þetta eftir mati, en margir prestar hafa neitað og krafist smjörs síns undanfærslulaust, vegna þess, að þeir hafa þóst geta fengið sjálfir hærra verð fyrir smjörið en matið mundi verða, og hvað sem háttv. 1. þm. Rang. annars álítur um þetta, þykist jeg vita, að hann sem prófastur í Rangárvallaprófastsdæmi vilji gera sitt til að firra prestastjettina ámæli vegna smjörverslunartilhneigingar þeirra. En það er óþægilegt fyrir presta, að þetta orð komist á þá, og það er einmitt til þess að losa þá við þessar freistingar og álitshnekki, að jeg álít best, að frv. gangi fram. Það, sem á milli ber í þessu máli, er það, að allflestir, og þar á meðal nefndin, álíta, að þar sem margir menn hafa keypt eða eignast á annan hátt þessar jarðir án tillits til kvaða þeirra, er á þeim hvíldu, og hafa því haft skaða af viðhaldi kirknanna, þá eigi ekki að fara strangt út í þá reikninga, þó þessi kvöð verði eitthvað ljettbærari framvegis, ef frv. gengur fram, en hv. 1. þm. Rang. (EP) álítur, að landið. þ. e. ríkissjóður, hafi of mikið tjón af þessu. Það er og sennilegt, að ríkissjóður tapar einhverju við frv., en það eru engin rök fyrir því, að það verði neitt í þá átt, sem hv. þm. álítur, enda leggjum við heldur ekki svo mikla áherslu á það, heldur á hitt, að frv. bætir úr gömlu ranglæti. Og hæstv. stjórn hefir einnig fallist á þetta og styður frv. Háttv. 1. þm. Rang. (EP) hefir játað, að hann mæli ekki á móti frv. vegna hagsmuna prestanna, en jeg hefi sýnt fram á, að smjörverslun þeirra sje þeim til álitshnekkis, og þess vegna mæli jeg ákveðið með því, að frv. verði samþykt.

Eggert Pálsson: Jeg vil aðeins geta þess, að jeg hefi gert mitt til, að það sjáist, að rangt sje að ganga blindandi að þessu máli. Jeg hefi sýnt hjer útreikning yfir það, sem frv. mun kosta ríkissjóð, og verður þeim útreikningi alls ekki mótmælt með gildum rökum. Þar sjest, að ef öll sú prestsmata, sem nú er óseld, yrði seld samkv. frv., mundi tap ríkissjóðs nema um 84 þús. kr. Mjer er því nóg, að þetta hefir komið hjer fram, og svo geta hv. þdm.

áttað sig á því, hvað þeir vilja gera við frumvarpið.

Hvað viðvíkur því, sem hv. 5. landsk (JJ) sagði um, að viðhald kirknanna hvíldi á kirkjubændunum, þá veit jeg ekki til, að þeir hafi þurft að leggja fram fje frá sjálfum sjer til viðhalds kirkjunum (*JJ*: Þegar þeir hafa bygt þær). Nei, þeir hafa að jafnaði tekið lán til þess og þau lán hafa jafnaðarlega lent á söfnuðunum við afhending kirknanna. Í mínu prófastsdæmi eru bændakirkjur fáar, og mun skamt að bíða, að þær verði afhentar söfnuðunum, sem eftir eru. Ef þetta prestsmötugjald ætti að leggjast til kirknanna sjálfra, eins og t. d. var gert að því er snertir Grundarkirkju í Eyjafirði, væri það alt annað mál, og mundi jeg þá taka á annan veg í það. Jeg viðurkenni að vísu, að eigendur bændakirkna hafa fyrrum orðið allhart úti, en þetta lagaðist mikið á þinginu 1923, er kirkjugjaldið var hækkað úr 75 aur. upp í kr. 1,25, og svo verður á það að líta, að þessar kirkjur hafa og sjerstök rjettindi fram yfir safnaðakirkjurnar, þar sem er sönggjaldið og kirkjugarðsgjaldið, sem þar hvílir sjerstaklega eða aukreitis á söfnuðunum.

Að það sje háskalegt fyrir presta að njóta þessara tekna, getur að vísu átt sjer stað, en jeg þekki engin dæmi til, að vandræði hafi orðið úr því. Jeg veit ekki til annars en að prestar hafi verið fúsir til að leyfa þessar greiðslur samkv. verðlagsskrá. En þá verður vitanlega að vera til um það fastur samningur við prestinn, því engin sanngirni er í því, að farið sje að hlaupa til að greiða þetta eftir verðlagsskrá aðeins þau árin, sem verð á smjöri er þannig, að presturinn hafi heldur óhag af því að fá þessar greiðslur þannig goldnar.

Hitt býst jeg við, að hver prestur gangi góðfúslega inn á. Jeg hefi aldrei lent í slíku stappi. Á Breiðabólsstað var í fyrstu um 1800 pd. af smjöri, sem greiðast áttu í leigu af jörðum og nokkuð sem prestsmata. (*JJ*: Það er of mikið fyrir eitt heimili). Komst jeg ætíð vel út úr þeim viðskiftum. Jeg tók við smjöri, ef það var til, en ella tók jeg við peningagreiðslum, sem voru miðaðar við það, að gjaldendur biðu engan skaða, oftast 25—50 aur. og jafnvel stundum 75 aur. lægra verðið á *pundinu* en gangverðið var það árið. Þetta voru allir vitanlega ánægðir með. Þetta þarf því ekki að valda neinum óþægindum eða verða sundurþykkjuefni milli prests og safnaðar. (*SJ*: Ef aðeins allir prestar væru jafnsanngjarnir og hv. 1. þm. Rang.). Jeg veit með vissu, að þetta er ekki einsdæmi. Jeg veit, að þetta er svo og hefir verið í mínu prófastsdæmi.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að ræða um fleira í þessu sambandi. Jeg mun ekki greiða frv. atkv. mitt, því jeg tel þetta óþarfa örlæti við menn, sem eru engir gustukamenn. En hv. 5. landsk. (JJ) gerir þetta að kappsmál fyrir sjer. Honum finst það svo sjálfsagt og nauðsynlegt að hlynna að jarðeigendum þeim, sem hjer eiga hlut að máli. En þetta skil jeg ekki vel, allra síst í sambandi við framkomu hans í öðru máli, sem nýlega var hjer fyrir deildinni. Ef menn setja það fyrir sig að selja heilum hreppi eða bæjarfjelagi lóð, sem það býr á, gegn fullkomnu mati, sem Alþingi og á síðasta orðið um, svo sem ástatt var með frv. um heimild til sölu á lóð Vestmannaeyja, þá skil jeg ekki, að þeir hinir sömu þurfi að líta svo mjög á hag þessara manna, sem hjer eiga hlut að máli, sem allir eru fasteignaeigendur og flestir munu vera auk þess í góðum álnum.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, HSn, IP, JJós, JJ, SE, SJ, BK, HSteins.

nei: IHB, JóhJóh, JM, EP.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 385).

---

40. Sundnám.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms (þmfrv., A. 65).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Eins og sjá má af greinargerðinni, er fylgir frv. þessu á þskj. 65, er það flutt samkv. tilmælum bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum hefir um nokkurra ára skeið verið haldið uppi sundkenslu og hún kostuð sumpart af bæjarfjelaginu og að nokkru leyti af ríkinu. U. M. F. þar í Eyjunum kom sjer upp sundskála, er það hefir gefið bænum, og er hann síðan notaður til þessarar kenslu. Nú hefir bæjarstjórn lagt kapp á að fá unglingana til þess að stunda námið, en þó lítið orðið framgengt, enda er talsverð óánægja yfir því, hvað unglingarnir, einkum þó þeir, sem farnir eru að stálpast, eru latir í þessu efni og leggja litla rækt við námið. Það er því af þessum ástæðum, að bæjarstjórnin hefir óskað eftir lagaheimild, þar sem hún geti skyldað unglingana til námsins. Þótti mjer þó rjettara, ef sett væru lög um þetta efni, að þau væru ekki eingöngu bundin við Vestmannaeyjar, heldur gætu þau náð til allra sveitar- og bæjarstjórna, hvar sem eru á landinu, er áhuga hafa fyrir þessu máli. Aldurstakmarki því, er bæjarstjórnin hafði sett, hefi jeg breytt. Hún ætlaðist til í upphafi, að lagaheimildin næði til allra unglinga á aldrinum 10—18 ára. En það þykir mjer fulllangt gengið og hefi því sett í frv. 10—15 ára. Síðan hafa skilagóðir menn bent mjer á, að varasamt væri að skylda 10—11 ára börn til sundnáms, þegar aðeins væri um sjó að ræða, en hvergi volgar laugar til þess að synda í. Á þetta get jeg vel fallist, og myndi þá heppilegra að miða við 12 ára aldur fremur en 10. En þetta vona jeg, að nefndin athugi, og get jeg vel fallist á þessa breytingu, eins og vitanlega fleiri, ef þær miða til bóta.

Það þarf síst neinn að furða, þó að þessi ósk komi fram í Vestmannaeyjum. Fáir hjer á landi munu hafa jafnoft þreifað á því eins og Vestmannaeyingar, hvað sundíþróttin er nytsöm þeim mönnum, sem jafnmikið verða að gefa sig sjónum á vald og þeir. Jeg skal nefna sem lítið dæmi, að einn ágætlega sundfær maður þar í Eyjunum hefir núna á fáum árum bjargað 4 börnum, er fallið hafa út af

bryggjum og öll hefðu druknað, hefði ekki sundleikni hans og snarræði notið við. Mönnum, sem jafnmikið hafa saman við sjóinn að sælda eins og Vestmannaeyingar, er það lífsspursmál að temja sjer þegar í æsku þessa nytsömu íþrótt. Það skal að vísu játað, að sumir unglingar tapa ef til vill einhverju í vinnu við að stunda þetta nám, því einmitt á sama tíma og kensla fer fram eru sumir þeirra bundnir við ýms störf. Þó þarf ekki mikið að gera úr því. Hinir eru fleiri, sem lítið taka sjer fyrir hendur, og er þá gott að geta haldið þeim með lögum að sundnáminu.

Jeg vona nú, að hv. deild sjái sjer fært að lofa frv. þessu að ná fram að ganga, og þá vitanlega með þeim breytingum er hún sjer, að til bóta megi vera.

Jeg ætla ekki að halda langa ræðu um sundkunnáttu nje nauðsyn hennar. Um það mál hefir verið rætt og ritað ítarlega. En áður en jeg sest niður vil jeg þó leyfa mjer að vekja eftirtekt á því, að stjórn Íþróttasambands Íslands fór fram á það 1920, eins og nánar er vikið að í greinargerð frv., að sund yrði gert að skyldunámsgrein í öllum skólum. Er því auðsætt, að hjer er ekki um neitt hjegómamál að ræða.

Jeg get þá látið máli mínu lokið að þessu sinni; legg aðeins til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 211).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Frv. á þskj. 65 ræðir heimildarlög til þess að skylda unglinga til sundnáms. Málið var tekið til athugunar af mentmn. þessarar hv. deildar og nál. hefir legið frammi nokkra daga, svo hv. þdm. hlýtur að vera það kunnugt. Hefi jeg litlu við nefndarálitið að bæta, nema rifja upp ástæður þær, sem við nefndarmenn teljum fyrir því, að frv. þetta eigi fram að ganga. Nefndin var öll sammála um, að hjer væri um hið þarfasta mál að ræða, hvort skoðað er frá heilsufræðilegu eða uppeldislegu sjónarmiði, og nauðsyn þess ætti að vera öllum ljós, að sem allra flestir hjer á landi kunni sund. Eins og tekið er fram í nál., munu áhrif sundsins á einstaklinginn vera meiri en nokkurrar annarar íþróttar. Það hreinsar hörundið og styrkir meira en nokkuð annað. Líkaminn verður ekki eins viðkvæmur fyrir snöggum breytingum á hita og kulda, og þess vegna ekki eins hætt við *ofkælingu*, sem er einhver algengasti kvilli hjer á landi í okkar breytilega loftslagi. Sundið þroskar líka vilja og áræði, eykur heilbrigt sjálfstraust, því eins og kunnugt er, verður sundmaðurinn eingöngu að treysta á krafta sína, þegar í vatnið er komið. Sundið skerpir hreinlætistilfinninguna og eykur hreinlæti, og eins og tekið er fram í nál., þá hefir verið sagt, að „leiðin til dygða lægi gegnum laugina."

Að öllu þessu athuguðu finst nefndinni, að frá uppeldislegu sjónarmiði hafi mál þetta nægileg meðmæli. Því það má með sanni segja, að sundkunnáttan sje eitthvert fullkomnasta þroskameðal fyrir hverja uppvaxandi kynslóð. Skal jeg ekki fara langt út í þá hlið málsins, en vil þó tilfæra orð gamals leikfimis- og sundkennara: Sundið æfir alla parta líkamans jafnt. Hreyfingar sundsins miða allar að

því að fegra og samræma vöxt líkamans og sundið styrkir starfsemi öndunarfæranna.

Yrði sundið lögskipað, svo að með tímanum lærði það hver karl og kona hjer á landi, gæti það óefað orðið á sínum tíma öflugur liður í berklavörnum okkar. Þar sem lifnaðarháttum landsmanna er þannig háttað, að menn geta átt á hættu að detta í vatn eða sjó við vinnu á bryggjum og skipum, á ferðalagi í ár og vötn, þá er það auðsæ nauðsyn að kunna sund. Jeg geri ráð fyrir því, að mörg mannslíf mundu sparast af þeim, sem nú árlega týnast, ef sundkunnátta væri lögskipuð. Nefndin vill tryggja sem best öryggi þeirra, sem lögin eiga að ná til, og hefir þess vegna leyft sjer að gera smávægilega brtt. á þskj. 211, við 1. gr. frv., að í stað 10—15 ára komi 12—16. Einnig við 2. gr., að hún orðist þannig: „Skylt er hverjum nemanda, áður en kenslan byrjar, að sýna læknisvottorð um, að hann megi stunda sund heilsunnar vegna. Kostnaður við læknisskoðun þessa greiðist úr ríkissjóði.“ Skal jeg gera grein fyrir, hvað vakir fyrir nefndinni með þessum breytingum. Nefndin lítur svo á, að 10 ára börn sjeu oft ekki nægilega þroskuð til þess að hafa full not kennslunnar. Auk þess mundi nemendafjöldi árlega í fjölmennum bæjum verða of mikill, og kostnaðurinn við kenslu því nær ókleifur. Læknisskoðunina hefir nefndin talið nauðsynlega áður en kenslan byrjar. Má vera, að það hafi vakað fyrir hv. flm. (JJós), en það er ekki tekið fram. Læknisskoðunin á ekki einungis að vera vegna hinna lötu og ófúsu unglinga, heldur einnig vegna hinna, sem ef til vill ekki þola sundnám, en hafa löngun til þess. Þeim þarf að aftra. Kostnaðinn viljum við, að ríkissjóður beri, enda verður hann ekki ægilegur. Yrði þessi skoðun dálítill útgjaldaauki fyrir aðstandendur barnanna, þar sem skólaskoðun nægir engan veginn til þess að skera úr því, hvort börn hafi heilsu til sundnáms eða ekki. Ennfremur teldi jeg æskilegt, að læknirinn og sundkennarinn hefðu sameiginlegt eftirlit með því, að sundlaugin væri í alla staði hæfileg til kenslunnar, og nauðsynleg áhöld notuð. Að fróðra manna sögn má laugin ekki vera djúp, því hætt er við, að byrjendur, og þá helst börn, fari í kaf, vatnið gruggist, svo kennarinn sjer ekki hvar barnið er, og verði kannske of seinn til að bjarga. Dýptin er talin hæfileg 1 meter, bæði fyrir börn og fullorðna. Það er ef til vill ekkert á móti því að nefna hjer hin nauðsynlegustu áhöld, en þau eru: Sundkútar og sundbelti, helst ekki færri en eitt stykki á 3. hvern nemanda, og löng björgunarstöng, sem kennarinn getur náð með til nemenda, hvar sem er í lauginni. Einnig er það mín skoðun í þessu máli, að það eigi að taka upp í frv., að kennarinn eigi að kenna björgunarsund; því þótt sundkensla fari fram, mun langt frá því, að björgunarsund sje almennt kent.

Jeg vona, að hv. deild styðji að framkvæmd þessa þarfa og góða máls með því að samþykkja frv. á þskj. 65, þannig breytt, sem þskj. 211 fer fram á.

Jóhann Jósefsson: Jeg er hv. mentmn. og hv. frsm. (IHB) þakklátur fyrir það, hvernig tekið hefir verið í þetta mál. Því það er auðsjeð á nál. og auðheyrt á ræðu hv. frsm., að tilgangur frv. hefir mætt skilningi hjá hv. nefnd. Hvað snertir ýmislegt, sem hv. frsm. (IHB) tok fram, t. d. dýpt sundlaugarinnar og hin

nauðsynlegustu tæki við kensluna, þá er gert ráð fyrir, að tekið verði fult tillit til þess í væntanlegri reglugerð um þetta efni. Jeg get fyllilega fallist á brtt. því jeg veit, að t. d. ákvæðið um aldurstakmörkin og eins um læknisskoðunina eru tekin upp í samráði við lækna. Hefi jeg þess vegna ekkert við breytinguna að athuga og vona, að frv., þannig breytt, fái framgang í hv. deild.

Sigurður Jónsson: Það er nokkuð farið að tíðkast á Alþingi nú í seinni tíð að gefa út heimildarlög, sem sveitarstjórnum og bæjarstjórnum er hægt að fara eftir þegar þeim þykir svo við horfa, að þess sje full nauðsyn. En eftir því, sem jeg þekki til úti um landið, eru þessi heimildarlög flest lítið notuð. Má þar til nefna stofnun fóðurbirgðafjelaga og eldsvoðaábyrgðar o. fl. Hætt þykir mjer við, að þetta frv. verði að sæta eitthvað líkum kjörum, að óvíða verði farið eftir því, þar sem hjer eru aðeins heimildarlög. Mjer skildist svo á ræðu hv. frsm. (IHB), að hjer væri um lögboð að ræða, en það er það ekki. Þetta er aðeins heimild, sem hægt er að byggja á svo að lagagildi hafi. Jeg vil skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vilji ekki til 3. umr. taka það atriði til sjerstakrar athugunar.

Jeg er sammála hv. nefnd og hv. frsm. um, hvílík nauðsyn það er, að sem allra flestir — og helst allir — sem til þess hafa heilsu, kunni sund. Gagnvart 1. gr. verð jeg að taka það fram, að jeg er hræddur um, að það verði víða hik á að nota þessi lög, þannig að skylda hvern ungling til náms 2 mánuði í 4 ár. Aðstæður heimilanna eru víða svo, að menn í raun og veru geta ekki mist unglinga svo langan tíma. Jeg hefi kynt mjer sundkenslu í minni sveit, og mjer þykir það spursmál, hvort þetta sje ekki óþarflega langur námstími. Ætti nefndin einnig að athuga betur það atriði.

Brtt. mun jeg greiða atkvæði mitt, og orð mín má ekki skilja svo, að jeg sje á móti þessu máli, ef því verður breytt í þeim atriðum, sem jeg hefi minst á.

Einar Árnason: Ef frv. það verður að lögum, sem hjer er til umræðu nú, býst jeg við, að þar komi ein pappírslögin til, í viðbót við þau, sem eru fyrir. Má því segja, að frv. sje bæði meinlaust og gagnslaust.

Eins og hv. 2. landsk. (SJ) tók fram, eru þetta heimildarlög, en mjer skildist á honum, að hann telja það eina ókost þeirra. En það verð jeg að telja eina kost þeirra, því að jeg býst ekki við, að sveitirnar, að minsta kosti, verði viðbúnar í náinni framtíð að framkvæma slík lög sem þessi. Yfir þetta held jeg, að háttv. nefnd hafi sjest.

Mjer dettur ekki í hug að hafa á móti því, að hjer sje um þarfa og góða íþrótt að ræða, þó fyrir geti komið, að unglingar missi heilsuna við að læra hana. Að slíkt geti ekki komið fyrir, tryggja lögin á engan hátt; því að í frv. eru engin tryggingarákvæði í þá átt. Engin ákvæði um, hvernig laugarnar skuli vera eða hvernig kenslunni skuli háttað, svo að trygging sje fyrir, að heilsu unglinganna sje ekki hætta búin.

Það er vitanlegt, að tíðarfari er svo háttað hjer á landi, þó sjerstaklega á Norðurlandi, að óhugsandi er, að sundkensla geti farið fram nema um hásumarið. Getur þá rekið að því, sem hv. 2. landsk. (SJ) mintist á, að mjög myndi það koma sjer illa fyrir marga að missa unglinga sína alt að tveimur mánuðum um háannatímann, því að víða er svo

háttað á bæjum, að nauðsyn ber til að nota allan þann vinnukraft, sem til er, um þann tíma.

Það er langt frá því, að jeg vilji vinna á móti því, að sundið verði útbreidd íþrótt, eða að unglingar læri sund yfirleitt. En jeg hefði heldur kosið, að sú leið hefði verið farin, að unglingar og aðrir hefðu bæði í ræðu og riti verið fræddir um nauðsyn sundsins, og að sveitar- og bæjarstjórnir hefðu verið hvattar til að koma upp sundþróm sem víðast, en gera engum það að beinni skyldu.

Annars býst jeg ekki við, að frv. þetta sje hættulegt, því jeg geri ráð fyrir, að heimildin verði ekki notuð.

Jóhann Jósefsson: Tveir hv. deildarmenn hafa nú látið til sín heyra í þessu máli, fyrir utan framsögumann, og bregður svo undarlega við, að það, sem annar þessara hv. þm. telur galla á frv., telur hinn höfuðkost.

Jeg get byrjað með því að taka undir það með háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að jeg tel það kost á frumvarpi þessu, að hjer er gert ráð fyrir heimildarlögum fyrir bæjarstjórnir og sveitarstjórnir, en ekki lögum, sem gildi fyrir alt landið. En annars tel jeg þó, að það hafi fleiri og betri kosti en þann, er nú var nefndur.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) bjóst við, að þetta myndu einungis verða pappírslög, og mun hann eiga við það, að þessi heimild verði hvergi notuð. Hlutaðeigendur um það, hvort þeir vilja nota svona heimild. Verði frv. þetta samþykt, þá er opin leið fyrir þær bæjar- og sveitarstjórnir, sem vilja fara þá leið að skylda unglinga til sundnáms, að framkvæma það.

Jeg get vel fallist á, að samskonar ákvæði eigi ekki við á Norðurlandi og t. d. í Vestmannaeyjum. En það út af fyrir sig getur ekki verið ástæða til þess að hafa á móti málinu í heild sinni eða stefnu þess. Í frv. er gert ráð fyrir, að þær bæjar- og sveitarstjórnir, sem nota vilja heimild þessa, semji reglugerð, sem stjórnarráðið samþykki. Í reglugerðinni má svo gera ráð fyrir, að stjórnarvöldin taki tillit til hinna mismunandi staðhátta, því að í henni má taka á fleiru en hægt er að taka upp í heimildarlögin. Skilyrðin fyrir því, að stjórnin geti samþykt slíka reglugerð, hljóta að verða mismunandi fyrir hina ýmsu landshluta. Það er því fyllilega rjettmætt að ákveða ekki í lögunum, að hið sama skuli gilda alstaðar.

Þá er sú mótbára háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ), sem mjer virtist hann jafnvel leggja ennþá meiri áherslu á, að unglingarnir yrðu tafðir svo mjög frá nauðsynlegum störfum, að það gæti komið sjer illa. Jeg skal ekkert bera á móti því, að í sveitum, þar sem svo hagar til, að unglingarnir verða að eyða mestöllum deginum til þess að komast að og frá kenslustað, sje þetta mjög bagalegt. En þess ber aftur að gæta, að til eru þeir staðir, sem unglingarnir þurfa ekki að eyða nema einni klukkustund á dag til þessa náms, eins og t. d. í Vestmannaeyjum og víðar. Í þessum stöðum kunna þó að vera til foreldrar og umráðamenn unglinga, sem ekki vilja tefja þá frá vinnunni þessa einu klukkustund. Að vilja ekki sleppa unglingunum um svona stuttan tíma eða þar um bil er alveg óverjandi. Þar sem svona stendur á, þarf því að vera hægt að skylda unglingana til sundnáms. Jeg get því ekki tekið undir með hv. 1. þm. Eyf., að eini kosturinn við frv. þetta sje sá, að það eigi aðeins að verða heimildarlög. Hinsvegar er í þessu efni erfitt að lögbjóða neitt á annan hátt en þann, sem hjeraðs- og bæjarstjórnir vilja aðhyllast og telja fram-

kvæmanlegt, og því sjálfsagt að fara þá leið, sem farin er með frv.

Hv. 2. landsk. (SJ) taldi sig málinu hlyntan í aðalatriðum, þó hann hjeldi fram breytingum í sumum atriðum. Hann greinir mjög á við hv. 1. þm. Eyf., þar sem hv. þm. álítur ekki nægilegt, að sett sjeu heimildarlög um þetta efni. Jeg held nú, að með frv. sje nógu langt farið og því rjettast að halda sjer við þá leið, sem þar er farin.

Eigi málið marga jafneindregna andstæðinga á þingi eins og hv. 1. þm. Eyf., mundi það varla ná fram að ganga í öðru formi en því, sem jeg hefi bent á með frv.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hv. flm. þessa máls (JJós) hefir tekið flest það fram, sem svara hefir þurft þeim hv. 2. landsk. (SJ) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ).

Hv. 2. landsk. taldi það ókost við frv. þetta, að það ætti að verða heimildarlög, en hv. 1. þm. Eyf. vildi aftur telja það eina kostinn við það.

Þó oft vilji við brenna, að heimildarlög verði aðeins pappírslög, þá hygg jeg, að svo muni ekki verða hjer, því að svo má segja, að áhugi þeirra, sem sund læra, aukist við hverja ferð í vatnið. Er því ekki rjett að finna frv. það til foráttu, að hjer er einungis um heimildarlög að ræða.

Jeg skal fúslega játa, að oft getur verið erfitt fyrir heimilin að missa unglingana frá vinnu. En mönnum ætti að vera það ljóst, að samfara því að auðga andann verður að vera líkamleg heilbrigði, til þess að hraust sál geti búið í hraustum líkama.

Um nauðsyn þessarar íþróttar þarf ekki að deila. Öllum ætti að vera í fersku minni mannskaðinn mikli, sem varð nær því uppi í landsteinunum í Vestmannaeyjum í vetur. Og þeim, sem einu sinni hefir sjeð mann drukna, mun það seint úr minni líða. Að minsta kosti gleymi jeg aldrei slíkri sjón. Jeg þykist því sannfærð um, þegar hv. deildarmenn fara að íhuga þetta betur, þá komist þeir að þeirri niðurstöðu, að hjer sje ekki um nein pappírslög að ræða, heldur lög, sem miða að því að auka hreysti þjóðarinnar.

Ákvæðið um læknisskoðunina, er nefndin hefir tekið upp, verður að teljast alveg nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja, að unglingunum geti stafað hætta af sundnáminu.

Einar Árnason: Það er rjett hjá hv. þm. Vestm. (JJós), að í frv. er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerð. En það, sem mjer þótti á skorta, var það, að í frv. er ekkert talað um, hvað í þeirri reglugerð skuli standa.

Hv. frsm. (IHB) gat þess, að vel gæti fyrir komið, að vatnið í sundlaugunum gæti orðið gruggugt, svo jafnvel börnin gætu týnst. Slíkt tel jeg alveg ólíklegt. Og jeg hefi þekt ýms sundstæði, þar sem vatnið er eintómt skólp. Þetta vildi jeg að komið yrði í veg fyrir, svo heilsu unglinganna gæti ekki stafað hætta af slíkum sundlaugum.

Þá er hitt atriðið, sem jeg er ekki ánægður með, að sundnámsskyldan skuli vera alt að tveimur mánuðum árlega í 4 ár. Jeg hefði heldur kosið, að hún hefði ekki verið nema alt að einum mánuði. Ef þessum atriðum yrði breytt, myndi jeg verða ánægður með frv. og ekki setja fótinn fyrir það, því að það er langt frá mjer að vilja gera lítið úr sundnáminu.

Af því að hv. frsm. (IHB) mintist á mannskaðana miklu í þessu sambandi, vil jeg geta þess, að í hópi þeirra, er drukn-

uðu við Vestmannaeyjar, voru taldir ágætir sundmenn.

Sigurður Eggerz: Þó óþarft sje að bæta við hina skörulegu framsögu, vil jeg þó segja örfá orð.

Út af þeim ummælum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að æskilegast hefði verið, að í frv. sjálfu hefðu verið ákvæði um, hvað standa hefði átt í reglugerðinni, vil jeg taka það fram, að nefndin leit svo á, að heilbrigðisstjórninni væri best trúandi fyrir að semja slík ákvæði, og vildi því fela henni það.

Annars var mjer mikil ánægja að taka vel á móti þessu frv. háttv. þm. Vestm. (JJós), því að jeg hefi alla tíð haft mikla trú á leikfimi og sundi sem sjerstaklega nauðsynlegum íþróttum fyrir hreysti þjóðarinnar. Jeg hefi tekið eftir því, að við Akureyrarskólann er lögð mikil áhersla á þessar íþróttir. Auk þess hvetur skólastjóri nemendur sína til þess að iðka skauta- og skíðaferðir. Þetta held jeg, að sje stór þáttur í uppeldi þjóðarinnar.

Það má vel vera, að heimildarlög þessi verði ekki notuð mikið til að byrja með, en það er trú mín, að með reynslunni aukist notkun þeirra. Jeg leyfi mjer því að vænta, að hv. deild taki þessu máli vel, þó aldrei nema sumir hv. þm. telji það smámál. En jeg tel alt stórmál, sem stefnir að því að auka hreysti og heilbrigði þjóðarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 211,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 225)

Forsætisráðherra (JM): Jeg vona, að þær athugasemdir, sem jeg geri nú við þetta frv., verði ekki til þess að vekja miklar umræður. Jeg ætla ekki að tala um það, hvort það sje yfir höfuð rjett að gera sundnám að skyldunámi í skólum. Jeg vil aðeins geta þess, að jeg verð að álíta, að þetta sje ekki nægilega rannsakað eða athugað. Jeg var ekki viðstaddur, er frv. var hjer til 2. umr., og er ekki kunnugt um, að upplýst hafi verið um nokkurt dæmi til slíks annarsstaðar frá, en þó má það vera, að svo sje. En það, sem jeg hefi sjerstaklega að athuga við þetta frv. eins og það liggur fyrir, er það, að jeg tel hæpið í svona máli að svo sem afsala Alþingi löggjafarvaldi þess. Hjer er að vísu aðeins um heimild að ræða. Og þessi aðferð hefir tíðkast nokkuð mikið undanfarið, að þingið afsalar sjer a. m. k. nokkrum hluta af löggjafarvaldinu, og jeg álít, að hún sje dálítið varhugaverð.

Jeg veit, að hv. deild vill samþykkja þetta frv., og skal jeg ekki orðlengja frekara um þetta. En á þetta atriði vildi jeg þó drepa, og hefi líka gert það stundum áður við svipuð tækifæri. Jeg lít svo á, að þetta sje að afsala sjer löggjafarvaldinu í atriðum, sem í eðli sínu geta ekki átt að heyra undir sveitarstjórnir.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. forsrh. (JM) sagðist búast við því, að nefndin mundi

hafa haft nauman tíma til þess að geta int af hendi ítarlega rannsókn um það, hvort samskonar heimildarlög fyrir bæjar- og sveitarstjórnir og hjer er um að ræða þektust annarsstaðar. Jeg get ekki svarað fyrir hönd hv. nefndar, og geri jeg ráð fyrir því, að hún svari fyrir sig. En jeg vil benda á það, að jafnvel þó ekki væru gerðar samskonar ráðstafanir og hjer er lagt til í öðrum löndum, þá er líka víða annarsstaðar hægra að fá menn til þess að iðka sund vegna staðháttanna og náttúruskilyrðanna en hjer á landi. Þess er ekki að vænta, að menn sæki hjer sund eins mikið sjer til ánægju eins og í þeim löndum, sem hlýrri eru og þar sem betri tæki og útbúnaður er fyrir hendi.

Hitt atriðið, að það sje varhugavert, að þingið afsali sjer parti af löggjafarvaldinu í hendur sveitarstjórnum yfirleitt — um það má vera, að segja megi sitthvað til að mótmæla því. En hitt finst mjer liggja opið fyrir, að eftir því sem sveitir og bæir eflast og þroskast, hljóti af því að leiða það, að þau fái meira og meira vald í innanhjeraðsmálum, og að þingið geti gengið inn á það í fleiri atriðum en nú á sjer stað, að sveitirnar skipi slíkum málum eftir því, sem þeim virðist að sjer henti best. Það hefir líka oft orðið vart við tilhneiging í þinginu til þess að láta einkum bæjarfjelögin bera ýmisleg gjöld og kostnað, sem áður hefir hvílt á ríkinu. Sú stefna gerir vart við sig næstum því á hverju þingi, og er þá eðlilegt, að eftir hinu sje gengið nokkuð hart, að bæjarfjelögin geti skipað þeim málum, er þau snerta sjerstaklega, án alt of mikillar íhlutunar frá ríkinu. Jeg skildi hæstv. forsrh. (JM) svo, að hann sæi einhverja hættu framundan, er stafaði af því, að ríkið afsalaði sjer of miklu valdi í hendur sveitarstjórna og bæjarstjórna. Jeg játa, að slíkt verður að gerast með varúð, og sjerstaklega verður að taka tillit til þess, hvort um sje að ræða mál, sem sökum staðhátta verður að skipa á einn veg hjer og annan veg þar. Og til slíkra mála virðist mjer að heyri slík skylda til sundnáms, sem hjer er um að ræða.

Við 2. umr. þessa máls var það tekið fram, að ekki væri hægt að fylgja sömu reglu uppi til sveita og í kaupstöðum í svona máli. Mjer virðist nauðsynlegt, að einmitt sveitarfjelögin sjálf, sem hlut eiga að máli, ráði því, hvort þau vilja og hvernig þau vilja nota þessa umræddu heimild, að tilskildu samþykki stjórnarinnar, hvort hún vill fallast á þær tillögur, sem fram kunna að koma um þetta úr hinum ýmsu hjeruðum.

Sigurður Eggerz: Jeg heyrði að vísu ekki alla ræðu hæstv. forsrh. (JM), en mjer skildist þó, að hans aðalástæða móti frv. væri sú, að þar með væri löggjafarvaldið að láta nokkurn hluta af valdi sínu í hendur annara aðilja. Það væri fróðlegt að rannsaka löggjöfina í þessu efni. Jeg er sannfærður um, að þá mundu finnast fleiri atriði en eitt og fleiri en tvö, þar sem sveitar- eða bæjarfjelögum er fengið svipað vald og hjer er um að ræða. Skal jeg þar minna á fjallskilareglugerðir, sem sveitarstjórnir gera og stjórnarráðið staðfestir síðan, og fleira af líku tægi. Jeg held því, að þessi ástæða hæstv. forsrh. sje ekki veigamikil. En þar sem þetta mál verður smátt og smátt að komast í framkvæmd, eftir því, sem atvik liggja til í hverju sveitarfjelagi, þá þótti nauðsynlegt að gefa þessa almennu heimild.

Hitt er auðvitað aðalatriðið, hvað mikið eigi að leggja upp úr því, að lögð sje veruleg rækt við sundið. Jeg tók það fram

við 1. umr. málsins, og hefi oft gert það áður, að jeg tel sund, leikfimi og aðrar slíkar íþróttir, sem iðkaðar eru úti, nauðsynlegar fyrir uppeldi þjóðarinnar. Það skiftir þjóðina mestu máli, að æska hennar bíði ekki tjón á sál sinni meðan hún er að ganga gegnum hina ýmsu skóla. En öruggasta ráðið til þess að varna því er bæði leikfimi, sund og aðrar útiíþróttir. Þess vegna hefi jeg fylgt þessu frv. hv. þm. Vestm. (JJós) með ánægju. Jeg er sannfærður um, að rjett er að leggja sem mesta áherslu á það, að sund og leikfimi sje iðkað meir en verið hefir.

Vil jeg svo að lokum leyfa mjer að mæla fastlega með því, að frv. verði samþykt í hv. deild.

Forsætisráðherra (JM): Það var ekki þörf fyrir hv. formann nefndarinnar (SE) að tala svo mikið um gagnsemi sundsins. Jeg hafði ekki neitt við það að athuga. En við hitt hafði jeg að athuga, að gefa sveitarstjórnum heimild, sem vitanlega skiftir mjög miklu í svona máli. Það er vitanlegt, að slíkar heimildir hafa verið gefnar áður, eins og jeg drap á. En hjer er um nokkuð sjerstakt að ræða. Hjer er um að ræða persónulega skyldu, sem þingið að vísu hefir rjett til að leggja á, en hitt er nýmæli, að leggja slíkt vald undir sveitarstjórnir.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hæstv. forsrh. (JM) drap á það í ræðu sinni, að tíminn væri nokkuð langur, sem frv. þetta fer fram á að skylda unglinga á vissum aldri til þess að nema sund. Við nánari athugun hefir nefndin að vísu komist að svipaðri niðurstöðu, en hún álítur þó, að heppilegast sje að samþykkja frv. óbreytt einnig að því er þetta atriði snertir. Aths. hæstv. forsrh. um það, að varhugavert sje að gefa slík heimildarlög, kann að vera rjett í mörgum tilfellum. En hjer er gert ráð fyrir, að settar verði reglugerðir, sem stjórnarráðið á að staðfesta. Jeg held því, að þetta frv. sje a. m. k. ekki hættulegt, og jeg verð að halda fast við það, að hjer er um mikilsvert menningar- og uppeldismál að ræða.

Einar Árnason: Jeg gerði athugasemdir við frv. við 2. umr., og voru það sjerstaklega tvö atriði, sem jeg vildi óska, að hv. nefnd athugaði betur, áður en málið kæmi til 3. umr. En jeg sje, að svo hefir ekki verið gert, og virðist mjer hv. mentmn. hafi ekki sýnt of mikinn skilning í málinu.

Háttv. frsm. viðurkennir, að það muni liggja rök til þess, að fyrirmæli frv. sjeu of ströng og tíminn of langur, sem unglingum er ætlaður til þessa náms. Hinsvegar hygg jeg, að frv. komi að fullum notum *(IHB:* Stutt), þegar öll skilyrði eru til þess, að hægt sje að framfylgja þeirri reglugerð, sem frv. gerir ráð fyrir.

Um reglugerð þá, er talað er um í frv., er þess ekki getið, hvað í henni eigi að standa. Sveitarstjórnunum er aðeins heimilað að skylda unglingana til sundnáms. Það er nú venjulegt að taka það fram í lögum, hvað eigi að standa í þeim reglugerðum, sem settar eru í sambandi við þau, og hefði jeg heldur kosið, að svo hefði og verið gert hjer.

Það hefir verið talað um frv. þetta sem heimildarlög, og jeg hefi haldið því fram, að það væri helsti kostur þeirra. Annars gera slík lög lítið gagn, ef þau eiga ekki ítök í þjóðinni sjálfri. Sjest það á því, að mörg slík lög, er frá Alþingi hafa komið, eru lítið notuð.

Mjer dettur ekki í hug að hafa á móti sundinu sem nauðsynlegu fyrir uppeldi þjóðarinnar. En mjer finst, að hjer sje verið að smíða negluna á undan bátnum. Það er nokkuð líkt því og ef hjer væru engir skólar, að gefin væri út reglugerð um að skylda börn til skólanáms, áður en nokkur skilyrði væru til þess að hægt væri að halda uppi kenslu.

Í þessu efni er það margt fleira, sem gefa þarf gaum. Það er fleira nauðsynlegt fyrir gott uppeldi þjóðarinnar en sundið eitt, þótt það geti verið gott fyrir ungt fólk, sem brýtur allar heilbrigðisreglur í öllum háttum, því að þá er bót í máli fyrir það að læra sund eða einhverja aðra góða íþrótt, heilsu sinnar vegna. Hjer er því ekki eingöngu um sund að ræða, heldur hitt, hvernig þjóðin á að fá áhuga fyrir að nema íþróttir. Álít jeg, að bæjar- og sveitarfjelög eigi þar fyrst að renna á vaðið og byrja á þessu heima hjá sjer, þegar þau eru þess megnug. Og þegar öll skilyrði eru fyrir hendi um það, að þessi skyldukensla geti komið að notum og full trygging er fyrir því, að heilsu unglinganna verði ekki teflt í hættu, þá fyrst má setja slík lög sem þau, er í þessu frv. felast.

Sigurður Eggerz: Hv. 1. þm. Eyf. vjek að því við 1. umr., að nauðsyn hefði verið á því að setja fyllri ákvæði í lögin um það, hvað standa ætti í reglugerðinni. En mjer finst, að þar sem heilbrigðisstjórnin hefir áhrif á það, sem standa á í reglugerðunum, þá þyki næg trygging í því.

Jeg held, að margt ungt fólk hafi áhuga fyrir sundi, leikfimi og öðrum íþróttum. Og íþróttir hafa þann kost, að þær draga unga fólkið frá öðru, sem því er ekki jafnholt, og skapa hjá því áhugamál. Eftir því sem lífið verður margbreyttara og meira reynir á taugarnar, því nauðsynlegra er að efla líkamsmentina. Hjer er því stórmál á ferðinni, og vona jeg, að þingið leggi ekki stein í götu þess. Því að auk þess, sem sundið er vel til þess fallið að draga ungt fólk frá óheppilegum brautum, hefir það oft bjargað lífi manna, eins og hv. þm. Vestm. benti rjettilega á.

Jóhann Jósefsson: Jeg skal vera stuttorður. Vil jeg benda á það, að samkvæmt röksemdafærslu háttv. 1. þm. Eyf. er nú kominn tími til þess fyrir Vestmannaeyjar að minsta kosti að fara fram á slík heimildarlög sem þessi. Ef hann hefði tekið eftir því, sem jeg sagði við 1. umr., þá hefði hann getað sparað sjer að segja flest af því, er fram kom í síðustu ræðu hans. Hann segir nú, að þegar bæjarfjelögin hafi komið af stað sundkenslu, þá sje tími til kominn að setja svona lög. Í Vestmannaeyjum hefir verið kent sund á kostnað bæjarsjóðs og með ríkissjóðsstyrk áður en þær urðu kaupstaður; sundskáli er þar til og öll tæki hin nauðsynlegustu, og hefir svo verið í mörg ár. Það er því þessi hv. þm., sem hefir verið að andmæla málinu, sjálfur, sem með síðustu ræðu sinni viðurkennir óbeinlínis, að frv. hafi komið fram í tæka tíð, að því er snertir þá staði á landinu, þar sem sundkensla er þegar hafin. Þessir staðir munu vera ekki svo fáir, þó þessi hv. þm. ef til vill viti ekki til þess. Er því svo komið, að sá af háttv deildarmönnum, sem einkum hefir lagst á móti málinu, er farinn að leggja því liðsyrði, þó óviljandi sje. Sýnist mjer því ekki ástæða til að orðlengja frekar um mál þetta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EP, GÓ, HSn, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JJ, SE, HSteins.
nei: EÁ, JM, SJ.

Frv. afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 225).

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14 apríl, var frv. tekið til 2. umr..

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg óska þess, að málið verði tekið af dagskrá, með því að nefndinni hefir sjest yfir það að gera nauðsynlegar brtt. við frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 225, n. 306, 370).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg skal fyrst lýsa yfir því, að mentmn. tekur aftur brtt. sína á þskj. 306. En svo hefir hún borið fram tvær aðrar brtt. á þskj. 370. Nefndinni þykir tíminn, sem tilskilinn er í frv., of langur, og vill því stytta hann. Þýðir ekki að skylda menn til sundnáms lengur en 4 mánuði, því að það er hægt að læra sund á miklu skemri tíma í heitri laug. En skylda mætti menn til 4 mánaða náms þar, sem lært er í köldum sjó og til er ætlast, að nemendurnir nái ágætri leikni.

Þótt í frv. standi, að heimilt sje að skylda alla til sundnáms, lítur nefndin svo á, að ef eitthvert sveitarfjelag vill skylda pilta sína til námsins, þá sje það heimilt. Ef skylda má alla til námsins, þá má og skylda nokkra. Karlmenn hafa yfirleitt meiri þörf fyrir það en stúlkur að kunna sund, þótt hitt sje að vísu ágætt, að stúlkur sjeu líka syndar.

Þá er annað atriði brtt., að þeir skuli undanþegnir sundnámsskyldu, er lært hafa sund. Hefir nefndin og enn viljað breyta frv. í hið fyrra form, að þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests, skuli undanþegnir þessari skyldu. Mentmn. telur óþarft, að hver nemandi sýni læknisvottorð, eins og í frv. stendur, því að ekki tíðkast það, að þeir, sem læra leikfimi, þurfi að sýna slíkt vottorð, og ætti þess því ekki heldur að þurfa hjer. Þetta gæti og valdið trafala, auk kostnaðar, og ekki sjáanlegt, að það sje öðrum til gagns en læknum. Foreldrar vita, ef börnin eru veik, og láta þá skoða þau.

Jeg vona, að brtt. verði samþyktar í hv. deild. Er það gleðilegt, að vaknaður er áhugi á því að skylda menn til sundnáms. Frv. sjálft hefir engan kostnað í för með sjer fyrir ríkissjóð, og þarf því ekki að fara um það eins og sumar till., sem feldar eru aðeins þess vegna. En það væri leitt, ef þessum áhuga fyrir sundnámsskyldu fylgdi ekki líka hitt, að veittur sje styrkur til sundlauga, og tel jeg engan efa á, að fjárveitingar í því augnamiði verði að fylgja þessu síðar. Efast jeg ekki um, að frv. þetta verði samþykt, og vona, að þeir, sem samþykkja það nú,

verði liðlegir á næstu þingum í því að styrkja sundlaugagerð og annað, sem að þessari íþrótt lýtur.

Bjarni Jónsson: Það er svo með þetta mál, að annaðhvort er það holt og gott fyrir börn að nema sund, eða ekki. En hvort sem er, sýnist mjer misráðið af Alþingi að leggja það undir bæjar- eða sveitarstjórnir að ákveða, að sumir skuli læra sund, en aðrir ekki. Jeg efast ekki um, að sundnám sje til góðs, og fæ því ekki sjeð, hvers vegna Alþingi vill gefa út heimildarlög um það efni, í stað þess að gefa út lög um það, að allir unglingar sjeu skyldaðir til sundnáms, þar sem svo stendur á, að hægt er að kenna sund. Það er þess vegna óþarfur krókur að koma nú með heimildarlög í þessu efni og láta það svo ráðast, hvort bæjar- eða sveitarstjórnir gera nokkuð eða ekki. Og það er varhugavert fyrir Alþingi að gefa einstökum stofnunum svo og svo mikið af sínu löggjafarvaldi, og má slíkt ekki eiga sjer stað, nema brýn nauðsyn krefji. Auk þess gæti jeg vitnað í mörg heimildarlög, sem ekkert gagn hafa gert.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það munu sjálfsagt ýmsir fallast á það með hv. þm. Dala. (BJ), að best væri að hafa almenna sundnámsskyldu. En það er þó ekki rjett, að hjer sje verið að fara krók, heldur er farið talsvert áleiðis, þó ekki sje farið alla leið í þessum eina áfanga. Menn hafa mismunandi þörf fyrir sundkunnáttu, eftir því, hvort þeir eiga heima í sveit eða við sjó, og þess vegna er það lagt í hendur bæjarstjórna að ákveða um þetta, enda er heppilegast, að slík skylda taki ekki í byrjun nema til vissra staða, þar sem hægt er um að koma við sundkenslunni og nauðsyn sundkunnáttu er rík. Ef þessum lögum verður vel tekið, þá mun á sínum tíma komast á almenn sundskylda. En eins og nú er ástatt, er ekki hægt að gera meira en frv. fer fram á.

ATKVGR.

Brtt. 370,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 306 tekin aftur.

— 370,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 388, 389, 391).

Sigurjón Jónsson: Þessi litla brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem ekki er kominn inn í deildina, er aðeins orðabreyting í þá átt að samræma betur greinar frv., og býst jeg ekki við því, að neinn hv. þdm. hafi neitt á móti þessari orðabreytingu. Við tókum eftir því í mentmn., að það fór betur á því, að 1. gr. byrjaði eins og hv. þm. (ÁÁ) leggur til. — Mentmn. hefir að vísu ekki átt fund um brtt. hv. þm. Dala. (BJ), en jeg býst ekki við því, að hún geti mælt með því, að þær verði samþyktar.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg þakka síðasta ræðumanni (SigurjJ) fyrir þá ræðu, sem hann hefir haldið í minn stað, af því jeg var ekki viðstaddur í svipinn, og hefi jeg þar litlu við að bæta. Jeg vil aðeins benda á það, að ef till. háttv. þm. Dala. (BJ) verða samþyktar, þá er flest-

um sveitar- og bæjarfjelögum gert ómögulegt að halda uppi sundkenslu, því ef þær láta halda uppi sundkenslu, þá eru allir skyldir að læra sund. Þetta atriði í till. hv. þm. (BJ) var rætt allmikið við 2. umræðu, og þarf jeg ekki neinu við það að bæta, en get þessa aðeins háttv. þdm. til athugunar.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi aðeins segja fáein orð út af orðalaginu á 1. gr. þessa frv. Þar stendur, að lögin gildi fyrir kaupstaði og sveitir, og orðið „kaupstaður" grípur þá vitanlega líka yfir kauptúnin. Jeg tek þetta fram og vil sjerstaklega undirstrika það, vegna þess að nýlega hefir verið bygður dómur á því, að kaupstaður væri sjerstakt hugtak, er næði alls ekki yfir kauptúnin, heldur einungis þá staði, er hafa kaupstaðarrjettindi. Mjer þykir vænt um, að hjer er það ákveðið, að orðið „kaupstaður" grípi yfir þetta hvorttveggja, eins og það líka vitanlega gerir og á að gera samkvæmt algengri málvenju.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði eiginlega mælt fyrir till. mínum, þegar mál þetta var hjer síðast til umr. Jeg vildi þá, að sundnám yrði gert að skyldu alstaðar þar, sem sundkensla fer fram á kostnað hins opinbera, en væri ekki komið undir sveitar- eða bæjarstjórnum. Annars hefi jeg ekki breytt frv., nema aðeins dregið saman greinar, og jeg má segja, að jeg hafi ekki fært neitt til nema þetta, að setja skyldu þar, sem aðeins var heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir. Jeg játa, að það er mjög nauðsynlegt fyrir landslýð, að sund verði skyldunámsgrein um alt land. Og þar sem hjer er tekið fram, að það skuli aðeins vera þar, sem sund er kent á kostnað hins opinbera, þá er þess vænst, að það breiðist á skömmum tíma út um alt land, og er þá vel farið. Það er nauðsynlegt, að hver maður sje vel syndur eins og fyr á öldum. Þess er víða getið í sögum vorum, að Íslendingar kunnu vel að synda.

Aftur er það þvert á móti minni skoðun, að þingið feli nokkurri stofnun á nokkurn hátt að ráða nokkru um kjör þegnanna. Jeg álít það beint brot á skyldu Alþingis og landsstjórnar til að vernda rjett þegnanna. Það er gálaust að afhenda hinum og þessum stofnunum þann rjett, sem Alþingi eitt á að hafa, að setja þegnunum kosti. Þess vegna hefi jeg borið fram þessar brtt.

Jeg játa, að mjer er það ekkert kappsmál, hvernig atkvgr. fer í þessu máli. Það er fyrirfram vitað, að jeg tilheyri ekki stórum flokki hjer í þinginu, og sá flokkur hefir ekki heldur haldið neinn fund um þetta mál, og tek jeg mjer því ljett, hvort þeir menn, sem til hans teljast, greiða atkv. með till. eða móti. En jeg vildi vekja máls á þessu, því það er verst að þegja við ranglætinu. Annars er með minni till. ekki aðeins náð því, sem háttv. flm. frv. (JJós) vildi, heldur gengið feti framar. Yrðu lögin með meira viti og þjóðinni að meiri notum, ef þau næðu fram að ganga svo sem jeg hefi lagt til.

ATKVGR.

Brtt. 389,1 feld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MG, MT, ÁF, BJ, HStef, HK, **JBald, BSv.**

nei: JS, JörB, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, IngB, JakM, **JAJ, JK.**

Einn þm. (JÞ) fjarstaddur.

Brtt. 391 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 389,2—4 sjálffallnar.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á 64. fundi í Ed., fimtudaginn 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg vil leyfa mjer fyrir hönd mentmn. að lýsa yfir því, að þó að tillögur nefndarinnar sjeu að mínu áliti til bóta, mun hún ekki leggjast á móti frv. eins og það nú er; álítur hún, að vel megi samþykkja það eftir að hv. Nd. hefir haft það til athugunar, og ræður því hv. þdm. til að samþykkja það óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 423).

---

41. Lífeyrissjóður embættismanna.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (þmfrv., A. 362).

Á 61. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum til þess að mæla með þessu litla frv., sem er flutt af fjhn. í e. hlj. Símastúlkur þykjast búa við hörð kjör að því er snertir gjald í lífeyrissjóð embættismanna, sem þær njóta einskis af, þar sem þær fara næstum æfinlega fljótt frá þessu starfi og án rjetts til borgunar úr sjóðnum. Krafan er svo sanngjörn, að ekki þarf að eyða um þetta orðum. Óska jeg, að frv. verði vísað til 2. umr. Sje ekki ástæðu til þess að vísa því til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 362).

Á 63. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 432).

Frsm. (Jónas Jónsson): Nefndin hefir fallist á það, að mál þetta fengi fram að ganga. Það er kunnugt, að þessi breyting nær aðeins til símastúlknanna. Þær eru lágt launaðar, en löggjöfin um lífeyrissjóð er þeim að mörgu leyti andstæð. Símameyjarnar eru í starfi þessu oft einskonar farfuglar; þær koma og dvelja við starfið 2—3 ár og hverfa svo að einhverju öðru, oftast inn í hjónabandið.

Þess vegna þótti nefndinni rjett, að þær fengju þessa rjettarbót, þegar þær hverfa svo skjótlega frá starfinu og auðsætt er, að þær bera ekkert úr býtum af fríðindum þeim, er sjóðurinn á að veita. Þetta verður því að skoðast sem sanngirnismál, og vænti jeg, að hv. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 472).

---

42. Slysatryggingar.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um slysatryggingar (þmfrv., A. 100).

Á 24., 25. og 26. fundi í Nd., dagana 3, 4. og 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg þarf ekki að fylgja frv. þessu úr garði með mörgum orðum að þessu sinni, þar sem greinargerð sú, er því fylgir, er mjög ítarleg, og auk þess þykist jeg vita, að hv. þm. muni hafa kynt sjer jafnmerkilegt mál rækilega. Á undanförnum þingum hafa verið samþyktar þál. til stjórnarinnar um að taka þetta mál til rannsóknar, en þetta er í fyrsta skiftið, sem málið sjálft ligg-

ur fyrir þinginu. Í fyrra var samþykt þál. um skipun milliþinganefndar í þessu máli, er atvinnumálaráðherra skyldi skipa. Nefndin var skipuð í sumar og lauk störfum sínum fyrir þing. Jeg tel nefndina hafa verið mjög heppilega skipaða. Í henni áttu sæti þessir þrír menn: Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri, af hálfu stjórnarráðsins, Hjeðinn Valdimarsson, af hálfu verkamanna, og Gunnar Egilson, af hálfu Fjel. ísl. botnvöruskipaeigenda.

Það starf, sem eftir nefndina liggur, er bæði gott og mikið. Að vísu hafði hún góðan grundvöll að byggja á, þar sem voru lögin um slysatrygging sjómanna, sem hafa verið tekin óbreytt upp í frv., en mjög miklu hefir verið bætt við um slysatryggingu á landi. Frv. er þó ekki svo víðtækt, sem menn hafa máske búist við, enda er örðugt að synda fyrir öll sker að því er hinn smærri atvinnurekstur snertir.

Nýmælin í frv. eru aðallega þrenskonar.

Í fyrsta lagi hefir sú breyting verið gerð — og það er ef til vill mesta nýmælið —, að í stað þess, að áður skiftust iðgjöldin niður á hvoratveggja, sjómenn og útgerðarmenn, eiga þau hjer eftir eingöngu að hvíla á atvinnurekstrinum, hvort heldur er á sjó eða landi, enda er það alviðurkent, að atvinnurekanda beri að bæta þeim, er fyrir slysi verða í þjónustu hans. Enda er erlendis, nær undantekningarlaust, iðgjaldagreiðslan lögð á atvinnurekendur.

Í öðru lagi er svo ákveðið í frv., að dagpeningar skuli greiddir þeim mönnum, er fyrir slysi hafa orðið. Þetta ákvæði var ekki í lögunum um slysatryggingu sjómanna. En það er bæði alveg nauðsynlegt þeim, er fyrir slysum verða, og auk þess mun það verða næsta gagnlegt sveitar- og bæjarsjóðum, er það kemur til framkvæmda, og ljetta af þeim margri byrði.

Í þriðja lagi er hjer stigið stórt spor í áttina til fullkominnar, almennrar slysatryggingar, og eru allir þeir liðir, sem tryggingarákvæðin ná yfir, taldir upp í frv., og get jeg því vísað þangað. Alt þetta eru hjer alger nýmæli. En með því að ekki er fengin reynsla hjer fyrir löggjöf þessari ennþá, þótti ekki ráðlegt að ákveða gjöldin fyrirfram fyrir hina ýmsu flokka, er kunna að verða innan slysatryggingarinnar. Þetta er eðlilegt, af því að stungið er upp á að skifta tryggingunum í svo og svo marga áhættuflokka, eftir því hve mikil slysahættan er. Menn eru ekki í vafa um, að langáhættusamasti flokkurinn er sá, sem sjómenskan heyrir til; því að hjer á landi eru slys og manndauði langtíðust þar. Því er ekki við því að búast, að þau iðgjöld, sem nú tíðkast þar, muni lækka, en fyrir hinu má sjálfsagt gera ráð, að iðgjöld við atvinnurekstur á landi verði stórum lægri en nú er ákveðið í slysatryggingu sjómanna.

Jeg vil að lokum geta þess, að þó að jeg hafi borið þetta mál fram í þessari hv. deild, þá hefi jeg gert það eftir tilmælum hv. allshn., sem hæstv. stjórn sendi málið. Nefndin fjekk ekki nema 1 eintak af frv. — líklega af eðlilegum ástæðum. — Því voru ekki tök á að athuga það svo sem skyldi, og þótti því nefndinni rjett að láta einn nefndarmanna flytja það hjer í deildinni, og varð jeg fyrir því. En þó þótti nefndinni ekki rjett að láta flytja það fyr en hún hefði athugað það allvel. Hefir hún nú lesið það allvandlega og þegar athugað, hvaða breytingar þyrfti helst að gera. Skal jeg ekki skýra frá þeim, en hitt tek jeg fram, að úr því að hv. allshn. hefir haft þessi afskifti af

málinu, þá vil jeg leggja til, að frv. verði nú að lokinni umr. vísað til hennar aftur. Býst jeg þá við, að ekki þurfi að standa á afgreiðslu málsins, þar sem nefndin hefir þegar dálítið unnið að því.

Þá vil jeg að lokum, þar sem jeg tel það tilhlýðilegt, þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir afskifti hans af þessu máli, þ. e. skipun nefndarinnar. Og vil jeg því fremur þakka þetta, sem jeg tel vel gert af hans hendi, að þá verður síður hægt að bera mjer á brýn ósanngirni, þó jeg finni að hinu, er mjer virðist miður gert af hans hendi.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv., enda býst jeg við, að það komi hjer brátt aftur á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætti kannske að þakka hv. flm. (JBald) fyrir hlý ummæli í minn garð, en þar sem mjer skildist, að þau ættu aðallega að vera sönnunargagn fyrir því, að hann væri ekki „partiskur", þó hann þá síðar kæmi með ávítanir, þá verð jeg víst að geyma mjer þakklætið. En jeg hjó eftir því hjá hv. flm. (JBald), að nefndin hefði lokið störfum sínum skömmu fyrir þing. Það má vera, að hún hafi gert það; jeg veit það ekki. En hitt er víst, að jeg fjekk ekki málið í hendur fyr en komið var fram á þing, og ljet jeg það þá strax fara til þeirrar nefndar, sem jeg vissi, að hv. flm. þál. frá í fyrra (JBald) átti sæti í. Jeg hefði nú kannske átt að senda honum það „prívat", en jeg taldi hitt rjettara að láta það fara til nefndarinnar. Og jeg verð að taka það fram, að jeg fjekk engan tíma til að athuga málið. Það hefir verið talað um, að hv. allshn. hafi aðeins fengið eitt eintak af frv. Þetta er ósköp eðlilegt; jeg fjekk aðeins eitt eintak af frv. og það sendi jeg til nefndarinnar, og virðist mjer, að jeg gæti tæplega betur gert. En nú geta menn líka skilið, að jeg hefi enn ekki fengið tíma til að athuga málið eins og skyldi, enda er nú svo margt, sem að kallar í þingönnunum, að lítill tími vinst til að setja sig vel inn í slík stórmál. Eins og stendur er jeg því ekki við því búinn að láta í ljós álit mitt um frv. Eins er það, að jeg hefi ekki haft tækifæri til að athuga nákvæmlega, hvaða fjárhagslega þýðingu þetta kann að hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð, og verður það jafnvel varla hægt til hlítar, ef málið á að ganga fram á þessu þingi. Jeg benti hv. flm. (JBald) á þetta þegar í fyrra, að þál. hans væri þannig orðuð, að málið gæti aldrei komið svo snemma til stjórnarinnar, að hún fengi athugað það fyrir þing. Jeg segi þetta ekki til þess að mæla gegn frv. Jeg býst við, að jeg kunni að fá tök á að athuga það á milli umr. og geti þá síðar látið uppi álit mitt um það. Jeg segi ekkert við því, að hv. allshn. virðist hafa athugað þetta mál áður en hv. þd. hefir vísað því til hennar, en mjer kemur það aðeins undarlega fyrir, þar sem enn liggja fyrir hv. nefnd önnur mál, sem löngu fyr var vísað til hennar. Má vera, að svo standi á því, að þau mál þurfi sjerstakrar og nákvæmari rannsóknar við. Jeg vil ekkert um það segja; hv. nefnd veit það best sjálf. En annars er jeg fyllilega samþykkur hv. flm. (JBald) um, að þessu máli verði nú vísað til allshn.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg þarf litlu að svara hæstv. atvrh. (MG). Jeg var ekki að kvarta yfir því, að nefndin hefði aðeins fengið 1 eintak af frv. Mjer fanst eðlilegt, að hæstv. stjórn væri ekki að

kosta til að fjölrita það, þar sem hún gat ætlað, að nefndin ljeti flytja það í þessari hv. deild.

Það má vel vera, að hin skipaða nefnd hafi ekki formlega lokið störfum sínum fyr en í byrjun þings, og jeg veit, að hæstv. stjórn afgreiddi síðan málið mjög fljótt, og get jeg bætt við þakklæti mitt til hennar fyrir það.

Það er rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), að hann sagði við mig í fyrra, að hann teldi hæpið, að málið gengi fram á þessu þingi, þó milliþinganefnd yrði skipuð. En jeg sje ekki, að svo þurfi að vera. Nefndarskipunin í fyrra, eða öllu heldur samsetning nefndarinnar, var gerð með það fyrir augum, að þeir aðiljar, sem þessi tryggingarmál skifta mest, gætu komið sjer saman um grundvöll þann, er á skyldi byggja í málinu. Þannig áttu atvinnurekendur hjer í bæ fulltrúa í nefndinni og Alþýðusamband Íslands annan f. h. verkamanna. Og taldi jeg því líklegt, að ef þessir tveir aðiljar ásamt fulltrúa stjórnarinnar kæmu sjer saman um samningagrundvöllinn, þá gengi málið fram þegar á þessu þingi. Og þar sem nú þessir aðiljar hafa bæði komið sjer saman um grundvöllinn og jafnvel orðalagið, þá hefi jeg þessa skoðun enn, að málið komist nú fram.

Hæstv. atvrh. (MG) kvaðst ekki finna að því, að allshn. hefði athugað þetta mál þegar, þótt hjá henni lægju fleiri mál, sem fyr hefðu komið til hennar, en orð hans var varla hægt að taka öðruvísi en sem hálfgerðar ákúrur. Jeg verð nú að segja, að jeg held, að það sje algerlega ómögulegt fyrir nefndirnar að afgreiða málin í þeirri röð, sem þau koma til þeirra. Sum eru svo stór og umfangsmikil, að ef nefndirnar legðu allan tímann í að rekja þau, þá myndu tugir smámála safnast fyrir, en þau mál er hægt að afgreiða skjótt og láta með því hv. þd. hafa nokkuð að gera þegar frá byrjun. Annars myndu öll málin koma úr nefndunum í einni bendu á miðju þingi. *(ÁF:* Þetta er ekki smámál). Nei, það er ekki smámál, en það er nauðsynjamál. Jeg verð jafnvel að líta á það sem eitt hið mesta nauðsynjamál, sem liggur fyrir hinu háa Alþingi nú. Hinsvegar býst jeg við, að hv. formaður allshn. (MT) svari þessu, ef honum virðist ástæða til, en þar sem jeg sje ekki, að hann sje hjer viðstaddur, þá hefi jeg sagt þessi orð. En hitt skal jeg fús að játa, að jeg hefi heldur lagt til í nefndinni, að þessu máli væri gaumur gefinn, og held jeg, að vart muni rangt að stuðla að því, þar sem þetta er svo mikið nauðsynjamál, að full þörf er á, að það gangi fram á þessu þingi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er sammála hv. flm. (JBald), að þetta er ekki smámál. Hann nefndi það nauðsynjamál. Svo má vera, en þau eru fleiri, og með mínum fyrri orðum átti jeg við það eitt, að jeg hjeldi, að hv. flm. (JBald) kynni að líta svo á, að þetta mál væri meira nauðsynjamál en nokkurt annað, sem lægi fyrir háttv. allshn. Jeg er nefnilega ekki fullviss um, að svo sje. Jeg held líka, að hv. flm. kunni að hafa notað aðstöðu sína til að flýta fyrir þessu máli. Við það er ekkert að athuga í sjálfu sjer, ef hann bara gætir þess, að öðrum málum sjeu gerð sömu skil, þótt hann kunni að líta á þau öðrum augum. Hann verður að játa, að rjettmætt er, að önnur mál komi á undan þessu til umræðu, ef þeim var vísað til nefndarinnar á undan þessu máli, þótt hann kunni að vera

þeim andvígur, alveg eins og jeg ljet þetta frv. þegar ganga til hv. allshn., af því jeg vissi, að hv. flm. (JBald) átti sæti í henni, án þess að jeg hefði tekið fasta afstöðu til þess.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ef það felst í orðum hæstv. atvrh. (MG), að jeg hafi viljað flýta fyrir þessu frv. í hv. allshn., en aftur tafið önnur mál, þá er það rjett að því leyti, að jeg hefi talið rjett, að þetta mál fengi sem fljótasta afgreiðslu, en hinu vísa jeg algerlega á bug, að jeg tefji mál, sem jeg er andvígur, í neðndinni. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta, en geta má þess, að mjer hefir fremur verið legið á hálsi fyrir það að vilja afgreiða of fljótt þau mál, sem jeg er ekki hlyntur, heldur en hitt, að liggja á þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, 161, n. 185).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er víðast svo hjer á landi, að skipverjar og verkamenn vinna í sameiningu að fermingu og affermingu skipa, en hljótist slys af, fær skipverjinn bætur, þó ekki fullar, en verði verkamaðurinn fyrir slysi, á hann ekki rjett á bótum. Með þessu einfalda dæmi er raunar að fullu skýrð ástæðan fyrir því, að bæta þarf við slysatryggingar þær, er sjómenn hafa nú notið um nokkur ár.

Það er líka önnur ástæða til þess að auka við þau tryggingarákvæði, sem fyrir eru, sú, að allskonar vjelaiðnaður fer nú stórum í vöxt hjer á landi, og er brýn þörf á, að þeir, sem hann stunda, sjeu tryggðir, því að slys eru þar tíð.

Jeg skal svo ekki hafa lengri formála, en snúa mjer strax að einstökum greinum frv. Tel jeg rjett að fara um þær nokkrum orðum, því að þetta er að mörgu stórt mál og mikið nauðsynjamál.

Í fyrsta og öðrum tölulið 1. gr. eru taldir þeir flokkar, sem skyldutrygging laganna nær til. Í a.- og b.-lið 1. málsgr. eru þeir, sem eftir núgildandi lögum eru þegar tryggðir, sjómenn þeir, sem lögskráðir eru á íslensk skip, hvort heldur fiskieða flutningaskip. Þarf ekki að skýra það, því að mönnum er það kunnugt. Hins má geta, að sjálfsagt er, að sjómenn þessir sjeu tryggðir hvar sem þeir kunna að róa. Segi jeg það vegna þess, að sumstaðar þar, sem menn hafa róið í stuttan tíma, hafa þeir ekki tryggðir verið. Í öðrum lið 1. gr. eru hin nýju ákvæði um atvinnuflokka þá, er tryggðir skulu vera. Í a.-lið eru taldir þeir, sem vinna að ferming og afferming skipa, svo og þeir, sem vinna við vöruhús og vöruflutninga.

Ferming og afferming getur verið mjög hættuleg vinna, og hafa oft hlotist slys af henni. Einkum á þetta við úti um land, þar sem hafnir eru slæmar og brimasamt er. Verða þar oft slys við uppskipun í land og úr landi. Er því sjálfsagt, að menn, er vinna að slíku, sjeu fyrst og fremst tryggðir fyrir slysum. Hjer í Reykjavík er þetta orðin stór atvinnugrein og mesti fjöldi, sem að henni vinnur, og þó að fá slys hafi af hlotist, sem betur fer, þar sem höfnin er góð, þá hafa samt komið fyrir smærri og stærri slys æðioft. Benda má og á, að hjer í nágrenninu varð stórslys í sambandi við þessa vinnu nýlega.

Þá er talað um verksmiðjuvinnu í b.-lið 2. málsgr. Undir þeim flokki er í öðrum löndum námuvinna talin hættulegust og slys þar tíðust. Hjer er hún tekin upp, þótt litla þýðingu hafi hjer á landi. Aftur á móti er hjer talsvert um verksmiðjur, t. d. trjesmíðaverksmiðjur, og þar er hætt við slysum, bæði að menn fari í sagir og verði fyrir hnífum. Er ekki langt síðan ægilegt slys af slíku varð hjer í Reykjavík. Sama máli gegnir um vjelasmiðjur. Þær eru nokkuð margar hjer og ýms hætta við slysum í þeim. Við vjelavinnu í prentsmiðjum verða oft smærri slys, svo og í skipasmiðjum, ullarverksmiðjum og að sjálfsögðu eins í síldarverksmiðjum. Þetta felur b.-liður í sjer auk annarar vinnu, þar sem notaðar eru aflvjelar, eða 5 eða fleiri menn vinna.

C.-liður ræðir um húsabyggingar. Er það fjöldi manna, sem að þeim vinnur, og slys ekki ótíð, t. d. að menn hrapi í stigum eða af pöllum, sem reistir hafa verið við byggingar, og hafa margir fengið slæm áföll. Er sjálfsagt, að menn sjeu því tryggðir við vinnu þessa, þó mikil hlaupavinna sje; margir hafa þó fasta atvinnu við byggingar.

D.-liðurinn telur upp vegavinnu, brúargerð, hafnargerð o. fl. Eru einmitt mjög tíð slys við þetta, bæði við brúargerð og einkum þó við hafnargerð, og því brýn nauðsyn á, að mennirnir, sem að því vinna, sjeu tryggðir. Hinsvegar er það mest hið opinbera, sem lætur vinna þessa vinnu, ríkið, sveitarfjelög eða kaupstaðir. En skilyrðið fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., er, að starfið sje rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfjelags, eða þá einstaklings eða fjelags, er hefir það að atvinnu. Og jeg vil taka það fram viðvíkjandi uppskipun, að jeg tel, að sjálfsagt sje, að menn sjeu tryggðir við hana hvar sem er á landinu. Þannig ber öllum kaupmönnum og kaupfjelögum að tryggja verkafólk sitt við það starf, þótt á afskektum stað sje og vörur komi þangað ekki nema einu sinni eða svo á ári.

Viðvíkjandi tryggingarskyldunni er það að segja, að hún hvílir á atvinnurekendunum. Þeir eiga að sjá um, að verkamenn sínir sjeu tryggðir, láta skrásetja þá og yfirleitt að uppfylla þau fyrirmæli um þetta, sem sett eru, sumpart með lögunum og síðar koma með reglugerð. Er þetta hliðstætt því, sem nú gildir um slysatryggging sjómanna.

2. gr. mælir fyrir um nýja stofnun, er sett skuli á fót og kölluð er „Slysatryggging ríkisins“. Er það raunar ekki ný stofnun fyllilega, því nú er til samskonar stofnun, þar sem „Slysatrygging sjómanna“ er. Kostnaðurinn við stjórn ríkistryggingarinnar greiðist eins og við stjórn sjómannatryggingarinnar úr ríkissjóði. Ætti sá kostnaður ekki að þurfa að aukast frá því, sem nú er, neitt að mun. Síðastliðið ár var greitt úr ríkissjóði til stjórnar slysatryggingarinnar 5600 kr. Var það til þriggja stjórnenda, sem lögskipaðir eru, svo og til læknis, er þeir rjeðu sjer til að meta slys og bætur fyrir þau, og loks til tveggja endurskoðenda. Auk þess greiðir sjóðurinn sjálfur 2200 kr. til skrifstofukostnaðar, og tel jeg, að ekki væri ósanngjarnt, að svo hjeldist áfram, og aðeins hinn beini stjórnarkostnaður væri greiddur úr ríkissjóði. Búast má við, að starf stjórnarinnar aukist nokkuð við það, að auknar eru tryggingarnar, en ætla má, að það verði einkum fyrst í stað, meðan þetta er að komast á laggirnar, en þegar það er komið í fast horf, verður stjórnarstarfið að minsta kosti nokkuð auðveldara og starfið mest-

megnis skrifstofustarf. Getur vel verið, að heppilegt væri þá að ráða aðeins einn mann til stjórnar og til að hafa skrifstofustörfin á hendi, en ekki er enn upp á því stungið, enda best að láta við svo búið standa sem er fyrst um sinn og læra svo af reynslunni.

Í 4. gr. eru taldar upp bætur fyrir slys. Eru þær hinar sömu og í sjómannatryggingunni, þ. e. örorkubætur 4000 kr. og dánarbætur 2000 kr. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg tel hvorttveggja of lágt. En það varð samkomulag að halda sjer við þetta, og þó jeg væri ósamþykkur einu og öðru, vildi jeg ekki gera það að ágreiningsefni, heldur teygja mig svo langt, er jeg gat, til þess að stuðla að því, að málið fengi fram að ganga. Hitt er annað mál, að hækka beri þær bætur, þar sem sjerstaklega er hætt við slysum, svo sem við sjómensku. En það liggur ekki beint fyrir að tala um það nú.

Annars má geta þess til samanburðar, að þessar bætur eru talsvert hærri í öðrum löndum. Örorkubætur munu vera um 12000 kr. í Danmörku og Eimskipafjelagið hjer greiðir 8000 kr. dánarbætur. Samkvæmt till. nefndarinnar skiftast dánarbætur á sama hátt og eftir lögunum um slysatrygging sjómanna.

Í 6. gr. eru alveg ný ákvæði. Þar er sem sagt aðalbreytingin frá því, sem verið hefir, eða sú, að atvinnurekendur eru skyldir samkv. henni til að greiða iðgjöld verkamanna sinna, þeirra sem trygðir skulu vera. Hefir talsvert verið um þetta rætt, en nefndin, sem samdi frv., hefir gert mjög skýra grein fyrir því, enda venjan orðið þessi alstaðar annarsstaðar. Eru tryggingar yfirleitt greindar þannig, að verkamenn annast sjálfir að mestu sjúkra- og ellitryggingar, en atvinnurekandi slysatryggingarnar.

Víst er það, að þetta hefir í för með sjer nokkur aukin útgjöld fyrir atvinnurekendur, einkum þá, sem hafa stóran atvinnurekstur, en ef athugað er, þá er það ekki ákaflega mikið, sem kemur á hvern. Mjer hefir talist svo til, að á togara, sem hefði að jafnaði 25 menn lögskráða alt árið, yrðu þessi gjöld — ef sama iðgjald helst — 1300 kr. á ári. Kalla jeg það ekki mikið, en auðvitað eykst það eftir því sem atvinnureksturinn er stærri. Jeg hefi og verið að athuga, hvað Eimskipafjelagið hjerna í Reykjavík þyrfti að borga í iðgjöld fyrir starfsmenn sína. Síðastliðið ár greiddi það 150 þús. kr. í vinnulaun. Miðað við það, að gjaldið væri 1 eyrir um klukkutímann og hjá fjelaginu væru 50 menn, sem ynnu hver um sig 247 daga, eða 2470 kl.st., þá yrði ársgjald fjelagsins af hverjum manni 24 kr. 70 aur., eða alls 1235 kr. á ári. Virðast það ekki mikil útgjöld, miðað við vinnukaupið.

Ef hin leiðin er aftur á móti farin og reiknað með helmingi lægra vikugjaldi en í slysatryggingu sjómanna, eða 50 aurum á viku, yrði ársgjald fjelagsins ekki nema 875 kr. á ári. Sakir þess, hve tiltölulega fátíð slys eru við þessa vinnu, virðist það gjald vera nægilegt, og meira en það, til að standast þau slys, sem af kynnu að verða. En nefndin mun samt yfirleitt hafa gengið út frá hinu, að reiknaður væri 1 eyrir um klukkutímann í slysatryggingagjald.

Hefir mjer og verið sagt, að hjá því fjelagi hafi verið lítið um slys við uppskipun og vinnu í sambandi þar við, eða aðeins þrjú. Í fyrsta skifti fjekk maður, sem þar var við vinnu, högg á höfuð af staur. Var honum bættur sjúkrahúskostnaður með 200 kr. Öðru sinni varð maður milli skipa, og honum var bætt slysið með 300 kr. Og í þriðja sinn meiddist maður á hendi, og fjekk hann eitthvað

svipaðar bætur. Jeg tala aðeins um afgreiðslu Eimskipafjelagsins hjer, en ekki um afgreiðslur þess úti um land. Hjer í Reykjavík er öll uppskipun miklu hættuminni, því að hjer er vel hugsað fyrir öllu, og góð verkstjórn og vanir menn, sem vinna. Úti um land er hættan meiri, þar sem hafnleysi er og brimasamt.

Um skiftinguna í áhættuflokka má ef til vill segja það, að hún sje ekki fullkomin, enda verður reynslan að sýna, hvernig þessu skuli haga. Verður því að þreifa sig áfram um það, hvað best þykir henta. Stjórnarráðið setur reglugerðir þar um, auðvitað eftir tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar, er skipuð verður jafnskjótt og lögin ganga í gildi. Getur stjórnarráðið og gert breytingar á þessari skiftingu í áhættuflokka hvenær sem þurfa þykir.

Um 7. gr. frv. er það að segja, að iðgjöld sjómanna eru ekki ákveðin, fremur en önnur gjöld. Þetta ákveður stjórn Slysatryggingarinnar. Þó er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki þátt í iðgjöldum fyrir sjómenn á smábátum, bæði mótor- og róðrarbátum, eftir sömu hlutföllum og hingað til hafa gilt.

Þá er og gert ráð fyrir því í 8. gr., að sama gildi og áður um þá menn, er skifta um skiprúm, að sá, er kemur í annars stað, skuli þegar trygður, og að útgerðarmanni skuli skylt að tilkynna mannaskiftin tafarlaust.

Í 9. gr. er talað um fyrirkomulag það, sem á að vera á vinnuskrám og tilkynningum þeim, er Slysatryggingin á að fá. Allshn. er á þeirri skoðun, að Slysatryggingunni beri að sjá um útgáfu eyðublaða, og ættu þau að fást ókeypis hjá lögreglustjórum og hreppstjórum. Þessi eyðublöð þurfa að vera skýr, til þess að fyrirbyggja allan glundroða, og þeirra er þörf, vegna þess, að ef hafa ætti sitt formið í hverjum stað, þá gæti orðið torvelt að vinna úr skýrslunum og ekki víst, að alt kæmi þá fram, sem í slíkum skýrslum þarf að standa.

Þá kemur 11. gr. Í lögunum um slysatrygging sjómanna er svo fyrirmælt, að vanræki útgerðarmaður að tryggja menn, og slys verði, skuli hann skyldur til að greiða dánarbætur, og sæti auk þess sektum. Þetta þykir heldur hart, og því er aðeins sett það ákvæði, að í slíku tilfelli greiði sá, er brotið hefir, tvöfalt iðgjald, og svo sektir að auki. Þyki þetta enn of hart, má auðvitað gera þar á breytingar í framtíðinni.

Í 14. gr. frv. er samskonar ákvæði og nú er í lögum um slysatrygging sjómanna, að ekki megi framselja kröfu um dánarbætur. Þetta atriði er sett inn vegna eftirlifandi vandamanna, svo að ekki sje hægt að taka dánarbætur upp í skuldir, og það telur nefndin sjálfsagt.

Í 15. gr. frv., og einnig í 16. og 17. grein, er gert ráð fyrir því, að fleiri geti trygt sig en þeir einir, sem tryggingarskyldir eru. Sjerstaklega er þetta tekið fram í 17. gr., því að þar eru sett ákvæði, sem heimila atvinnurekendum að tryggja sig og verkamenn sína í slysatryggingarstofnun ríkisins, þótt þeir sjeu ekki tryggingarskyldir. Þetta er mikill kostur, því að víða, t. d. í trjesmíðavinnustofum og í smiðjum, vinna færri menn en ráð er fyrir gert, að tryggingarskyldan nái til, en þeir mundu líka vilja tryggja sig, og býst jeg því við, að þetta yrði þó nokkuð notað, því að ekki er síður þörf tryggingar í ýmsum vinnustofum, þar sem eru 2—3 menn, heldur en þar, sem fleiri eru.

Þá er 18. gr. um eftirlitsmenn. Hún er sett til þess að tryggja atvinnurekendum rjett til þess að hafa hönd í bagga

um skiftingu í áhættuflokka og tryggja þeim það, að ekki sje á þá hallað. Síðast í greininni er talað um 2 fulltrúa, sem eru nokkurskonar meðstjórnendur í Slysatryggingunni. Á annar þeirra að vera frá útgerðarmönnum, en hinn frá Alþýðusambandi Íslands. Jeg hefði nú fyrir mitt leyti kosið það heldur, að fulltrúi Alþýðusambandsins hefði verið í stjórninni, en um það fjekst ekki samkomulag í nefndinni.

Kem jeg þá að 19. gr. Þar er sú breyting frá því, sem nú er, að ábyrgð ríkissjóðs verði ótakmörkuð, en áður var ábyrgð hans bundin við 30 þús. kr. En þótt þetta sje svo, er það alveg áhættulaust, vegna þess, að þótt ríkissjóður yrði að hlaupa undir bagga, er stórslys ber að höndum, líkt og nú varð fyrir skemstu, þá mundi það endurgreiðast aftur frá Slysatrygg ingunni. Tel jeg því áhættu ríkissjóðs enga.

Með 20. gr. eru úr gildi numin lög um slysatryggingu sjómanna og mælt svo fyrir, að Slysatryggingin taki við eignum og skuldbindingum slysatryggingarsjóðs sjómanna.

Þá kem jeg að brtt. nefndarinnar. Þær eru 16 alls, en eins og í nál. stendur, eru það flest orðabreytingar — fært til betra máls. Þó eru ef til vill tvær þeirra efnisbreytingar.

Nefndin leggur til, að við 2. gr. frv. sje bætt lögregluþjónum, tollþjónum, vitavörðum og starfsmönnum við vita. Nefndin stakk upp á því sjálf, að lögregluþjónum og tollþjónum væri bætt við, en eftir bendingu frá vitamálastjóra voru hinir teknir með, og býst jeg ekki við, að það sæti neinum mótmælum.

Í 5. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að greiða skuli til óskilgetinna barna 400 kr.. en 200 kr. til skilgetinna barna, og óskilgetinna, ef þau eru á framfæri á heimili hins látna. Nefndin leit svo á, að þessi breyting frá því, sem nú gildir, skifti ekki mjög miklu máli. En með brtt. sinni vildi hún aðeins koma í veg fyrir það, að barn yrði sent burtu í yfirvarpsskyni, aðeins til þess að ná í hærri bætur fyrir það.

Brtt. við frv. þetta hafa ekki komið frá öðrum þm. en háttv. þm. Mýra. (PÞ), en nefndin gat ekki fallist á hana. Það mun hafa vakað fyrir hv. þm. að láta bætur koma niður þar, sem hinn látni hefði helst óskað, en það næst ekki með þessari tillögu. Þarf miklu lengra mál til útlistunar því, ef það ætti að vera tæmandi.

Þá eru víst ekki fleiri breytingar, sem jeg þarf að tala um. Það má náttúrlega segja um frv. í heild, að það komi ekki á almennum slysatryggingum, vegna þess, að ekki falli allar atvinnugreinir undir það. En með vaxandi reynslu má bæta við því, sem á kann að vanta. Og dettur mjer þá í hug, að bæta þurfi við þeim mönnum, sem vinna einhvern lítinn tíma árs áhættusama vinnu, svo sem fugla- og eggjatekju í björgum. Þeir ættu að fá að tryggja sig. Svo er og um fjárleitarmenn á haustin. Það hefir ekki ósjaldan komið fyrir, að þeir menn hafa orðið úti, og hefir mjer því komið til hugar, að gera þyrfti breytingar á frv. í þá átt, að slíkir menn gætu trygt sig. Að minsta kosti ætti sjóðurinn, þá er hann eykst, að gefa mönnum kost á því að tryggja sig um stuttan tíma, og þá fyrir lágt gjald. Þetta hefir ekki verið rætt í nefndinni, og segi jeg það því frá eigin brjósti.

Það er til einn flokkur manna, sem ætti að koma undir b.-lið 1. gr. frv., og það eru póstar. Mætti ef til vill koma þeirri breytingu inn við 3. umr.

Hefi jeg nú talið það helsta, er mjer þykir máli skifta, en skal bæta því við, að allshn. telur það mjög mikilsvert, að frv. nái fram að ganga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekki haft nægan tíma til þess að athuga frv., en jeg trúi því, að nefndin hafi athugað það vel. Veit jeg, að þetta er nauðsynjamál og framtíðarmál.

Jeg er samþykkur hv. frsm. um það, að við verðum að læra mikið af reynslunni í þessu máli. En eins og jeg sagði áðan, þá efast jeg ekki um, að nefndin hafi athugað málið vel. Þó er þar ýmislegt, er mjer finst vafi geta á leikið. Eftir frv. skilst mjer, að þeir, sem vinna að húsbyggingum í sveitum, skuli tryggðir. Er það ekki rjett? *(JBald:* Jú, það er rjett). Þá skilst mjer, að það muni verða erfitt fyrir bændur að koma við slíkri tryggingu. Eins er um þá menn, er vinna að hreppavegum. Þar yrðu allir menn að vera tryggðir, þótt þeir ynnu ekki nema aðeins eitt dagsverk. Og fleira mætti telja. En jeg býst við því, að nefndin hafi athugað þetta og hugsað sjer útvegi þar um.

Að öðru leyti skal jeg ekki ræða mál þetta frekar að sinni, en geta vil jeg þó þess, að mjer finst, að með jafnmiklum rjetti mætti taka fleiri menn í áhættuflokkana heldur en frv. gerir ráð fyrir, og að sumir sjeu teknir þar, er síður ættu að vera þar en aðrir. Þó getur þetta auðvitað verið álitamál, og verður hyggilegast, eins og jeg sagði áðan, að láta reynsluna skera úr og þreifa sig áfram í þessu efni. Og að síðustu vil jeg enn taka það fram, að jeg vænti, að jeg megi reiða mig á athuganir og rannsókn hv. allshn. í málinu.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi gera dálitla fyrirspurn til hv. frsm. (JBald) út af 2. lið í 1. gr. frv. Eftir bókstaf þessa frv. skilst mjer, að allir menn, sem eitthvað fást við fermingu og affermingu skipa og báta, sjeu í öllum kringumstæðum tryggingarskyldir, og hið sama virtist mjer koma fram í ræðu hv. framsögumanns. Um þennan og fleiri stafliði í 2. lið vil jeg taka fram, að menn verða að taka tillit til þess, þegar slík lög eru samin, hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Mjer skilst, að það hljóti að verða ákaflega mikil skriffinska og vinna við að koma þessu fyrir, þar sem svo stendur á, að margir menn vinna að slíkri vinnu og mjög stutt í einu, 1—2 klst. og þar um bil. Nú verður í hvert skifti að semja skrá yfir þá, sem vinna lengur eða skemur, og senda áleiðis til lögreglustjóra eins og frv. mælir fyrir. Getur það orðið, að mjer skilst, óskaplegt verk.

Svo er ekkert talað um í sambandi við 2. lið, til hve langs tíma eigi að tryggja. Um fyrri liðinn, viðvíkjandi sjómönnum, er það til tekið, að þeir, sem stunda fiskiveiðar minna en einn mánuð, sjeu ekki tryggingarskyldir, en hafi heimild til að komast undir ákvæði laganna. Þetta er að mestu leyti eins og ákveðið er í lögum um slysatryggingu sjómanna, aðeins bundið við einn mánuð hjer, en ekki vertíðina, og verður það að teljast rjettara, þar sem vertíðir eru misjafnlega langar á ýmsum stöðum.

Jeg vildi þá fá að sjá skýrari línur um það, hvort tryggingarskyldan eigi að ná til allra, sem snerta á fermingu og affermingu skipa, og í öllum tilfellum, eða til þeirra einungis, sem að staðaldri fást við það starf.

Í b-lið er m. a. talað um þá, sem vinna við fiskverkun. Eins og kunnugt er, kem-

ur þar til greina vinna mjög margra manna. Við fiskbreiðslu t. d. er komið að svo mörgum mönnum sem mögulegt er og orðið geta að liði, jafnvel börnum og gamalmennum, — einn er í dag og annar á morgun, fáar klukkustundir í senn. Ef nú alt þetta fólk á að vera tryggingarskylt fyrir örfárra klukkustunda vinnu, þá er það ærið verk að skrásetja alt á hverjum tíma. Því það kemur vitanlega ekki til mála að ákveða vissan tíma, t. d. vorið og part af sumrinu, og gera alla tryggingarskylda, sem væri hugsanlegt að myndu stunda vinnuna einungis örlítinn tíma á þessu tímabili.

Þá er minst á húsagerð í sveitum, ekki einungis smíði nýrra húsa, en einnig endurbætur. Eftir þessu er hver maður tryggingarskyldur, sem leggur hönd að þó ekki sje meira en að dytta að torfhúskofa.

Þá er nefnd brúargerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar, símaviðgerðir o. s. frv. Við brúargerðir munu þessi lög máske vera framkvæmanleg, því þar vinna menn yfir ákveðinn tíma. Um vegavinnu er öðru máli að gegna. Í sveitum eru menn skyldaðir til að leggja eitt dagsverk í vegagerð árlega, þótt ekki sje meira unnið að því verki. Eftir frv. eiga þeir að vera tryggingarskyldir fyrir sitt eina dagsverk. Ef taka á þessi atriði bókstaflega eins og stendur í frv., finst mjer, að það muni verða mjög svo erfitt að framkvæma þau. Þó það geti vitanlega viljað til, að slys beri að höndum, þótt ekki sje unnið nema stuttan tíma, þá verður dálítið að líta á það, hvað er í raun-inni framkvæmanlegt í þessu efni. Ákvæði frumvarpsins virðast frekar vera miðuð við það, þegar um er að ræða fasta vinnu um lengri tíma, en hlaupavinnu.

Jeg skal ekki fara út í þetta frv. að öðru leyti. Slysatryggingar eru yfirleitt mjög mikils verðar; og sá vísir, sem þegar er orðinn hjer í landi til þeirra, hefir sýnt fullkomlega, að þeirra er ekki síður þörf hjer en annarsstaðar, þar sem skipulag þeirra er komið lengra áleiðis. En þar sem hjer á landi er að ræða um tölu-vert aðra staðhætti og vinnubrögð, þá er ekki hægt að byggja á erlendri fyrirmynd eingöngu, heldur verðum við að byggja á okkar eigin grundvelli og prófa okkur áfram.

Hjer er gert ráð fyrir að leggja til grundvallar slysatryggingarsjóð sjómanna. Fyrir mitt leyti tel jeg æskilegra að láta hann vera eins og nú er, en byggja þetta fyrirkomulag á nýjum og alveg sjálfstæðum grundvelli. Auðvitað er slysatryggingarsjóður sjómanna orðinn nokkuð stór, um 200 þús. kr., er þessi stjett út af fyrir sig hefir bygt upp þennan sjóð af sínu eigin fje, með einhverjum lágum styrk úr ríkissjóði. Þótt sjóðunum yrði haldið aðgreindum, gætu þeir engu að síður verið undir einni og sömu stjórn. Þetta er vitanlega atriði, sem þarf að athuga sjerstaklega.

Þá er breyting gerð á 6. gr. frá því, sem nú er, hvernig iðgjöldin skuli greidd. Nú skiftast þau milli útgerðarmanna og skipverja. Og sje jeg ekki annað en að það sje mjög rjettlátt og eðlilegt, að sá maður, sem tryggður er fyrir slysum og meiðslum, hann borgi dálítinn hluta af þeim iðgjöldum, sem slík trygging fyrir hann útheimtir. Útgerðarmenn myndu auðvitað reyna að ná þessu á einhvern hátt, þó þeir megi ekki beinlínis taka gjaldið af hásetum. Skilst mjer þá, að þetta myndi frekar geta orðið deilumál milli útgerðarmanna og skipverja heldur en ef ákveðið er, hvað hver legði fram.

Það var aðallega viðvíkjandi þessum 2. lið í 1. gr., sem mig langar til að vita hjá hv. frsm., hvernig framkvæma eigi, ef fara skal eftir bókstaf frv. Vitanlega er ferming og afferming skipa út af fyrir sig ekki bein atvinnugrein, en hluti úr starfsemi, sem einstakir menn reka, og ekki nema örfáir menn úr fjöldanum stunda hana alt árið.

Að svo mæltu skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta. Jeg er máli þessu að sjálfsögðu fylgjandi í meginatriðum, en hinsvegar er um þetta mál sem öll önnur mál, að það er nauðsynlegt að hugsa það vel og undirbúa, svo ekki þurfi strax að fara að grauta í lögunum aftur. Vitaskuld er hjer talað um að gefa út reglugerð. En mjer finst það ætti að koma í frv. nákvæmari ákvæði um 2. lið 1. gr., eins skýr og um fyrri liðinn.

Jeg geri ráð fyrir að koma með brtt. um, hvernig iðgjöldum skuli jafnað niður, og ef til vill fleira, og þá er nægur tími til að gera þessa breytingu við 3. umr. þessa máls.

Pjetur Þórðarson: Jeg á hjer litla brtt. á þskj. 161 og tel mjer skylt að gera grein fyrir henni. Þessi till. styðst við raunverulegt dæmi fyrir því, að það er ekki með öllu sanngjarnt, að dánarbætur falli að jöfnu til foreldranna. Dæmið er þannig, að hinn látni var elsta barn foreldra sinna. Móðirin varð að hafa yngri börnin á sínu framfæri, og víst er um það, að faðirinn hafði aldrei lagt neitt af mörkum til hins látna eða yngri systkina hans, af þeirri einföldu ástæðu, að hann var óreglumaður og sýndi heldur engan vilja á að sjá fyrir sínum. Slík dæmi geta komið fyrir oftar, og fyrir því álít jeg þess vert að koma með brtt. í þá átt, sem jeg hefi gert. Nefndin, sem málið hafði til meðferðar, hefir fundið rjettmæti í till., þótt ekki hafi hún viljað fallast á hana; en það er aðeins niðurlag þeirra orða, sem jeg hefi ætlast til að væri bætt inn í frv., sem hún finnur henni til foráttu. Þessu mætti breyta þannig, að í staðinn fyrir „enda sje hitt foreldrið ekki styrks þurfi sjer til framfæris", kæmi: „enda hefir hinn látni ekki verið hinu foreldrinu til fjárhagslegs stuðnings". Er það til þess að fyrirbyggja það, að því verði órjettur ger, ef hinn látni hefir veitt því einhvern fjárhagslegan stuðning. Þarf jeg ekki að fjölyrða um þetta. En jeg vildi mælast til þess, að till. kæmi ekki til atkv. fyr en við 3. umr., svo mjer gefist kostur á að laga hana eftir því, sem jeg nú hefi gert grein fyrir.

Jeg hefi ekki ætlað mjer að fara út í það að gera grein fyrir einstökum atriðum, sem mjer þætti hlýða, að athuguð væru umfram það, sem nefndin hefir gert. Því það litla, sem jeg kynni að athuga í þá átt, er í fullu samræmi við það, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir sagt. Aðeins skal jeg geta þess, að meðal slíkra atriða er það, hvort það væri rjett eða sanngjarnt, að full iðgjöld væru greidd fyrir hvern sjómann, sem aðeins örstuttan tíma væri á skipi. Hvort ekki mætti koma því svo fyrir, að útgerðarmaðurinn, sem greiða ætti iðgjöldin, fengi að greiða þau fyrir ákveðna tölu manna, þótt skift sje um menn. Get jeg þessa í sambandi við það, sem hæstv. atvrh. sagði um slík atvik, og hv. þm. Borgf. (PO).

Jón Auðunn Jónsson: Jeg sje á áliti hv. nefndar, að hún hefir ekki treyst sjer til að taka til greina þá bendingu, sem jeg kom með í framsögu minni fyrir öðru frv. hjer í hv. deild, sem sje að

aðskilja slysatryggingu sjómanna frá almennri slysatryggingu, þannig að slysatrygging sjómanna sje deild innan hinnar almennu slysatryggingar. Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði þá, og taka undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði nú, að það er ekki nema vel við eigandi, að sjómenn gætu notið þessa sjóðs, sem nú þegar er myndaður, að miklu leyti af þeirra iðgjöldum og styrktur ríflega af útgerðarmönnum, en að litlu leyti úr ríkissjóði. Jeg álít líka, að sjómenn eigi að vera hærra trygðir en aðrir verkamenn, og það af ýmsum ástæðum. Nægir að benda á, að á þeirra herðum hvílir öllum stjettum framar fjárhagsleg afkoma þessa þjóðfjelags.

Jeg sje ekki nokkra minstu erfiðleika á að halda þessari sjóðstofnun sjer. Því það verður greint nákvæmlega í milli trygginga hinna ýmsu tryggingarflokka, og að sjálfsögðu verða hærri iðgjöld fyrir sjómanninn en aðra, af því að áhættan er þar mun meiri. Verður flokkunum haldið þannig aðgreindum, svo að sjá megi eftir nokkurn tíma, hversu há iðgjöld þurfi að borga til þess að ná hæfilegum skaðabótum.

Hjer er gert ráð fyrir, að slysatrygging nái til manna við ýmsa vinnu, þótt þeir vinni ekki nema einn dag. Aftur á móti er það tekið fram um sjómenn, að þeir þurfi að vera að minsta kosti einn mánuð lögskráðir eða í skiprúmi. Jeg hefði haldið, að þessu ákvæði hefði átt að sleppa; það er ákvæði frá eldri lögum og hefir ekki ávalt verið „praktiserað". Menn hafa stundum verið lögskráðir hálfan mánuð, en verið samt tryggingarskyldir. Þess vegna hefði mjer þótt viðeigandi og sjálfsagt, að ekki væru sett takmörk fyrir því, hvað lengi sjómaður þyrfti að stunda sjó til þess að vera tryggingarskyldur. Einnig ætti að sleppa þessu ákvæði um fjórróna báta, því víða er sjór stundaður að vori til á tvírónum bátum, þegar fiskur gengur á grunnmið og inn á firði. Þessir sjómenn ættu að komast undir slysatryggingarskyldu ákvæði sjómanna.

Auðvitað má gera ýmsar athugasemdir og jafnvel aðfinslur við svona frv., sem ekki er óeðlilegt, því það mun vera meiri vandhæfni á því hjer en annarsstaðar að búa til lög um almennar slysatryggingar, sjerstaklega vegna þess, að verkaskiftingin hjer er ekki eins nákvæm og ákveðin og erlendis. Hjer vinna menn að ýmsum störfum, sína vikuna eða mánuðinn við hvert. Þá ekki síður vegna þess, að margir sjómenn vinna ekki fyrir kaupi, heldur hlut af afla, og eru þá hlutdeildarmenn í framleiðslunni.

Hv. frsm. (JBald) benti á, að ekki væri minni ástæða til að tryggja póstana en ýmsa aðra, sem hið opinbera á að tryggja. Jeg ætlaði mjer einmitt að benda á þetta, og vil því undirstrika það. Jeg vildi einnig skjóta því til allsh.n., hvort ekki sje eins mikil ástæða til að tryggja þá menn, er vinna í sláturhúsum, eins og suma flokka verkamanna, sem hjer eru nefndir.

Í 5. gr. 3. lið er tekið fram, að fósturforeldrar skuli fá dánarbætur, ef þeir voru á framfæri hins látna eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð. Þessu vildi jeg breyta í líkt form og í frv., sem jeg flutti hjer á dögunum, þannig, að fósturforeldrar fengju dánarbætur þegar hinn látni hefði veitt þeim fjárhagslegan stuðning. Því jeg hygg, að flestum komi saman um það, að fósturforeldrar, sem hafa alið upp mann, og síðan notið hans hjálpar og lifað eingöngu af hans afla, þau eigi að fá dán-

arbætur eftir hann. Vel getur og verið, að maðurinn sje annarsstaðar búsettur, og veiti þeim þó fjárhagslegan stuðning.

Fyrirkomulag á greiðslum iðgjalda eftir þessu frv. er eins og annarsstaðar á sjer stað, að það eru atvinnurekendur, sem greiða þau, og að litlu leyti ríkissjóður, að því er snertir sjómenn á smærri bátum. En hjer stendur að einu leyti sjerstaklega á um þá sjómenn, sem róa upp á hlut á smærri útgerð; þeir hafa áhættu og ábata eftir því, hvernig gengur, fá kannske alt að ⅔ aflans og útgerðarmaður ⅓. Og að því leyti má segja, að þeir sjeu líka atvinnurekendur ásamt útgerðarmanni.

Skal jeg ekki ræða þetta frekar nú, er jeg býst við að koma með brtt. við 3. umræðu um það, að hafa slysatryggingu sjómanna sem sjerstaka deild innan þessarar almennu slysatryggingar.

Sigurjón Jónsson: Aðeins nokkrar bendingar til hv. nefndar. 1. gr. a. hljóðar svo: „Farmenn og fiskimenn, sem lögskráðir eru á íslensk skip". Þarna er átt við þau skip, sem skyld eru að skrá sína háseta. Jeg vil beina því til hv. nefndar, hvort hún ætlist ekki til, að tryggingarskyldan nái einnig til þeirra manna, sem undir einstökum kringumstæðum er ekki hægt að lögskrá. Það er þráfaldlega að svo ber undir, að þau skip, sem hafa skipshöfn lögskráða, vantar skyndilega mann á þeim tíma sólarhrings, sem ekki er hægt að fá lögskráningu, og verður hann að fara þá ferð óskráður. Virðist þá rjett, að skylt sje að gefa upp nafn hans í skrifstofunni morguninn eftir og fá hann líftrygðan, þótt ekki sje lögskráður, og hefir þetta jafnvel orðið víða að venju.

Þetta atriði tel jeg heppilegt, að komi fram, sjerstaklega vegna þess, að dálítið er um það deilt, hvort löglegt sje að líftryggja þá sjómenn, er vantar lögskráningu.

Þá vildi jeg taka undir það, sem hv. þm. Borgf. (PO) benti á, að einstakar atvinnugreinar, sem gert er að skyldu að slysatryggja við, eru alls ekki hættusamari en aðrar, sem ekki eru nefndar. Og það kennir beinlínis ósamræmis milli ákvæðanna í 1. lið b. og 2. lið b., því að auðvitað er meiri áhætta við það að vera sjómaður á bát, þó að ekki sje nema 3 vikur á ári, heldur en við að stunda reitavinnu í kaupstöðum lítinn tíma að sumrinu.

Jeg vildi beina því til nefndarinnar, hvort ekki væri rjett, áður en hún sleppir algerlega svona stórfeldum lagabálki frá sjer, að reyna að draga úr öllum þessum skriffinskuákvæðum, skýrsluútfyllingum og fádæma pappírseyðslu, sem frv. þetta hefir í för með sjer, verði það samþykt eins og það liggur fyrir. Við vitum, að öll óþarfa skriffinska og umbúðir gera öll lög óvinsæl í framkvæmdinni, hvað góð sem þau kunna annars að vera.

Það er tekið svo margt upp í þetta frv., sem jeg get ekki sjeð, hvernig eigi að framkvæma. Og eigi að taka alt bókstaflega, sem í því stendur, þá sje jeg ekki betur en að lögin eigi t. d. að ná til þess verkafólks, sem vinnur við fiskbreiðslu. Það er vanalega ígripavinna fáar stundir á dag, og marga daga ekkert að gera, og oftast börn og gamalmenni, sem í þetta hlaupa. Mjer er óskiljanlegt, hvernig verði hægt að láta lögin ná til slíkra manna, nema þá með óþarfa skriffinsku og skýrsluútfyllingum, sem vitanlega yrði meira eða minna handahófsvinna. Sama er að segja um vegavinnu. Öllu þessu væri rjettara að sleppa, auk

þess sem hjer er um tiltölulega mjög litla áhættu að ræða, en fyrirhöfnin mikil að koma þessu í framkvæmd. Það mætti þá alveg eins taka heyskap; það er engu minni áhætta við hann heldur en sumt af þessu.

Sama er og um fermingu og affermingu skipa; mjer finst nokkuð langt gengið að setja það í lögin. Við skulum hugsa okkur dæmi: Farþegi einhversstaðar úti á landi þarf að komast út í skip, sem liggur nokkuð frá landi; hann er kannske með litla handtösku meðferðis og fær tvo menn til þess að koma sjer út í skipið. Hann borgar mönnunum vinnuna, en samkvæmt frv. þessu eru þeir í þjónustu hans og hann húsbóndi þeirra þessa stundina, og ætti því að tryggja þá fyrir slysum þessa stund, sem þeir eru að vinna fyrir hann. Hvernig væri nú hægt að heimta það af farþeganum, og hvernig ætti að framkvæma annað eins og þetta? En svona mætti fleira telja. Jeg álít, að frv. eins og það er fari alt of langt í smámununum. Það mun hollara að sleppa heldur einhverju í byrjuninni en að taka of mikið. Alt óþarfa vafstur og öll skriffinska spillir jafnan fyrir góðu máli.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er nú eiginlega ekki margt, sem komið hefir fram í þessum umr. Hjá allflestum hafa athugasemdirnar hnigið í sömu átt og hjá hæstv. atvrh. (MG).

Það, sem menn aðallega óttast, er framkvæmd laganna, verkefnin svo mörg og smá og oft um íhlaupavinnu að ræða, sem erfitt muni að láta falla undir lögin. Jeg held nú, að menn hugsi sjer þetta langtum erfiðara en það í raun og veru kemur til með að verða. Það verða vitanlega settar nánari reglur um alt þetta af stjórninni, og svo getur hver atvinnurekandi fengið prentuð eyðublöð, er verkstjórar síðan fylla út. Þetta er svo einfalt mál, að um það ætti ekki að þurfa að deila.

Hæstv. atvrh. spurði, hvort þeir menn, sem vinna að byggingum til sveita, falli undir ákvæði laganna. Jeg tel mjög eðlilegt, að öll slík vinna, sem nokkru nemur, falli undir þau. En þó að maður fleygi hnaus í vegg eða leggi stein í garð, held jeg að ekki verði farið að gera veður út af því. En öll meiriháttar byggingarvinna til sveita skilst mjer, að falli undir lögin.

Þá er verið að flokka vinnuna niður, eftir því sem menn telja hana hættulega, og sagt, að t. d. vegavinna, fiskbreiðsla o. fl. sje áhættulaus, og því óþarfi að tryggja slíka menn fyrir slysum. En benda mætti þó á, að þeir, sem einhverja þessa vinnu stunda, verða oft fyrir ýmiskonar meiðslum og títt að sumir verði handlama dögum, vikum og jafnvel mánuðum saman, og tapi þar með af kaupi sínu þann tíma. Þess vegna er rjett, að þessir menn sjeu trygðir, og ákvæðið í frv. um dagpeninga þeim til handa þann tíma, sem þeir eru ekki vinnufærir, kemur þá einmitt að gagni. Þó dagpeningarnir sjeu ekki háir, gætu þeir þó orðið þeim til mikillar hjálpar, er ganga þyrftu handlama eða óvinnufærir lengri eða skemri tíma.

Hæstv. atvrh. vildi draga það út úr nál., að nefndin muni ekki hafa athugað frv. nógu vel; en jeg get fullvissað hann um, að nefndin hefir sjerstaklega lesið þetta frv. vandlega og íhugað efni þess orð fyrir orð; en vitanlega byggir nefndin aðallega á rannsókn þeirrar nefndar, er skipuð var til þessa starfs og samið hefir frv., svo engan þarf að furða, þó að stórfeldar breytingar hafi ekki komið fram hjá okkur.

Það hlýtur hinsvegar að teljast sjálfsagt, þegar um stóran lagabálk er að ræða og jafnmörg nýmæli, að þm. geri sínar athugasemdir. Þess vegna er jeg þeim hv. þdm. þakklátur, er krufið hafa frv. til mergjar. Undirtektir þeirra hafa verið góðar, enda tel jeg víst, að athuganir þeirra verði teknar til yfirvegunar fyrir 3. umr.

Hæstv. atvrh. spurðist fyrir um, hvort skrifstofukostnaður við slysatryggingu sjómanna hefði verið greiddur af sjálfum sjóðnum eða af ríkissjóðstillaginu. Jeg held jeg megi fullyrða, að innheimtulaunin (um 5200 kr.) hafi verið greidd af sjóðnum, og svo mun hafa verið um annan skrifstofukostnað.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. (PO) var að spyrja um í sambandi við 2. lið a, þ. e. um fermingu og affermingu skipa, þá get jeg eiginlega vísað til þess, sem jeg hefi svarað hæstv. atvrh. Það er ætlast til, að allir þeir menn, sem starfa að út- eða uppskipun, hvort sem er lengri eða skemri tíma, skuli vera tryggðir. Því er haldið fram hvað þessum mönnum viðvíkur, að erfitt sje að gefa nákvæmar skýrslur, það sje ofætlun hverjum atvinnurekanda að vita um alla, sem hjá honum vinna, t. d. dag eða stund úr degi, þegar um ígripavinnu er að ræða. En þetta er ofureinfalt. Slysatryggingin sendir hverjum atvinnurekanda eyðublöð, og það er engum verkstjóra ofætlun að fylla þau út samkvæmt vinnuskrá þeirri, er hann hlýtur að færa. Og yrði gjaldið t. d. miðað við stundafjölda hvers manns, þá er það fljótur og auðveldur reikningur. Þess vegna er sjálfsagt, þó um ígripavinnu sje að ræða dag og dag, að menn-irnir sjeu tryggðir.

Þá taldi sami hv. þm. og fleiri tormerki á því að láta trygginguna ná til fiskbreiðslu eða ígripavinnu barna og aldraðs fólks. Um það er sama að segja, að þar verður líka farið eftir vinnuskránni og tryggingargjaldið reiknað eins og jeg hefi áður bent á, eða eftir því, sem fyrirskipað verður. Annars má vel vera, að draga mætti eitthvað úr þessu í framkvæmdinni, en ekki sje jeg ástæðu til að gera mikið af því. Og þó að áhættan sje lítil við slíka vinnu, þá getur þó, eins og jeg tók fram áðan, altaf komið fyrir, að menn meiðist eitthvað og verði handlama, og kemur þeim þá vel að eiga von á bótum eða dagpeningum.

Þá vil jeg benda hv. þm. Borgf. og fleirum á það, að samkv. niðurlagi 1. gr. á allur ágreiningur, sem upp kann að koma, að leggjast undir úrskurð Slysatryggingarinnar, en áfrýja má þeim úrskurði til dómstólanna. Og vil jeg þá í þessu sambandi benda á, að þó að einhver atvinnurekandi vanræki að tryggja þá menn, er hjá honum vinna, þá er rjettur þeirra til trygginganna ekki fyrir borð borinn, því atvinnurekandi, sem sýnir slíka vanrækslu, greiðir tvöföld iðgjöld til Slysatryggingarinnar samkv. 11. gr., og sæti sektum að auki. Hjer er því talsvert mikið í húfi hjá atvinnurekendum, og er ósennilegt, að þeir vanræki þessar skyldur vísvitandi.

Þá kom það ljóst fram í ræðum þeirra hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Ísf., að þeir vilja báðir, að slysatryggingarsjóði sjómanna sje haldið út af fyrir sig. Jeg get nú ekki sjeð eða sannfærst um, að þetta atriði þurfi að vera nokkurt kappsmál. Sjómenn verða aldrei látnir greiða hærri iðgjöld en sem svarar til þess tryggingarfjár, er þeir eiga síðar að fá. Það er engin hætta á, að þeir verði látnir greiða

fyrir aðra flokka, því fari svo, að einhver flokkur greiði hærri iðgjöld en honum ber samkvæmt lögunum, þá leiðrjettir Slysatryggingin það samstundis og hún verður þess vör.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi leggja mikið upp úr því, að sjómenn hefðu sjálfir stofnað og safnað í þennan sjóð og að hann mundi nú allmyndarlegur orðinn. Hann mun nú um 100 þús. krónur og þolir eflaust ekki marga skelli, þegar búið er að greiða úr honum til allra þeirra, er nú hafa um sárt að binda eftir mannskaðann mikla. Hjer er því ekki um neinn digran sjóð að ræða og ekki eftir miklu að sjá fyrir sjómenn, þó að hann renni inn í Slysatrygginguna.

Þá mintist hv. þm. Borgf. á það nýmæli, að atvinnurekendum væri gert að skyldu að greiða iðgjaldið. Að vísu skildist mjer, að hann liti ekki á það sem neitt mikið atriði; og það er satt, það er ekki peningaspursmál, en það er fjarskalega sanngjarnt, að þeir geri þetta. Það fer einmitt vel á, að atvinnurekendur greiði gjaldið, og engin hætta á að neinar deilur rísi milli þeirra og verkamanna út af því. Hjer verður heldur ekki um þá upphæð að ræða, er valdið geti nokkurri misklíð á meðan alt annað er reiknað samkvæmt háum tölum dýrtíðarinnar. Hvort iðgjöldin velta á 1 eða 2 aurum um klukkutímann til eða frá, verður aldrei að deilumáli milli vinnulýðs og atvinnurekenda.

Háttv. þm. Mýra. (PÞ) tekur brtt. sína aftur til 3. umræðu, í þeirri von, að hann geti breytt henni svo, að allshn. geti fallist á hana. Jeg get vel hugsað mjer, að honum takist það, þó jeg hinsvegar játi, að jeg hefi ekki enn athugað hana svo, að jeg geti beinlínis sagt, hvernig hún eigi að vera, svo hún útiloki alt misrjetti.

Þá spurði hv. þm. Mýra., hvort skifta mætti tryggingu, eða hvort greiða ætti full iðgjöld fyrir mann, sem ynni aðeins stuttan tíma. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að stysti tryggingartími sje 1 vika. Það má vera, að finna mætti styttri tíma, en það sýnist þó varla geta verið minna, enda eru iðgjöld sjómanna miðuð við eina viku.

Hv. þm. N.-Ísf. var að átelja, að tryggiug sjómanna einskorðaðist við það, að maðurinn stundaði fiskiveiðar í mánuð. Sennilega hefir hv. þm. skotist yfir 16. gr., og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í Slysatryggingunni á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist þá hinn helmingurinn úr ríkissjóði".

Með þessu er aths. þm. svarað, en hinu vil jeg bæta við, að jeg held, að það sje rjett að brýna fyrir mönnum að nota sjer þennan rjett, það er að segja þeim mönnum öllum, sem ekki falla undir skyldutryggingarákvæði laganna.

Þá lagði sami hv. þm. mikla áherslu á, að fósturforeldrar nytu dánarbóta. Jeg sje ekki betur en að það sje trygt með ákvæðum 3. og 5. gr. Það er beinlínis tekið fram í 5. gr., tölulið 3, að rjett til dánarbótanna hafi „ennfremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri, eða hann verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð". Þetta álít jeg, að sje nægilega skýrt orðað og geti ekki orkað tvímælis, að fósturforeldrar undir þess-

um kringumstæðum hafi rjett til dánarbótanna.

Jeg gæti vel tekið undir það, að sjómenn, sem eru upp á hlut og taka þátt í útgerðinni, ættu að greiða sjálfir iðgjöld sín, ef það þætti skifta nokkru máli. Jeg tel sjálfsagt, að allir þeir menn, er vinna einhvern tíma haustsins að slátrun, sjeu trygðir. Hjer í Reykjavík stendur slátrun yfir mikinn hluta haustsins og fjöldi manna hefir atvinnu við hana. Þess vegna er sjálfsagt, að þeir komist undir tryggingarákvæði laganna. Annars er vitanlegt, að ýmislegt hlýtur að vekjast upp, þegar farið verður að ræða málið, og er ekki nema sjálfsagt, að nefndin taki allar þær athugasemdir og breytingar til greina, sem eru á nokkrum rökum bygðar.

Þá spurði hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um það, hvort tryggingarskyldan næði til þeirra sjómanna, sem væru óskráðir í skiprúm. Jeg tel sjálfsagt, að svo sje, enda má heimfæra það undir ákvæði 7. og 8. gr., og verður þá útgerðarstjórinn eða eigandinn að ábyrgjast iðgjaldið.

Sami þm. var að finna að því, að of margt væri tekið í þennan lagabálk; en þar er jeg á gagnstæðri skoðun. Jeg er sannfærður um, að ennþá muni of fátt tekið og á næstu árum verði fremur við bætt en dregið úr. Jeg er sannfærður um, eins og áhugi manna er vakandi fyrir nytsemi slysatrygginga, að það koma fleiri og fleiri flokkar með ári hverju, sem vegna áhættu við vinnu sína eða iðn telja sig geta fallið undir tryggingarákvæði laganna.

Hinsvegar má búast við, að þegar slysatryggingarnar verða komnar í lög, þá segi ýmsir sem svo: „Það þarf ekki að tryggja mig. Það kemur aldrei neitt fyrir, sem þarf að tryggja mig fyrir“. Það á ekki að vera vald til þess að sleppa þessum eða öðrum, því að oft getur verið nauðsyn að tryggja menn gagnvart sjálfum sjer.

Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) kom með dæmi um, ef farþegi væri fluttur frá skipi á báti í land, þá heyrði það undir slysatryggingarnar, því að það væri uppskipun. En jeg hefi aldrei heyrt talað um uppskipun á fólki og veit ekki, að hún eigi sjer stað. Getur því slík ástæða sem þessi ekki talist rök á móti frumvarpinu.

Er svo ekki fleira, sem fram hefir komið gegn frumvarpinu ennþá, sem þörf er að svara. Væntir allshn. þess, að frv. gangi svo greiðlega áfram, að það geti orðið að lögum á þessu þingi, því að það hefir sýnt sig, að með hverju árinu, sem líður, verður þörfin meiri og brýnni fyrir slík tryggingarfjelög. Það skal þó játað, að oft hefir verið bætt fyrir slys, bæði af því opinbera og einstaklingum, en rjettur er vitanlega enginn til slíkra bóta. Og í mörgum tilfellum hafa engar bætur fengist, þó slys hafi orðið.

Pjetur Þórðarson: Í lögum um slysatryggingar sjómanna mun ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu á iðgjöldum, þó að sjómenn, sem trygðir eru til langs tíma, fari eftir mjög stuttan tíma. Í frv. þessu er heldur ekki gert ráð fyrir, að maður, sem t. d. trygður er til 10 vikna, fái endurgreiðslu á iðgjaldi, þó hann fari eftir 1 viku. Mjer finst því athugavert í sambandi við 7. og 8. gr. frv., hvort ekki sje sanngjarnt, þegar svo ber við, að slysatrygður skipverji forfallast, en ótrygður maður kemur í hans stað, að hinn ótrygði fái að ganga inn í tryggingu hins, aðeins ef ákvæði 8. gr. um tilkynninguna

til skrásetningarstjóra er fylgt, því jeg veit, að erfiðara er að koma því fyrir, að hinn trygði, sem fer, fái endurgreiðslu á iðgjaldi sínu, heldur en koma því fyrir á þann hátt, sem jeg nú hefi bent á.

Það. var þetta, sem jeg vildi reyna að láta háttv. frsm. (JBald) skilja, og jafnframt athuga.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg tel frv. þetta ekki eiga við hjer á landi, finst það of mjög sniðið eftir útlendum fyrirmyndum. Jeg lít nefnilega svo á, að annaðhvort hefði það átt aðeins að ná til örfárra atvinnugreina, eða þá til allra slysa.

Eins og bent hefir verið á, myndi frv. þetta, yrði það að lögum eins og það er nú, auka mjög vafstur og skriffinsku. Auk þess stefnir það nær eingöngu í þá átt að tryggja þá, sem vinna hjá öðrum, en ekki þá, sem vinna hjá sjálfum sjer. Við þetta felli jeg mig mjög illa. Er t. d. hættan ekki jafnnærri, hvort sem báturinn er eign þess, sem rær honum, eða annars?

Og úr því tryggingin nær til fólks, sem vinnur að fiskverkun í sólskini, hví má hún þá ekki ná sömuleiðis til fólks, sem vinnur að heyvinnu? Máske það sje fyrir þá sök, að það fólk vinnur flest hjá sjálfu sjer? Þessu og fleiru þarf að breyta, ef frv. á að komast í gegn, en helst þyrfti slysatryggingin að verða alveg almenn og ná til allra manna.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst það glögt hafa komið í ljós við umræðurnar, að frv. þetta sje frekar sniðið eftir þörf sjávarútvegsins en eftir þörf sveitanna. Jeg vil nú spyrja háttv. nefnd, án þess þó, að jeg ætlist til, að hún svari því nú þegar, hver takmörk hún ætlast til, að sett sjeu í reglugerð um tryggingarskyldu manna, er vinna í sveitum. Því að mjer finst, að ekki svari kostnaði að fara að halda vinnuskrá, þó t. d. maður í sveit byggi fjárhús, sem hann vinnur ef til vill 2—3 stundir að fyrsta daginn, ekkert annan daginn, og svo stund og stund úr dögum, án þess að vinna samfelt að byggingunni.

Eigi nú að taka slík sveitastörf með sem þessi, sje jeg ekki annað en sjálfsagt sje að taka sláttinn með líka, því að jeg finn engan mun á áhættunni við þau störf. Út af þessu vildi jeg því spyrja háttv. nefnd ennfremur, hvort hún sæi sjer ekki fært að koma með brtt. til 3. umr., sem takmörkuðu þetta, eða þá að öðrum kosti að gefa stjórninni heimild til þess að setja í reglugerð þær takmarkanir, sem nauðsynlegar væru til þess að koma í veg fyrir, að of mikil skriffinska eða fyrirhöfn hlytist af þessu. Að ákvæða sem þessara sje sjerstaklega vant í frv., er ekki nema eðlilegt, þegar þess er gætt, að enginn höfundanna er kunnugur í sveit, og því halda þeir að vinnubrögðum sje hagað þar öðruvísi en er.

Jeg hjó eftir því hjá háttv. þm. Mýra. (PÞ), að hann taldi ekki rjett, að foreldrar fengju altaf jafnar bætur fyrir börn sín. Þarna er jeg hv. þm. alveg samdóma, því að jeg þekki dæmi þess, að það hefir komið mjög ranglátlega niður, þannig, að faðir fjekk bætur fyrir son, sem hann hafði aldrei skift sjer neitt af. Er því rjett að setja ákvæði inn í frv. um, að frá þessari reglu megi víkja, þegar sjerstaklega stendur á, eins og t. d. þegar uppkominn sonur druknar, sem móðirin hefir altaf orðið að ala önn fyr-

ir ein síns liðs, eins og mörg dæmi eru til. En eftir frumvarpinu fær faðirinn helming tryggingarfjárins, þó að hann hafi aldrei neitt fyrir honum haft. Í svona tilfellum þarf því stjórnin að hafa heimild til þess að veita undanþágu. Aðaltilgangur slíkrar löggjafar sem þessarar verður að vera sá, að sjá um, að tryggingin komi sem sanngjarnast niður.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að gera grein fyrir atkvæði mínu, af því að jeg mun fylgja frv. þessu til 3. umr., en óvíst að jeg geti fylgt því lengra. Jeg er samþykkur stefnu frv. að því leyti, að jeg tel, að tryggja beri þá menn, sem áhættusöm störf stunda, einkum fyrir hið opinbera, en form þess fellur mjer ekki. En þar sem frv. þetta miðast ekki við það, og leggur tryggingarskylduna á af handahófi, þá get jeg ekki fylgt því lengra en til 3. umr., nema því aðeins, að sundurliðun þess verði breytt í þá átt milli umræðnanna, að framkvæmdin verði óbrotnari.

Jeg get vel tekið undir það með háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) og hæstv. atvrh. (MG), að tryggingar þessar, eins og þær liggja fyrir í frv., yrðu bæði flóknar og fyrirhafnarsamar í framkvæmdinni. Á jeg þar við það, að tryggingin nær til ýmsra flokka manna, sem jeg tel nær ógerning að draga inn undir skyldutryggingu, svo sem menn, er stunda margbreytileg störf, jafnvel á hverjum degi, eða þá, sem stunda jafnáhættulítil og hverful störf eins og fiskverkun; sömuleiðis menn, sem vinna að því að lagfæra hús í sveit, eða menn, sem ganga með símalínu til þess að líta eftir, hvort þræðir hafa slegist saman o. s. frv. Yfir höfuð er fjöldi af slíkum verkum, sem komast inn undir tryggingarskylduna, ef frv. verður ekki breytt, og ógerningur er að hafa eftirlit með. Hinsvegar er slept fólki, sem verður að teljast vinna miklu áhættumeiri störf. Má þar til nefna fjallferðamenn og jafnvel eldabuskurnar. Störf þeirra eru miklu áhættumeiri en t. d. fiskþurkun. Jeg þekki að minsta kosti þrjú tilfelli, sem sýna það ljóslega, að hættan af íkveikju við eldamensku er meiri en af slysum við fiskvinnu. Af tveimur tilfellunum hlaust líftjón, en einu örkuml.

Ennfremur er hjer slept gæslu beitarhúsa í sveit, sem er stórum áhættumeira starf en mörg þau, sem talin eru. Enda hefir margur beitarhúsasmalinn úti orðið, en aðrir beðið limatjón af kali. Þannig mætti lengi telja, og er öll greining frv. í áhættuflokka tómt handahóf.

Jeg hygg því, að það sje rjett hjá hv. 1. þm. G.-K., að trygginguna verði að miða við miklu færri flokka og sneiða hjá þeim mönnum, sem hlaupa úr einu í annað af hinum áhættuminni störfum.

Þetta vildi jeg sagt hafa nefndinni til athugunar, því ef frv. kemur til 3. umr. óbreytt, mun jeg ekki geta fylgt því lengra.

Jón Kjartansson: Af því að allmargir hv. þm. hafa talað, sem þóst hafa þurft að brýna nefndina, vildi jeg mega minna hina sömu menn á að lesa frv. áður en þeir fara að finna að gerðum nefndarinnar.

Mig furðar stórlega á, að umr. skuli í þessu máli aðallega snúast um aukaatriði. Hjer er mikið talað um, að tryggingin nái til manna, þó að þeir hlaupi t. d. með símalínu o. s. frv. Þó vita þessir menn mjög vel, að aðalhættan við þetta verk — símaviðgerðir — verður þá fyrst, þegar

menn fara að klifra upp í símastaurana, og hefir oft hlotist slys af.

Hvort fella eigi niður einstaka liði og taka aðra upp aftur, finst mjer skifta svo litlu máli, að ekki taki að teygja lopann út af því við þessa umræðu.

Það er aldrei nema rjett, að sum vinna, sem talin er í frv., er áhættulítil, eins og t. d. almenn vegavinna. En þar verða iðgjöldin líka afarlítil.

Að þetta auki mjög skriffinsku, get jeg ekki sjeð; því að þeir menn, sem fyrir vinnunni standa, halda skrá yfir mennina hvort sem er. En hjer verður að haga því þannig, að taka eftir á allan tímafjöldann, sem unnið er hjá hverjum atvinnurekanda, og leggja hann saman og reikna tryggingargjaldið eftir þeirri útkomu. Það skiftir því engu máli, hvað mennirnir heita, sem vinna. Hvort þeir heita Jón, Bjarni eða Sveinn, er öldungis hið sama. Það á einungis að leggja tímann saman, sem þeir vinna allir, og iðgjöldin fyrir þá verða borguð í einni heild. Þessa aðferð verður að nota.

Því áhættuminni sem atvinnugreinin er, því lægri verða iðgjöldin, sem greiða þarf fyrir verkamennina. Það er því hinn mesti óþarfi að vera að deila um, hvort áhættumeira sje að verka fisk eða vinna að heyskap, því að þegar tímar líða, verða báðar þessar atvinnugreinir taldar tryggingarskyldar, þótt ætlunin sje nú að taka aðeins aðra. Aðalatriðið er, eins og hv. frsm. (JBald) tók fram, að reyna að laga þetta eftir reynslunni. Sjeu menn fylgjandi aðalstefnu frv., þá er ekki vert að vera að deila um smáatriði ein.

Út af ummælum hæstv. atvrh. (MG) skal jeg taka það fram, að vitanlega er tilætlunin, að settar verði takmarkanir í reglugerð, því að annars yrðu lög þessi illframkvæmanleg í byrjun.

Jeg sje vitanlega ekkert á móti því, að menn í sveit, sem vinna að fjárhúsbyggingu eða fjárgæslu, sjeu trygðir, því að ekki er þess langt að minnast, að hræðilegt slys varð við að rífa fjós suður á Seltjarnarnesi. Nei, slysin geta komið jafnt fyrir fram í instu afdölum sem í þjettbýlustu kaupstöðum. Hættan er því alstaðar hin sama, eða því sem næst, þegar vinnan, sem unnin er, er sú sama.

Björn Líndal: Jeg vil aðeins láta þess getið, að jeg er sammála hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) að því er snertir frv. þetta. Mun jeg því greiða því atkv. til 3. umr., en ekki lengra, nema því aðeins, að samþyktar verði brtt., sem jeg hefi skrifað niður og ganga í þá átt, sem hv. 1. þm. S.-M. talaði um.

Pjetur Ottesen: Hv. þm. V.-Sk. (JK) vildi bera okkur það á brýn, sem gert höfum athugasemdir við þetta frv., að það væri sprottið af því, að við hefðum ekki lesið frv. Hjer skjátlast hv. þm. hrapallega, en ræða hans sýndi það greinilega, að það er einmitt hann sjálfur, sem ekki hefir lesið frv. nógu rækilega, og því síður gert sjer grein fyrir, hvernig ýms ákvæði frv. verða í framkvæmdinni.

Hv. þm. talaði um, að setja yrði takmarkanir í reglugerð, því án þess yrðu lögin illframkvæmanleg í byrjun. En veit hann það ekki, sjálfur lögfræðingurinn, að í reglugerð er ekki hægt að setja neinar takmarkanir framar því, sem lögin sjálf heimila. Reglugerðina verður að sníða eftir lögunum. Það er ýmislegt í þessu frv., sem enn er mjög ófullkomin athugun á frá framkvæmdarinnar sjónarmiði, en þessar takmarkanir, sem þessi hv. þm. er að tala um, verður að setja inn í frv. sjálft.

Jón Kjartansson: Eins og jeg hefi þegar sagt, ættu takmarkanir á 2. lið 1. gr. að felast í sjerstakri reglugerð, sem um það yrði sett. Jeg skal taka sem dæmi, að þar er sagt undir lið c., að tryggingin nái til manna, sem vinna að byggingu nýrra húsa og breytingu á eldri húsum. Þá yrði í reglugerð að setja ákvæði um það, hvaða breytingar heyrðu undir lögin, — hversu stórvægileg breytingin þyrfti að vera o. s. frv. Þannig eru mörg ákvæði frv., sem verður að skipa með reglugerð jöfnum höndum og reynslan fæst.

Sigurjón Jónsson: Það hefir komið fram hjá hv. frsm. (JBald), að skýrslurnar ætti ekki að gefa fyr en eftir á, þar sem ekki væri hægt að gefa þær fyrirfram. Hinsvegar er svo ákveðið, að iðgjöldin skuli greidd fyrirfram, og verði vanskil á, skuli atvinnurekendurnir greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld, þau sem vangoldin eru, — og sektir að auki. Þetta held jeg að væri ástæða til að athuga og jafnvel fleira í frv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Mjer hefir fundist við síðari part þessarar umræðu, að ekki væri svo almennur vilji að styðja þetta mál eins og jeg hafði búist við og hafði heyrt á hv. þm. Þeir láta nú að vísu svo, sumir þeirra, að þeir sjeu málinu hlyntir, en hafi ýmislegt út á það að setja. Vitanlega eru þetta aðeins undanbrögð, en ekki umhyggja fyrir málinu.

Hæstv. atvrh. (MG) tók sanngjarnlega í málið, en vildi þó láta taka ýmislegt til nánari athugunar. Það er auðvitað ekki nema sjálfsagt, að nefndin athugi, hvort ekki megi koma takmörkunum á 2. lið 1. gr. að í sjerstakri reglugerð, eða jafnvel í frumvarpinu sjálfu. *(Atvrh. MG:* Jeg átti við það). En frv. nær ekki, enn sem komið er, til að ákveða nákvæmlega um einstakar atvinnugreinar, eins og t. d. að ákveða tölu þeirra manna, er vinna að ákveðnu verki. Þá mætti og ákveða nánar, hvað átt væri við með „verulegum breytingum" á húsum.

Hæstv. atvrh. vildi, að stjórn slysatryggingarinnar hefði heimild til þess að ákveða um skiftingu dánarbóta til eftirlifenda. Jeg hygg, að það mundi verða erfitt viðfangs. Í lögum um sjómannatryggingu eru ákveðnar bætur eftir föstum reglum, sem þar eru settar. Tel jeg það fyrirkomulag betra heldur en að eiga bæturnar undir mati. Dæmi það, sem hæstv. atvrh. mintist á um órjettláta skiftingu, kann að vísu að vera rjett, en jeg efast um, að málinu sje best borgið á þann hátt, sem hann leggur til.

Það var hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), sem fyrstur varð til að hefja andmæli gegn frv., og voru þau hvorttveggja í senn þjösnaleg og á engu viti bygð. Fyrsta aðfinslan var sú, að frv. væri sniðið eftir útlendum fyrirmyndum. Sannleikurinn um það atriði er sá, að öll sú innlenda löggjöf, sem til var um slysatryggingar, hefir verið tekin upp í frv., og innlend reynsla notuð eftir því sem hægt er. Hvert átti þá að sækja það, sem á vantaði? Sú erlenda löggjöf, sem hjer hefir að nokkru leyti verið tekin til fyrirmyndar, er þar að auki þrautreynd í framkvæmd. Jeg efast ekki um, að þessi hv. þm. (ÁF) mundi sjálfur hafa fært sjer hana í nyt, hefði líkt staðið á. Þessi mótbára hans er því aðeins á fljótfærni bygð eða öðru verra.

Hann talaði um vafstur og skriffinsku. Mjer er sama, hverju nafni hann nefnir það, en tæplega verður þó komist hjá því að hafa eftirlit með því, að menn skjóti sjer ekki með öllu undan því að greiða í

sjóðinn. Hv. þm. (ÁF) hefði átt að hugsa áður en hann talaði. *(ÁF:* Jeg mun tala um málið seinna). Jeg heyrði ekki betur en í ræðu hans lægi bein hótun um að bregða fæti fyrir málið. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það kæmist ekki út úr deildinni. *(ÁF:* Ekki óbreytt). Hann talaði ennfremur um, að hann vildi hafa almenna slysatryggingu. Þar sjá menn best röksemdir hans. Ymist gengur frv. of langt og er of víðtækt, eða það er of takmarkað. En það er hv. þm. sjálfur, [illegible] er takmarkaður í þessu máli.

Aðrir hafa í raun og veru ekki gefið verulegt tilefni til andmæla. Þó tók hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) allmjög í sama streng og hv. 1. þm. G.-K. Hann ljet yfirleitt heldur óvingjarnleg orð falla í garð málsins og var ekki með öllu laus við útúrsnúning. Hann taldi upp ýms störf, sem menn gætu slasast við, sem frv. tæki ekki til greina. Jeg hefi þegar tekið það fram, að ekki væri hægt að slá alla varnagla í frv., en hitt er víst, að það stendur til bóta og að jafnan er hægt að bæta í það nýjum liðum, ef nauðsyn krefur. Hv. 1. þm. S.-M. talaði í þessu sambandi um slys eða skot, sem eldabuskur verði fyrir, en þær eigi þó ekki að tryggja. *(SvÓ:* Það var ekkert skot). Ekki gat jeg betur heyrt. Jeg held, að segja megi með sanni, að í dag hafi hann og sumir háttv. þm. gerst eldabuskur hjer í deildinni og þyrlað upp reyk og ryki.

Jeg vildi þá að lokum mælast til, að þeir hv. þm., sem hefðu hugsað sjer [illegible] koma fram með brtt. við frv., gerðu það sem fyrst, svo að nefndin geti bráðlega tekið þær til athugunar.

ATKVGR.

Brtt. 185,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 185,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 185,3 samþ. án atkvgr.
— 185,4 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 185,5 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 185,6 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 161 tekin aftur til 3. umr.
— 185,7 samþ. án atkvgr.
— 185,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 185,9 samþ. án atkvgr.
— 185,10 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 185,11 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 185,12 samþ. án atkvgr.
— 185,13 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 185,14 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 185,15 samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 185,16 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
15.—23. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað **til 3. umr. með 24 shlj. atkv.**

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 200, 161, 201, 214, 226).

Magnús Torfason: Við 2. umr. þessa máls hreyfðu ýmsir hv. þm. talsverðum aths. og aðfinslum við frv., og eins og sjálfsagt var hefir allshn. tekið þær til yfirvegunar síðan og að miklu leyti tekið þær óskir til greina, sem þá komu fram.

Jeg skal fúslega játa, að það er engin furða, þó menn geti greint á um þessi efni. Tryggingar eru alveg í bernsku hjer á landi og löggjöfin um þær litlu slysatryggingar, sem enn eru þektar hjer, slysatryggingar sjómanna, hefir reynst það vandaverk, að nú er verið að semja þau lög um í 4. skifti á 16 árum.

Í þessu frv. eru tryggingarnar færðar út að stórum mun, og því vandara um að fást. Er því engin furða, þó að missmíði kunni að verða á lögum þessum í fyrstu. Jeg er í engum vafa um það, að hvernig sem frá þessu frv. verður gengið í þetta sinn, þá líður ekki á löngu, áður en lögunum verður breytt aftur. Það er á einskis manns færi að semja nú þegar fullkomið frv. um slysatryggingar hjer á landi. Til þess vantar okkur reynslu í þessum efnum, vantar alla útreikninga, slíka, sem aðrar þjóðir fara eftir hjá sjer, en sem eru mismunandi í hverju landi, eins og eðlilegt er, þar sem allir staðhættir eru ólíkir.

Ein aðalbreytingin, sem farið er fram á í þessu frv., er sú, að verkþegar greiði slysatryggingariðgjöldin. Í þessu efni er frv. sniðið eftir því, sem alsiða er í öllum nálægum löndum, þar sem tryggingar eru lengst á veg komnar. Jeg lít svo á, að þetta ákvæði sje mjög sanngjarnt og eðlilegt. Því er nú svo varið, að tryggingariðgjaldið hlýtur að koma fram í auknu verðmæti þess, sem unnið er að. Verkþegar kunna líka oftast einhver ráð til að ná aftur inn útgjöldum þeim, sem þeir verða að inna af hendi. Þetta liggur yfirleitt í samkepnislögmálinu.

Þó er ein atvinnugrein, sem í þessu efni stendur ver að vígi, en það er framleiðslan. Þessi iðgjöld geta í fyrstu orðið framleiðslunni til byrðarauka, en það lagast er til lengdar lætur, því allur framleiðslukostnaður hlýtur að hækka verð vörunnar, sem framleidd er, svo með tímanum kemur þetta í sama stað niður. Að mínu viti er því engin sjerstök princip-ástæða til þess að vera á móti því að flytja greiðslu iðgjaldanna yfir á verkþega.

Þá hefir verið um það deilt, hversu slysatryggingar þessar eigi að vera víðtækar til að byrja með. Jeg lít svo á, að þær eigi að ná eins langt og mögulegt er, þó þannig, að þær sjeu jafnframt framkvæmanlegar eins og nú hagar til hjer á landi. En að því er þetta atriði snertir, að slysatryggingar samkv. þessu frv. verði framkvæmanlegar, þá hefir nefndin borið fram brtt. við 21. gr. frv., sem hún ætlar að sje nægileg til þess að koma í veg fyrir, að framkvæmd laganna verði ósanngjörn eða of fyrirferðarmikil.

Að því er snertir einstök ákvæði frv., leggur nefndin yfirleitt ekki afarmikla áherslu á þau, hvert um sig, einkum ef brtt. hennar við 21. gr. nær fram að ganga, sem á að gera það að verkum, að ráðuneytinu verði heimilt að bæta við nýjum tryggingarskyldum atvinnuflokkum, en undanþiggja aðra, ef allar ástæður mæla með því. Á þennan hátt fæst meira jafnvægi í framkvæmd laganna, ef ráðuneytið og sjóðstjórnin beita þessari heimild skynsamlega, sem maður verður að vona og treysta.

Jeg skal þó þegar taka það fram, að það er sjerstaklega einn flokkur verkafólks, sem um hefir verið deilt, en sem jeg tel ekki rjett að undanskilja slysatryggingum. Það er fólk, sem vinnur að fiskverkun. Það er öllum vitanlegt, að slys við fiskverkun og fiskþurkun eru mjög tíð. Vitaskuld koma sjaldan fyrir slys í þessari atvinnugrein, sem valda örorku eða líftjóni, en engu að síður vilja þó næstum daglega til slys við slíka vinnu og oft ærið mikil. Meðan jeg var á Ísafirði, man jeg eftir því, að fiskverkunarfólk gekk oft vikum saman iðjulaust, vegna smáslysa og meiðsla. Eins og kunnugt er, fer fiskverkun illa með hendurnar, sjerstaklega um ormatímann á vorin. Þar vestra var altítt, að menn gengu með langvarandi fingurmein af þessum sökum, og var oft skotið saman fje handa þessu fólki, sökum þess, að það misti atvinnu sína um hásumarið. Við fiskverkun vinnur oftast afarmargt kvenfólk, og vænti jeg þess, að hv. þdm. sjeu svo riddaralega vaxnir, að þeir striki þennan flokk verkafólks ekki út þess vegna. Annars er þessi flokkur svo stór, að ef hann verður feldur úr frv., þá er þar með höggið afarstórt skarð í þessar atvinnuslysatryggingar.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um einstaka liði frv., enda trúi jeg háttv. frsm. fullkomlega til að reifa það mál. En eitt vil jeg benda á í þessu sambandi. Tryggingarmálin eru eitthvert hið stærsta framtíðarmál, sem þingið hefir nú með höndum. Jeg efast um, að þau sjeu fleiri en eitt eða tvö málin, sem hafa aðra eins þýðingu. Ef tryggingarmál þjóðarinnar komast í gott horf, þá verða þau með tíð og tíma lyftistöng vors fátæka lands. Þessi lög eru örlítið spor í áttina. En við eigum þó að taka skrefið eins stórt og hægt er. Það, sem einkum þarf að gera, er að vekja þjóðina til umhugsunar um tryggingar og venja hana við þær smám saman. Jeg veit af eigin reynslu, að þetta er erfitt. Fyrstu árin, sem lögin um sjóslysatryggingu vora í gildi, þurfti jeg oft að innheimta styrkinn með lögtaki, og sumir skutu jafnvel lögtaksúrskurðinum til landsyfirdómsins. Menn geta verið þess vissir, að verulegt skrið kemst ekki á þessi mál, fyr en fólkið fer að sjá fyrir alvöru þá blessun, sem tryggingarnar veita þjóðinni.

Takmarkið hlýtur að vera að koma á almennum innlendum tryggingum á sem flestum sviðum. En það mun seint sækjast, vegna fátæktar landsmanna, nema allir leggist á eitt að greiða fyrir þessum málum.

Í allshn. varð jeg var við sjerstaklega hlýjan hug til þessa máls. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg fjekst aldrei svo við málið, að mjer rynni ekki í hug slysin miklu, sem hjer hafa orðið í vetur. Við vitum allir, að þar brugðust útgerðarmenn drengilega við til hjálpar, langt fram yfir það, sem þeim bar skylda til. Við vitum einnig, að skrifstofustjóri Fjelags ísl. botnvörpuskipaeigenda var í nefndinni, sem samdi þetta frv. upphaflega, og vann hann þar í fullu samræmi og samvinnu við útgerðarmenn. Þegar nú þessir menn, sem mest eiga að greiða af mörkum samkv. frv., hafa tekið svo í málið, þá finst mjer við eigum ekki að verða eftirbátar þeirra.

Jeg fæ ekki sjeð, hvernig hv. þm. geta betur sýnt samhug sinn með tryggingarmálum þjóðarinnar en einmitt með því að greiða sem best fyrir þessu frv. Og það verð jeg að segja, að ef frv. nær

ekki fram að ganga, þá er það leitt vegna orðstírs þessa þings.

Að því er snertir verkþega, sem greiða eiga iðgjöldin, sjerstaklega, þá verðum við að muna eftir því, að það eru sjaldnast ekkjur þeirra nje foreldrar og börn, sem gráta þá, er fyrir slysunum verða. Jeg vona, að menn vilji einnig athuga málið í þessu ljósi og hengi sig ekki of mikið við smámuni í svo þýðingarmiklu máli.

Sveinn Ólafsson: Það kemur fljótt í ljós við lestur þessa frv., að við samningu þess hefir sjerstaklega verið höfð fyrir augum hin reglubundna starfsemi í næjum og stærri kauptúnum, og eins reglubundin vinna við brúargerðir, vegalagningu og þess háttar störf í þarfir þess opinbera. Hitt kemur einnig í ljós, að ekki hefir verið haft fyrir augum hið sjerstaka ástand í sveitum landsins og með ströndum fram, þar sem strjálbýlla er, þar sem menn oft og tíðum vinna sína klukkustundina að hverju verki, að kalla má.

Þó að frv. sje nær eingöngu bygt utan um reglubundna starfsemi í kaupstöðum, þá hefir það eigi að síður orðið svo rúmt, að ákvæði þess ná einnig yfir starfsemi í sveitum, þar sem ómögulegt eða illmögulegt virðist að framkvæma lögin, og þar sem ennfremur er langtum minni ástæða að skylda menn til slysatrygginga en í kaupstöðum. Þó svo, að undir þessar fyrirhuguðu tryggingar eru teknir flokkar eða starfar, sem langtum minni hætta fylgir en öðrum flokkum, sem ekki eru nefndir. Var á þetta bent við 2. umr. málsins.

Hv. form. allshn. (MT) fór nokkrum orðum almennt um málið, og lá það í orðum hans, að af annara hálfu en nefndarinnar hefði komið fram hjer í deildinni nokkur mótþrói gegn hugmyndinni um almennar tryggingar. En þetta er tilefnislaust, því að mínu viti hefir enginn slíkur mótþrói komið fram. Að vísu komum við sjö þingdeildarmenn fram með brtt. við frv., en þær brtt. lúta ekki svo mjög að stefnu frv., heldur hinu, að gera framkvæmd laganna þegar til kemur auðveldari og greiðari. Jeg hygg, að sú ósk vaki jafnt fyrir öllum, að gera tryggingarnar sem almennastar, þar sem því er hægt að koma við, en jafnframt vakir það fyrir mönnum, að lögin þurfi að byggja á öðrum grundvelli og að gera verði ráð fyrir því, að ríkið greiði hreint og beint nokkurn hluta af tryggingargjaldinu.

Þessar brtt., sem við höfum leyft okkur að koma með, eru á þskj. 226, og má segja, að þær falli eiginlega í tvo liði. Annar liðurinn lýtur að því, sem jeg þegar hefi nefnt, að gera lögin auðveldari í framkvæmdinni, með því að taka undan ýmsa minniháttar starfsemi, sem óþægilegt er að beita þessum lögum við og þar sem fyrirsjáanlegt er, að jafnvel ómögulegt er að hafa eftirlit með því, að lögunum verði framfylgt. Í öðru lagi — og það er stefnubreyting — gerum við ráð fyrir, að iðgjöldin verði að nokkru leyti látin falla á þá, sem trygðir eru, en ekki eins og frv. fer fram á, á vinnuveitendur eina eða þá, sem að störfunum standa. Þetta lýtur meira í þá átt, sem venjan hefir helgað, og frá okkar sjónarmiði má skoða þetta rjett og eðlilegt. Við viljum sem sje láta hina trygðu taka þátt í þessu, til þess að minna þá á, að þeir eiga ekki aðeins rjett á þessu sviði, heldur hafa og nokkrar skyldur að rækja. Auðvitað leiðir þessi brtt., ef samþykt verður, ekki til annars en þess, að kaupið frá þeim, sem vinnuna þiggja, verður sett þeim mun hærra, þegar svo stendur á.

Í einu tilliti höfum við, sem brtt. flytjum, farið skrefi lengra en frv. fór. Eftir frv. er gert ráð fyrir, að utan við tryggingarnar geti verið eða jafnvel verði þeir, sem róa á smærri skipum en fjórrónum, jafnvel þótt að staðaldri sje. Við höfum breytt þessu á þá leið, að allir skuli tryggingarskyldir, hvort sem þeir eru á smærri eða stærri skipum. Þessi breyting veldur engum erfiðleikum, að minsta kosti ekki í samanburði við það að gera þá tryggingarskylda, sem stundarkorn hverfa að afgreiðslu skipa, t. d. póstskips, sem um fer, en annars stunda allsendis ólík störf. Þessi brtt. okkar gerir því framkvæmd laganna í engu torveldari, en er hinsvegar í anda þeirra, auk þess sem þessar tryggingar róðrarmanna verða að teljast mjög nauðsynlegar. Hv. form. allshn. (MT) kvað svo að orði, að með þeim brtt., sem nefndin flytur, væri tekið tillit til framkominna óska um breytingar á frv. Jeg kannast við, að þetta er gert að sumu leyti, en alls ekki að öllu leyti, enda eru brtt. nefndarinnar miklu skammtækari en þær, sem við höfum lagt til að gerðar verði. Hann taldi, að með þeirri brtt. við 21. gr. frv., sem nefndin flytur, myndi úr því bætt, sem við flm. brtt. á þskj. 226 höfum óskað eftir. Jeg get ekki verið honum sammála um þetta, því að þótt með þeirri breytingu sje stjórninni heimilað með væntanlegri reglugerð að undanþiggja ýmiskonar starfsflokka við minniháttar starfsemi tryggingarskyldu, þá er auðsætt, að hvenær sem ágreiningur rís um það, hverjir skuli tryggingarskyldir, þá verður ekki hlaupið í reglugerðarbreytingu. Þetta gæti og leitt til þess, að upp kæmi sín reglan í hverju hjeraði og mismunandi reglugerðarákvæði um sömu hluti, eða að niðurstaðan yrði dálítið svipuð og sú, sem breytingin á bæjargjaldalögum Reykjavíkur í fyrra hefir leitt af sjer á því sviði. Með þessum brtt. nefndarinnar er líka gert ráð fyrir, að með reglugerð megi smám saman taka upp nýja flokka, sem trygðir skuli vera, en þá virðist mjer komið inn á þá leið, að stjórnin fari að setja lög um það, sem Alþingi ætti að setja lög um. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um brtt. nefndarinnar; jeg vildi aðeins láta þess getið, að þær fullnægja okkur ekki, sem berum fram brtt. á þskj. 226, nema að nokkru leyti.

Hv. form. allshn. (MT) lagði talsverða áherslu á það, að ekki mætti fella undan tryggingargjaldi þá, sem vinna að fiskverkun, því að fiskverkun færi svo illa með hendur fólksins og orsakaði ígerð í höndum. En ástæðan til þess, að við tillögumenn viljum fella þetta niður, er sú, að fiskverkun er yfirleitt hættulaus vinna, en víða svo lítilsháttar og aðeins ígripavinna, að okkur þótti ekki taka því að draga hana inn undir tryggingarlögin. Handameiðsl og hruflun við fiskvinnu, er háttv. þm. nefndi, er lítilsverð ástæða. Slík meiðsli koma af því, að hendurnar eru ekki nógu vel varðar með vetlingum, en að öðru leyti er fiskverkun svo hættulítil, sem nokkur vinna getur verið.

Að við undanskiljum vegavinnu, kemur til af því, að sú vinna er að öllum jafnaði hættulítil, og allsendis fráleitt að hugsa sjer að draga hvern mann undir tryggingarskyldu, sem t. d. lítinn hluta dags vinnur að vegavinnu eins og víða tíðkast í sveitum, þar sem hreppavegavinna er skyldustarf. Sama máli gegnir um margar brúargerðir, en við höfum þó ekki felt undan aðrar en þær smáfeldari. Hinsvegar viljum við fella niður vatnsveitulagningar, nema þar sem um stór-

felda starfsemi er að ræða, eins og á sjer stað þegar vatnsleiðsla er lögð til heilla bæja eða kauptúna.

Nú er svo ástatt, að fyrir liggja brtt. frá fleirum en okkur, t. d. brtt. frá hv. þm. Mýra. (PÞ) við 5. gr. frv. Hefi jeg í rauninni ekkert um þær brtt. annað að segja en það, að með þeim brtt., sem við berum fram við 5. gr. frv., eða þeim viðauka, sem við viljum við hana bæta, virðast brtt. hv. þm. Mýra. miður nauðsynlegar. Annars hefi jeg ekkert við þær að athuga og legg ekkert á móti þeim. Brtt. okkar við 6. gr. frv. er einmitt sú, sem jeg hefi áður nefnt, og lýtur að því að hluta iðgjaldið milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Hefi jeg áður gert grein fyrir því, hvað fyrir okkur vakir með þessari brtt. Aðrar breytingar, sem við leggjum til, að gerðar verði, eru afleiðingar af þessu, sem jeg hefi nú um rætt, og til að koma á samræmi milli annara greina frv.

Jeg get vel tekið undir það með háttv. form. allshn. (MT), að æskilegt væri, að hægt væri að fara nokkuð lengra í þessu efni og tryggja fleiri, helst alla þá, sem áhættustörf stunda; en það vill nú svo til, að fjöldi allra áhættusömustu starfanna er alls ekki talinn í frv. Nefndi jeg við 2. umr. nokkur tilfelli, en þau eru vitanlega miklu fleiri. Þannig væri t. d. æskilegt að geta trygt fjallferðamenn að vetrarlagi, eins og t. d. við læknisvitjun, meðalasókn og því líkt. Eru þær margfalt hættumeiri en mörg þau störf, sem frv. nefnir, og ef um almennar slysatryggingar væri að ræða, þá ættu slíkar starfsgreinar að sjálfsögðu að teljast með. En af því að frumv. er samið af mönnum, sem lítil kynni hafa af slíkum störfum, en hafa einkanlega haft fyrir augum reglubundna starfsemi í stærri bæjum og kauptúnum, þá hafa þeir ekki komið auga á þessi áhættustörf, sem eiga sjer stað annarsstaðar. Svo skal jeg ekki fjölyrða frekar að sinni, en jeg býst jafnvel við, að ef nokkurt kapp verður í hv. þdm. um málið, þá gefist mjer tilefni til þess síðar að taka nokkuð fleira fram.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Allshn. hefir nú haft þessar till. til athugunar á fundi sínum síðan málið var til 2. umr. Athugaði hún þá bendingar þær, er fram hafa komið, sjerstaklega frá hæstv. atvrh. (MG), og eins bendingar einstakra hv. þm. Tók nefndin til yfirvegunar, hve langt hún gæti gengið í því að fallast á brtt. við frv., og brtt. þær, sem nefndin sá sjer fært að samþykkja, eru að finna á þskj. 214, og þær brtt. eru allar miðaðar við þær aths., sem fram komu við 2. umr. málsins. Fyrsta brtt. nefndarinnar er sú, að bæta inn í 1. gr. 2. b. vinnu í sláturhúsum, eins og óskað hafði verið eftir í þessari hv. deild. Nefndin viðurkendi, að rjett væri að tryggja menn fyrir slysum, sem vinna í sláturhúsum. Stendur sláturtíðin hjer í Reykjavík yfir 3—4 mánuði og einnig alllangan tíma í fleiri hjeruðum. En í sláturhúsunum eru notuð bæði eggvopn og skotvopn, og hafa oft slys orðið þar, og kunnugt er, að slík meiðsli hafast oft illa við. Ennfremur hefir nefndin lagt til að taka póstana undir 1. gr. 2. d.

Brtt. við 8. gr. frv. hefir nefndin tekið upp eftir bending frá hv. 3. þm. Reykv. Hefir hann bent nefndinni á, að menn, sem láta róa hjeðan frá Reykjavík, hafa oft sinn manninn hvern daginn, og einhver tregða á því verið að fá þessa menn trygða. En nefndin telur það brýna nauð-

syn, að allir sjómenn sjeu trygðir. Nefndin hefir því tekið upp, að hægt sje að tryggja ákveðna tölu skipverja í róðri. Út frá þessari brtt. vil jeg taka það fram, að það er álit nefndarinnar, að ef frv. verður afgreitt í þeirri mynd, sem það nú er í, þá sje rjett, ef skift er um menn á lögskráðu skipi, að ef ekki er útrunninn tryggingartími þess, sem fer, þá geti hinn notið góðs af því tryggingargjaldi, sem fyrirfram var greitt. Mun þetta ekki geta skert tekjur sjóðsins að nokkrum mun, þó að sú tvígreiðsla iðgjalds falli niður, sem stundum á sjer stað nú.

Höfuðbreyting nefndarinnar er sú brtt., sem hún ber fram við 21. gr. frv. Höfðu menn einkum mikið að athuga við þessa gr. við 2. umr., og þá sjerstaklega hæstv. atvrh. (MG), þótti hún ekki nógu rúm að því er snertir framkvæmd laganna. Má jeg segja, að nú hafi þessi brtt. verið borin undir hann og hann tjáð sig geta fallist á hana. Mönnum þótti sem tafsamt væri og erfitt að þurfa að tryggja menn við smástörf í sveit, og því er nú farið fram á, að smáfelda starfsemi megi undanþiggja tryggingarskyldu fyrst í stað. Í öðru lagi hafa menn haft það við frv. að athuga, að það færi ekki nógu langt, en það var þegar bent á það við 2. umr., að það, að allir flokkar væru ekki teknir upp, kæmi af því, að frv. væri í rauninni aðeins rammi eða grundvöllur, sem altaf mætti bæta ofan á með því að bæta við nýjum flokkum. Jeg býst heldur ekki við, að mönnum geti dottið annað í hug en að í fyrsta sinn, sem tryggingarlög eru sett, hljóti að falla burtu ýmsir flokkar, sem áhættusamir eru, eða að strax verði fundin heppilegasta leiðin til að heimta inn gjöld o. s. frv. Enda er frv., eins og bent hefir verið á, atvinnutrygging, en ekki almenn slysatrygging. Nei, hjer verður auðvitað að bíða að sumu leyti eftir reynslunni og byggja síðan á henni. Einnig er nú svo frá gengið, eftir brtt. nefndarinnar við 21. gr., að stjórnin getur altaf tekið upp nýja flokka, er henni þykir það fært, og auk þess getur Alþingi altaf gripið inn í og hert á, því að ekki þarf annað en með einfaldri þál. að skora á stjórnina að taka nýja flokka upp til tryggingar. Jeg efast ekki um, að stjórnin muni altaf verða við þeirri ósk, og þetta er því fyrirhafnarminna, sem ekki þarf lagabreytingar við.

Jeg geri því ráð fyrir, að brtt. mæti ekki mótspyrnu, en geri frv. aðgengilegra í augum þeirra, sem helst hafa eitthvað haft að athuga við það. Jeg vil taka það fram fyrir hönd allsherjarnefndar, að hún vill benda á, að þótt stjórnin fái heimild til að undanþiggja smáfelda starfsemi, þá megi hún ekki undanþiggja tryggingarskyldu uppskipunarvinnu, tölul. 2. a., því næst sjómensku telur nefndin þessa vinnu síst mega falla undan tryggingarskyldunni.

Þegar jeg kem að brtt. hv. þm. á þskj. 226, mun jeg víkja að greinargerð hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fyrir þeim, og eins athugasemdum hans við brtt. nefndarinnar. En fyrst ætla jeg að víkja að hv. þm. Mýra. (PÞ). Hann hefir komið fram með brtt. við brtt. sína á þskj. 161, þar sem bætt er úr því, sem nefndin fann að tillögunni við 2. umr. Jeg get sagt það fyrir hönd nefndarinnar, að hún er tillögunni hlynt, ef brtt. verður samþykt.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 226; þar eru þær brtt., sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir mælt fyrir hjer í hv. deild. Þær eru flestar þess eðlis, að þær sumpart draga úr tryggingarskyldu í frv., eins og það er, og taka auk þess út meginið af hættulegri vinnu, eins og t. d. uppskipun. Jeg

skal, áður en jeg fer lengra út í þessar brtt., lýsa því yfir, að nefndin felst á 1. og 4. till., og er viðbótin raunar í samræmi við það, sem nefndin hefir hugsað sjer, að fælist í brtt. við 21. gr. frv. Þá er 7. brtt. Um hana mun jeg ekki tala sjerstaklega. Jeg held nefndarmenn muni eftir atvikum sætta sig við, að stjórn sjóðsins sje heimilt að víkja frá settum reglum, ef sjerstaklega stendur á. Háttv. 1. þm. S.-M. taldi brtt. háttv. þm. Mýra. óþarfa, ef þessi yrði samþykt. Svo er ekki, því að jeg álít rjett að taka fram sem flest atriði í frv. sjálfu og setja sem nánastar reglur um, hvernig úthlutun fari fram. Í skiftingunni verður að vera sem minst handahóf, og þó að þetta sje ákveðið, er það aðeins til bráðabirgða, af því að menn hafa ekki fundið nógu skýrt orðalag á 5. gr. Þá er ekki meira í brtt. þessara hv. þm., sem nefndin mælir með. Þá eru þær brtt., sem nefndin leggur á móti. Jeg skal ekki fara út í iðgjaldagreiðslu, því að hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir rætt það atriði sjerstaklega. 2. brtt. fer fram á það, að ferming og afferming skipa og báta, sem nota vjelavinnu við þessa vinnu, falli undir tryggingarskyldu na því aðeins, að vinnan standi yfir meira en ½ dægur. Ef þessi brtt. verður samþykt, fellur burt mikill hluti allrar uppskipunarvinnu hjer í Reykjavík. Hv. tillögumenn hafa borið þeim mönnum á brýn, sem sömdu frv., að þeir hafi ekki þekt til nema í Reykjavík. Má með sama rjetti segja um þá, sem samið hafa þessar brtt., að þeir viti ekki, hvernig uppskipun fer fram hjer, og furðar mig á því, þar sem einn þeirra er framkvæmdarstjóri togarafjelags. Við uppskipun úr togurum eru jafnaðarlega ekki notaðar vjelavindur, og verði því þessi brtt. samþykt, fellur langstærsti hlutinn af uppskipunarvinnunni undan tryggingarskyldunni. Jeg veit ekki, hvort það hefir vakað fyrir þeim. Hv. 1. þm. S.-M. hefir ekki lýst því svo nákvæmlega. En togaraafgreiðslan stendur heldur ekki yfir nema 5—6 tíma, svo að frá því sjónarmiði falla þeir heldur ekki undir tryggingarskyldu. Einnig fellur undan tryggingarskyldunni mestöll uppskipunarvinna við strandferðaskipin úti um land, sem venjulega stendur ekki lengur en 5—6 tíma. Á síðastl. sumri kom jeg með „Goðafossi" norðan um land, og jeg man það, að uppskipunin stóð ekki lengur en 4—5 tíma, nema aðeins á stærstu höfnunum. Menn, sem vinna að uppskipun á meira eða minna hættulegum stöðum og þar, sem hafnleysur eru, falla þannig undan tryggingarskyldu. Sje það meiningin hjá hv. þm., eru þeir stefnu nefndarinnar andvígir, og vilja þá raunar fella niður einn nauðsynlegasta liðinn í tryggingunum.

Þá vjek háttv. 1. þm. S.-M. að því, að hann vildi ekki láta tryggja menn, þó að þeir hlypu í að ferma og afferma skip. En það vakir fyrir nefndinni og er almenn ósk manna, að menn sjeu tryggðir við þessa vinnu.

Þá er 3. brtt. Þar er talað um að fella fiskverkun og ísvinnu undan. Hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir vikið að þessu. Þessi vinna, þ. e. a. s. fiskverkun, er að því leyti hættuleg fyrir fólk, að það getur fengið og fær oft meiðsli í hendur, og jeg hefi hugsað mjer, að þeir, sem vinna við síldarvinnu á sumrin, falli undir tryggingarskyldu, því að við þá vinnu fá þeir oft ilt í hendur. Það liggur máske í orðunum, en mjer þótti rjett að taka það fram. *(SigurjJ*: Það liggur ekki í orðunum). Jeg álít, að það eigi að falla undir fiskverkun. En að fella þetta fólk burt er sama og að svifta sjóðinn tekjum. Ef

á að hugsa sjer slysatryggingu, er ekki nóg að tryggja fólk aðeins við allra hættulegustu vinnuna, og kannske ekki nema á fáum stöðum á landinu, því þá yrðu iðgjöldin alt of há, þegar aðeins fáir menn ættu að bera uppi tryggingargjöldin. Annars er meiningin, þó hver atvinnu- eða áhættuflokkur út af fyrir sig eigi að bera sig, að upp komist fjársafn. Annars er ómögulegt að halda uppi tryggingum. Og sje fiskverkun slept, leiðir af því skerðing á tekjum sjóðsins. Jeg held yfirleitt, að hv. flm. tillögunnar hafi ekki athugað, hversu mikinn skaða þeir gerðu með þessu tryggingarmálinu í heild sinni; þeir verða að athuga það, að ef áhættan er lítil, er gjaldið lágt, en þó ávalt dálítið hærra í hverjum flokki en út þarf að borga, svo að hinn sameiginlegi tryggingarsjóður eflist ár frá ári. Að því er snertir framkvæmd laganna um tryggingar á fólki, sem vinnur slíka ígripavinnu eins og fiskverkun o. fl., þá er það ekki ætlun nefndarinnar, að iðgjöldin þar sjeu greidd fyrirfram, heldur t. d. eftir hverja viku, og sjeu iðgjöldin þá greidd eftir vinnuskrám þeim, sem haldnar verða, og nú munu þegar haldnar af flestum þeim, er þessa atvinnu reka í stærri stíl.

Hvað 5. brtt. viðvíkur, sjer nefndin ekki ástæðu til að mæla með henni. Það yrði kannske sparnaður fyrir hið opinbera, sem mest lætur vinna af því, sem talið er upp í 2. tölul. d.; en það er vitanlegt, að ekki verða ósjaldan slys við þessa vinnu, og þá munu yfirmenn fylgja þeirri reglu að greiða einhverjar bætur þeim, sem fyrir slysinu verður. Það sparar þá lítið fyrir ríkissjóð, en mennirnir væru vissari um að fá bætur. Skyldudagsverk við vegavinnu í sveitum mætti undanskilja í reglugerðinni. En að fella alveg burt vegavinnu, sem er í nokkuð stórum stíl, finst mjer ástæðulaust. Jeg skil ekki, hvers vegna á að undanskilja lögregluþjóna, tollþjóna, svo og vitaverði og starfsmenn við vita. Hv. 1. þm. S.-M. gerði enga grein fyrir því. Jeg hefi heldur enga ástæðu heyrt fyrir því og álít það misráðið. Með því að gera þessar takmarkanir, held jeg, að þeir hv. þm., sem að brtt. standa, geri erfiðar framkvæmdir, af því að orðalagið er svo teygjanlegt, þar sem talað er um „meiriháttar" brúargerðir o. s. frv. Jeg veit raunar ekki, hvort það á við annað en brúargerð, en svo kemur alt hitt á eftir í upptalningunni. Og þar sem hv. 1. þm. S.-M. hefir helst fundið frv. það til foráttu, að það væri ekki nógu alment, ætti hann síst að gera þessar takmarkanir, sem eru mjög ósanngjarnar og til erfiðleika í framkvæmd laganna.

Þá ætla jeg ekki að minnast frekar á brtt. Hv. 1. þm. Árn. mintist á „princip"-atriði, hverjir eiga að greiða tryggingargjald, en jeg er algerlega andvígur þeirri brtt., sem fer fram á, að iðgjöldin sjeu færð yfir á verkamenn. Það var fundið að því um daginn, að þetta væri of mikið bákn og hvorki fugl nje fiskur, heldur tóm skriffinska. En jeg held, að brtt. þessarar hv. þm. auki skriffinskuna. Og þær takmarkanir, sem þeir vilja gera, svo sem um uppskipun o. fl., kemur mjög í bága við það, sem þeir halda fram um, að tryggingarnar eigi að vera almennar.

Hjer mun jeg láta staðar numið að sinni. Jeg þykist hafa sýnt fram á, að þær tillögur á þskj. 226, sem nefndin getur ekki fallist á, eru óhæfar til að komast í lögin, og bent á, að ekki má fella uppskipun undan tryggingarskyldu, enda mundi það skaða sjóðinn með iðgjaldamissi og hækka iðgjöldin að miklum mun, vegna þess, hve fáir menn við

þessa atvinnu fjellu undir tryggingarnar. Undir fiskverkun heyrir líka vinna í þurkhúsum, en þar eru notaðar vjelar. Fyrir skömmu lá við miklu slysi í einu þurkhúsi hjer í bæ, og sýnir það þörfina á að tryggja fólk við þá vinnu.

Jeg býst nú við, að þeir hv. þm., sem að till. standa, taki til máls aftur og gefi mjer þá frekara tækifæri til svara.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að segja, að mig langar ekki í daglangt reiptog um þetta mál, og þess vegna mun jeg reyna að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hógværlega, svo að ekki verði brýn ástæða fyrir hann að teygja lopann.

Jeg get þó ekki látið ósvarað því, sem hann hefir vikið að mjer, og þótti mjer hann sumstaðar taka nokkuð djúpt í árinni. Það er að vísu rjett, að jeg gaf ekki í fyrri ræðu minni ítarlega skýringu á einstökum brtt. eða ástæðum fyrir þeim. Því er rjett af honum að benda á það og æskja skýringar. Eins og hann þegar hefir tekið fram, hefir nefndin ákveðið að fallast á 3 af brtt. okkar. Hinar telur hv. 2. þm. Reykv. óhafandi eða óverjandi með öllu.

Um fermingu og affermingu skipa fórust honum svo orð, að það lakasta við okkar brtt. væri það, að slysatryggingarsjóðurinn yrði sviftur svo miklum tekjum. Hann virtist leggja minni áherslu á þörfina að tryggja þá menn, er vinnu þessa stunda, en aðalátthersluna á hitt, að svifta ekki sjóðinn tekjum. Hann benti líka á, að með þeim takmörkunum, sem við vildum hafa um affermingu skipa, þá fjellu undan tryggingarskyldu þeir, sem ynnu að afferming togaranna, en þeir væru svo margir, að tekjur slysatryggingarsjóðsins rýrnuðu til stórra muna við það. Það er satt, að vinnu þessa stundar fjöldi manna, en það skil jeg ekki, að áhættumeira sje að kasta fiski upp úr togurum heldur en öðrum skipum, enda mun svo litið á alment, að vinna þessi sje áhættulítil, og aðalatriðið er að tryggja við hættum, en ekki að safna fje eingöngu.

Hjer gæti komið til tals — og jeg er ekki fjarri því — að leggja skatt á alla vinnu og alla starfandi menn, helst eftir efnum og ástæðum, þannig að allir landsmenn greiddu eitthvað af mörkum í sjóðinn. En að taka frá einni kirkju og gefa annari, eins og segja má, að hjer sje gert, felli jeg mig ekki við.

Hv. þm. mintist líka á, að með brtt. okkar fjelli undan slysatryggingu afgreiðsluvinna við skip úti um land, og yrði það, eins og annað í brtt. okkar, til þess að baka sjóðnum tap. Þetta er einmitt óhjákvæmilegt og nauðsynlegt, því að við teljum alt of mikið umstang við að færa vinnuskrár og margbrotnar skýrslur vegna þessarar litlu vinnu, er til fellur við að t. d. póstskip kemur á einhverja höfn 4 eða 5 sinnum á ári. Afgreiðsla slíkra skipa getur varla talist svo hættuleg, að nauðsyn beri til að tryggja þá menn, sem að henni starfa, fyrir slysum.

Hv. þm. drap ekkert á ísvinnuna, er við viljum láta falla undan skyldutryggingu, og má þá kannske álíta, að hann sje okkur sammála um hana, enda mun mála sannast, að skoða megi þá vinnu áhættulausa, nema ef til vill þar, sem ís er tekinn á djúpu vatni og svo illa getur til tekist, að ósyndur maður falli í vök.

Þá virtist hv. frsm. (JBald) leggja mikla áherslu á, að brtt. hv. allshn. á þskj. 214 yrðu samþyktar, því með þeim yrði bætt úr öllum göllum frv. En jeg sje ekki betur en að þær brtt. leiði aðeins

til handahófslegra ákvarðana um það, hverjir skuli tryggðir og hverjir ekki, og heimila þær sífeldar breytingar með reglugerðum upp aftur og aftur um þetta efni.

Þá taldi hv. frsm., að það væri illa farið, að við vildum fella undan vegavinnu. Jeg hafði nú skýrt frá því, hvers vegna við vildum fella hana undan. Í fyrsta lagi getur sú vinna ekki talist hættuleg, eða þeim mönnum slysagjarnt, er hana stunda; og í öðru lagi mundu undir hana falla allir þeir menn, sem ekki gerðu annað en aðeins að kasta steini úr götu eða laga heimreiðir að bæjum í hjáverkum.

Honum þótti ekki tilhlýðilegt að fella lögregluþjóna undan skyldutryggingu. Jeg get ekki sjeð, að stöðu þeirra fylgi nein sjerstök hætta. Hinsvegar höfum við bætt inn í frv. einum flokki manna, sem fullkomin ástæða er til að tryggja, en það eru póstarnir. *(JBald:* Við höfum líka tekið þá). Jeg veit það, en við gátum ekki vitað, hvað nefndin mundi leggja til eftir á, og þess vegna tókum við póstana upp.

Hann kvað svo að orði, hv. frsm., að eftir okkar brtt. fjelli undan skyldutryggingu meginið af þeim mönnum og flokkum, sem frv. vildi halda. Þetta er ekki rjett; jeg hygg, að fleiri sjeu eftir, enda höfum við með brtt. okkar aðeins felt þá eina undan, sem með rökum má sýna, að óþarft sje að tryggja fyrir slysum, og það af þeirri einföldu ástæðu, að vinna sú, er menn þessir stunda, getur ekki talist hættuleg, en umstangið mikið við tryggingu þeirra.

Þá sagði hv. frsm. ennfremur, að það væri ósk og krafa almennt úti um land að tryggja þá menn, sem vinna að afgreiðslu skipa. Það kann að vera, að hann telji sig þekkja betur til úti um land en jeg geri. En á Austurlandi hefi jeg aldrei heyrt þetta, hvorki í einmæli eða þar, sem fleiri hafa borið ráð saman, að neinn hafi óskað eftir þessu. En hinsvegar er mjer óhætt að fullyrða, að úti um land, þar sem aðeins um ígripavinnu er að ræða, þar vilja menn vera lausir við það mas og þá skriffinsku að færa vinnuskrár og útfylla flókin skýrsluform vegna fárra stunda ígripavinnu.

Hv. frsm. vill slá alla varnagla með reglugerð. Jeg hefi áður minst á þessar reglugerðir og sýnt fram á, að þær sjeu að engu hafandi. Þær geta aldrei staðið óbreyttar árinu lengur, enda er með þeim komið inn á þá braut, er jeg síst vildi kjósa, að stjórnin setji lög og reglur eftir sínu höfði um þau efni, sem Alþingi einu ber að ákveða.

Hann áleit líka, að með þál. mætti t. d. á næsta þingi taka upp fleiri flokka til tryggingar, eða fela stjórninni að bæta þeim við. Þar er hann aftur við sama heygarðshornið; hann vill láta stjórnina setja lög, en ekki Alþingi. Annars hafði jeg ekki vitað, að hann bæri neitt sjerstakt traust til núverandi stjórnar, og kom því dálítið á óvart, að hann vildi leggja slíkt vald í hennar hendur.

Þá vildi hann halda því fram, að fiskvinna í þurkhúsum væri hættuleg vegna vjelanotkunar í sambandi við húsin. Jeg hefi ekki komið í mörg fiskþurkunarhús; þó hefi jeg kynst dálítið vinnubrögðum þar, og jeg get ekki skilið, að meiri hætta sje að flytja fisk inn og út um hús, sem vjel er einhversstaðar í, heldur en að ganga um þilfar á gufuskipi, þar sem vjel er undir. Slíkar viðbárur geta ekki talist veigamiklar ástæður gegn brtt. okkar, enda virtist hv. frsm. ekki leggja mjög mikla áherslu á þetta.

Jeg get látið mjer lynda þetta í bráð og beðið átekta um, að atkvæði skeri úr um brtt. okkar á þskj. 226, en vil ekki gera gildringar til þess að lengja umr. að óþörfu.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Hv. fyrri þm. S.-M. (SvÓ) hefir misskilið mig, er hann álítur, að jeg leggi áherslu á, að ekki sje feldur niður a.-liður 2. töluliðs 1. gr. vegna gjaldanna, sem sjóðurinn megi ekki við að missa. Jeg drap aðeins á þetta sem aukaatriði, en tók það sjerstaklega fram, að ferming og afferming skipa, bæði í Reykjavík og úti um land, væri hættulegt starf, sem ýmsum slysum gæti valdið, og þess vegna sjálfsagt að láta þá vinnu falla undir tryggingarskyldu-una. Jeg benti líka á, að uppskipun væri ekki eins hættuleg vinna nú orðið hjer í Reykjavík, síðan höfnin kom, eins og víða úti um land. Þar yrðu oft slys, enda skýrði hv. þm. V.-Sk. (JK) frá einu slíku, er hann var sjónarvottur að austur í Vík, þar sem sumir mennirnir fórust og aðrir meiddust, þó þeir annars björguðust, en allir voru vitanlega ótryggðir. Jeg tók það líka fram, að það væri ávalt lagt á ofurlítið meira gjald fram yfir það, sem borga ætti út, til þess að safna fje í sjóðinn, enda þótt hver áhættuflokkur haldist út af fyrir sig.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) dró það mjög í efa, að utan af landi bærust óskir um almennar slysatryggingar. Jeg er nú þessu líklega engu síður kunnugur en hann, og get líka fullvissað hann um, að þessar óskir eru mjög almennar, eins og jeg skal víkja að í öðru sambandi. Hann mintist á ísvinnuna, og af því að jeg hafði ekki minst á hana sjerstaklega nú, þá dró hann þá ályktun, að jeg væri því samþykkur að fella hana undan. En svo er alls ekki, og jeg get bent honum á, að það er fleira ísvinna en að höggva ís af vatni og flytja í hús. Það þarf t. d. að flytja ís í togarana, og það er alls ekki hættulaust, fremur en annað, sem unnið er við skip. Mjer finst ástæðulaust að fella þennan flokk undan, enda vilji flestra þeirra manna, sem um mál þessi hugsa, að tryggingarnar geti orðið sem almennastar og víðtækastar þegar í byrjun.

Þá kom mjer það undarlega fyrir, að hann vildi undanþiggja tollverði og lögregluþjóna því að vera tryggðir, og tók það t. d. fram, að lögregluþjónum væri engin hætta búin vegna stöðu sinnar. Jeg vil þó benda honum á það, að jeg hefi verið úti á landi, t. d. í Vestmannaeyjum, og sjeð lögregluþjón fara út í skip, og það í vondum sjó, einmitt vegna embættisskyldu sinnar. Og hjer verða þeir oft að fara út í skip, og það út á ytri höfn, og sjaldnast spurt um, hvernig veðrið sje, enda verða þeir oft bæði fyrir meiðingum og margskonar hrakningum stöðu sinnar vegna. *(PO):* Þetta hefir fallið niður óviljandi og verður leiðrjett). Mjer skildist þó á orðum háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að það hefði ekki fallið niður í ógáti, en þar sem hv. þm. Borgf. (PO) segir það, tek jeg orð hans trúanleg, og læt því útrætt um þetta atriði.

Þá varð hv. 1. þm. S.-M. skrafdrjúgt um það, að við vildum draga valdið frá Alþingi, en fá það stjórninni, sem skipað gæti svo málum þessum með reglugerð. Um þetta hefir mikið verið rætt, og sje jeg ekki, hver hættan er í þessu efni. Við höfum lýst því yfir, að við treystumst ekki til, að svo stöddu, að gera lögin svo úr garði, að einugi dugi, og alt tekið með, sem vera á í þeim. En þegar þingið hefir markað línurnar, virðist ekki óforsvaranlegt að fela stjórninni að fara með

málið og setja nákvæmari reglur um tryggingarnar. Að minsta kosti skil jeg ekki, hvað það getur komið við trausti eða vantrausti manna á stjórninni, og heldur ekki get jeg skilið, að reglugerðarfyrirkomulagið rýri á neinn hátt vald Alþingis.

Þá hverf jeg aftur að þessum óskum manna um almennar tryggingar. Jeg held ekki, að jeg hafi heyrt meira talað um nokkurt mál, síðan hljóðbært varð, að frv. þetta mundi verða lagt fyrir þingið, nema efa vera skyldi þá um ríkislögregluna, en talsvert er það á annan veg, sem um hana er talað.

Jeg er spurður um þetta mál — slysatryggingarnar — af fjölda manna á hverjum degi. Og jeg er hringdur upp daglega af mönnum víðsvegar úti um land, sem fylgja með miklum áhuga öllu því, sem gerist í málinu. Öll verkalýðsfjelög — og þau eru mörg orðin um land alt — hafa þráfaldlega látið þá ósk í ljós, að sem flestir í flokki þeirra yrðu tryggðir fyrir slysahættum og almennum slysatryggingum komið á. Og jeg er viss um, að ef hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vildi spyrjast fyrir um þetta, t. d. í þorpunum í Suður-Múlasýslu, þá mundi hann komast að sömu niðurstöðu, og það er grunur minn, að ekki allfáir af hans eigin kjósendum sjeu þessarar skoðunar.

Og margir þeir atvinnurekendur, sem hafa menn í þjónustu sinni, eru áhugasamir um þetta mál og óska, að almennar slysatryggingar komist sem fyrst á. Góðir atvinnurekendur hafa líka alloft bætt þeim mönnum að nokkru, sem fyrir slysum hafa orðið í þjónustu þeirra; en þegar almennar slysatryggingar eru komnar á, sleppa þeir við það, því þá greiðir tryggingarsjóðurinn bæturnar. Frv. þetta er borið fram í fullri þágu beggja aðilja: atvinnurekenda og verkamanna. Og til þess hefir verið vandað eins og föng eru á, eins og jeg hefi líka margtekið fram, og er því ástæðulaust að sýna því slíka andúð, sem raun hefir orðið á.

En hitt vil jeg segja að lokum, að nái brtt. á þskj. 226 fram að ganga, þá tel jeg rjettara, að frv. verði felt að þessu sinni heldur en að láta það verða að lögum með þeim breytingum.

Fundartíminn er nú liðinn, og skal jeg því láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 48. og 49. fundi í Nd., dagana 1. og 2. apríl, var frv. tekið til f r h. 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. apríl, var f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 200, 161, 201, 214, 226, 237).

Pjetur Ottesen: Mjer líst þannig á, að ekki muni verða samkomulag um það að ganga þegar til atkvæða um frv. þetta.

Jeg á brtt. á þskj. 237, en um hana þarf jeg ekki margt að segja. Þeir menn, sem þar um ræðir, fjellu niður af vangá, er brtt. við frv. voru samdar. Um þetta vil jeg aðeins segja það, að það veldur engum örðugleikum í framkvæmdinni, þó að þessir menn sjeu tryggðir, því að þeir hafa fastar stöður.

Annars þarf jeg lítið að minnast á brtt. á þskj. 226, sem við 7 þdm. erum flm. að, því að aðalflm. þeirra, hátv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), hefir gert grein fyrir þeim og svarað þeim andmælum, sem fram hafa komið gegn þeim. Þær ganga í aðalatriðunum út á það að gera frv. svo úr garði, að slysatryggingarnar verði fram-

kvæmanlegar, að ekki sje vitandi vits svo frá þessu máli gengið, að það sje alveg fyrirsjáanlegt, að það drukni í skriffinsku og lítið verði úr framkvæmdum, og lögin þar af leiðandi að miklu leyti ekki nema pappírslög. Fyrir þessu hefir hv. 1. þm. S.-M. gert góða grein. Og það er mikilsvert atriði við hver lög, sem sett eru, að gera sjer grein fyrir því, hvernig þau muni reynast í framkvæmdinni.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um, að mestu annmarkarnir væru sniðnir af frv. með brtt. á þskj. 214. En eins og hv. 1. þm. S.-M. benti á, ganga þær till. skamt, og skemur en jeg álít frambærilegt, að minsta kosti að því leyti, sem þær snerta sveitirnar. Hjer er gengið langt út fyrir þá braut, sem venjuleg er í löggjöf, þannig, að með reglugerðarákvæði megi bæta við nýjum tryggingarskyldum flokkum, þannig, að hægt sje á þann hátt að gera þessa slysatryggingu almenna. Við það er að vísu ekki svo mikið að athuga í sjálfu sjer, en með þessu er gengið framar í því en til þessa hefir viðgengist að ákveða, að með reglugerð megi gera svo víðtæka lagabreytingu, og tel jeg það mjög varhugavert. En með þessum brtt. hefir nefndin gefið viðurkenningu um það, að frv. sje varhugavert; en það er og viðurkenningarvert, að hv. allshn. skuli fallast á skoðun okkar um það, að breyta þurfi frv.

Háttv. 1. þm. Árn. sagði, að það væri ljóst, að bráðlega þyrfti að breyta lögunum, enda þótt brtt. næði fram að ganga, og sagði, að þetta væri síður á þingi, og mintist í því sambandi á slysatryggingu sjómanna. En þar vil jeg benda honum á, að þær einar breytingar hafa verið gerðar á þeim lögum, að hækka dánarbæturnar og sömuleiðis iðgjöldin nokkuð, eftir því sem sjóðnum óx fiskur um hrygg. Til þess máls var þannig stofnað í byrjun, að ekki þurfti að breyta neinu um framkvæmdaratriði í því, og það er sá stóri skilsmunur og á þessu máli eins og það er komið frá hv. allshn.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði í sambandi við viðauka við 21. gr., að skilningur hv. allshn. á því atriði væri rjettur og ekki þyrfti annað en að bera fram einfalda þál. til þess að fá breytingar á lögunum hvað þetta snerti. Þá vil jeg benda honum á, og árjetta þar með það, sem jeg sagði um þetta út af ummælum hv. 1. þm. Árn., að athugavert er að innleiða þá reglu að breyta lögum með þál. Þess vegna er og svo fyrir mælt, að hafa skuli 6 umr. um hvert lagafrumvarp í þinginu, og er það gert til þess að tryggja það, að frv. sjeu vel athuguð áður en þau eru gerð að lögum. En um þál. þarf í flestum tilfellum ekki nema eina umr. Hljóta allir að sjá, hver munur er á þessu.

Sami hv. þm. (JBald) sagði ennfremur, að með þeim undanfellingum, er við flm. að brtt. á þskj. 226 gerðum ráð fyrir, væri sjóðnum gert mjög örðugt fyrir, og þess vegna yrðu iðgjöldin að verða hærri en ella mundi. Mjer skilst, að ákvæðin í 6. gr. frv. sýni það, að þetta er á misskilningi bygt. Þar er gert ráð fyrir mismunandi iðgjöldum, miðað við slysahættu, og með leyfi hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr þeirri grein:

„Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skifta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sjerstök iðgjaldsupphæð fyrir hvern trygðan mann í þeim flokki . . . .“ o. s. frv.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar gerir það — frá þessu sjónarmiði — hvorki til nje frá, hvort fleiri eða færri atvinnuflokkar falla undir trygginguna, sje tryggilega gengið frá ákvörðuninni um það, hvert iðgjaldið skuli vera.

Þá þótti háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) óákveðið hjá okkur orðalagið „meiriháttar brúargerð ....“ o. s. frv., og sagði hann, að það gæti valdið ágreiningi. En jeg segi fyrir mig, að jeg sje ekki mikinn mun á, að það sje óákveðnara en orðalag háttv. allshn., þar sem hún talar um „smáfelda starfsemi“. Hvorttveggja er að vísu óákveðið, en þar er enginn munur á.

Þá kem jeg að því atriði í brtt. á þskj. 226, sem er stefnuatriði. Það er um það, hverjir eigi að greiða iðgjöldin. Okkur flm. brtt. finst rjettast og eðlilegast, að fylgt sje þeirri reglu, sem komin er á um þetta, að iðgjöld skiftist milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Þannig er þetta í öllum tryggingum hjer á landi, og má þar benda á lífeyrissjóði, slysatryggingu sjómanna, ellistyrktarsjóð og fleira. Þetta er ósköp eðlilegt, enda vaxið upp úr þeim hugsunarhætti, sem hjer hefir verið ríkjandi og er ríkjandi, þar sem jeg þekki til, að menn vilja sjálfir sjá sjer farbarða og standa á sínum eigin fótum. Jeg segi fyrir mig, að jeg þekki ekki þennan ölmusuhugsunarhátt, sem talað er um, nje að menn vilji smeygja sjer undan þeim gjöldum eða skyldum, sem þeim ber að inna af hendi, sjer og sínum til tryggingar og hagsbóta.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði í ræðulok, að margir verkamenn vildu heldur, að frv. strandaði heldur en ef þeir ættu að taka þátt í iðgjaldagreiðslu. Þetta kemur illa heim við þann mikla áhuga fyrir þessu máli, sem hv. þm. (JBald) hefir verið að tala um. Hjer hlýtur eitthvað að fara milli mála, og jeg hygg, að í þessum orð um háttv. þm. (JBald) komi ekki fram hugsunarháttur sjómanna og verkamanna yfirleitt, heldur aðeins skoðun hv. þm. (JBald) sjálfs, og hún á ekkert skylt við hugsunarhátt alþýðu manna hjer í landi. Það er hugsunarháttur hv. þm. sjálfs, sem hann er sýnilega að reyna að rækta, og hefir kannske orðið eitthvað ágengt með. Annars gefa ummæli hans ástæðu til þess að draga í efa þann óskapaáhuga, er hv. þm. þykist hafa fyrir þessu máli, er hann talar svo fagurlega um. Fyrst og fremst andstaða hans gegn því að gera þetta frv. svo úr garði, að það sje framkvæmanlegt, en án þess nær það vitanlega ekki tilgangi sínum.

Í öðru lagi er framkoma hans í sambandi við frv. um sjúkratryggingar, er hv. allshn. hafði til meðferðar, en vísað var frá með rökstuddri dagskrá hjer á dögunum. Með því frv. var gert ráð fyrir almennri iðgjaldagreiðslu í sjúkratryggingarsjóðinn, en hinsvegar áttu þeir einir, sem illa eru staddir fjárhagslega, að njóta styrks úr sjóðnum.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) var á móti þessu frv. og vildi vísa því frá, og ein ástæðan, sem hann færði fyrir því, var sú, að málið væri ekki nógu vel undirbúið og þyrfti að athugast betur.

En þegar litið er á undirbúning beggja þessara tryggingarfrv., munar miklu, hvað sjúkratryggingarnar eru betur úr garði gerðar en þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Og ætli landsmönnum, sem kynnu að bera saman öll hans mörgu og fögru orð um áhuga hans á þessum tryggingarmálum, og svo framkomu hans í sjúkratryggingarmálinu, komi það ekki dálítið kynlega fyrir, að hann skyldi ekki geta tekið höndum saman við þá, sem bera vildu sjúkratryggingarfrv. fram til sigurs?

Það verður áreiðanlega heilladrýgst í þessu máli að fara heldur hægt af stað en smáauka við, eftir því sem reynslan sýnir, að heppilegt og hagkvæmt er. Á þann hátt verður best náð þeim góða tilgangi, sem liggur á bak við þetta mál.

Sveinn Ólafsson: Jeg átti ýmsu ósvarað háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) frá því síðast, er við deildum um þetta mál. En nú hefir hv. þm. Borgf. (PO) tekið flest af því fram, svo jeg get leitt hjá mjer að svara mörgu af þessu, sem jeg annars hefði þurft að gera.

Við fyrri hluta þessarar umr. var á það bent, að frv. þetta væri einhliða miðað við ástand og starfsháttu bæjanna og stórfelda, reglubundna vinnu í þarfir þess opinbera. Og að frv. fyrir þessar sakir yrði þá um leið ósamrýmanlegt við ástæður sveitanna og strjálbýlisins með ströndum fram.

Í öðru lagi var sýnt fram á þann stórfelda galla frv., að það ákveður skyldutryggingu fyrir fjölda manna, sem engin sýnileg slysahætta vofir yfir, en lætur hinsvegar ótrygða marga þá, sem áhættumestu störfin vinna.

Í þriðja lagi var það tekið fram, að með frv. væri að því stefnt að leggja allar kvaðir og þunga af slysatryggingunni á vinnuveitendur, en leysa þá slysatrygðu — vinnuþiggjendur — við allar slíkar byrðar og eðlilega sjálfsumhyggju, án alls tillits til þess, hvort hagur vinnuveitanda væri betri en vinnuþiggjanda, eða getan þar meiri.

Þessir eru líka þrír megingallar frv. Og af því að ákvæði þess miðast við þá stefnu, sem þessir þrír þættir eru ofnir saman úr, þá verða einstök ákvæði frv. óaðgengileg, einkum þó fyrir þann hluta landsbúa, sem heima eiga utan við það svæði, er haft hefir verið fyrir augum á meðan frv. var samið.

Frv. er því í rauninni einskonar spegilmynd af reiptoginu milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda hjer í Reykjavík, gegnsýrt af þeirri hugsun, að vinnuveitandi sje hvarvetna sá voldugi og ríki drotnandi, sem dragi til sín arðinn af vinnunni og sem þess vegna sje maklegur að bera allan þunga af óhöppum og slysum þeirra, sem vinna, en að vinnuþiggjendur sjeu einskonar umkomulaus fórnardýr, sem hvorki geti nje þurfi að sjá hag sínum borgið um þetta.

En þessi stefna á sjer hvergi formælendur, sem betur fer, nema hjer í Reykjavík, og fellur hvorki saman við hag sveitanna eða hugsunarhátt fólksins þar.

Útgerðarmenn fiskibátanna og sveitabændur margir eiga vissulega undir högg að sækja oft og tíðum við hina svonefndu vinnuþiggjendur, og ávöxturinn af vinnu hvorratveggja þeirra gengur oft allur til þess að greiða kaup þeirra svonefndu vinnuþiggjenda, en hinir, útgerðarmennirnir eða smábændurnir, synda áfram í botnlausum skuldum og eiga við þröngan kost að búa. Þetta er kunnugra en frá þurfi að segja. En þrátt fyrir það, á þó eftir frv. þessu að leggja á þessa eignalausu og skuldum hlöðnu vinnuveitendur allar kvaðir og allan vanda af slysatryggingunni, ásamt sektum og viðurlögum, ef ekki er gætt vandræktra ákvæða laganna.

Þetta er ekki aðeins óeðlileg kvöð við þá, sem minni máttar eru í þessum viðskiftum, útgerðarmenn víða úti um land og bændurna, sem oft verða um kaupkröfurnar að sætta sig við alt eins og sigraðir menn, en þetta er einnig brot á þeim ríkjandi og heilbrigða hugsunarhætti allrar alþýðu manna úti um sveitir landsins, að hver einstaklingur eigi að sjá um sig

og sínar þarfir, svo langt sem geta hans nær, og njóta stuðnings þess opinbera til þess. Stefnan eftir þessu frv. er sú, að seilast svo djúpt í vasa vinnuveitanda sem unt er og án tillits til þess, hvort hann hefir nokkra gjaldgetu eða ekki. En frá mínum bæjardyrum sjeð á almenn slysatrygging að vera samstarf vinnuþiggjanda og vinnuveitanda, og jeg þykist mega fullyrða, að hún komi ekki að liði fyr en hún nær til allra, er áhættustörf vinna, bæði til sjós og lands. Og mjer skilst, að almenn slysatrygging eigi hreint og beint að vera með samvinnusniði og studd af ríkinu, eins og átt hefir sjer stað undanfarið um slysatrygging sjómanna, enda er þar alt óbrotnara og einfaldara en frv. þetta ætlast til.

Jeg þori að segja og fullyrða, að þetta á betur við hugsunarhátt fólksins í heild en stefna þessa frv. Það er eftir heilbrigðri skoðun þess hreint og beint lægjandi og auðmýkjandi að þiggja alt af öðrum og varpa allri áhyggju á þá, að vera skjólstæðingur um alt og snúast eins og hjól í sigurverki innan í einhverjum ríkis-„mekanisma“, sem aðrir stjórna. Lífsskoðun og stefna sveitafólksins felst í orðtakinu: Hjálpaðu þjer sjálfur, og þá hjálpar guð þjer! Sú skoðun er heilbrigðari og í mínum augum eitthvað mennilegri og rjettmætari en þessi barlómur, sem ymur á bak við frv.

Í raun og veru er alls ekki um almenna slysatryggingu að ræða eftir frv., þó svo sje látið í veðri vaka. Heldur er hjer um mishepnaða tilraun að ræða til þess að tryggja ýmsa atvinnuflokka og eftir ósanngjarnlegum og óframkvæmanlegum reglum, sem apaðar eru eftir erlendum fyrirmyndum.

Almenn slysatrygging getur því aðeins átt hjer við, að allir þeir sjeu að einhverju leyti tryggðir, sem slysahættustarf annast bæði á sjó og í landi, og að iðgjaldsgreiðslan verði á alla lögð sem lágur skylduskattur, en ríkissjóður leggi fram verulegan hluta gjaldsins af tekjum þeim, er gjaldþegnarnir greiða í hlutfalli við gjaldgetu. Erlendar fyrirmyndir um slysatryggingar, miðaðar við stóriðjurekstur bæjanna, eiga ekki við landshætti hjer, og geta ef til vill orðið okkur hefndargjöf.

Þess vegna held jeg, að frv. þetta feli litla rjettarbót í sjer og að þetta mál þurfi miklu ítarlegri undirbúning, eigi það að verða samræmanlegt landsháttum hjer. Jafnvel með brtt. hv. allshn. á þskj. 214 held jeg það verði enginn happafengur.

Hv. allshn. vill bæta úr göllum frv. með reglugerðarákvæðum, en þau á að setja eftir till. tveggja manna, þar sem annar sje valinn af marghöfðaðri nefnd atvinnurekenda hjer í bæ, en hinn af svo nefndu Alþýðusambandi Íslands. Þannig á að leggja þessa tvíeggjuðu framkvæmd tyrfinna laga undir handahófslega ákvörðun tveggja manna, sem ef til vill eru gersamlega ókunnugir utan Reykjavíkur, eða að minsta kosti ekki ýkjaskygnir á það, sem betur fer, þegar lengra dregur frá bænum.

Mjer dylst það ekki, að frv. verður fullkominn gallagripur, þó að það fái þann búning, sem hv. allshn. ætlast til, og jeg kannast fúslega við það, að annmarkar þess eru ekki allir horfnir, þótt samþyktar verði brtt. okkar 7 flm. á þskj. 226, en einhver vegur mundi þá að ganga að því, ef þær yrðu samþyktar.

Annars held jeg, að rjettasta leiðin væri sú, að vísa frv. til stjórnarinnar til frekari undirbúnings og íhugunar, því mjer blandast ekki hugur um, að verði frv. nú að lögum, getur ekki liðið nema stuttur

tími þangað til öllu verður rótað um aftur. En að svo stöddu vil jeg þó ekki koma fram með slíka till., á meðan jeg sje ekki fyrir afdrif brtt. okkar á þskj. 226.

Jeg viðurkenni fúslega, að tilgangur frv. er góður og að almennar slysatryggingar sjeu nauðsynlegar, en jeg tek það fram, eins og raunar fleiri hv. þm. hafa gert, að formið, eða fyrirkomulag slysatrygginga með þessu móti samkv. frv., er óheppilegt og að mestu leyti ónothæft.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal játa það, að jeg hafði ekki búist við að leggja hjer orð í belg, og jeg hafði heldur ekki búist við, að um mál þetta yrðu slíkar umr. sem raun ber vitni. Mjer fanst undirbúningur þessa máls hinn ákjósanlegasti og hafði bestu vonir um, að það mundi ganga greiðlega í gegnum þessa hv. deild.

Mjer var kunnugt um, að frv. var samið af nefnd, þar sem útgerðarmenn áttu sinn fulltrúa og verkamenn sinn, og það gladdi mig, að þrátt fyrir það reiptog, sem verið hefir milli útgerðarmanna og verkamanna nú síðustu árin, gátu þessir fulltrúar þó sameinast um aðalstefnu frv. Þess vegna taldi jeg áreiðanlegt, að þingið gæti fallist á það.

Þegar svo frv. var hjer til 1. umr., fór það umræðulítið til hv. allshn., sem skipuð er mönnum af öllum flokkum þingsins, og sammála urðu um, að frv. fengi fram að ganga með dálitlum breytingum. Var jeg því enn sannfærður um, að mál þetta fengi skjóta og góða afgreiðslu, að minsta kosti í þessari hv. deild.

En hvað skeður? Nú við 3. umr. rísa margir hv. þm. upp og telja sig mjög mótfallna aðalstefnu frv., og það er einmitt þess vegna, sem jeg þykist ekki geta látið vera að leggja lítilsháttar orð í belg, án þess þó að lengja umr. til muna. Ekki geri jeg það þó vegna þess, að jeg telji mig betur vita en þá, sem hjer greinir á. Heldur tala jeg vegna þess, að rjettlætistilfinning mín segir mjer, að aðalstefna frv. sje rjett. Og ætla jeg þá að víkja að því atriði frv., sem andmælendur þess hafa mjög haft á orði og sem 8. og 9. liður brtt. á þskj. 226 hljóða um, þ. e. hvort verkveitendur og vinnuþiggjendur skifti milli sín iðgjaldagreiðslunni, eða verkveitendur greiði það algerlega.

Mjer finst brtt. á þskj. 226 um þetta efni ganga í ranga átt. Ekki segi jeg það þó vegna þess, að jeg hafi sjerþekking fram að færa í þessu máli, heldur virðast mjer allar ástæður benda til þess, að það sjeu vinnuveitendurnir, sem iðgjöldin eigi að greiða, og mun jeg þá færa nokkur rök þessari skoðun minni til stuðnings.

Í fyrsta lagi tíðkast þetta erlendis, þar sem slysatryggingar hafa verið um langt skeið, að vinnuveitendur einir greiði iðgjöldin. Er mjer kunnugt um þetta af ýmsu, sem jeg hefi um það lesið, og svo var á þetta bent hjer við 2. umr. málsins. Virðist mjer því, að reynsla annara þjóða í þessu efni geti verið okkur til fyrirmyndar, þar sem tryggingar eru lengra á veg komnar. Í öðru lagi er samkomulag það, er var á milli fulltrúa þeirra, er í nefndinni sátu og frv. sömdu. Og einmitt af því, að fulltrúi vinnuveitenda gekk inn á þetta atriði, þá verð jeg að leggja mikið upp úr því, og það hafi verið sett með fullkomnum vilja þeirra manna, er völdu hann í nefndina. Það hefir líka sýnt sig síðar, að maður þessi hefir fult traust þessara manna, er þeir fólu honum mjög svo vandasamt og ábyrgðarmikið starf sem erindreka suður á Spáni.

Í þriðja lagi má minna á það, að þegar stórslys hafa borið að höndum hingað til, hafa vinnuveitendur og stórútgerðarmenn talið skyldu sína að hlaupa undir bagga með þeim, sem harðast hafa orðið úti, og er það ekkert smáræði, sem þeir hafa þannig greitt til bágstaddra núna síðustu árin.

Í fjórði lagi er það viðurkent, að allar aðrar tryggingar eigi verkamennirnir einir að bera, og eru það engin smáræðisgjöld, þegar öll kurl koma til grafar hjá þeim, sem á annað borð skeyta um að tryggja sig fram yfir það, sem lögboðið er.

Í fimta lagi er það vitanlegt, að þó að stofnað sje til þessarar slysatryggingar, þá verður niðurstaðan sú, að aldrei verður nema að litlu leyti bætt slysið. Sársaukinn við slysið og spjöll á limum verður aldrei greitt að fullu. Og þó að vinnuveitendur leggi fram í peningum einhverja fúlgu til styrktar mönnum þeim, er hjá þeim vinna, þá verður það aldrei nema lítill partur af því tjóni, sem slysið veldur. Og í sjötta og síðasta lagi skal jeg játa það, að jeg hníg fremur að þessu ráði vegna þess, að það eru þeir minnimáttar, sem hjer eiga hlut að máli. Enda virðist alt benda á, að þetta sje ljúfur vilji vinnuveitenda og að þeir vilji sýna verkamönnum sínum sanngirni og rjettlæti. Tel jeg það affarasælast, hvað sem öðru líður, og þess vegna fyrir bestu að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg veit ekki, hvort rjett er að lengja umr. um þetta milli mín og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Það er tæplega við því að búast, að við verðum á eitt sáttir um það.

Hv. þm. Borgf. (PO) játaði, að þetta væri aðeins byrjun og að með þessu væri lagður grundvöllurinn að slysatryggingu í stórum stíl. Nú sem stendur er engin tryggingarstarfsemi innlend til, nema slysatrygging sjómanna. Við verðum því að þreifa okkur áfram og reyna að búa til sem breiðastan grundvöll, og búa þannig sem best í hendur komandi stjórnar.

Hv. þm. amaðist einnig við brtt. allshn. við 21. gr., um að bæta megi við nýjum flokkum tryggingarskyldra manna, og megi þar með bæta inn ýmsri smástarfsemi. Það er alveg rjett. En hv. þm. gleymir því, að í þessu felst ekkert annað en það, hvort breyttir atvinnuhættir skapi ekki nýja þörf trygginga og stefnir í þá átt, sem allir vilja, að koma á sem almennustum tryggingum.

Þá vjek hv. þm. að iðgjöldunum og vísaði til ummæla minna. Hann hafði það eftir mjer, að þau mundu verða hærri, ef heilir flokkar væru undanskildir. Jeg hygg, að jeg hafi ekki sagt þetta. En hitt er sýnt, að ef mikið er felt undan og flokkarnir mannfáir, sem undir tryggingunum falla, þá verða iðgjöldin hærri.

Við skulum hugsa okkur t. d. uppskipun á ýmsum höfnum. Þar er slysahætta mjög misjöfn. Ef aðeins er trygt á þeim höfnum, þar sem hættan er mikil, verða iðgjöldin auðvitað há. En hjer í Reykjavík, þar sem góð höfn er og góð verkstjórn, er slysahætta auðvitað minni; þar yrðu iðgjöld lág, ef í þessu efni væri miðað við Reykjavík eina, og því má ekki einskorða starfsemi tryggingarsjóðsins, hvorki við þá staði, sem hættan er minst, nje hina, sem hættan er mest, því að það hlýtur að hafa mjög óheppileg áhrif á starfsemi slysatryggingarsjóðsins.

Um brtt. þær, er sjómenningarnir flytja við frv., er það að segja, að verði þær samþyktar, þá falla margir undan tryggingu í Reykjavík, og máske úti um land.

En ef svo margir og stórir flokkar eru undan feldir, þá gengur afarmikið frá af því fje, sem sjóðurinn annars fengi, því að þess fleiri sem trygðir eru í sama atvinnuflokki, þess lægri verða iðgjöldin, en sjóðurinn þó sterkari.

Það mætti ef til vill segja, að það miði í sömu áttina, sem farið er fram á í brtt. okkar við 21. gr., og það, sem kemur fram í 5. brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. Borgf. (PO), en það er að fella smáfeldari starfsemi undan tryggingarskyldunni. En jeg er ekki í neinum vafa um það, að það er heppilegra, sem farið er fram á í brtt. allshn., að fela stjórn sjóðsins og landsstjórninni að ákveða, hvað undan megi fella, heldur en að gera það með óákveðnu orðalagi í lögunum sjálfum.

Jeg skal láta ósvarað ummælum háttv. þm. Borgf. um það, hvort jeg fylgi þessu máli af heilum hug eða ekki. Hygg jeg, að þau ummæli falli um sjálf sig. Og það mun sýna sig, hvor okkar er einlægari í þessu máli. Og fyrst hann fór að blanda sjúkratryggingarfrumvarpi stjórnarinnar inn í þessar umr., þá get jeg vel sagt hv. þm. Borgf., hvað jeg aðallega fann því til foráttu; það var það, að berklavarnakostnaðinum átti að ljetta af ríkissjóði, og leggja hann sem nefskatt á landsmenn. En víðast mun það viðurkent, að slíkur kostnaður á að greiðast af fje ríkissjóðs, en ekki sem nefskattur. Og að fátækir menn fá styrk frá því opinbera vegna berklaveikinnar, stafar af því, að varnir gegn þessum sjúkdómi eru fremur gerðar fyrir þá, sem heilbrigðir eru, en hina, sem veikina hafa. Og þess vegna á slíkur kostnaður ekki að heyra undir sjúkratryggingar.

Þá vildi hann halda því fram, að styrkur veittur samkv. sjúkratryggingarfrumvarpi stjórnarinnar væri ætlaður þeim, sem miður væru færir. En menn áttu engan veginn eftir frv. skilyrðislausan rjett til þess að fá styrk úr sjóðnum. Styrknum átti að jafna niður eftir mati fátækrastjórnar. Það var því engin trygging fyrir því, að hinir fátækustu fengju hann.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) söng sama söng og áður. Hann er andvígur tryggingunum; vill helst vísa málinu frá til hæstv. stjórnar til athugunar.

Jeg ætla samt að hlaupa yfir þau óviðurkvæmilegu orð, sem hann viðhafði um verkamenn og hugsunarhátt þeirra. Kvað hann frv. vera spegilmynd af því reiptogi, sem hjer væri milli verkamanna og atvinnurekenda. Þetta dæmi var illa valið hjá hv. þm. Mjer virðist það bera vott um hið gagnstæða, því atvinnurekendur og verkamenn hafa einmitt komið sjer vel saman í þessu máli. Ennfremur að frv. væri brot á þeirri hugsun, að hver ætti að hjálpa sjer sjálfur. Jeg get ekki sjeð, að svo sje, og þá hafa líka allar menningarþjóðir brotið þá hugsun allalvarlega; því þær fylgja einmitt þeirri reglu um greiðslu iðgjalda í slysatryggingum, sem hjer er stungið upp á. Og þar, sem atvinnurekendur ráða lögum og lofum, eins og t. d. hjer, þá er það alment álitið, að atvinnurekstrinum beri skylda til þess að greiða kostnaðinn við slysatryggingar.

Þá vil jeg að lokum leiðrjetta misskilning hv. þm. (SvÓ) að því er snertir brtt. okkar við 21. gr. Hann hefir ekki athugað það nógu vel, að þó þessir tveir fulltrúar, sem hann nefndi, eigi að hafa hönd í bagga með framkvæmd laganna, þá er það þó stjórn Slysatryggingarinnar, sem úrskurðarvaldið hefir. Það er rangt, að það sjeu þessir tveir fulltrúar, sem ráðin eiga að hafa. (*SvÓ*: Jeg sagði aldrei þetta, sem hv. þm. talar um). Nei, hann

sagði það ekki. En hann sagði, að einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi frá „svokölluðu Alþýðusambandi Íslands" ættu að fjalla um þetta. Og hann sagði þetta í þeim tón, að það var eins og hv. þm. væri að reyna að þurka af sjer, að hann hefði nokkurn tíma staðið nærri þeim flokki, sem kendur er við Alþýðusamband Íslands.

Jeg vil benda á, að þótt skoðanirnar sjeu dálítið skiftar um þetta frv., þá þykist jeg þó mega fullyrða, að þeir sjeu miklu fleiri, sem eru ánægðir með frv., heldur en hinir, sem óánægðir eru. Og allsherjarnefnd hefir tekið flestar athugasemdir til greina og borið fram breytingartillögur, sem flestir ættu að geta sameinast um; en þær brtt. eru á þskj. 214. Og verði frv., sem jeg vona, þannig afgreitt frá þinginu, þá er málinu komið á þann rekspöl, að ekki ætti að þurfa að líða langur tími, þar til almennar slysatryggingar eru komnar á hjer á landi. Og með þessu frv. er einmitt lagður grundvöllurinn. Jeg legg það því til, að hv. deild samþykki frv. með þeim breytingum einum, er allsherjarnefnd hefir lagt til, og þeim tillögum á þskj. 226, er hún hefir tjáð sig samþykka.

Jón Auðunn Jónsson: Það er satt, að á erlendum skipum er sú tilhögun, að atvinnurekendur borga nær öll iðgjöld til slysatrygginga. Það er einnig sjálfsagt hjer þar sem líkt stendur á. En hjer horfir öðruvísi við, þar sem um smábátaútgerð er að ræða. Þar eiga sjómennirnir hlut í afla og taka ágóða eftir því, hvernig gengur. Á smábátum er veltan lítil, og ef iðgjöld yrðu svipuð iðgjöldum til slysatryggingar sjómanna, þeim er nú gilda, þá munaði mjög mikið um þetta. Ef bátur stundaði róðra 36 vikur með 6 mönnum, eins og víða á sjer stað, þá yrðu þetta um 200 kr. á bát, og dálítið hærra á smávjelbátum. Jeg held, að þetta yrði talsvert þungur skattur á smáútgerðinni, margfalt hærri en þegar hásetar greiddu 1/5, útgerð 1/5 og ríkissjóður 3/5.

Jeg drap á það við 2. umr., að æskilegt væri, að nefndin tæki til athugunar, hvort slysatrygging sjómanna ætti ekki að verða sjerstök deild í þessari stofnun. Jeg hefi ekkert heyrt frá nefndinni um það. Hefði þó verið full ástæða til þess. Sjóðurinn er til og sjómenn hafa lagt drjúgan skerf til hans. En þegar nú allir eiga að vera iðgjaldsfríir, þá er sanngjarnt, að sjómenn njóti þess, er þeir hafa áður lagt fram, og fái hærri skaðabætur.

Það hefir verið talað um, að fulltrúar verkamanna og atvinnurekenda hafi fjallað saman um þetta frv. Jeg held, að þeir hafi ekki í nefndarstörfunum skoðað sig sem fulltrúa vissra stjetta, heldur heildarinnar, og var það líka sjálfsagt. En jeg lít svo á, sem hv. nefnd hafi yfirsjest í því, því þótt sanngjarnt sje, að tryggingarskyldan hvíli á atvinnurekendum í stórfyrirtækjum, þá er það þveröfugt um smáútgerðina.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi aðeins mæla með 7. brtt. á þskj. 226, um að heimilt sje stjórn sjóðsins að víkja frá úthlutunarreglunum, ef sjerstaklega stendur á. Jeg er henni samþykkur, eins og jeg tók fram við 2. umr. Skilst mjer, ef hún er samþykt, sem óþörf sje brtt. á þskj. 201, þótt hún geti að vísu staðist. Út af síðustu brtt. á þskj. 214 skal jeg taka það fram, að jeg skil hana sem heimild til að undanþiggja tryggingu þá starfsemi,

er sýnt er um, að kostnaðurinn og fyrirhöfnin við hana standi ekki í rjettu hlutfalli við væntanlega tryggingu eða áhættuna. Ef hv. nefnd mælir ekki gegn þessari skoðun, þá tel jeg hana samþykka,

Vil jeg svo ekki blanda mjer frekar inn í þessar umræður.

ATKVGR.

Brtt. 226,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 226,2 samþ. með 15:13 atkv.
— 226,3 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JS, JÞ, KlJ, MG, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, BL, HStef, HK.

nei: IngB, JakM, JBald, JK, JörB, MJ, MT, PÞ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BSv.

Brtt. 214,1 samþ. með 22:1 atkv.
— 226,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 237 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 226,5 samþ. með 18:3 atkv.
— 214,2 sjálffallin.
— 226,6.a feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JS, KlJ.

nei: MT, PÞ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, JakM, JBald, JK, JÞ, JörB, MG, MJ, BSv.

Brtt. 226,6.b samþ. með 15:7 atkv.
— 201 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 161, svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 226,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 226,8 feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JS, JÞ, KlJ, MJ, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, BL, HStef.

nei: IngB, JakM, JAJ, JBald, JK, JörB, MG, MT, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BSv.

Brtt. 226,9 tekin aftur af flm., en var tekin upp af þm. N.-Ísf. (JAJ) og feld með 14:4 atkv.
— 214,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 214,4 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 284).

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Ed., dagana 30. apríl og 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., laugardaginn 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 284, n. 397).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það mun vera svo nú orðið, að slysatryggingar eru alment innleiddar eða ákveðnar í flestum menningarlöndum; en hinsvegar hefir þeirra lítið gætt hjá okkur enn sem komið er. Við höfum aðeins haft lítinn vísi af slíku, þar sem eru slysatryggingar sjómanna. En þar sem mál þetta er þannig komið á góðan veg hjá menningarþjóðunum, og vísir sá, sem við höfum haft, hefir gefist vel og ekki orðið ríkissjóði að óhappi, en þó til hagnaðar fyrir hlutað-

eigendur, þá er ekki nema eðlilegt, að fram hafi komið kröfur um að láta tryggginguna ná yfir meira eða til fleiri en hingað til hefir átt sjer stað. Af þessum ástæðum var það, að á síðasta þingi var borin fram till. til þál. um skipun nefndar til þess að athuga þessi tryggingarmál og semja frv. um almenna slysatryggingu. Varð stjórnin svo við þessum tilmælum og skipaði þriggja manna nefnd til þess að rannsaka þessi mál. Samdi svo sú nefnd frv. um almenna slysatryggingu og afhenti atvinnumálaráðherra. En af því að það kom nokkuð seint í hendur hans, fól hann allshn. neðri deildar að bera það fram, til þess að komast hjá símskeytakostnaði. Gekk frv. svo gegnum neðri deild, en á því voru gerðar þar nokkrar breytingar, sem flestar miðuðu frekar að því að þrengja svið tryggginganna.

Þær breytingar, sem allshn. þessarar deildar hefir lagt til, að gerðar væru á frv., ganga því flestar í þá átt að koma því í hið upphaflega form, láta tryggginguna ná meira út en nú er í frumvarpinu.

Brtt. nefndarinnar á þskj. 397 eru 7, en tvær þeirra skiftast þó í sundur í fleiri liði. Fyrsta tillagan er við 1. gr. 1. b. Má segja, að það sje orðabreyting, að á eftir orðunum „1 mánuð“ komi: í senn. Tilætlunin mun ekki hafa verið sú, að undir þetta ákvæði fjellu fiskimenn á róðrarbátum, nema því aðeins, að þeir stunduðu veiðarnar mánuð í einu.

Önnur breytingin er við 1. gr. 2. a. og er fólgin í því að taka upp sama ákvæðið og var í frumvarpinu upphaflega. Eins og frumvarpið er nú, er samkvæmt því ekki tryggingarskylda við fermingu og affermingu skipa og báta, nema þeirra, sem nota vjelavindu og afferming stendur yfir meira en ½ dægur. Standi því þetta ákvæði, er sýnilegt, að menn, sem vinna við uppskipun úti um land, komast ekki undir tryggingarskylduna. En eins og kunnugt er, getur oft verið mikil hætta við slíka vinnu, einkum þar sem hafnir eru ekki sem bestar.

Þá er 3. brtt. nefndarinnar; hún er líka við 1. gr., að orðin „meiri háttar“ í tveim stöðum falli niður. Nefndinni sýndist óþarfi að láta þessi orð standa, þar sem skýrt ákvæði er í frumvarpinu, 21. gr., um það, að undanþiggja megi tryggingarskyldu alla smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eins og t. d. smávegalagningar í hreppum, vinnu við sýsluvegi o. fl., þar sem engin meiri háttar áhöld eru notuð, aðeins kastað upp úr skurðum og borið ofan í. Aftur á móti fanst nefndinni engin ástæða til að undanþiggja alla vegagerð tryggingarskyldu, því að við þá vinnu er eins hætt við slysum og víða annarsstaðar, þar sem nú er farið að nota vjelar til þess að mylja grjót ofan í vegina, eins og víða er gert við vegagerð ríkissjóðs. Nefndinni þótti og sjálfsagt, úr því símalagningar eru taldar tryggingarskyld fyrirtæki, þá ættu sömuleiðis aðgerðir á síma að vera tryggingarskyldar. Því það liggur í augum uppi, að hættan við aðgerðir á þessum tækjum er alls ekki minni heldur en við að leggja línurnar í upphafi.

Þá er 4. brtt., sem nefndin leggur til að verði gerð. Það er viðbót við 2. gr.: þess efnis, að borgun til nefndar þeirrar eða fulltrúa, sem ræðir um í 18. gr., skuli ekki telja til stjórnarkostnaðar. Í 18. gr. er talað um skipun nefndar og fulltrúa, en hinsvegar engin grein gerð fyrir því, hverjir eigi að borga þessum mönnum. En hætt er við, að þeir fari fram á borgun einhversstaðar frá, og er þá viðbúið, að svo verði litið á, að þeim skuli borga úr sama sjóði og stjórnarmeðlimum. En

það fanst nefndinni ekki geta komið til mála, heldur yrðu þeir, sem stæðu fyrir skipun nefndarinnar eða fulltrúanna, að sjá sjálfir fyrir borgun til þeirra.

5. brtt. nefndarinnar er við 5. gr., að niður falli 2. málsgr. 4. liðar, sem sje þessi orð: „Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum reglum“ o. s. frv. Þessa málsgrein vill nefndin láta fella, vegna þess að hún hyggur, að það verði til ónæðis og umsvifa fyrir stjórnina að mega víkja frá þeim reglum, sem settar eru.

6. brtt. er í reyndinni ekki annað en orðabreyting, þannig að í stað „atvinnurekendur í þeim .... og sveitarfjelög“ komi: þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni. Þessi orð grípa að vísu yfir sama svið sem hin orðin, en geta og tekið til annara jafnframt, sem kynnu að vera skyldir til þess að tryggja verkamenn sína, þó þeir sjeu ekki beint atvinnurekendur.

7. brtt. a.-liður þarf engra skýringa við. En b.-liðurinn þarf þess frekar. Nefndinni fanst ekki rjett, að stjórnarráðið hefði eftir till. slysatryggingarnefndar heimild til þess að bæta við nýjum tryggingarskyldum atvinnuflokkum, því ef stjórnin hefði heimild til slíks, þá væri þýðingarlaust að telja þessa flokka upp hjer, heldur væri þá rjettast að setja um það einfalda reglugerð. Því vill nefndin fella burt heimild fyrir stjórnina til að bæta við tryggingarskyldum atvinnuflokkum, en að hún hinsvegar hafi heimild til að undanþiggja tryggingarskyldunni ýmsa smástarfsemi. Þetta er nauðsynlegt, því það er ekki hægt að setja í lög ákveðnar reglur um það, hvað skuli undanþegið. Slíkt verður að fela landsstjórninni og stjórn sjóðsins.

Viðvíkjandi málinu í heild, þá er sjerstaklega ein aðalhugsun, sem skoðanir manna eru nokkuð skiftar um, sem sje hverjir eigi að greiða iðgjöldin, hvort heldur atvinnurekendur eða vinnuþiggjendur. Hvað þetta snertir, þá mun það vera almenn regla að hafa þetta svona annarsstaðar, að atvinnurekendurnir borgi þessi gjöld. Og hinsvegar verður ekki sjeð, að sá maður í þeirri nefnd, er frv. samdi, er sjerstaklega var skipaður fyrir atvinnurekendur, hafi gert neinn ágreining út af þessu atriði, heldur hafi nefndin öll verið hjer sammála. Þess er líka að vænta, að þó hin reglan væri tekin, að skylda vinnuþiggjendur til þess að greiða iðgjaldið að nokkru eða öllu leyti, þá yrði útkoman í reyndinni sú sama, því við samninga mundi það jafnan vera haft á bak við eyrað að heimta það, að vinnuveitendur greiddu gjaldið aukreitis. Jeg veit þess dæmi um önnur slík persónugjöld, svo sem ellistyrktarsjóðsgjald og prestlaunasjóðsgjald og kirkjugjald, að þó einstaklingarnir eigi að greiða þetta sjálfir, þá hafa samt húsbændurnir tekið það að sjer þegjandi að greiða það í flestum tilfellum. Það er því ekki mikið upp úr þessu að leggja, þó því verði hagað svona að því er snertir iðgjaldsgreiðsluna eins og frv. gerir ráð fyrir.

Jeg hefi ekki eins mikla þekkingu á þessum efnum eins og skyldi, svo að jeg sje fær um að tala um það fremur öðrum. En það hefir fallið í minn hlut að vera framsögumaður málsins, og hefi jeg tekið það að mjer sem hverja aðra skyldu. Jeg bið svo hv. deild að afsaka það, að framsagan er ekki flutt af neinni sjerþekkingu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. (EP) skýrði hjer alveg rjett frá tildrögum þessa frv. að öðru leyti en því, að

mjer skildist á honum, að það hefði verið tilætlunin, að frv. yrði lagt fyrir þingið sem stjfrv. En svo var ekki. Það var tilgangur flm. í byrjun, að frv. yrði lagt fyrir þingið eins og það kæmi frá nefndinni. En nú kom það ekki þaðan fyr en liðið var fram á þing.

Um brtt. hv. allshn. hefi jeg lítið að segja, nema helst eina, 5. brtt., um heimild fyrir stjórn sjóðsins til þess að víkja frá settum reglum um rjett til dánarbóta. Þetta er að mínu áliti nauðsynlegt. Það getur verið í einstökum tilfellum mjög leiðinlegt að vera alveg bundinn af þessum reglum. Það er að vísu dálítið bætt úr þessu með 3. lið 5. gr., um bætur til foreldra, en jeg tel rjett, að þessu sje hægt að koma við oftar. Mjer er þetta atriði vel ljóst, af því jeg var um tíma gjaldkeri slysatryggingar sjómanna og þekti tilfelli, sem voru mjög ósanngjörn og stjórnin hefði fegin viljað bæta úr; en það var ekki hægt vegna laganna. Jeg vil því mælast til þess, að nefndin geri ekki þessa till. að kappsmáli. Að öðru leyti eru brtt. nefndarinnar að mínu áliti sumpart þýðingarlitlar, aðrar til bóta og sumar alveg rjettmætar. Til bóta tel jeg 7. brtt. a. og líklega líka 6. brtt. En hvað snertir vegagerðir og símaviðgerðir, þá verður það að vera á valdi stjórnarinnar að undanþiggja smáviðgerðir. Jeg skoða ákvæðið í 21. gr. sem öryggisráðstöfun, þannig að ekki verði farið út í það að tryggja þar, sem væntanleg trygging getur ekki svarað kostnaði. Og jeg geri ráð fyrir því, að þessi öryggispípa verði notuð nokkuð mikið meðan reynsla er að fást, og vona jeg, að hv. deild hafi ekkert á móti því. En eftir að reynsla er fengin, þá er hægt að draga ýmsa lærdóma af henni.

Frsm. (Eggert Pálsson): Það var aðallega ein brtt., sem hæstv. atvrh. (MG) mælti á móti, sem sje brtt. við 5. gr. Jeg hefi ekki getað komið því við að bera mig saman við nema annan meðnefndarmann minn, þar sem hinn er ekki viðstaddur. En okkur hefir komið saman um það að leggja ekki áherslu á þessa brtt., ef hæstv. atvrh. sýnist það rjettara, að hún verði ekki samþykt. Jeg er sammála hæstv. atvrh. um það, að ekki sje nema sjálfsagt að nota heimild 21. gr. um að veita undanþágur frá tryggingarskyldunni. Það er skynsamlegt að láta tryggingarskylduna ekki grípa mjög vítt út í fyrstu, en færa hana fremur út síðar. Það mun reynast heppilegra fyrir framkvæmd málsins. En einmitt þessi öryggisráðstöfun í 21. gr. gerði það, að okkur þótti ekki óvarlegt að taka upp símaviðgerðir og fella niður orðin „meiri háttar“ í 1. gr. 2. d. Um símaviðgerðir er það að segja, að þar getur oft verið um nokkuð stórt að ræða, þegar sími slitnar og staurar brotna á stóru svæði, og þar af leiðandi eins hætt við slysum við slíkar viðgerðir eins og við símalagningu í byrjun. Að öðru leyti hefi jeg ekkert að athuga við það, sem hæstv. atvrh. sagði, frekar en jeg hefi nú greint frá.

Ingvar Pálmason: Hv. frsm. (EP) hefir tekið fram ástæðurnar fyrir þessu frv., og skal jeg því ekki fara út í það, nje heldur sjálft frv. í heild sinni, en aðeins minnast á eitt atriði. Það er 1. gr. b. Þar stendur svo: „Fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum, er stunda fiskiveiðar einn mánuð á ári eða lengur“. Jeg tel, að slysatryggingin gangi hjer of skamt. 1. vikan í mánuðinum hlýtur að vera jafn-

áhættusöm fyrir sjómennina og sú 4. Jeg játa, að hjer sje erfitt að setja rjett takmörk, en þó vildi jeg óska þess, að sú breyting væri hjer á gerð, að sett væri ein vika í staðinn fyrir einn mánuð. Jeg hefi ekki komið með brtt. um þetta nú. En jeg skýt því til háttv. nefndar, að hún vildi sjá sjer það fært að athuga þetta til 3. umr. og bera þá fram till. í þessa átt, ef henni virðist það rjettmætt.

ATKVGR.

Brtt. 397,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 397,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 397,3.a samþ. með 10:1 atkv.
— 397,3.b samþ. með 9:2 atkv.
— 397,3.c samþ. með 12:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 397,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 397,5 tekin aftur.

5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 397,6 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

7.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 397,7.a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 397,7.b samþ. með 10 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

22.—23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 436).

Ingvar Pálmason: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi flytja brtt. við þessa umr. Nú hefir mjer ekki unnist tími til þess að ganga frá henni svo, að hún yrði prentuð, og leyfi jeg mjer því að koma með hana skriflega, í þeirri von, að hæstv. forseti sjái sjer fært að láta hana koma til atkv.

Brtt. þessi er við 1. gr. 1. b. og fer fram á, að í staðinn fyrir „1 mánuð“ komi „1 viku“ fyrir þá menn, sem atvinnu stunda á vjelbátum eða róðrarbátum. Jeg lít svo á, að hjer sje um engu áhættuminni vinnu að ræða en margt það, sem talið er í frv. Það er ekki fullnægjandi þetta ákvæði frv., að miða skyldutryggingu þessara manna við 1 mánuð. Þegar þess er gætt, að bátar þessir ganga ekki nema með höppum og glöppum, og atvinnan því stopul, en áhættan hin sama, hvort sem atvinnan er stunduð lengri eða skemri tíma. Er því auðsætt, að menn þessir geta algerlega fallið undan tryggingunni, en það tel jeg illa farið, enda misrjetti gagnvart öðrum stjettarbræðrum þeirra.

Jeg tel brtt. þessa til bóta. Hún er svo ljós og skýr, að hv. þdm. þurfa ekki langan tíma til þess að átta sig á henni. Læt jeg útrætt um hana og leyfi mjer að afhenda hæstv. forseta með þeirri ósk, að hún verði borin undir atkv. hv. deildar.

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er satt, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) hafði orð á því við 2. umr., að hann mundi koma með brtt. við þessa umr. En honum hefir samt sem áður láðst að bera það undir nefndina, hvað það væri, sem hann vildi breyta, og þar sem brtt. kemur nú fyrst á fundinum, leiðir af sjálfu sjer, að jeg get ekki skýrt frá afstöðu nefndarinnar til hennar.

Þegar verið var að ræða um þetta atriði í nefndinni, þá varð sú skoðun ofan

á, að 1 mánuður ætti að tákna samanhangandi vinnu, og þess vegna fjellu þeir ekki undir tryggingu, er atvinnu þessa stunduðu styttri tíma. Annars veit jeg ekki, hvort nefndin vill stytta þetta, en jeg fyrir mitt leyti vil það ekki, enda sje jeg ekki betur en að það næði þá til allra þeirra, sem skreppa á sjó eða fara kaupstaðarferðir sjóveg, og mundi það því fjölga til muna þeim mönnum, sem fjellu undir tryggingarskylduna.

Þess vegna greiði jeg atkv. móti þessari brtt.

Ingvar Pálmason: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. frsm. (EP) sagði. Jeg get ekki sjeð, að gengið sje of langt með brtt. minni, eða út fyrir tilgang frv., því vitanlega hefir hann verið sá, að tryggingarskyldan næði til sem flestra, er áhættuvinnu stunda. Þetta er heldur ekki ósanngjarnara heldur en að hún nái til þeirra manna, sem vinna við skipaafgreiðsu eða fiskvinnu stunda, þar sem aðeins er um tveggja stunda vinnu að ræða á dag, eða jafnvel minna.

Mjer finst brtt. mín stefna aðeins í þá átt að koma þeim öllum undir lögin, sem þessa áhættuvinnu stunda, og þess vegna á hún rjett á sjer.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. frá 2. þm. S.-M. (IP) (verður þskj. 450) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 450 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, BK, EÁ, IP, JJós, HSteins.

nei: JM, SE, SJ, EP, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 436).

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er ekki annað um frv. að segja en það, að nefndin hefir athugað breytingar þær, sem hv. Ed. hefir gert á því, og fara þær flestar í þá átt að færa frv. nær sínu upprunalega formi. Nefndin mælir því með, að frv. verði samþykt.

Sveinn Ólafsson: Jeg gat þess þegar við 1. umr., að jeg mundi ekki geta fylgt þessu frv. nema verulegar breytingar yrðu á því gerðar. Við 2. umr. gerði bæði jeg og nokkrir aðrir hv. þm. tilraun til þess að koma nokkrum þeim breytingum að, sem mest skiftu máli, en tókst ekki nema að nokkru leyti. Nú hefir frv. gengið í gegnum hreinsunareld hv. Ed. og hefir að kalla orði til orðs verið fært í sinn upprunalega og viðsjála búning.

Jeg tel þess naumast þörf að fara að telja það fram á ný, sem bæði jeg og fleiri töldum athugaverðast við frv. í upphaflegri mynd þess. Það er kunnugt frá fyrri umr. En það er sjerstaklega þrent, sem á milli ber og sem veldur því, að jeg treystist ekki til að veita frv. fylgi, þótt mjer væri það miklu kærara, ef það væri bygt á landsháttum og heilbrigðri stefnu, heldur en að verða nú að ganga í gegn því.

Þessir þrír agnúar eru: Í fyrsta lagi, að látnir eru ótrygðir flokkar manna og fjöldi einstaklinga, sem vinna miklu hættu-

legri störf en margir tryggingarskyldir. Í öðru lagi, að vinnuveitendum er lögð þungbær kvöð á herðar um eftirlit, bókhald og framkvæmd þessara laga, sem ekki eru líkleg til að verða vel rækt, þar sem skyldutrygða vinnan er ígripavinna og skiftist á við aðra vinnu. En að auki á þá lögð þung viðurlög, ef út af ber. Þeim er gert að skyldu að greina sundur þá vinnu, sem tryggingarskyld er, frá annari, og færa vinnuskrár vegna verkafólksins. Í þriðja lagi er iðgjaldagreiðslan öll lögð á vinnuveitendur eina, án alls tillits til þess, hvort þeir eru gjaldfærari en vinnuþiggjendur, en hvorki á ríkissjóð nje þá, sem trygðir eru, þótt svo hafi verið um slysatryggingar sjómanna að þessu.

Allar þessar misfellur væri nú harla auðvelt að lagfæra milli þinga, ef að því væri unnið af þeim mönnum, sem kunnugir væru landsháttum og vinnubrögðum víðsvegar um land. Frv. er bersýnilega um of sniðið eftir útlendum fyrirmyndum, sem ekki eiga hjer við, og miðað við ákveðnar tegundir vinnu hjer og í nágrenninu. Fyrir mjer vakir það, að þegar svona tryggingum verður komið á hjer, þá eiga þær að vera almennari og taka til allra, sem áhættustörf stunda, og ná til fleiri en hjer er gert ráð fyrir. Með slíku fyrirkomulagi hygg jeg, að gera mætti framkvæmdina auðvelda, þar sem hver maður, er hættulegt starf ynni, yrði trygður og gjaldskyldur að einhverju leyti, en vinnuveitandi og ríkið greiddu nokkuð. Þannig mundi umstangið hverfa að mestu, nema innheimta iðgjalda, og öll framkvæmd verða auðveldari.

Jeg tel rjettara að bíða enn, ef hægt væri að fá hagfeldari lög um þetta eftir eitt ár, heldur en flaustra af lögum, sem mörg missmíði eru á og valda hljóta óánægju.

Því hefir verið haldið fram, að breyting sú, sem gerð hefir verið á 21. gr., bæti mikið úr göllum frv., eða afmái þá jafnvel með öllu, sú, að heimila undanþegin tryggingarskyldu ýms smávægileg störf utan kauptúna og kaupstaða. Þetta er ástæðulítil getgáta, og þótt undanþegin verði í sveitunum einhver minni háttar störf, sem lög þessi gera tryggingarskyld, þá er bersýnilegt, að ekki verða trygðir margir þeirra, sem nú eru undanskildir tryggingu og vinna þó hættuleg störf.

Rjettarbætur eftir 21. gr. verða ætíð ófullnægjandi og koma að litlum notum. Þess vegna legg jeg til, að frv. verði í þetta sinn vísað til hæstv. stjórnar, og vænti þess, að næsta þing geti þá afgreitt málið betur samkvæmt landsháttum og þörf landsmanna.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það þýðir nú ekkert að fara að ræða frv. alment, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vill gera. Hann kom með sömu aths. og við fyrri umræður. Hann hefir einkum fundið þrent að: Að frv. væri ekki nógu víðtækt, að það legði kvaðir á menn, og að iðgjaldagreiðslan kæmi skakt niður.

Við höfum deilt um þetta áður og hann hefir ekki sannfært mig. Hann getur aldrei búist við að koma á almennum tryggingum, svo að ekki verði eitthvert umstang við það. Og ef vandkvæði eru á því að koma nokkrum hluta manna undir tryggingu, þá er hitt æðistórt skref, að taka alla. Reyndin verður að gefa okkur vitneskju um það, hvernig á að haga þessu í framtíðinni; það er skólinn. Þetta er alveg nýtt hjer, að taka upp víðtækar, löggiltar tryggingar. Þó hafa allir sæmilegir atvinnurekendur haldið uppi einhverjum tryggingum fyrir verkamenn sína. En það hefir verið af handahófi. Og nú

er margur atvinnurekandi, sem gleðst yfir að fá þessi lög. Þeir fylgja þeim margir úr þeim hópi. Það hefir oft verið talsverðum vanda bundið fyrir þá atvinnurekendur, sem hafa viljað bæta verkamönnum sínum tjón af slysum, að gera það, svo ekki verði misrjetti. Stundum er farið eftir efnahag, en það vekur aftur óánægju, ef misjafnt kemur niður. Og jeg get vel skilið, að atvinnurekendur gleðjist yfir því að fá þetta ákveðið með lögum. Jeg álít háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hafa óttast alt of mikið það umstang, sem því fylgir að hafa reglu á þessum tryggingum. Hver atvinnurekandi hefir skrá yfir menn í þjónustu sinni. Þá er líka allur galdurinn leystur. Þetta er auðveldara en menn hugsa.

Jeg býst ekki við, að gallar frv. verði lagfærðir, þó hæstv. stjórn fái það til meðferðar, því það, sem einn telur galla, telur annar kost.

Jeg álít alveg þýðingarlaust að vísa þessu frv. til stjórnarinnar. Þetta er miklu betur undirbúið en frv. einstakra þm. yfirleitt eru, og meiri vinna í það lögð. Það hefir því sem næst fengið sama undirbúning og stjfrv., því það er algengt, að stjórnin fái sjerfróða menn til aðstoðar við samningu frumvarpa. Látum okkur sjá, hvernig þetta reynist, og af reynslunni læra að haga okkur í framtíðinni í þessum málum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg heyrði ekki ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Mjer er sagt, að hann hafi lagt það til að vísa frv. til stjórnarinnar. Af hvaða ástæðum, veit jeg ekki. Hugsa jeg, að því valdi breytingar hv. Ed. á till. hans. *(SvÓ: Það og fleira).* Nú, það er bæði það og fleira. Jeg verð að segja það, að vegna ákvæðisins í 21. gr. álít jeg, að ekki hafi mikið að segja, þó farið verði strax að framfylgja þessum lögum. Það er sem sje lítil hætta á því, að teknar verði til greina mjög smáfeldar tryggingar fyrst í stað, þar sem stjórnin mun frekar hafa tilhneigingu til að halda í í þessu efni heldur en hitt. Hinsvegar myndi stjórnin telja sjer skylt að athuga málið nánar fyrir næsta þing, ef því væri vísað til hennar, þó jeg telji engu síður heppilegt að byrja strax að framkvæma lögin, og bíða þá með breytingar á þeim þar til sú reynsla væri fengin, sem hægt yrði að byggja á.

Að lokum vil jeg taka það fram, að þar sem mjer hefir ekki unnist tími til að athuga frv. þetta sem skyldi, þá get jeg auðvitað ekki borið ábyrgð á því í öllum greinum. En eins og jeg hefi áður drepið á, þá er varnagli sleginn í 21. gr. fyrir því, að smáfeldar tryggingar komist að fyrst í stað. Það er satt, sem sagt hefir verið, að frv. þetta er samið af mönnum, sem lítið þekkja til í sveitum, en úr þeim annmarka dregur 21. gr.

Það er auðvitað, að stjórnin gerir það ekki að neinu kappsmáli, hvort frv. verður vísað til hennar eða ekki, en eins og jeg hefi þegar sagt, þá sje jeg ekki neitt á móti því, að frv. eins og þetta komi til framkvæmda strax.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar, frá 1. þm. S.-M., feld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, HStef, HK, JAJ, JS, JÞ, PO, SigurjJ, SvÓ.

nei: ÞorlJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, IngB, JakM, JBald, JK, JörB, KlJ, MJ, MT, PÞ, TrÞ, BSv.

MG greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 17:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 481).

43. Herpinótaveiði.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 [Herpinótaveiði] (þmfrv., A. 354).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Jeg býst við að geta verið stuttorður um frv. þetta að þessu sinni og vona, að það fái að ganga til nefndar. Svo er mál með vexti, að 1913 voru samþykt heimildarlög fyrir Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur um að gera samþyktir um herpinótaveiði. Var þetta mál hjer fyrst til meðferðar í hv. deild, og var borið fram af þingm. Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna, en deildin klofnaði um málið. Urðu allmiklar umr. um þetta mál 1913, eins og jeg mun víkja betur að, en 1923 er heimild Skagfirðinga aukin að miklum mun, þeim heimilað að friða Skagafjörð fyrir herpinótaveiði út að línu frá syðri enda Þórðarhöfða til nyrðri enda Drangeyjar og þaðan sömu stefnu á Skaga. Nú hefir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu notfært sjer þessi heimildarlög og bannað herpinótaveiði innan línu frá syðri enda Þórðarhöfða til norðurenda Drangeyjar og þaðan í sömu stefnu til Skaga.

Það, sem farið er fram á með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er að fella úr gildi þessa auknu heimild. En þótt frv. þetta verði að lögum, hafa Skagfirðingar jafnt eftir sem áður heimild til að friða innan línu, sem gengur frá Þórðarhöfða að Ingveldarstöðum. Sömuleiðis hafa Eyfirðingar leyfi til þess að þvergirða við Hrísey. Um þessi heimildarlög frá 1913 urðu sem sagt þá allmiklar umræður og klofnaði hv. Ed. líka í þessu máli, en lögin voru þó sett í það horf, sem þau eru nú, að bæði Skagfirðingar og Eyfirðingar hafa rjett til þess að setja hjá sjer slíkar reglugerðir og hjer um ræðir.

Menn deildi mikið á um það, hvort rjett væri að setja slíka löggjöf. En lögin standa óbreytt til 1923. Þá er Skagfirðingum heimilað að færa út línuna, sem ákveðin var 1913, og er það merkilegt, að þá fylgjast báðar deildir Alþingis að um málið. En þá er fregnin um þetta barst út um land, kom upp kurr hjá þeim, er stunda síldveiðar þar nyrðra. Á síðasta þingi hafði sjútvn. Nd. í huga að koma fram með frv. um það að nema lögin úr gildi, en jafnframt barst þá skeyti frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, að hún mundi ekki nota heimildina frá 1923, og fjell málið því niður. En á sýslufundi þar í vetur er þessi heimild notuð, og bannað að stunda herpinótaveiði innan línu, sem gengur frá syðri enda Þórðarhöfða og lendir á Skefilsstaðabökkum.

Þegar við flm. þessa frv. vissum um, að þetta væri staðráðið, þótti okkur rjett að koma fram með frv. þetta, sem á að nema úr gildi lögin frá 1923. Við vildum ekki fara lengra, þótt sumum fyndist, að nema ætti úr gildi lögin frá 1913.

Ástæður þær, sem færðar hafa verið

fram fyrir lögum þessum, er gefa sýslunefnd Skagafjarðar umgetna heimild, eru sumpart þær, að hætt sje við, að veiðarfæri manna þar skemmist, og sumpart þær, að síldveiðar með herpinót innan hinnar ákveðnu línu muni trufla fiski- og síldargöngu inn á fjörðinn.

Okkur flm. er ljóst, að slík heimild, er hjer um ræðir, er til stórhnekkis fyrir síldveiðarnar og þá, sem þær stunda. Og ástæður þær, sem færðar hafa verið fram fyrir þessum heimildarlögum, eru ekki á þeim rökum bygðar, að þær rjettlæti lögin.

Um eyðileggingu veiðarfæra er það að segja, að það, sem þar um hefir verið sagt, er á misskilningi bygt og ókunnugleik á því, hvernig veiðar eru stundaðar. Vona jeg, að háttv. þdm. geti sjeð, að þau skip, sem veiða með herpinót, verða að forðast það að lenda í botni, eða í veiðarfærum, sem í botni liggja. Yfirleitt mega herpinætur ekki snerta botn, nema þá að botninn væri sandbotn. Að lenda með herpinót í línu, þar sem önglar flækjast í nótina, er ekki það gaman, að menn seilist til þess, enda gætu herpinótasíldveiðamenn ekki gert sjálfum sjer meiri ógreiða en þann. Þessi ástæða, sem færð hefir verið fram fyrir heimildarlögunum 1923, er því ekki á rökum bygð.

Um hitt skal jeg ekki neitt fullyrða, en vitanlegt er, að síld eltir átu alveg inn í fjarðarbotna. Hinsvegar má vera, að meira mundi veiðast í lagnet innarlega í Skagafirði, ef þessi friðun, sem nú er ráðgerð, ætti sjer stað. En þessi veiði, eða sá hagur, sem af henni leiðir, verður þó hverfandi lítill á móts við það óhagræði, sem öðrum mönnum er skapað. Tvö undanfarin sumur hefir mikill hluti síldarinnar veiðst á því svæði, sem nú á að friða, og mun sú verða reyndin altaf þegar tíðarfar er líkt, sífeld norðanátt. Þá berst átan inn firðina og síldin eltir hana. Er auðsætt, að þessi ráðgerða friðun hlyti að baka ríkissjóði, útgerðarmönnum, sjómönnum yfirleitt og verkalýð stórtjón, og má því ekki láta heimildarlögin standa. Landhelgin verður einnig að skoðast sem almenningseign, og er mjög takmarkað, hvað landeigendur að sjó eiga fremur rjett til sjávarins en aðrir. Og hættulegt er, að Alþingi skuli ganga inn á þá braut, að gefa vissum mönnum rjett á landhelginni.

Að þessari umr. lokinni óska jeg, að málinu verði vísað til sjútvn.

Jón Sigurðsson: Það er að vísu ekki orðið einstakt, að breytt sje lögum eða að numin sjeu úr gildi lög frá næsta þingi á undan, en sjaldgæft er það, enda ber það vott um einstakan hringlandahátt. Þessi lög, er samþykt voru 1923, fengu allan þorra atkvæða, máske var einn eða tveir á móti. *(SigurjJ:* Nei, enginn). Það er því ástæða til þess fyrir þingið að íhuga þetta mál vel, áður en það hleypur frá sinni fyrri stefnu.

Ástæður þær, er færðar hafa verið fram fyrir þessu frv., eru þær, að síldveiðunum sje gerð tálmun, er valdi útgerðarmönnum verulegu tjóni og ríkissjóður bíði hnekki af. Jeg vil ekki neita því, að svo geti viljað til, að síldveiðamönnum sje gerður ógreiði stöku ár með þessari samþyktu línu, sem hjer um ræðir, og þótt sagt sje, að Skagfirðingum gangi til meinbægni ein, þá verð jeg þó að slá því föstu, að þeir menn, sem eiga hjer hlut að máli, vita þó betur en aðrir, bæði Siglfirðingar og ýmsir landshornamenn, hvar skórinn kreppir þá mest.

Háttv. flm. talaði um, að ekki gæti komið til mála, að herpinótaveiði skemdi önnur veiðarfæri. Þessu mótmæli jeg. Það

ætti að vera öllum skiljanlegt, að þegar krókt er af herpinótaskipum, fer að verða þröngt fyrir dyrum hjá hinum, sem leggja lóðir, og að spell geti af hlotist, enda hefir reynst svo.

Hv. aðalflm. málsins (SigurjJ) taldi ekki óhugsandi, að síldveiðarnar mundu hefta síldargönguna. Það skiftir að vísu ekki svo miklu máli fyrir síldveiðar Skagfirðinga. En þorskurinn eltir síldina, og bregðist þorskveiðin á firðinum fyrir þá sök, er öllum þeim, er þar stunda bátfiski, gert stórtjón, en það eru einkum fátækir þurrabúðarmenn. Allir hljóta því að sjá, að ef svo mikið er um að ræða fyrir síldveiðamenn, eins og hann sagði, þá muni þetta hafa ekki síður þýðingu fyrir útvegsbændur og sjómenn norður þar. Þessi breyting, sem hjer er farið fram á, er ekki til annars en tjóns fyrir alla smærri útgerðarmenn, er stunda veiðar þarna.

Eins og tekið hefir verið fram, er breyting laganna 1923 sú, að færa línuna dálítið út og tilgangurinn var sá, að fría 2 aðalmiðin þarna fyrir yfirgangi síldveiðamanna. Þingmenn verða því að meta, hvort er meira virði, hagsmunir almennings eða hagsmunir nokkurra einstakra manna einstöku sinnum á margra ára fresti; nægir í því efni að benda á það, sem öllum er kunnugt, að síldarganga er breytileg frá ári til árs; stundum er hún á Skagafirði, stundum á Húnaflóa og stundum á Eyjafirði. Og þótt síldin hafi sótt á þessar slóðir á síðustu árum, þá er það engin sönnun fyrir því, að svo verði áfram.

Jeg tel því, að þetta frv. sje eitt af þeim gönuhlaupum, sem gerð hafa verið hjer í þinginu, en jeg skal ekki tala meira um málið að svo stöddu; en fróðlegt þykir mjer að sjá hvernig atkvæði verða um það greidd og hvað hv. þdm. eru snúningaliðugir.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Jeg hefi ekki farið fram á það, að málið næði fram að ganga án þess að hv. þdm. gæfist kostur á að athuga það vel; jeg hefi lagt til að málinu sje vísað til nefndar.

Það er rjett hjá hv. 2. þm. Skagf. (JS), að árið 1923 var þingið óskift um mál þetta. Þótt undarlegt sje, fer það svo að segja umræðulaust í gegnum þingið. Þetta er þeim mun meira undrunarefni, þegar þess er gætt, að mjög skiftar voru skoðanir um það 1913. En ef satt skal segja, þá hafa nú einmitt þessi heimildarlög sýnt sig, og sýnt það, að öll slík heimildarlög hafa reynst illa, orðið óvinsæl, og samþyktirnar verið margbrotnar. Gildir þetta ekki aðeins um samþyktir á Skagafirði, heldur er líka allur almenningur við Faxaflóa og Ísafjarðardjúp fráhverfur þeim reglum, er settar hafa verið með fiskiveiðasamþyktum, er gerðar hafa verið eftir lögum frá þinginu.

Vona jeg, að hv. þdm. geti fallist á skoðun okkar í þessu máli. Hjer er ekki farið fram á það að svifta Skagafjörð hinni innri línu, sem ákveðin var samkv. lögunum 1913.

Um veiðarfæraskemdirnar og það, sem um þær er sagt, þá get jeg ekki sjeð, að neinu sje hnekt af því, sem jeg sagði áður, en verð þó að geta þess, að það er hæpið, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir um það sagt. Og eins og jeg hjelt fram áður, þá er það meira í þágu síldveiðamanna sjálfra að koma ekki nærri lóðunum, því að þeim er það stórtjón, ef saman lendir. (*JS*: Þeir gera það samt!). Jeg skal ekki fullyrða neitt, eins og jeg sagði áður, um síðari ástæðuna, en hitt er þó víst, að

Skagfirðingar hafa mikið gagn af síldveiðum þarna seinni hluta sumars, því að þá fá þeir oft beitu hjá síldveiðabátunum, og sjer enginn eftir því að láta þá fá nokkrar skeppur af síld. Verið getur að síldveiðar verði ekki eins að ári og verið hefir, en þá sjá allir, að það gerir ekkert til þótt ytri línan sje ekki til. Það er aðeins í norðanátt, að það er stórskaði fyrir síldveiðarnar, að þetta svæði skuli friðað.

Jeg skal endurtaka það, sem jeg mintist á áðan, að tjónið, sem af þessu leiðir fyrir Skagfirðinga, er hverfandi lítið móts við það tjón, sem aðrir bíða af samþyktinni. Við skulum segja, að 200 tunnur af síld fengjust í lagnet, en á sama tíma gætu aðrir fengið tugi þúsunda tunna í herpinætur, og þolir það engan samanburð.

Ágúst Flygenring: Mjer er það gersamlega óskiljanlegt, að þessi lög frá 1923, sem hjer er farið fram á, að numin sjeu úr gildi, skyldu nokkurn tíma hafa komið fram. Jeg hygg, ef þeir menn hefðu athugað þá reynslu, sem við höfum vitnað til um fiskiveiðar, og þekt nokkuð af þeim dæmum, sem við þekkjum, þá hefðu þeir ekki hikað við að fella frv. strax.

Það eru til svo átakanlegar fiskiveiðasamþyktir við Faxaflóa, sem gengu svo langt að banna mönnum fiskinn, að fólkið var að deyja úr hungri um leið og fiskurinn sást uppi við klettana; en fólkinu var ekki leyft að taka hann. Þeir, sem áttu landið að sjónum, en höfðu ekki ráð á að fiska með þessum og þessum veiðarfærum, þeir vildu gera aðra sjer jafna, að ekki mætti veiða fyr en þá og þá eða með tilteknum veiðarfærum, beitu o. s. frv., t. d. var það slagorð, að síldin væri eitur fyrir sjóinn, þ. e. a. s., ef þorskurinn kæmist á síldina, þá vildi hann ekki annað. Það yrði að kenna honum að jeta vissa fæðu eða taka rjetta beitu, með því að allir stæðu ekki jafnt að vígi með að afla sjer síldbeitu. Með öðrum orðum: Þetta var alt sprottið af öfundsýki manna, sem gátu ekki unt öðrum að veiða þorskinn, þegar þeir sjálfir höfðu ekki tök á því. Þeir, sem muna 30—40 ár aftur í tímann, þeir vita, að þetta er rjett. Þessu var líkt farið fyrir norðan jökulinn og víða á Vesturlandi; jeg hefi reynt þetta sjálfur og þekki það.

Jeg hugsaði, að öllum mönnum ætti að vera það ljóst, að samþyktir í þessa átt eru hreinasta hindurvitni, sem er bygt á öfund og meinsemi. Við þekkjum ekki nóg göngu fiskjarins, líf hans og eðli, til þess, að við getum sagt með nokkru rjettlæti, að ekki megi fiska á þessum eða hinum staðnum. Stundum koma göngur inn á Skagafjörð, eins og hv. 2. þm. Skagf. (JS) benti á, en stundum engar. En það er aldrei hægt að segja, að síldin fari inn í fjarðarbotn, ef enginn veiddi utar. Við þekkjum alls ekki eðli síldarinnar að þessu leyti; við vitum ekki, hvað það er, sem lokkar hana upp að landsteinum eða veldur því, hve innarlega hún gengur í firðina.

En jafnvel þótt svo væri ástatt, eins og ýmsir ímynda sjer, að einhver óhöpp stöfuðu af veiðinni utar í firðinum, þá er málið álitamál fyrir því, þar sem síldveiði með nótum frá landi getur aldrei orðið eins örugg og sú veiði, sem nú er stunduð yfirleitt. Því það geta altaf komið fyrir ár, og það mörg ár, sem síldin gengur ekki að landi. Á því urðu Norðmenn að kenna, bæði á Austfjörðum og við Ísafjarðardjúp, fyrir 40 árum, og urðu þeir að hverfa þaðan. Síldin hætti að ganga inn í firðina, en enginn veit

hvers vegna. Það var jafnmikið af henni fyrir því. En enginn getur borið neitt um það, hvað það var, sem olli þessari breytingu.

En hvað sem öllu því líður, þá álít jeg, að landhelgin ætti að vera öllum íslenskum ríkisborgurum jafnfrjáls. Dragi maður þá ályktun, að það sje rjett að heimila Skagfirðingum að friða Skagafjörð fyrir síldveiðum, þá mætti eftir sömu reglu og með sama rjetti heimila t. d. Skaftfellingum eða öðrum, sem land eiga að sjó, að banna veiðar í sinni landhelgi. Vitaskuld býst jeg ekki við, að menn hugsi til þess nú, en þeir eiga alveg sama rjett og Skagfirðingar til þessa.

Að þetta spilli þorskveiðinni, er ekki rjett, af þeirri einföldu ástæðu, að þótt þorskurinn gangi með síldinni oft og tíðum, þá getum við ekki náð síldinni í snurpinót nema uppi undir yfirborðinu, því hún getur ekki gengið með botninum; en ganga þorsksins er aðallega með botninum. Þess vegna eru þorskveiðar altaf óhindraðar af síldveiðum með hringnót, sem er flotnet.

Það er auðvitað ekkert á móti því, að menn hugsi sig vel um að gera þessa breytingu; en jeg mun ekki hika við, eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi, að gefa mitt atkvæði með því að nema úr lögum alt, sem snertir þetta atriði, bæði frá 1913 og 1923, af því að það eru þær mestu kreddur, sem nokkurntíma hafa komist inn í löggjöfina, og eru bara til tjóns.

Skemdir á veiðarfærum held jeg að geti varla átt sjer stað, eins og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) líka benti á. Jeg hefi spurt formenn, sem fiska síld á Skagafirði, og þeir segja, að það komi ekki fyrir. En kæmi það nú fyrir, að spilt væri veiðarfærum manna, þá er að kvarta undan því; þeir þekkja skipin, sem þarna veiða; þau eru innlend og því hægt að koma lögum yfir þau.

Jeg get alls ekki sjeð, að þótt menn veiði síld á Skagafirði, sje verið að ræna Skagfirðinga eða ganga á þeirra rjett, því þeir byggja ekki sína atvinnu á síldveiðum. Þeir stunda alls ekki neina síldveiði. Síldin er því ekki tekin frá þeim. Yfirgang í nokkrum skilningi get jeg því alls ekki kannast við. Það er sannarlega ekkert gönuhlaup, þótt þingið nemi þessar röngu lagasetningar úr gildi aftur; þær eru virkilegur yfirgangur við þá, sem byggja atvinnu sína á síldveiðum. Það verður áreiðanlega gert með tímanum, hvort sem það verður á þessu þingi eða ekki. Það er smátt og smátt að færast ljós yfir, í staðinn fyrir það mikla myrkur, sem var áður, hvað þekkingu snertir, er menn höfðu enga þekkingu á því, sem þeir voru að gera samþyktir um. Menn eru nú loksins komnir til skilnings á því, að ýmsar gamlar skoðanir í þessum efnum eru bygðar á hindurvitnum.

Jeg get tekið undir með háttv. 2. þm. Skagf. (JS), að mjer er forvitni að sjá, hvernig menn greiða hjer atkvæði, því jeg álít það gersamlega óforsvaranlegt að halda í þau lög, sem sýnilega hafa verið sett í ógáti, hvaða lög sem það eru og hvenær sem þau voru sett. En það á sjer stað um þessi lög; þau voru sett af vangá og skilningsleysi.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki teygja umr. mikið úr þessu. Jeg verð að játa það, að það er dálítið óþæg aðstaða fyrir mig, sem er einhliða landbúnaðarmaður, að eiga orðastað um þessi málefni við gamlan skipstjóra og svo útgerðarmann hinumegin, sem þekkja langtum betur inn á

þetta en jeg; en þó hefir ýmislegt komið fram hjá þeim, sem er svo augljóst, að orki tvímælis, að jeg verð að svara þeim nokkrum orðum.

Jeg ætla fyrst að snúa mjer að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Hann fordæmdi mjög samþyktir, og yfir höfuð allar slíkar heimildir. Jeg vil aðeins benda honum á það, að það eru ekki nema 2 ár síðan heimild var gefin einmitt til slíkrar samþyktar í hans eigin kjördæmi, samkv. eindregnum áskorunum frá kjósendum hans. *(ÁF*: Hvaða samþykt?). Heimild til að banna dragnótaveiði í landhelgi. Þau lög voru sett aðallega vegna Gerðahrepps í Gullbringusýslu. Svo að þeir þarna suður með sjónum eru ekki alveg á sama máli og háttv. þm. (ÁF).

Þá ætla jeg að snúa mjer að öðru atriði, sem kom fram hjá hv. aðalflm. (SigurjJ). Hann vildi eins og fyr gera lítið úr, hvaða þýðingu þetta hefir fyrir Skagfirðinga; sagði, að það væri svo geysismátt, sem þeir veiddu, samanborið við þann mikla afla, sem um væri að ræða á hina hliðina. Jeg skal játa, að síldveiðar Skagfirðinga eru smáræði. En það er á annað atriði að líta; eins og jeg benti á í fyrri ræðu minni, þá eru sjómenn nyrðra sannfærðir um, að stöðvun síldargangnanna geti gert þeim stórtjón að því er fiskveiðar snertir. Ef línan færist inn, þá er aðstaðan sjerstaklega góð á sundunum milli eyjanna til þess að stöðva göngurnar lengra inn, því að þarna eru talsverð þrengsli; en þarna hljóta síldargöngurnar að leita inn. Því er það ekki aðeins síldveiði innfjarðarmanna, sem gerður er leikur til að eyðileggja með þessu frv., heldur einnig ef til vill þorskveiðarnar.

Jeg verð að telja það meira en lítið varhugavert, ef það á að verða ofan á alt það los og tjón, sem síldveiðarnar í stórum stíl hafa óneitanlega bakað öðrum atvinnuvegum, að menn bæti því við að eyðileggja gamlan og rótgróinn atvinnuveg, sem hefir verið rekinn þarna um svo langt skeið, þó ekki sje í stórum stíl. En það má fullkomlega búast við, að það geti orðið, með þeim skipastól og tækjum, sem síldveiðin hefir nú á að skipa. Það er þess vegna þessum mönnum talsvert mikið áhugamál eða hagsmunamál, ekki síður en það getur verið fyrir síldveiðamenn í einstökum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 354, n. 384).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Sjútvn. stendur ekki einhuga að málinu. Tveir nefndarmanna hafa óbundin atkv. sín. En nefndin hefir annars öll í sameiningu athugað málið.

Álits var leitað hjá fiskifræðing Bjarna Sæmundssyni. Hann var frv. meðmæltur. Forseti Fiskifjelagsins kom eftir beiðni okkar á fund nefndarinnar. Hann hefir sjálfur stundað síldveiðar, og er því máli þessu af eigin reynd mjög kunnur. Staðfesti hann það, er segir í greinargerð frv., að sú friðun á Skagafirði fyrir herpinótaveiði, sem heimilt er að gera samkv. lögunum frá 1923, og sem Skagfirðingar hafa nú gert samþykt um, að slík friðun færi svo mjög í bág við almenna hagsmuni, að nauðsyn bæri til þess að afnema

heimildarlögin. Ennfremur staðfesti hann það, að oft veiðist mikið af síld innan þessarar línu — syðri enda Þórðarhöfða og norðurenda Drangeyjar og sömu stefnu á Skaga. Eru áraskifti að því og fer allmjög eftir veðráttufari. En sje norðlæg átt tíð, berst átan, sem síldin eltir, inn á firðina, og getur síldin þá dögum og jafnvel vikum saman veiðst inni á fjörðunum, þótt ómögulegt sje að veiða yst á fjörðunum eða úti fyrir nesjum. Geta bæði tálmað því stormar og eins hitt, að síldin komi ekki upp á yfirborð sjávarins úti fyrir eða yst á fjörðum, þótt hún vaði sem kallað er innar á fjörðunum.

Veiði þessi stendur að öllum jafnaði mjög takmarkaðan tíma, stundum ekki nema 2—4 vikur, en þann tíma ríður á að nota þau tækifæri, sem gefast til veiðinnar. En nú getur hagað svo til, að einmitt innan þessarar ráðgerðu línu sje tækifæri til þess að veiða, og hvergi annarsstaðar, og sýnist mjer það svo óviðeigandi, sem frekast getur verið, að meina mönnum að notfæra sjer þetta tækifæri, og sjerstaklega má hv. Alþingi ekki leggja eða líða að lagður sje slíkur steinn í götu atvinnufyrirtækja vorra. Við skulum ráðgera, að á þessu ráðgerða nýfriðaða svæði veiddust 10 þús. tunnur af síld, sem annars veiddust alls ekki, ef svæðið næði að verða friðað, og get jeg fullvissað hv. þm., að þessi tala, 10 þús. tn., er alt of lág, eftir því, sem til hefir hagað tvö síðastl. sumur. Vel getur skeð, að næsta ár veiðist ekkert á þessu svæði, en það getur eins vel skeð, að þarna veiddust 20 eða 30 þús. tn., sem annars veiddust alls ekki. En ef við tökum þetta dæmi, að 10 þús. tn. veiddust þarna, sem annars ekki veiddust, þá er þar um að ræða verðmæti fyrir 80—100 þús. kr., eftir meðalgangverði undanfarinna ára, miðað við sölu síldarinnar nýrrar. Utan um þetta kemur svo margt annað. Aðeins útflutningsgjald af þessari síld til ríkissjóðs væri 15 þús. kr.; annað eins færi í verkalaun til verkafólks, ef síldin væri söltuð, svo koma innflutningsgjöld til ríkissjóðs af salti og tunnum o. fl. Þótt jeg hjer taki þessar tölur, þá er það ekki af því, að hjer geti ekki verið um meira að ræða. Eftir sögn þeirra manna, er veiðarnar hafa stundað og eru þeim best kunnir, getur þetta orðið miklum mun meira en jeg hjer hefi tilgreint.

Þá eru það mótbárurnar, sem færðar hafa verið fram gegn þessu, að það sje leiðinlegt að afnema tveggja ára gömul lög. En ef hægt er að sýna fram á og sannfæra hv. þm. um, að lögin sjeu ekki sanngjörn, ekki rjett, þá er ekki eingöngu rjett, heldur skylda að afnema þau. Heimildarlög fyrir fiskiveiðasamþyktum hafa yfirleitt ekki orðið langlíf, og reynslan bendir á það, að því skammlífari sem þau eru, því betra. Um skemdir á veiðarfærum, þá staðhæfir Fiskifjelagsforsetinn það sama, sem jeg tók hjer fram við 1. umr., að þær ættu sjer ekki stað.

Um rýrnun á veiði innar í firðinum vil jeg ekkert staðhæfa, þótt litlar líkur sjeu fyrir því, en þótt einhver lítil rýrnun ætti sjer stað, þá þykist jeg ekki gera lítið úr því, þótt jeg staðhæfi, að þar sje svo hverfandi lítilla hagsmuna að gæta, að þeir megi ekki og eigi ekki að sitja í fyrirrúmi fyrir margfalt meiri og almennari hagsmunum landsmanna.

Þá kem jeg síðast að því, að landhelgin verður að skoðast almenningseign landsmanna allra, og verður naumast um það deilt, að hv. Alþingi beri að stuðla að því, að hún verði landsmönnum að sem almennustum og bestum notum og ekki fremur einum en öðrum til gagns.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um

málið, en mjer er óhætt að segja, að það er ekki lítill hópur sjómanna, sem fylgir því með athygli.

Jón Baldvinsson: Eins og segir í nál. á þskj. 384, þá hefi jeg óbundið atkvæði um málið.

Jeg vil fyrst taka það fram, að lögin voru sett fyrir 2 árum, en nú á að fara að fella þau. Finst mjer þetta vera öfug leið, því að annaðhvort hefði átt að synja um beiðnina, er hún kom, eða þá að nema úr gildi öll lagaákvæði um fiskiveiðasamþyktir. Þykist jeg þó vita, að þótt mörgum komi saman um, að sumar samþyktirnar sjeu ekki þýðingarmiklar, og aðrar til skaða, þá þurfi þó að athuga málið vel og ekki hrapa að því. Samþyktir hafa víða verið gerðar, ekki aðeins um veiði í sjó, heldur einnig um veiði í ám og vötnum. Getur það tæplega verið forsvaranlegt að ráðast að einu atriði, en hrófla ekki við hinu. Rjett væri að athuga, hvort ekki ætti að fela Fiskifjelaginu að gera tillögur um, að hve miklu leyti væri rjett að halda í slík heimildarlög fyrir sýslufjelögin. Því að þótt segja megi, að samþyktir hafi stundum orðið til tjóns, þá efast jeg ekki um, að sumar hafa orðið til gagns.

Hv. frsm. (SigurjJ) mintist á það, að vera kynni að það yrði til tjóns og truflaði fiskgöngu inn Skagafjörð, ef dauð síld fjelli í botn. Það er enginn efi á þessu, og fyrir vestan var í samþyktum mönnum bannað að slægja niður til þess að fiskgöngurnar stöðvuðust ekki við niðurburðinn.

Af þessum ástæðum vil jeg ekki fallast á það að styðja frv. Mjer finst vera gripið öfugt í þetta mál og af handahófi. Mjer er sagt, að á Húnaflóa sjeu líka dregnar línur um það, hvar megi veiða, og ættu þær þá að sjálfsögðu líka að takast af, en ekki að taka þetta eina atriði út úr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil lýsa undrun minni yfir því, hvað þessu máli er flýtt. Það er í dag tekið á dagskrá á undan stjfrv., sem nál. er komið um fyrir mánuði. Mig undrar það, að hæstv. forseti (BSv) skuli ekki taka málin á dagskrá í þeirri röð, sem þau koma frá nefndum. Því að þótt þetta sje máske áríðandi mál, þá eru þó ýms mikilsverð mál eldri, sem bíða.

Annars er það frv., sem hjer liggur fyrir, ótímabært, því að engin samþykt er enn sett um þá síldveiðalínu á Skagafirði, sem ræðir um í lögunum frá 1923. Það var fyrst í vetur, að sýslunefnd gerði till. um þetta; en það er eftir að leggja þær fyrir hjeraðsfund og síðan þarf staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Mjer finst undarlegt að vilja afnema þessi lög frá 1923, áður en þau koma í gildi, því að hjer er ekki um stórt svæði að ræða; það er dálítil sneið að vestanverðu á firðinum, en ekkert að austan. 1923 var engin mótspyrna gegn þessum lögum, og höfðu þó báðar sjútvn. málið til meðferðar, og fór það svo að segja orðalaust í gegnum þingið.

Um álit Bjarna Sæmundssonar er það að segja, að það er ekki skriflegt. Má vera, að hann hafi sagt eitthvað því líkt, sem nefndin segir, er hann var spurður um málið í flýti um leið og hann steig á skipsfjöl. En annars er þess að geta, að hann er alveg ókunnugur á þessum slóðum og jeg veit ekki til, að hann hafi rannsakað þetta mál sjerstaklega.

Jeg rengi ekki, að það sje rjett, sem hv. sjútvn. hefir eftir formanni Fiskifjelags-

ins, en mjer virðist hann vera nefndinni ósammála, því að hann vill láta rannsaka einnig aðrar síldveiðalínur, en það er ekki tilætlun hv. nefndar.

Jeg man eftir því, að þegar lögin 1917 voru sett um friðun Húnaflóa, þá var ekki hreyft neinum mótmælum gegn þeim. Það er eins og það sje fyrst nú, að sjútvn. er farin að sjá skaðsemi þessara síldveiðalína, og er það máske vegna þess, hvað hún er miklu betur skipuð nú en áður var!

Því hefir verið haldið fram, að afnám laganna frá 1923 muni ekki skaða þorskveiðar á Skagafirði, en jeg held, að þessi skoðun stafi af því, að þeir, sem hana hafa, eru ekki nákunnugir og líta eingöngu á hag síldveiðamanna. Sjómenn þar nyrðra hafa sagt mjer, að þegar fjöldi skipa er þarna að veiðum, þá trufli það fiskgöngu inn í fjörðinn, og hitt veit jeg, að herpinótabátar hafa stundum spilt veiðarfærum.

Það er rjett, að landhelgin er eign landsmanna í heild, en það er full heimild til að takmarka afnot á vissum svæðum í vissum tilgangi, enda hefir Alþingi margsinnis viðurkent það. Það er ekki rjett, að hjer sje um lítið fjárhagsatriði að ræða fyrir Skagfirðinga. Það er allstórt hjerað, sem nýtur þessarar friðunar. Þar er talsverð útgerð, og margir, sem hafa sitt lífsuppeldi af því. En það eru aðeins hagsmunir fárra manna, er bundnir eru við það að veiða síld þarna.

Jeg vildi fá að vita það hjá hv. sjútvn., hvers vegna hún hefir ekki tekið línurnar á Eyjafirði og Húnaflóa líka. Það hefði verið hreinlegast, enda lítur það hálfilla út að bekkjast þannig til við Skagfirðinga eina.

Jeg legg því til, að frv. þetta verði felt.

Benedikt Sveinsson: Þótt mál þetta sje mjer eigi mjög nákomið, vil jeg fara um það nokkrum orðum. — Mjer heyrðist hæstv. atvrh. mislíka, að mál þetta kæmi nú á dagskrá og að honum þætti jafnvel kenna þar hlutdrægni frá minni hendi. En þeim ákúrum vísa jeg alveg frá mjer. Það eru mörg atvik, sem að því liggja, hversu mál eru tekin á dagskrá, og vill oft ganga svo, að einn vill fá þetta mál og annar hitt, og því harla torvelt að gera öllum til hæfis. Get jeg skilið, að hæstv. ráðherra sje í nöp við frv. þetta, sakir þess, að hann er fulltrúi Skagfirðinga, en sem forvígismaður atvinnumála allrar þjóðarinnar ætti hann að taka því tveim höndum, því að það felur í sjer nauðsynlega rjettarbót.

Það er kunnugt, að landhelgin er tvennskonar; önnur sú, er fylgir hverri jörð, er að sjó liggur, og eru það oftast kölluð „nótlög“. Eru þau einkaeign hverrar jarðar. Síðan tekur við almenn landhelgi, sem nær þrjár sjómílur út frá landi, og er það svæði „almenningur“, eða sameign allrar þjóðarinnar. — Ef skerða skal þennan „almenning“ til hagsmuna fyrir sjerstakt bygðarlag, þá þarf til þess ríka og sjerstaka ástæðu. Þetta kemur helst til greina í þröngum fjörðum, þar sem síldveiði er stunduð til verulegra muna úr landi, — þar sem bygðarmenn standa öðrum betur að vígi að nota veiðina. — Á þessum grundvelli var það, að einn ötull og kappsamur þingmaður Eyfirðinga fjekk framgengt heimildarlögum árið 1913 fyrir sýslunefndir við Eyjafjörð að setja takmarkanir á herpinótaveiði þar. Jafnskjótt kom fulltrúi Skagfirðinga og skaut inn samskonar heimild um Skagafjörð. — Eyfirðingar hafa ekki notað þessa heim-

ild frá 1913, og hefir þessu því verið lítill gaumur gefinn. Sýnir það, að hún hefir ekki verið næsta brýn. En 1923 tóku Skagfirðingar að færa sig upp á skaftið og tókst að koma „þegjandi og hljóðalaust“ í gegnum þingið nýjum heimildarlögum um aukning á því svæði á firðinum, sem áður var heimilað að setja samþykt um.

Nú hefir sýslunefnd Skagfirðinga neytt þessarar nýfengnu heimildar, og þá fyrst er sem menn vakni af svefni og sjái, hve viðsjárverð þessi lagasetning er.

Á það er að líta, hversu síldargöngur eru óstöðugar, síldin á sífeldu flugi. Dæmin sýna, að síld veiðist stundum ekki í herpinót nema örfáa daga að sumrinu, og þá er „útvegnum“ brýn nauðsyn að geta neytt færisins sem best. Stundum kemur það fyrir, að síld veiðist varla nema inni á Skagafirði, og getur þá allur hagur útgerðarinnar það árið oltið á því, hvort heimilt er að veiða þar. Hagsmunir þeir, sem hjer eru í veði, geta oltið á mörgum hundruðum þúsunda króna.

Á hinn bóginn er hjer um harla lítil eða alls engin hagræði að gera Skagfirðingum til handa, sakir þess að þeir stunda síldveiði nær ekkert, og þá aðeins lítilsháttar í lagnet, til þess að afla sjer beitu. En það má fullyrða, að þeir fá oftar og auðveldlegar beituna hjá herpinótaskipunum heldur en í net sín. Það þykir sjálfsagður greiði að gefa fiskibátum ríflega til beitu, þegar vel aflast í herpinætur. Að þessu leyti hafa þeir fáu, er sjó stunda við Skagafjörð, meiri trygging fyrir að fá beitu, ef leyfð er þar herpinótaveiði, heldur en ef hún er bönnuð.

Það er því mjög sennilegt, að það sje rjett hermt, sem sagt er, að þessi undirróður í Skagafirði gegn herpinótaveiði stafi af einhverjum kala dalabænda þar, sem þykir síldveiði óþægilegur keppinautur um vinnukraftinn, en alls ekki frá þeim fáu mönnum, sem eiga síldarnet út með firðinum.

Mál þetta alt mætti skýra miklu ger, en mjer virðist það liggja svo ljóst fyrir í höfuðatriðum, að óþarft sje af minni hálfu að fara um það fleiri orðum. Ber jeg svo gott traust til þess, að hv. deildarmenn sjái, hvers sannsýni og hagsmunir þjóðarinnar krefjast í þessu efni, að jeg efa ekki, að þeir láti frumvarpið fá greiðan framgang.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg bar ekki hlutdrægni á hæstv. forseta þessarar hv. deildar (BSv), en jeg talaði um, að það væri undarleg aðferð að taka þegar á dagskrá frv. með aðeins tveggja daga gömlu nál. á undan margfalt eldri frv. með alt að 1—2 mánaða gömlum nál.; frv., sem eru auk þess búin að flækjast fyrir þinginu árum saman án þess að verða útkljáð. Jeg talaði ekkert um hlutdrægni, en jeg sagði, að það væru undarlegar aðferðir, sem væru notaðar við að taka mál á dagskrá á þennan hátt, og við það stend jeg. Það þýðir augsýnilega lítið að leggja málin fram snemma á þingtímanum, ef þau fást aldrei tekin á dagskrá. Háttv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði, að það mætti ekki friða svæði utarlega á fjörðunum; en hann hefir þá kynt sjer illa staðhætti á þessum slóðum, því þetta svæði er ekki utarlega á firðinum; það er aðeins rætt um að friða svæði vestanvert á firðinum. *(BSv:* Markalínan er og utar). Það er aðeins sumstaðar að svo er. Þingmaðurinn hefir ekki kynt sjer málið nógu vel. Það, sem hann sagði um netalöghelgi innan landhelginnar, var rjett, en það er ekki verið að ræða um það hjer. Jeg viðurkenni, að landhelgin er eign

allra landsmanna, en það eru fleiri hjeruð, eins og hv. þm. N.-Þ. gat um, sem hafa þessi rjettindi, t. d. bæði kringum Eyjafjörð og Húnaflóa, og ef það á að banna Skagfirðingum þá hluti, sem öðrum eru leyfðir, fer að verða lítið úr því rjettlæti, sem hv. þm. talaði svo fagurlega um.

Hann talaði um það, að hjer væri verið að friða fjörðinn vegna fárra bænda fram í afdölum, en hann ætti að vita, að þarna eru við fjörðinn tvö allstór þorp, þar sem er fjöldi þurrabúðarmanna, sem lifa nær eingöngu á sjávarútvegi *(BSv:* Jeg átti við Unadæla og Kolbeinsdæla). Þeir fara ekki oft á sjó, og sýnir þetta, að háttv. þm. er ókunnugur þarna norður frá, og væri því víst rjettara af mjer að bjóða honum heim þangað til að sjá staðhætti alla, og mun hann þá komast að raun um, að er menn greiddu atkvæði með þessum lögum, sem nú á að afnema, á þinginu 1923, þá gerðu menn það eitt, sem rjett var. Síldin telst ekki til flugfiska, þó að hún sje fljót í ferðum, og er það því misskilningur að ætla, að síldveiðin geti oltið á þeim tíma, sem þm. talaði um; hann sagði einni viku, því að þá yrði síldin líka að standa við alt að vikutíma, en hv. þm. sagði, að hún staðnæmdist ekki einn dag á hverjum stað! Síldin er að jafnaði á sífeldum ferðum út og inn um fjörðinn, og þá vilja Skagfirðingar fá að hafa hennar not, er hún kemur þar. *(SigurjJ:* Það eru dýrar máltíðir fyrir þurrabúðarmenn). Þeir jeta ekki síldina; þeir salta hana mestmegnis eða hafa í beitu.

Pjetur Ottesen: Eftir því, sem forseta Fiskifjelags Íslands fórust orð við mig, þá er það rangt með farið í nál., að hann álíti að brýna þörf beri til að samþykkja þetta frv. á þessu þingi. Hann gerði ráð fyrir, að frsm. nefndarinnar mundi leiðrjetta þetta í framsögu, en benti mjer á þetta, þar eð hann taldi ekki rjett farið með orð sín í nál. Forseti Fiskifjelagsins er sem sje þeirrar skoðunar, að taka bæri til nákvæmrar athugunar allar heimildir, sem nú eru í lögum um takmarkanir á veiðum á fjörðum inni. Jeg skildi hann svo, að hann mundi ætla eða hefði þegar ritað stjórninni um þetta og bent á, að hann áliti ýms þau heimildarlög, sem nú eru í gildi, úrelt orðin; önnur hefðu enn fullan rjett til að fá að standa framvegis, en enn önnur færu sumstaðar of langt, og vildi hann, að þetta yrði alt athugað. En að hann hefði tekið ákveðna afstöðu til þess máls, sem hjer er til umr., eins og sagt er í nál., kvað hann rangt með farið og bað hann mig að leiðrjetta þessa missögn nál., ef hv. frsm. nefndarinnar gerði það ekki sjálfur, og það hefi jeg hjer með gert.

Jakob Möller: Slík heimildarlög sem þessi, að banna síldveiðar á fjörðum inni, hafa verið gefin út handa Húnvetningum, Skagfirðingum og Eyfirðingum. Á Eyjafirði hafa þau aldrei verið notuð, en á Húnaflóa og Skagafirði hafa þau að engu gagni komið. Þess vegna var á þinginu 1923 farið fram á að færa út línuna á Skagafirði, því að eldri mörkin voru sýnilega að engu nýt. Jeg hygg, að allflest þessara heimildarlaga, sem til eru, sjeu þýðingarlaus, því með þessari friðun næst ekki tilgangur sá, sem til var ætlast, því hættan, sem stafa átti frá þessum veiðum, var ekki til nema í ímyndun manna. Þetta er mín skoðun á málinu, og jeg held, að forseti Fiskifjelags Íslands sje svipaðrar skoðunar. Jeg byggi þetta á reynslu manna á þessum heimildarlögum. Yfirleitt er reynslan sú við Eyjafjörð, að þar eru þorskveiðar stundaðar jafn-

hliða síldveiðunum og rekst ekkert á; en hitt er satt, að síldin fer skemra inn í fjörðinn hin síðari ár, og eru því landnótaveiðar lagðar niður. Hvort þetta stafar frá herpinótaveiðunum, veit jeg ekki, en ef svo er, verða þessar friðanir gagnslausar eigi að síður, og verður þá að fara lengra út, ef þetta ætti að duga. Síldveiðarnar eru nú sem stendur mestmegnis utanfjarða, og er það þá sú veiði, sem átti að hafa haft þau áhrif, að síldin gangi ekki innar eftir fjörðum. Stundum kemur það þó fyrir, að síldin fer langt inn eftir fjörðum, jafnvel inn í fjarðarbotna, t. d. var árið 1923 talsvert veitt inni undir Hörgárgrunni í Eyjafirði; en þetta er mjög mismunandi ár frá ári, án þess menn viti, af hverju það stafar.

Ef slíkar samþyktaheimildir eru lífsspursmál fyrir einhver hjeruð, þá er vandi að taka afstöðu til þess máls. Jeg er ekki þeirrar skoðunar, að það eigi að fella úr gildi allar slíkar heimildir, t. d. um dragnótaveiðar á sunnanverðum Faxaflóa, því jafnhliða þeim er ekki hægt að stunda aðrar veiðar, því dragnætur spilla fyrir öllum öðrum veiðiskap. Þetta gerir herpinótaveiðin ekki; herpinæturnar eru lagðar á yfirborð sjávar, en línur til þorskveiða liggja allar á botni. Það þarf því ekki að banna herpinótaveiði af ótta fyrir veiðarfæratapi við þorskveiðar af þeirra völdum. Hinsvegar ef það reyndist svo, að herpinótaveiðin tepti göngur þorksins inn á Skagafjörð, þá væri auðvitað öðru máli að gegna; og menn hafa trúað því, að herpinótaveiðar eyðilegðu á einhvern hátt aðrar veiðar á fjörðunum. Jeg álít því, ef það reynist satt, að þá eigi að líta á þá hlið málsins, því ef veiðiskapur heilla hjeraða gæti eyðilagst af völdum herpinótaveiðanna, gæti rekið að því, að einhver tiltekin hjeruð eða heilar sveitir legðust í auðn af því að þeim hefði verið gert ókleift að stunda þá atvinnu, sem þau hefðu áður haft, eða hún eyðilögð fyrir þeim. Þetta gæti því verið þýðingarmikið atriði og verður því að athuga það vel, þar sem miklir hagsmunir almennings eru ef til vill í veði. Ef jeg tryði að afnámið kæmi þorpsbúum við Skagafjörð á vonarvöl, þá mundi jeg skoða hug minn vel áður en jeg samþykti það, en nú er það álit þeirra, sem vit hafa á, að um þetta sje ekki að ræða, og horfir þá málið alt öðruvísi við.

Jeg sje ekki betur en að það sje dálítið vafasamt, hvort hægt er að rjettlæta að grípa fram í, eins og gert er með þessu frv. Ef það er viðurkent, að Skagfirðingar eigi rjett til þess að friða fyrir innan línuna frá 1913, þá er erfitt að sanna, að þeir eigi það ekki fyrir utan hana, að línunni frá 1923, því báðar eru settar til þess að vernda hag manna á þessum slóðum. Að öðrum kosti er hjer aðeins um hjátrú að ræða, sem ekki á sjer rjettmæt rök. Og þá er rjett að afnema báðar. En þetta verða menn að gera upp. Jeg álít það vera hjátrú, en jeg tel mig ekki allsherjardómara í því.

Jeg ljet þetta mál afskiftalaust á þingi 1923. Jeg samþykti að vísu niðurstöðu nefndarinnar í því, en það bygðist ekki á þeirri sannfæringu, að þetta væri nauðsynlegt. En það var viðurkent í löggjöfinni áður, að þeir ættu rjett á þessari vernd, og því lagðist jeg ekki á móti málinu. En jeg skoða mig ekki rígbundinn við þá afstöðu. En jeg hefði talið rjett, að málið væri tekið frá rótum og í samræmi við það, sem forseti Fiskifjelagsins áleit um málið.

Það er ekki rjett, sem einhver sagði, að skoðun fiskifræðings styddi það, að hjer væri um hagsmunamál að ræða fyrir fiski-

veiðarnar. Jeg man, að um dragnótaveiðar var hann því hlyntur, að samþykt væri um þær gerð. En um þetta hefir hann ekki látið neitt í ljós; þekkir hann þó líka til í Skagafirði. Að þessu sinni mun jeg greiða frv. atkv. til 3. umr.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Jeg skal fyrst víkja að því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði um orð þau, er tilfærð eru í nál. eftir forseta Fiskifjelagsins. Forsetinn kom til mín eftir að nál. var prentað og kvaðst hafa meint dálítið annað en það, sem þar stæði. En það, sem breyst hafði, kom eiginlega ekki því máli við, sem hjer er um að ræða. Enda vil jeg benda á, að þetta, sem tilfært er, getur varla verið langt frá því, sem hann sagði, þar sem við 5 nefndarmenn hlustuðum á, hvað hann sagði, og fórum síðan yfir það, sem tilfært er í nál., og fundum ekki ósamræmið.

Afstaða forseta Fiskifjelagsins er dálítið önnur en Bjarna Sæmundssonar, og er ekkert við það að athuga. Jeg skal taka eitt atriði hjá andstæðingum málsins. Þeir hafa haldið því fram, að rjett væri að taka málið upp á öðrum grundvelli. Þeir skoða heimildarlög þau, sem fyrir eru, úrelt. En ef málið væri tekið á þessum grundvelli, þá er um algera stefnubreytingu að ræða hjá Alþingi. Það er ekki stefnubreyting þó numin sjeu úr gildi ýtrustu ákvæðin. Okkur þótti því ekki rjett að fara lengra; þótti tvísýnt, að nokkuð ynnist á með öðru en þessu, en nauðsynlegt að nema burt ákvæðin frá 1923.

Jeg skal benda hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) á það, að með þessu frv. er ekki verið að takmarka rjett Skagfirðinga meira en var áður. Þeir hafa ekki notað sjer þennan nýja rjett sinn fyr en að nú er það ráðgert, og þingið hafði ástæðu til að ætla, að þeir myndu ekki ætla að notfæra sjer lögin frá 1923. Þess vegna hófumst við ekki handa fyr en samþykt sýslunefndar kom.

Jeg átti tal við hæstv. atvrh. (MG) um það, hvort hann mundi neita að staðfesta reglugerðina, ef honum bærist formleg beiðni um það frá hlutaðeigandi hjeraði. Hann taldi það naumast hægt eftir lögunum. Því rjeðumst við á lögin frá 1923. Ef okkur hefði verið sagt, að þessi samþykt kæmi ekki til framkvæmda í sumar, þá hefðum við tekið málið upp á hinum grundvellinum, að afnema fleiri heimildarlög en þessi. Það er annars ekki rjett að gera mjög lítið úr því svæði á Skagafirði, sem er ráðgert að friða; það er um 25 fer. sjómílur að stærð.

Þá verð jeg að mótmæla því, sem hæstv. atvrh. sagði, að þeir mundu fleiri, sem hefðu hag af friðuninni, en hinir, sem óhag hefðu af því að þarna mætti ekki veiða. Það er fjarri sanni. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að það hefði veiðst tugum þús. tunna minna, ef þetta svæði hefði verið friðað síðustu tvö ár. En þær tekjur, sem ríkissjóður og atvinnufyrirtæki hafa af því, eru svo margþættar, að ekki er samanberandi við það, þótt nokkrir árabátar þurfi að sækja veiði sína eitthvað lengra. Jeg vil enda með því að taka undir það, sem hv. þm. N.-Þ. sagði, að landhelgin væri sameiginleg eign og að ekki beri að gefa einstökum hjeruðum öðrum fremur afnotarjett hennar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að beiðnin um ytri línuna hefði komið af því, að innri línan hefði ekki komið að gagni. En það er ekki rjett að tala um ytri og innri línu,

af því að þessar línur gilda nánast hvor fyrir sinn fjarðarhluta, og það vakir fyrir að gera báðum jafnhátt undir höfði.

Það er ekki tilgangur minn að gera lítið úr áliti sjerfræðinga. En þeir eru alls ekki sammála, og það veikir álit þeirra.

Það er satt, að jeg get ekki neitað að staðfesta samþykt, ef þess væri leitað og enginn formgalli væri á. En jeg veit ekk ert um þessa samþykt, nje hvenær hún kann að koma.

Hvað stærð svæðisins snertir, þá hefi jeg ekki mælt það. En mjer þykir undarlegt, ef það er svo stórt, sem hv. þm. (SigurjJ) vill vera láta. Þetta er ekki ýkjastór þríhyrna. Það er náttúrlega ágætt að bera forseta Fiskifjelagsins fyrir sig, en þegar hann vill ekki standa við það, sem eftir honum er haft, fer að verða minna gagn að því.

Það má lengi deila um það, hverju megin hagsmunirnir liggi. Og ef þessi veiði er svo mikil, sem af er látið hjer, þá er það undravert, að ekki skuli vera komin síldarstöð í Skagafirði. Í minni tíð í Skagafirði veiddist langmest af síldinni langt fyrir utan umrædda línu. En eftir því sem nú er sagt, hefir á síðustu árum veiðst mikið innan við línuna. Þetta sýnir, að áraskifti eru að þessu og því ekki rjett að meta skaða síldarútvegsmanna eftir einhverju einu ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:8 atkv.
2. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:7 atkv.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Þórarinn Jónsson: Þegar málið var hjer til 2. umr., var getið um það í umræðunum, að þetta væri aðeins byrjun, en síðar ætti að ganga lengra og afnema alla þessa löggjöf.

Jeg fór að rannsaka þetta mál viðvíkjandi Húnaflóa, og virtist, eftir því, sem jeg þekki til, að það ekki geta komið til mála að endurskoða þessa löggjöf, að minsta kosti ekki hvað snertir Hrútafjörð og Miðfjörð, en við austanverðan flóann er það landhelgislínan, sem gildir. En jeg vil, að þetta sje gert alt í einu. Aðalástæðan fyrir því að fella þessa línu á Skagafirði úr gildi er í frv. talin sú, að þetta brjóti í bága við almenningsheill, en þegar löggjafarvaldið bannar eitthvað innan ákveðinna takmarka, verður það að byggjast á því, að einstaklingar, sem þar eiga hlut að máli, bíði ekki tjón af því. Jeg verð því að slá föstu, að þessi lagaákvæði sjeu bygð á þeim grundvelli. En hjer liggur ekki annað fyrir en yfirlýsing nokkurra útgerðamanna um, að þetta sje stórtjón fyrir almenning. Á hinn bóginn eru frá annari hlið ástæður fyrir hendi, sem sýna, að ekki er rjett að taka þetta þannig út úr.

Hv. flm. segja, að síld hafi veiðst fyrir innan þessa línu á Skagafirði, en það hefði hún kannske ekki gert áður. Það getur vel verið, að þetta sje rjett, en þar sem síldin er nú nokkuð óstöðug í ráðinni, mundi það verða harla ónæðisamt fyrir hv. flm. að fá altaf numin úr gildi lög, eftir því sem síldin flytti sig. *(BL.* Það eiga engar línur að vera). Það er einmitt það, sem jeg er að segja. Þá gengur jafnt yfir alla.

Hv. frsm. (SigurjJ) vitnar í forseta Fiskifjelagsins. Það er æfinlega venja, ef maður er fagmaður, eða menn álíta, að hann sje það, að vitnað er í hann, en svo illa hefir til tekist, að hann snýst öfugur við þessu og hefir í dagblaði einu hjer í bæ látið uppi skoðun sína um, að rannsaka beri málið.

Mjer finst ekki vera hægt að gera neitt rjettara en að vísa þessu til stjórnarinnar, og geri jeg það hjer með að tillögu minni. En jeg ætlast til, að hæstv. stjórn geri sjer far um að afla sjer allra upplýsinga og leggi fyrir þingið tillögur sem árangur af þeim. Jeg vænti þess, að hv. deild geti fallist á þetta.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi verið að furða mig á ræðu háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Fyrst lætur hann eins og þetta sje eitthvert smámál, sem engan varði. En það er vissulega eitt af stærstu málunum, að varðveita þau rjettindi, sem almenningur hefir til sjávarins. Það er ekki svo langt út að þessari landhelgislínu, sem útlendingar hafa neytt upp á Ísland, ef svo á að taka frá landsmönnum þetta litla bil frá netalögnum út að landhelgislínunni. *(Atvrh. MG:* Selaskot á Breiðafirði). Það kemur ekkert þessu máli við. Þar er ekki um fiskiveiðar eða almenningsþörf að ræða. Lagnirnar eru eldgamall rjettur, sem fylgt hefir vissum jörðum frá ómunatíð. Það er alt annað en þetta, því að hjer er eign almennings beinlínis tekin af honum og fengin sjerstökum hjeruðum. Auk þess er það ranglátt, ef eitthvert eitt hjerað hefir fengið þessa gjöf, að öll önnur hjeruð eigi ekki líka heimild til beltisins frá netalögnum út að landhelgislínu. En þá gæti enginn Íslendingur veitt innan við landhelgislínuna, nema með sjerstöku leyfi. Ef þingið vildi vera sjálfu sjer samkvæmt, mundi það svifta menn rjetti til þess að veiða á þessu belti. En jeg geri ekki ráð fyrir, að þingið veiti Skagafirði, eða yfirleitt neinu einstöku hjerað, þessa ívilnun, en neiti öðrum. Mjer sýnist liggja nær fyrir Alþingi að leyfa t. d. mönnum hjer að hafa óskert umráð yfir húseignum sínum en að þjóta til að gera þetta.

Jeg furðaði mig einnig á því, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði um að vísa þessu til stjórnarinnar, meðal annars af því, að hann er stuðningsmaður stjórnarinnar. En eins og við vitum, er einn ráðherrann þm. Skagf. og mun hann því leggja áherslu á, að hans hjerað fái að halda þessum gæðum, sem slæðst hafa í þess skaut fyrir athugaleysi Alþingis. Annar ráðherra er þm. Reykv., og hefir því sinna hagsmuna að gæta. Þetta væri því að siga þessum tveim ráðherrum saman, og er það reglulega illa gert, því ekki mun veita af því fyrir stjórnina, sem ekki hefir ríkari stuðning en hún hefir, þó að hún gæti verið sátt og sammála innbyrðis.

Slíku máli sem þessu á því ekki að vísa til stjórnarinnar. Auk þess, sem það er ekki rjett að afhenda það þeim ráðherranum, sem er þm. þess kjördæmisins, er þetta mál varðar mest. Þess vegna legg jeg til, að till. hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) verði feld og frv. samþykt óbreytt.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Jeg skal játa, að það hefði verið eðlilegast, eins og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hjelt fram, að taka mál þetta upp frá rótum og endurskoða alla þessa heimildarlöggjöf um fiskiveiðar, enda hefi jeg einmitt haldið því fram áður. En eins og málið

horfði við, bjuggumst við flm. við, að á því yrði einhver dráttur, og þess vegna er frv. þetta fram komið.

Þegar kunnugt varð, að Skagfirðingar hefðu notfært sjer heimildarlögin frá í fyrra, fór jeg til hæstv. atvrh. (MG) og spurði hann um, hvort hann mundi treysta sjer til að staðfesta *ekki* samþyktina, og hann svaraði því svo, að hann teldi sjer skylt að staðfesta hana, svo fremi að engir formgallar væru á henni, er kæmu í bága við heimildarlögin. Því varð það, er jeg fjekk þetta svar, að jeg og fleiri bárum frv. þetta fram. Jeg tel óþarft að fara enn á ný út í ástæður þær, sem færðar hafa verið fram bæði af mjer og öðrum gegn því, að Skagfirðingum eigi að haldast uppi að gera samþykt um síldveiði, sem vitanlegt er um, að hlýtur að koma í bág við hagsmuni almennings.

En um leið og jeg leyfi mjer að æskja þess, að till. hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) um að vísa þessu máli til stjórnarinnar, verði feld, þá verð jeg að mótmæla því, að forseti Fiskifjelagsins hafi verið óeinlægur í þessu máli, eins og hv. þm. V.-Húnv. vildi gefa í skyn, og vitnaði í „Dagblaðið" því til sönnunar. Átti þetta að skiljast sem svo, að forseti Fiskifjelagsins hefði skift um skoðun frá því að sjútvn. átti tal við hann. Nú skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp hrafl úr brjefi, sem forseti Fiskifjelagsins ritaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 17. þessa mánaðar, eða daginn eftir að „Morgunblaðið" hafði skýrt frá því í frjettum frá Sauðárkróki, að sýslufundur Skagfirðinga hefði samþykt að banna síldveiði á Skagafirði innan við línu þvert yfir fjörðinn skamt norðan við Drangey.

Brjef þetta, sem jeg hefi hjer, er afrit af brjefinu til stjórnarinnar, og hefir forseti Fiskifjelagsins góðfúslega leyft mjer að lesa það.

„Með samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innanverðum, nr. 53, 2. júlí 1923, er mjög takmarkaður rjettur innlendra manna til að stunda síldveiðar á Skagafirði, og hefir sú takmörkun vakið mikla óánægju meðal íslenskra útgerðarmanna, enda mjög vafasamt, að sú samþykt komi hlutaðeigandi hjeraðsbúum að nokkrum notum; að minsta kosti þorum vjer að fullyrða, að takmarkanir þær, sem þar eru gerðar, koma ekki hjeraðsbúum að þeim notum, sem tjón það, er það bakar öðrum landsmönnum, hefir í för með sjer."

Þetta ritar forseti Fiskifjelagsins stjórninni, og bætir svo við:

„Eftir því sem umrædd Morgunblaðsfrjett greinir frá, þá hefir ekki hjeraðsbúum í Skagafjarðarsýslu þótt þessar takmarkanir ganga nógu langt, og munu því ætla sjer að fá línuna færða út samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 30, 20. júní 1923, en verði svo, er það óbætanlegt tjón fyrir alla síldarveiði landsmanna, sem þá útgerð stunda fyrir norðurlandi á sumrin, því að í sumum árum er mikill hluti síldarinnar einmitt veiddur á umgetnu svæði.

Þar sem um jafnþýðingarmikið atriði er að ræða eins og hjer er farið fram á, leyfir Fiskifjelagið sjer hjer með að fara þess á leit við háttv. stjórnarráð, að það veiti ekki leyfi til frekari takmarkana viðvíkjandi veiði landsmanna á þessu svæði en þær, sem þegar eru leyfðar með samþykt nr. 53, 2. júlí 1923."

Þannig hljóðar þá brjef forseta Fiskifjelagsins til stjórnarráðsins. Fiskifjelagið leit nefnilega svo á, að stjórnin gæti neitað um staðfestingu á samþykt þeirri, er Skagfirðingar hafa gert um frekari

takmarkanir á síldveiði. En nú hefir hæstv. atvrh. (MG) lýst því yfir, að hann mundi ekki geta það. Þess vegna eru mótmæli hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) ekki á neinum rökum bygð og þess vegna á að fella till. hans um að vísa málinu til stjórnarinnar.

Jakob Möller: Jeg hefði helst kosið að geta náð samkomulagi um þetta mál, og þess vegna vildi jeg beina því til hæstv. atvrh. (MG), hvort það væri ekki hægt á þann hátt, að hann ljeti ekki koma strax til framkvæmda samþykt Skagfirðinga, sem nú er í undirbúningi, og vísa jeg þar til 4. gr. laga nr. 16, frá 1913, þar sem svo er ákveðið, að það sje á valdi stjórnarinnar, hvenær slíkar samþyktir öðlist gildi. Nú er óvíst, hvenær samþykt þessi verður tilbúin af hálfu Skagfirðinga; eins líklegt, að það verði ekki fyr en komið er fram á síldveiðitímann, og gæti þá hæstv. atvrh. haft það í hendi sjer að láta hana ekki koma til greina fyr en eftir að síldveiðum er lokið norður þar að þessu sinni. Með þessu móti mundi vinnast tími til þess að taka alla þessa löggjöf til athugunar og búa hana svo úr garði, að leggja mætti frv. um þetta efni fyrir næsta þing.

Ef hæstv. atvrh. vildi ganga inn á að miðla málum á þennan hátt, mundi jeg bera fram rökstudda dagskrá í þessa átt.

Að öðru leyti datt mjer í hug, út af samþykt á Húnaflóa, að spyrjast fyrir um, hvort hún muni ekki úr gildi fallin, vegna þess að svo mun ákveðið í lögunum, sem eru frá 1917, að hún skuli úr gildi falla, sje hún ekki endurnýjuð á 5 ára fresti.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þessari fyrirspurn háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefi jeg þegar svarað með svari við fyrirspurn um hið sama frá hv. frsm. (SigurjJ). Það er vitanlegt, að Skagfirðingar ætlast til, að samþyktin komi til framkvæmda fyrir síldveiðitímann í ár, og þó að ráðherra geti frestað að löggilda hana, þá er þó auðvitað tilgangur laganna, að samþykt, sem er löglega undirbúin á allan hátt, verði staðfest sem fyrst og öðlist gildi sem fyrst, enda er hætt við, að það mæltist illa fyrir, væri þetta dregið von úr viti. Jeg skal taka það fram, að jeg tala hjer ekki sem þm. Skagf., heldur sem ráðherra, sem fara ætti með þetta mál. Þess vegna sje jeg ekki betur, úr því sem komið er, en að rjett sje, að málið haldi áfram sinn gang og meiri hl. þingsins skeri úr, hvernig því verði til lykta ráðið.

Annars virðist mjer óþarfi að fara að rekja það hjer, sem jeg hefi áður sagt, en út af því, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði um landhelgina, að einstökum mönnum ætti ekki að haldast uppi að friða sjerstaka kafla, þá vil jeg benda honum á hans eigið frv. um selaskot á Breiðafirði, sem hjer hefir verið á ferðinni. Að vísu er þar ekki verið að banna fiskveiðar, en dæmið er þó hliðstætt, því þar er verið að vernda rjett einstakra manna á tilteknum svæðum á sjó gegn ágengni annara einstaklinga.

Jeg skal engu spá um, hvernig fer um till. hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). En verði hún samþykt, er það lausn á málinu í bili, og mundi þá öll þessi löggjöf verða endurskoðuð fyrir næsta þing. Jeg mundi telja öllum fyrir bestu, að gott samkomulag gæti orðið um málið, því öll togstreita er leiðinleg.

Annars vísa jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál, en læt þess getið, að verði það ofan á, sem jeg hefi mælt

á móti í málinu, þá er það þó bót fyrir Skagfirðinga, ef á því má byggja, sem hv. frsm. (SigurjJ) sagði, að þeir geti jafnan um síldveiðitímann fengið beitu ókeypis eftir þörfum. En það er þeim fyrir miklu, sem fiskveiðar stunda á Skagafirði.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði ekki með till. minni að vekja neinar deilur og bjóst við, að málið væri svo útrætt, að hv. þm. gætu tekið afstöðu til hennar án þess það kostaði langar umræður. Mjer þótti undarlegt, hvernig hv. þm. Dala. (BJ) snerist gegn mjer og misskildi þessi fáu orð, sem jeg mælti fyrir till. minni. Jeg sagði ekki, að jeg væri mótfallinn frv. í sjálfu sjer, en hitt tók jeg fram, að illa sæti á hv. þm. að gera lítið úr þeim lögum, er þingið sjálft hefir samþykt, og að taka bæri nokkurt tillit til þess, að heilt hjerað og mannmargt hefði lífsuppeldi sitt af þessu svæði, sem um er deilt. Þarna stundar fjöldi hjeraðsmanna fiskiveiðar, en þegar 50—60 gufuskip og fjöldi mótorbáta hvolfa sjer yfir þá, gefur að skilja, að veiðin hlýtur að ganga til þurðar og margur verði að leita heim á leið öngulsár.

Það er talað um hagsmuni almennings í þessu sambandi, en þó eru til lög, sem banna fiskiveiðar í landhelgi; en þarna er ráðist inn á svæði, sem Skagfirðingar hafa haft heimild til frá ómunatíð að stunda fiskiveiðar á, og björginni rænt frá munni þeirra eða veiðarfæri þeirra ónýtt.

Hann taldi líka, að það væri óviðeigandi af mjer sem stuðningsmanni stjórnarinnar að vilja vísa málinu til hennar; sagði, að jeg væri hliðhollur hæstv. atvrh. (MG), sem aftur á móti væri þm. Skagf. og bæri því hag kjósenda sinna fyrir brjósti. Nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ), sem er þm. Reykv., lýst því yfir, að hann vilji ekki, að samþykt Skagfirðinga nái fram að ganga, svo jeg sje ekki, að neitt sje því til fyrirstöðu, að þessir tveir hæstv. ráðherrar sjeu leiddir saman og athugi málið. Og einmitt vegna þess, að þeir standa svo á öndverðum meið, er ekki ósennilegt, að málið upplýstist betur við rannsókn þeirra.

Af þessum ástæðum virðist mjer heillaráð að vísa málinu til stjórnarinnar, og vona jeg, að hv. þm. Dala. (BJ) fallist á það líka, þegar hann hugsar sig betur um, og greiði því atkvæði með till. minni.

Háttv. frsm. (SigurjJ) efaðist um, að málið yrði tekið upp frá rótum og undirbúið fyrir næsta þing, ef því yrði vísað til stjórnarinnar. Þetta get jeg ekki skilið, þar sem það hefir einmitt verið margtekið fram, að nauðsyn bæri til, að öll löggjöf þessa máls yrði endurskoðuð fyrir næsta þing. Nú gæti líka farið svo, að engin síld kæmi á þessar stöðvar í sumar, og stæði þá á sama, hvort samþykt Skagfirðinga væri staðfest eða ekki.

Annars þykir mjer undarlegt, hvernig hv. þm. taka í þessa till. mína, þar sem jeg hefi einmitt lýst því yfir, að jeg vildi gjarnan, að samþyktin næði ekki fram að ganga að þessu sinni. Ef sýnt væri með rökum, að nauðsyn bæri til Skagfirðinga vegna að takmarka síldveiði á þessu umþráttaða svæði, þá væri algerlega rangt að nema samþyktina úr gildi. En jeg ætla ekki að orðlengja frekar um þetta og vona, að mjer gefist ekki tilefni til að standa upp aftur. Jeg endurtek það, sem jeg sagði áðan, að jeg ætlaði ekki að vekja neinar deilur, og vænti, að hægt verði að fara að ganga til atkv.

Jakob Möller: Það hendir ekki oft, að jeg komi með framrjetta hönd hæstv.

stjórn til bjargar, enda var henni neitað þegar í stað.

Jeg skal játa, að jeg tók ekki eftir, að leitað hafði verið samkomulags á svipuðum grundvelli og jeg gerði, en úr því að hæstv. atvrh. (MG) sjer sjer ekki fært að fresta löggilding samþyktarinnar, þá verð jeg að taka til minna ráða.

Jeg er ekki í neinum vafa um það, að í heild gæti það orðið langtum meiri skaði að banna síldveiði á Skagafirði heldur en þó að hjeraðsmenn, sem fiskveiði stunda þar, yrðu fyrir einhverju tjóni vegna síldveiðinnar, sem jeg þó tel mjög vafasamt. Þeir, sem þorskveiðar stunda, geta farið allra sinna ferða, og hafa gert, þó síldveiði sje stunduð þar samhliða, enda hafa hjeraðsbúar aldrei veitt síld nema aðeins til beitu, og hana eiga þeir að fá, og ef til vill með minni kostnaði en áður.

Af þessum ástæðum mun jeg því greiða atkv. með frv. og læt því till. mína til rökstuddrar dagskrár ekki fara lengra. Fyrir mjer vakti ekkert annað en að fresta staðfestingu samþyktarinnar og undirbúa málið fyrir næsta þing. Sje Skagfirðingum nauðsynlegt að fá þessa samþykt, hefði það ekki síður átt að koma í ljós við nánari rannsókn, og þá engin hætta á, að það næði ekki fram að ganga. En það er augljóst, að hæstv. atvrh. stofnar þessu áhugamáli þeirra í meiri hættu, með því að neita þessu samkomulagi, heldur en gert væri með því að fresta staðfesting samþyktarinnar til hausts. En hann um það, og getur þá verið útrætt um þetta mál frá minni hendi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) var enn að tala um þessa rannsókn, sem hann virðist leggja alt upp úr. Jeg veit ekki, hvort hann ætlast til, að talað sje við þessa tvo aðilja, þá, sem síldarútveg stunda, og Skagfirðinga. Nú er það vitanlegt, hvernig þessir aðiljar líta á málið, og það veit hv. deild þegar. Svo þá virðist ekki annað fyrir hendi en að dæma um það, til hvorra aðiljanna beri meira tillit að taka, eða hvor þeirra hafi meiri rjett til veiðanna. Og mjer blandast alls ekki hugur um, að rjetturinn hljóti að vera Skagfirðinga megin, og segi jeg það þó alls ekki vegna þess, að jeg er þm. þeirra, heldur hlýtur heilbrigð skynsemi að játa, að svo sje.

Einasta rjettmæt ástæða til synjunar um staðfestingu á samþykt er sú, að hún sje ekki undirbúin lögum samkvæmt. Ef svo er, tel jeg ráðherra skylt að staðfesta hana til þess að öðlast gildi á þeim tíma, sem hlutaðeigendur óska, eða svo fljótt sem unt er. Þessari venju hefir jafnan verið fylgt, og sje jeg enga ástæðu til að bregða út frá henni hvað þessa samþykt snertir.

Hitt er rjett, að háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) er ekki vanur að rjetta hönd að stjórninni til samkomulags, en þegar það svo á sjer stað, er það í þeim tilgangi, að jeg brjóti gamlar reglur og venjur. Og framrjetta hönd í þessum tilgangi sje jeg mjer ekki fært að taka; má hv. þm. leggja það út á þann veg, sem hann vill.

Bjarni Jónsson: Hæstv. atvrh. (MG) hefir verið í helst til miklu röksemdahraki, þar sem hann fór aftur að vitna í lögin um selaskot á Breiðafirði.

Jeg hefi áður sagt honum, að hjer væri aðeins um litla þríhyrnu að ræða, sem friðuð væri vegna netalagna, en annars væri mestallur Breiðifjörður ófriðaður. Nú get jeg varla hugsað mjer, að landsmenn fari alment að róa inn fyrir strauma

og rastir Breiðafjarðar til þess að bana sel, sem eins vel getur verið, að hvergi sje þar að finna.

Undanþágan, sem gerð er á Hvammsfirði, nær ekki yfir stærra svæði en svo sem 20—30 bátslengdir, þegar reiknað er frá hólmum og skerjum þar á firðinum, svo hjer er aðeins um smápolla að ræða, þar sem skjóta má selinn.

Friðun sels á Breiðafirði er bundin við margra ára rjettindi þessara eyja, er þar eiga hlut að máli, svo að ef um enga friðun væri að ræða, þá eru menn þessir sviftir arði af eign sinni, er þeir hafa haldið frá ómunatíð.

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) vítti mjög meðferð þessa máls alla, en lagði hinsvegar til, að hæstv. stjórn væri falið málið til frekari meðferðar. En hann ætti að gæta þess, að með því er verið að stofna til þrætu milli þeirra ráðherra, sem hann styður; þar sem annar á hagsmuna kjördæmis að gæta, en oddviti stjórnarinnar er landskjörinn. En jeg held, að oddvitinn eigi nægilega bágt með samverkamenn sína, þó ekki sje stofnað til nýrrar deilu á milli þeirra.

Hann kvað það ósvífni af mjer að vilja fella úr gildi ný lög. Jeg hefi ekki hafið þann sið hjer í þinginu. Hjer var með lögum embætti í hagnýtri sálarfræði veitt nafngreindum manni. Þingið gerði sig svo ómerkilegt að svifta hann því aftur. Um grískudósentinn voru, að því er jeg held, þrjú frv. á ferðinni í fyrra. Lög voru sett um rjett kjósenda til þess að mega kjósa heima. Því var logið hingað og þangað, að þau lög hefðu verið misnotuð. Þá hljóp þingið upp til handa og fóta og nam þau aftur úr gildi. Ekki var jeg þar að. Jeg gæti lesið hjer í allan dag skrá yfir lög, sem óðar hafa verið tekin aftur. Það eru þingsins ær og kýr.

Hv. þm. taldi ekki rjett að ræða þetta mál svona mikið á þingi, það væri ekki sparnaður. Þetta er 3. umr. og það getur varla kostað mikið að koma því út úr deildinni hjeðan af. Það væri auk þess löngu farið úr deildinni, ef hann hefði ekki staðið upp. Þessi sparnaður kemur of seint. Einhver nefnd hefði þá átt að skera það. En aðalatriðið er þetta: Þingið getur ekki afhent almenningar einum landshluta til afnota.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer kemur það undarlega fyrir, hversu lítið hv. þm. Dala. (BJ) telur friðunarsvæðið á Breiðafirði vera. Jeg sje samt ekki betur en það sje meðal annars allur Gilsfjörður. Þá talaði hann um selveiðina sem margra alda rjett Breiðfirðinga. En er það ekki einnig margra alda rjettur Skagfirðinga að fara út á Skagafjörð og veiða þorsk og síld?

Að því er snertir skjótt afnám laga, þá man jeg ekki eftir, að lög hafi verið afnumin, áður en þau komu til framkvæmda. Það væri tilsvarandi því að setja prófessor af áður en hann fengi greidd fyrstu launin. Ef hv. þm. Dala. vill fara svo að um síldveiðalínuna á Skagafirði, þá eru honum ærið mislagðar hendur, að því er honum sjálfum segist frá.

Bjarni Jónsson: Það er örðugt að eiga við þá ódauðlegu. Það er eins og þá er Herakles átti í höggi við orminn í Lernuvatni. Hæstv. atvrh. (MG) kvað friðunarsvæðið á Breiðafirði vera allan Gilsfjörð. En hann er allur fullur af eyjum og skerjum, og ef reiknaðar eru netalagnir hvarvetna frá landi, þá eru aðeins litlir pollar eftir. Ef hæstv. ráðh. (MG) vill hafa jafnrjetti Skagfirðingum til handa við það, sem hafa Breiðfirðingar, þá skal

jeg ganga inn á, að jafnstórt svæði verði friðað á Skagafirði, friðað fyrir sel.

Þá er ekki hægt að núa mjer því um nasir, að jeg sje hlutdrægur.

Annars er þessu tvennu með engum sannindum saman að jafna. Fólk lifir ekki á selaskotum um land alt. Þessi hlunnindi eru þess virði á Breiðafirði einum, að nokkru nemi.

Að ekki megi nema lög úr gildi fyr en þau eru komin til framkvæmda, nær engri átt. Þegar slæm lög eiga í hlut, ber að gera það þegar. Hjer er tækifærið. Minnumst nú heimspekingsins. Starf hans hafði borið þann árangur, að fræðsla í landinu hafði aukist, og verra er mönnum ekki gert.

Björn Líndal: Það er ekki nóg að segja, að ekki megi stofna til togstreitu milli sjávarútvegs og landbúnaðar; það verður að sýna það í verki. Hjer er til slíks stofnað. Öðrumegin eru hagsmunir örfárra bænda, sem lifa bæði á landbúnaði og útvegi. Hinumegin eru hagsmunir alls þorra útvegsmanna. Það er fjarstæða, að veiðarfærum manna sje spilt með herpinótaveiðinni. Þær fara ekki nema 25 faðma niður í sjó. Svo grunt leggur enginn lóð. Sannleikurinn er sá, að hjer liggja til aðrar hvatir. Síldarútvegurinn þykir draga frá sveitinni fólk. En það er undarlegt og viðsjárvert, að um leið og sjávarútvegurinn leggur á sig nýjar kvaðir til þess að hjálpa landbúnaðinum, þá er seilst til miklu meira og oft með ósanngirni af hans hálfu. Reynt að tefja viðgang útvegsins. Hjer er íslenskur bóndi, sem talar, ekki útvegsmaður. Og jeg verð að segja, að það eru miklar líkur til, ef þetta er ekki numið úr lögum þegar, þá baki það svo mikið tjón þegar á næsta sumri, að ekki verði talið, án þess að teljandi hagnaður sje að á hinn bóginn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil ekki láta það óleiðrjett, sem haldið hefir verið fram, að hjer væri um landbændur eina að ræða. Þetta er ekki svo. Þeir, sem að þessu máli standa, eru sjómenn eða útgerðarbændur. Landbændur láta sig þetta litlu skifta. Hjer standa því hagsmunir sjávarútvegsmanna gegn hagsmunum annara sjávarútvegsmanna.

Jón Baldvinsson: Jeg gerði nú nokkra grein afstöðu minnar við 2. umr. Síðan hefir lítið nýtt komið fram í málinu, nema till. hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Jeg get ekki fylgt frv., af því mjer finst þar ráðist á eitt atriði í heilum lagabálki, án þess að nægilega sje upplýst, að þörf sje á slíkri breytingu.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefði líka átt að sína fram á, hve mikill útvegur er á Skagafirði, og hver hætta honum væri búin, ef ákvæði þetta verður numið úr lögum. Þetta hefir ekki komið fram.

Annars eru ýms takmörk sett í lögum, til dæmis um æðardráp. Fáir einir menn mega hafa nytjar hans og hann er friðaður langt út fyrir netalög. Þarna eru takmörk sett. Og mjer finst ekki hægt að nema lög úr gildi alveg upplýsingalaust. Ætti því ekki að samþykkja þetta frv. nú, heldur láta athuga málið í heild af Fiskifjelaginu, og leyfi jeg mjer að skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), að svo verði með mál þetta farið.

Það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði um, að þetta kynni að skapa ágreining meðal ráðherranna, þá verð jeg að segja, að ekki mundi jeg taka mjer slíkt nærri. En jeg

vona, að ekki verði svo við málið skilið, að það verði ekki ítarlega rannsakað.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bjóst ekki við að tala í þessu máli, því að jeg hefi ekki vit á því. En hv. þm. Ak. (BL) sagði nokkur orð, sem valda því, að jeg stend upp. Jeg verð að mótmæla, að um nokkra ágengni af hálfu landbúnaðarins gegn sjávarútveginum sje eða hafi yfirleitt nokkurntíma verið að ræða í þeim viðreisnarmálum, sem hafin hafa verið fyrir hönd landbúnaðarins. Landbúnaðurinn hefir einmitt alstaðar verið olnbogabarnið.

En í máli því, sem hjer ræðir um, hefi jeg sannfærst um það af umræðum, að hagsmunir sjávarútvegsins sjeu meiri en hagsmunir einstakra manna í Skagafirði. Jeg hefi í raun og veru komist að sömu niðurstöðu og hv. þm. Ak. (BL) og tel skyldu mína að fylgja þeim, er sama leggja til, þótt jeg hefði meiri hneigð til þess að standa með bændunum.

Þórarinn Jónsson: Jeg fer að verða hugsandi út af því, sem hv. þm. Dala (BJ) sagði um kosningalögin, þótt jeg hinsvegar við þessa umr. verði fremur að drepa á annað. Hann talaði mikið um selaskot og að friðaða svæðið væri svo lítið, að vart borgaði sig að stunda skotin þar. Þá þarf heldur ekki að friða þetta svæði. Þetta er þá bara að gera að gamni sínu. Jeg sje heldur ekki, að það geri málið tortryggilegra, ef því væri vísað til stjórnarinnar, að hún virðist hafa sjerstakan áhuga á því. Það ætti að vera hv. þm. trygging fyrir því, að málið yrði rannsakað vel. Þetta út af fyrir sig er mjög ískyggilegt. Það, sem hv. þm. Ak. (BL) talaði um togstreitu, er mjer kunnugt um, að ekki á við að því er Skagafjörð snertir.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefir gert lítið úr ástæðum þeim og rökum, sem fram hafa komið við umr., og einnig því, sem fram er tekið í greinargerð frv. og nál. Honum fórust svo orð, að þetta frv. virtist eiga að fara gegnum þingið án þess verulegar ástæður eða rök væru fyrir hendi. Þetta get jeg ekki viðurkent, því að margra upplýsinga hefir verið aflað til málsbóta. Jeg vil benda hv. þm. (ÞórJ) á, að ef hægt er að segja með sanngirni um þetta mál, að það sje litlum rökum stutt, þá má ekki síður segja það um lögin frá 1923, því að þau fóru mjög umræðulítið og athugunarlaust gegnum þingið. Við höfum bent á, að hjer væru ekki einungis í veði hagsmunir útgerðarmanna, heldur miklu fremur tekjur ríkissjóðs, sem numið gætu tugum þúsunda, ef þetta frv. yrði felt. Þá eru ekki síður í veði hagsmunir verkafólks og sjómanna, er atvinnu hafa af veiðinni, ef veiðirjetturinn verður af tekinn.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um, að vel ætti við að leita álits Fiskifjelagsins. Það hefir verið gert og það álítur óbætanlegt tjón, ef þetta kemst til framkvæmda.

Hæstv. atvrh. (MG) segist ekki geta neitað að staðfesta samþyktina, og því verður að ráðast á lögin sjálf. Annars hefir þetta mál verið svo mikið rætt við 2. umr., að hv. þingmenn ættu að geta látið sannfærast.

Ágúst Flygenring: Hæstv. atvrh. (MG) áleit, að það mundi ekki leiða til neinna upplýsinga í málinu, þó að því væri vísað

til stjórnarinnar, og er jeg því samþykkur. Rannsókn getur ekki verið fólgin í öðru en því að fara til þeirra aðilja, sem deila, en það eru annarsvegar nokkrir skagfirskir bændur, sem álíta veiðarfærum sínum hættu búna, og ef til vill fiskigöngu á firðinum. Hinsvegar eru síldveiðimennirnir, sem vita af reynslunni, að síldin hagar ferðum sínum svo, að ekki er hægt að ná henni á neinum vissum stöðum. Þeir komast varla hjá því að fara inn fyrir línuna, en þykir leitt að brjóta lög, enda þótt þeir viti, að þeir sjeu ekki að skemma fyrir neinum. Það er enginn vafi á því, að fiskimenn hjeðan brjóta lögin hver um annan þveran á þessu svæði, og jeg er viss um, að ef hv. deild þekti eins vel til þarna nyrðra og þeir, sem stundað hafa veiði þar, þá mundi hún sammála um að afnema þessi lög frá 1923. Því mundi verða vel tekið. En rannsókn mundi á hinn bóginn aldrei leiða til annars en þrætu, því að allar ástæður eru þegar kunnar. Það er því alveg þýðingarlaust að vísa málinu til stjórnarinnar.

Jón Baldvinsson: Viðvíkjandi ummælum hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um álit Fiskifjelagsins skal jeg taka það fram, að jeg geri mun á áliti forseta þess og því, sem fiskiþingið kynni sjálft að álykta. Jeg mundi taka meira tillit til álits fiskiþingsins, sem skipað væri fulltrúum af öllu landinu, og við það átti jeg í ræðu minni. Það getur vel verið, að forseti fjelagsins fylgi því, að þetta sje samþykt. En jeg vil, að málið sje tekið upp í heild. Það er ekki rjett að hlaupa til að samþykkja lög sem þessi, án þess að hafa greinilegt álit kunnugustu manna. Hjer liggur nú aðallega fyrir álit þeirra, sem að síldveiðinni standa. Litlar upplýsingar hafa komið frá Skagfirðingum sjálfum. Þetta þarf alt að athuga betur.

Björn Líndal: Jeg vildi aðeins benda hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á það, að ef hann greiðir atkvæði móti þessu frv., getur vel farið svo, að ýmsir fátækir sjómenn hjer í Reykjavík, sem honum er ant um, verði að lifa á því að afla innan við línuna, svo að jeg vona, að hv. þm. (JBald) hugsi sig tvisvar um, áður en hann greiðir atkvæði.

Jón Baldvinsson: Jeg skal benda hv. þm. Ak. (BL) á, að jeg vil líka hugsa um fátæka sjómenn í Skagafirði, alveg eins og hjer.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar, frá þm. V.-Húnv. (ÞórJ), feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JBald, JK, JS, JörB, MG, PO, PÞ, ÞorlJ, ÞórJ.

nei: ÁÁ, BSt, BJ, BL, JakM, JAJ, JÞ, KlJ, MJ, MT, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÁF, ÁJ, BSv.

Einn þm. (IngB) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 16:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 354).

Á 65. fundi í Ed., föstudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 354, n. 438).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Lög þau, sem hjer er farið fram á að fella úr gildi, eru heimildarlög fyrir sýslunefnd Skagfirðinga til þess að banna síldveiði með herpinót innan línu, sem hugsast dregin frá norðurenda Þórðarhöfða norðan við Drangey og í sömu stefnu á Skaga. Á þingi 1913 var samþykt heimild fyrir Skagfirðinga til þess að banna síldveiði með herpinót innan línu frá innanverðum Þórðarhöfða til Ingveldarstaða á Reykjaströnd. Á þingi 1923 var farið fram á það, að sýslunefnd veittist heimild til þess að færa línuna utar, eins og jeg hefi þegar getið um.

Nú er það svo, að kunnugir menn segja, að með þessari ytri línu, sem nú er víst orðið, að sýslunefnd Skagfirðinga ætlar sjer að nota, þá sje veiðisælasta plássið á Skagafirði fyrir síldveiði í herpinót útilokað.

Nú er að líta á það, hve mikil sanngirni mælir með því, að einstök hjeruð geti útilokað önnur frá veiðum innan landhelgi með slíkum samþyktum. Það hafa frá fyrstu heyrst raddir um það, að fiskiveiðasamþyktirnar sjeu og hafi verið til ills eins og ættu ekki að líðast. Jeg skal nú ekki leggja dóm á það, enda liggur það ekki fyrir hjer. En hitt er víst, að með þessari heimild fyrir Skagfirðinga frá 1923, sem þeir ætla nú að fara að nota, þá er gengið svo langt, að ástæða er til þess að óttast það, að ef haldið verður áfram í líka átt, þá sjeu engin takmörk fyrir því, hversu langt verður í því gengið að banna utanhjeraðsmönnum veiðar með slíkum samþyktum. Sýslunefnd Skagfirðinga heldur enn heimildinni frá 1913, og þar sem sú lína, sem þar er ákveðin, er það utarlega, að litlar líkur eru til þess, að hjeraðsbúum sje skaði gerður af herpinótaveiði fyrir utan þá línu, þá virðist mega við það una. Það er því full ástæða til þess að telja þau takmörk nær sanni og afturkalla lögin frá 1923.

Jeg er ekki vel kunnugur á Skagafirði, en þó þekki jeg þar nokkuð til, og mjer virðist, þegar litið er á línuna frá 1913. þá sýnist hún friða það væntanlega síldveiðapláss, þar sem líkur eru til, að hagur gæti að því orðið að stunda síldveiði í lagnet. Það er ekki líklegt, að síld veiddist í net fyrir utan þá línu. En þó svo væri, þá ætti slíkt ekki að koma í bága við það, þó herpinótaveiði væri stunduð fyrir utan þá línu, því það er álit kunnugra manna, að síldveiði með herpinót hafi lítil áhrif á göngu síldar. Jeg skal ekki fara lengra út í það, því mig brestur hjer kunnugleika, en mjer þykir slík ályktun sennileg. Það virðist því, eins og málið liggur fyrir og eins og það er rökstutt með greinargerð frv., þá mæli öll sanngirni með því, að lögin sjeu numin úr gildi. Og mjer virðist ekki gengið á rjett Skagfirðinga, þó heimild þessi sje afturkölluð, því með henni er býsna mikið skertur sá rjettur, sem telja verður að Íslendingar yfirleitt eigi til landhelginnar. Sjútvn. hefir því komist að þeirri niður-

stöðu, að samþykkja beri frv. það, sem hjer liggur fyrir, óbreytt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla ekki að innleiða hjer miklar umr. um þetta mál. En jeg vil aðeins segja það, að mjer virðist ekki nokkur ástæða til þess að afnema þessi lög strax. Þau voru sett á þingi 1923, og nú á að afnema þau, þegar líkur virðast til, að fara eigi að nota þau. Það er þó ekki komið lengra en svo, að sýslunefnd hefir gert samþykt, sem síðan á að fara fyrir hjeraðsfund og loks að fá staðfestingu í stjórnarráðinu. Samt má telja líklegt, að þau geti komið til framkvæmda á yfirstandandi sumri. En þá fer nú að verða lítið gagn að löggjöfinni, ef afnema á lögin áður en þau geta komið til framkvæmda.

Jeg verð nú að segja það, að jeg er kunnugur nyrðra, en jeg veit ekki til þess, að það sje eins mikil síldveiði á þessum hluta Skagafjarðar og nú er af látið. Að vísu kunna að vera áraskifti að þessu, en hitt er líka víst, að á hverju ári er mikið veitt af síld utan við þessa umræddu línu, og þar er aðalsíldveiðin rekin. Það liggur líka í augum uppi, að ef mikið væri veitt af síld innar, þá væru nú komnar upp síldarstöðvar innra í firðinum, en svo er ekki, eins og kunnugt er.

Lína sú, sem sett var í heimildarlögin frá 1923, liggur nokkuð beint yfir fjörðinn. En nú nær hún nokkru lengra út að austan. Það var því í raun og veru ekki annað gert 1923 en að láta þá, sem búa við fjörðinn vestanverðan, eiga kost á að njóta sömu rjettinda og hina, er búa að austan. Enda geta menn, ef þeir vilja athuga það, sannfært sig um, að línan að austan er sama sem óbreytt. Nú skil jeg ekki, hvers vegna þeir, sem búa að vestan til við fjörðinn, mega ekki njóta sömu hlunninda og hinir.

Jeg veit það, að síld er veidd alt inn að þeirri línu, sem sett var 1913. En sjómenn nyrðra segja og leggja mikla áherslu á það, að síldin gangi lítið inn á fjörðinn, þegar hún er elt og veidd með herpinótum inn með öllum Skaga og Reykjaströnd.

Jeg vildi aðeins geta þessar upplýsingar, án þess að jeg vilji fara út í neinar kappræður. Enda býst jeg ekki við, að það sje til neins, eins og málinu er nú komið.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf mjög litlu að svara ræðu hæstv. atvrh. (MG). Jeg játa það, að breytingin, sem gerð var með lögunum 1923, er aðallega í því fólgin að færa línuna út að vestan, því að austan eru takmörkin um Þórðarhöfða eins og áður, þó þannig, að eftir lögunum frá 1913 er línan hugsuð dregin frá innri enda höfðans, en eftir lögunum frá 1923 er línan dregin frá ytri enda hans. En svo er líka afarmikið friðað svæði að vestan, því eftir lögunum frá 1913 liggur línan á ská inneftir, en eftir lögunum frá 1923 liggur hún á ská úteftir. Það er játað af öllum, að hjer sje mjög stórt svæði friðað, og því er haldið fram í greinargerð frumv., að það sje síldarsælasta plássið á Skagafirði. En hvað sem því líður, þá er hitt víst, að ef haldið verður áfram í svipaða stefnu og fram kemur í lögunum frá 1923, þá fæ jeg ekki sjeð, hvar takmörkin á að draga fyrir slíkum fiskiveiðasamþyktum, því það er ómótmælanlegt, að hjer er gengið á sameiginlegan rjett borgaranna til landhelginnar. Það er sjálfsagt, að hjeraðsbúar halda þeim sjerrjettindum, sem þeir

hafa haft frá aldaöðli, hver fyrir sínu landi, en það eru netalagnirnar, sem eru taldar 60 faðma frá landi. En fiskiveiðasamþyktirnar ganga miklu lengra, og það verður að gjalda varhuga við, að þær leiði ekki út í öfgar.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að sjómenn nyrðra legðu mikið upp úr því, að veiði með herpinót fyrir utan vissa línu mundi spilla fyrir síldveiðum fyrir innan hana. Jeg skal engan dóm leggja á það. Jeg benti á það í fyrri ræðu minni, að fiskifræðingur okkar vildi ekki kannast við, að svo væri. En þó svo væri, að eitthvað væri til í þessu, þá er varhugavert, ef þetta hefir mikla þýðingu fyrir síldveiðar, að gefa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimild til þess að ákveða þetta. Hún hefir alt að vinna, en engu að tapa. En aftur á móti á að taka til greina umkvartanir annara borgara ríkisins, sem hafa hagsmuna að gæta.

Jeg ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, vegna þess að því miður brestur mig nægilegan kunnugleika til þess að dæma vel um það. Til þess þarf menn, sem reynslu hafa í þessu. Mjer finst, að það, sem fyrir liggur, sje það að meta, hvorra kröfur eru sanngjarnari, Skagfirðinga eða þeirra utanhjeraðsmanna, sem síldveiðar stunda. Jeg er sannfærður um, að sæmilega tryggilega var búið um hag Skagfirðinga með lögunum 1913, og sje jeg því ekki ástæðu til að gefa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimild til þessa. Þó að sjútvn. hjer á Alþingi 1923 liti þannig á, að þetta væri hættulaust, sje jeg enga ástæðu til að skirrast við að leggja til, að lögin verði úr gildi numin, þar sem jeg tel það fyllilega rjettmætt. Þau hafa ekki unnið sjer neina hefð enn, þar sem þau hafa ekki verið notuð, og þar sem forsendur fyrir lögunum reynast ljettvægar, legg jeg þann dóm á, að lögin eigi að víkja. Jeg býst við, að einhverjir þeirra, sem voru í sjútvn. 1923, sjeu einnig í sjútvn. nú, og hygg jeg, að þeir hafi athugað málið í bæði skiftin, en upplýsingar þær, sem nú liggja fyrir, hafi gert það að verkum, að þeir hafi breytt um skoðun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:1 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 507).

---

44. Innheimta gjalda af erl fiskiskipum.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum (þmfrv., A. 194).

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg býst við, að enga nauðsyn beri til að fara mörgum

orðum um frv. þetta, þar sem í greinargerð þess eru ítarlega raktar ástæðurnar fyrir því. Þó vil jeg segja um það nokkur orð.

Í lögum nr. 2, frá 2. febr. 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl., er svo ákveðið, að lögreglustjórar fái 10 aura gjald af hverri smálest útlendra fiskiskipa fyrir að skoða skjöl þeirra í fyrsta sinn, er þau koma í íslenska höfn á árinu, en síðan 5 aura af smálest hverri.

Í tolllögum nr. 54, frá 11. júlí 1911, er lögreglustjórum ennfremur ákveðin 10 kr. þóknun fyrir að rannsaka vörubirgðir skipa og innsigla það, sem skipverjar þurfa ekki að nota af tollskyldum vörum, meðan skipið dvelur í höfn. Þetta ákvæði var tekið óbreytt upp í lögin um breytingu á 1. gr. nefndra tolllaga, nr. 41, 1921.

Með lögum nr. 32, 28. nóv. 1919, var það nýmæli sett, að afgreiðslugjald danskra fiskiskipa skyldi vera 1 króna af smálest hverri, en 50 aurar af öðrum erlendum fiskiskipum. En um þóknun til lögreglustjóra er ekki talað í þeim lögum. Þessi gjöld voru látin standa óhögguð, þegar aukatekjulögin nr. 27, 27. júní 1921, voru sett, svo sem 54. gr. þeirra laga sýnir.

En þegar lögin nr. 33 frá 19. júní 1922 koma til sögunnar, eru lögð ný og aukin störf á herðar lögreglustjóranna, og er jafnframt álitamál, hvort um leið hafi ekki verið gerð breyting á því, hvernig skipagjöldunum, sem sett voru 1919, skyldi varið. Í 4. gr. laganna segir svo m. a. (með leyfi hæstv. forseta):

„Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum. Síðan skal rita á skipshafnarskrá skipsins vottorð um skoðunina og greiðslu lögskipaðs gjalds.

Er hreppstjóri framkvæmir skoðunina vegna lögreglustjóra, skal skifta gjaldinu jafnt milli þeirra.“

Eins og hv. þm. er eflaust kunnugt, hefir risið ágreiningur milli sumra lögreglustjóra og hæstv. stjórnar um það, hvernig skilja beri grein þessa. Nefndin vill á engan hátt blanda sjer í þær deilur eða leggja dóm á þær, enda heyrir sá ágreiningur undir dómstóla landsins. En nefndin vill breyta þessu ákvæði og fyrirbyggja allan misskilning í þessu efni. Ef skilningur lögreglustjóranna reynist rjettur, og þeim verður dæmt alt gjaldið, þá verða laun sumra þeirra óhæfilega há, en aftur á móti njóta aðrir einskis góðs af ákvæðinu, þar sem engar skipakomur eru í lögsagnarumdæmi þeirra. Getur slíkt valdið hinu mesta misrjetti og gefið sumum lögreglustjórum stórfje í eigin vasa, einkum þeim, sem minst þurfa fyrir innheimtu gjaldsins að hafa og sem síst þarf að veita nokkra launauppbót, vegna þess að þeir sitja í tekjumestu embættunum.

Aftur á móti er ekki sanngjarnt að leggja lögreglustjórunum svo mikilvæg aukin störf á herðar, án þess að þeim verði greidd aukaþóknun fyrir. Fjhn. leggur því til, að þeim verði greiddur innheimtukostnaður af gjaldi þessu, samkvæmt samningi við landsstjórnina, mismunandi hár eftir öllum staðháttum í hverju lögsagnarumdæmi, en þó aldrei yfir 25% af gjaldinu.

Í þessu sambandi skal jeg benda á það, að í lögum um læknisskoðun aðkomuskipa, nr. 31 frá 20. júní 1923, er þóknun til læknis, sem framkvæmir skoðunina, hækkuð um helming. En þóknun til lögreglustjóranna hefir ekki verið hækkuð síðan

1911 í sambandi við ný aukin störf, og þó verða þeir einnig að fara um borð í skipin til tolleftirlits.

Þar sem öll sanngirni mælir með því, að þóknun þeirra sje hækkuð, a. m. k. sumstaðar á landinu, þá leyfi jeg mjer að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga. Sje jeg ekki ástæðu til að frv. gangi til nefndar, þar sem það er borið fram af fjhn. og hefir verið athugað þar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg bjóst við því, að frsm. þess kafla fjárlagafrv., sem þetta mál heyrir undir, myndi kveðja sjer hljóðs, því að mál þetta hefir verið sjerstaklega rætt í fjvn.

Þegar fjvn. í samráði við hæstv. fjrh. (JÞ) ákvað að leggja það til, að skrifstofufje sýslumanna yrði hækkað um 40 þús. kr., þá skildist okkur, sem í nefndinni eigum sæti, að sýslumennirnir ættu ekki að fá neitt af þessu gjaldi, og a. m. k. alls ekki svo mikið sem í frv. er gert ráð fyrir. Vil jeg því vona, að hv. fjhn. athugi frv. nánar, þó að því verði ekki beinlínis vísað til hennar aftur, þar sem hún flytur það, því að það er óviðkunnanlegt, að tvent ólíkt sje samtímis ákveðið í tveimur nefndum í þinginu.

Mjer hefir altaf skilist, að afleiðingin af hækkuðum skrifstofukostnaði sýslumanna hlyti að verða sú, að þeir fengju ekki jafnmiklar aukatekjur eftir sem áður.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þó að mál þetta heyri í rauninni undir fjrh., þá skal jeg leyfa mjer að segja örfá orð, þar sem hann er ekki viðlátinn sem stendur.

Vegna ummæla hv. þm. Str. (TrÞ) skal jeg taka það fram, að í frv. er ekki gert ráð fyrir, að lögreglustjórarnir fái nema alt að 25% innheimtulaun af gjaldi þessu, og er stjórninni ætlað að ákveða hundraðsgjaldið í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig og taka þá tillit til allra staðhátta á hverjum stað. Má því gera ráð fyrir, að innheimtulaunin verði sumstaðar ef til vill ekki hærri en 5—10%. En á stöku stað hagar svo til, að lögreglustjóri þarf að leigja bát í hvert skifti, sem hann þarf að afgreiða skipsskjöl, en það kostar bæði tíma og fje. Jeg held, að hv. þm. (TrÞ) hafi ekki athugað þetta nægilega, en svona er það nú samt.

En ríkissjóður græðir í öllu falli, ef frv. þetta nær fram að ganga, græðir talsvert frá því sem nú er. Ennfremur verður skifting aukateknanna milli hinna einstöku lögreglustjóra mun rjettlátari.

Þórarinn Jónsson: Það er rjett hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að mál þetta var rætt í fjvn., og bygði nefndin till. sínar um að hækka skrifstofufje sýslumanna m. a. á því, að hún bjóst við, að þessu innheimtugjaldi yrði ráðstafað á annan veg en nú er gert, og jafnvel að það hyrfi alt í ríkissjóð.

Þó skal jeg játa, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir lagt til, að lögreglustjórum yrði framvegis greidd einhver þóknun fyrir innheimtu þessa gjalds. En það skýtur nokkuð í tvö horn, að greiða þeim eitthvað og að greiða þeim alt að fjórðungi alls gjaldsins. Og þó að hæstv. stjórn geti takmarkað innheimtulaunin nokkuð eftir staðháttum, þá finst mjer of langt gengið í frv., og mun jeg því koma fram með brtt. við 2. umr. Vel má vera, að innheimtulaununum verði deilt rjettlátlegar milli lögreglustjóranna með þessu móti, en jeg sje þó ekki ástæðu til, að þau geti orðið svo há sem í frv. segir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 194, 218).

Frsm. (Björn Líndal): Fjárhagsnefnd hefir athugað brtt. á þskj. 218, en getur ekki lagt til, að hún verði samþykt, þar sem þóknunin samkvæmt henni yrði í mörgum tilfellum alt of lítil. Það er vitanlegt, að kostnaður og fyrirhöfn lögreglustjóranna eða umboðsmanna þeirra er oft og tíðum mjög mikill við að fara um borð í fiskiskipin til þess að afgreiða skjöl þeirra og athuga alt það, sem athuga á. Flest skipin, sem hjer um ræðir, eru lítil, ekki meira en 60—70—80 smál., og samkv. brtt. gæti innheimtugjald í hæsta lagi orðið 4 krónur af 80 smál skipi. Eftir því sem mjer er kunnugt um, eru oft talsverð vandkvæði á því að komast fram í skipin sumstaðar á landinu. Á Siglufirði liggur stundum fjöldi erlendra fiskiskipa úti á höfn, og þar er kaup verkamanna oft mjög hátt og varla hægt að fá mann til flutninga hvað sem í boði er. Annarsstaðar, þar sem hafnleysur eru, eru erfiðleikarnir enn meiri.

Auk þess ber þess að gæta, að þetta er ekki nema heimildarlög, og jeg fyrir mitt leyti treysti bæði núverandi hæstv. stjórn og yfirleitt öllum stjórnum í framtíðinni til þess að fara vel og skynsamlega með þessa heimild. Jeg held að lítil hætta sje á því, að fjármálaráðherra greiði meira en góðu hófi gegnir. Þess vegna vil jeg fyrir hönd nefndarinnar halda fast við frv. og leggja á móti brtt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg átti ekki kost á að vera viðstaddur 1. umr. frv. til þess að gera grein fyrir því, en vil hjer með þakka hv. fjhn. fyrir að hafa flutt það. Jeg hefi kynt mjer það, sem fram hefir komið við 1. umr., og sjeð, að málið er upplýst nokkurn veginn fyrir hv. þdm. Það hefir verið skýrt frá glundroðanum, sem komist hefir á málið að því leyti, að umrætt gjald hefir verið greitt í ríkissjóð úr sumum lögsagnarumdæmum, en öðrum ekki. Eftir að lögin um rjett til fiskiveiða í landhelgi gengu í gildi 1. júlí 1922, byrjuðu sumir lögreglustjórar að halda gjöldunum eftir. Sumir skiluðu þeim í ríkissjóð. Einn af þeim, sem skiluðu gjaldinu, sá sig um hönd og krafðist endurgjalds. Úrskurður fjell í fjármálaráðuneytinu á þá leið, að krafan var tekin til greina og gjaldið endurgreitt. En ekkert var endurgreitt til þeirra, sem höfðu skilað gjaldinu fyrir 1922, og ekki gengið eftir endurgreiðslu, og fyrir 1923 var það þannig, að sumir höfðu greitt í ríkissjóð, en aðrir haldið gjaldinu.

Persónulega er jeg í engum vafa um, að úrskurðurinn, sem feldur var af fyrirrennara mínum, hefir ekki verið rjettur. Jeg er sannfærður um, að fiskiveiðalögin hafa enga breytingu gert í þessu efni, heldur eigi ríkissjóður gjaldið eftir sem áður. Þó að jeg hafi þessa sannfæringu, eru margir lögfræðingar á annari skoðun, svo að jeg er ekki að ámæla fyrirrennara mínum, þó að hann hafi komist að annari niðurstöðu en jeg álít rjetta. Lögreglustjórar hafa farið fram á að halda þessum tekjum og fært ýmislegt þeim málstað sínum til varnar, eins og eðlilegt er. Jeg sagði þeim, þegar þeir áttu tal

um þetta við mig í vor, að mjer virtist óeðlilegt, að það væri komið undir hæpnum lögskýringum, hvort ríkissjóður eða lögreglustjórar ættu tekjurnar, heldur ætti Alþingi að láta í ljós sinn vilja um það. Úrlausn dómstóla gæti orðið fyrir þann tíma, sem umliðinn er, en enginn vafi ætti að leika á því í framtíðinni.

Það, sem lögreglustjórar hafa aðallega borið fyrir sig, fyrir utan bein lagaleg ákvæði, er, að þeir verði venjulega að gera ferð út í skipin, til þess að sækja þangað gjöldin, því að það sje venjan víðast hvar, að skipsmenn geri ekki vart við sig hjá lögreglustjóra til þess að greiða gjöld sín, þó að þeir komi í land, sem ekki sje nærri altaf. Og þessar ferðir um borð sjeu svo kostnaðarsamar, að gömlu gjöldin frá 1894 og frá 1911 nægi ekki lengur fyrir beinum kostnaði við að sækja gjöldin. Þeir benda rjettilega á, að meira en afgreiðslugjöldin sjeu í húfi fyrir ríkissjóð, sem sje líka vitagjöldin, sem ýmist eru jafnhá eða hærri en afgreiðslugjöldin. Því er ekki að neita, að ríkissjóður hefir sinna hagsmuna að gæta við innheimtur gjaldanna, því að tæplega borgar sig fyrir hann að ganga svo fast eftir sínu, að lögreglustjóri hefði ekki fyrir beinum kostnaði við að ná þeim.

Við 1. umr. var rætt mikið um innheimtulaun, en í frv. er tekið fram, að heimilt sje að greiða lögreglustjórum kostnað við innheimtuna, og það er þannig hugsað frá minni hálfu, að þetta þurfi ríkissjóður að láta af hendi. Þetta á einkum við í lögsagnarumdæmum, þar sem eru margar hafnir og þar af leiðandi margir umboðsmenn. Eftir að hundraðsgjöldin af tollunum voru afnumin, hafa þessir umboðsmenn lögreglustjóra engar tekjur haft fyrir störf sín, nema þá af skrifstofufje lögreglustjóra. En þó að það hafi verið hækkað, er ekki hægt að heimta, að sýslumenn greiði umboðsmönnum sínum mikið af því. Í sumum lögsagnarumdæmum eru upp undir 10 hafnir, sem gjaldheimta fer fram á. Þar sem svona stendur á, að ólaunaðir umboðsmenn innheimta gjaldið, verður að viðhafa þá sanngirni, að láta kostnaðinn renna til þeirra, en ekki láta þá fá helming hans og lögreglustjóra hinn helminginn. En í sumum lögsagnarumdæmum, eins og t. d. hjer í Reykjavík, virðist ekki ástæða til að greiða sjerstaklega fyrir þetta, enda er aðeins farið fram á heimild.

Jeg verð að segja, að mjer virðast takmörkin of þröng, sem hv. meiri hl. fjvn. vill setja, með því að láta 10% koma í stað 25%. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að þetta er ekki í beinu sambandi við skrifstofufje lögreglustjóra. Jeg held, að aldrei hafi verið ætlast til, að skrifstofufjeð væri svo ríflegt, að hægt væri að greiða af því þessar ferðir út í erlend fiskiskip. Löggjöfin hefir sýnt þetta með því að áskilja lögreglustjórum aukatekjur samkv. lögunum frá 1894 upp í kostnaðinn, þó að ákveðið væri 1919, að aukatekjur rynnu annars yfirleitt í ríkissjóð.

Þórarinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð, er jeg vildi segja í sambandi við brtt. á þskj. 218, frá meiri hl. fjvn.

Á öndverðu þingi, þegar nefndin var að athuga fjárlagafrv., sá hún, að skrifstofukostnaður lögreglustjóra hafði verið hækkaður um helming frá því, sem hann hafði áður verið, eða úr 42 þús. kr. upp í 84 þús. kr. Jafnhliða því, að lagt var til að hækka skrifstofukostnaðinn, var

bent á, að skipagjöldin ættu þá að renna í ríkissjóð, en þó mundi verða að breyta til þess lögunum um gjald af erlendum fiskiskipum. Um leið og nefndinni var skýrt frá þessu, var einnig bent á, að komið gæti til mála, að greiða þyrfti í sumum tilfellum eitthvert lítilsháttar gjald fyrir innheimtu þessara skipagjalda.

Nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ) bent á, að úrskurður, sem feldur hefir verið um innheimtu þessara gjalda fyrir skömmu, væri athugaverður og ekki á nægum rökum bygður, og hefir hann með því fallist á þá skoðun meiri hl. nefndarinnar, að störf þessi bæri að skoða sem embættisskyldu sýslumanna og lögreglustjóra, enda er svo ákveðið í launalögunum frá 1919, að allar aukatekjur, svo og innheimtulaun, skuli falla til ríkissjóðs.

Þó að meiri hl. fjvn. hafi með brtt. sinni lagt til að greiða fyrir þessa innheimtu 10%, þá gerir hann það ekki af því, að hann telji ekki innheimtuna fulla embættisskyldu, heldur af því, að hann viðurkennir, að á einstöku stað geti þessu fylgt nokkur kostnaður, og eigi þetta hundraðsgjald aðeins að eiga þar við, en alls ekki að greiða neitt, þegar vitanlegt er, að ekkert er haft fyrir innheimtunni.

Af greinargerð hv. fjhn. fyrir frv. þessu sjest ekki, að gefa eigi neina undanþágu í þessu efni. Samkvæmt 1. gr. frv. á gjaldið jafnt að renna til þeirra, sem ekkert hafa fyrir innheimtunni, eins og hinna, sem eitthvað þurfa að leggja í kostnað, t. d. að manna bát. En þó að þeir þurfi að leggja þetta á sig, þá tel jeg það, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir viðurkent, embættisverk þeirra, sem ríkissjóði beri ekki skylda að greiða neitt fyrir. Þess vegna hefir meiri hl. fjvn. talið sig fara svo langt sem hægt sje með brtt.

Háttv. frsm. (BL) sagði, að stjórnin mundi fara skynsamlega í þessu efni og ekki greiða þeim neitt, sem gjaldið innheimta án fyrirhafnar. En hefði þetta verið meining hv. fjhn., þá mundi hún hafa sett þetta í greinargerð fyrir frv., þar sem það átti heima. Þó tel jeg þessa yfirlýsingu góðra gjalda verða. Ágreiningurinn verður þá aðeins um það, hve mikið eigi að greiða, þegar einhver aukakostnaður er við innheimtuna. En af því nefndin telur innheimtuna embættisverk, vill hún alls ekki ganga lengra en þetta til samkomulags.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um þessa ólaunuðu umboðsmenn, sem heimta inn gjaldið á stundum. Það er rjett, að þeir munu finnast úti um land, sem lítið er borgað fyrir, þó að þeir hafi alla fyrirhöfnina á innheimtu gjaldanna, og sannar það fyllilega, að lögreglustjórar komast ljett út af þessu víða.

Hæstv. fjrh. hjelt, að innheimtan yrði fremur vanrækt, ef ekkert yrði goldið fyrir hana. Jeg hygg, að hún muni ekki meira vanrækt með þessum breytingum, sem við viljum láta gera, en tíðkast hefir áður. Jeg hefi fengið skýrslu um þessi skipagjöld fyrir árið 1922, og nemur það 17 þús. króna, sem ríkissjóður hefir fengið, en þó vantar bæði frá Reykjavík og Vestmannaeyjum, svo að óhætt mun að áætla, að þetta skipagjald sje um 40 þús. króna. Mjer er kunnugt um, að frá Vestmannaeyjum nam gjaldið 6 þús. króna yfir 3 mánaða tíma síðastliðið sumar, á meðan hinn setti lögreglustjóri var þar. Hjer í Reykjavík er þetta ekki gefið upp og hefir þaðan aldrei verið greitt í ríkissjóð, en annarsstaðar af landinu hefir sumt af þessu gjaldi verið greitt í ríkissjóð, en sumt ekki. Og úr ríkissjóði hefir

verið úrskurðað að greiða gjaldið aftur til innheimtumanna, eins og hæstv. fjrh. skýrði frá.

Annars ætla jeg ekki að orðlengja frekar um þetta, en tel sjálfsagt, að sett verði lög um þetta efni, svo ekki orki lengur tvímælis um það, hvert gjald þetta eigi að renna. Og meiri hl. fjvn. álítur, að innheimtugjaldið megi alls ekki vera hærra en 10%, og ætti helst ekkert að vera.

Klemens Jónsson: Eftir lögum nr. 2, 2. febr. 1894, um ferðakostnað og dagpeninga sýslumanna, er svo ákveðið, að lögreglustjórar eða hreppstjórar fái 10 aura fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa í fyrsta sinn, er þau koma til landsins, og er gjald þetta miðað við stærð skipsins, eða hvað það er skráð að tonnatali. Framkvæmi hreppstjóri skoðun þessa, skiftist gjaldið milli hans og lögreglustjóra. Um það hefir enginn ágreiningur verið, að minni vitund, að þessi ákvæði standi enn óhögguð og í fullu gildi, þótt launalögin frá 1919 kveði svo á, að aukatekjur allar skuli renna í ríkissjóð. Tekjur þessar hafa altaf hingað til runnið til sýslumanna sjálfra og hreppstjóra.

Árið 1921 komu ný lög um aukatekjur ríkissjóðs. Í 54. gr. þeirra laga er m. a. svo ákveðið, að dönsk fiskiskip skuli greiða 1 kr. af smálest hverri, og önnur erlend fiskiskip 50 aura af smálest í fyrsta sinn á hverju ári, sem skjöl þeirra eru skoðuð af valdsmanni hjer á landi. Um það hefir enginn ágreiningur verið, að þetta skipaskoðunargjald eigi að renna í ríkissjóð.

En svo koma enn ný lög 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, sem meðal annars leggja lögreglustjórum miklar og nýjar skyldur á herðar, og sem ekki er hægt að ætlast til, að þeir fullnægi án einhvers endurgjalds. Enda er svo ákveðið í 4. gr., að greiða skuli lögreglustjóra eða hreppstjóra fyrir skoðun skipsskjalanna gjald það, sem ákveðið er í aukatekjulögunum. Þetta út af fyrir sig, að gjaldið eigi að greiðast lögreglustjóra eða hreppstjóra, virðist nægilega skýrt, auk ákvæðisins um, að greiða skuli gjald það, sem ákveðið er í aukatekjulögunum, enda tekur niðurlag 4. gr. af öll tvímæli og er nákvæmlega samhljóða ákvæði laganna frá 1894, að gjaldið skiftist jafnt milli lögreglustjóra og hreppstjóra, ef hinn síðarnefndi framkvæmir skoðunina.

Þetta sýnir svo skýrt sem frekast er unt, að gjaldið sje þeirra eign; að minsta kosti er það óhugsandi, að hreppstjórinn eigi að senda helming til sýslumanns, til sendingar í ríkissjóðinn, en hinn helminginn eigi hann að senda í ríkissjóð.

Öll tvímæli, sjeu þau annars til, tekur aths. við 4. gr. frv. annars af. Þar segir svo: „Ákvæðin um ákvörðun afgreiðslugjaldsins er lagt til að sjeu ekki sett í lög þessi, en *vísað* til aukatekjulaga þeirra, sem í gildi eru á hverjum tíma, *sbr. nú lög nr. 27, 27. júní 1921,* síðustu málsgr. 54. greinar.“ (Alþt. 1922, A. bls. 170).

Það er nú oft svo, þegar skýra á lög og um vafasöm atriði er að ræða, að lögfræðingana greinir á og verða stundum ekki sammála um ýms ákvæði. En *þessi ákvæði* eru svo skýr og ljós, að enginn getur um það vilst, hvernig beri að skilja þau í framkvæmdinni. Hæstv. fjrh. sagði, að margir lögfræðingar væru á þessari skoðun. Hann gæti tekið dýpra í árinni og sagt, að það væru allir lögfræðingar, sem skildu ákvæði laganna á þessa lund, og fleiri en þeir. Og fjhn., sem borið hefir

frv. þetta fram, er á einu máli um það, að svona beri að skilja lögin.

Það var út frá þessum forsendum og skilningi, að jeg sem atvrh. kvað upp úrskurð, sem að vísu gekk á móti ríkissjóði og varð þess valdandi, að hann misti af nokkurri fjárhæð, enda lít jeg svo á, að ráðherra eigi engu síður að gæta rjettar einstaklinganna heldur en ríkisins. Hann á að gera öllum rjett, en má ekki einblína á hag ríkissjóðs, ef hann hefir rangan málstað.

Hitt er alt annað mál, hvort það sje rjett og sanngjarnt að láta lögreglustjóra hafa svona miklar tekjur af skoðuninni, og jeg get svarað fyrir mig, að jeg held, að svo ætti ekki að vera.

Frv. til þessara laga, sem hjer er um að ræða, var upphaflega samið af manni, er heima átti í Kaupmannahöfn, að vísu góður og gegn maður, en líklega ekki nógu kunnugur hjer heima og þekti ekki, hvað rjettast og sanngjarnast mundi vera í þessu efni, en úr því hefði stjórnin, sem frv. bar fram, átt að bæta.

Fjhn. er öll á einu máli um það, að ekki sje rjett að lögreglustjóri hafi svona miklar aukatekjur, þó hún hinsvegar viðurkenni, að fyrir innheimtuna beri að greiða einhverja þóknun. Þess vegna hefir hún fallist á, að innheimtugjaldið verði sett 25%, eins og hæstv. fjrh. hefir stungið upp á. Hæstv. fjrh. ætlaðist til, að lögin verkuðu aftur fyrir sig til 1. júlí 1923. Nefndin getur ekki fallist á það; hún vill ekki svifta lögreglustjóra þeim tekjum fyrir þann tíma, sem liðinn er, heldur frá þeim tíma, sem lögin ganga í gildi.

Annars ætla jeg ekki að orðlengja um þetta. Jeg treysti hv. frsm. (BL) til þess að fylgja málinu fram.

En eitt er álitamál, hvort svifta eigi þá lögreglustjóra, sem *nú* eru í embættum, þessum aukatekjum. Jeg skýt þessu aðeins fram til athugunar. Fyrir skömmu var hjer á ferð í bænum sýslumaður, sem heima á úti á landi, en mun nú hafa horfið heimleiðis. Hann átti tal um þetta við mig og ljet ótvírætt í ljós þá skoðun, að hæpið mundi vera, að hægt væri að taka þessar tekjur af þeim mönnum, sem notið hafa þeirra undanfarið, enda mun hann hafa lagt allfast að ýmsum þm. að láta frv. ekki ná fram að ganga nema því aðeins að undanskilja þá sýslumenn og lögreglustjóra, sem nú eru í embættum. Og jeg er á því, að þessi skoðun hafi nokkuð til síns máls. Þessir embættismenn eru skipaðir samkvæmt lögum og geta eflaust haldið sig við það, en þeir geta þá skotið úrlausn þessarar spurningar undir úrskurð dómstólanna.

Jeg held því fast fram, að úrskurður minn sje rjettur og lögunum samkvæmur. Hitt er vafamál, hvort lögreglustjórarnir hefðu átt að fá þennan rjett. Lögin voru samin í fljótfærni og flaustrað umræðulaust í gegnum þingið, enda hefir það komið á daginn, að fljótlega þyrfti að breyta. Þetta er önnur breytingin á þeim á þessu þingi. Þar sem lögin leggja sýslumönnum miklar skyldur á herðar, sem sjálfsagt er, að ríkissjóður bæti upp á einn eða annan hátt, þá er hjer farið fram á, að þeir fái 25% af gjaldinu í innheimtulaun, en 10%, eins og brtt. á þskj. 218 fer fram á, er mikils til of lágt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vona, að ekki þurfi langar umr. um þessar lögskýringar. En af því að háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) var að tala um úrskurð, sem hann hefði felt, þá vildi jeg, að ekki hallaðist mikið á og gera því grein fyrir mínum skilningi á lögunum, sem alveg er gagnstæður úrskurði hv. 2. þm. Rang.

Það er rjett, að lögin frá 1922 leggja lögreglustjórum ýmiskonar skyldur á herðar, en þar með er ekki sagt, að þeir eigi að hirða öll skipagjöldin og láta renna í sinn vasa, enda er þetta engin smáræðisfúlga. Og þó að fullmikið sje gert úr því, að skipaskoðunargjald færeyskra fiskiskipa sje talið of hátt, þ. e. 1 kr. af hverri smálest, þá er þó þess að gæta, að skip þessi njóta sama rjettar um fiskiveiðar og innlend skip. Þetta gjald var líka til áður, en 50 aura gjaldið af smálest annara þjóða skipa var ekki í lög tekið fyr en 1921.

Þó að næstsíðasta málsgrein 4. gr. laganna frá 1922 kveði svo á, að fyrir skoðun skipsskjalanna skuli greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum, þá er ekki þar með sagt, hverjir eigi að eiga gjaldið, heldur hitt, að gefa hinum erlendu mönnum til kynna, hverjir sjeu, sem taka eigi á móti gjaldinu, enda fer frv. ekki fram á að nema úr gildi þessa næstsíðustu málsgr. 4. gr.

Úrskurðurinn er því bygður á síðustu málsgr. 4. gr. og aths. við þá grein. En aths. segir ekkert annað, ef hún er rjett lesin, en að upphæð gjaldanna skuli á hverjum tíma vera sú, sem ákveðið sje í öðrum lögum, en hún segir ekkert um það, hver eigi að eignast gjöldin. *(KlJ:* En niðurlag hennar?). Í niðurlaginu segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Ákvæðin um ákvörðun afgreiðslugjaldsins er lagt til, að ekki sjeu sett í lög þessi, en vísað til aukatekjulaga þeirra, sem í gildi eru á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 27, 27. júní 1921, síðustu málsgr. 54. gr.“

Þá er ekki annað eftir til að byggja á en síðasta málsgr. 4. gr. laganna frá 1922, sem segir, að ef hreppstjóri innheimti gjaldið fyrir lögreglustjóra, þá skiftist það jafnt á milli þeirra. Þó svo verði litið á, sem hjer sje átt við ríkissjóðsgjaldið samkv. lögunum frá 1921, þá verður þetta þó ekki teygt lengra en svo, að hreppstjóri fái helminginn en hinu eigi sýslumaður að taka við — og auðvitað skila í ríkissjóð. En jeg segi þetta ekki til ámælis hv. 2. þm. Rang. (KlJ), heldur vegna þess, að ýmsir lögreglustjórar hafa skilið þetta svo og greitt gjald þetta í ríkissjóð.

Jeg hefi ekki ætlast til, að lögin verkuðu lengra aftur fyrir sig en að þau næðu til gjaldanna fyrir árið 1924. Jeg bjóst við, að þetta mundi fara í mál og að lögreglustjórarnir mundu tapa því. Þá vildi jeg hafa heimild til að greiða þeim innheimtukostnaðinn einnig fyrir það árið. En nú hefir hv. fjhn. ekki fallist á þetta, svo jeg læt skeika að sköpuðu, hvernig um þetta fer árið 1924.

En jeg er í vanda staddur um þetta. Sumir hafa greitt, en aðrir ekki, og mjer virðist undarlegt að leggja annað í þessi ákvæði en að ríkissjóður eigi heimting á þessum gjöldum. Þess vegna held jeg mig við, að mínar lagaskýringar sjeu jafngildar og hinna.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði, þá hefi jeg lítið þar við að athuga. Jeg lít svo á, að það sje embættisskylda að annast innheimtu þessara gjalda. En hitt er þó ekki þar með sagt, að leggja eigi lögreglustjórum þessa innheimtu á herðar endurgjaldslaust, nema vitanlegt sje, að þeir hafi engan sjerstakan kostnað af henni.

En því get jeg lýst yfir, að á meðan jeg fer með framkvæmd þessara laga, þá mun jeg ekki greiða þeim neina þóknun, sem engu sjerstöku þurfa að kosta til innheimtunnar.

Frsm. (Björn Líndal): Ef framfylgja á lögum um eftirlit með fiskiskipum, getur þrásinnis komið fyrir, að fara þurfi oftar en einu sinni um borð í þau. Í fyrsta skifti getur margt sjest grunsamlegt, þótt ekki sje beinlínis saknæmt. Þannig sjest máske við fyrstu ferð ósöltuð síld á þilfari, og það út af fyrir sig er ekki lagabrot. En svo er byrjað að salta hana undir eins og eftirlitið er um garð gengið. Það þarf því oft að hafa stöðugar gætur á þessum skipum.

Þau ákvæði hafa nýlega verið sett inn í fiskiveiðalöggjöfina, sem ekki hafa orðið vinsæl, og er því mikil þörf á eftirliti með þeim. Jeg tel víst, að minni von sje til, að þetta eftirlit verði vel og skörulega framkvæmt, ef til þess er ætlast, að lögreglustjórar leggi fram allan kostnað úr eigin vasa. Sífelt er verið að hlaða á þá nýjum störfum, og einkum hefir tolllöggjöfin aukið mjög starf þeirra.

Jeg skal ekki þræta hjer um, hvað felist í ákvæðum laganna frá 1922, eða hvort stjórnarráðsúrskurðurinn sje rjettur eða ekki. Það er mál, sem dómstólarnir verða að skera úr. Jeg er ekki hræddur við að setja þessi lög, þótt efasamt kunni að þykja, hvort þau geti gilt gagnvart núverandi lögreglustjórum. Úr því verða dómstólarnir líka að skera, ef til kemur.

Hákon Kristófersson: Það er ekki mjög langt síðan það heyrðist, að lögreglustjórar litu svo á, að þeim bæru þessi gjöld, og sagt er, að þeir hafi átt fund með sjer á síðasta sumri hjer í Reykjavík til þess að sameinast um það að halda þeim rjetti sínum, er þeir töldu sig hafa, fast fram. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú lýst skoðun sinni á þessu máli, og er jeg honum öldungis sammála um það, að þá er launalögin voru samin og þá jafnframt bætt laun sýslumanna, var út frá því gengið, að tekjur þær, sem hjer er um að ræða, færu óskertar í ríkissjóð. Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir og lýst afstöðu sinni til málsins og skilningi sínum á lögum þessum, og á hverju hann hafi bygt úrskurð sinn. Þori jeg að vísu ekki að vjefengja skoðun hans, en jeg held því fram, að meining laganna sje ekki sú, að lögreglustjórum beri þessi gjöld, og ef skilja má lögin á þann hátt, þá hafi orðið vansmíð á lögunum, sem sjálfsagt hafi verið að laga til að taka af allan misskilning.

Nú hefir háttv. fjhn. haft mál þetta til meðferðar, og leggur hún til, að lögreglustjórar fái 25% af gjöldum þessum. Er því borið við, að þeir þurfi oft og tíðum að kosta ærnu fje til að ná í gjöldin. Jeg er að vísu ekki kunnugur þessu, en eftir því sem jeg þekki til, hafa þeir alls ekkert fyrir því. Annaðhvort eru gjöldin greidd þeim í skrifstofum þeirra eða alls ekki.

Hv. þm. Ak. (BL) sagði, að lögreglustjórar þyrftu oft að fara oftar en einu sinni um borð í sama skipið. Já, þeir gera nú slag í því! Það má vel vera, að eftirgangssemi lögreglustjóra sje í þessu sem öðru misjöfn. En yfirleitt held jeg, að lögregluefirliti með skipum sje dálítið ábótavant. Jeg hefi að minsta kosti sjeð togara með vörpuna óbundna og óúrlásaða liggja við bryggju, rjett undir handarjaðrinum á einu yfirvaldinu, og fleiri dæmi mætti vafalaust telja, ef vel væri leitað.

Þá talaði hv. sami þm. (BL) um það, að altaf væri verið að hlaða störfum á lögreglustjórana. Hvað mætti þá segja um ýmsa minniháttar sýslunarmenn, eins og t. d. hreppsnefndarmenn? Það er einungis

af því, að hjer eiga háttsettir embættismenn í hlut, að nú er lagt til, að Alþingi gangi frá sínum eigin „principum“ í launalögunum og taki aftur upp aukatekjur. Ekki er nú furða, þótt verkamenn gerist kröfuharðir, þegar þeir sjá slíkt fyrir sjer. „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það,“ stendur þar. Það er sorgleg reynsla, að því meira sem mönnum er veitt, því kröfufrekari verða þeir. Jeg get ekki búist við því, að neinn geri ráð fyrir því, að slík kyrstaða verði um hans embættistíð, að ekki geti bæst hitt og þetta við störf hans, og get ekki skilið annað en að hver embættismaður gæti tekið slíku með ljúfu geði.

Jeg er svo fjarri því að vera á móti því, að embættismönnum sje launað sæmilega, en þegar þeir vilja teygja sig eftir tekjum út fyrir gildandi launalög, þá finst mjer skörin færast upp í bekkinn, en því miður hefir nú reynslan sannað þetta. Má í því sambandi benda á suma læknana.

Hæstv. fjrh. talaði um það, að sýslumenn yrðu að borga umboðsmönnum sínum. Jeg þykist hafa nokkra vissu fyrir því, að þeir borgi þeim alls ekki neitt í mörgum tilfellum. Þeim er ákaflega sýnt um að hirða sjálfir sínar tekjur, án þess að kosta of miklu til embættisfærslunnar. *(TrÞ:* Er það svo í Barðastrandarsýslu?). Vill ekki hv. þm. Str. (TrÞ) spyrja einn hv. flokksmann sinn hjer, hvort hann þekki ekki neitt þessu líkt? Það var einmitt einn af flokksmönnum hv. þm. Str., sem stakk því að mjer rjett í þessu, að hann sem umboðsmaður sýslumanns hefði ekki fengið neina borgun í þessu skyni. *(TrÞ:* Það er enginn annar hjer, sem svona talar). Mjer fyrir mitt leyti er sama, hvernig orð mín eru tekin, enda býst jeg við, að æra mín standi svo föstum fótum, að mjer sje óhætt að segja sannleikann hver sem í hlut á, án þess að gera mig að aftaníhnýting einstakra manna.

Eitt er víst, að ef hreppsnefndir eða hreppstjórar ættu í hlut, að þá væri annað hljóð í strokknum. *(BL:* Lögin eru einmitt mikil rjettarbót fyrir hreppstjórana). Reynslan er nú þar ólygnust, en hún hefir sýnt, að sú rjettarbót er einskis virði, og kemur máske til greina í einu tilfelli af tuttugu.

Eina spurningu vil jeg bera fram að lokum, og hún er sú, hvort skylda beri til að fara út í skip, sem eru innan landhelgi, en þó ekki á höfnum inni. *(BL:* Já, ef ekki er brim). Mjer þykir gott að fá þessar upplýsingar; því að mjer er kunnugt um, að togarar liggja oft utan hafna, og jafnvel inni á höfnum, án þess að hafa nokkurt samband við land, og mun alls ekki farið út í þá til innheimtu á slíkum gjöldum. Enda efast jeg um, að sýslumenn sjeu til þess skyldir, þó háttv. þm. Ak. (BL) líti svo á.

Jeg er að vísu síður en vel ánægður með framkomu hæstv. fjrh. (JÞ) í þessu máli, af því að mjer finst, að hann hafi ekki gengið nógu hart að því að fá skýr fyrirmæli um þetta. Þar sem viðkomandi lög um þetta efni virðast ef til vill óljós, hefði hæstv. fjrh. átt að koma fram með frv., sem bætti að fullu úr göllunum. Hinsvegar er jeg honum þakklátur fyrir það, að hann vill, að sem allra minst af tekjunum renni til lögreglustjóra, en þó er mjer ekki grunlaust um, að hann sje þar fulleftirgefanlegur. Jeg vil alls ekki, að neitt af gjöldunum renni til innheimtumanna. Aftur á móti sje jeg ekkert á móti því, að ef viðkomendur vilja ekki ganga inn á það, að skilningur hæstv. fjrh. sje rjettur, að dómstólarnir sjeu látnir skera úr því, hverjum gjöldin beri fyrir þann

tíma, sem liðinn er, en framvegis verði svo frá þessu gengið, að þau renni í ríkissjóð.

Klemens Jónsson: Það þýðir ekki fyrir okkur hæstv. fjrh. (JÞ) að vera að karpa lengur um frv. þetta. Jeg held mínum skilningi fram og hann sínum. Málið kemst sjálfsagt fram í einhverri mynd, og þar með er þetta mál ákveðið *framvegis*. En úr því hæstv. fjrh. telur sinn skilning á lögunum frá 1922 rjettari en minn, þá var það skylda hans að höfða mál og fá endanleg dómsúrslit.

Jeg bygði skilning minn á lögunum frá 1922 einkum á þeim orðum í niðurlagi 4. gr., að gjöldin *skiftist* á milli lögreglustjóra og hreppstjóra; og jeg skil ekki, hvað þau orð eiga að þýða, ef þeir eiga ekki þessi gjöld. Hæstv. fjrh. segir, að þetta orðalag sje endurhljómur frá aukatekjulögunum 1894. Alveg rjett. En einmitt eftir þeim eiga sýslumenn og hreppstjórar þau gjöld, sem þar um ræðir. Hafa átt þau nú í 30 ár og hafa þau enn. Þetta er því einmitt sterkasta sönnunin fyrir því, að minn skilningur sje rjettur.

Þá talaði hæstv. fjrh. um það, að ríkissjóður hefði verið óheppinn í málssóknum sínum. Þetta er hverju orði sannara. Jeg man eftir tveim málum, sem ríkissjóður hefir farið í við einstaka menn, og annað eftir bendingu Alþingis, og gertapaði báðum. Þarf þó ekki að væna dómstólana um neina hlutdrægni, hver sem í hlut á. Síst mun ástæða til að búast við slíku af hæstarjetti.

Þá gat hæstv. fjrh. þess, að ýmsir lögreglustjórar hefðu gefið vottfest loforð um að skila tekjum þessum aftur. Jeg get svo sem vel trúað, að lögreglustjórarnir í Dala- og Rangárvallasýslum hafi ekkert kært sig um að halda sínum hlut, því hann er alls enginn, ekki einn eyrir. Ef til vill hafa fleiri gert það, sem ekki hafa athugað lög þessi eða hafa haft ríka tilfinningu fyrir þeim ákvæðum launalaganna, að allar aukatekjur væru úr sögunni. En ýmsir góðir og glöggir lögfræðingar, eins og lögreglustjórinn í Reykjavík, hafa skilið lögin á annan hátt og ekki skilað einum eyri aftur. Þetta er auðvitað dómstólamál. En ekki verður annað sagt en að það sje jafnan óheppilegt, að ráðherra bregði úrskurði fyrirrennara sinna. Jeg er þó ekki að koma fram með ásakanir í sambandi við þetta, því að hjer er um allháa upphæð að ræða. En hitt var hægt fyrir hæstv. fjrh., að vera búinn að höfða málið, áður en hann bar frv. fram.

Út af ummælum hv. þm. Barð. (HK) vil jeg geta þess, að hreppstjórar hafa einnig hlunnindi samkv. lögunum, enda þótt hann kunni að fara á mis við þau. Á Austfjörðum eru 9 eða 10 hreppstjórar, sem koma í stað sýslumanns í þessu tilfelli og hljóta allverulega upphæð, ef dómur fellur þeim í vil. *(HK:* Þeir fá ekki neitt). Það er alls ekki rjett, og jeg skil ekki, að svo greindur maður sem hv. þm. Barð. er skuli ekki geta sjeð, að í lögunum eru miklar rjettarbætur fyrir hreppstjóra, enda er og bætt við þá allmiklum störfum.

Út af því, að hann sagði, að sýslumenn borguðu ekki umboðsmönnum sínum, verð jeg að segja, að jeg þekki hvergi til þar, sem slíkt tíðkast, og í minni sýslumannstíð man jeg, að jeg gerði það, og býst jeg við, að svo sje um flesta eða alla sýslumenn landsins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ).

Hann sagði, að óheppilegt væri, að ráð-

herrar breyttu úrskurðum fyrirrennara sinna. Jeg er alveg á sama máli og myndi ekki hafa farið fram á slíkt hjer, ef mjer hefði ekki fundist bera nauðsyn til. En hinsvegar tel jeg mjer engan veginn skylt að fella annan úrskurð fyrir árið 1923 heldur en þann, er feldur var 1922. Jeg álít heppilegast, að úrskurðir hverrar stjórnar standi óhaggaðir um hennar stjórnartíð.

Þórarinn Jónsson: Það er nú reyndar óþarfi að taka til máls, þar sem bæði hæstv. fjrh. og háttv. 2. þm. Rang. hafa gengið inn á till. fjvn. Háttv. 2. þm. Rang. sagði, að til 1922 hefðu allar tekjur af erlendum fiskiskipum runnið í ríkissjóð, uns hann feldi úrskurð sinn. En samkv. launalögunum áttu allar aukatekjur lögreglustjóra að falla úr sögunni um leið og launin voru hækkuð. Þótt lögin um innheimtu gjalda af erl. fiskiskipum kunni sökum klaufalegs orðalags að hafa gefið tilefni til úrskurðarins, þá er þetta þó aðalatriðið í málinu, og því er í sjálfu sjer skýlaust, hvernig bar að skilja lögin eftir anda þeirra. Hv. 2. þm. Rang. ljet og þá skoðun í ljós, að hann teldi ekki rjett, að gjöld þessi rynnu í vasa lögreglustjóra, og þar er jeg honum alveg sammála. Þó taldi hann hinsvegar nokkurn vafa á því, hvort rjett væri að svifta þá þessu gjaldi. Jeg veit, að þetta veltur nokkuð á nýrri lagasetningu og lögskýringu, en hana vil jeg strika út, svo þetta sje ekki lengur vafasamt. Það má vera, eftir þeim upplýsingum sem hjer hafa komið fram, að nefndin hafi sett hundraðsgjaldið fullhátt, því mjer skilst, að þessi innheimta hafi verið framkvæmd víða um land þannig, að lítið hafi verið fyrir henni haft, svo sem ummæli hv. þm. Barð. (HK) bentu til, er hann sagði, að gjaldið væri yfirleitt ekki innheimt annarsstaðar en í sýsluskrifstofunum. En þar sem svo lítið er fyrir þessu haft, er því minni ástæða til að óttast, að innheimtan falli niður, þó hundraðsgjaldið lækki, heldur verði hún framkvæmd jafnrækilega og áður. Það er aðeins þetta eitt, þegar hreppstjórar eiga í hlut, og sýslumenn semja ekki við þá um innheimtuna. Það getur verið í einstöku tilfellum kostnaðarauki fyrir hreppstjórana. En þó er það alveg ófyrirsynju, því þeim ber lögum samkvæmt að fá greiddan kostnað sinn hjá hlutaðeigandi embættismanni, og þurfa því ekki að ganga inn á neina samninga.

Allar þessar ástæður, sem jeg nú hefi talið, falla þá um sig sjálfar, og er þá ekki um að gera nema eina ástæðu til þess að þdm. vilji ekki ganga inn á till. fjvn., en hún er sú, að nefndin hafi gengið of langt í till. sínum.

Hv. þm. Barð. sagði, að það yrði að gæta þess, að lög þessi yrðu ekki brotin, og eins að hlaða ekki störfum á einstaka menn. Um fyrra atriðið vil jeg skírskota til fyrri umr. um málið, og ekki fara neitt frekar út í það. En hitt er ekkert nýstárlegt, enda eiga hjer embættismenn hlut að máli, sem ber skylda til að vinna þau störf, sem ríkið þarf að fela þeim. Það er alkunnugt, að á öllum sviðum hafa hlaðist aukin störf á ýmsa embættismenn, sýslunarmenn og stofnanir ríkisins, og er ástæðulaust að tala um slíkt. En lögreglustjórum landsins á ekki að vera vandara um að líta eftir innheimtu þessari eftirleiðis, þó þeir hafi sumir hverjir hirt gjaldið sjálfir langa hríð án þess að lög stæðu til. Jeg tel engan vafa á því, að till. á þskj. 218 verður samþykt.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 218 feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, Á-Á, HStef, HK, IngB, JBald, JS.

nei: KlJ, MG, MJ, MT, SigurjJ, SvÓ, Á-F, BJ, BL, JakM, JAJ, JK, JÞ, B-Sv.

Tveir þm. (BSt, PO) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 194).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 194).

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frv. þetta er borið fram af fjhn. í hv. Nd. í samráði við mig, og get jeg verið fáorður um ástæðurnar fyrir því. Skal þess aðeins getið, að vafi hefir þótt leika á um það, hvort gjöld af erlendum fiskiskipum, sem lögboðin eru í 54. gr. laga nr. 27, frá 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs, skuli renna til ríkissjóðs eða lögreglustjóranna, sem innheimta þau. Þessi vafi er kominn inn með niðurlagsákvæði 4. gr. laga nr. 33, frá 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi, og er í því frv., sem hjer liggur fyrir, lagt til, að nefnd málsgrein sje úr lögum numin, sbr. 2. gr. frv., og eru þar þá líka tekin af öll tvímæli um það, að ríkið eigi þessi gjöld, svo sem var áður, en um leið er innheimtumönnunum sýnd full sanngirni, með því að þeim skuli greiddur ríflegur innheimtukostnaður. Leyfi jeg mjer svo að óska, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 428 og 429, 446).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt, þó með þeirri breytingu, að það nái ekki til lögreglustjóra þeirra, sem nú eru í embættum. Eins og kunnugt er, hefir orðið ágreiningur um, hvernig skilja bæri ákvæði laganna um þetta efni. Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), fyrv. fjrh., skýrði það svo, að lögreglustjórum bæri 50 aura gjaldið, en hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) lítur öðrum augum á það mál.

Jeg skal játa, að jeg heyrði því miður ekki alla ræðu hæstv. fjrh., en jeg get strax tekið fram, að jeg tel kröfu lögreglustjóranna í þessu efni fullkomlega í samræmi við löggjöfina. Vil jeg fyrst í því sambandi vitna til laganna nr. 33 frá

19. júní 1922, 4. gr. 2. málsgr. Þar stendur svo: „Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum.“

Það sýnist alveg augljóst, að hjer er átt við aukatekjulögin frá 1921, því hjer getur ekki verið átt við lögin frá 1894, því áður en þessi lög voru samþykt, var svo álitið, að sýslumenn ættu rjett til 10 aura gjaldsins, sem þar er rætt um.

Ennfremur segir svo í 3. málsgr. 4. gr. laganna frá 1922: „Er hreppstjóri framkvæmir skoðunina vegna lögreglustjóra, skal skifta gjaldinu jafnt milli þeirra.“ Einmitt af því hjer er átt við aukatekjulögin frá 1921, þarf að taka þessa reglu um skiftinguna fram, en ef átt væri við gömlu lögin frá 1894, þá var þetta óþarfi, því þar eru ákvæðin um skiftinguna.

Hjer virðast vera tekin öll tvímæli af um það, að átt sje við lögin frá 1921. Og þó eru öll gögnin ekki lögð fram ennþá. Í aths. við 4. gr. stjfrv. til laga um fiskiveiðar í landhelgi er skýrum orðum tekið fram, að hjer sje átt við aukatekjulögin frá 1921. Þar sem stjórnin, sem hefir undirbúið málið, hefir skýrum orðum sagt, að átt væri við aukatekjulögin frá 1921, er það því ljóst, að þinginu er þetta atriði ljóst, er það samþykkir lögin, og ef þingið hefði verið á annari skoðun en stjórnin, þá hefði það auðvitað bæði komið fram í umr. og í orðun laganna. Fyrir hvaða dómstól sem væri mundu því lögreglustjórarnir vinna mál sitt, sem bygt er á skýrum lagabókstaf.

Þá kemur annað atriði til greina. Þótt því sje slegið föstu, að lögreglustjórum beri rjettur þessi og hafi borið hann, þá mætti spyrja, hvort ekki mætti taka hann af þeim nú. Held jeg, að slíkt væri lítt sæmilegt, enda gegn þeirri venju, sem fylgt hefir verið. Þegar launalögunum var breytt, gátu þeir, sem þá voru í embættum, kosið um gömlu eða nýju launalögin. Samkv. 2. gr. laga um vitagjald, nr. 61 frá 16. nóv. 1907, bar lögreglustjórum 20% af vitagjaldi af fiskiskipum, þegar þeir innheimtu það sjálfir, en lög nr. 17 frá 11. júlí 1911 breyttu þessu þannig, að lögreglustjórar skyldu ekki fá þessi innheimtulaun, en ákveða hinsvegar, að lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, haldi þessum innheimtulaunum meðan þeir hafi innheimtuna á hendi. Þessi tvö dæmi — sjálfsagt mætti telja mörg fleiri — sýna það ljóst, að löggjöfin telur ekki sæmilegt að taka af embættismönnunum þau rjettindi, sem þeir hafa öðlast á löglegan hátt. Svo verður að vera í því þjóðfjelagi, sem byggist á slíkum grundvelli sem vort, að hægt sje að treysta loforðum hins opinbera.

Þá kemur eitt atriði enn, sem ýmsir vilja gera mikið úr, og er það það, að lögreglustjórar hafi hjer notið of mikilla rjettinda og hlunninda. Mjer hefir ekki unnist tími til að kynna mjer, um hve miklar tekjur er hjer að ræða. Telja má víst, að þær sjeu töluverðar á Akureyri, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Reykjavík, og máske víðar. Jeg vil taka það fram í þessu sambandi, að í mínum augum var það einhver stærsti gallinn á lögunum 1919, hversu lítill greinarmunur var gerður á embættum. Þessi embætti á þeim stöðum, sem jeg nú taldi upp, voru áður allra keppikefli, en eru nú talin ljeleg og lítt eftirsóknarverð.

Jeg tel þetta illa farið. Jeg álít æskilegt, að til sjeu embætti svo vegleg og arðsöm, að menn leggi alt kapp á að gerast þess verðir að hljóta þau. Jeg segi þetta ekki vegna mannanna sjálfra, held-

ur miklu fremur vegna embættanna sjálfra og ríkisins í heild.

Samkv. launalögunum er það nú svo, að embætti eins og Dalasýsla og Rangárvallasýsla, þar sem fremur lítið er að gera, eru í raun og veru bestu embættin.

Jeg teldi því ekki illa farið, þótt nokkru meira fje gengi til embætta þeirra, er jeg taldi fyr, á þann hátt, sem hjer er um rætt. Gæti það orðið til að skapa samkepni um þessi embætti, sem yrði öllum til góðs, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Jeg vænti þess því, að hv. deild vilji ekki gera hlut þessara lögreglustjóra alt of skarðan. Undanfarið hafa sýslumenn átt rjett til skrifstofufjár. Hafa þeir þó jafnan orðið að borga alldrjúgan hluta kostnaðarins úr sínum eigin vasa. Hefi jeg áður sýnt fram á þetta í Nd. og lagt þar fram reikninga frá sparsömum og reglusömum sýslumönnum, er sýndu þetta með óyggjandi tölum. Voru þá margir, er ekki vildu sinna þessu, en nú verður því vonandi breytt. Þessi ókjör gengu svo langt, að sýslumenn neyddust til að koma saman hjer í Reykjavík til samtaka um að heimta endurbætur, og er furða, að þeir skuli ekki hafa gert slíkt miklu fyr. Niðurstaðan varð og sú, að stjórnin viðurkendi rjett þeirra.

Sýslumennirnir eru þýðingarmestu starfsmenn ríkisins úti um land, og tel jeg því illa og óheppilega að farið, ef þessir helstu innheimtumenn ríkissjóðs ættu við sultarkjör að búa.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta að sinni. Jeg þykist hafa sýnt fram á, að sjálfsagt sje, að lögreglustjórar fái að halda rjetti sínum óskörðum meðan þeir sitja í embætti, og eins hitt, að þær auknu tekjur, sem sá rjettur veitir þeim, miða aðeins til þess að bæta úr ranglæti launalaganna.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki getað fylgt hv. meiri hl. í máli þessu. Eins og hv. frsm. meiri hl. (SE) sagði, eru allmjög skiftar skoðanir um það ákvæði laganna, sem hjer kemur til greina. Það er ennfremur kunnugt, að hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) lítur á það öðrum augum en fyrirrennari hans (Kl-J). Mjer skilst, að sýslumenn hafi haft töluverðan viðbúnað í vetur til að hrinda fram skoðun sinni á þessu máli — og hagsmunum sínum um leið. Hefi jeg heyrt, að þeir hafi skilið hjer eftir erindreka fyrir sig, til að vinna hjer að þessu áhugamáli sínu, og frekar tvo en einn.

Nú hefir hæstv. fjrh. borið fram einskonar miðlunartill. í málinu. Vill hann láta lögreglustjóra fá framvegis nokkurn hluta af tekjum þessum, en fella niður 1. gr. laganna frá 1922, sem þeir byggja á kröfur sínar. Hv. meiri hl. nefndarinnar fellst á þetta, en vill þó ekki, að til framkvæmda komi fyr en eftir dag núlifandi embættismanna.

Mjer finst nú að vísu, að stjfrv. gangi heldur skamt, en þar sem jeg sje, að ekki verður lengra komist að sinni, mun jeg greiða því atkvæði mitt. En hitt dylst mjer ekki, að tekjur þessar nema sumstaðar miklu meira fje en stendur í hlutfalli við fyrirhöfnina, eins og t. d. hjer í Reykjavík. Hjer leggur ríkissjóð til bát og auk þess marga menn, er standa í þjónustu lögreglustjóra. En hann á að fá af þessari starfsemi mörg þús. króna aukatekjur, ef til vill tugi þúsunda.

Vildi jeg mælast til þess, að hæstv. fjrh. vildi gefa skýrlu um, hversu miklar þessar tekjur væru nú hjer í Reykjavík og jafnframt hverjar þær yrðu eftir hans frv.

Ræða hv. frsm. meiri hl. (SE) gat jeg ekki sjeð, að snerti þetta mál. Gekk hún

mest út á, að nauðsynlegt væri að búa til feita bita meðal sýslumannaembættanna, er sem flesta langaði í. Og jeg verð að segja, að sum embættin, eins og t. d. lögreglustjóraembættið í Reykjavík, eru nógu eftirsótt, þó þessum launum verði ekki bætt við.

Það verður ekki sjeð af umr. um fiskiveiðalögin, að þm. hafi hugsað sjer, að umsjónin myndi kosta svona mikið, en þennan tombóludrátt vilja sýslumenn nú ekki missa, og stendur deilan um það, hvort þeir eigi að gera það eða ekki. En ekki verður annað með sanni sagt en að frv. hæstv. stjórnar geri konunglega vel ráð fyrir því, hvernig launa eigi þeim fyrir ómak þeirra.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af afstöðu hv. nefndar, sem mjer kom raunar algerlega á óvart, finst mjer nauðsyn bera til að skýra nokkuð ger frá gangi þessa máls.

Jeg skal þá fyrst minna á það, að í lögum um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. frá 2. febr. 1894, er svo fyrir mælt, að lögreglustjóri eða hreppstjóri skuli fá 10 aura af hverri smálest skips, er hingað kemur til lands, sem þóknun fyrir að skoða og rita á skipsskjölin. Gjald þetta var þó aðeins 5 aur., ef skipið hafði fyrr komið á íslenska höfn og sýnt þar skipsskjöl sín. Ef hreppstjóri framkvæmdi skoðunina f. h. fógeta, þá skiftist gjald þetta jafnt á milli þeirra (1. gr.). Seinna var annað gjald, sem nam 50 aurum á smálest, lagt á dönsk og færeysk fiskiskip, og rann það gjald í landssjóð. Á skipum annara ríkja hvíldi aðeins áritunargjaldið. Stóð svo til 1919, er launalögin voru sett. Var þar í 11. gr. sett það ákvæði inn í lögin um lögreglustjóra, að allar aukatekjur svo og innheimtugjöld skuli þar eftir ganga til ríkissjóðs. En þessar tekjur, sem þeir höfðu haft, voru t. d. tekjur samkv. lögunum frá 1894. Því var full ástæða til að halda, að áritunargjaldið ætti upp frá þessu að hverfa í ríkissjóð. Næst voru með nýjum aukatekjulögum 1921 hækkuð gjöld af dönskum og færeyskum skipum úr 50 au. af smálest upp í 100 au. og lögleitt 50 au. gjald af öðrum erlendum fiskiskipum, samkv. 54. gr., og var svo fyrir mælt, að gjaldið rynni í ríkissjóð, en lögreglustjórar innheimtu það. Þessu næst koma til sögunnar lög um rjett til fiskiveiða í landhelgi 1922. En út af ákvæði þessara laga, 4. gr. i. f., reis vafi um það, hvort tekjur þessar skyldu áfram renna í ríkissjóðinn eða verða eign innheimtumanna. Þess skal þó getið, að 1922 skiluðu flestir af sjer þessum tekjum, en einn sá sig þó um hönd og fór fram á, að sjer yrði endurgreitt þetta fje með skírskotun til síðustu málsgr. 4. gr. nefndra laga. Fjell um þetta úrskurður í fjármálaráðuneytinu á þann veg, að honum var endurgreitt fjeð. Eðlileg afleiðing þessa hefði auðvitað verið sú, að einnig hinum hefði verið endurgreitt fjeð, en það var samt ekki gert. Næsta ár skiluðu svo enn ýmsir, en úrskurður um þá reikninga er ekki fallinn. Svo á síðasta ári, 1924, var vakin eftirtekt viðkomandi embættismanna á því, að núverandi stjórn liti öðrum augum á þetta en gert hefði verið, og óskaði eftir, að reikningarnir bæru með sjer, hve tekjur þessar hefðu numið miklu; en því voru þeir lögreglustjórar hættir, sem farnir voru að innheimta þessi gjöld handa sjer. Komu svo skýrslur um þetta frá ýmsum, og frá einum góðum og mikilsvirtum lögfræðingi barst yfirlýsing þess efnis, að

hann áliti, að tekjur þessar ættu að renna í ríkissjóð. Er þannig hin mesta óreiða komin á um þetta efni, þar sem sumir hafa skilað ríkissjóði þessum gjöldum, en aðrir haldið þeim eftir.

Út af ræðu hv. frsm. meiri hl. (SE) verð jeg stuttlega að koma inn á lögskýringu þessa atriðis. Hann vísaði í athugasemdirnar við stjfrv. 1922, en þar er ekkert sagt annað en að ekki þyki rjett að taka upphæð þessa gjalds inn í lög um rjett til fiskiveiða í landhelgi, heldur ákvarðist hún eftir því, sem fyrir er mælt í aukatekjulögum, sem gilda á hverjum tíma, og tekur til dæmis 54. gr. En auðvitað er, að sú tilvísun á ekki að vera tæmandi. Það er aðeins bending um, að greinin sje í gildi, en ekki hitt, að það sje tæmandi. Orðið „sbr.“ sýnir einmitt, hvernig þetta hefir verið skilið.

Því næst hefir verið bygt á því, að „aukatekjulög“ merki aðeins lög um aukatekjur ríkissjóðs, og að þá sje átt við l. 1921. En þetta er ekki rjett. Jeg hefi sjeð lagastaf fyrir því, að með þessu sama orði sje átt við lög um aukatekjur sýslumanna. Má í því sambandi benda á lög um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík 1917, 3. gr., þar sem sagt er, að tekjur, sem runnið hafi til bæjarfógetans samkv. aukatekjulögunum, skuli renna til ríkissjóðs.

Þá er að lokum bygt á sjálfu orðalagi 4. gr. laganna 1922, þar sem sagt er í næstsíðustu málsgr., að gjaldið eigi að greiðast hreppstjóra eða lögreglustjóra. En með þessu er ekkert sagt um það, til hvers gjaldið skuli renna, enda hefi jeg ekki heyrt neinn fyr byggja rjett innheimtumanna til gjaldsins á þessu ákvæði. Svo í síðustu málsgr. er tekið upp ákvæði um skiftingu gjaldsins milli lögreglustjóra og hreppstjóra. En jeg held því fram, að í l. 1921 sje skýr staður þess, að ríkið eigi gjaldið. Sömuleiðis er það sýnilegt, að ef l. 1922 gefa lögreglustjórum og hreppstjórum þetta gjald, þá hefir það verið gert í ógáti. Það sjest hvergi, að til þess hafi verið ætlast, að teknar yrðu tekjur frá ríkissjóði og látnar til lögreglustjóra. Enda er nú fullkomin viðurkenning fengin á þessari skoðun minni, þar sem í frv. því, er lá fyrir síðasta þingi um að innheimta ýms gjöld og tolla með 25% gengishækkun, var þessi tollauknig líka lögð á skipagjöldin, en allar athugasemdir við það frv. hníga í þá átt, að það sje fram borið til að afla ríkissjóði tekna, en ekki einstökum embættismönnum.

Því er það, að hvaða niðurstöðu, sem dómstólarnir kunna að komast, þá hefir það orðið löggjafarvaldinu á óvart, ef það hefir gefið lögreglustjórum þessar tekjur. Og þá vil jeg heldur ekki, að sá síður komist á, að þeir haldi þeim. En haldi einhver, að þetta hafi verið tilraun til að bæta kjör þessarar stjettar embættismanna, þá má með sanni segja, að gripið hafi verið til óyndisúrræða, sem best má sjá á því, hve misjafnt þessi tekjuauki kemur niður. Hv. nefnd hefir haft með höndum skýrslu frá fjármálaráðuneytinu, en það reyndi að komast eftir því, um hvaða upphæðir hjer væri að ræða. En því miður nær þessi skýrsla skamt, því, eins og áður hefir verið drepið á, hafa margir innheimtumenn hætt við að taka þessi gjöld upp í reikninga sína. Hjer er því aðeins um ófullkomið yfirlit að ræða yfir þessar tekjur eins og þær urðu síðari hluta ársins 1922, en eins og menn muna, gengu fiskiveiðalögin í gildi 1. júlí þ. á. Tekjurnar reyndust að vera svo sem hjer segir:

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafn-

arfirði ca. 400 kr., í Barðastrandarsýslu ca. 900 kr., í Ísafjarðarsýslu og kaupstað ca. 1750 kr., í Strandasýslu ca. 160 kr., á Siglufirði ca. 5000 kr., í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri ca. 1000 kr., í Þingeyjarsýslu ca. 2700 kr., í Norður-Múlasýslu og á Seyðisfirði ca. 3200 kr., í Suður-Múlasýslu ca. 1900 kr.

Óupplýst er um þessar tekjur í Vestmannaeyjum og Reykjavík og úr hinum lögsagnarumdæmunum hefir ekki komið neitt. Eftir því sem ætla má, nema þessar tekjur 30—40 þús. kr. á ári, og langmestar verða þær í Reykjavík. Sumstaðar hefir innheimtan allmikinn kostnað í för með sjer fyrir lögreglustjóra, en annarsstaðar verður kostnaðurinn enginn fyrir þá, svo sem er í Reykjavík, þar sem allur kostnaður af embættinu er greiddur samkvæmt reikningi, og tekjurnar þannig hreinar tekjur fyrir lögreglustjórann. Það væri því meir en lítið misrjetti í því, ef bæta ætti kjör stjettarinnar með þessu. Jeg get engu að síður tekið undir það, að þessi stjett hefir verið mjög vanhaldin af launakjörum sínum undanfarið. Og til að bæta nokkuð úr því, mun skrifstofukostnaður þeirra á árinu 1925 verða, upp á væntanlegt samþykki Alþingis, ákveðinn í samræmi við till. um hann í fjárlagafrv. fyrir 1926. Verður þá sýslumönnum sagt um leið, að þessi ríflega hækkun verði gerð með það fyrir augum, að ríkissjóður fái eftirleiðis skipagjöldin. Og mun fjármálaráðuneytið telja sig vanhaldið af þessari ákvörðun, ef lögreglustjórar verða látnir halda þeim. — Það má vel vera, að gott sje að hafa feit embætti innan um, sem sjeu eftirsóknarverð, en jeg held ekki, að þetta sje besta leiðin til slíks.

Annars veit jeg ekki, hvað leggja á inn í till. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 428. Hann vill, að ákvæði frv. nái ekki til þeirra lögreglustjóra, sem nú sitja í embættum. En ef þetta fer í mál, þá munu ríkinu verða dæmdar tekjurnar eftir lögunum 1921, sem álitin voru í gildi, er frv. um gengisviðaukann var undirbúið. En verði nú málalokin slík, og þessi viðaukatillaga í annan stað samþykt, þá verður ekki sjeð, að hún hafi aðra þýðingu en þá, að núverandi lögreglustjórar megi ekki fá innheimtukaupið samkvæmt 1. gr. frv. Jeg held, að úrslit þessa máls verði svo best, að komist verði hjá málaferlum, og hefi jeg vonað, að það tækist á þeim grundvelli, sem frv. setur. En mjer finst málið fara að vandast og gæti vel skilið óánægju þeirra lögreglustjóra, sem nú eru, ef þeir væru sviftir öllu gjaldinu, en þeir, sem eftir þeim koma, fá 25% í innheimtukostnað. Annað mál er það, þó þeir reyni að halda þeim rjetti að lögum, sem þeir kynnu að hafa öðlast, en það er algerlega óþarft að setja inn í þetta frv. ákvæði, sem tryggja þeim slíkan rjett.

Hv. frsm. meiri hl. (SE) spurði, hve miklu þetta mundi nema. Maður býst við, að það verði um 30 þús. kr. á ári; veit jeg þó ekki enn um Reykjavík og Vestmannaeyjar. Þó hefir það verið sagt, og því ekki mótmælt, að í Vestmannaeyjum hafi þessi gjöld frá því í febrúar í fyrra og þar til í ágúst verið um 6000 kr. En um það, hve mikið þurfi að borga fyrir að innheimta þessi gjöld, þá hygg jeg, að hjer í Reykjavík þurfi ekkert að greiða, þar eð allur kostnaðurinn við skrifstofuhald lögreglustjóra er greiddur úr ríkissjóði, eftir reikningi, en á öðrum stöðum fari það eftir því, hvernig á stendur, og jeg hugsa mjer helst, að 25% verði ákveðið í flestum lögsagnarumdæmum austanlands og norðanlands, þar sem innheimtan mun vera sjerstaklega erfið, þar sem

margir tollstaðir eru og skipin koma víða í sama umdæminu.

Jeg tók svo eftir, að hv. 5. landsk. (J-J), sem annars hefir lagt á móti þessu frv., segði, að hann myndi greiða atkvæði með því, og þá vildi jeg segja það, að hvernig sem afstaða hv. þm. (JJ) kann að vera til 1. gr. frv., þá get jeg ekki skilið, að neinn óski eftir að hafa rjettaróvissu um það áfram, hverjir eigi þessar tekjur, og algerlega óviðeigandi að þurfa að úrskurða það með málaferlum á milli ríkissjóðs og starfsmanna hans, enda er ekki farið fram á annað en að úrskurða það með lögum, hverjir eigi þetta gjald.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Hæstv. fjrh. (JÞ) rakti sögu þessa gjalds og talaði fyrst um lögin frá 1894, um árituargjaldið, hvað það væri. Jeg hirði ekki um að fara inn á þessi lög, af því að þau hafa ekki áhrif á málið, en jeg ætla að snúa mjer strax að skýringaratriðum hæstv. fjrh., og verð jeg þá að byrja með því að segja það, að jeg lít svo alt öðruvísi á þetta mál en hann gerir, og svo munu svo að segja allir lögreglustjórar landsins gera. Það eru alls ekki nein tvímæli á því, hvernig þetta mál myndi fara fyrir dómstólunum. Það er náttúrlega rjett, sem hæstv. fjrh. segir um lögin frá 1921; þar er fastákveðið, að 50 aura gjald af hverri smálest eigi að fara til ríkissjóðs. En svo koma lögin um rjett til fiskiveiða í landhelgi; þar segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum. Síðan skal rita á skipshafnarskrá skipsins vottorð um skoðunina og greiðslu lögskipaðs gjalds.“

Jeg hefi skilið skýringu hæstv. fjrh. þannig, að þarna sje átt við lögin frá 1894. *(Fjrh. JÞ:* Hvortveggja þarna). En hjer er átt við ákvæðin í aukatekjulögunum. Það var það, sem jeg vildi sýna svo greinilega. Með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæðin um ákvörðun afgreiðslugjaldsins er lagt til, að sjeu ekki sett í lög þessi, en vísað til aukatekjulaga þeirra, sem í gildi eru á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 27, 27. júní 1921, síðustu málsgrein 54. greinar.“

Nú er í lögunum talað um aukatekjur, og svo er sagt, um hvaða lög sje að ræða. Hjer er því átt við lögin frá 27. júní 1921. Þar stendur það skýrum stöfum, að greiða skuli lögreglustjórum eða hreppstjórum gjaldið, og þar vil jeg sjerstaklega benda á, að í orðalaginu liggur það beinlínis, að þetta gjald eigi að ganga til þeirra sjálfra, því að það liggur í hlutarins eðli, að þeir heimta það inn, og þarf því ekki að geta þess sjerstaklega, að þeir eigi að taka við því, nema því aðeins, að það væri tilætlunin, að það ætti að renna í þeirra vasa. Ef hreppstjóri framkvæmir verkið, skal skifta gjaldinu jafnt á milli hans og lögreglustjóra. Ef þetta gjald ætti að renna í ríkissjóð, þyrfti ekki að skifta því á milli þeirra; jeg get ekki hugsað mjer, að nokkur dómstóll væri svo blindur að geta dæmt þetta öðruvísi. Hæstv. fjrh. sagði, að lögin um aukatekjur sýslumanna frá 1894 væru stundum kölluð aukatekjulögin, en það veit jeg, að þegar jeg var lögreglustjóri, þá var altaf átt við lögin, þar sem ákvæðnar voru tekjur ríkissjóðs. Það er til svo fjarskalega mikið af öðrum lögum og reglum um það efni, en þarna er það beinlínis tekið fram, að gjaldið, sem átt er við í 2. gr., skuli fara til lögreglustjóranna

sjálfra, þá er „motivið“ ekki það, að það sje átt við lögin frá 1894. Og loks kemur svo 3. athugasemdin, sem segir, að skifta skuli jafnt á milli þeirra; það eru þannig skýr lagaákvæði um það, að þessu gjaldi eigi að skifta á milli lögreglustjóra og hreppstjórans, sem heimtir það inn. Þegar menn bera saman lögin frá 1921 og 1922 er ekki um að villast, og jeg veit ekki til, að síðar hafi verið samþykt lög um þetta efni.

Jeg er sömuleiðis algerlega sannfærður um það, að ómögulegt er, að nokkur dómstóll dæmi öðruvísi en svona, og hæstv. fjrh. sagði, að hann skildi ekki, hvað við ættum við. Okkar álit er það, að þessi lagaákvæði, sem nú gilda, eigi að vera til hagsbóta fyrir lögreglustjórana; en að það þyrfti ekki að tala um það nú, er alveg rjett; það gera dómstólarnir, því að hæstv. fjrh. mun auðvitað úrskurða eins og hann hefir gert hjer í dag, en þá myndu lögreglustjórarnir ekki hafa önnur úrræði en að snúa sjer til dómstólanna með málið, og lögreglustjórarnir munu treysta svo vel málstað sínum, að þeir verða ekki hræddir við það. Auk þess trúa þeir á gamlar venjur í þessu efni. Það þarf þess vegna enginn að vera hræddur við að greiða atkvæði með þessari gr. frv., af hræðslu við það, að þeir verði ver úti, því að jeg er sannfærður um, að þeir fá hvern dómstól með sjer. Ef þessi brtt. á þskj. 428 yrði samþykt, myndi hún á engan hátt draga úr rjetti lögreglustjóranna, ef til dómstólanna kæmi, því að það væri auðvitað ekki meiningin að gefa lögreglustjórunum deteriores conditiones. Ef jeg aðeins gæti sjeð einhverja veilu í þessari skýringu minni, þá skyldi jeg ekki vera að halda þessu fram fyrir lögreglustjórana, en mjer er aðeins ómögulegt að sjá hana. Mjer finst þetta svo ljóst og greinilegt fyrir þá. Jeg verð þess vegna að halda mjer fast við það, sem jeg hefi áður sagt, því að jeg er viss um, að lögreglustjórarnir mundu vinna, ef í hart færi, og jeg verð ennfremur að leggja áherslu á það, að hvort sem löggjafarnir hafa athugað það, hvað þeir voru að gera í þessu efni, þá verða borgarar landsins að reiða sig á orð laganna, og það má ekki vera hægt að segja það, að Alþingi sje að setja hjer lög, sem það viti ekkert hvað þýði. Það er svo mikil vantraustsyfirlýsing á það, að maður dirfist ekki að hugsa það nje halda því fram, að löggjafarnir hafi ekki vitað, hvað þeir voru að gera. Og jafnvel þótt svo hefði verið, þá verður Alþingi að vera bundið við þau lög, sem það hefir sett.

Annars eru margar ástæður til þess að leggja þann skilning í lögin, sem jeg hefi gert. Bæði er nú það, að gildi peninga hefir breyst mikið frá 1894, og svo er annað, að það er nú miklu meiri nauðsyn á að hafa eftirlit með þessum skipum en áður, og mætti meira treysta á, að þeir legðu rækt við starfið, þegar þeir fengju alt, sem inn kæmi, fyrir sitt erfiði. Hæstv. fjrh. taldi, að þessi launauppbót kæmi ekki rjettilega niður; það má vel vera, að lögreglustjórinn í Reykjavík beri fullmikið úr býtum, en því má heldur ekki gleyma, að það lögreglustjóraembætti er afarþýðingarmikið, ekki af því að hann er æðsti maður lögreglunnar hjer, heldur af því, að hann innheimtir mest allra lögreglustjóra á landinu, og um mann, sem hefir slíka ábyrgð og ríkið verður svo mjög að treysta, má hreint og beint telja það heppilegt og nauðsynlegt, að hann sje reglulega vel launaður, því að það eru miljónir króna, sem ganga í gegnum hend-

ur hans, svo að það er ekki nema sjálfsagt, að maður, sem hefir mestalla tollheimtu á landinu, beri vel úr býtum. En það sýndi sig yfirleitt af upplestri hæstv. fjrh. áðan, að þessar tekjur koma fram á þeim embættum, sem mest hafa að gera, en það er líka eðlilegt og sanngjarnt, að þeir, sem hafa mesta ábyrgð og mest starf, hafi líka mestar tekjur. Það sýnir óþolandi ranglæti í launalöggjöf ríkisins, að sýslumaðurinn í Dalasýslu skuli vera betur settur að því er launin snertir heldur en menn, sem sitja í embættum með afskaplegri fjárhagslegri ábyrgð og miklu meira starfi, þurfa t. d. að kveða upp fjölda dóma á ári. Og það hlýtur líka að hefna sín með tímanum, t. d. að hjeruð eins og Gullbringu- og Kjósarsýsla, Akureyri, Vestmannaeyjar og Ísafjörður skuli vera svo illa launuð; það má ekki ganga svo lengur. Jeg vil ekki óska hæstv. fjrh. þess, að hann eigi eftir að finna, hverjar afleiðingar það getur haft. Og eftir að hafa heyrt þessar tölur, sem hæstv. fjrh. las upp, þá verð jeg að segja það, að mjer finst það ekki vera neinar tölur, sem ástæða sje til að verða hræddur við. þegar á það er litið, að því betur verður unnið fyrir ríkissjóð og að því betur rækja þessir menn skyldu sína, sem þeir hafa sæmilegri laun; og þegar altaf er verið með nýjum og nýjum lögum að leggja þeim nýjar og nýjar skyldur á herðar, þá finst mjer, að þó að með einstöku lögum kunni að slæðast einhver tekjuauki, þá ætti Alþingi síst að sjá eftir því. Það kemur til að leiða spillingu yfir þetta land, og getur orðið stórkostlegur skaði fyrir það.

Hæstv. fjrh. kvaðst vera sammála mjer um það, að skrifstofufje þessara embætta hefði verið of lítið áður. Jeg hefi líka oft sýnt fram á það, að það hafa verið hafðar af þessum embættismönnum ríkisins þúsundir króna fyrir það, að þeir hafa ekki fengið það skrifstofufje, sem þeir áttu að fá að rjettu lagi. Það var ráðist allhart á mig hjer í hv. Nd., þegar jeg var fjrh., fyrir það, að jeg hefði látið þá hafa of mikið skrifstofufje, og þó ljet jeg þá ekki hafa meira en það, sem þeir höfðu orðið að leggja til úr eigin vasa það ár. Auk þess sje jeg ekki, að stjórnin þurfi neins samþykkis að leita hjá þinginu um það að greiða þessum embættismönnum meira skrifstofufje í ár. Í launalögunum frá 1919 stendur, að dómsmálaráðherra ákveði skrifstofufje sýslumanna, eða hafi vald til að ákveða það, og fjárveitingavaldið verður að taka þær upphæðir í fjárlög, sem hann ákveður. Þannig stendur í lögunum, og tilætlunin með launalögunum frá 1919 var einmitt sú, að dómsmálaráðherra sæi þessum mönnum fyrir því skrifstofufje, sem þeir þyrftu til þess að geta annast embætti sitt sæmilega.

Hv. frsm. minni hl. (JJ) mintist á það, að þessir embættismenn hefðu haft talsverðan viðbúnað og skilið hjer eftir erindreka, til þess að tala við þingið. Var ekki kominn tími til þess, að lögreglustjórarnir færu að athuga þessi málefni sín rækilega, þegar kröfum þeirra hafði verið mætt með svo miklu skilningsleysi hjer á þingi? Það var alls ekki nema eðlilegt, að þeir skildu hjer eftir erindreka, til þess að gefa upplýsingar. Mjer finst síst ástæða til að áfella þá fyrir þetta, því að það var algerlega rjett aðferð, sem þeir höfðu.

Jeg þykist svo ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta mál, en vildi mælast til þess, að hv. deild tæki þessar sanngjörnu kröfur til greina. Jeg lít svo á þetta mál, eins og þeir, að rjetturinn sje þeirra megin, sem dómstólarnir kannske síðar þurfa

að skera úr. Hjer er heldur ekki farið fram á annað en að sá rjettur, sem þeir lengi hafa haft, sje ekki tekinn af þeim, því að kröfur lögreglustjóranna ganga ekki lengra en að fara fram á það, að þeir megi halda þeim rjetti, sem þeir hafa haft. Það var álitið sjálfsagt, þegar launalöggjöfin gekk í gildi, að þeir, sem hefðu komið í embætti undir eldri lögunum, mættu halda áfram að búa undir þeim. Sama var tilfellið þegar vitagjaldið var tekið af lögreglustjórunum; þá átti það ekki að ná til þeirra lögreglustjóra, sem þegar voru komnir í embætti. Hjer er því ekki farið fram á annað en að fá að halda sama grundvelli, sem Alþingi altaf hefir staðið á í þessu máli, og að embættismennirnir fái að halda sama rjetti og verið hefir. Jeg fer svo ekki fleiri orðum um þetta. Jeg treysti þessari hv. deild til, á meðan þessi þjóð stendur á þeim grundvelli, sem nú er, að hún ekki taki þann rjett, sem hún hefir gefið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg endurtek það, sem jeg sagði áður, að það þýðir ekki að fara út í lögskýringar á því, hvernig þetta er nú, því það liggur ekki hjer fyrir, hver rjetturinn sje nú. En jeg vil þó segja það, þegar hv. frsm. meiri hl. (SE) heldur því fram, að með orðinu „aukatekjulögin", í lögunum frá 1922, sje eingöngu átt við lögin um aukatekjur ríkissjóðs frá 1921, þá getur það ekki staðist, enda hefir því líka verið haldið fram, að skipin sjeu einnig skyld til að greiða eftir aukatekjulögunum frá 1894. *(SE:* Það þarf ekki að ákveða hjer). Þarf þá nokkuð að ákveða hjer? Nei, það þýðir það, að þau sjeu skyld til að greiða það gjald, sem ákveðið er í hvaða aukatekjulögum, sem þá eru í gildi. Það er almenn „formulering" á skyldu erlendra fiskiskipa. Hv. frsm. meiri hl. (SE) sagði, að engin yngri lög hefðu upphafið þetta. Jeg skal nú ekkert um það segja, en það stappar þó allnærri því, að lögin um gengisviðaukann frá 1924 hafi tekið af öll tvímæli um það, að ríkissjóður eigi einn skipagjöldin eftir lögunum frá 1921. Það, sem jeg fer fram á, er, að löggjafarvaldið setji ákvæði um, hvernig þessu skuli hagað framvegis. Jeg fyrir mitt leyti álít það eðlilegast að setja málið í sama horf og það var 1921, að ríkið eigi þessar tekjur.

En ef háttv. meiri hl. vill láta þá lögreglustjóra, sem nú eru í embætti, fá þessar tekjur, þá er engin sanngirni í að taka þær af þeim lögreglustjórum, sem síðar koma. Þetta verður hv. meiri hl. að athuga, ef hann vill afgreiða málið með skynsamlegum rökum og sanngirni.

Til 3. umr. vil jeg biðja hv. meiri hl. að athuga, hvort hann álíti, að lögreglustjórar eigi gjöld af öllum útlendum skipum eða aðeins 50 aura gjaldið af öðrum skipum en dönskum og færeyskum. Ennfremur vil jeg biðja háttv. meiri hl. að athuga, hvort þeir eigi líka gengisviðaukann við þessi gjöld, sem lagður var á eftir lögum frá síðasta þingi. Og að síðustu vil jeg beina því til háttv. meiri hl., hvort hann telji heppilegt, að löggjafarvaldið grípi á þennan hátt fram fyrir hendurnar á dómsvaldinu. Ef svo er, þá er best að taka hreint af skarið og segja: Það er vilji Alþingis, að þetta gjald renni til lögreglustjóranna. Mjer skilst, að það sje vilji hv. meiri hl. Þetta er best að komi hreint fram.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Það er sjálfsagt, að nefndin athugi öll

þau atriði, sem hæstv. fjrh. (JÞ) óskaði, að tekin væru til athugunar.

En þó að þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, sjeu látnir halda þessum tekjum, úr því að þeir hafa fengið þær, þá er engan veginn þar með sagt, að sjálfsagt sje að halda þeirri reglu áfram. Jeg er ekki að ráða til að fara inn á nýjar brautir, því þessari reglu, eins og jeg hefi bent á áður, hefir jafnan verið fylgt, að láta embættismenn ekki missa í tekjum við breytingar eins og þessar, þá embættismenn, sem hafa verið í embættum þegar breytingarnar voru gerðar. Jeg minni enn á lögin um vitagjald. En samkvæmt lögunum um vitagjald frá 1907 áttu bæði hreppstjórar og lögreglustjórar að hafa 20% fyrir innheimtu gjaldsins. En eftir lögunum frá 1911 eru það aðeins hreppstjórar, sem fá innheimtulaunin. En því er bætt við, að þeir lögreglustjórar, sem í embættum eru, fái að halda því meðan þeir eru í embætti. Það, sem meiri hl. fjhn. vill, er alveg hliðstætt þessu.

Nefndin í heild hefir fallist á málið, en þó því aðeins, að núverandi embættismenn sjeu ekki sviftir þeim rjetti, sem þeir hafa áður fengið. Það er sá leiðandi þráður, sem altaf hefir verið í allri löggjöf vorri. Að öðru leyti vísa jeg til fyrri ummæla minna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 446 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EP, GÓ, IP, JJós, JóhJóh, SE.

nei: SJ, EÁ, HSn, IHB, JM, JJ, HSteins.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 194).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Hjeðan af þýðir ekki að lengja mikið umr. um þetta mál.

Jeg vildi aðeins enn taka það fram, að meiri hl. fjhn. hefir ekki farið fram á, að lögreglustjórum landsins yrði veittur nokkur nýr rjettur, heldur aðeins að þeir fái að halda þeim rjetti, sem þeir þegar hafa fengið. Jeg verð því að leggja til, að frv. verði felt, þar sem brtt. meiri hl. hefir ekki verið tekin til greina.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það orkar mjög tvímælis, hvort lögreglustjórarnir halda þeim rjetti fyrir dómstólunum, sem hv. 1. landsk. (SE) telur þá hafa. En hvað sem því líður, þá felst ekki í þessu atriði nein ástæða til að vera á móti frv., því ef svo skyldi reynast, að lögreglustjórunum verði dæmdur rjetturinn, þá hefir löggjafarvaldið altaf í hendi sjer að láta þá halda honum áfram. Hinsvegar er ekki viðeigandi, að Alþingi segi nokkuð um þetta atriði og gefi dómstólunum þar með bendingu, áður en þeir fella úrskurð sinn.

Ef það er meiningin að hafa áhrif á dómstólana, þá er rjettara, að Alþingi taki þegar af skarið og segi, að lögreglustjórarnir skuli halda umþráttuðu gjaldi.

Það er hrein afstaða og Alþingi samboðin, en ekki hitt, að gera rjett þeirra skilorðsbundinn.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Aðstaðan er hrein hjá nefndinni eða meiri hluta hennar. Meiri hl. heldur því föstu, að ekki megi taka af lögreglustjórunum

þau rjettindi, sem þeir hafa unnið með nefndum lögum, en hinsvegar er ekki farið fram á að útvega lögreglustjórunum nokkurn nýjan rjett. Jeg er persónulega sannfærður um, að þeir vinna mál sitt, en ef þeir ekki vinna það, þá er ekkert að hræðast. Jeg vil í viðbót við þau rök, sem jeg hefi fært fyrir hinum skýlausa rjetti lögreglustjóranna, geta þess, að Sveinn Björnsson fyrv. sendiherra, sem undirbjó fiskiveiðalögin fyrir stjórnina, hefir sagt mjer, að fyrir sjer hafi altaf vakað, að lögreglustjórarnir ættu að fá 50 aura gjaldið, meðfram til að örva þá til eftirlits með útlendum fiskiskipum. Sbr. og það, sem stendur í ástæðunum fyrir stjfrv.

Úr því nú að hv. deild vildi ekki fallast á hina sanngjörnu till. meiri hl., þá sje jeg ekki, að annað sje fært en að fella frv., og mun jeg greiða atkvæði samkv. því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, SJ, EÁ, GÓ, HSn, HSteins.

nei: SE, BK, EP, IP, JóhJóh.

Þrír þm. (IHB, JJós, JJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 509).

---

45. Gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 17. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun (þmfrv., A. 348).

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg vil aðeins taka það fram, að fjhn. hefir flutt þetta frv. samkvæmt tilmælum hæstv. fjrh. (JÞ), og leyfir nefndin sjer að óska, að frv. verði samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Efni þessa frv. þarfnast ekki skýringar. Það fer ekki fram á neitt annað en framlengingu á löggjöfinni um gengisskráningu og gjaldeyrisverslun, sem fellur úr gildi í lok yfirstandandi árs. Þar sem nú stjórnin er sannfærð um, að þetta skipulag hafi reynst vel, þá taldi hún rjett, að því væri haldið áfram, og fór því fram á það við hv. fjhn., að hún flytti frv. þetta. Vil jeg leyfa mjer að óska, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umræðu. Nefndar mun tæpast þurfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 348).

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv. var borið fram af fjhn. Ed. eftir mínum tilmælum, og efni þess er ekkert annað en að framlengja óbreytt lög frá 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun. En í þeim er svo ákveðið, að þau standi ekki nema til ársloka 1925.

Um ástæður fyrir framlengingunni hefi jeg ekki annað að segja en það, að tilhögun þessi hefir að mínum dómi reynst gagnleg, og jeg tel rjett, að þeirri skipun verði haldið fyrst um sinn.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð að þessu sinni. Jeg bjóst við, að það yrði annað stórmál rætt á undan, svo jeg er ekki viðbúinn að tala í þessu máli.

Jeg gríp tækifærið nú til að lýsa því yfir, að jeg er ekki ánægður með þessa skipun, sem þessi lög hafa hrundið af stað. Þess vegna get jeg ekki tekið undir orð hæstv. fjrh. (JÞ), að þetta hafi yfirleitt gefist vel. Jeg álít þvert á móti, að um þetta mál hafi átt sjer stað hin mestu mistök, sem hafi komið afarþunglega og ranglátt niður á atvinnuvegunum. Jeg vil ekki samþykkja þetta frv. á þeim grundvelli, að það eigi í ár og lengur að stefna í sömu átt og undanfarið hefir verið stefnt, að hækka svona fljótt gengi peninganna. Það verður skattur á alla framleiðendur til lands og sjávar, og veldur og hefir valdið á undanförnu ári stórkostlegum erfiðleikum. Jeg verð því að mótmæla því, að það sje lögfest að halda sömu stefnu og árið sem leið. Jeg vil eindregið skjóta því til hv. fjhn., sem að öllum líkindum fær málið til meðferðar, að taka alvarlega til athugunar, hvort ekki eigi að gera annað af tvennu: festa algerlega gengi peninganna, sem yrði með því að gera þá innleysanlega með gulli, t. d. að ⅔, eða setja rammar skorður um, að krónan hækki ekki, og ef endilega á að hækka, að hún hækki þá á þeim tíma árs, sem helst verður kallaður dauði punkturinn í viðskiftalífinu, nefnilega fyrst á árinu, til þess að atvinnurekendur til lands og sjávar viti fullkomlega, að hverju er að ganga, þegar þeir hefja atvinnurekstur sinn. Jeg er ekki í vafa um, að hægt er að gera þetta, að gera krónuna innleysanlega með gulli, t. d. að ⅔, og festa þar með gengi hennar.

Jeg er ekki í vafa um, að það er miklu farsælla að byrja nú þannig eðlilega atvinnureksturinn á grundvelli fasts gengis, heldur en að þurfa að keppa eftir því í mörg, mörg ár að ná gullgengi, til þess að þá geti byrjað eðlilegt líf fyrir atvinnuvegina.

Að það á að framlengja þessa skráningu, getur kannske verið af því, að nú er svo langt liðið á þingið, að ekki sje þegar hægt að gera ráðstafanir til þess að koma öðru skipulagi á. En jeg fyrir mitt leyti ber fram þá kröfu, að það eigi þó að leggja grundvöll þegar að nýrri stefnu í þessu stórmáli. Eigi þessi gengisnefnd að standa áfram, finst mjer það ekki mega minna vera en að í nefndinni

starfi auk þeirra, sem nú eru, fulltrúar sinn fyrir hvorn aðalatvinnuveg, til þess sjerstaklega að gæta hagsmuna þeirra. Mín krafa er sú, að nefndin gefi sjer góðan tíma til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að fara þessa leið, er jeg hefi nefnt, og jeg vil helst, að nú sje stigið spor til að ná því marki. Því miður hefi jeg ekki nægilega undirbúið mig þessu viðvíkjandi, en jeg treysti hv. nefnd til að athuga þetta sem best. Mjer dylst ekki, að þetta er langstærsta málið, sem fyrir þinginu liggur.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Str. (TrÞ) var að gera kröfu til þess, að aðalatvinnuvegirnir ætti mann í þessari nefnd. Mjer þætti nú ekki ósennilegt, ef slíkt gengi fram, þá ætti einnig verkalýður landsins að fá sinn mann í nefndina. Mjer finst það að minsta kosti mjög sanngjarnt, því hann á ekki hvað síst hagsmuna að gæta um þetta mál. Því það er hagur hans, að verðgildi krónunnar hækki sem mest. Á sínum tíma, þegar gengið var að falla, þá var það hagur atvinnurekenda, en tap verkalýðsins; en nú koma kvartanir frá framleiðendunum, að krónan hækki svo óskaplega í verði, að þeir tapi stórfje. Það hefir nú ekki orðið ákaflega mikil breyting í liðugt ár. Við áramótin 1924 var sterlingspundið 28 krónur. *(Einhver*: 30 krónur). Nei, það hækkaði í janúar; og nú við áramótin 28 krónur. En nú er það lækkað í 27 kr. Þegar hv. þm. Str. (TrÞ) er að kvarta undan því fyrir atvinnurekendur, hvað verðgildi krónunnar hafi hækkað á síðasta ári, þá má minna á það, að verkamenn urðu fyrir stóru skakkafalli þegar sterlingspundið hækkaði úr 30 upp í 33 krónur á hálfum mánuði eða þar um bil. Þá var ekkert talað um, að það væri háskalegt, því þá voru atvinnurekendur að græða. Jeg held það sje misskilningur, ef háttv. þm. Str. heldur, að bændur græði ákaflega mikið á því, að íslensk króna hækki ekki í verði frá því, sem er. Jeg held, að fyrir þá geri það ekki mikið til. Þeir eru líklega flestir, sem ekki hafa meira að selja en þeir kaupa, og verðið á útlendu vörunni ætti að lækka eftir því, sem verð íslensku krónunnar hækkar. En fiskútflytjendur tapa á þessu; það er satt. En það eru aðeins fáir menn. En þeir eru búnir að taka stórgróða af gengislækkuninni meðan verkalýður landsins tapaði stórfje.

Jeg er ekki viss um, að svo auðvelt sje að stöðva krónuna nú; ef til dæmis 1925 verður jafngott ár og 1924, þá finst mjer ekki nema eðlilegt, að verðgildi krónunnar hækki á árinu jafnmikið og 1924. Fyndist mjer ekki ólíklegt, að sterlingspundið yrði um næsta áramót komið niður í 23 kr.

Mjer finst öll rök mæla á móti þessu, sem hv. þm. Str. hefir haldið fram nú og mörgum sinnum, að íslenska krónan ætti ekki að vera látin hækka í verði á þessu ári eins og á árinu 1924. Að setja fastar reglur um það, hve mikið krónan ætti að hækka, var önnur uppástunga hv. þm. Jeg er ekki viss um, hvort slíkt er hægt eða rjettlátt; því það er sýnilegt, að afkoma ársins ræður því nokkuð. Ef ástandið versnar ekki, þá ætti íslenska krónan að halda áfram að hækka ekki minna en hefir átt sjer stað síðustu undanfarna mánuði. Verði það ekki, þá nýtur talsvert mikill hluti landsmanna ekki þeirrar árgæsku, sem verið hefir á síðasta ári og útlit er fyrir að haldist.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla að fara mjög skamt út í þetta nú, af þeirri ástæðu, að það er öldungis fyrirsjáanlegt,

að aðalumræðan verður við 2. umr., þegar málið er komið frá nefnd. Og það er mjög hætt við, ef farið er að orðlengja mjög við 1. umr., þá leiði það einungis til endurtekningar.

Aðalatriði laganna, sem farið er fram á að framlengja, er vitanlega skipun nefndarinnar, — það, hvernig hún er skipuð og hvaða vald henni er veitt og má veita, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, ef einhver vandræði steðja að og hætta þykir á sjerstöku verðfalli peninganna. En því verður ekki neitað, að í lögunum eru líka ákvæði, sem beinlínis gera ráð fyrir, að það sje verkefni nefndarinnar að stuðla að hækkun krónunnar. Og jeg viðurkenni það fullkomlega með hv. þm. Str. (TrÞ), að það er mjög mikið athugunarefni, hversu mikið löggjöfin á fyrir sitt leyti að stuðla að því, að krónan hækki. Og það getur þess vegna í sjálfu sjer vel komið til álita í hv. fjhn., sem jeg geri ráð fyrir að fái frv. til meðferðar, hvort það þyki rjett að breyta lögunum eitthvað í því efni, sem snertir það ætlunarverk nefndarinnar að gera till. til að hækka verðgildi íslensku krónunnar. En jeg tek það fram til athugunar fyrir nefndina, að sem stendur höfum við ekki óbundnar hendur um meðferð peningamála okkar, því að Ísland er þátttakandi í myntsambandi Norðurlanda, og samkv. þeim samningi, sem við höfum gengið að þar að lútandi, hefir ísl. krónan ákveðinn gullþunga, þ. e. þann sama sem gildir um öll Norðurlönd. Þessu getum við ekki breytt nema við segjum okkur fyrst úr myntsambandinu með lögmæltum fyrirvara eins og ákveðið er í samningnum. Á þessu þingi getum við því ekki tekið ákvörðun um breytingu á gullgildi okkar peninga; í mesta lagi gætum við undirbúið það að einhverju leyti. Jeg hefi á öðrum stað, utanþings, bent á ýms vandkvæði, sem á því eru, ef við tækjum okkur út úr myntsambandinu og t. d. „stýfðum", þ. e. lækkuðum gullþyngd krónunnar okkar, meðan við vitum ekki, hvað Noregur og Danmörk gera við lággengi það, er þau lönd eiga við að búa. Þó að við vildum „stýfa" íslensku krónuna, gætu af því hlotist allmikil óþægindi fyrir okkur, ef t. d. Danir og Norðmenn tækju upp þá stefnu að hækka sína krónu upp í gullgildi. Þá mundi verða tvísýnn hagur okkar af því að „stýfa" ísl. krónuna. Þá kemur og eitt atriði enn, og það er það, að það er varla hægt að hugsa sjer framkvæmd á neinu endanlegu skipulagi peningamála landsins eins og ástandið er nú hjá okkur, meðan landið er seðlabankalaust. Það væri að vísu hægt að gera innlausnarskyldu á hendur Íslandsbanka, en nú eru seðlar þess banka ekki meiri en það, að þeir geta aðeins fullnægt nokkrum hluta af seðlaþörf landsmanna, en aftur á móti er enn engin löggjöf til um það, að búa megi til nýja seðla. Það vantar sem sje alla löggjöf um þessa hluti; það er aðeins til ein einasta lína í lögum, sem kveður á um það, að landsstjórnin skuli hlutast til um, að Landsbankinn setji í umferð þá seðlaviðbót, er nauðsyn krefur. Jeg sje því ekki, að það verði komið endanlegu skipulagi á þessi mál, meðan svo stendur.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer skildist það á hæstv. fjrh. (JÞ), að umr. um þetta ættu ekki að verða langar að þessu sinni, því það yrði til þess eins, að menn yrðu að endurtaka síðar það, sem nú yrði sagt, og má það rjett vera; en mjer fanst það þó vera rjett, að jeg ljeti mína skoðun í ljós á þessu máli þegar á þessu stigi þess.

Út af því, sem hæstv. fjrh. og hv. 2.

þm. Reykv. (JBald) hafa sagt, vil jeg bæta því við, að jeg tel það illa farið, að þetta mál, sem er eitt hið allra stærsta mál, sem fyrir þessu þingi liggur, kemur svo seint fram, að það er orðið alt of áliðið þingtímann til að hægt verði að sinna því eins ítarlega og það á skilið. En þetta mál er svo merkilegt, að það á skilið góða athugun og nákvæma meðferð af þinginu, og er jeg að því leyti sammála hæstv. fjrh. En þó jeg búist við því, að svo sje í garðinn búið, að ekki verði á þessu þingi hægt að taka endanlega ákvörðun um skipulag þessara mála, þá má þó stíga fyrsta sporið í þá átt, sem síðar skal farin.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (JBald). Mjer kom alls ekki á óvart ræða hv. þm., því flokksmenn hans úti um allan heim halda þessari skoðun fram; en ef nánar er aðgætt, er mjög vafasamt, að hann vinni ísl. verkamönnum það gagn, er hann vill, ef hann fengi þessari skoðun sinni fullnægt. Hann sagði meðal annars, að gengið hefði lítið breyst á síðastl. ári; en í fyrra kostaði sterlingspundið 33 kr., en nú aðeins 27 kr. Þetta er alls ekki lítil breyting. Þetta er svo afskapleg gengisbreyting, að nærri liggur að einsdæmi sje. Hv. þm. sagði, að minn tilgangur væri að láta bændur græða á lággenginu. Þetta er algerlega rangt. Minn tilgangur er ekki sá, að láta bændur fremur græða á því en öðru, heldur hitt, að fá heilbrigðan grundvöll að standa á við þennan atvinnuveg. Jeg vil, að bændur geti vitað, að hverju þeir gangi, er þeir eru að byrja atvinnurekstur hvers árs; eru búnir að draga að sjer nauðsynjavörur og greiða kaup verkafólki sínu, en hafa ekki enn lokið afurðasölunni. Jeg vil ekki, að bændur fái fyrst vitneskju um það eftir á, að þeir fái minna fyrir hverja krónu í afurðum sínum en krónan kostaði í innkeyptum nauðsynjum. Hv. þm. segir, að bændur græði á lággengi krónunnar. Ef hann vill fá rjettlæti til handa verkamönnum, þá er og rjettlátt, að samið sje um verkamannakaup á rjettlátum grundvelli; en það verður aðeins með því, að peningagildið sje fast og óhaggandi. Í öðru lagi, ef haldið væri áfram á þeirri leið að láta krónuna stíga eins ört framvegis og hún hefir gert til þessa, mundi afleiðingin óhjákvæmilega verða sú, að þeir, sem geta, fresta öllum framkvæmdum, því að með því að fresta þeim, vita þeir, að þær verða ódýrari síðar. Ríkið mundi og gera hið sama, og ef menn vildu láta krónuna stíga ennþá hærra en komið er, — hver yrði þá afleiðingin af því fyrir verkamennina? Jeg svara: Meira og minna, ef ekki algert, atvinnuleysi! Nei, ef litið er hlutdrægnislaust á þetta, mun það verða best fyrir alla að fá fastan gengisgrundvöll til að byggja á. Það á að vera æðsta krafan frá öllum atvinnurekendum, og frá öllum yfir höfuð, að fá fastan grundvöll, svo hægt verði að gera fastar áætlanir um allan atvinnurekstur og önnur viðskifti. Ef krónan breytist í verði, t. d. um 10%, þá verður alt að áhættuspili — „spekulation" — en ekki að ábyggilegum atvinnurekstri. Menn vilja hækka krónuna upp í gullgildi, til þess að fá fastan grundvöll til að byggja á, segja þeir; en þetta er hægt að gera strax. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að jeg hefði sagt, að um tvær leiðir væri að velja. Þetta er ekki rjett; en jeg legg áherslu á að festa gengi ísl. krónunnar, en ef það á endilega að láta hana hækka, þá á að gera það á þeim tíma, sem minst tilfinnanlegur er í öllum

atvinnurekstri, — á hinum „dauða“ tíma ársins, svo að menn viti, að hverju þeir eiga að ganga, áður en þeir byrja ársatvinnureksturinn, þegar þeir eru búnir að kaupa inn og selja afurðirnar.

Hæstv. fjrh. talaði um vandkvæði á þessu máli. Það er vitanlega rjett, að gagnvart Norðurlöndum hefir þetta alvarlega hlið; en jeg vil benda á, að til eru fleiri lönd en Norðurlönd. Viðskifti okkar eru á síðari árum ávalt að færast meir og meir til Englands, og jeg hygg t. d., að megnið af fiskinum okkar sje selt fyrir enska peninga, og þess er að vænta, að landbúnaðarafurðir okkar komist smám saman mestmegnis á enskan markað. En nú er sterlingspundið sem næst í gullgildi, og ef krónan ísl. yrði fest gagnvart sterlingspundi, væri hún komin allnærri því að vera jafngóð og gull, og ef stíga á þetta spor, sem jeg álít, að við eigum að gera, verðum við að gera það sem allra fyrst. Jeg veit t. d., að eitt land, sem að jafnaði er talið með Norðurlöndum, þ. e. Finnland, hefir gert þetta og stöðvað gengi sinna peninga, ekki í $^2/_3$, heldur í $^1/_{10}$ við hið fyrra gullgildi þeirra.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Str. (TrÞ) kveðst ekki hafa talað um tvær leiðir í þessu máli, en telur þetta varlegra, að hækka krónuna aðeins um áramót, ef hitt fengist ekki, að hún yrði stöðvuð. Jeg hefi þá ekki tekið rangt eftir, því þetta hefir þá verið varatillaga hans. Hv. þm. gætir ekki að því, sem á undan er gengið. Verkamenn töpuðu á stríðsárunum á verðfalli peninganna, er vörur hækkuðu í verði, en kaup þeirra ekki fyr en um seinan. Og er verðlag lækkaði aftur, voru það einnig þeir, sem töpuðu, því kaupið lækkaði meir en verðlag á nauðsynjavörum þeirra. Og nú, þegar verkamenn gætu ef til vill grætt á hækkun krónunnar, þá vilja bændurnir sporna við því. Hv. þm. Str. talaði um það, að gengisbreytingarnar hefðu verið afskaplegar. Það er satt, að krónan lækkaði mjög skyndilega, en síðan hún fór að stíga aftur, hefir það orðið með miklu hægara móti, og hefði hún vel mátt hækka örara en hún hefir gert.

Hæstv. fjrh. (JÞ) játaði, að til þess að koma í veg fyrir að ísl. krónan hækkaði, hefði ríkið tekið það ráð að gefa út fleiri og fleiri seðla og setja þá í umferð. Þetta minnir mig, að hæstv. fjrh. segði í framsöguræðu sinni við 1. umr. fjárlagafrv. hjer í deildinni. Verði sama árgæska framvegis eins og síðastliðið ár, vill háttv. þm. Str. láta ríkið halda áfram sömu aðferð og gefa út seðla til að kaupa fyrir erlenda mynt, enda þótt fjöldi manna telji þetta stórhættulegt fjárhag ríkisins. Hann sagði, að ef samið væri um kaup verkamanna á rjettlátum grundvelli, væri sama hvort gengið væri hátt eða lágt, ef það aðeins væri fast. Þetta er að nokkru rjett; en allir vita, hversu örðugt er að stöðva gengið, eða „stýfa krónuna af“, eins og kallað er, og þá verður ekki um annað að tala en það ástand, sem nú er, og því á krónan íslenska að hækka eins framvegis og hún hefir gert fram að þessu.

Jeg get fullyrt, að af árgæsku síðastliðins árs hafa verkamenn ekki fengið nærri því eins mikinn hagnað og atvinnurekendurnir, að minsta kosti ekki eins og hinir stærri útgerðarmenn hjer við sjávarsíðuna. Stórgróðinn hefir lent hjá örfáum mönnum, því hjá verkamönnum var atvinnan síðastl. ár mjög stopul alt fram á mitt sumar, en kaup sjómanna ávalt lágt. Áhrif verðhækkunar ísl. krónunnar hefir ekki ennþá komið verkamönnum að miklu beinu gagni, því verðlag á nauðsynja-

vörum hefir haldist mjög hátt erlendis, og þá einnig hjer. Það er eðlilegast, að menn reyni að koma íslensku krónunni aftur í fult verð, og jeg vona, að það líði ekki mjög mörg ár áður en það tekst.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er aðeins eitt orð um málið eins og það horfir nú við. Eins og þessum umr. er nú komið, vil jeg benda á það, að frv. er ekki borið fram á þann hátt, að ætlast sje til, að gerðar verði nú ráðstafanir til að ákveða gildi ísl. krónunnar, t. d. að „stýfa" hana eða þess háttar, heldur er frv. borið fram til að fá framlengingu á gildandi lögum, og er alls ekki borið fram í neinu öðru skyni. Jeg skal geta þess, að frv. var afhent háttv. fjhn. þessarar deildar áður en það kom fram í Ed., svo að hv. fjhn. Nd. hefir þó eitthvað athugað það, þrátt fyrir að það yrði ofan á, að frv. væri fyrst borið fram í Ed. *(KlJ:* Þetta er satt að vísu).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, 393, n. 441, 466, 467).

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg sje ekki ástæðu til að hefja almennar umr. um þetta mál nú. Það hefir áður verið ítarlega rætt hjer á þingi, bæði í fyrra og hitteðfyrra. Því síður er ástæða til að fjölyrða um málið, þar sem fjhn. er öll á einu máli um, að gengisnefndin haldi áfram að starfa. Um það er enginn ágreiningur. Hinsvegar vill meiri hl. fjölga nefndarmönnum, enda er á þskj. 393 fram komin brtt. í þá átt.

Í fyrra varð afgreiðsla þessara laga nokkuð seint fyrir hjer í þinginu, og kom þá þegar í ljós talsverð óánægja yfir því, hvernig frá þeim var gengið. Margir óskuðu eftir, að gengisnefnd yrði skipuð fleiri mönnum en raun varð á, og skipuð fulltrúum frá báðum aðalatvinnuvegum landsins. Sama hefir orðið uppi á teningunum nú.

Hæstv. fjrh. (JÞ) afhenti fjhn. þessarar deildar fyrst frv. og mæltist til, að hún flytti það hjer. En af því varð þó ekki, vegna þess að nefndarmenn voru ekki sammála um skipun gengisnefndarinnar. Var frv. þá afhent hv. fjhn. Ed., og bar hún frv. fram í þeirri hv. deild, og er það hingað komið þaðan óbreytt, eins og það kom frá fjrh.

Fjhn. hefir klofnað um frv. og leggur meiri hl. til, að það verði samþykt með þeirri breytingu, að 2 mönnum verði bætt við gengisnefndina samkv. því, sem segir í brtt. á þskj. 393, að annar þeirra skuli skipaður af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, en hinn af stjórn Sambands ísl. samvinnufjelaga.

Fjhn. kallaði gengisnefndina á fund sinn og bar undir hana, hvort hún hefði nokkuð við þessa breytingu að athuga. Kvað nefndin nei við, en taldi hinsvegar óviðeigandi, að þessir nýju menn hefðu atkvæðisrjett um gengisskráninguna sjálfa. Varð fjhn. að fallast á, að gengisnefndin hefði rjett fyrir sjer í því efni, að ekki væri viðeigandi, að fulltrúar áðurnefndra stofnana hefðu beint atkvæði um sjálft gengið. Bankarnir, sem hafa þá skyldu á herðum að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, hljóta að ráða því, hvernig gengið

er skráð, en ekki aðrar stofnanir, sem enga aðstöðu hafa til að kaupa þann gjaldeyri, sem býðst. Þess vegna fjelst fjhn. á, að þessir tveir menn skyldu ekki hafa atkvæðisrjett um gengisskráninguna, en hinsvegar eiga þeir að sjálfsögðu að hafa tillögurjett í því efni og fullan rjett á borð við þá 3, sem fyrir eru í nefndinni, í öllum öðrum málum, sem nefndin fær til meðferðar.

Í fjhn. kom til tals, að sjálfsagt væri að athuga, hvort ekki væri rjett að festa gengi ísl. krónunnar í náinni framtíð. Leit nefndin svo á, að eitt aðalhlutverk gengisnefndarinnar yrði að athuga, hvort ástæða væri til þessa og með hverjum hætti það mætti verða og leggja síðan till. sínar í því efni fyrir næsta þing. Gengisnefndin fær því nægilegt verkefni til að leysa af hendi.

Þá kom til tals í fjhn., hvort ekki væri rjett að fjölga gengisnefndarmönnum enn meira. Einkum var um það rætt, hvort ekki væri full ástæða til, að neytendur fengju einnig sína fulltrúa í nefndina, og hefir hv. minni hl. talið þetta sanngjarnt í sínu nál., ef nefndarmönnum yrði fjölgað á annað borð. Fyrir hönd meiri hl. get jeg sagt, að hann hefir í rauninni ekkert við það að athuga, þó nefndarmönnum verði fjölgað um fleiri en tvo, og hefir nefndin óbundin atkvæði um það efni.

Nú hefir hv. 2. þm. Reykv. (JBald) flutt brtt. þess efnis, að fjölga nefndarmönnum upp í 7, en þar sem þeirri brtt. var fyrst útbýtt nú í byrjun fundarins, hefir mjer ekki gefist tækifæri til að bera hana undir hv. meðnefndarmenn mína, en jeg get ímyndað mjer, að þeir hafi ekkert sjerstakt við hana að athuga.

Í fjhn. kom til tals, að ekki væri nema sanngjarnt, að Alþýðusamband Íslands fengi einn mann í nefndina, en um Verslunarráðið var ekki talað í því sambandi. Hinsvegar var talað um, að ástæða væri til, að samband embættismanna ríkisins tilnefndi einn mann í nefndina, og jeg fyrir mitt leyti hefði kosið, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefði farið í þá átt, að stjórn Alþýðusambandsins tilnefndi annan manninn, sem hann vill bæta við nefndina, en stjórn embættismannasambandsins hinn.

Það leiðir af fjölgun nefndarmanna, að kostnaður ríkissjóðs við nefndina vex. Eftir frumvarpinu greiðir ríkissjóður aðeins $\frac{1}{3}$ þessa kostnaðar, en kemur til með að greiða $\frac{3}{5}$ eða $\frac{5}{7}$, ef nefndarmönnum verður fjölgað eins og nú liggja fyrir brtt. um. Hve mikill kostnaðurinn er nú, veit jeg ekki. Mun hæstv. fjrh. (JÞ) geta gefið upplýsingar um það efni.

Álit fjhn. um frv. er þá í stuttu máli þetta: Öll nefndin telur sjálfsagt, að gengisnefndin starfi áfram, og meiri hl. vill bæta við hana a. m. k. 2 mönnum, til þess að hún megi leysa störf sín sem best af hendi, ekki aðeins sjálfa gengisskráninguna, heldur einnig allan undirbúning þess máls, hvort rjett muni vera að festa gengi íslensku krónunnar.

Ágúst Flygenring: Jeg vildi aðeins segja nokkur orð út af brtt. hv. meiri hl. fjhn.

Á síðasta þingi vakti einkum fyrir mönnum, að gengi ísl. krónunnar bæri að festa af varúð, með hliðsjón af fjárhagsástandi landsins, einkum gagnvart útlöndum og með tilliti til atvinnuvega landsmanna. Mörgum hefir þótt hækkun krónunnar of ör síðan í fyrra. Var þá svo til ætlast af hálfu flm. laganna um

gengisskráningu og gjaldeyrisverslun, að hækkunin yrði ekki of ör og að fult tillit yrði tekið til kaupgjalds innanlands og verðs afurða vorra.

En þessum málum er varla hægt að skipa sæmilega, nema með þeirri þekkingu, sem atvinnuvegirnir einir geta látið í tje, þ. e. a. s. þeir menn, sem fulla þekkingu hafa á okkar atvinnulífi, og þá sjerstaklega á þessum tveimur aðalbjargræðisvegum þjóðarinnar. Undir því er velgengni þjóðarinnar komin, hvernig atvinnuvegunum, einkum landbúnaði og sjávarútvegi, reiðir af.

Jeg get nú ekki sjeð neina hættu í því fólgna, að þeir tveir menn, sem nú er hugsað að bæta við gengisnefndina, samkvæmt brtt. á þskj. 393, njóti jafnrjettis við þá, sem fyrir eru, einnig að því er skráningu gengisins snertir. Vitanlega má velja þessa menn svo, að trygging sje fyrir því, að þeir viti, hver ábyrgð hvílir á herðum þeirra, er þeir ákveða gengið.

Ef þetta ráð hefði verið upp tekið strax í fyrra, að fulltrúar landbúnaðar og sjávarútvegs ættu einnig sæti í nefndinni, þá hefði áreiðanlega af því hlotist, að gengishækkun krónunnar hefði orðið meira hægfara en raun varð á. Það er nú líka svo, að alt of hraðfara gengishækkun getur bakað stórtjón; af henni getur hlotist kyrstaða eða kreppa í atvinnulífi þjóðarinnar. Þeir, sem fást við atvinnurekstur, vita glegst, að þjóðarheildinni er stór hætta búin, ef gengishækkuninni er ekki stilt í hóf eftir föngum, eftir því sem við á.

Jeg mun nú eftir atvikum halda fast við frv. eins og það er nú, en ekki greiða atkv. með neinni brtt.

Þýðingarlaust er að deila um það, hvort fleiri eða færri eiga að taka þátt í gengisskráningunni, vegna þess að ef glompa verður gerð í því efni, þá verða atvinnuvegirnir að bera þann halla. En öll þjóðin bíður auðvitað tjón, þegar atvinnuvegirnir verða fyrir halla.

Jeg vona því, að hv. þdm. líti einkum á þetta mál frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og þá munu þeir ekki kjósa að bæta öðrum við nefndina en fulltrúum aðalatvinnuveganna, sem fengju þá fullkominn atkvæðisrjett um gengisskráninguna á borð við aðra nefndarmenn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal leiða hjá mjer almennar aths. um mál þetta, nema sjerstakt tilefni gefist síðar. Jeg þarf heldur ekki að fara mörgum orðum um brtt. á þskj. 393, þar sem þær hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir og hv. meiri hl. fjhn. hefir fallist á meginatriði aðaltill., enda þótt hann hafi að vísu borið fram við hana brtt. þess efnis, að fulltrúar atvinnuveganna, sem ráðgert er að bæta við gengisnefndina, hafi ekki atkvæðisrjett um sjálfa skráningu gengisins. Um þessa brtt. hv. meiri hl. hefi jeg fyrst og fremst það að segja, að ef af henni á að leiða, að haldið verði áfram á sömu braut og síðastl. ár með skráningu gengisins, þá verð jeg á móti því að svifta fulltrúa landbúnaðar og sjávarútvegs atkvæðisrjetti um þetta efni, þar sem tilgangi okkar flm. brtt. á þskj. 393 verður þá ekki náð. Hinsvegar þarf ef til vill ekki að óttast þetta, og þess vegna vil jeg heyra, hvernig hv. fjhn. tekur aths., sem jeg vil láta fylgja brtt. hennar. Ef hún felst á þær aths., þá gerir í rauninni ekkert til, þó að fulltrúar atvinnuveganna hafi ekki atkvæðisrjett um gengisskráninguna, vegna þess að það er rjett, sem hv. meiri hl. segir, að þær stofnanir, sem velja eiga mennina, hafa ekki aðstöðu til að kaupa erlendan gjaldeyri. En ef menn vilja annars fara nákvæmlega út í þá

sálma, þá á fulltrúi landsstjórnarinnar í nefndinni að rjettu lagi ekki heldur að hafa atkvæðisrjett um skráninguna, þar sem stjórnin a. m. k. selur engan erlendan gjaldeyri. En þar sem hann hefir nú atkvæðisrjett, þá getur ekki verið um mikið „princip"-brot að ræða, þó að fulltrúar atvinnuveganna fái einnig atkvæðisrjett.

Ef frv. verður nú samþykt með brtt. á þskj. 393, þá lít jeg svo á, að í þeirri samþykt sje fólgin yfirlýsing Alþingis um, að nefndarmönnum í gengisnefndinni skuli fjölgað fyrst og fremst í þeim tilgangi, að nefndin skuli rannsaka, hvort rjett sje að festa gengi ísl. krónunnar og með hverjum ráðum það sje hentugast. Þetta verður aðalverkefni nefndarinnar fram að næsta þingi, sem þá mun skera úr þessum atriðum. En fram að þeim tíma skal nefndin hafa að baki sjer þingvilja um að hækka ekki, eða a. m. k mjög varlega, gengi krónunnar.

Að vísu hafa fulltrúar atvinnuveganna ekki atkvæðisrjett um sjálfa skráningu gengisins, ef brtt. hv. meiri hl. nær sam þykki, en þeir hafa eigi að síður aðstöðu til að fylgjast með öllu, sem gerist í nefndinni. Geta þeir því snúið sjer til stjórnarinnar og leitað fulltingis hennar, ef þeim virðist gengið vera hækkað of ört, ekki síst þar sem þeir hafa að baki sjer þingvilja, sem segir, að gengi skuli varlega hækkað, eða e. t. v. fest áður en langt um líður.

Verði frv. afgreitt þannig, að brtt. á þskj. 393 verði samþykt, lít jeg ennfremur á það sem yfirlýsingu Alþingis um, að íslenska ríkið sje tilbúið til að kaupa útlenda gjaldeyrinn til afborgunar á vöxtum og skuldum með því gengi, sem gengisnefndin ákveður, og að það sje haft fyrir augum, að krónan hækki ekki um of. Þetta yrði mikil trygging fyrir bankana, því þeir mega þá vera vissir um, að genginu muni vera haldið í festu samkvæmt vilja Alþingis. Því skoða jeg, að Alþingi með því að samþykkja þessar brtt. gefi þá yfirlýsing, að það vilji veita bönkunum stuðning í þessu máli.

Að síðustu lít jeg svo á, og það með fullum rjetti, því jeg hefi átt tal um það við þann mann úr Landsbankastjórninni, sem sæti á í gengisnefndinni, að Landsbankinn hafi skilið það svo á síðastliðnu ári, að það væri vilji Alþingis, að krónan hækkaði sem mest, enda bendir orðalag laganna í þessa átt. Þess vegna taldi Landsbankinn það árið sem leið skyldu sína að stuðla að því að krónan hækkaði. En ef málið verður nú afgreitt á þeim grundvelli, sem við flm. brtt. á þskj. 393 viljum, þá lít jeg svo á, að sá þingvilji sje nú ekki lengur til, sem fyrir lá um það, að krónan hækki, heldur að nú skuli genginu haldið föstu, og að bankarnir verði því hjer eftir að telja það skyldu sína að halda genginu föstu. Þess vegna er það, ef hv. fjhn. getur fallist á það, sem jeg nú hefi sagt, og málið verður afgreitt á þennan hátt, þá finst mjer ekki mikil hætta stafa af því, þótt fulltrúar útvegsins og landbúnaðarins missi atkvæðisrjett í gengisnefndinni. En ef skoðun mín í þessu efni mætir sterkum mótmælum, og það að málið verði þannig afgreitt, þá mun jeg greiða atkv. á móti till. hv. fjhn., því jeg get ekki fallist á annað en að atvinnurekendurnir fái tryggan grundvöll til þess að standa á, að þeir viti, að ekki þurfi að óttast stórkostlega hækkun krónunnar, þegar líður á sumarið, því slík hækkun er að mínu viti stærsta hættan fyrir þá.

Jeg get rjett minst á till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um að bæta enn mönnum

í nefndina, sem sje fulltrúa frá Alþýðusambandinu og öðrum frá Verslunarráðinu. Jeg er á móti því. Tilætlun okkar er sú, að genginu sje haldið föstu, og af því getur hvorki verkamönnum, kaupmönnum, embættismönnum nje neinum staðið nein hætta; þeir geta aðeins beðið tjón, ef krónan lækkar. Þess vegna er þeim engin þörf á því að fá fulltrúa í nefndina. Atvinnurekendurnir eru þeir, sem mest hafa beðið tjón undanfarið af hækkun krónunnar, og því eiga þeir fyrst og fremst tilkall til þess og rjett á að fá að hafa fulltrúa í nefndinni.

Jón Baldvinsson: Ef breyta á um frá því, sem nú er í lögum um skipun nefndarinnar, þá finst mjer hvorki rjettlátt nje sanngjarnt að breyta svo um sem þeir vilja, er hv. þm. Str. (TrÞ) hefir orð fyrir. Mjer finst hvorki rjettlátt nje sanngjarnt, að þeir einir, er kaupa og selja gjaldeyrinn, skuli öllu ráða, heldur fái og þeir nokkru ráðið, sem mest eiga undir því, að gengið fari hækkandi. Þess vegna legg jeg til, að í nefndina verði enn bætt tveim mönnum, einum fulltrúa, sem stjórn Alþýðusambandsins kýs, og öðrum, sem Verslunarráðið kýs. Við þetta hefi jeg nú komið fram með skriflega brtt., þess efnis, að í stað Verslunarráðs Íslands komi Samband íslenskra embættismanna. Er það gert eftir bendingu frá hv. frsm. (KlJ) og fleirum, og hefi jeg ekki á móti, að svo sje. Aðrar brtt. mínar eru afleiðing af þessari aðalbrtt., svo sem brtt. við brtt. á þskj. 441, að í stað: „Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett“ o. s. frv. komi: Fjórir hinir síðasttöldu o. s. frv. Er þetta bein afleiðing af aðalbrtt. minni. Annars verð jeg að segja, að jeg teldi rjettast, að allir nefndarmenn hefðu atkvæðisrjett, því ef þessir menn komast í nefndina, eins og hjer er farið fram á, hljóta þeir að hafa mjög mikil áhrif á gengisskráninguna, og jeg sje ekki þýðing þess að varna þeim atkvæðisrjettarins.

Ýmsar athugasemdir hafa komið fram um málið í heild, sjerstaklega frá hv. þm. Str. (TrÞ). Hann talaði mjög ákaft um, hversu varlega yrði að fara í því að láta krónuna hækka, og sagði, að það væri þingviljinn, að hún hækkaði ekki. Þetta er nú svo og svo. Auðvitað verður þetta að fara mest eftir því, sem ástæður eru til og sanngjarnt er. Það gæti verið til ills fyrir landið að halda útlenda gjaldeyrinum langt fyrir neðan sannvirði. Það gæti leitt til þess, að menn færu meira í kringum bankana og versluðu með gjaldeyrinn án þess að bankarnir fengju við ráðið. Þá væri ekki hægt fyrir bankana að halda stöðugt föstu gengi. Annars verð jeg að segja viðvíkjandi þessu fasta gengi, að mjer skilst, að áður en það getur komist á, þurfi að gera svo margar og mikilsverðar ráðstafanir, að ekki sje hægt að segja rjett svona út í bláinn: Við viljum að gengið sje fast. Nei, áður en fast gengi kemst á, skilst mjer, að gera þurfi seðlana innleysanlega með gulli, leyfa að flytja gull út úr landinu og ef til vill breyta um mynt í landinu. Jeg hefi ekkert að athuga við, að gengið sje fast, þegar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar, en að segja nú aðeins, að krónan megi ekki hækka, það fær ekki staðist. Í augum hv. þm. Str. eru ekki aðrir til í þetta sinn en bændur og útvegsmenn, og þá aðallega þeir, sem flytja út fisk, því að þetta mál snertir þá mest. En þeir eru nú ekki sjerlega margir, sem það gera, og viðvíkjandi bændum landsins, þá held jeg, að þeir biðu ekki sjerstaklega mikinn skaða, þó íslenska krónan hækkaði varlega, eins og hún gerði síðastliðið ár.

Jeg tel því sjálfsagt, að verði skipun nefndarinnar breytt, þá verði þeim, sem jeg hefi stungið upp á, gefinn kostur á að hafa áhrif á starf gengisskráningarnefndarinnar. Væri mjög ósanngjarnt að bola þeim frá að hafa áhrif á nefndina, því að vitanlega snertir starf hennar ekki síður þeirra hag en hinna, sem hv. þm. Str. (TrÞ) ber svo mjög fyrir brjósti.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Magnús Jónsson: Mjer þykir rjett að gera grein fyrir sjerstöðu okkar samþm. í nefndinni. Við höfum skrifað fjórar línur í nál., sem eiginlega taka fram aðalkjarnann í afstöðu okkar, þann, að við teljum, að þessu máli hafi verið ráðið til lykta í fyrra á þann hátt, að ekki sje sennilegt, að þingið bæti það nú, þótt breytt sje um. Síst af öllu teljum við, að til bóta sjeu brtt. þær, er fyrir liggja á þskj. 393, um að útflytjendur í landinu fái tvo fulltrúa í nefndinni, svo að þannig geti farið, að bankarnir, sem með þessa verslun fara og hljóta að fara, geti orðið í minni hluta í nefndinni.

Það hefir nú verið skýrt frá tilgangi þessa, þeim, að annaðhvort verði stöðvað gengi íslensku krónunnar eða að hún fari mjög varlega hækkandi.

Mjer virðist um þrent að velja í þessu máli. Fyrst að hafa fyrirkomulagið eins og það er; í öðru lagi að samþykkja þessa brtt., og í þriðja lagi að fara þann miðlunarveg, sem einnig hefir verið stungið upp á, að fjölga mönnum í nefndinni, en án þess að þeir hafi atkvæðisrjett um aðalstarfið, það að skrá verð gjaldeyrisins.

Tveim atriðum þessa máls virðist mjer oft blandað saman. Annað er það, að gengið sje skráð eins og skynsamlegast og hentugast er fyrir alþjóð, bæði útflytjendur og neytendur, en hitt er það að halda genginu samtímis á sanngjörnum grundvelli gagnvart þeim, sem versla eiga með gjaldeyrinn, svo að kaup og sala geti í raun og veru farið fram eftir því skráða gengi. Það er vitanlega ekki nóg að hafa nefnd til að skrá gengið, ef það svo verður ekki „effektivt“. Og mjer virðist, að ef bæta á mönnum í nefndina, sem mest líkindi eru til að dragi taumana aðeins í eina átt, að till. horfi til skemda í þessa átt. Má vel svo fara, að gengið verði skráð alt öðruvísi en verslunin er með það í rauninni. Slíkur tvískinnungur er vel mögulegur, ef nefndin heldur einstrengingslega fram annarihvorri hlið málsins, t. d. þeirri, að krónan skuli standa í stað móti sterling, en kaupmáttur hennar er að aukast gegn sterling og yfirleitt verð hennar að hækka. Þá missir skráða gengið alt gildi sitt, og ráðstöfunin þar með.

Yfirleitt eru þessar till. angi af þeirri skoðun, að við ráðum meira yfir genginu með skráningu þess en við í rauninni gerum. Jeg held, að við ráðum við það eitt að geta varist stærri sveiflum innan eins árs, eins og t. d. á síðastliðnu ári. En til lengdar verður aldrei hægt að spyrna á móti broddunum, ef eðlilegast er, að krónan hækki og þeir, sem fara með verslunina, þ. e. bankarnir, vilja, að svo verði.

Þess vegna var það eðlilegasta ráðið, sem tekið var í fyrra, að bankarnir ákvæðu gengið og að jafnframt væri með í ráðum einn maður af hendi stjórnarinnar, til þess að miðla málum, ef fulltrúum bankanna kæmi ekki saman. Og í rauninni hafa engir heyrst tala um, að þetta fyrirkomulag hafi gefist illa. Að vísu hafa

margir kvartað yfir, að íslenska krónan hafi hækkað afskaplega mikið. Og það er satt, að um 10 mánaða skeið var krónan látin hækka ákaflega mikið, en engin rök hafa verið færð fyrir því, að það hafi á nokkurn hátt verið óeðlilegt eða orðið til stórkostlegs tjóns. Raunar var notaður til þess tími, sem auðvitað var mikill veltutími fyrir sjávarútveginn, og sem því hlaut mesta skaðann, þar sem hann flutti mest út, en því verður ekki neitað, að sá tími var svo góður fyrir þennan atvinnuveg, að hann var fær um að bera þann þunga skatt, sem hlaust af hækkun krónunnar. Svo er það ekki rjett, þegar menn eru að bera saman verðið á sterlingspundinu þegar það var hæst og eins og það var í árslok. Því að þótt sterlingspundið kæmist upp í 33.95 krónur, þá var það aðeins snögg sveifla. Ef alt árið er tekið, þá kemur út hinn rjetti munur, eða sá, að pundið lækkaði úr 30 niður í 28 kr. Þetta er ákaflega mikil hækkun á krónunni, það skal jeg játa, en jeg fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að þó engu verði breytt um skráning krónunnar frá því, sem nú er, þá eru engin líkindi til, að hún hækki neitt þessu líkt á yfirstandandi ári, og það gerir hún líka sannarlega ekki nema það verði miklu meira veltiár en það lítur nú út fyrir að verða.

Jeg held líka, að það sje nokkuð ástæðulaust að ætla, að bankarnir, sem nú hafa yfirtökin í nefndinni, muni skrá gengið öðruvísi en í hag sjávarútveginum og fjelögum. Auðvitað eru útgerðarmennirnir langstærstu viðskiftamenn bankanna, og ef þeir færu að bregða fæti fyrir þá, væru bankarnir með því að bregða fæti fyrir sjálfa sig. Það var einu sinni talað um það úr andstæðu horni, að bankarnir myndu halda óeðlilegu gengi til að auðga hina stóru viðskiftamenn sína. Auðvitað var það röng getgáta, en slíkt mætti samt fremur ætla en hitt, að bankarnir hefðu mestan áhuga á því að ríða bestu viðskiftamönnum sínum að fullu. Bönkunum ríður mest á því, að öll verslunin gangi sem best, fyrir utan það, að þeir eru margflæktir í fjölmörgum viðskiftum og öllum atvinnuvegum landsins, og því er ekki annað hugsanlegt en að þeir hafi sífelt hag alþjóðar fyrir augum. Þeirra hagur er alveg undir því kominn, að stóratvinnuvegunum vegni vel.

Hv. þm. Str. (TrÞ) lagði áherslu á það, að t. d. landbúnaðurinn ætti það á hættu, að gengi erlenda gjaldeyrisins væri felt í verði þegar haustaði. Ef reynslan er aðspurð, hygg jeg, að það sjáist, að á síðastliðnu hausti hafi mikið verið gert til þess, að erlendur gjaldeyrir fjelli ekki, og að það fyrirkomulag, sem þá var á gjaldeyrisskráningunni og nú á að breyta, hafi mjög stemt stigu fyrir því, að íslenska krónan tæki stórkostlega sveiflu upp á við og síðan strax niður á við árið sem leið. Reynslan hefir sýnt, að menn þurfa ekki að vera hræddir við, að nefndin sje skipuð eins og nú er, því að hún hefir sýnt og mun sýna fulla gætni.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að neytendum gæti ekki verið það á móti skapi, að gengið væri fest; það gæti engan skaðað. Það er nú svo. Ef gengið verður fest á móti gullverði og það sama gengur yfir Danmörku og Noreg, viðskiftalönd okkar, er það gott og blessað. En ef gengi norsku og sjerstaklega dönsku krónunnar væri látið sigla langt upp fyrir okkar, skyldi þá ekki fara svo, að mörgum fyndist sem gengi íslensku krónunnar væri altaf að falla? Því það mundi hafa í för með sjer

aukna dýrtíð, þ. e. hækkandi vöruverð og hærri kaupkröfur. Því að þótt íslenska krónan standi í stað gagnvart sterlingspundinu, þá þarf hún ekki að gera það gagnvart dönsku krónunni, og af því stafar jafnan glundroði í verðlagi, ef hún fylgir ekki dönsku krónunni nokkurnveginn upp á við. Og enn eitt; meðan því er ekki slegið föstu að stýfa ísl. krónuna, þá er það víst, að ef við hugsum okkur að koma henni í gullverð, þá er engin leið til þess nema hún sje í samfylgd með dönsku og norsku krónunni. Ef við látum þær sigla okkur af sjer, þá verður róðurinn alveg ófær eftir á. Útvegsmönnunum, sem keppa við Norðmennina um Spánarmarkaðinn, líkar kannske vel á meðan norska krónan siglir fram úr okkur, en jeg er hræddur um, að þeim getist ekki jafnvel að því, þegar við eigum að fara að „sigla hana uppi" aftur Og um stýfingu gjaldeyrisins er það að segja, að það eru þær ráðstafanir, sem ekki er gripið til fyr en fokið er í öll skjólin, eins og heiðarlegir menn gefa sig ekki upp til gjaldþrotaskifta fyr en þeir með engum ráðum geta ekið áfram. Jeg lít annars svo á, sem það atriði geti ekki legið hjer fyrir nú. En á það vil jeg leggja áherslu, að vera ekki að breyta skipulagi nefndarinnar, því það getur ekki til neins góðs leitt.

Af þessum ástæðum, er jeg nú hefi nefnt, höfum við hv. samþm. minn (JakM) tekið þá afstöðu í nefndinni, að leggja til, að frv. um framlenging á lögunum frá í fyrra verði samþykt óbreytt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. frsm. (KlJ) skaut því til mín, hver kostnaðurinn við gengisnefndina muni vera. Jeg veit lítið um það, því að ekkert af þeim kostnaði er greitt úr ríkissjóði, heldur er honum skift á milli beggja bankanna. Fyrir mín augu hefir aðeins komið einn reikningur upp á 2—3 þús. kr. fyrir skrifstofukostnað, húsnæði og aðstoð nefndarinnar. Annað veit jeg ekki um þetta.

Viðvíkjandi þeim till., er fyrir liggja, vil jeg segja, að jeg get gengið inn á till. hv. meiri hl. fjhn., en tel þó, að svo framarlega sem bæta á við í nefndina tveim utanveltumönnum af hendi seljanda erlends gjaldeyris, þá fari ekki vel á öðru en að líka sje bætt við mönnum af hálfu kaupenda gjaldeyrisins. Eins og nefndin er nú samansett, þá er hún að minni hyggju svo óhlutdræg sem unt er. Í henni eru tveir fulltrúar frá bönkunum, og í þessu tilfelli eru bankarnir aðeins miðlarar milli kaupenda og seljenda. Þeir selja þann gjaldeyri, sem þeir kaupa, og kaupa þann gjaldeyri, sem þeir selja. Verslunin getur minkað og aukist, en þeir verða ætíð milligöngumenn, sem hljóta að taka tillit til hagsmuna beggja aðilja. Þriðji maður nefndarinnar er fulltrúi stjórnarinnar, sem gætir hagsmuna almennings. Nú er farið fram á að bæta við tveimur fulltrúum fyrir útflytjendur. Það væri þá ekki óeðlilegt, að fulltrúi kæmi fyrir hina aðiljana, sem eru daglaunamennirnir og sá hluti verslunarstjettarinnar, sem hefir vöruinnflutning á hendi. Það eru kaupendur erlenda gjaldeyrisins. Hvað sem annars verður gert, tel jeg alveg þýðingarlaust, hvernig nefndin verður skipuð. Í aðaldráttum stjórnast gengisbreytingar af atriðum, sem liggja utan við verksvið nefndarinnar. Breytingar á gengi orsakast annarsvegar af ráðstöfunum bankanna um útlán og vexti og við hliðina á því af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar viðvíkjandi skuldum. Á hina hliðina ræður árferðið, hversu hagstætt það er atvinnuvegunum. Þetta liggur al-

veg fyrir utan verksvið nefndarinnar. Það, sem hún getur sjeð um, er að verjast eftir föngum smágengissveiflum, sem stafa af árstíðum eða sjerstökum viðburðum, svo sem þegar stórar greiðslur falla í gjalddaga. Síðan þessi nefnd var sett, höfum við tekið eins föstum tökum á þessu máli og nokkur önnur þjóð. Okkur hefir tekist að hindra allar smásveiflur, en hækka gengið smámsaman. Jeg held að rjettast væri að framlengja lögin óbreytt, eins og minni hl. fjhn. vill, en ekki bæta við í nefndina utanveltumönnum. Þeir yrðu þá velsæmis vegna að koma frá báðum hliðum.

Hv. þm. Str. (TrÞ) leggur áherslu á, að gengið hækki ekki, eða þá mjög varlega. Jeg er ekki á móti því, að varlega sje farið, og það hefir nefndin gert. Því fer fjarri, að hún hafi stýrt hækkuninni fram úr því, sem bein ástæða var til. Hv. þm. (TrÞ) vill slá því föstu, að rjett sje að stýfa krónuna. Hann vill láta koma fram fyrir munn frsm. fjhn. yfirlýsingu, sem eigi að þýða skipun til Landsbankans og gengisnefndarinnar um að undirbúa skuli til næsta þings stýfingu krónunnar, með því að halda genginu föstu. Jeg held, að óþarft sje af þinginu að gera slíka yfirlýsingu. Jeg skal benda á, að ekkert Norðurálfuríkjanna, þar sem líkt hefir staðið á um gengi gjaldeyris og hjá oss, hefir stigið þetta spor um stýfingu gjaldeyrisins. England hefir hækkað gengið hjá sjer upp í gullgildi. Nokkur ríki hafa að vísu stýft gjaldeyri sinn, en það hefir ekki verið gert nema þar, sem gengið hefir hrapað svo langt, að ekki var hugsanlegt, að það kæmist í gamla horfið. Má nefna Rússland, Þýskaland, Pólland og Eystrasaltslöndin. Finnland hefir ekki gert það enn, en gerir það væntanlega. Þar er líka markið fallið niður í $^1/_7$ upphaflegs verðgildis, og hefir staðið svo í 3 ár. Ekkert þeirra ríkja, þar sem gjaldeyririnn hefir ekki fallið meira en miðja vegu milli gamla verðsins og núlls, hefir viljað stíga svona spor. Rjett mun að fara varlega í þessu efni. Líta verður á það, að þau tvö lönd, sem við kaupum mest frá, Noregur og Danmörk, standa á svipuðu stigi að því er gjaldeyrinn snertir, og ekki verður annað sjeð en að þau ætli að hækka hann upp í gullverð. Ef þau halda áfram að hækka gengið og munurinn á okkar gjaldeyri gagnvart dönsku krónunni fer hækkandi, getur það valdið óþægindum. Þá opnast sú gróðaleið fyrir hvern, sem á innstæðu í ísl. banka, að flytja hana í norska eða danska banka meðan okkar gengi stendur kyrt. Þetta er svo alvarlegt, að ekki væri rjett að flika fyrirætlunum um stýfingu áður en ákveðið væri að gera slíkt. Það gæti valdið ýmsum óþægindum. Menn mundu missa trúna á, að okkar króna hækkaði eins og norsk og dönsk króna. Þó að sumum þætti góð í bili stöðvun á hækkun krónunnar, mundi koma annað hljóð í strokkinn, þegar menn yrðu þess varir, að lánsfje yrði að heimta harðri hendi af því að ísl. peningastofnanir þyrftu að standa skil á innstæðum manna til útlanda. Best mun að viðhafa alla gætni. Nú er bjargföst trú á hækkun krónunnar, og heppilegast mun, að sú trú haldist fyrst um sinn.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir víst meint, að halda þyrfti genginu föstu gagnvart pundi, sem nú er í þann veginn að komast í gullgildi. Eigi hann við, að ekki sje rjett að fara fram úr dönsku krónunni, býst jeg við, að allir geti verið honum sammála um það.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla aðeins að leiðrjetta misnefningu mína á þskj. áðan, þar sem jeg talaði um frv., en hafði fyrir mjer brtt. á þskj. 393. Jeg tel sjálfsagt, að frv. sje samþykt. Vildi taka þetta fram, ef það kynni að hafa valdið misskilningi, sem jeg sagði.

Að stýfa krónuna, sem svo er kallað, kemur ekki til mála, nema nefndin sje viss um, að ekki geti hættu af því leitt. Rök munu til fyrir því, að hækkunin hafi gert skaða, þó ekki sje gott að bera þau rök fram hjer. En auðvitað verður gengið, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að fara eftir því, hvernig hagur landsins er gagnvart útlöndum. Það er auðvitað ekki meiningin fyrir flm. till. á þskj. 393 að koma á gengiskyrstöðu, sem dragi taum einstakra manna, heldur er tilætlunin sú, að vernda atvinnuvegina fyrir snöggum óhollum breytingum, ef unt er.

Pjetur Ottesen: Af því að umr. um þetta mál hafa snúist allmikið um það, hvort stöðva eigi gengi krónunnar eða halda áfram í hækkunaráttina, vildi jeg segja nokkur orð, og það því fremur sem þessar umræður eru aðallega fram komnar vegna brtt. á þskj. 393, sem jeg er flm. að ásamt öðrum. Hvað það snertir að stöðva algerlega gengi krónunnar, stýfa hana, eins og það er kallað, þá verð jeg að taka undir með hæstv. fjrh. (JÞ), að erfitt sje að taka afstöðu til þessa máls áður en nærliggjandi ríki hafa tekið ákvarðanir því viðvíkjandi. Það mál þarfnast áreiðanlega mikillar rannsóknar og undirbúnings. Það, sem fyrir okkur tillögumönnum vakti, var það, að okkur þótti ískyggilegt, ef halda ætti áfram hækkun gengisins eins ört og verið hefir. Hækkunin síðan gengisnefndin tók til starfa nemur nú 18—20%, og er þó hækkunin orðin nokkru meiri frá því, sem krónan stóð lægst. Þetta þykir okkur nokkuð hraðfara hækkun, þar sem engin lækkun hefir orðið á framleiðslukostnaði. Virðist hjer stefna í óvænt efni fyrir atvinnuvegina, og því full ástæða til þess að athuga þetta betur. Eins og málið horfði við, þótti okkur sú leið heppilegust, sem farið er fram á í tillögunni. Í fyrsta lagi að draga nokkuð úr orðalaginu eins og það nú er í lögunum um gengisskráninguna, um hækkun krónunnar, og svo að bæta við 2 nýjum fulltrúum í nefndina fyrir hönd útflytjenda. Það hefir verið bent á, að ekki væri rjettmætt að láta fulltrúa atvinnuveganna eina um slíka íhlutun um gengisskráninguna, heldur yrðu þar fleiri að koma til greina. En þegar þess er gætt, að velgengni þjóðarinnar grundvallast á því, að atvinnuvegirnir sjeu í góðu lagi, en það er einmitt hlutverk þessara manna að stuðla að því, að því leyti sem gengisskráningin grípur inn í það mál, þá get jeg ekki betur sjeð en að þessi tilhögun sje fullkomlega rjettmæt. Því engan veginn er hægt að sjá betur fyrir þörfum þjóðarinnar en að stuðla að því, að atvinnuvegirnir geti blómgast og dafnað, og síst af öllu má gera nokkrar þær ráðstafanir af hálfu þess opinbera, er staðið geti í vegi fyrir nauðsynlegri afkomu atvinnuveganna og eðlilegri framþróun á því sviði. Nú hefir hv. fjhn. ekki fallist á þessar till. nema að nokkru leyti. Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði raunar, að nefndin hefði gengið inn á meginhugsunina. En þetta er í orði, en ekki á borði. Það, sem á að tryggja það, að þessari meginhugsun sje fylgt, er að engu gert með því að gera þessa

menn í nefndinni áhrifalausa um gengið, þar sem þeir mega ekki taka beinan þátt í skráningu þess. Þeir mega segja álit sitt, en það getur hver sem er gert, hvort heldur er við nefndina eða í blöðunum. Þetta tekur því lítið eða ekkert fram hvorugri þeirri leið, er jeg nú nefndi. Það er kunnugt, að fulltrúar atvinnuveganna hjer hafa farið til gengisnefndarinnar og bent henni á, að mjög væri krept að atvinnuvegunum með svo örri gengishækkun, og lagt fram fyrir nefndina skilríki þar að lútandi. Jeg geri ekki ráð fyrir, að menn þeir, sem skipaðir yrðu í nefndina á þennan hátt, hefðu að nokkru leyti betri aðstöðu til þess að koma fram vilja sínum, úr því þeir eru sviftir beinum áhrifum á skráningu gengisins. Því er það aðeins í orði, en ekki á borði, sem hv. fjhn. gengur inn á meginhugsun okkar tillögumanna, og skil jeg ekkert í því, hvernig á því stendur, að hv. þm. Str. (TrÞ), sem er fyrsti flm. þessarar tillögu, skuli hafa tekið svo snöggum sinnaskiftum að ganga inn á hana.

Það er vitanlega alveg rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að eiginlegt gengi krónunnar grundvallast á afkomu þjóðarinnar. En það þótti þó ekki rjett á síðasta þingi að láta það alveg afskiftalaust, hvernig færi um gengi krónunnar samkvæmt þessu lögmáli, og því var nefndin skipuð. Þetta er því eiginlega framhald af gerðum síðasta þings, að auka nefndina eins og við leggjum til.

Hv. þm. Str. vildi ganga inn á þessa brtt. nefndarinnar, gangandi út frá því, að þetta hefði sömu áhrif og verkanir sem bein afskifti þessara manna af skráningu, af því þeir hefðu þingviljann að baki sjer. Mjer skilst, að hættulaust ætti að vera um menn, sem hafa slíkan vilja að baki sjer, þó að þeir hefðu fult vald til jafns við hina nefndarmennina. Hitt er undarlegt form á þingviljanum, að vera að senda menn í nefndina, sem engan ákvörðunarrjett hafa, og þess er ekki að vænta, að þingvilji í slíku formi sje að miklu hafður.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði áðan, að hækkun sú á íslensku krónunni, sem orðið hefir á síðasta ári, hafi ekki orðið atvinnuvegunum til tjóns. Hann hefði heldur átt að orða það þannig, að atvinnuvegirnir hefðu verið færir um að bera hallann. En ef ályktа á um framtíðina, þá er rent blint í sjóinn, því að við vitum ekki, hvort við eigum nú slíkt veltiár fyrir höndum og síðast. En það eru fullar horfur á hinu, að framleiðslukostnaðurinn muni ekki minka, heldur aukast. Og þótt þetta ár verði svipað hinu fyrra, sem hæpið er þó að gera ráð fyrir, þá hljóta atvinnuvegirnir að eiga erfitt með að komast fram úr því, ef krónan hækkar jafnt og þjett eins mikið og verið hefir nú að undanförnu. Verð jeg því að segja, að mjer finnast ráðstafanir þær, sem tillagan fer fram á, fullforsvaranlegar.

Hæstv. fjrh. sagði, að verkefni gengisskráningarnefndar sje það að sjá við gengissveiflum. En ef gengið hækkar enn og ekki verður sjeð fyrir því, að dregið sje úr framleiðslukostnaði, þá verða atvinnuvegirnir sjáanlega að draga saman seglin. Og nefndinni getur, skilst mjer, orðið það ofvaxið að sjá við slíkum sveiflum, sem af því geta hlotist.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg heyri það á hv. flm. brtt. á þskj. 393, að þeir eru ekki ánægðir með álit og till. fjhn. Jeg skal

nú ekki taka fram fyrir hendur hv. frsm. nefndarinnar, en vil aðeins skýra mína afstöðu til málsins.

Jeg skal þá fyrst viðurkenna það, að atvinnurekendur horfa með ótta fram á það, að gengi krónunnar hækki ört. Nú er það öllum vitanlegt, að kaupgjald hefir hækkað frá því í fyrra um 10%, og alt að 18% í sumum tilfellum, og þar við bætist, að sumar útlendar vörur til útgerðar hafa hækkað mikið í verði. Þess vegna er það ekki að undra, þótt atvinnurekendur sjeu kvíðafullir.

Sú ráðstöfun, sem gert er ráð fyrir á þskj. 393, getur ekki komið í veg fyrir það, að krónan hækki, enda tel jeg, að ekki beri að hefta hægfara hækkun gengisins.

Ef bankarnir eiga að fara með gjaldeyrisverslunina, hljóta þeir að hafa mest áhrif á það, hvert gengi er skráð, nema því aðeins, að ríkisvaldið geri einhverjar sjerstakar ráðstafanir í þeim efnum, og verður það þá vitanlega að leggja fje til þess að þær ráðstafanir komist til framkvæmda.

Okkur nefndarmönnum fanst sjálfsagt, að seljendur gjaldeyris, sem hafa orðið fyrir þyngstum búsifjum af hækkun krónunnar, fái menn í nefndina, er geti gefið allar upplýsingar um það, hvernig horfi við í það og það skifti, og hafi það verksvið að halda í, fremur en örva hækkun krónunnar.

Það er nú svo, að bankarnir hafa sömu hagsmuni og seljendur gjaldeyris, að þeim er óhagur í því, að gengið hækki. Bankarnir hljóta að tapa á hækkandi gengi, og væri eðlilegt, að þeir yrðu fyrir halla við hækkunina, þar sem vextir eru háir og þegar þess er gætt, að þeir starfa mest með innlent fje. Bankarnir verða að vera öryggisventillinn í þessu máli, og þar sem ríkisvaldið gerir ekki sjerstakar ráðstafanir, þá eru það þeir, sem eiga að hafa skráninguna á hendi.

Þetta eru þær ástæður, sem vöktu fyrir mjer og flestum nefndarmönnum. Jeg sje enga ástæðu til þess að taka fleiri óatkvæðisbæra menn inn í gjaldeyrisnefndina. Eins og nál. ber með sjer, kom það til athugunar, hvort rjett mundi að stýfa krónuna eða lækka gullgildi hennar frá því, sem það á að vera. Jeg hygg, að enginn mundi nú vilja setja gullgengi við 70%, hvað þá lægra. Stýfing krónunnar er ekki eins auðvelt mál eins og sumir hv. þdm., sjerstaklega þm. Str., ætla.

Frsm. (Klemens Jónsson): Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) gat þess fyrir hönd minni hl. nefndarinnar, að hann áliti, að þetta fyrirkomulag með gengisnefndina hefði reynst gott, og hann var sammála mjer um það, að nefndin væri eins vel skipuð og hægt væri að kjósa. En ýmsir eru þó á því, að hún hafi farið of frekt í það að hækka krónuna. Þetta kom fram í ræðum þeirra hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. Borgf. (PO), og einn þeirra ljet í ljós, að hann gæti sannað það, að menn hefðu beðið tjón af hækkuninni.

Þegar farið er fram á það að fjölga nefndarmönnum, er það meðfram haft fyrir augum að koma í veg fyrir fljótar gengissveiflur, og að gengið haldist fastara. Hæstv. fjrh. hefir haldið því fram, að umboðsmaður stjórnarinnar í nefndinni muni gæta hagsmuna almennings í þessu efni. Það kann að vera, en jeg efast samt ekki um það, að það getur verið gott fyrir nefndina að hafa aðra menn með sjer til athugunar og ráðuneytis. Gengisnefndin hefir sjálf skýrt frá því, að útgerðarmenn hafi ósjaldan verið á fund-

um með henni og rætt um gengismálið, og er enginn efi á því, að hún hefir tekið tillit til tillagna þeirra og fylgt þeim eftir því, sem frekast var fært. En þessir menn koma svo að segja af götunni og nefndin þarf ekki að taka neitt tillit til þess, er þeir segja. En hinir, sem þingið skipaði og gæfi tillögurjett, hljóta að hafa miklu meiri áhrif, því að gjaldeyrisnefnd verður að taka fult tillit til þeirra. En ef þeir hefðu atkvæðisrjett og fulltrúi stjórnarinnar snerist í lið með þeim gegn bankastjórunum, svo að þeir yrðu í meiri hluta, þá gæti farið svo, að þeir settu það gengi, að bankarnir treystu sjer ekki til þess að kaupa útlendan gjaldeyri fyrir það ákvæðisverð, og fyrir því er rjett að gefa þeim ekki atkvæðisrjett.

Hv. þm. Str. hjelt því fram, að „konsekvent" ætti fulltrúi stjórnarinnar ekki heldur að hafa atkvæðisrjett, en það þarf altaf oddamann í hverri nefnd, til þess að gera útslagið. Jeg skal ekki fara út í almennar aths. um málið, en jeg skal geta þess, að gengisnefnd getur ekki skráð eftir eigin geðþótta. Hún verður að taka tillit til bankanna, stjórnarinnar, árferðis o. s. frv. Þetta býst jeg við, að allir hljóti að skilja.

Hv. þm. Str. hjelt því fram, að það hefði verið fastur þingvilji síðastliðið ár, samkv. lögum nr. 48, 4. júlí, að nefndin hefði það verksvið að hækka krónuna. Jú, það stendur í 1. gr. laganna, að „festa eða *hækka* gengi krónunnar". Þarna er óbeinlínis gefin fyrirskipun um að hækka gengið, enda vildu þá allir, að krónan hækkaði. Nú hefir hv. þm. Str. viljað fá nýjan þingvilja, og sætt sig við það að bæta þessum 2 mönnum í nefndina, ef hann fengi yfirlýsingu frá mjer um það, að þingviljinn væri sá, að festa gengið. Jeg hefi engan myndugleika til þess. Og jeg er ekki við því búinn að greiða atkvæði um það, hvort það á að stýfa krónuna eða ekki, og jeg held, að enginn ráðherranna sje í rauninni viðbúinn að greiða ákveðið atkvæði um það.

Í brtt. stendur, að nefndin eigi að festa gengi krónunnar og stuðla að varlegri hækkun. Þetta er hið sama og í lögunum stendur, nema hjer er talað um varlega hækkun. Þetta hefir fjhn. fallist á, eins og tekið er fram í nál. Það verður að fara gætilega í þetta mál. Stórar sveiflur upp eða niður eru stórhættulegar.

Með þessu er svarað því, sem komið hefir fram í ræðum ýmsra hv. þdm. Aðaláherslan er lögð á það, að málið sje rækilega athugað og undirbúið fyrir næsta þing, og hjer er um það stórmál að ræða, að ólíklegt er, að þingmönnum blæði í augum, þótt verja þurfi nokkrum hundruðum króna til þess. Það mun enginn sjá eftir því.

Tryggvi Þórhallsson: Það mætti ræða þetta mál í allan dag, ef tala ætti um það alment. En það er á móti þingsköpum að gera slíkt við 2. umr., og það væri gott að þessari umr. yrði lokið í dag. Jeg skal því vera stuttorður, en jeg er til í það að þjarka um málið, því að jeg tel það allra stærsta mál atvinnuveganna.

Það má vera, að jeg hafi talað ógreinilega um eitt atriði í fyrri ræðu minni, því að hæstv. fjrh. (JÞ) misskildi mig og hjelt, að jeg vildi fá yfirlýsingu um, að það ætti að stýfa krónuna. Það ætlaði jeg ekki að láta liggja í orðum mínum. Jeg sagði, að nefndin ætti að rannsaka, hvort krónan skyldi stýfð. Og jeg sagði, að ef Alþingi samþykti brtt. á þskj. 393, þá væri það yfirlýsing um það, að hækkun krónunnar ætti ekki að verða jafnhraðfara og á síðasta ári. Lögin í fyrra voru

afgreidd með þeirri hugsun, að krónan ætti að hækka. Nú vil jeg að gagnstæð hugsun komi fram frá Alþingi: festa en ekki hækka. Og jeg lagði áherslu á, að jeg vildi fá skýr svör frá fjhn. um það, að hún vildi ekki stuðla að hækkun, heldur að farið yrði varlega.

Hæstv. fjrh. vjek að því, hvort það ætti að stýfa krónuna eða festa gengið. Jeg er honum alveg samdóma, að það þarf að athugast gaumgæfilega. Það má ekki hrapa að því, en það, sem hæstv. fjrh. bar á móti því, var það, að ekki væri annað vitanlegt en að Danmörk og Noregur ætluðu að hækka sína krónu. Þetta hefði verið rjett í fyrra, því að þá var ekki annað vitanlegt, en jeg veit, að hæstv. ráðherra (JÞ) fylgist svo vel með því, sem skrifað er um þetta mál í blöðum þessara þjóða og víðar, að hann veit, að það er orðin töluverð breyting á hugsunarhætti manna í því efni. Það eru einmitt margir í Danmörku og Noregi farnir að hugsa til að stýfa krónuna, og þess vegna get jeg ekki tekið undir það með hæstv. ráðherra (JÞ), að Danmörk og Noregur ætli að halda áfram að hækka hana. Jeg býst við, að gengisnefndin taki þetta mjög rækilega til athugunar. Hin meginástæðan, sem hæstv. ráðherra (JÞ) kom fram með móti því að stýfa krónuna, var sú, að þá bjóst hann við, að sú hætta gæti vofað yfir, að flúið væri hjeðan með peningana til Noregs og Danmerkur. Jeg vil ekki neita því, að svo geti verið, en benda á það, að sú hætta vofir alveg eins yfir, þá er við einhverntíma ef til vill komum krónunni í gullverð. Sú hætta, sem hæstv. ráðherra (JÞ) segir, að vofi yfir okkur, ef við stýfum krónuna nú, sú hætta vofir nú yfir Svíþjóð, og er þá ekki flúið með peningana í miljónatali þaðan og yfir til Danmerkur? *(Fjrh. JÞ:* Efalaust). Já, en ef krónan hækkar upp í gullgengi, vofir þessi sama hætta yfir hjer þá. Þess vegna er það, að þessar alvarlegu afleiðingar geta altaf vofað yfir, nema því aðeins, að við sjeum allra síðastir til að hækka okkar krónu. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta.

Mjer finst, að hv. þm. Borgf. (PO) meðflutningsmaður minn að brtt. á þskj. 393, gefi mjer hálfgildings ákúrur fyrir það, að jeg hefi gengið inn á brtt. fjhn. Jeg hafði allar dyr opnar hvað það snerti; jeg lýsti engu yfir um það, hvað jeg gengi inn á, en mjer gekk það til, og það var aðalatriðið, að hjer á þingi eigi að koma fram nýr vilji, annar en sá, sem komið hefir fram áður í þessu máli, og jeg vil þess vegna ekki undir neinum kringumstæðum, að brtt. okkar á þskj. 393 verði felld. Jeg vil helst að hún verði samþykt óbreytt; en þegar jeg fjekk þær upplýsingar, að tveir úr nefndinni sjeu alveg á móti henni, en hinir vilji samþykkja með þeim breytingum, sem þeir leggja til, þá óttaðist jeg, að okkar till. væri í voða, og þá er okkar tilgangur einnig í voða, að það kæmi fram hjá Alþingi vilji um það að hækka ekki krónuna svo ört. Best teldi jeg auðvitað, að till. okkar væri samþykt óbreytt, en jeg vil ekki eiga það á hættu, að hún verði felld. Jeg vil helst greiða atkv. á móti brtt. fjhn. á þskj. 441, en að aðalefninu í brtt. okkar sje ekki stofnað í voða. En öllu stofna jeg ekki í voða, og sje nú hvað setur.

Þá er það eitt atriði hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem jeg tel alveg rjett, þar sem hann sagði, að ef fulltrúi ríkisins og fulltrúar atvinnuveganna vildu halda útlendum gjaldeyri hærra en þeir vildu

kaupa hann, þá ættu bankarnir kröfu á hendur ríkinu um það, að það ábyrgðist, að þeir biðu ekki halla. Jeg álít, að frá bankanna hálfu hefði það verið rjettara, að þeir hefðu heimtað slíka tryggingu frá ríkinu, heldur en að þeir krefjist þess, að þessir fulltrúar atvinnuveganna mættu ekki hafa atkvæðisrjett um málið, og eitt atriði með því var það, sem jeg vakti athygli á í fyrri ræðu minni, að ríkið gæfi í skyn, að það vildi kaupa þann erlenda gjaldeyri hjá bönkunum, sem það þyrfti á að halda, við ákveðnu verði. Með því getur ríkið stutt atvinnuvegina stórkostlega.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. frsm. nefndarinnar (KlJ) gat þess, sem að vísu er rjett, að það hefði komið fram í þinginu ummæli um það, að gengisnefndin hafi til þessa gengið fulllangt í því að hækka krónuna; en jeg vil ekki láta þetta standa ómótmælt, því að það er föst sannfæring mín, að gengisnefndin hafi, að því er snertir hækkun til þessa tíma, ratað mjög heppilegan meðalveg, að því leyti sem ákvörðun var á hennar valdi, því að hitt er náttúrlega ennþá rjettara, að hækkunin hefir stjórnast af viðburðum, sem nefndin ekki gat við ráðið; en það, sem hægt er að finna að, er það, að hækkunin, sem gerð var á síðastliðnu ári, var gerð heldur seint. Þetta er sannleikurinn. Sumarmánuðina voru menn of ragir við að láta pundið hækka, og þess vegna naut gengishækkunarinnar ekki eins í verðlagi innanlands, þegar kom fram á haustið, eins og orðið hefði, ef hækkunin hefði gerst fyr. En það var eðlilegt, að menn væru ragir eftir undangengnar sveiflur. En hitt, að hækkun íslensku krónunnar hafi verið of mikil, nær ekki nokkurri átt, þar sem hjer hefir verið talað svo mikið um stórgróða atvinnurekendanna, — því að hver hefði afleiðingin orðið, ef hækkunin hefði verið minni? Ekki annað en það, að stórgróðinn hefði orðið ennþá meiri og dýrtíðin í landinu dálítið meiri en hún er. Mest af því, sem gert var, var ekki annað en að vinna upp sveiflurnar niður á við, sem orðið hafði síðari hluta ársins 1923 og fyrsta fjórðung ársins 1924.

Út af ræðu hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg aðeins segja það, að þetta, sem hann sagði um gjaldeyriskaup, er, þó að háttv. þm. (TrÞ) haldi, að það hafi þýðingu í málinu, svo gersamlega þýðingarlaust. Það er svo lítið af erlendum gjaldeyri, sem ríkissjóður þarf að kaupa, að það hefir enga þýðingu, hvort keypt er fyrir skráð gengi eða lægra verð, en annars vil jeg geta þess, að ríkissjóður hefir altaf, síðan jeg tók við, keypt hjá bönkunum fyrir skráð gengi. Jeg álít, að það sje það eina rjetta að gera það, en auðvitað getur engin ríkisstjórn bundið sig við að kaupa fyrir það lengur en á meðan skráð er raunverulegt söluverð. Hún getur ekki bundið sig við að kaupa fyrir skráð gengi, ef gengisnefndin tekur upp þá óvenju að skrá annað gengi en það, sem raunverulega er keypt og selt fyrir. Jeg vil alls ekki gera ráð fyrir því, að gengisskráningin komist inn á slíkar brautir, og tel ekki, að þær till., sem hv. fjvn. ber fram, gefi ástæðu til að óttast slíkt, og þá má sjálfsagt gera ráð fyrir því, að ríkisstjórnin haldi áfram að kaupa hjá bönkunum fyrir skráð gengi.

Þegar jeg sagði, að ekki væri annað vitanlegt en að Danmörk og Noregur mundu láta sína krónu hækka upp í gullverð, þá fór jeg ekki eftir blaðafregnum

um það; jeg fór meira eftir bankastjórnum ýmsra banka, sem látið hafa uppi álit sitt um málið í síðustu ársskýrslum bankanna. Þær gera allar gengismálið að umtalsefni og eru furðanlega sammála, og er því alment trúað þar, að gengið eigi að hækka talsvert upp úr því, sem nú er; en hitt er mjer og kunnugt um, að fræðimenn á þessu sviði eru alment sammála um það, að óskynsamlegt sje að keppa eftir gengishækkun, en það eru ekki alment þeir, sem hafa ráðin í þessu máli, hvorki um stýfingu eða aðrar hömlur. Um þá hættu, er hafi vofað yfir Svíþjóð, og að fjármagn hafi flúið þaðan, vil jeg benda á það, að engin þjóð hefir getað fest sinn gjaldeyri, nema með því að taka stórkostleg útlend lán, til þess að vera viðbúin fjárflótta, þegar gengið er sett fast. Það má hjer benda á, að England hefir trygt sjer 300 milj. dollara lán í Bandaríkjunum, til þess að vera ekki á flæðiskeri statt, þegar pundið stöðvast við það að komast upp í gullverð, og hefir auk þess safnað hátt á aðra miljón dollara heima fyrir, til þess að þola blóðtökuna. Þessi hætta er mjög mikil á meðan enn eru nálæg lönd, sem ekki hafa hlaupið skeiðið á enda, en því færri sem þau eru, því minni er hættan, og eftir að England, Þýskaland og Svíþjóð eru komin upp í gullmark, myndi okkur ekki stafa veruleg hætta af þessu, svo framarlega sem við kæmumst í samfylgd með Danmörku og Noregi, því þá væru nokkurn veginn upptalin þau lönd, sem menn teldu sjer fært að flytja fje sitt til. Annars sló hv. þm. Str. (TrÞ) mikið af frá þeim skilningi, sem jeg hafði lagt í fyrri ræðu hans, og skilst mjer nú, að hv. þm. (TrÞ) fari ekki fram á annað en að farið sje varlega í það að hækka krónuna, sem er sjálfsagður hlutur.

Pjetur Ottesen: Jeg stend aðallega upp út af því, að hv. frsm. fjhn. (KlJ) gerði tilraun til að hnekkja því, sem jeg sagði um það, að nefndin hefði tekið tillit til till. okkar aðeins í orði, en ekki á borði. Háttv. þm. (KlJ) sagði, að fulltrúar atvinnuveganna hefðu iðulega komið til gengisnefndarinnar á fundi hennar og lagt fram fyrir hana sín gögn og að hún hefði tekið tillit til þeirra, eftir því sem hægt hefði verið. En hv. þm. (KlJ) sagði ennfremur, að öðru máli væri að gegna, ef þeir menn, er skipaðir væru af þinginu, kæmu fram fyrir nefndina með fullum myndugleika. Jeg sje ekki, að þessir menn geti gert annað en það, sem fulltrúar atvinnuveganna gerðu og myndu gera, ef þeir álitu, að stefnt væri í ófæru fyrir atvinnuvegina, og þess vegna finst mjer, ef þessir menn eru þannig skipaðir, að þeir ekki geta haft nein bein áhrif á skráningu gengisins, og ef gert er ráð fyrir því, að nefndin taki frekar tillit til þeirra fyrir það, að þeir eru skipaðir af þinginu, þá sje það sama sem að verið sje að væna nefndina um það, að hún vilji ekki taka tillit til skýrra og fullra gagna, barasta af því að þeir, sem þau bera fram, sjeu ekki skipaðir af þingi eða stjórn. En þeir mundu sem sagt ekki geta gert neitt annað en að bera fram sínar till., eins og fulltrúar atvinnuveganna hafa þrásinnis gert með litlum eða engum árangri. Hv. frsm. (KlJ) gat þess einnig, að það gæti skeð, að á þann hátt kæmust menn út á villigötur, að gengið yrði skráð á annan hátt en bankarnir vildu sinna, og ef svo færi, þá slær hv. frsm. (KlJ) því föstu, að ekki þýði að skrá með öðru gengi en því, sem bankarnir vilji, og ef svo er, þá hljóta bankarnir að vera einráðir um þetta. Þá þýðir ekkert frekar að vera að skipa einn mann í nefndina heldur en

þrjá, ef bankarnir á annað borð eiga einir að ráða. Út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að hann hefði ekki viljað snúast á móti þessum breytingum nefndarinnar af ótta við það, að brtt. okkar yrði þá feld, og þar með engin breyting gerð á lögunum, og þá yrði að halda við þann skilning, sem lægi í lögunum frá síðasta þingi, og hann lýsti yfir þeim *skilningi stjórnar Landsbankans* á því máli, að það væri tilgangurinn í lögum þessum að hækka eða festa gengi íslensku krónunnar. Þó að nú breyting okkar á þessu orðalagi verði samþykt, en þessir þingskipuðu fulltrúar atvinnuveganna sviftir beinni þátttöku í skráningu gengisins, en bein þátttaka þeirra í skráningu gengisins er vitanlega aðalatriðið og þungamiðja þessarar tillögu okkar, þá óttast jeg, að svo verði litið á, að ekki sje um að ræða mikla stefnubreytingu í þessu máli hjá þinginu frá því, sem var í fyrra.

Magnús Jónsson: Það hefir nú eyðst að nokkru leyti sú ófriðarblika, sem mjer og sumum fleiri háttv. þm. þótti draga upp við ræðu háttv. þm. Str. (TrÞ). Eins og brtt. sú, sem hann er flm. að, ber með sjer, þá er það 1. brtt., sem snertir mest grundvallaratriði málsins; hún er svo lítið róttæk, að maður getur sagt, að í henni sje ekkert annað sagt en það, sem gengisnefndin hefir látið koma fram í sínum gerðum hingað til, að stuðla að varlegri hækkun krónunnar. Að hún vilji gera það, sýnir hún t. d. með því, að hún skráir á síðasta hluta ársins með tilliti til þess, að krónan geti haldið því verði, sem hún þá var í, og annað skil jeg ekki að hægt sje að leggja í þetta „varlega“ en að krónan taki ekki snöggar sveiflur, heldur haldi sem jafnastri rás. En hv. þm. Str. (TrÞ) talaði svo með þessari till., að engu var líkara en að nú ætti að taka það alvarlega til athugunar, hvort ekki væri rjett að stýfa krónuna, sem kallað er, velta af sjer þeim byrðum, sem því eru samfara að koma gjaldeyrinum aftur upp í gullverð. Það er að minsta kosti einn af flm., hv. þm. Borgf. (PO), sem telur, að þetta hafi alls ekki vakað fyrir þeim, svo að óveðrið ætlar kannske að ganga hjá. Það er náttúrlega svo hjer hjá okkur, að viðskiftalíf alt er svo lítið þroskað, að svona tal hefir miklu minni áhrif hjer en annarsstaðar, þar sem viðskiftalífið er meira þroskað. En í sumum öðrum löndum, eins og t. d. í Englandi, gæti slíkt tal sem þetta á sjálfu þingi þjóðarinnar, og eins hitt, ef bætt væri í gengisnefnd fulltrúa útflytjenda, sem ætti að *hafa áhrif* á skráningu, það eitt út af fyrir sig mundi þegar orsaka geysilegan fjárflótta úr landinu. En þessi vjel okkar er svo stirð, að alt þesskonar gerir minni skaða en þar, sem þetta er orðið liðugra, enda er það oft heppilegra. Þetta, hvort eigi að stýfa krónuna, beinlínis fella það úr gildi, að úr einu kg. af skíru gulli skuli vera mótaðar 2480 kr., finst mjer í rauninni stappa nærri því að vera ósæmilegt tal. Það er ekki nema eðlilegt, þegar gjaldeyrir einhvers lands er fallinn svo, að hann er kominn niður úr $^1/_{10}$ úr gullgengi, að þá sje farið að tala um þetta, en sem betur fer er okkar gjaldeyrir ekki neitt í þá áttina kominn, og það er mjög óviðkunnanlegt og óheppilegt að vera að skeggræða þessi mál svona út í bláinn. Ef nokkuð ætti að gera í þessa átt, yrði það að vera bygt á mjög samviskusömum rannsóknum og umfram alt á samkomulagi milli þeirra þjóða, sem líkt er á komið

fyrir. Það er alveg satt hjá fræðimönnunum, þeim kemur sjálfsagt saman um það, að best sje að vera ekki að þessu stríði að hefja gjaldeyrinn, og það er svo, að það er fjárhagslega gott að geta velt af sjer slíkri skyldu; en það hvíla bæði á einstaklingum og ríkjum vissar skyldur, sem ekki er hægt að ganga fram hjá án þess að gefa þeim gaum, og þar á meðal yrði sjálfsagt í þessu sambandi að líta á skyldu ríkisins gagnvart þeim, sem hafa átt gullgilda peninga. En móti þessu getur svo ýmislegt annað komið, og skal jeg ekki fara út í það hjer. Það verður vissulega erfið gangan fyrir okkur, ef við ætlum að ná upp í gullverð með krónuna, en það er nú svona oft, og endinn skyldi í upphafi skoða.

Hv. þm. Borgf. (PO) leggur enn sem fyr mikið upp úr því, að þessir tveir menn sjeu skipaðir í nefndina, telur það mikils virði, ef þeir stæðu þar með vilja þings og stjórnar að baki sjer. Við getum nú hugsað okkur, hverjir það eru í þessari nefnd, sem hafa valdið, ef það er fimm manna nefnd. Það yrðu algerlega fulltrúar bankanna, ef þeir eru í samræmi við bankastjórnirnar og ef bankarnir hafa svo sterka aðstöðu út á við, að þeir geti boðið erlendan gjaldeyri til kaups, þó að hinn hluti nefndarinnar sameinaðist á móti þeim um að skrá annað gengi. Tökum t. d., að meiri hl. nefndarinnar vildi skrá £ á 27 kr., en bankarnir teldu, að það ætti að vera 26 kr., þá yrði skráða gengið 27 kr., en raunverulega gengið ekki nema 26 kr., því ef bankarnir ættu innieignir erlendis og byðu innflytjendum £ á 26 kr., þá kaupir enginn £ af útflytjendum fyrir hærra verð en sem því svarar, og 27 kr. gengið verður þá markleysa. Ef bankarnir svo eiga innieignir ytra, svo miklar, að þeir geti haldið þessari verslun áfram nokkra mánuði, þá eru engir útflytjendur hjer, sem standast annað en að bjóða bönkunum gjaldeyri sinn við því verði, sem þeir vilja kaupa hann. Þingviljinn dugir hjer ekkert. Ef því nefndin er þannig úr garði gerð, getur starf hennar orðið gagnslaust, og er þá að engu gert það gagn, sem hún getur unnið, ef hún er eins samsett og hún er nú. Það væri þá til þess eins að eyðileggja alt gagn af gjaldeyrisnefndinni, ef fara skal út í slíkar öfgar. Jeg vil leiðrjetta sjálfan mig í einu atriði, þ. e. ef jeg hefi sagt, að gengisbreytingarnar hafi engri atvinnugrein orðið til ógagns. Hafi jeg sagt þetta, er það rangt, en hitt er, að gengisbreytingarnar hafa enn engum orðið hjer að falli, þó að skatturinn sje stórkostlegur, sem útflytjendur verða að taka á sig vegna hækkunar á ísl. krónunni. Háttv. þm. Borgf. sagði, að ef hækkun ísl. krónunnar hjeldi eins áfram framvegis og til þessa, þá mundi það verða atvinnuvegunum til falls, en þetta er rangt. Það er rangt að hugsa sjer, að skráningin fari fram áður en tekið hefir verið tillit til atvinnuveganna. Það eru atvinnuvegirnir, sem ákveða gengið. Það voru eitthvað um 10 mánuðir, sem ört vaxandi hækkun átti sjer stað (mars—jan.), en síðan hefir hækkunin verið lítil og hægfara.

Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að bankarnir hefðu sömu tilhneigingu og kaupendur gjaldeyrisins, þ. e. að taka hækkun ísl. krónunnar fljótt. Jeg hefi ekki athugað þetta, hvort er fjárhagslega betra fyrir bankana, en hitt er jeg ekki viss um, að bankarnir sjeu svo sterkir, að þeir verði ekki að taka hækkunina hægt og smám saman. Það liggur í augum uppi,

að ef bankarnir liggja með 10—20 milj. kr. erlendis, sem keypt hefir verið fyrir t. d. 28 kr. pr. pund, að það er hvöt fyrir þá til að láta ísl. krónuna hækka hægt, og er það sama að segja um seljendurna, eða með öðrum orðum, að bankarnir eru hlutlausir um þetta.

Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um hættu þá, sem stafaði af fjárflótta út úr landinu, ef krónan væri nú stöðvuð, og spurði, hvort ekki væri sama hættan, þótt staðnæmst væri nú eða krónan stöðvuð í gullgengi. Þetta er auðvitað rjett í vissu tilliti. Reynsla Svía hefir orðið sú, að meðan gengi krónu þeirra var hækkandi, leitaði fjeð til þeirra, en eftir að gengið var stöðvað, hefir fjárstraumurinn meir leitað aftur út úr landinu. En hinsvegar eru engar líkur til, að við verðum á undan Dönum eða Norðmönnum með okkar krónu upp í gullgildi, og þá veit jeg ekki, hvert okkar fje á að flýja. Fjárflóttahættan kemur þá aðeins, að okkar króna sje vitanlega stöðvuð, en t. d. dönsk og norsk króna haldi áfram að hækka. Um fjárflótta hjeðan til annara landa er varla að ræða, þegar England, Þýskaland og Svíþjóð eru líka í gullgildi með sinn gjaldeyri. Það, að bankarnir haldi genginu óeðlilegu, hefir verið hrakið af hæstv. fjrh. (JÞ), en jeg hefi sýnt fram á, að á meðan bankarnir á annað borð eru svo stæðir, að þeir geti boðið erlendan gjaldeyri til kaups, er ómögulegt að ganga á snið við þá. 1. brtt. á þskj. 393, a.-liður, er svo lítilvæg, að minst gerir til, hvort hún verður samþykt eða ekki, en hitt, að skipa tvo menn úr hópi atvinnurekenda, tel jeg hættulegt og legg á móti því, að það verði samþykt. Eins það, að þeir eigi að vera áhrifalausir, tel jeg þýðingarlaust að þeir sjeu þar, og vil því ekki heldur samþykkja það, enda munu t. d. útgerðarmenn vissulega hafa fulla einurð til að leggja sín plögg fram fyrir nefndina, þó að þeir eigi ekki fulltrúa þar, og þess vegna er ekki ástæða til að þetta verði samþykt.

Frsm. (Klemens Jónsson): Það er aðeins stutt aths. til hv. þm. Borgf. (PO) Hann hjelt því fram, að þessir kjörnu menn, sem eiga að verða eftir frv., mundu ekki geta gert meira en hinir, sem komið hefðu til gengisnefndar „af götunni". Hvorirtveggja bæru fram gögn sín og rök, og það væri væning til nefndarinnar, að halda því fram, að hún vildi ekki taka til greina gögn eða rök aðvífandi manna. Hverjir það hafi verið, sem komið hafa til nefndarinnar, veit jeg ekki; líklegast hafa það verið einhverjir útgerðarmenn, sem þar hafa komið í sjálfs sín erindum og með eigin hagsmuni fyrir augum, og það er ekki nema eðlilegt, þótt gengisnefnd tæki ekki nema lítið tillit til þessara manna. Jeg skal ekkert lasta þá fyrir það, þótt þeir leituðu til nefndarinnar, því það er eðlilegt, að hver hugsi um sig. En þótt nefndin þurfi ekki að taka tillit til þessara manna, sem aðeins eru *fulltrúar* sjálfra sín, þá er alt annað mál með *kosna* fulltrúa samkvæmt lögum frá Alþingi. Þegar þeir koma fram í nefndinni með mál, sem þeir hafa kynt sjer frá öllum hliðum, hlýtur nefndin að taka fult tillit til þeirra raka og gagna. Er það síst ofmælt að ætla, að nefndin taki meira tillit til slíkra kosinna manna, sem koma þar til að stuðla að almenningsheill, en einstakra manna, sem koma þar aðeins sjálfra sín vegna, eingöngu vegna stundarhags.

Tryggvi Þórhallsson: Út af því, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, vil jeg bæta

því við, að jeg sje lítinn mun á því, hvort mennirnir eru kosnir eða ekki.

ATKVGR.

Fram kom á fundinum skrifleg brtt. (verður þskj. 475) frá 2. þm. Reykv. (J-Bald) við brtt. 466,1.II. Afbrigði um hana leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 466,1.I feld með 14:7 atkv.

-- 466,1.II—2, 467 og 475 þar með sjálffallnar.

— 441,1 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JAJ, JBald, JK, JP, KlJ, M-G, MJ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, Á-Á, BJ, BL, HStef.

nei: IngB, JS, JörB, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, BSt, HK, BSv.

Brtt. 393, svo breytt, samþ. með 17:6 atkv.

1. gr. þar með ákveðin.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 441,2 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn þar með ákveðin.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 18, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, og breyting á þeim lögum.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 476).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 476).

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil geta þess, að mjer finst dálítið óheppilegt að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefir og hefir í alla staði reynst vel. Jeg fæ ekki betur sjeð en að gengisnefndin hafi farið mjög vel með sín mál, og mjer finst ekki rjett að breyta því, sem reynst hefir vel. En úr því á að breyta, sakna jeg þess, að í nefndina skuli ekki tekinn fulltrúi fyrir kaupendur gjaldeyris, heldur aðeins fyrir þá, er selja gjaldeyri.

Frsm. (Sigurður Eggers): Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) fyrir ummæli hans um nefndina. Vil jeg taka fram, að úr því bæta á við 2 mönnum í nefndina, þá hefði verið heppilegra, að annar þeirra hefði verið fyrir aðalatvinnuvegina báða, en hinn fyrir neytendur. Jeg býst við, að það hafi og verið þetta, sem hæstv. forsrh. átti við. *(Forsrh. JM:* Alveg rjett).

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

46. Hækkun tóbakstolls og afnám tóbakseinkasölu.

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 51, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög (þmfrv., A. 55).

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Líndal): Jeg get naumast hugsað mjer, að nokkrum hv. þm. verði það undrunarefni, að frv. þetta er fram komið. Miklu fremur hefði það mátt vekja furðu manna, ef ekkert slíkt frv hefði verið lagt fyrir þetta þing. Síðustu kosningar sýndu það greinilega, að miklum meiri hluta þjóðarinnar er alt annað en geðfeld stefna sú, sem tekin hefir verið hin síðustu og verstu árin, að leiða á ný einkasölu eða einokun inn í þetta land. Og það er heldur engin furða. Þessi þjóð hefir þá sögu að segja af margvíslegri einkasölu á liðnum öldum, að engin von er til þess, að hún vilji halda aftur inn á þær brautir, án þess að hugsa sig tvisvar um áður. Á síðasta þingi var og borið fram frv. um að afnema tóbakseinkasöluna; en sá galli þótti á því frv., að í því var ríkissjóði ekki sjeð fyrir neinum tekjum í stað þess tekjumissis, sem samþykt frv. hlaut að hafa í för með sjer. Þess vegna þótti athugavert að samþykkja það frv. þá. Fjárhagsástæður ríkissjóðs leyfðu ekki, að hann væri sviftur einum eyri af tekjum sínum án þess að full uppbót kæmi fyrir. Kusu menn því heldur að halda örþrifaráðstöfunum, eins og tóbakseinkasalan er, í gildi ennþá um stund, en að rýra tekjur ríkissjóðs á þeim tíma, þegar engu mátti sleppa og fyrsta skylda þingsins var að reyna að klóra í bakkann og bjarga ríkinu frá fjárhagslegri glötun. Þá gat naumast talist hættulaust að hrófla við einum einasta tekjulið, á hversu óheppilegum grundvelli, sem hann annars var bygður. Nú eru tímarnir breyttir til batnaðar, sem betur fer. Ríkissjóði hefir verið aflað nýrra tekjustofna, sem sýnt er, að nægja munu til þess að hann fái rjett úr mestu kreppunni, ef haldið verður nægilega lengi eftir þeirri braut, sem gengið var inn á í fyrra. Auk þess er fjármálastjórn landsins nú komin í hendur manna, sem að mínu viti er trúandi til að fara vel og gætilega að ráði sínu, og er það út af fyrir sig ekkert smáatriði. Er því minni hætta á ferðum nú en áður var, þó að einhver tekjuliður lækki lítilsháttar. En eftir þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður missi nokkurs af tekjum sínum, þó að tóbakseinkasalan verði afnumin. Í frv. er gert ráð fyrir, að hækkaðir tollar vegi á móti verslunarhagnaði þeim, sem ríkissjóður nú er talinn hafa af tóbakseinkasölunni, og ríkissjóði er hjer sjeð fyrir talsvert hærri tekjum af tóbakstollinum einum saman en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar fyrir árið 1926 af tóbakstolli, að viðbættum verslunarhagnaði einkasölunnar.

Þegar lögin um tóbakseinkasölu ríkissjóðs, nr. 40 1921, voru sett, má greinilega sjá það, bæði á greinargerðinni fyrir frv., nál. fjhn. og eins kemur það fram í ummælum flestra þm., sem um málið töluðu, að þá vakti aðeins fyrir mönnum hin fjárhagslega hlið málsins, að afla ríkissjóði tekna á þennan hátt, ef mögulegt væri. M. ö. o., menn litu svo á, að þetta væri örþrifaráð, sem þó yrði að grípa til, þegar þm. varð loksins nokkurn veginn ljóst, sem því miður var of seint, að fjár-

hagur ríkissjóðs var að komast í hið mesta öngþveiti og að ófært var með öllu að halda áfram sömu braut. Þegar í slíkt óefni er komið, er afsakanlegra, þó gripið sje til örþrifaráðstafana, og það jafnvel að ver yfirveguðu máli en annars myndi vera. Menn hugsa fyrst og fremst um að afla fjárins, síður um hitt, hversu heppileg aðferðin kunni að vera.

Auk þess var viðskiftalíf landsmanna orðið sjúkt og hugsunarhátturinn í viðskiftamálum spiltur á þessum tímum. Hinar snöggu verðbreytingar og sveiflur stríðsáranna ollu því, að mönnum varð erfiðara að standast ýmsar freistingar á sviði viðskiftanna. Þeir, sem við verslun og viðskifti fengust, voru ekki allir þeim vanda vaxnir að forðast slíkar freistingar, svo sem ætlast hefði mátt til af vel þroskaðri verslunarstjett. En það var ekki aðeins verslunarstjettin, sem hafði orðið fyrir áhrifum stríðsáranna. Þjóðin var öll orðin spilt á sama hátt. Menn voru almennt orðnir meiri og verri kaupmenn en áður hafði verið. Ýmsir menn virtust hagnast mjög vel á þessum árum, og ós mörgum sá gróði mjög í augum, einkum þeim, er illu heilli hefir tekist að innræta þann húsgangshugsunarhátt, að sjá altaf ofsjónum yfir fjárhagslegri velgengni meðbræðra sinna. Reyndar hefir reynslan síðar leitt það í ljós, að þessi margumtalaði gróði hefir verið meira í orði en á borði.

Það er alls ekki að undra, þó að alt þetta los hafi gefið einokunarstefnunni byr undir báða vængi, einkum þegar þess er gætt, að auk þessa var illum anda pólitískrar valdagræðgi blásið undir vængina. Enda óx stefnu þessari mjög fiskur um hrygg á þessum árum, og er þá skiljanlegra og afsakanlegra, þó að hún hefði einnig áhrif á marga, sem í hjarta sínu voru og eru enn allri einokun andvígir. Þeir voru tilleiðanlegri til að halda inn á þessa braut, þegar til allra ráða þurfti að grípa til að afla ríkissjóði tekna. Þeim hefir fundist rjett að reyna þessa leið, ekki síður en aðrar. Þeim hefir verið viðreisn fjárhagsins fyrir öllu. Stofnun tóbakseinkasölunnar var í þeirra augum hreint og beint fjárhagsmál, en annað ekki. Og þar sem einkasalan var stofnuð á þessum grundvelli, þá hefir okkur flm. þessa frv. þótt rjettast að leggja aðaláhersluna á fjárhagshlið málsins í greinargerðinni fyrir frv. Hvernig hefir þessi grundvöllur reynst?

Á fjárhagshlið þessa máls verður að líta frá tveim sjónarmiðum. Annarsvegar er tekjuþörf ríkissjóðs, en hinsvegar ber og á það að líta, hvert útsöluverð tóbaksins er, vegna þeirra, sem þess neyta.

Æskilegast væri, að ríkissjóður gæti haft sem mestar tekjur af tóbakinu, án þess þó, að það yrði neytendum óhæfilega dýrt. En í þessu efni sem öðrum er mjótt mundangshófið.

Í greinargerð frv., sem jeg geri ráð fyrir að allir háttv. þm. hafi kynt sjer, höfum við gert grein fyrir því, að haldist meðalinnflutningur þriggja síðustu ára áfram óbreyttur, þá gefur tóbakstollurinn, eins og hann verður samkv. frv., ríkissjóði nokkru minni tekjur en meðaltal teknanna af tolli og einkasölu hefir verið, en þó nokkru meiri en áætlað er í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu. Hæstv. stjórn ætti að geta gert sig ánægða með þær tekjur af þessari vörutegund, sem hún sjálf gerir ráð fyrir að fá með því fyrirkomulagi, sem nú er. Hún áætlar tekjur þessar 630 þús. kr., en sje gert ráð fyrir sama innflutningi og ver-

ið hefir að meðaltali síðustu 3 árin, verða tolltekjur samkv. frv. okkar um 650 þús. kr. En sje gert ráð fyrir því, sem telja má alveg ábyggilegt, að innflutningur tóbaks aukist um ca. 12% frá meðaltali þriggja síðustu ára, ef einkasalan verður afnumin, aukist frá meðaltalinu upp í það, sem hann var síðastliðið ár, þá verða tolltekjurnar nálega hinar sömu, og þó dálítið hærri, en meðaltekjur af tóbaki hafa verið þessi 3 ár. Einnig höfum við sýnt, hvernig fara myndi, ef innflutningur síðasta árs er eingöngu lagður til grundvallar, en hann er 20—30% minni en meðalinnflutningur árin 1914—1921. Þarf innflutningur þá að aukast um ca. 10% frá því, er var síðasta ár, til þess að tekjur ríkissjóðs verði hinar sömu samkvæmt frv. og þær voru árið sem leið. Hættan á því, að ríkissjóður missi nokkrar tekjur, þó að frv. verði samþykt, er því hverfandi lítil, og miklu minni en líkurnar fyrir því, að tekjurnar verði meiri, ef frv. verður samþykt.

Jeg skal geta þess, að við höfum ef til vill hallað lítilsháttar rjettu máli í greinargerð frv. óviljandi. Við teljum gengiságóða og verðhækkun á birgðum sakir 25% tollhækkunarinnar nema 90—100 þús. kr. síðastliðið ár, og er það rjett. En þess var þá ekki gætt, að síðastl. ár hafði einkasalan greitt útsvar fleiri ára, samkvæmt dómi, nálægt 70 þús. kr. Má því telja hinn raunverulega hagnað síðasta ár nokkru meiri en við höfum talið, en ef útsvarinu er jafnað á öll árin, verða tekjur tveggja fyrstu áranna minni en talið hefir verið og meðaltekjur allra áranna þær sömu.

Jeg tel gott, ef varasjóður tóbakseinkasölunnar vegur á móti tapi á skuldum og verðfalli á birgðum, en því miður hefi jeg sterkar ástæður til þess að búast við, að mikið vanti á, að varasjóðurinn hrökkvi til þessa. Í greinargerð frv. þykjumst við hafa fært sönnur fyrir því, að tóbakið verði neytendum ódýrara, ef breytt verður til. Sje jeg ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um þessa hlið málsins að sinni.

Þá vil jeg minnast örlítið á 2. gr. frv. Einkasölunni hefir oft verið talið það til gildis, að óhægara sje um tollsvik, vegna þess að hún láti líma merki sitt á smásöluumbúðir allra tóbakstegunda, sem hún lætur úti.

Í 2. og 3. gr. er gert ráð fyrir hliðstæðum ráðstöfunum að því er tollgreiðslu snertir. Er þar ætlast til, að límdur verði miði á umbúðir alls tóbaks, sem tollur er greiddur af, með áletruninni „Tollur greiddur“. Jeg skal játa, að okkur er ekki fyllilega ljóst, hversu mikið þessi ráðstöfun muni kosta, en það getur varla orðið meira en svo, að aðferð þessi borgi sig. Í 3. gr. höfum við gengið svo langt að leggja til, að þeir tóbakssalar verði sektaðir, sem hafa með höndum tóbaksvörur, sem ekki eru merktar þessu tollgreiðslumerki, jafnvel þó að þeir geti sannað, að þeir hafi greitt tollinn. Það kann að vera álitamál, hvort hjer sje ekki fulllangt gengið, en við höfum tekið þetta ákvæði upp í frv. hv. þm. til athugunar. Annars skal jeg taka það fram, að einstök atriði þessara tveggja greina eru í okkar augum engin aðalatriði þessa máls.

Að því er snertir 4. og 5. gr. frv., má vel vera, að sumum kunni í fljótu bragði að þykja einkennilegar þær till. okkar, að tollhækkunin og afnám einkasölunnar skuli ekki koma samtímis til framkvæmda. En jeg hygg þó, að hv. þm. muni fallast á þessa tilhögun, enda höfum við gert þess-

ar till. að vel yfirveguðu máli. Tollhækkunin á að ganga í gildi 1. júlí næstk., og hefir einkasalan því tímann fyrir sjer að birgja sig upp fyrir þann tíma, ekki síst þar sem hún mun hafa 6 mán. gjaldfrest á því, sem hún kaupir. En fari þó svo, að hún kaupi eitthvað inn eftir þennan tíma til 1. sept., þá verður hún að greiða hærri tollinn af því, sama toll og aðrir innflytjendur verða að greiða eftir 1. sept. Það má óhætt gera ráð fyrir því, að einkasalan eigi einhverjar birgðir 1. sept. næstk., þegar innflutningur tóbaks verður gefinn frjáls samkv. frv., birgðir, sem hún verður að losna við í frjálsri samkepni við aðra tóbakssala, og mun því mega gera ráð fyrir, að hún verði starfrækt eitthvað fram yfir næstu áramót. En helst ætti henni þá að vera lokið að fullu. En lítil hætta ætti að vera á því, að hún komi birgðum þessum ekki út í frjálsri samkepni, jafnvel þó að af einhverjum hluta þeirra hafi verið greiddur hinn hækkaði tollur, einkum ef það er rjett, sem sumir vilja halda fram, að einkasalan geti gert betri innkaup en allur almenningur, sem við verslun fæst. Ætti aðstaða hennar þá að vera svo góð, að ekki gæti til mála komið, að ríkissjóður líði baga við það, að hún starfi síðustu mánuðina í frjálsri samkepni við aðra tóbaksinnflytjendur.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um sjálft frv. að sinni. Hjer hafa verið færð mjög sterk rök fyrir því, þótt litið sje eingöngu á fjárhagshlið málsins, að þetta fyrirkomulag, frjáls verslun, verði hagfeldara bæði fyrir ríkið og neytendur.

Jeg tel mig hingað til hafa talað fyrir munn allra meðflutningsmanna minna um leið og jeg hefi talað fyrir mig sjálfan. En nú mun jeg bæta hjer við nokkrum orðum, sem eingöngu standa fyrir minn eiginn reikning. Jeg tel mig hafa tvær höfuðástæður aðrar en fjárhagsástæðuna til þess að fylgja þessu máli fast fram. Og jafnvel þótt auðsætt væri, að ríkissjóður tapaði einhverju við breytinguna, mundi jeg, þrátt fyrir það, fylgja þessu frv. með jafnmiklum áhuga.

Fyrri ástæðan er sú, að það er mín skoðun, að ekki eigi aðeins að vera takmörk fyrir því, hversu langt ríkið seilist niður í vasa landsmanna eftir fje, heldur líka, á hvaða hátt það gerir það. En þá tel jeg of langt gengið, þegar ein vörutegund er svo mjög lögð í einelti, að jafnvel $^1/_9$ hluti allra tekna ríkisins er tekinn af henni einni, jafnvel þó telja megi hana óþarfa. Hjer stendur líka svo sjerstaklega á um þennan óþarfa, að hann er einkum notaður af bestu og gagnlegustu mönnum þjóðfjelagsins, eldri mönnunum, þeim, sem fyrir öðrum þurfa að sjá. Þannig er um mest munn- og neftóbak, að það er einkum notað af bændum og sjómönnum. Og jeg get ekki sjeð eftir því, þó að þessir menn geti veitt sjer þá ánægju, sem þeir hafa af tóbakinu, án þess að ganga of nærri fjárhag sínum. Og jeg tel þá of langt gengið, er ríkið fer að okra á ástríðum þeirra manna, sem hafa vanið sig á slíkt. Þá get jeg ekki sjeð ofsjónum yfir gróða kaupmanna af því að versla með þessa vöru, eins og sumir gera. Sá hagnaður, sem þeir kunna af því að hafa, er ekki eytt fje. Það gengur aðeins úr einum vasa yfir í annan, sem er ekkert aðalatriði. Nú eru mörg og sterk kaupfjelög víða um alt land, og jeg býst ekki við því, að hagur þeirra af þessari verslun verði heldur eytt fje, og sjálfir kaupfjelagsmennirnir ættu síst að sjá ofsjónum yfir þeim hagnaði, sem talinn er að renna í þeirra eiginn vasa.

Þetta var fyrri aðalástæða mín fyrir flutningi þessa máls. Hin ástæðan er sú, að þetta er mjer principmál. Jeg er svo eindreginn og heitur fylgismaður frjálsrar verslunar, að öll einkasala er mjer mjög á móti skapi. Söguþekking mín, þótt lítil sje, hefir sannfært mig um það, að hjer er um hættubraut að ræða. Skaðsemd hennar fyrir þetta land að fornu fari ætti að vera ærin viðvörun fyrir okkur Af þeirri reynslu ættum við að hafa lært það, að það, sem altaf hefir illa reynst, muni enn illa reynast. Hinir sjerstöku staðhættir lands vors og lyndiseinkunn þjóðar vorrar heimta frelsi og sjálfræði. Þannig hefir ætíð verið frá því forfeður vorir fluttu hingað fyrst, og svo mun jafnan reynast. Hjer hefir enn verið skamt farið inn á einkasölubrautina, en þó er full ástæða til þess að vara löggjafarvaldið við áður lengra er farið. Þegar náð hefir verið tökum á litlafingrinum, verður í tíma að gæta þess, að ekki sje tekin höndin öll. Þó að ilt sje að festa litlafingurinn, þá er miklu verra að festa alla hendina. Jeg vil koma í veg fyrir það í tíma, og sje ekki betra ráð en að leggja þessa einkasölu niður.

Til er gömul saga um strák, sem var að sjóða hangikjöt. Heyrir hann þá að sagt er á eldhússtrompinum: Má jeg detta? Strákur var nógu kærulaus til að svara: Hví ætli þú megir ekki detta! Komu þá fætur niður um strompinn. Aftur var spurt: Má jeg detta? Gaf strákur sama svar, og þannig gekk þangað til draugurinn var allur kominn ofan um strompinn. Við höfum ekki gætt okkar nógu vel við einokunardraugnum, en jeg vil koma í veg fyrir það, að hann detti allur ofan yfir okkur. Jeg vil segja í tíma: Þú mátt *ekki* detta!

Að síðustu óska jeg þess, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar að lokinni umræðu.

Klemens Jónsson: Hv. flm. þessa frv. byrja greinargerð sína með því að segja, að aðalástæður stjórnarinnar, er lagði frv. um einkasölu á tóbaki fyrir þingið 1921, hafi verið hin brýna þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur. Sama hafi vakað fyrir meiri hluta fjárhagsnefndar, sem málið hafði til meðferðar, en þar bóli hvergi á því, að þeim hafi þótt einkasölufyrirkomulagið hagstætt. Með öðrum orðum, frumvarpið, sem varð að lögum, hafi ekki komið fram af *princip*-ástæðum, heldur eingöngu af fjárhagsástæðum. Þetta skal jeg ekki rengja, en jeg vil strax taka það fram, að jeg get ekki sjeð, að það sje rjett hjá hv. flm. (BL), að ástæðurnar hafi verið þær, að grípa hafi þurft til örþrifaráða. Enda kemur það alls ekki fram, hvorki í greinargerð frv. nje heldur hjá fjhn. Hitt mun rjett, að höfuðástæðan til þess, að frv. kom fram, var fjárhagslegs eðlis aðallega. Jeg get lýst því sem minni persónulegu afstöðu til þessa máls, að jeg fylgi einkasölu á tóbaki bæði af principi og vegna þess, að jeg tel það hagnað. Jeg hefi sýnt það áður, að jeg teldi heppilegt, að landið hefði með höndum einkasölu á einstökum vörutegundum, og hefði um leið sjálft allan hagnaðinn af sölunni. Fyrir 16 árum síðan sat jeg í milliþinganefnd í skattamálum ásamt einum af hv. flm. þessa frv. Nefndin kom að vísu ekki fram með frv. til einkasölu á tóbaki, þó að það kæmi reyndar til umtals. En hún bar fram tvö önnur frv. um einkasölu fyrir ríkið, og er annað þeirra nú gildandi lög. Þetta tek jeg fram til þess að sýna afstöðu mína til einkasölu-

hugmyndarinnar fyrir mörgum árum, að því er *einstakar* vörutegundir snertir, og hún er óbreytt enn. En að landið taki alla verslunina í sínar hendur, getur ekki komið til mála að svo stöddu. Jeg er ekkert hræddur við það, að landið hafi einkasölu á einstökum vörutegundum, sem til þess eru fallnast. Jeg þykist hafa nokkra þekkingu á sögu þessa lands, ekki síður en hv. flm. (BL), og það fælir mig ekkert frá því að fylgja þjóðnýtingu á þessum vörutegundum. Annars hjelt jeg, að manni yrði hlíft við því hjer í þingsölunum að heyra blandað saman einkasölu ríkisins á einstökum vörutegundum og hinni illræmdu dönsku verslunareinokun fyrrum. Jeg hjelt, að sá draugur væri löngu kveðinn niður.

En þó þetta mál sje princip-mál fyrir mjer, þá er það eigi að síður fjárhagsmál. Jeg tel sjálfsagt að halda einkasölu á einstökum vörum, ef það aflar landinu mikilla tekna, sem annars mundu renna í vasa óþarfra milliliða. Þess vegna tel jeg sjálfsagt að halda tóbakseinkasölunni áfram. Það er af þessum sömu ástæðum, að slíkar einkasölur gilda nú víðsvegar í útlöndum, ekki síst hvað snertir tóbak En hins vegar, ef jeg yrði sannfærður um, að ágóðinn af einkasölunni væri svo lítill, að mjög litlu munaði, eða að kaupendur og neytendur vörunnar hefðu mein eða óþægindi af völdum einkasölunnar, fengju t. d. ekki eins góða vöru og áður eða að mun dýrari en áður, þá teldi jeg rjett að leggja hana niður. Um síðara atriðið er það að segja, að jeg hefi ekki orðið þess var, að neinar sjerlegar umkvartanir hafi átt sjer stað í þá átt. Menn eiga nú eins og áður greiðan og góðan aðgang að því að afla sjer tóbaks, og um gæði þess hafa engar kvartanir heyrst nú um langt skeið, en upphaflega munu hafa heyrst kvartanir um það, að varan væri ekki góð. En það stafaði af því, að einkasalan varð í upphafi að kaupa miklaf birgðir af tóbaki, sem var illhæf verslunarvara. Því ýmsir höfðu, þegar þeir áttu von á einkasölulögunum, flýtt sjer að flytja inn miklar birgðir af tóbaki, og þar á meðal ýmsar mjög ljelegar tegundir, sem menn varla gátu tekið í munn sjer eða látið í pípu. Hvort þeir hafa gert það til þess þegar í upphafi að gera landsverslunina ófræga, skal jeg ekki um segja. Hitt er víst, að landsverslun varð að kaupa vörurnar; og það er nú fyrst, að þær eru uppseldar. Það sjest best, hve þessar birgðir námu miklu, þegar það er athugað, að samkvæmt skýrslu námu tóbaksbirgðirnar þá 1½ milj. kr. með heildsöluverði, en nú nema þær venjulega ca. 300 þús. kr. Tölur þessar eru talandi vottur þess, að hjer er farið með rjett mál um innflutning kaupmanna.

Um fyrri ástæðuna, sem jeg nefndi, um afraksturinn, þá verð jeg að vera á alt öðru máli en hv. flm. (BL) um hagnaðinn af einkasölunni. Jeg verð að líta svo á, að hjer sje ekki aðeins um sæmilegan, heldur mikinn hagnað að ræða. Skal jeg nú víkja nokkrum orðum að því, sem segir í greinargerð frv. um hagnað ríkissjóðs af einkasölunni.

Í fyrsta lagi vantar alveg að gera grein fyrir því fje, sem lagt hefir verið í varasjóð einkasölunnar, þar sem taldar eru tekjur ríkissjóðs af henni. En það fje nam árið 1922 8 þús. kr., 1923 21 þús. kr. og árið 1924 35 þús. kr., og nemur það samtals fullum 60 þús. kr., sem hvergi sjest í greinargerð flutningsmanna.

Þá er það rangt, sem flm. frv. segja, að 90—100 þús. kr. af ágóðanum fyrir

1924 stafi mest af gengishagnaði og uppfærslu vegna tollhækkunar. Það rjetta er, að gengishagnaðurinn nemur 65 þús. kr. *auk* 350 þús. kr. í ríkissjóð og 35 þús. kr. í varasjóð. Annar gengishagnaður var ekki. Hagnaður af vörubirgðum vegna tollhækkunar var ekki yfir 20 þús. kr. Það er ekki heldur rjett að tala um 25 þús. kr. gengistap 1923, því að það tap var greitt áður en hreinn arður, 200 + 21 þús. kr., kemur fram. Ef það gengistap hefði ekki orðið, hefði gróði þess árs orðið 25 þús. kr. hærri. En það er *ólöglegt* og *villandi* gagnvart tekjunum af einkasölunni að tala um venjulegt verslunarár hennar sem meðaltal af árunum 1922, 1923 og 1924, og leggja það til grundvallar, því að árið 1922 er verslunin í byrjun, og 1923 er hún enn á byrjunarskeiði. Það er fyrst 1924, sem hún er komin í fullan gang. Því ber að telja það ár eitt sem venjulegt ár. Annað er villandi. Viðskiftavelta einkasölunnar var árið 1924 að þyngd 10% meiri á ýmiskonar tóbaki og 20% meiri á vindlum og vindlingum heldur en árið 1923, þó innflutningur standi svo á, að hafi verið svipaður bæði árin. En ef leggja á 1924 til grundvallar útreikningi á tekjum ríkisins af einkasölunni á árinu 1925, má áætla í ríkissjóð og varasjóð um 387 þús. kr. Tollur (tollhækkunin gildir alt árið) 553 þús. kr. Samtals 940 þús. kr. En sje tollur reiknaður eftir þessu frv. eftir sömu reglum, kemur út: 74300 kg. tóbak á 6 kr. pr. kg. 445800 kr.; 17583 kg. vindlar og vindlingar á 16 kr. pr. kg. 281328 kr. Samtals 727128 kr. Tap ríkissjóðs af þessu frv., ef það nær fram að ganga, er því 213 þús. kr., og er það talsvert álitleg upphæð. Það er því alls ekki rjett hjá hv. flm. frv., að tekjurnar verði sem næst þær sömu eftir frv. og af einkasölunni. Ef árið 1924 er lagt til grundvallar, sem er hið eina rjetta, munar það ríkissjóð 200 þús. kr., og þar sem einkasalan er nú loks komin yfir örðugasta hjallann, búin að úttaka sína barnasjúkdóma, mun ekki óvarlegt að fullyrða, að tekjur hennar yrðu enn meiri framvegis, alt að 300 þús. kr. meiri en fást munu eftir frv., eða full ein miljón. Nú spyr jeg: Er nokkurt vit í því að kasta frá sjer slíkum tekjum í hendur fárra einstaklinga, kaupmanna og heildsala? Jeg skil ekki, að vjer höfum leyfi til þess nú á þessum krepputímum að fara þannig að, jafnframt því sem við ætlum að borga allar lausaskuldir ríkissjóðs á næstu þrem árum, svo sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir lagt til. Og jeg er honum alveg sammála um, að það eigi að vera markmið okkar fyrst og fremst að greiða þessar lausaskuldir, hvort sem það tekur 3 eða 4 ár. En jeg sje ekki nokkur ráð til þess, að það geti orðið, að það takmark náist, ef við nú köstum frá okkur 300 þús. kr. árlegum tekjum.

Að endingu vildi jeg minnast lítilsháttar á 2. og 3. gr. frv. Þar eru sjerstök ákvæði, sem hv. flm. (BL) líka talaði um, og eiga að vera til þess að girða fyrir tollsvik. En hræddur er jeg um það, að þær reglur reynist nokkuð umfangsmiklar og kostnaðarsamar. Ef það er meiningin, að lögreglustjóri eigi að opna hvern tóbakspakka og stimpla hvern cigarettupakka, svo tugum þúsunda skiftir, get jeg trúað því, að slíkt yrði ekki öldungis kostnaðarlaust. Auk þess er mjer sagt, að það sje ekki gott, einkum hvað snertir cigarettur og sumt annað tóbak, að liggja lengi í opnum umbúðum. Er venja að opna ekki slíkar umbúðir fyr en jafnóðum og þörf gerist. En hjer yrði þetta að gerast jafnóðum og tollur er greiddur. Sem sagt, þetta verður ekki aðeins skað-

legt, heldur líka kostnaðarsamt, og þarf engan að undra, þó að kröfur kæmu í þessu tilefni frá lögreglustjórum víðsvegar um land um aukið skrifstofufje einmitt vegna þessa frv.

Loks skal jeg geta þess, að mjer finnast flm. frv. fullbráðir hvað snertir gildi þessara laga, þar sem gert er ráð fyrir að leggja einkasöluna niður svo að segja þegar í stað. Að vísu gat hv. flm. (BL) þess, að það atriði væri þeim ekkert kappsmál, og mætti þá laga það í nefnd.

Af öllum þeim ástæðum, sem nú hefi jeg nefnt, álít jeg þetta frv. ekki þess eðlis, að það eigi að verða að lögum. Jeg tel rjett að reyna einkasöluna áfram, því að jeg tel hana ekki fullreynda enn. Hv. flm. (BL) gat þess á þingi í fyrra, er rætt var um einkasölu þessa, að hann vildi reyna hana enn eitt ár, og er langt frá, að jeg vilji áfellast hann fyrir það. En eins og jeg hefi nú tekið fram, er langt frá því, að reynsla síðasta árs gangi á móti einkasölunni; þvert á móti. Og er því í rauninni óskiljanlegt, að þetta frv. skuli vera komið fram, þegar þau ummæli eru athuguð. Jeg legg því eindregið á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga, og get alls ekki greitt því atkvæði mitt áfram og ekki einu sinni til nefndar.

Jón Baldvinsson: Tóbakseinkasala ríkissjóðs hefir nú staðið í þrjú ár: 1922, 1923 og 1924, og jeg held, að ekki verði annað sagt en að hún hafi gengið eins vel og best var búist við. Nú er auðvitað, að fyrstu ár verslunarinnar er ekki fullkomlega að marka, þegar dæma á um það, hversu hún muni ganga í framtíðinni, svo að það er algerlega rangt að taka meðaltal af þessum þrem árum og leggja það til grundvallar. Í því efni er helst hægt að marka árið 1924 eitt saman, því að þá fyrst má telja, að verslunin sje komin nokkurnveginn í fast horf.

Það hefir oft verið mikið um það talað, að innflutningur á tóbaki hafi minkað við ríkiseinkasöluna. En hjer er þess að gæta, að bæði árin 1916 og 1919 var innflutningur gífurlegur, og er það alkunna, að mjög mikið af þeim vörum lá fyrir í landinu, þegar ríkiseinkasalan tók til starfa. Mikið af þeim voru harla ljelegar stríðsvörur, sem gengu illa út og lágu óseldar í haugum, og eru kaupmenn kannske ekki alveg lausir við þær enn. En samt sem áður hafa þær selst smámsaman og þannig orðið til þess að draga úr innflutningi landsverslunarinnar. Af þessu getur mönnum skilist, hvílík kórvilla það er hjá hv. nefnd að byggja útreikning sinn á meðaltali innflutningsins þau þrjú ár, sem landsverslunin hefir starfað. Það verður beinlínis til að fella alla útreikninga hv. nefndar. Og það er margt fleira en þetta, sem rangt er í aths. við frv. Háttv. flm. (BL) hefir sjálfur upplýst, að það sje ekki rjett, sem sagt er um gengisgróðann í umsögninni um frv. Það er alveg rjett, að það á að draga hann frá tekjunum af versluninni, enda hefir hann ekki verið látinn ganga til þess að greiða venjuleg útgjöld af versluninni. Þessi gengisgróði, sem mun nema, eftir því sem næst verður komist, um 68 þús. kr., fór í óvenjuleg útgjöld. Það var nefnilega svo, eins og hv. þm. muna, að útsvar var lagt á tóbakseinkasöluna, og þar sem menn greindi mjög á um, hvort það væri rjettmætt, þá fór verslunin í mál út af því, og fjell dómur í málinu fyrst 1924 og versluninni gert að greiða útsvarið. Til þessara óvæntu útgjalda rann svo gengisgróðinn, en þetta kemur ekki fram í athugasemdunum við frv., eins og rjett hefði verið.

Það má því gera ráð fyrir 350 þús. kr. tekjum af versluninni auk þeirra 35 þús. kr., sem lagðar eru í varasjóð. Það fje fer til að tryggja landsverslunina gegn óvæntu tapi, og er þannig styrkur fyrir ríkissjóðinn, þótt fjeð renni ekki beinlínis í hann. Sje þetta tillag í varasjóðinn þannig reiknað með, þá hækka hinar föstu tekjur upp í nærfelt 390 þús. kr., og auðvitað fast aðeins sanngjarn grundvöllur undir tekjuáætlunina með því að byggja á síðasta ári, en ekki á hinum tveim fyrri, þegar kaupmenn lágu inni með miklar birgðir.

Nú er það greinilegt, að ef ríkissjóður á að byggja tekjur sínar á þessu, þá verður tap hans, ef þetta frv. gengur fram, um 200 þús. kr. á ári. Auk þessa er það vitanlegt, að eftir því, sem tollur á einhverjum vörutegundum hækkar, eftir því verður freistingin til tollsvika meiri. Arðsvonin af þeim er þá orðin svo mikil. Nú vita allir, hversu tollsvik eru auðveld á þessu landi, þar sem strandlengjan er svo löng og löggæslumennirnir svo fáir. Menn vita, hvernig gengið hefir með eftirlitið með bannlögunum, og með þeim er þó bæjarstjórnum falin umsjón, auk hinna venjulegu löggæslumanna. Þá er hættan ekki síður með tóbakið, þar sem enn færri hefðu eftirlitið með höndum. Tollurinn er líka svo hár samkv. frv., að veruleg arðsvon væri að því að koma tóbaki undan tolli. Jeg gæti því ímyndað mjer, að þeir menn, sem vilja afla ríkissjóði aukinna tekna með frv., yrðu fyrir miklum vonbrigðum, þegar farið yrði að telja fjeð í ríkishirsluna.

Hv. aðalflm. (BL) sagði, að frv. þetta myndi enga undrun vekja. Það má vel vera rjett hjá honum, en jeg get þó hugsað, að það valdi ekki fáum nokkurrar undrunar, að hann skuli ætla sjer að fá með þessu móti eins miklar tekjur í ríkissjóðinn og einkasalan gefur. Þá finst mjer miklu skiljanlegra það, sem hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði á þingmálafundi um þetta atriði. Hann vildi láta afnema landsverslunina af „principiellum“ ástæðum. Hann kvað arðinn af versluninni eiga að falla í þeirra hlut, sem með lögum hefðu öðlast rjettinn til að versla, m. ö. o. kaupmannanna, og líkti því við rányrkju, að ríkissjóður leyfði sjer að hafa tekjur af henni á þennan hátt. Hann sagði það hreint út, að ríkissjóður mætti missa þessar tekjur.

Það er heldur engum vafa bundið, að við afnám einkasölunnar missir ríkissjóður miklar tekjur, eða því sem næst þær tekjur, sem hann hefir af henni nú. Það væri því ekki að ástæðulausu, þótt mönnum kæmi kynlega fyrir sjónir, að sá flokkur þingsins, sem hæst hefir talað um sparnað, skuli ótilkvaddur vilja fleygja burt tekjustofni, sem gefur af sjer nokk ur hundruð þús. kr. árlega. Íhaldsflokkurinn vill láta greiða upp allar lausar skuldir ríkisins á tiltölulega fáum árum. Samtímis kemur hæstv. stjórn fram með frv. um að lækka tekjuskattinn á hærri gjaldendum, svo að nema myndi mörg hundruð þúsund kr. á ári. Ef þannig á að halda áfram að kasta frá sjer öllum nýtilegum tekjustofnum og margar fjárhæðir sem þessar koma saman, þá getur svo farið, að dragist að borga lausaskuldirnar.

Hv. þm. Ak. (BL) talaði á síðasta þingi um landsverslunina. Þá vildi hann ekki láta leggja hana niður strax, heldur bíða eitt ár enn, svo sem til reynslu. „Jeg býst þó við“, sagði hann, „að það verði þjóðinni til tjóns.“ Nú er frv. komið fram, og tjónið, sem hlotist hefir af rekstri einkasölunnar, hlýtur þá að liggja í því, hvað tekjurnar hafa orðið meiri en

ætlað var. En það er á 2. hundrað þús. kr. Þetta eru þó hentugar tekjur og hafa þann mikla kost, að þær koma ekki þungt niður á neinum. Undarlegt, að þeir menn, sem altaf eru að burðast með hækkaða tolla á allskonar nauðsynjavörum, skuli amast við þessum arði.

Þá get jeg betur skilið aðstöðu hv. 1. þm. G.-K., þegar hann, eins og áður er vikið að, vill leggja niður einkasöluna vegna þess að kaupmannastjettinni „til komi" arðurinn af versluninni, eins og þessi hv. þm. (ÁF) komst svo hátíðlega að orði í fyrra á þinginu. En eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók fram, myndu það ekki samt verða öllu fleiri en 10 menn, sem kæmu til að skifta þessum 350 þús. kr. á milli sín.

Það hefir verið deilt um það, hvort tóbaksvörurnar myndu hækka í verði eða ekki við afnám einkasölunnar. Hv. flm. gera ráð fyrir lækkun. Jeg get samt ekki fallist á það fremur en svo marga aðra útreikninga þeirra. Það mun vera venja kaupmanna að leggja á vörurnar komnar í hús, þ. e. a. s. þegar tollur hefir verið lagður á þær, í stað þess að landsverslun leggur á innkaupsverðið að viðbættum flutningskostnaði. Ef því kaupmenn legðu á tóbakið eitthvað svipað og þeir hafa áður gert, eða ca. 50%, þá er sýnilegt, að verðið mundi hækka stórum. — Þess má geta, að hjer er talnagáta í aths. við frv., sem hv. flm. (BL) leysti ekki. En máske gerir hann það, þótt síðar verði, og get jeg þá beðið með að tala um þetta atriði að þeim upplýsingum ófengnum.

Því er haldið fram í athugasemdum við frv., að rangt sje að álíta, að minkun innflutnings 1922 stafi af því, að miklar birgðir hafi verið til í landinu af tóbaki, fluttu inn árinu áður. Jeg hefi áður minst á, að svo hafi einmitt verið. — Það sýnir sig, að í tóbaksbirgðum kaupmanna hefir legið fast fje, miðað við 1921, um 1½ milj. króna, og sýnir það með öðru yfirburði ríkiseinkasölunnar, að þar liggja í þessum vörum aðeins um 300 þús. kr. Og þó að maður lækki hina töluna niður í 1200000 kr., þá er mismunurinn samt gífurlegur. Þá má líka athuga það, að flestir kaupmenn hjer fá rekstrarfje sitt frá bönkunum, og kemur það niður á þeim öðrum, sem láns þurfa við. T. d. væri þessi rekstrarfjárspörun nægileg í tvö ár handa búnaðarlánadeildinni, sem einu sinni átti að koma.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að tryggingarráðstöfunum frv. gegn smyglun. Tollvörurnar á að merkja. Eins og menn vita, merkir tóbakseinkasalan allar vörur sínar. Verksmiðjurnar, sem vörurnar framleiða, gera það samtímis því, að búið er um þær, og hefir það engan aukakostnað í för með sjer. En bersýnilegt er, að þessu yrði ekki hægt að koma við hjer. Það er ómögulegt að merkja íslenskar tollvörur á þennan hátt — áður en tollurinn væri greiddur. Þess vegna yrði að beita þeirri aðferð, að rífa upp hverja tóbakssendingu og merkja síðan hvern pakka. En eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir bent á, gæti þetta valdið skemdum á vindlum og vindlingum, auk þess sem hver heilvita maður hlýtur að sjá, hversu tafsamt það verður að þurfa þannig að láta handleika hvern einasta pakka. Til þessa starfs myndi áreiðanlega þurfa allfjölmennan flokk nýrra embættismanna, og ekki aðeins að þeir þurfi að vera við hendina hjer, heldur alstaðar úti um land, þar sem innflutningur þessara vörutegunda á sjer stað. Jeg gæti hugsað mjer, að þetta tollmiðafyrirkomulag yrði nokkuð útdráttarsamt

fyrir ríkissjóð. En kannske undirforingjarnir í ríkislögreglunni gætu komið hjer til aðstoðar sem tollmiðaembættismenn?

Hv. aðalflm. (BL) kom síðast með þjóðsöguna um óvættina, sem var að detta, og átti þar við landsverslunina. Jeg vil þá leyfa mjer að líkja frv. þessu við höndina, sem kom út úr berginu með brugðinn hnífinn til að höggva á lífvaðinn. En jeg vil í lengstu lög vona, að hjer fari eins og þá, að vígði þátturinn haldi.

Jakob Möller: Jeg verð að segja, að mjer hefði fundist að frv. þetta hefði fremur átt að kenna við afnám einkasölunnar en við breytingar á tolllögunum. Og sannfærður er jeg um, að það, sem úrslitum ræður í þessu máli, verður fyrst og fremst það, hvort menn „principielt" vilja hafa einkasölu eða ekki. En það gerir málið aðeins flóknara að fara að blanda óskyldum efnum inn í það.

Þegar um er að ræða að afla ríkissjóði tekna, verður jafnan að líta á það, hversu langt sje fært að ganga í því að leggja toll á hverja vörutegund. En fram hjá þessu gengur frv. algerlega; í því er hugsað eingöngu um að ná ákveðinni upphæð með tollinum.

Þetta gildir auðvitað jafnt hvort sem rætt er um að leggja toll á eða ná tekjum með einkasölu. Og jafnóskynsamlegt er að íþyngja mönnum um of með tollum sem með einkasölu. Einnig verður þess að gæta, að manna verði ekki með of háum vörutollum freistað til tollsvika, og eins hins, að kaupgetu neytendanna verði ekki ofboðið. Áhrif þess að ganga of langt í þessu efni hefir einkasalan sýnt og sannað. Þó miðað sje við innflutning síðasta árs, þá kemur það þó greinilega í ljós, að hann hefir minkað mjög frá því, sem áður var. Og þó ekki sje sagt, að fylt hafi verið upp í skarðið með ólöglegum innflutningi, þá hefir ríkissjóður að minsta kosti ekki fengið eins miklar tekjur af versluninni og til var ætlast.

Einkasalan hefir líka þá ókosti í viðskiftum, sem maður veit, að hafa haft þær afleiðingar, að margir landshlutar hafa löngum verið tóbakslausir. Það er fjarri rjettu, sem háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, að menn hefðu haft greiðan aðgang að tóbakinu. Það stafar sjálfsagt að nokkru leyti af því, hvað álagningin er há; það kostar svo mikið fje að birgja sig upp með þessa vörutegund. Sá ókostur mundi líka fylgja háum tolli; smákaupmenn standast ekki við að snara út svo hárri upphæð í tolli löngu áður en varan er seld.

Jeg hefði kosið helst, að þetta tvent væri algerlega aðskilið; frv. um afnám einkasölu borið fram sjerstaklega, og í öðru lagi tekið til athugunar, hvernig bæta skuli ríkissjóði tekjumissinn. Þannig bar jeg málið fram á síðasta þingi, og jeg er jafnsannfærður um nú, að það er rjetta aðferðin. Hefði það vitanlega eins nú átt að koma til kasta þeirrar nefndar, sem fjallar um þau mál, hvernig afla ætti ríkissjóði tekna í þetta skarð. Þetta mál mun að líkindum koma til nefndar, sem jeg á sæti í, og get jeg haft tækifæri til að hafa öll afskifti af því þar, og þarf því litlu við að bæta nú. Þó vil jeg benda á það, út af því, sem sagt er um tekjur, sem ríkissjóður hefir haft af einkasölunni, að ekki óverulegum pósti er algerlega slept, sem er tekjurýrnun orsökuð af bundnu fje í einkasölunni. Væri hætt að starfrækja hana, losnaði svo og svo mikið fje fyrir ríkissjóðinn, sem hann nú fær ekki vexti af. Varasjóður landsverslunar er nú 1 milj. 700 þús. kr., sem mun gefa

100—150 þús. kr. í vexti. Menn geta gert hvort sem þeir vilja, dregið þetta frá tekjum af versluninni eða fært til tekna ríkissjóðs, þegar gera skal upp, hvernig afla skuli tekna í staðinn. Vegna þessa atriðis er gróðinn af versluninni hvergi nærri eins glæsilegur og menn láta í veðri vaka. Að öðru leyti vil jeg ekki blanda mjer inn í deilur um þetta mál, og í sjálfu sjer er rjettara að ræða málið frekar við síðari umr. Þessi umr. á aðallega við „princip"-hlið málsins, því að þótt talað sje um að breyta tolllögunum, er þó aðalefni frv. að leggja niður einkasöluna.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg geri ráð fyrir, að viðeigandi þyki, að jeg lýsi með fám orðum áliti mínu á þessu frv. hvað snertir tekjur ríkissjóðs. Verð jeg fyrst að segja það, að að einu leyti hafa lögin um einkasölu á tóbaki brugðist vonum manna gagnvart ríkissjóði, á þann hátt, að innflutningur á tóbaki hefir minkað, og það hefir í för með sjer minkun á tollinum, sem vegur að nokkru leyti upp verslunarhagnað ríkissjóðs af þessu fyrirtæki. Sje litið á meðalinnflutning á þessum þrem árum, sem einkasalan hefir staðið, mun það láta nærri, að minkunin á tolltekjunum, samanborið við meðalinnflutning á árabilinu þar á undan, frá 1914, mundi nema með núverandi tolli, 5 kr. á kg., nokkuð yfir 200 þús. kr. Taki maður 2 síðustu árin, sem mun sanngjarnara að sumu leyti, af því að innflutningur 1922 var sjerstaklega lítill, þá nemur minkunin þó talsverðum tekjum móts við tímabilið fyrir 1922, eða um 175 þús. kr. á ári. Þegar þessi rýrnun á tolltekjum er borin saman við hinn raunverulega fjárhagslega árangur af ríkiseinkasölunni, er hefir gefið ríkissjóði tekjur samtals 650 þús. kr. í 3 ár, þá kemur í raun og veru í ljós, að breytingin hefir ekki orðið sú tekjulind ríkissjóðs, sem menn gerðu sjer vonir um. Enda er hægt að sjá þetta með því að athuga áætlanir þær um tolltekjur af tóbaki, sem gerðar voru á sama tíma og lögleidd var ríkiseinkasalan.

Nú er það í mínum augum sjálfgefið, að ef gera á breytingu á þessu sviði, má hún ekki verða á þann hátt, að ríkissjóður — eftir því, sem fyrirsjáanlegt er — missi tekjur móti því, sem hann hefir nú af þessari vörutegund. Dálítið er deilt um það, hvað rjett sje að leggja til grundvallar, þegar reikna skal út, hvað mikið eigi að hækka tollinn. Flestir líta svo á, að óhætt muni að reikna nokkurn tekjuauka af auknum innflutningi, sem afnámið hafi í för með sjer. Andmælendur hafa aðallega haldið fram, að eingöngu beri að líta á tekjurnar af einkasölunni 1924. Jeg held, að tekjurnar 1924 hafi, á þessu sviði sem öðrum, orðið nokkru ríflari en menn geta búist við í meðalári. Því er ekki að leyna, að álagning á tóbakið hefir verið meiri 1924 heldur en áður, og líklega dálítið meiri en ætlast var til. Stafar þetta af því, að verð vörunnar lækkaði í íslenskum krónum vegna gengishækkunar, en verðið, sem síðast var ákveðið kringum 1. apríl, var sett með hliðsjón af tollhækkun, sem gekk í gildi þá, og þáverandi innkaupsverði. En einmitt á þeim tíma stóð ísl. krónan nálægt lágmarki. Verðið var látið standa til ársloka. Þetta var verslunarbúhnykkur, sem maður verður að telja fullleyfilegt að nota ríkissjóði til tekna, en hefði ekki mælst vel fyrir hjá kaupmönnum, enda efast jeg um, að þeir hefðu leyft sjer að nota sjer hann. Jeg held, að menn megi ekki byggja vonir sínar á framtíð fyrirtækis þessa á reynslu síðasta árs. Hitt mun

sönnu nær að segja, að þá sje vel stýrt, ef meðalinnflutningur, sem var þessi 3 ár, gefur með hækkuðum tolli tekjur á við þær, sem tollurinn og einkasalan gaf þessi 3 ár. Mjer finst síður en svo hallað á einkasöluna með þessum útreikningi. Hún hafði miklu meira til að versla með en inn var flutt á sama tíma; hefir haft einhvern ágóða af birgðum þeim, er hún tók við, þótt minni hafi verið en af því, er hún sjálf flutti.

Í þessu frv. er ekki farið fram á tollhækkun, sem gefi ríkissjóði sömu tekjur af meðalinnflutningi þessara 3 ára eins og hann hefir haft með núverandi tollhæð og þeim raunverulegu tekjum verslunarinnar. Til þess vantar kringum 65 þús. kr., þ. e. til þess að tekjurnar komi án nokkurrar aukningar á innflutningi. Til þess að sami innflutningur gefi sömu tekjur og fengist hafa þessi 3 árin, þyrfti tóbakstollurinn að hækka um 2 kr. á kg., í stað þess að frv. hækkar hann um 1 kr., en tollhækkunin á vindlum og vindlingum er hæfileg. Vonirnar um það, að þetta verði eins hagkvæmt fyrir ríkissjóðinn, byggjast á því, að eins og innflutningur virðist hafa minkað varanlega við einkasöluna, eins muni hann aukast varanlega við afnám hennar. Læt jeg það liggja milli hluta; en hitt verð jeg að segja, að mjer hefði þótt hag ríkissjóðs vel borgið, ef tryggðar væru honum sömu tekjur og verið hefir af sama innflutningi. Eins og tekið er fram í greinargerðinni, þarf innflutningur tóbaks að aukast aftur um hjer um bil 12%, til þess að ríkissjóður verði sannanlega skaðlaus af breytingunni, en hann virðist hafa minkað um 28% við lögleiðingu einkasölunnar, ef reiknað er frá meðaltali áranna 1914—1921 og til áranna 1923 og 1924. Hverja af þessum tölum, sem menn vilja taka, er svo lítið sem milli ber, að sem fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð getur það naumast talist mikilvægt, svo framarlega, að ekki verði rýrðar till., sem hjer liggja fyrir.

Jeg get því alls ekki fallist á ályktanir hv. andmælenda, að hjer sje að ræða um 200 þús. kr. tekjumissi. En jeg þykist vita það með vissu, að það ár, sem breytingin kemst á, fær ríkissjóður álitlegan tekjuauka vegna hennar. Tel jeg ekki nokkurn vafa á, að birgðirnar í landinu muni aukast mjög mikið við það, að verslunin fer úr eins fyrirtækis höndum og á margar hendur, eins og þær minkuðu stórkostlega við að safnast á eina hönd.

Get jeg látið staðar numið um þetta, en jeg vildi minnast örfáum orðum á önnur atriði. Nú upp á síðkastið hafa nokkrir menn snúið sjer til mín og spurst fyrir um tóbaksiðnað, hvort samrýmanlegt væri löggjöfinni að búa til vindla og vindlinga hjer á landi. Hjer var tóbaksiðnaður fyrir nokkrum árum, en hann leið undir lok vegna óhagstæðrar tolllöggjafar. Ýmsir hyggja á að taka til þessa iðnaðar aftur. Hefir þetta verið borið undir tóbakssöluna, og hefir hún tjáð mjer það álit sitt, að ekki megi leyfa tóbaksiðnaðinn nema landsverslunin tæki við framleiðslunni til sölu. Munu hlutaðeigendur sennilega ekki telja það aðgengilega kosti fyrir sig. Hinsvegar er enginn vafi á því, að hverjum manni er heimilt, eins og nú er, með lögmæltum skilmálum, að taka upp vindlagerð, og jeg get ekki annað sjeð en að framleiðendur hafi rjett til að selja þá sjálfir. Löggjöfin í þessu efni er ekki miðuð við núverandi ástand, og geta orðið ýms vandkvæði á, ef einhverjir gengju fast eftir rjetti sínum til að setja á stofn tóbaksiðnað. Aftur á móti hefir einka-

salan talið sig fúsa til að setja á fót slíkan iðnað. Slíkt á sjer stað í öðrum löndum, þar sem er tóbaks-„monopol“.

Svo vildi jeg minnast á annað atriði, sem kom fram í umr., verðið á tóbakinu. Þar kemur hver staðhæfing á móti annari; sumir segja, að það hækki, en aðrir, að það lækki. Það er upplýst, að 1924 mun álagningin á tóbakinu upp og ofan hafa verið um 4 kr. á kg. hjá einkasölunni. En þetta er, eins og þegar er búið að taka fram, eflaust nokkru meira en gera má ráð fyrir að staðaldri, sem stafar af því, að innkaupsverðið lækkaði, en útsöluverðið var látið haldast til ársloka. Þó álagningin sje ekki nema sú minsta, sem lög leyfa, 25%, þá verður það eftir núverandi innkaupsverði alt að 3 kr. á kg. upp og ofan.

Hv. flm. þessa frv. fara fram á, að í stað álagningar einkasölunnar komi tollhækkun, er nemi 1 kr. á kg. Er mjer óskiljanlegt annað en að tóbakið verði ódýrara eftir þeirri tilhögun. Meira að segja álít jeg tollinn óþarflega lágan eftir þeirra till.; jeg álít ekki beina ástæðu til að haga breytingum þannig, að verð þessarar vöru lækki af breytingunni. Hefði verið forsvaranlegt að hækka tollinn um 2 kr. á kg.

Um tímatakmörk þau, sem frv. setur, verð jeg að áskilja mjer samninga við nefndina; jeg er ekki viss um, að jeg geti fallist á þau. Virðist eðlilegast og krókaminst, að hvorttveggja sje látið ganga í gildi um áramót, tollhækkunin og afnám einkasölunnar.

Flm. (Björn Líndal): Jeg vildi sjerstaklega snúa máli mínu til hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hann kvað það geta munað mörgum þúsundum króna á gróða landsverslunarinnar, hvaða tölur væru lagðar til grundvallar fyrir þeim útreikningi. Þetta er auðvitað alveg jafnrjett og það, að munað getur nokkrum miljónum á hag ríkissjóðs, á pappírnum, hvort lagðar eru til grundvallar rjettar tölur eða rangar. Að telja varasjóðinn gróða, eða til eigna, er ekki rjett, þar sem vitanlegt er, að talsvert hlýtur að tapast af skuldum viðskiftamanna og við birgðaýrnun. Tel jeg engar líkur til þess, að varasjóðurinn hrökkvi fyrir þessu tapi, hvað þá heldur meira. Hingað til hefi jeg ekki átt kost á að sjá bækur einkasölunnar, en af þeim skuldalista, sem jeg hefi í höndum, er auðsætt, að þar tapast meira en nemur varasjóði. Mun þetta sannast á sínum tíma. Jeg hygg, að það verði mun erfiðara fyrir hv. 2. þm. Rang. (KlJ) að sanna, að vantaldir sjeu í greinargerð okkar flm. fyrir þessu frv. fleiri tugir þús. kr. Slíkt er hægt að segja, en ekki sanna, því að það er ósatt. Þá telur þessi hv. þm. rangt að leggja til grundvallar meðaltal tekna öll þrjú árin, og vill láta miða væntanlegan hagnað við tekjur síðasta árs eingöngu. Auðvitað er þetta ekki rjett. — eða treystir hv. þm. sjer til þess að ábyrgjast ríkissjóði jafnmiklar tekjur af þessari einkasölu framvegis og þær eru taldar að hafa verið síðastl. ár? En þótt tekjur þessa árs sjeu eingöngu lagðar til grundvallar fyrir útreikningnum, þá höfum við sýnt það og sannað í greinargerð okkar fyrir frv., að innflutningurinn þarf aðeins að aukast örlítið, miðað við síðastl. ár, til þess að tekjurnar verði framvegis jafnmiklar. Og þetta verða þær ríkinu algerlega að *áhættulausu*, í stað þess að verslunarvafstri ríkisins fylgir altaf margskonar stór áhætta.

Þá taldi háttv. þm. hart að gengið að ráðast nú á einkasöluna, einmitt þegar hún væri komin yfir barnasjúkdómana. Þar er jeg ekki á sama máli. Sú kvensnift, sem

einkasala heitir eða einokun, er sannar lega saklausust á barnsaldrinum. Henni er áreiðanlega hættara við öðrum sjúkdómum en barnasjúkdómum. Þess vegna má hún ekki komast af æskuskeiði.

Þá taldi háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) það umfangsmikið og kostnaðarsamt að merkja tóbakið eins og gert er ráð fyrir í frv. Auðvitað hefir þetta nokkra fyrirhöfn í för með sjer, en kostnaðurinn fyrir ríkissjóð ætti ekki að þurfa að vera mikill, ef rjett er á haldið. Ekki getur komið til mála, að opna þurfi hvern einasta pakka til að tollstimpla tóbakið. Það ætti að vera sæmileg trygging að opna eitthvað af hverri sendingu. Annars er einkennilegt, hve þýðingarmikla sumir menn telja þá merkingu, sem nú er á tóbaki. Jeg veit ekki betur en að þessi merking fari fram utanlands og sje gerð af þeim tóbaksverksmiðjum eða stórkaupmönnum, er selja landsversluninni tóbakið. Nú vil jeg sjerstaklega spyrja þá menn, sem altaf eru að dylgja um óheiðarleik ísl. kaupmanna og gruna þá um allskonar svik og pretti, hvaða tryggingu þeir hafi fyrir því, að útlendir kaupmenn sjeu þeim mun heiðarlegri og ráðvandari, að þeim megi fyllilega treysta til þess að merkja landsverslunarmerki aðeins þær vörur, sem seldar eru landsversluninni. Annars er þessi merking tóbaksins samkv. frv. ekkert aðalatriði í mínum augum.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fullyrti í ræðu sinni, að tóbakseinkasalan hafi gengið fyllilega eins vel og búist var við í upphafi. Jeg ætla ekki að deila við hann um þetta. En það ætti þó að mega fullyrða, að rekstur tóbakseinkasölunnar hefir orðið talsvert dýrari en háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gerði ráð fyrir á þinginu 1921. Hann gerir þar ráð fyrir því, að vinnukostnaðurinn verði um 10 þús. kr., en hann hefir orðið yfir 100 þús. kr. á ári, enda er starfsmönnum þar ríkulega launað, eins og kunnugt er. — Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) fullyrti, að ríkissjóður mundi tapa 200 þús. kr. árlega við breytinguna, en rök færir hann auðvitað engin fyrir þessu, frekar en hv. 2. þm. Rang. (KlJ), enda er það ekki hægt, ef byggja á framtíðaráætlun á því einu, sem vit er í að byggja á, og það er reynsla undanfarinna ára. En það er orðið svo venjulegt, að þessi háttv. þm. fari með staðlausa stafi hjer í þingsalnum, að það væri að misbjóða bæði þinginu og þjóðinni að eltast við að hrekja alt slíkt. Fáránleg er sú kenning þessa hv. þm., að það muni fremur freista til tollsvika, ef tekjur ríkissjóðs af tóbakinu eru eingöngu teknar undir tollsnafni, í stað þess að taka þær bæði undir tollsnafni og verslunarhagnaðar, eins og nú er gert. Þessi nafngreining hefir auðvitað enga þýðingu í þessu efni. Það, sem hjer hefir mesta þýðingu, er *verð* tóbaksins innanlands. Ef það er óhæfilega hátt, samanborið við innkaupsverð, freistast menn til tollsvika. Þess vegna m. a. verður að gjalda varhuga við að tolla nokkra vöru úr öllu hófi fram.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir rjettilega bent á það, að allmikið fje er nú bundið í landsversluninni, sem mundi losna og verða handbært til ýmsra nauðsynlegra hluta, ef einkasalan yrði lögð niður. Eins og kunnugt er, hefir orðið að hætta að mestu leyti öllum verklegum framkvæmdum ríkisins síðastl. fjárkreppuár, sakir fjárhagsvandræða, jafnvel sjúkrahúsbyggingum, sem lífsnauðsyn er að koma upp sem allra fyrst. Verð jeg að telja það hreinasta glapræði að binda fje ríkissjóðs í vafasömu verslunarbraski, í stað þess að verja því til þess að bæta úr brýnustu þörfum þjóðarinnar.

Satt er það, að meiri hagur hefir orðið á tóbakseinkasölunni síðastl. ár en jeg gerði mjer vonir um í fyrra. En jeg er þó jafnsannfærður um það nú eins og þá, að rjett sje og sjálfsagt að leggja hana niður. Ríkið hefir nógar miklu greiðari og áhættuminni leiðir til þess að afla sjer tekna. Ýmsa háttv. þm. er naumast hægt að skilja á annan veg en þann, að þeir telji allan verslunarhagnað kaupmanna illa fenginn. Um það ætla jeg ekki að deila við þessa háttv. þm. En undarlegt má það heita, ef ríkinu sæmir betur að græða fje á verslun en einstökum mönnum. Jeg tel heiðarlega kaupmenn miklu betur komna að sínum verslunarhagnaði en þá menn suma hverja að launum sínum, sem nú eru aldir við kjötkatla einkasölunnar. Kaupfjelagsmenn ættu þó ekki að sjá ofsjónum yfir því, þótt kaupfjelögin græði á tóbaksverslun, og jeg sje ekki ofsjónum yfir nokkurs manns hagnaði, sem fenginn er á heiðarlegan hátt.

Árni Jónsson: Jeg ætla aðeins að nota tækifærið til þess að segja fáein orð áður en þessari umræðu lýkur. Jeg hefi að vísu ekki búið mig undir að koma með skáldlegar líkingar eða þjóðsögur til viðhafnar ræðu minni, og mun hún því stinga allmjög í stúf við sumar ræður þær, sem haldnar hafa verið í þessu máli

Jeg þykist sjá það á undirtektum háttv. þm., að frv. þetta fer ekki baráttulaust gegnum þessa háttv. deild, og þó er það ekki stjfrv. Sje jeg þó ekki, að hægt sje að telja þetta mál stefnumál, að því er allan þorra deildarmanna áhrærir. Jeg tel þetta mál ekki vera stefnumál annara en þeirra, sem annaðhvort telja einkasölufyrirkomulagið heillavænlegt eða til ófarnaðar þjóðfjelaginu, og undrar mig því ekki, þótt þeir leiði saman hesta sína í þessu tilefni, háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) og háttv. þm. Ak. (BL), sem eru málsvarar tveggja andstæðra stefna í þessu máli. Að öðru leyti hygg jeg, að mestur þorri hv. deildarmanna muni fremur vera hlutlaus um þessar stefnur. Jeg veit vel til þess, að samvinnumenn t. d. hafa ekki þjóðnýtingu á sinni stefnuskrá. Fyrir mjer er einkasala á tóbaki ekkert stefnumál. Jeg sje ekki í hendi mjer neitt samband milli þjóðnýtingar og þess, að ríkið afli sjer tekna með einkasölu á einstaka vörutegundum, enda tíðkast það víða erlendis, að ríki, sem eru andvíg þjóðnýtingu, hafi einkasölu á sumum hlutum. Mjer er þetta mál því ekkert stefnumál.

Á þessu máli eru tvær hliðar, sem þurfa nákvæmrar athugunar við áður en tekin er afstaða til þess; jeg fyrir mitt leyti athugaði þær vel, áður en jeg tók afstöðu til þess. — Að öllu öðru jöfnu, álít jeg, að frjáls verslun eigi að ganga fyrir einkasölu, ef jafngóður verður við það hagur ríkissjóðsins og gjaldþegna ríkisins. Það verða því að liggja sjerstakar ástæður til þess, ef ríkið fer að versla og grípa þannig inn í starfssvið borgaranna. Þær tvær hliðar þessa máls, sem jeg á við, eru þessar: 1) hvort tapar eða græðir ríkissjóður á þessu og 2) verður hagur borgaranna jafngóður og áður, betri eða verri? Og jeg tel ekki fundna góða úrlausn þessa máls, nema báðum aðiljum sje jafnvel borgið.

Jeg skal á þessu stigi málsins ekki þrátta um tóbaksverðið. Í greinargerð frv. sjest, að litlu munar við þessa breytingu. Jeg held því þó fram, að það muni rjett vera, sem þar er sagt um álagningu kaupmanna, og held því, að almenningur fái með þessu móti ódýrara tóbak, eða sem svarar kr. 1,40 á hvert kg. Þetta verða því um 100 þús. kr. í vasa almennings, án

þess að ríkissjóður missi nokkurs í eða sje íþyngt með þessu, og jeg get vel unt gömlu tóbaksmönnunum ódýrara tóbaks Þá er hitt atriðið, sem vert er ítarlegrar athugunar af væntanlegri nefnd. Það er enginn vafi á því, að salan mun aukast, og er þetta þó engin röksemd með þessu frv., því að það væri hægðarleikur ríkiseinkasölunni að auka söluna, með því að leyfa smásölunum að leggja meira á vörurnar, en við það mundi tóbaksverðið auðvitað hækka. Þetta er sjálfgefið athugunarefni fyrir nefnd þá, sem þetta mál fær til meðferðar, að vega vel allar ástæður í þessu máli, er nefndin hefir fengið öll gögn þess í sínar hendur. Það verður því ekki raunverulega hægt að taka fulla afstöðu til þessa máls fyrir þá sem ekki hafa þetta mál að stefnumáli, fyr en það kemur aftur úr nefnd, en jeg get ekki annað sjeð en að þeir hljóti að greiða þessu frv. atkv. til nefndar.

Ágúst Flygenring: Það er aðeins viðvíkjandi því, sem nú var síðast sagt, að stefnurnar í þessu máli væru tvær, einkasölustefna og stefna frjálsrar verslunar. Jeg svara þá fyrir mig, að það er stefnan eingöngu, og annað ekki, sem ræður afstöðu minni til þessa máls. Fyrir mjer er það eingöngu stefnumál og hefir aldrei verið annað, verður og ekki heldur. Jeg kýs jafnvel frjálsu verslunina heldur, þó að nokkurt tap verði af, en einkasöluna. Mjer finst það tilvinnandi fyrir að fá aftur verslunina frjálsa.

Viðvíkjandi áhrifum einkasölunnar á innflutninginn hafa verið færð rök að því, að innflutningurinn hefir talsvert minkað á þessum þremur árum. Landsversluninni verður alls ekki gefið þetta að sök, þannig að það sje að kenna ljelegum rekstri hennar; jeg held, að hún sje sæmilega rekin að öllu leyti og að það sje ekki rjett að gefa henni þetta að sök af þeim ástæðum. En jeg held, að þessi minkun á innflutningi sje óhjákvæmileg afleiðing einkasölufyrirkomulagsins. Einkasalan hlýtur að draga úr innflutningi. Það liggur alveg í augum uppi, að þegar hver strákur svo að segja getur skrifað og pantað sjer þessar vörur, hlýtur innflutningurinn að aukast. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, að sig óaði við að fleygja verslunarhagnaðinum, sem væri allmikill, í hendur örfárra manna, sem síðan sætu einir að honum. Jeg er svo steinhissa á, að nokkur maður geti sagt annað eins og þetta, þar sem það, að verslunin yrði frjáls, mundi verða til þess stórum að auka bæði notkun tóbaksins og verslunina með það. Meðan verslunin var frjáls höfðu allir smásalar tóbaksvörur sem aukaatriði, þó að þeir versluðu aðallega með alt aðrar vörutegundir. Nú þegar verslunin á þessum vörum er komin í hendur ríkisins, þarf að verja hundruðum þúsunda króna til þess að koma vörunni út — selja hana. Það er ekki rjett að stimpla okkur, sem í nefndinni sátum fyrir 17 árum síðan, sem einkasölumenn. Það er alls ekki rjettmætt, þar sem við vorum engir fylgjandi einkasölu í raun og veru. Hitt er annað mál, að við vorum spurðir, hvort tiltækilegt væri, að ríkið tæki að sjer einkasölu á einstöku vörutegundum, og varð það úr, að við rjeðum til þess með tilliti til þáverandi tekna ríkissjóðs og með hagsmuni landsmanna allra fyrir augum, en sú stjórn, er við þessu skyldi taka, neitaði því, þá er til kom. En að við gáfumst upp við tóbakseinkasöluna þá, kom til af því, að við sáum, að hvorki mundu tekjur ríkissjóðs vaxa við það nje tóbakið verða ódýrara. Þetta er það sanna í þessu máli. Við höfum á engan hátt breytt um

stefnu; við höfum aldrei einkasölumenn verið að öðru leyti en því, er einkasalan er komin í það form, að hún er eingöngu og aðeins miðuð við að afla ríkissjóði aukinna tekna. Þá hafa nokkrir okkar látið til leiðast að fylgja þessu í svip. Hvað tollhækkunina áhrærir, hygg jeg, að salan muni aukast, þrátt fyrir tollinn, við það að verslunin verður frjáls, og um erfiðleikana á því að fá tollinn greiddan get jeg ekki sjeð annað en að eins og landsverslunin sá ráð til að láta merkja vörur sínar, eins megi treysta ríkisstjórninni til þess líka. Það, að þær birgðir, sem nú kunni að vera fyrir í landinu, muni verða ríkissjóði til byrðarauka eða vandræða, sje jeg alls ekki. Jeg veit ekki til, að heyrst hafi kvartanir undan því, að of miklar birgðir væru til í landinu; um hitt er oftar talað, að birgðirnar sjeu of litlar. Það, hvort ríkissjóður missi eitthvað lítilsháttar af tekjum við þessa breytingu, er ekki stórvægilegt atriði í mínum augum. Einkasölu álít jeg óhafandi og óverjandi í alla staði. Jeg hygg, að búið sje að leggja nægilega skatta á landsmenn, þó að ekki sje verið að taka af þeim atvinnuvegina í viðbót. Jeg tel það aðeins til bóta, að tóbakið lækkar í verði við þetta, því að þá mun og fara saman aukin notkun og auknar tekjur í ríkissjóð. Jeg hygg, að jeg geti nú slept því að ræða frekar um þetta mál þangað til það kemur aftur úr nefnd og verður hjer í deildinni til 2. umr., og læt jeg því staðar numið í þetta sinn.

Klemens Jónsson: Jeg heyri það, að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) tekur mjer það æðióstint upp, að jeg skyldi geta þess, að hann hefði áður verið einkasölu hlyntur, þó hann sje nú einn af flm. þessa frv. Jeg hefi alls ekki verið að ásaka hv. þm. (ÁF) um stefnuskifti; það datt mjer alls ekki í hug, enda hefir hv. þm. leyfi til þess að skifta um skoðun, ef honum sýnist svo. Jeg var aðeins að minna á þá staðreynd, að einkasöluhugmyndin er alls ekki ný, heldur kom kröftuglega fram fyrir 16—17 árum. Jeg sagði ekki, að við hefðum gefist upp við tóbakseinkasöluna þá, heldur urðum við að fresta að taka fasta ákvörðun um hana, af því oss tókst ekki að fá nægilega góðar upplýsingar um þetta mál frá Svíþjóð, hvernig það horfði við þar, en að auki vildum við bíða eftir og sjá afdrif frv. um einkasölu á kolum og steinolíu. Þetta var aðalástæðan til, að frv. um einkasölu á tóbaki kom þá ekki fram.

Hv. þm. Ak. (BL) þarf jeg litlu að svara. Hann talaði um, að hann hefði ekki aðgang að bókum landsverslunarinnar, eins og hann segir, að jeg hafi. Jeg álít honum hefði átt að vera þetta alveg eins auðvelt og mjer. Hann hefir aðgang að sinni stjórn og ætti að geta fengið gegnum hana allar þær upplýsingar, er hann vill. (*BL:* Jeg geri ráð fyrir, að fjhn. fái þau gögn sem önnur í þessu máli). Jeg ímynda mjer til dæmis, að hv. þm. Ak. (BL) hefði ekki þurft annars með en að leita aðstoðar hæstv. fjrh. (JÞ), og mundi hann þá hafa getað fengið allar þær upplýsingar, er hjarta hans óskaði eftir.

Jón Baldvinsson: Jeg geri ekki mikið úr því, þó að sagt sje, að innflutningur á tóbaki hafi minkað við einkasöluna. Það er ekki sem ábyggilegast að byggja þá útreikninga á tímabilinu 1914—'21, stríðstímabilinu. Jeg hefi átt kost á að sjá skýrslur um þetta, og er af þeim augljóst, að innflutningurinn hefir verið svo mismunandi, að það er alveg ófært að byggja á því. Það er t. d. ekki vit

í því að miða við veltiár sum á því tímabili, t. d. 1916; þá varð innflutningur ca. 100 þús. kg.; 1917 ca. 75 þús. kg.; 1918 ca. 36 þús. kg., en 1919 var eins og stífla væri tekin úr á, og tóbakið, eins og alt annað, flæddi inn í landið, og mun innflutningurinn þá hafa orðið ca. 126 þús. kg.; innflutningur vindla og vindlinga komst þá í 42 þús. kg., og sjest nú, hversu nákvæmt væri að byggja útreikninga sína á þessu. Innflutningur á vindlum og sjerstaklega vindlingum hefir aukist mikið hin síðari árin, sem stafar af því, að nær hver unglingur nú reykir vindlinga.

Það hefir verið talsvert rætt um princip í sambandi við þetta mál, og álít jeg ekkert athugavert, þó að það sje gert. Því hefir verið haldið fram, að tóbakseinkasalan sje sjerstaklega í anda jafnaðarstefnunnar; en þetta er misskilningur. Jafnaðarmenn leggja mesta áherslu á, að einkasala sje á nauðsynjum, til þess að bæta verslunina, lækka verðið og tryggja kaupendum betri vörur. Tóbakseinkasalan hjer, eins og annarsstaðar, þar sem slíku hefir verið komið á, er ekki stefnumál neins sjerstaks flokks, en hefir aðeins verið álitið hentugt fyrirkomulag til að afla tekna í ríkissjóð. Og jafnaðarmenn telja þetta fyrirkomulag heppilegra til að útvega tekjur en tollaleiðina. Þess vegna má það standa, sem hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) sagði, að með einkasölu þessari væri ekki farið inn á neina ríkisrekstrarbraut.

Háttv. flm. (BL) var að finna að því, sem jeg sagði um merkin, og misskildi það alt. Jeg sagði ekki, að opna þyrfti hvern vindlingapakka, eins og hv. flm. sagði, að jeg hefði sagt. Heldur voru það mín orð, að líma þyrfti merki á hvern pakka, og það væri líka mikið verk, því að vindlingapakkarnir koma oft í mjög stórum búntum, oft alt að 50 þús. pakkar í hverju.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) mintist á vexti af fje því, sem hjá landsverslúninni stæði. En þeir munu reiknaðir þar, sem talað er um innieign hjá landsverslun í landsreikningnum 1923.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að það hafi mikinn árangur að tala lengi um þetta mál nú, því að flestir munu fyrirfram ráðnir, hvernig þeir greiða atkvæði í því. En jeg teldi rjettast að láta það ekki fara lengra, því án efa verða miklar umræður um það, þegar það kemur aftur frá nefndinni. Umræður, sem ekki verða til annars en að auka kostnað og eyða tíma þingsins að óþörfu. Við þetta mætti losna, með því að fella frv. nú þegar.

Annars óska jeg nafnakalls við atkvæðagreiðsluna.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sveinn Ólafsson: Það er harla margt, sem á milli ber í þessu máli, og er það ekki sjerlega undarlegt. Hjer er í fyrsta lagi ákveðið stefnumál á ferðinni, sem oft hefir flokkum skift fyr og síðar; það er spurningin gamla um það, hvort hafa skuli ríkiseinkasölu í einhverri mynd eða frjálsa verslun svo kallaða, þar sem engin takmörk eru sett kaupsýslu og prangi. Í þetta sinn er samt bersýnilega annað meira en sú stefna ein, sem ræður flutningi þessa frv. Þetta er ákveðið hagsmunamál einstakra manna, þeirra, sem

mest standa á móti ríkissölufyrirkomulaginu. Það er ákveðið hagsmunamál sjálfra mótstöðumanna einkasölunnar eða skjólstæðinga þeirra og fylgifiska. Fyrir þessa skuld verður málið erfiðara mótstöðumönnum einkasölunnar, er þetta er þeim hagsmunamál. Það er varla hægt fyrir þá að fela þann eigingjarna tilgang, sem að baki frv. liggur, hægt að dylja það, að eiginhagsmunir ráða jafnvel meiru um þetta mál en stefnuhugtakið *frjáls verslun*. Það liggur því næst að líta á þetta frv. sem hreina og óblandaða kaupmangarapólitík.

Engum slíkum eiginhagsmunahvötum getur verið til að dreifa hjá oss meðmælendum ríkiseinkasölunnar. Það kemst ekkert slíkt að hjá þeim, sem vilja leyfa ríkinu að njóta hagsmuna af sölu einstakra vörutegunda og hafa hemil á skaðlegu gróðabralli í verslun. Hagnaður þeirra er einungis óbeinn, þ. e. hagnaður alls almennings, er ríkiseinkasalan veitir betri kjör en ella mundu fáanleg. Það er þessi aðstöðumunur flm. og vor hinna, sem jeg byggi þá von mína á, að frv. þetta sigli aldrei háan byr út úr þessari deild. Það var þetta, held jeg, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) átti við, þegar hann talaði um hinn vígða þátt þessa máls. Jeg hygg, að skörðótta skálmin hjá háttv. þm. Ak. (BL) vinni aldrei á þeim þætti.

Jeg get ekki átt við það að tína alt það upp, sem háttv. flm. (BL) bar fram eins og ástæður fyrir þessu frv. um að breyta tóbaksversluninni í frjálsa samkeppnisverslun. En það var ein ástæða hans, sem mjer fanst stórum verri en allar hinar, þótt ljelegar væru, og kom mjer mest á óvart. Háttv. aðalflm. (BL) fullyrti sem sje, að með frjálsri verslun á tóbaki mundi innkaupsverð tóbaksins lækka. *(BL:* Þetta er þveröfugt við það, sem jeg sagði). Mjer þótti þessi röksemd hv. þm. svo einkennileg, að jeg verð að minnast á hana sjerstaklega. Hingað til hefir verið alment álitið, að er um innkaup var að ræða, væri hægra að fá gott verð í stórkaupum en þegar smáslattar eru keyptir. Það þarf mikla trú til þess að treysta því, að þeir, sem kaupa inn frá útlendum verksmiðjum, geti tryggt sjer jafngóð kjör með því að kaupa 50—100 kg. á ári eins og landsverslun getur, sem kaupa mun 70—100 þúsund kg. árlega.

Jeg skal víkja að fáeinum öðrum ágreiningsatriðum, sem hjer hafa borið á góma, en þó á nokkuð annan veg en hv. aðalflm. gerði. Það fyrsta er það, sem hv. þm. (BL) heldur fram, að einkasalan hafi verið tekin upp 1921 eingöngu af fjárhagslegum ástæðum og vegna fjárþarfar ríkissjóðs. Þetta er ekki rjett. Það var til þá, eins og nú, önnur leið til að afla tekna af tóbaki, þ. e. sú, að hækka tollinn. Þeirri leið var þá líka haldið fram af ýmsum, en fjhn. og meiri hl. þings hafnaði henni.

Orsökin sanna til þess var sú, að einkasöluaðferðin var talin eðlilegri og betri en háir tollar, og auk þess öruggari gegn tollsvikum.

Fengin reynsla hefir líka sýnt, að tilgátan var eigi fjarri sanni og einnig hitt, að verðið hefir verið fyrir neytendur vörunnar sæmilegt, þrátt fyrir óáran og lággengi íslenskrar myntar, sem eðlilega hefir komið hart niður á tóbaksversluninni.

Það er alls ekki rjett að segja, að einkasölustefnan hafi komið óljóslega fram í nál. fjhn. 1921 eða yfirleitt í meðferð málsins á því þingi. Þvert á móti var einmitt allmikið um þetta mál

deilt, og komu þar fram glöggar línur. Sjest það vel á umræðunum frá því þingi, að skoðanir manna skiftust einmitt um þetta atriði í málinu. Árið 1921 koma fram ekki færri en 4 frv. um einkasölu, öll frá hendi stjórnarinnar, og sýnir meðferð þeirra ljóslega, að ekki voru fjárhagslegar ástæður einar, sem rjeðu. Það voru sem sje:

1. Frv. um einkasölu á áfengi.

2. Frv. um einkasölu lyfja, sem þó gat ekki orðið að lögum þá, vegna þess einkaleyfis, sem lyfsalar höfðu áður.

3. Frv. um einkasölu á tóbaki, og loks

4. frv. um einkasölu á korni, og varð það frv. ekki útrætt á því þingi.

Nei, það vakti áreiðanlega bæði fyrir stjórn og þingi þá, að hjer væri um annað meira og verulegra að ræða en það eitt að afla ríkissjóði nokkurra tekna. Það kom berlega í ljós ákveðin viðleitni til þess að koma á ríkiseinkasölu í sem flestum greinum, til þess að tryggja hagsmuni almennings betur en hin svokallaða frjálsa verslunarsamkepni hefir gert. Hjer er nú einnig um það deilt, hvort tekjur ríkissjóðs muni aukast eða minka við afnám einkasölunnar og hækkun tollsins ca. 20%. Það er þegar búið að leiða að því augljós rök, að tekjurnar hljóta að minka við það. Það er óþarft að fara að endurtaka þau rök. Það var sýnt fram á, að hallinn, sem ríkissjóður biði, næmi frá 200—300 þús. kr., nema þá að tóbakstollurinn verði hækkaður mun meira en frv. fer fram á. Þá [illegible] deilt um það, hvor[illegible] breytast — [illegible] Árið 1921 var því [illegible] mótstöðumönnum einkasölu[illegible] tóbakið [illegible] dýrara verða [illegible] hefir sýnt, að tilgátan var ekki á rökum bygð, og mundi hafa sýnt það miklu ljósar, ef ekki hefðu sífeldar verðtruflanir af gengissveiflum og lækkandi gengi lengst af raskað niðurstöðunum. En hitt virðist ekki geta verið vafamál, að þegar ofan á tollinn hækkaða bætist venjuleg álagning kaupmanna, sem einmitt hlýtur að verða nokkru hærri en ella, vegna tollhækkunarinnar, þá hlýtur verðið að hækka að mun, en ekki lækka. Það eru tómar tálvonir hv. flm., að tóbaksverðið lækki. Að aðflutningurinn muni aukast við að verslunin verði frjáls, er staðlaus tilgáta, jafnhæpin og sú kenning, að innflutningurinn hafi minkað vegna einkasölunnar. Á krepputímunum var sparnaðarviðleitnin eðlilega ástæðan til takmarkaðs aðflutnings. Sumir líta svo á, að æskilegt sje að auka aðflutninginn vegna tekjuaukans. Þar er þó ávinningurinn meira en vafasamur.

Víst er, að tekjurnar af einkasölunni hafa farið langt fram úr upphaflegri áætlun á síðasta ári, jafnvel tvöfaldast. En ef einkasalan hefir dregið úr innflutningi jafnframt því að auka tekjur ríkissjóðs, þá verð jeg að telja árangurinn betri en menn alment gátu vonast eftir. Þess væri í rauninni óskandi, að tóbaksnautn minkaði eða hyrfi algerlega á brott úr landinu, og það væri þjóðinni ómetanlegt happ, ef jafnskemmileg munaðarvara og tóbakið hyrfi algerlega. Gæti einkasalan orkað því, þá er margfaldlega rjettlætt stofnun hennar.

Jeg get látið hjer staðar numið og geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki frekar að lýsa hug mínum til þessa frv. Ástæður flutningsmanna hafa af öðrum verið vegnar. Þær eru í senn ónákvæmar og villandi, sumar jafnvel rangar. Vænti jeg þess, að

frv. þetta verði eigi langætt og mundi jeg óska þess, að það kæmist ekki út úr þessari deild.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Ak. (BL) hjelt því fram, að tóbakseinkasalan hafi verið örþrifaráð, sagði, að til einkasölu hefði verið gripið í bili af fjárhagsástæðum eingöngu. En þetta er misskilningur. Það var til þess ætlast, að einkasalan yrði varanleg. Þessi tekjustofn var einmitt vel til þess fallinn að notast betur. Tóbakseinkasalan var ekkert örþrifaráð, heldur var einmitt til hennar stofnað með það fyrir augum, að hún hjeldist áfram, ef reynslan sýndi, að þetta fyrirkomulag væri vænlegt til tekjuaukningar. Og það er einmitt það, sem reynslan hefir sýnt. Sami háttv. þm. (BL) sagði fyrir ári síðan hjer í þingsalnum, að hann vildi lofa einkasölunni að standa eitt ár ennþá til reynslu. Þetta reynsluár hefir nú sýnt meiri hagnað af þessu fyrirtæki en nokkru sinni áður, og þó vill hann leggja þessa stofnun niður. Landið hefir grætt á reynslu þessa árs svo miklu nemur, en hv. þm. Ak. hefir ekki grætt á reynslunni, svo sjáanlegt sje. Það er ekkert vit í því að tala um, að gripið sje inn í atvinnulíf þjóðarinnar og athafnafrelsi almennings. Tóbakseinkasala er höfð víða erlendis, þar sem verslun þó er talin vera fullkomlega frjáls fyrir því, t. d. í Svíþjóð og Frakklandi. Jeg hefi dvalið í Svíþjóð nokkra hríð, og jeg hefi aldrei heyrt neinn segja þar, hvorki íhaldsmenn nje aðra, að tóbakseinkasalan valdi þeim hömlum á frjálsri verslun, sem ástæða sje til að kvarta yfir. Þegar íhaldsmenn sitja þar í stjórn, hirða þeir tekjurnar af tóbakseinkasölunni handa ríkissjóði með mestu ánægju, — alveg á sama hátt og hæstv. fjrh. okkar (JÞ) hirðir þær með ánægju. Svona er þetta víða erlendis, — menn hinnar frjálsu verslunar nota þetta fyrirkomulag án þess að hafa neitt við það að athuga, og svona er þetta hjer. Nú kemur sem næst $^1/_{10}$ hluti allra tekna ríkissjóðs af tóbakseinkasölu. Sumir telja þetta of mikið af einum og sama tekjustofni; þeir segja, að varan þoli ekki svona háan skatt. En reynslan hefir þvert á móti sýnt, að varan þolir þetta vel. Á Englandi þolir þessi vara vel talsvert hærri tolla en hjer er um að ræða. Við ættum einmitt að hafa þá stefnu í tollmálum, að hafa fáar, en hátollaðar tollvörur, eins og sumstaðar tíðkast erlendis, til dæmis í Englandi. Það er best og affarasælust tollpólitík. Hitt er óþægilegra í allri framkvæmd, að tollvörur sjeu fjölmargar og allar lágtollaðar. Hjá okkur á stefnan að vera sú í skattamálunum, að vörurnar sjeu fáar, en hátollaðar. Erlendis láta verslunarstjettirnar sjer alls ekki sæma að reyna til þess að taka slíka tekjustofna frá ríkinu, svo fremi, sem ríkið vill halda í þá og gerir engar tilraunir til að draga til sín atvinnuvegina úr höndum almennings. Jeg vil gjarnan sjá framan í þá háttv. þm., ef nokkrir eru í þessari háttv. þingdeild, sem halda því fram, að ríkið sje með þessu að taka alla verslun í sínar hendur. *(BL: Hvar eru þá takmörkin og hve langt má ríkið fara í þessu efni?).* Takmörkin eru jafnan hreyfanleg milli þess, sem ríkið tekur í sínar hendur, og hins, sem eingöngu ber að fela þegnunum. Aðalstefnurnar eru skýrar. En um einstök atriði þarf þingið á hverjum tíma að taka ákvörðun. Jeg vænti þess, að hjer á þingi eigi þessi Íhaldsflokkur, sem svo kallar sig, eftir að vera til og starfa í mörg ókomin ár, og er það hans hlutverk lík-

lega að gæta hófs í því, að ríkið taki ekki of margt í sínar hendur. Það munu að vísu fleiri en Íhaldsmenn vera tregir til að hlaða á ríkið verslunar- og atvinnustörfum, — en í þessu efni ætti þó tilvera Íhaldsflokksins að vera hv. þm. Ak. (BL) næg trygging. Jeg fyrir mitt leyti held, að hin íslenska verslunarstjett, sem jeg hefi ekki nema gott um að segja, mundi hljóta meiri heiður, meiri hagnað og meiri samúð almennings, ef hún ljeti tekjustofn þennan í friði. Verslunarstjettin hefir nóg rjettindi samt eftir, og skal jeg ekki telja þau eftir, en menn verða tortrygnir á því að sjá hana setja sína eigin hagsmuni gegn hagsmunum þjóðarbúsins. Það er að vísu satt, að innflutningur á þessari vöru hefir minkað að nokkru, eins og hæstv. fjrh. sagði, en þetta lagast með ári hverju, og er enda farið að lagast. Þegar litið er á það, að undanfarið hafa verið krepputímar, og eins hitt, að margir smásalar hafa neitað að versla með tóbaksvörur af hreinum fjandskap við einkasölufyrirkomulagið, — en sumir ekki gert það vegna fjárkreppu, — vænti jeg, að það verði ekki talið með rökum gegn einkasölunni, þó um tíma hafi dregið úr tóbaksinnflutningi. Slíkar hindranir hverfa að jafnaði, þegar mönnum fer að skiljast hagur sá, sem þetta hefir í för með sjer fyrir ríkisheildina. Slíkar einkasölur hafa marga kosti við sig, hjer sem annarsstaðar. Í Svíþjóð og Frakklandi er að vísu, eins og hæstv. fjrh. gat um, einnig rekinn iðnaður í þessum vörum í sambandi við einkasölurnar. Sje svo, að hæstv. fjrh. finnist þetta atriði afsaka einkasöluna, ætti hann að taka þetta upp og bera fram frv. um að koma á fót innlendum iðnaði í sambandi við tóbakseinkasöluna. Jeg sje, að hæstv. fjrh. er þetta ekkert „princip“-mál, því frá sjónarmiði þeirra manna, sem mótfallnir eru öllum höftum á versluninni, verður sökin tvöföld, ef ríkisiðnaður er rekinn í sambandi við einkasöluna. Mjer þótti því mjög vænt um þessa aths. hæstv. fjrh.

Það mun rjett vera, sem hæstv. fjrh. ljet um mælt, að á fyrsta ári frjálsrar tóbaksverslunar mun mun meira flytjast inn en á venjulegu ári. En þó að samþykt þessa frv. kunni því að þykja góð í svip, þá er mjer nær að halda, að mönnum finnist síðar, sem gæsinni hafi verið slátrað, svo að engin fáist gulleggin framar. Annars benda þessi ummæli hæstv. fjrh. sannarlega til þess, sem öllum má reyndar virðast augljóst, að frjáls verslun krefur mun meira rekstrarfje en einkasalan, en það bendir aftur til hins, að tóbakið muni ekki verða neytendum ódýrara eftir afnám einkasölunnar, þar sem gera má ráð fyrir, að smákaupmönnum nægi ekki minna en 20— 50% álagning, eins og þeir höfðu áður. Mjer fanst skína í gegnum ummæli hæstv. fjrh., að hann hefði nauðugur til þessa leiks gengið. Vil jeg nú vona, að hann megi glaðari frá honum ganga. En það verður ekki hans flokki að þakka, heldur einkum aðalandstöðuflokki hans, sem reyndar hefir allajafna stutt hann best í að afla ríkissjóði tekna.

Jeg hefi lagt áherslu á það, að jeg tel rangt af heilum flokki að gera mál þetta að „princip“-máli. Það sýnir reynsla annara þjóða best. Jeg hefi ekki hitt fyrir mjer neina verulega óvini frjálsrar verslunar, þar sem kaupmenn og kaupfjelög keppa að því að sjá almenningi fyrir góðum vörum með sanngjörnu verði. A. m. k. er þá ekki að finna í aðalflokk[illegible] þingsins. Og þó eru menn sífelt að berjast við þessa ímynduðu fjandmenn frjálsrar verslunar.

Hjer er um það eitt að ræða, hvort

menn vilja halda við lýði þessari einkasölu, sem hefir reynst mjög vel, öllum vonum betur, eða ekki. Sje hjer um verulegan stefnumun að ræða, þá er hann sá, að annar flokkurinn vill trúa skilyrðislaust á takmarkalausa frjálsa samkepnisverslun og vill ekki sjá neina galla á henni, en hinn vill að vísu byggja á frjálsri verslun sem meginreglu viðskiftalífsins, en hikar þó ekki við að setja við henni varnagla hvenær sem þörf krefur. Jeg vil nú minna þá góðu menn, sem trúa á þetta takmarkalausa frelsi í verslunarmálum, á það, að þeir eru ekki vel sjálfum sjer samkvæmir með tilliti til atvinnumálanna alment. Þeir heimta, að sjávarútvegurinn sje verndaður gegn samkepni útlendinga, og enda þótt jeg sje þeim þar sammála, þá vil jeg þó benda þeim á, að þar vilja þeir ganga í berhögg við hina marglofuðu frjálsu samkepni. Jeg vildi því óska, að þessir hv. þm. gætu sjeð, að hjer er um ekkert heilagt þjóðfrelsismál að ræða. Miklu fremur mætti svo að orði komast, að hjer sje barist um prangarafrelsi, og slíkt frelsi má aldrei meta meira en almenningshag. Ef við lítum yfir sögu 19. aldarinnar, þá sjáum við, að það eru frjálslyndu flokkarnir, sem hafa barist fyrir auknu verslunarfrelsi. Það eru þeir, sem heimtu verslunina úr klóm hinnar illræmdu einokunar þeirra tíma, þrátt fyrir mótspyrnu íhaldsflokkanna. Nú þykjast íhaldsflokkarnir hafa tekið við þessu stefnuskrármáli frjálslyndu flokkanna til fósturs. Þeir hafa nú mest allra flokka verslunarfrelsi á vörunum. En mönnum virðist íhaldið hafa tekið þessa stefnu einkum til þess að vernda hagsmuni einnar stjettar, kaupmannastjettarinnar, sem hefir tekist að búa mjög vel um sig í skjóli verslunarfrelsisins og ekki ætíð virt hagsmuni almennings sem skyldi. En framsóknarflokkarnir nú á tímum vilja ekki láta við svo búið standa. Þeir sjá ýmsa annmarka á hinni takmarkalausu frjálsu verslun og vilja gera það, sem í þeirra valdi stendur, til að hindra það, að þeir fái valdið almenningi tjóni. En hjer vill íhaldið vernda þetta verslunarfrelsi, án tillits til hagsmuna almennings. Svona horfir mál þetta við hjer nú, þó að víða hafi jafnvel íhaldsflokkar orðið að taka í taumana, þar sem hin takmarkalausa frjálsa samkepni hefir ekki hrokkið til. Tökum t. d. húsaleiguna í Reykjavík. Það er alviðurkent, að hin frjálsa samkepni megnaði ekki að skapa viðunandi húsaleigu, svo að setja varð lög til varnar almenningi gegn húseigendum. Englendingar hafa sömu söguna að segja. Þar hefir þingið orðið að skifta sjer af húsnæðismálunum, því að hin frjálsa samkepni gat ekki leyst úr þeim. Og síðustu símfregnir herma, að íhaldsráðuneytið, sem nú fer með völd þar í landi, telji sjer skylt að vernda almenning gegn okri á matvörum. Þessi saga berst úr sjálfu landi verslunarfrelsisins, þar sem íhaldið er þó við völd. En þessi dæmi koma frv. þessu ekki beinlínis við. Frá sjónarmiði ríkisins er hjer eingöngu um skattamál að ræða, en ekki verslunarmál eða stefnur í þeim. Öðru máli er að gegna um steinolíueinkasöluna. Hún var stofnsett til verndar almenningi, eftir að hin frjálsa samkepni hafði gengið sjer til húðar á því sviði. Hún getur því talist stefnumál. En í sambandi við þetta frv. mega menn ekki ruglast í „principunum“.

Ágúst Flygenring: Jeg fæ ekki skilið, að nokkur geti haldið því fram í fullri alvöru, að frjáls verslun með tóbak verði einokuninni lakari í því efni, að tóbakið verði verra eða dýrara. Reynslan hefir

sýnt annað. Tilgangur frv. er fyrst og fremst sá, að landsmönnum verði sjeð fyrir ódýrara tóbaki, en þó svo, að tekjur ríkissjóðs verði í engu rýrðar. En mjer fyrir mitt leyti blandast ekki hugur um það, hvað tekjum ríkissjóðs viðvíkur, að jeg gæti ekki sett það fyrir mig, þó að þær yrðu svo sem 100 þús. kr. lægri með því verslunarfyrirkomulagi, sem full vissa er fyrir, að þjóðin vill heldur við búa. Og það er víst, að tóbakseinkasalan er illa þokkuð meðal alls þorra þjóðarinnar, eins og öll einokun hlýtur að vera með þjóð vorri, hvort sem verslunin er í sjálfu sjer vel eða illa rekin. Þessi tóbakseinkasala hefir, að mínu viti, verið rekin sæmilega. Menn hefðu aldrei með rjettu getað vænst þess, að árangur hennar yrði betri.

Mjer skilst, að flestir sjeu sammála um það, að meira yrði selt af tóbaki, ef verslunin yrði gefin frjáls, enda bendir innflutningur síðustu ára óneitanlega í þá átt. En við aukinn innflutning og aukna sölu hækka tolltekjur ríkissjóðs. Auk þess hlýtur tóbakið að verða nokkru ódýrara í útsölu í frjálsri samkepni en nú er, þar sem kostnaður við tóbakseinkasöluna er nálægt 1 kr. á hvert einasta kíló tóbaks. Það er varla við því að búast, að almenningur sje ánægður með það, að landið kosti svo dýra verslun, þegar þess er gætt, að þessi kostnaður verður nálega eða alls enginn eftir að verslunin verður gefin frjáls. Aðrir en þeir, sem hafa fyrir einhverskonar verslun, myndu tæplega byrja á að versla með tóbak eingöngu, a. m. k. enganveginn fleiri en það gera nú. Aukakostnaður vegna tóbaksverslunar yrði því hverfandi lítill.

Það stafar af ókunnugleika hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að hann heldur því fram, að einkasala geti að jafnaði gert betri innkaup en aðrir, sem við slíka verslun kunna að fást. Tóbakseinkasalan hefir orðið að skifta við sömu erlendu verslunarhúsin, sem landsmenn höfðu áður skift við árum saman. Almenningur, sem var orðinn vanur ákveðnum tóbakstegundum, vildi ekki skifta á þeim og einhverjum áður óþektum. En það þarf enginn að halda, að þessi verslunarhús geri nokkurn mun á útsöluverði sínu, hvort sem menn kaupa t. d. 200 eða 300 kíló eða 1000—2000. Jeg hefi sjálfur fengist lítilsháttar við tóbaksverslun um 20 ára skeið og veit, að það er heimska að halda slíkt. Og ef við t. d. tökum firmað Brödrene Braun, sem flestir munu kannast við, þá er nákvæmlega sama, hvort menn snúa sjer til firmans sjálfs um tóbakskaup, eða þeir ganga niður til firmans O. Johnson & Kaaber, sem hefir umboð fyrir Br. Braun hjer á landi, og kaupa tóbakið þar. Verðið er hið sama. Það nær ekki nokkurri átt, að þessi stóru erlendu verslunarhús breyti í nokkru um verðlag sitt, eða þeim reglum, sem þau fara eftir í viðskiftum sínum, þó að einhver komi og vilji kaupa meira eða minna en venjulegt er. Og ennfremur er víst, að engir geta fengið hina svokölluðu „Agentur-provision", nema umboðsmenn viðkomandi firma. Þarna hefir því hv. þm. (SvÓ) skotið yfir markið.

Þegar menn í sambandi við þetta mál eru að tala um skaðsemi tóbaksins og telja ekki nema gott, að notkun þess minki, þá er því til að svara, að það liggur ekki í verkahring löggjafans að ráða bót á þessu, og a. m. k. er þetta mál óskylt máli því, sem hjer er um að ræða. Annars hefi jeg þá skoðun, að aldrei verði dregið til muna úr tóbaksnotkun með því að einoka verslunina. Mjer dylst ekki, að enda þótt innflutningur tóbaks samkv. verslunar- og tollskýrslum hafi stórum minkað síðan til einkasölunnar var stofn-

að, þá muni hann í raun og veru vera svipaður því, er áður var. Jeg hygg, að góðar ástæður sjeu til að ætla, að ólöglegur innflutningur verði mun meiri, þegar aðeins eitt fyrirtæki er um verslunina, en ef kaupmenn og kaupfjelög fengju óáreitt að flytja vörutegundina inn eftir vild sinni.

Mjer þykir það leiðinlegt, að hv. 1 þm. S.-M. skuli telja það viðeigandi hjer í þingsalnum að bera okkur, sem fylgjum þessu frv., það á brýn, að hjá okkur vegi meira í máli þessu eiginhagsmunir og hagsmunir nokkurra skjólstæðinga okkar, er hann svo nefnir, en þjóðarheill eða stefna okkar í verslunarmálum. Og eftir þessa uppgötvun óskaði hann, að frv. færi ekki út úr þessari hv. deild. Jeg get fullvissað þennan hv. þm. (SvÓ) um það, að fyrir mjer er mál þetta stefnumál eingöngu. Jeg vil hafa frjálsa verslun á hvaða sviði sem er. Sömuleiðis er jeg þess fullviss, að enda þótt frv. þetta nái ekki fram að ganga nú, þá kemur að því, fyr eða síðar, að þessi tóbakseinkasala verður úr lögum numin. Þjóðin vill enga einokun hafa, og fyrir þeim þjóðarvilja verður þingið að beygja sig, þótt síðar verði.

Mjer þótti vænt um að heyra hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) meðmæltan því, að verslun landsins væri sem allra frjálsust, þó að við eigum ekki samleið í þessu máli, sem hjer er til umr. Það fellur líka saman við mína skoðun, að heppilegra sje að tolla aðeins fáar vörutegundir, eins og hann mintist á, en hafa tollana á þeim þá þeim mun hærri. En sökum tekjuþarfar ríkissjóðs höfum við neyðst til að elta uppi svo að segja hverja einustu vörutegund og tolla hana. Hefir margur víst ljeð slíkri tolllöggjöf samþykki sitt gegn samviskunnar mótmælum, því að það er öllum augljóst, hversu afarerfið slík tollheimta er, og til frambúðar getur það ekki staðist.

Hv. þm. (ÁÁ) vjek að verslunarmálum Englendinga og tolllögum þar í landi. Jeg hygg, að hann hafi ekki farið allskostar rjett með það, að tóbakstollur sje þar mun hærri en hjer. Að því er jeg veit best, munu vera áhöld um toll þennan þar og hann verður hjer samkv. frv. þessu, ef samþykt yrði. Hitt var heldur ekki rjett hjá honum, að í Svíþjóð og Frakklandi hafi verið stofnað til tóbakseinkasölu til þess eingöngu að afla ríkjunum tekna.

Í báðum þessum löndum mun það jafnvel hafa ráðið meiru eða mestu um stofnun einkasölunnar, að hafin yrði í sambandi við hana tóbaksiðnaður og tóbaksrækt í löndunum sjálfum. Enda standa atvinnuvegir þessir mjög föstum fótum í Frakklandi, og reyndar talsvert gert að þessu í Svíþjóð líka. Munu þessar ástæður hafa verið þyngstar á metunum, þegar einkasölufyrirkomulagið var upp tekið í þessum löndum.

Þá má geta þess, að í Svíþjóð er einkasölunni annan veg fyrir komið en hjer. Þar er verslunin rekin af hlutafjelagi, og verslunarstjettinni, jafnt sem öðrum, gefinn kostur á því að eiga sinn hluta í fyrirtækinu með ríkinu. Er þetta ólíkt mildara form en hjer er nú.

Í máli þessu kennir mikils stefnumunar. Við, sem fylgjum þessu frv., hikum ekki við að játa, að fyrir okkur er það stefnumál að leggja ekki verslun með nokkra vörutegund undir rekstur hins opinbera. Við álítum, og höfum sýnt fram á, að hægt er að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna á annan hagkvæmari hátt. Eins og mál þetta liggur nú fyrir, verður tekjumissir ríkis-

sjóðs sáralítill eða enginn, þó að frv. þetta nái fram að ganga. En við það vinst annað, sem er líka nokkurs virði, að allur almenningur í landinu unir mun betur verslunarfyrirkomulaginu eftir en áður.

Magnús Torfason: Það hefir verið talað mikið um stefnur í sambandi við þetta mál. Jeg fæ ekki sjeð, að nein önnur stefna hafi ráðið um stofnun þeirra tveggja einkasölufyrirtækja, sem dregin hafa verið inn í þessar umr., steinolíueinkasölunnar og tóbakseinkasölunnar, en sú, hvað hagkvæmast mundi ríkissjóði annarsvegar og einstaklingum þjóðfjelagsins hinsvegar. Steinolíueinkasalan var stofnuð einkum með hagsmuni einstaklinganna fyrir augum, en við stofnun tóbakseinkasölunnar var að mestu leyti litið á hagsmuni ríkissjóðs. Þetta ætti öllum hv. þm. að vera ljóst.

Ýmsir hafa látið í veðri vaka, að síðustu kosningar hafi sýnt það ljóslega, að meiri hl. þjóðarinnar vilji tóbakseinkasöluna feiga. Þetta get jeg ekki kannast við á nokkurn hátt. Það er áreiðanlega ekkert hægt að ráða með vissu af kosningunum í þessu efni. Þar kom svo margt til greina, sem hafði sín áhrif á kosningarnar, að þetta atriði hefir vissulega druknað í því öllu saman og þess gætt lítils sem einskis. Það er áreiðanlegt, að vilji menn fá vitneskju um, hvað þjóðin vill í þessu máli, þá verða menn að afla sjer hennar með einhverju móti öðru en almennum kosningum. En ef dæma skal nú um vilja landsmanna alment í þessu máli, þá er jeg heldur á því, að stefna frv. þessa um afnám tóbakseinkasölunnar yrði að láta í minni pokann. Ræð jeg þetta af því, að þinginu hafa borist mýmargar þingmálafundarályktanir um að afnema ekki einkasöluna, og hafa þessar raddir aldrei verið háværari en einmitt nú.

Úr því að verið er að tala hjer um stefnur, þá vil jeg ekki, að framhjá einni stefnu sje gengið, íhaldsstefnunni. Jeg sje ekki betur en að frv. þetta sje beint brot á íhaldsstefnunni, sem sje þeirri stefnu, að halda í það, sem er, og sporna við öllum byltingum í þjóðfjelaginu, nema fullvíst sje, eða a. m. k. yfirgnæfandi líkur fyrir því, að breytt verði um til batnaðar. Og að því er þetta frv. snertir, þá hvílir sönnunarbyrðin á flm. þess, þar á meðal á hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), um, að með því verði breytt til batnaðar. Af því, sem enn er fram komið af gögnum í máli þessu, fæ jeg ekki sjeð, að sannað hafi verið, að afnám tóbakseinkasölunnar sje spor fram á við, og eru þó útreikningar allir aðeins annarar handar, þeirrar, sem krefst afnámsins, og er því eftir að vita, hverjum breytingum þeir kunna að taka við nákvæma endurskoðun í nefnd.

En jafnvel þó að þessir útreikningar hv. flm. reyndust nú rjettir í öllum aðalatriðum, þá er ekki þar með sagt, að afnám einkasölunnar fái áorkað því, sem hv. flm. telja henni til rjettlætingar, að tóbak lækki í verði. Jeg ræð þetta sjerstaklega af því, að mjer virðist ekki tekið með í reikninginn eitt atriði, sem hefir þó óneitanlega sína þýðingu, en það er álagning smásalanna eftir að verslunin er gefin frjáls aftur og enginn er til að halda í hemilinn á þeim. Það er öllum kunnugt, að smásölum tóbaks hefir fækkað að mun, síðan einkasalan tók til starfa, vegna þess, að þeim hefir þótt hámarksálagning sú, sem einkasalan leyfir þeim, of lítil; þótt hún gefa of lítinn arð. Hafa þeir því kosið að hætta að versla með tó-

bak og ekki kært sig um eða talið sjer skylt að sjá viðskiftavinum sínum fyrir þessari vörutegund. Mjer sýnist því vafalítið, að ef ríkissjóður á að fá tekjuauka, eftir að einkasalan verður afnumin, af aukinni tóbaksverslun, þá verður það því aðeins, að smásalarnir fái að leggja á tóbakið eftir eigin geðþótta, og það ekki smálítið. Og enda þótt heildsalarnir kunni að leggja eitthvað minna á vöruna en einkasalan hefir gert, sem þó engan veginn er víst, þá er mjög tvísýnt, að tóbaksverð lækki neytendum í hag.

Ein röksemd, sem í umr. þessum hefir verið haldið talsvert á lofti, afnámi einkasölunnar til framdráttar, finst mjer dálítið athugaverð. Það hefir legið í ummælum ýmsra hv. þm., nú síðast hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), og reyndar annara, að þeir telji það eitthvert hnoss, ef hægt verði að auka tóbaksnotkun í landinu. Jeg fyrir mitt leyti veit ekki, hvort þetta er svo mikið keppikefli. Takmörkun tóbaksnotkunar er þó a. m. k. til sparnaðar fyrir landsmenn, og hinsvegar hefir tóbak hingað til fremur verið talið spilla heilsu manna en hitt. Mjer er því nær skapi að líta svo á, að það sjeu góð lög, sem draga úr tóbaksnotkun að einhverju leyti.

Vitaskuld er ekki hægt að bera á móti því, að tekjur ríkissjóðs gætu vaxið eitthvað við afnám einkasölunnar, svo framarlega sem það er rjett, að minna yrði um tóbakssmyglun, ef verslunin verður gefin frjáls. En að mínu viti er það mjög óvíst, hvort sú ráðstöfun dregur nokkuð úr smyglninni. Þrjátíu ára reynsla mín sem lögreglustjóra segir mjer, að smyglun fari yfirleitt ekki eftir neinum öðrum „principum“ en því, hvað gefi mest í aðra hönd. En sje það hinsvegar rjett, sem sumir fylgjendur frv. þessa vilja halda fram, að tóbakssmyglun hafi aukist vegna einkasölunnar, þá verð jeg að segja, að fyrir þeim ósóma á að stemma stigu á annan hátt. Vitanlega verður það einungis gert með aukinni tollgæslu.

Þá vil jeg sjerstaklega leggja áherslu á eitt atriði, sem jeg held, að enginn hafi drepið á. Einkasala á tóbaki á að geta girt fyrir það, að fluttar sjeu inn í landið og hafðar á boðstólum sjerstaklega skaðlegar tóbakstegundir, og er það út af fyrir sig ekki lítils virði.

Það, sem einkum kom mjer til að standa upp, var, að jeg vildi vekja athygli háttv. flm. á einu talsvert þýðingarmiklu atriði. Setjum svo, að þeim takist að hamra afnám einkasölunnar í gegnum þingið, — eiga þeir þá víst, að tollhækkunin nái fram að ganga? Þetta er ekki sagt alveg út í hött. Þess er skemst að minnast, að síðasta þingdaginn í fyrra varð sjálfdauða frv., sem fól í sjer talsverðan tekjuauka fyrir ríkissjóð. Það frv. strandaði á því, að það var sett í samband við annað óskylt mál.

Jeg er viss um, að það eru menn með þessu frv., sem ekki á nokkurn hátt vildu hækka tóbakstollinn frá því sem er, enda álíta sumir stuðningsmenn frv. þegar lagt fullfreklega á þessa vörutegund.

Fyrir mitt leyti hefði jeg kosið, að þetta deilumál hefði ekki komið inn í þingið að sinni. Þingið er þannig saman sett, að óvíst er, hvernig málið færi. Sjerstaklega verð jeg að styðja á það, að það, að frv. er flutt nú, virðist benda á, að Íhaldsflokkurinn haldi, að hann sje enn meiri hluti þingsins. En þetta tel jeg ákaflega vafasamt. Og víst er um það, að frv. þetta verður ekki til að styrkja þann meiri hluta.

Jeg held óhætt að segja, að þessi tóbaksverslun hafi farið sæmilega. Á síðasta ári hefir hún gefið vonir um, að betra

lag sje að komast á, og þess vegna virðist mjer ekki ástæða til að eyðileggja hana nú.

Loks er eitt atriði, sem jeg vildi nefna í sambandi við þetta frv., og hæstv. fjrh. (JÞ) gat um. Mjer heyrðist hann lýsa eftir lögum um tóbaksiðnað. Vil jeg skora á hann að koma fram með frv. um það mál, því að ekki er ástæða til að setja það í samband við þetta frv., sem óvíst er að nái fram að ganga á þessu þingi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stóð einungis upp til að mótmæla einu atriði í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem mjer fanst svo mikil fjarstæða, að ekki má standa ómótmælt. Hann sagði, að með þessu frv. væri verslunarstjettin að heimta einn tekjustofn ríkissjóðs yfir í sínar hendur. Þetta nær engri átt. Frv. er fram komið í þeirri mynd, að vera fyrst og fremst tollaukafrv., og þannig frá því gengið, að hvorttveggja fylgist að, niðurlagning einkasölunnar og hækkun tollsins. Eins og jeg gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni, er það nokkurt álitamál, hvort í frv., eins og það er yfir höfuð, felist nokkur skerðing á tekjum ríkissjóðs. Að minsta kosti munar það heldur litlu, og má slíkt vel komast til leiðrjettingar í nefnd, ef ástæða þykir.

Úr því að jeg er staðinn upp, vil jeg segja það út af ummælum hv. þm. (ÁÁ), að jeg var hvorki að afsaka eða ásaka tóbakseinkasölu í öðrum ríkjum; slíkt kom mjer ekki til hugar. Jeg skýrði aðeins frá þessu eins og hverri annari staðreynd um slík fyrirtæki annarsstaðar. Þar er þetta fremur iðnaður heldur en verslunarfyrirtæki.

Hv. þm. (ÁÁ) taldi, að jeg gengi nauðugur til þessa leiks. Frv. hefi jeg ekki borið fram, en aðeins lýst minu áliti gagnvart þeirri hlið, sem veit að ríkissjóði. Og jeg get ekki annað en látið mjer í ljettu rúmi liggja, að því er snertir tekjur ríkissjóðs, hvort frv. gengur fram eins og það er nú, eða núverandi ástand helst. Það munar aldrei miklu á hvorugan bóginn. Út af ýmsum ummælum, sem fallið hafa, er rjett að geta þess, að eftir öllum þeim tölum, sem hægt er að festa hendur á, er yfir höfuð ekki hægt að sanna, að ríkiseinkasalan á tóbaki hafi fært ríkissjóði beinan tekjuauka. Tökum við til dæmis innflutning á tímabilinu frá 1914—1921 og leggjum núverandi tollgjald á þann innflutning, gera tolltekjurnar að meðaltali á ári kr. 7,30 á hvert mannsbarn í landinu. Taki maður svo tekjur af einkasölunni þau 3 ár, sem hún hefir staðið, og reikni eins og í fyrra dæminu eftir þeirri tollhæð, sem nú er, fáum við kannske kr. 7,40 á hvert mannsbarn í landinu. Jeg verð að segja það, að þeir menn, sem halda því fram, að sá tilgangur að útvega tekjuauka með einkasölunni hafi ekki náðst, hafa sterkt vopn í höndum, þar sem slíkar tölur eru. En munurinn er svo lítill, að ekki er hægt að staðhæfa, að orðið hefði á annan veg að öllu óbreyttu. Það, sem auðsjeð er að tóbakseinkasalan hefir leitt af sjer, og verður ekki um deilt, er minkun á tóbaksinnflutningi. Ríkissjóður hefir haft sömu tekjur af minna tóbaksmagni heldur en áður þurfti. Ekki verður heldur deilt um það, að einkasalan hækkaði tóbaksverðið. Það nær engri átt að halda fram, að önnur eins álagning á tóbakið og einkasalan hefir framkvæmt samkvæmt lögum, hefði verið viðhöfð í frjálsri verslun. *(MT:* Jú, jú!). Jeg skal þá leyfa mjer að benda á stórt verslunarfyrirtæki, S. Í.

S., sem kaupir tóbak af landsverslun og selur kaupfjelögum. Heldur hv. þm. — sem er vel kunnugur S. Í. S. — að það mundi framkvæma sömu álagningu og landsverslun, ef það keypti tóbakið beint frá verksmiðjum. Það nær ekki nokkurri átt.

Það, sem þá getur verið álitamál, er það, hvort menn vilja halda áfram að stefna að minkun tóbaksinnflutningsins. Virtist mjer háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gjarnan óska þess, og var hann jafnvel að minna á þá möguleika, að tóbakseinkasalan tæki alveg fyrir tóbaksinnflutning með tímanum. Að svo stöddu gæti jeg ekki óskað slíks, vegna ríkissjóðsins; ekki veitir honum af þessum tekjum. Það er erfitt að segja um afleiðingar breytingarinnar, sem stungið er upp á nú, því að maður hefir ekki reynsluna til að taka tölur eftir og byggja áætlanir á. Jeg hefi að gamni mínu reiknað út, hvað þessar tolltekjur, sem stungið er upp á í frv., myndu gera mikla upphæð á mann eftir meðalinnflutningi þriggja síðustu ára, og koma þá kr. 6,68 á hvern mann í landinu. Miðað við meðalinnflutning áður en einkasalan komst á, verða tolltekjurnar kr. 9,76 á mann eftir frv. Jeg held, að hvernig sem menn velta tölum þessum fyrir sjer, sje ómögulegt annað en álíta það hreinustu fjarstæðu, að verið sje að heimta tekjustofn ríkissjóðs öðrum til handa.

Það, sem hv. þm. (ÁÁ) sagði um framsókn og íhald, skal jeg að mestu leiða hjá mjer. En það gat ekki annað en glatt mig að heyra þann skilning hjá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að það eru íhaldsflokkarnir, bæði hjer og annarsstaðar, sem hafa tekið að sjer verkefnin, sem framsóknarflokkarnir höfðu á öldinni sem leið. Það er laukrjett. Það er mentun og þekking hv. þm., sem kom honum til að segja þennan sannleika. Íhaldsflokkarnir hjer og annarsstaðar berjast fyrir að viðhalda því þjóðfjelagsfrelsi og persónufrelsi innan þjóðfjelagsins, sem framsóknarmenn 19. aldar áunnu þjóðunum til handa með langri og strangri baráttu.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) gat þess, að jeg hefði lýst eftir lögum um tóbaksiðnað. Jeg geri það ekki, nema svo fari, að núverandi fyrirkomulag tóbakseinkasölunnar haldi áfram. Þá verður að taka löggjöfina um tóbaksiðnað til endurskoðunar. Í lögunum frá 1919 er miðað við frjálsa verslun, og verði hún innleidd aftur, þarf ekki nýja löggjöf um þetta efni.

Ásgeir Ásgeirsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) byrjaði á því að benda á þá miklu fjarstæðu, — sem hann svo kallaði, — er kom fram í minni síðustu ræðu, sem sje þá fullyrðingu mína, að verslunarstjettin væri hjer að heimta einn tekjustofn ríkissjóðs í sínar hendur. Jeg hefi að vísu ekki sagt það, að verið væri að heimta hann allan; tollurinn er auðvitað ekki heimtaður — heldur verslunarhagnaður ríkisins. Þetta er svo einfalt mál, að engrar þarf skýringar. Má orða þetta á annan veg og segja, að verslunarstjettin ætlist að vísu til, að það, sem áður var verslunarálagning, greiðist í ríkissjóðinn sem hækkaður tollur, en hún sje með þessu að áskilja sjer rjett til að heimta aukinn skatt af landsmönnum, þar sem er væntanleg hækkun vöruverðsins. Má orða það á hvorn veginn sem er, að stjettin taki þetta af landsmönnum eða ríkissjóði, ef frv. nær fram að ganga. Ekki er um fleiri aðilja að ræða í þessu máli. Ef enginn hagnaður væri í aðra hönd, mundi verslunarstjettin ekki koma með þessa ósk.

Hæstv. fjrh. kvað það geta verið mikið álitamál, hvort tekjur ríkissjóðs hefðu ekki skerst við það, að ríkið tók söluna í sína hönd. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. fjrh. hafi verið búinn að rannsaka þetta mál í fyrra, því að þá var það rætt. En þá sagði hann hjer í þinginu, að vegna tekna ríkissjóðs mætti einkasalan ekki missast; þannig var hans dómur þá. Ennfremur hefir hæstv. fjrh. ekki lagt fyrir þingið frv. um afnám einkasölunnar, heldur hefir hann í fjárlagafrv. fyrir 1926 áætlað tekjur af verslunarhagnaði einkasölunnar. Þetta tók jeg í þingbyrjun sem sönnun þess, að hæstv. fjrh. ætlaðist til framhalds á núv. fyrirkomulagi. Vegna þessa ljet jeg svo um mælt, að hæstv. fjrh. hefði gengið nauðugur til þessa leiks; því að hefði hann verið fús, þá hefði hann á þessu sviði gengið í broddi fylkingar, en ekki læðst í humátt á eftir, eins og nú á sjer stað.

Jeg er hæstv. fjrh. fyllilega sammála um það, að íhaldið er nú búið að taka við því, sem fyr á öldum var á stefnuskrá framsóknarmanna. Engin er það undantekning á vorum tímum; framsóknarmenn berjast fyrir nýju og betra fyrirkomulagi. Og meðan fyrirkomulagið er nýtt, er það gott; en sá tími kemur, að það eldist, og þá tekur íhaldið við og fer að verja það. Saga mannkynsins gengur í öldum; framsóknarmenn sækja fram til nýrra endurbóta, en íhaldið heldur í gallana, sem síðar koma í ljós á breyttum tímum, vegna einstaklingshagsmuna. Við framsóknarmenn stöndum ekki í þeirri meiningu, að við berjumst fyrir fyrirkomulagi, er standi til eilífðar. Við vitum það ósköp vel, að jafnvel það, sem við nú berjumst fyrir, verður úrelt á sínum tíma, og þá tekur íhald þeirra tíma það að sjer.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) bar fram mjer til andmæla ummæli mín á síðasta þingi um það, að vegna teknanna mætti ekki afnema einkasöluna. Þessi ummæli hafði jeg þá um frv., sem fram var borið um afnám einkasölunnar án þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn með nokkrum tollauka.

Að tekjur einkasölunnar voru teknar í fjárlög, er samkv. þeirri reglu, að í fjárlagafrv. eru teknar allar tekjur samkv. gildandi lögum. Þetta átti að gera hvað sem afnámi einkasölunnar líður. Frv., sem hjer er fram borið, er um að setja tollhækkun í stað einkasöluálagningar, en ekki um hækkun eða lækkun á tekjum ríkissjóðs.

Hv. þm. vildi snúa sig frá sinni hreinskilnu viðurkenningu um íhaldsflokkana með því að halda fram, að þeir yfir höfuð væru vanir að taka að sjer gallana, sem hinir afhenda, til fósturs og umönnunar. Vil jeg því segja hv. þm. það, að meðan hann sjálfur er ekki í neinum íhaldsflokki, á hann ekki atkvæði um það, hvort þeir taki gallana eða hið góða; því ráða íhaldsmenn sjálfir. Hefir það farið svo hjer á landi, að þessi ungi Íhaldsflokkur hefir hingað til ekki tekið neitt annað en það góða og gagnlega úr þeim árangri, sem framsóknarflokkar landanna hafa fengið framgengt í þjóðskipulagsmálum. *(ÁÁ: Þá væruð þið gengnir í Framsóknarflokkinn!)*. Nei. Það er eðli þessara framsóknarmanna, að þegar þeir eru búnir að koma einhverju gagnlegu á, þá er það næsta fyrir þeim að berjast á móti því.

Flm. (Björn Líndal): Jeg vildi víkja nokkrum orðum að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og árjetta það, sem hæstv. fjrh. (JÞ)

drap lítið eitt á. Háttv. þm. sagði, að við vildum halda í galla þjóðskipulagsins vegna hagsmuna einstakra manna. Þetta eru mjög óviðeigandi og illgjarnar getsakir, hvort sem þeim er beint til einstaklinga eða pólitískra flokka, og alveg ósæmilegt í þingsal.

Hver er svo þessi nýja stefna, sem Framsóknarmenn berjast fyrir? Þeir eru að taka upp verslunarstefnu frá 17. og 18. öld, sem altaf hefir illa reynst og altaf mun illa reynast. Þetta er öll framsóknin. Okkar stefna er að halda í það, sem reynslan hefir sýnt okkur, að er gagnlegt og gott. Og jeg vil biðja hv. þm. að benda mjer á tímabil í sögu landsins, sem þjóðinni hefir farið meira fram á en á þessum stutta tíma, sem hún hefir fengið að njóta frjálsrar verslunar.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) minntist hjer á það, sem jeg sagði í fyrra, að jeg vildi bíða eitt ár enn þá eftir því að sjá betur, hvernig landsverslunin reyndist; nú hafi hún grætt, og því ætti jeg ekki að flytja þetta frv. En hafi landsverslunin grætt, þá get jeg sagt hv. þm. V.-Ísf., að jeg hefi líka grætt. Jeg sje altaf betur og betur til hvers á að brúka landsverslunina, þótt það sjáist ekki í reikningum hennar. Þessi verslunarhagnaður tóbakseinkasölunnar síðastliðið ár hefir alls ekki sannfært mig um það, að rjett sje að halda þessari verslun áfram. Jeg er jafnsannfærður um það enn eins og jeg hefi verið, að þjóðinni sje heilladrjúgast að hafa alla verslun frjálsa. Verslun þessarar þjóðar er ekki frjáls, meðan rekin er einokun með ýmsar vörutegundir. Það er fjarstæða að halda slíku fram. Annars væri fróðlegt að vita, hve margar vörutegundir mætti taka til einokunar áður en verslunin hætti að geta kallast frjáls að dómi þessara manna! Þá talaði þessi hv. þm. (ÁÁ) um það, að tóbak væri best til þess fallið af öllum vörum að afla ríkissjóði tekna. Jú, ef það væri siðferðilega rjett að okra á ástríðum manna. En jeg álít, að það sje með öllu siðferðilega órjett. Því þá ekki að afnema aðflutningsbannið og okra á drykkjuástríðu manna? Það væri jafnrjett. Það á að vinna á móti skaðlegum ástríðum. Og vegna þess að við viljum minka tóbaksástríðuna, þá viljum við ekki nota hana takmarkalaust sem tekjustofn handa ríkinu. Þess vegna á að leggja tóbakseinokun ríkisins niður, og hækka þá heldur tollinn, til þess að friða þá menn, sem horfa í tekjurnar.

Þá sagði þessi hv. þm. (ÁÁ), að þeir, sem flytti þetta frv., gerðu það vegna hagsmuna kaupmanna, þvert ofan í hagsmuni þjóðarinnar. Þetta er getsök, sem enginn heiðvirður maður ætti að láta frá sjer fara á strákafundi á einhverjum útkjálka, hvað þá heldur í sjálfum þingsölunum, að ætla þingmönnum eiginhagsmunahvatir, ef þeir fylgja öðru en honum þóknast. Þá er gengið miklu lengra en nokkru góðu hófi gegnir.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að hjer væri að ræða um stefnur tveggja flokka. Annar vildi takmarkalausa frjálsa samkepni, en hinn vildi sníða annmarkana af henni. Í þeim tilgangi hafa víst kaupfjelögin verið stofnuð. En hefir þeim tekist betur? Er hin takmarkalausa samábyrgð betri en hin ábyrgðalausa frjálsa verslun? Er betra að láta aðra ráða yfir sjer með húð og hári en neyta frjáls krafta sinna og mögulegika? Jeg hika ekki við að svara neitandi.

Þá kem jeg að ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg met þann hv. þm. mikils, því að hann er mjer að ýmsu góðu kunnur. En það skal jeg játa, að jeg hlýsti ekki við miklu af skynsam[illegible] frá

honum í þessu máli. Það bygði jeg á því, að þegar frv. um einkasöluna var til umræðu hjer í háttv. Nd., þá gerði hann ráð fyrir því, að allur kostnaðurinn við verslun þessa mundi ekki nema yfir 30 þús. kr. Þessi hv. þm. ætti að spyrja forstjóra landsverslunar að því, hversu þetta hefði ræst. Annars vita allir, að sú upphæð, sem hann gerði ráð fyrir að nægja mundi til starfslauna, 10 þús. kr., hrekkur ekki handa öðrum yfirmanni verslunarinnar. Mig furðar ekki svo mjög á því, þótt þessi hv. þm. reikni ennþá skakt í þessu máli. En hinu furðar mig meira á, að hann skyldi verða fyrstur manna hjer í þessari hv. deild til þess að drótta að öðrum þingmönnum óheiðarlegum hvötum. Hann sagði, að varla yrði hjá því komist að álíta, að frv. þetta væri fram komið vegna einkahagsmuna, af því að kaupmenn græddu á því. En þá vil jeg spyrja: Liggur ekki eins nærri að ætla, að þeir menn sumir hverjir, sem berjast fyrir einkasölunni, geri það í eiginhagsmunaskyni? Hafa þeir ekki hjer hagsmuna að gæta? Lifa þeir ekki í skjóli einkasölunnar í vellystingum praktuglega? Hafa þeir ekki hærri laun heldur en sjálfir ráðherrarnir? Peninga má afla með ýmsu móti. Þá krókaleið má fara að afla sjer valda og nota síðan völdin til fjárafla. Landsversluninni fylgja mikil völd, og þau má nota á ýmsan hátt. Annars liggur mjer við að undrast það, að tóbakseinkasölunni skuli ekki hafa verið hagað á sama hátt og steinolíueinkasölunni, að selja hana í hendur einhverju útlendu verslunarfjelagi. Jeg vildi t. d. spyrja hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), hvort honum virðist ekki, að komið gæti til mála að fela t. d. færeyskum kaupmanni að birgja landið upp með tóbak.

Þetta er í síðasta sinn við þessa umræðu, sem jeg tek til máls. Jeg vil því ljúka máli mínu með þeirri athugasemd, að sje það rjett að gera kaupmönnum og smásölum þær getsakir, að þeir berjist fyrir þessu máli í eiginhagsmunaskyni, þá má með fullkomlega sama rjetti, og miklu fremur þó, segja, að forvígismenn einkasölunnar berjist fyrir henni af enn verri hvötum. Alla einkasölu ríkisins er *hægt* að gera að pólitísku vígi, ekki aðeins til þess að afla fjár á ýmsan hátt, heldur og einnig til þess að ræna landsmenn persónulegu frelsi og gera þá ánauðuga þræla nokkurra fárra manna.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði ætlað mjer að sitja hjá í þessu máli. En vegna stefnu þeirrar, er umræðurnar hafa nú nýlega tekið, vil jeg segja nokkur orð. Er þá skjótt af að segja, að jeg er alveg fylgjandi frv. þessu, a. m. k. þeirri stefnu þess að afnema landsverslun. Nú stendur nokkuð sjerstaklega á með skoðun mína í þessu máli. Jeg hefi áður á mörgum þingum haldið þeirri skoðun fram, að einn vegurinn til þess að auka tekjur ríkissjóðs væri sá, að ríkið hefði einkasölu á tóbaki, en enginn vildi líta við þeirri tillögu þá. Loks er frv. til laga um einkasölu þessa kom hjer fram, þá stóð þannig á, að hagur landsmanna þótti svo bágur, að takmarka átti innflutning í landið til þess að spara útlendan gjaldeyri. Gat jeg þá ekki fylgt þessu máli, því að jeg taldi ósæmilegt fyrir ríkissjóð að pranga með óþarfavöru í sömu andrá og takmarka yrði innflutning á nauðsynjum. Í öðru lagi gat jeg ekki og get ekki verið því fylgjandi, nema það hefði áunnist, að hafinn hefði verið tilbúningur á tóbaki í landinu sjálfu, þannig að hráefni ein hefðu verið innflutt og þjóðinni sparað að greiða öðrum þjóðum verkalaun. Að

því hefði orðið talsverður hagur fyrir landið. En úr því að það var ekki tekið með hjer, þá sje jeg enga ástæðu til þess að halda í einkasöluna, því að allar tekjur hennar má fá með tollum án þess að binda sjerstakt fje og starfskrafta við þessa verslun. Því kaupmenn hafa nóg lið við verslanir sínar og þurfa enga nýja menn vegna tóbakssölunnar, þótt hún yrði þeim fengin. Það er því bein þjóðareyðsla að taka tekjur þessar með einkasölu, í stað þess að taka þær með tolli.

Jeg heyrði einhvern hv. þm. láta sjer þau orð um munn fara, að það væri verslunarstjettin, sem bæri þetta mál fram hjer í þinginu. Þetta kom mjer ókunnuglega fyrir. Jeg veit ekki til þess, að sú persóna sje fulltrúi eða þingmaður fyrir neitt kjördæmi. Jeg skil því ekki þessi ummæli, að verslunarstjett þessa lands sje að seilast hjer eftir einum tekjustofni ríkissjóðs sjálfri sjer til handa. Nema þetta beri að skilja óbeint, eins og hv. þm. Ak. (BL) drap á, þannig, að verslunarstjettin hefði hjer leiguliða, sem væru nú að fylgja fram vilja hennar í þessu máli. Jeg býst við því, að þessi orð sjeu töluð í hita dagsins, en því sje ekki svo farið, að nokkur trúi því, að hjer sjeu menn, sem skoði sig sem þjóna einnar stjettar. Það er vitanlegt, að hjer eru allir þjónar alls landsins. Þetta segi jeg úr því jeg stóð upp. En þótt jeg sje upp staðinn, mun jeg ekki leggja til deilu þeirrar um flokka, sem hjer hefir staðið um hríð. Mjer virðist flokkar þessir hafa tiltölulega lítið sjerkennilegt við sig, og vil jeg ekki taka það að mjer að gera greinarmun á þeim. Hjer er verið að þjarka um framsókn og íhald, en mjer virðist sem hjer megi ekki á milli sjá, nema ef menn vildu greina þá eftir mönnum og kalla annan flokkinn Jónaíhaldið en hinn Jónasaríhaldið. Það tekur því ekki að deila um það, hvort íhaldið sje meira. Mjer virðist hvorttveggja vera fullnóg íhald.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er svo alkunnugt, að það tjáir ekki að bera á móti því, að frv. þetta á sína rót að rekja til verslunarstjettarinnar. Og þó hún sje ekki til sem persóna — og hv. þm. Dala. (BJ) veit, að það lá ekki í orðum mínum —, þá eru margir hennar fulltrúar, sem jeg vildi óska, að ekki hefðu gert sig svo litla að stynja undan jafnlitlum búsifjum og tóbakseinkasalan er.

Hv. þm. Ak. (BL) bar sig illa og þóttist þola píslarvætti mikið í þessum umr. Það var ekki mín ætlun að vekja honum sár. En það verður að virða til vorkunnar manni, sem slíkt frv. flytur, þó honum finnist illa stinga örvarnar þeirra, er á móti standa. Jeg hefi ekki sagt, að hann flytji það í eiginhagsmunaskyni. En jeg sagði, að frv. væri flutt vegna hagsmuna verslunarstjettarinnar. Vegna þess að hún hefir hag af breytingunni, gerir hún svona harðar kröfur. Það er alls ekki vegna annara stjetta í landinu, sem frv. er fram borið. Það er opinbert og augljóst, að kaupmenn eiga töluverðar tekjur undir úrslitum þessa máls. Aftur veit jeg vel, að hv. þm. Ak. (BL) á hjer lítils eða einskis hagnaðar von. Hann berst fyrir þessu máli af því að hann er „idealisti“. En sá er hængur á, að hjer hefir hann slegið ást sinni á áttræða gamaljómfrú. Það er verslunarstjettin, sem notar þessa gömlu piparmey til þess að ginna háttv. þm. Ak. (BL), og mega allir sjá, hversu hann gín við beitunni, svo girnileg sem hún er. Þessi hv. þm. (BL) vildi telja það ósæmilegt að leggja toll á

ástríður manna. Það fer vitanlega eftir því, hvernig það orð er skilið. Hv. þm. (BL) talaði um reykingar og því um líkt sem svívirðilegar ástríður að almannadómi. Jeg skal fúslega játa, að ekki ber að leggja toll á neitt það, sem svívirðilegt er að almannadómi. En tóbaksbrúkun hlýtur að jafnaði ekki þann harða dóm. Hjer er alls ekki um það að ræða að leggja toll á brot á tíu boðorðum guðs. Hjer er aðeins um það að ræða að leggja toll á vöru, sem er óþörf og margir þó nota, en fáir eða engir sjer til skaða. Og hjer eru tollar á svo mörgum líkum vörutegundum, að hjá þessu er ekki hægt að sneiða. Vilji menn klæða sig vel, verða menn að greiða háa tolla. Eins er um tóbakið. Hv. þm. (BL) vildi sýna fram á ósamkvæmni hjá mjer í því, að jeg væri hlyntur kaupfjelögum og ótakmarkaðri samábyrgð, en svo væri jeg á móti ótakmörkuðu frelsi í verslunarmálum. Jeg hefi sýnt það, að jeg er alls óhræddur við smátakmarkanir á verslunarfrelsi, svo sem einkasölu þá, sem hjer er um að ræða. En jeg er líka á móti ótakmarkaðri samábyrgð og skoða hana aðeins sem bráðabirgðaákvæði, og hv. þm. (BL) veit, að í samvinnulögunum eru ákvæði, sem þar voru sett til þess að fjelögin gætu losað sig síðar meir við samábyrgðina, sem bankarnir heimtuðu þar til sjóðir fjelaganna geta komið í staðinn. Jeg er því í meira samræmi við sjálfan mig en hv. þm. Ak. (BL). Úr því að hann er á móti ótakmarkaðri samábyrgð, þá ætti hann að geta látið sjer lynda dálitla takmörkun á verslunarfrelsinu, sem til þess er gert að afla tekna í ríkissjóð. Hjer er ósamræmið hjá honum.

Jeg veit, að ýms ummæli hans síðast voru sprottin af misskilningi, en ekki af beinni illgirni, svo sem þegar hann var að tala um illgjarnar getsakir frá minni hálfu í sambandi við framsókn og íhald, er jeg hefði sagt, að íhaldið tæki að sjer gallana á því skipulagi, sem framsókn hefði fóstrað og barist fyrir, þegar það væri orðið úrelt. Jeg veit, að hjer er um að kenna skilningsleysi hv. þm. (BL), því auðvitað átti jeg við það, að íhaldsflokkarnir tækju við af framsóknarflokkunum að halda fram því fyrirkomulagi, sem þeir skoðuðu nú úrelt. En vitanlega tæki íhaldið bæði kosti og galla hins gamla skipulags, þó svo liti út stundum, er þeir væru að verja það gegn framsókninni, að þeir hefðu tekið sjerstöku ástfóstri við gallana, því annað er það ekki en gallarnir, sem framsóknin berst á móti. Hjer hefir verið talað um 17. og 18. aldar stefnu í þessu einkasölumáli. Hjer kennir enn hins sama misskilnings á þróun sögunnar. Það er vitanlegt, að framsóknin er oft endurvakin fortíð. Og stefna okkar í verslunarmálum nú á 20. öld verður sú að reyna að koma einhvernveginn í veg fyrir þá galla, sem nú er ljóst orðið að fylgja frjálsri samkepni, sem hin 19. öld barðist fyrir. Má vera, að svo langt aftur verði sótt eftir fyrirmyndum í þessu atriði, að líkt verði eftir því fyrirkomulagi, sem hjer tíðkaðist í fornöld og sögur vorar greina frá, er kaupmenn máttu ekki selja varning sinn fyr en goðinn, sem hlut átti að máli, hafði skoðað hann og sagt, hve dýrt mætti selja hann. Líkt átti sjer stað t. d. á Þýskalandi sumstaðar á miðöldum, þar sem borgarstjóri átti að rannsaka vöru kaupmannsins, og varð kaupmaður að staðfesta framburðinn um innkaupsverð vörunnar með eiði. En síðan ákvað borgarstjóri, hve mikil ómakslaun rjett væri að hann legði á vöruna

fyrir ómak sitt. — Slík fordæmi geta verið góð, þó gömul sjeu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi setið hjá þeim Hjaðningavígum, sem háð hafa verið um mál þetta bæði í gær og í dag og mun jeg ekki stofna til mikillar deilu með orðum mínum. En jeg vildi mega skjóta litlum athugasemdum til tveggja manna, sem hjer hafa talað, en það eru þeir hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Ak. (BL).

Jeg hefi hlýtt með mikilli ánægju á ræður þeirra hæstv. fjrh. og háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um framsókn og íhald. Það gladdi mig mjög, hve vel hv. þm. V.-Ísf. komst frá þeim umræðum, og hefi jeg því dálitla tilhneigingu til þess að hjálpa hæstv. fjrh. ögn í deilunni. Vil jeg í því sambandi minna hæstv. fjrh. á það, að hann hefir áður lýst íhaldsflokkunum mjög vel og skarplega. Það eru ekki mörg ár síðan hann skrifaði grein um þetta í blaðið Lögrjettu, þar sem hann sýndi með venjulegri rökvísi einkenni íhaldsflokkanna. Jeg man nú ekki lengur ummælin orðrjett, en þar lagði hann sjerstaka áherslu á, að íhaldsmenn einblíndu mjög á eigin pyngju og vildu engar framfarir, því að til þess yrðu þeir að greiða skatta, en undan því vildu þeir endilega komast. Yfirleitt var þessi Lögrjettugrein hörð ádeila á íhaldið, sem jeg finn ekki ástæðu til að bæta neinu við. En gott er fyrir íhaldsráðherrann að minnast sinna fyrri orða um stefnu íhaldsins.

Hv. þm. Ak. (BL) hefir nú haldið tvær ræður í þessu máli. Mjer þótti vænt um, hvað hann fór stilt af stað, en hann var ekki nærri eins gætinn í síðari ræðu sinni. Hann fór hörðum orðum um þá, sem halda vildu einkasölu ríkisins á tóbaki, og kvað þá þykjast hafa fundið nýj sannindi. Þessu beindi hann til Framsóknarflokksins, en jeg vil minna hv. þm. Ak. á það, að það voru ekki þeir herrar Framsóknarmenn, sem báru fram einkasöluna til sigurs, heldur þeir íhaldsráðherrarnir Magnús Guðmundsson og Jón Magnússon. Ásakanir hv. þm. Ak. beinast því fyrst og fremst til þeirra.

Þá er eitt enn. Hv. þm. (BL) kom með eina enn þyngri ásökun í síðustu ræðu sinni, er hann sagði, að verið væri að gera landsverslun að einhverju vígi sóðspillingar og glæpa. Sá maður, sem nú veitir þeirri stofnun forstöðu, hefir oft setið hjer í þessum sal, og hefi jeg ekki fyr heyrt vjefengdan heiðarleik hans. — Jeg vil mótmæla slíkri ásökun og tel hana á engum rökum bygða. Og jeg vil að lokum bæta því við, að þessi aðdróttun snertir ekki aðeins forstjóra landsverslunarinnar, heldur einnig og engu síður þann mann, sem æðsta eftirlit hefir með versluninni, nefnilega hæstv. fjrh. (JÞ). Ef landsverslunin er slíkt pestarbæli, sem hv. þm. (BL) ljet í veðri vaka, þá er það fyrst og fremst slælegu eftirliti hæstv. fjrh. að kenna, að slíkt skuli látið viðgangast. Er því rjettast fyrir háttv. þm. (BL) að beina skeytunum þangað, ef hann vill halda fast við þessa röngu aðdróttun.

Jakob Möller: Það er verið að kenna einkasölustefnuna við framsóknarflokkana, en jeg sje ekki betur en að það sje herfileg misþyrming á rjettri hugsun í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að það er óþarfi að leita langt aftur í tímann til að komast að raun um það, að alstaðar eru það íhaldsflokkarnir, sem barist hafa fyrir einkasölunni og komið henni á. Svo hefir það reynst í Svíþjóð, Frakklandi, Austurríki og annarsstaðar þar, sem þessi

stefna hefir verið tekin upp. Það er þess vegna auðsætt, að það er okkar Framsóknarflokkur, sem er að taka upp stefnu íhaldsflokkanna. En hvers vegna er það, að íhaldið hefir tekið til þessara ráða? Auðvitað til þess eins að koma mönnum undan því að greiða beina skatta af gróðafje, sem þeir annars yrðu að gjalda. Jeg verð því fyrir hönd framsóknarflokkanna á öllum tímum, liðnum og óliðnum, að mótmæla því, að þeim sje borin einkasölustefnan á brýn. Hún hefir aldrei verið og mun ekki verða borin uppi af þeim.

Um ágæti einkasölunnar yfirleitt þarf ekki að ræða. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um hina miklu tolla, sem væru á tóbaksvörum í Englandi. En þó munu þær vera þar síst dýrari en t. d. í Frakklandi, en tekjurnar þar minni.

Hv. þm. V.-Ísf. talaði að lokum um það, að þeir, sem væru móti einkasölunni, legðust um leið gegn hagsmunum þjóðarinnar. Nú er það svo, að það sýnir sig, að löglegur innflutningur á tóbaki minkar við einkasöluna, — en ætli mikill vafi sje á því, að þegar sje farið að flytja inn í landið tollsviknar tóbaksvörur? Efalaust eykst sá innflutningur jöfnum höndum eftir því sem landsverslunin starfar lengur. Það er sá munur á okkur og öðrum þjóðum, að þær hafa margfalt meiri kraft og betri aðstæður til að verjast smyglun.

Þá kemur það alls ekki þessu máli við, sem hv. þm. (ÁÁ) var að tala um, að grípa fram í fyrir kaupmönnum til að skapa rjettlátt verð. Tilgangur einkasölunnar er alls ekki sá, að halda okurverði niðri, heldur aðeins að afla landinu tekna. En því verður ekki á móti mælt, að mjög óheppilegt er að gera þannig einstakar vörutegundir að tekjustofnum fyrir ríkissjóðinn, ekki síst með hliðsjón af því, að með mjög háum tolli verður altaf mikið gert til þess að fara í kringum lögin. Auk þessa kemur þessi skattur jafnt niður á alla, án tillits til efna. Þá er það engu að síður fullkominn misskilningur að halda því fram, að þetta komi ekki verslunarfrelsinu við. Það er fyrirsláttur þeirra manna, sem reyna að fara í kringum sína eigin stefnu, af því þeir þora ekki að fylgja henni fram, þegar á hólminn er komið. Það er hvorttveggja, að einkasölustefnan er brot á rjetti einstaklinganna til að reka verslun og sömuleiðis brot á móti hagsmunum almennings, sem íþyngt er með þessu. Þetta er því í eðli sínu algerlega andstætt stefnu framsóknarflokkanna, en hinsvegar í fullu samræmi við stefnu allra íhaldsflokka. Okkar Íhaldsflokkur hefir brugðist öðruvísi við, og virði jeg hann fyrir það.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi í rauninni ekki mörgu að svara þeim, sem hafa andmælt mjer, enda hefir hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) velt þyngsta hlassinu í því efni. Tel jeg því, að svo komnu máli, ekki ástæðu að bæta mörgu við það, sem hann hefir sagt um frv. þetta. Þó get jeg ekki leitt með öllu hjá mjer að víkja nokkrum orðum að ýmsum ummælum hv. 1. og 2. flm. frv., þeirra hv. þm. Ak. (BL) og hv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Hv. þm. Ak. átaldi einkum tvent í ræðu minni, og þó hvorttveggja mjög hógværlega. Jeg þarf ekki að fara langt út í þessa sálma, enda voru það ekki veigamikil atriði, sem hann dró

fram, en gjalda vil jeg líku líkt og svara honum beiskjulaust. Hv. þm. (BL) fann að áætlun, sem jeg á að hafa gert á þingi 1921 um rekstrarkostnað tóbakseinkasölunnar. Sagði hann, að jeg hefði áætlað kostnað þennan um 10 þús. kr. á ári, og þótti honum skjóta nokkuð skökku við, þar sem kostnaðurinn hefði í raunimni orðið margföld þessi upphæð. Út af þessu vil jeg benda honum og öðrum hv. þm. á það, að þá var ráðgert, að landsverslunin hefði langtum fleiri vörutegundir með höndum en síðar varð raun á. Auk steinolíueinkasölu, sem menn bjuggust þá við, að stofnuð yrði, og töldu sjálfsagt að hyrfi undir landsverslunina, sem og raun hefir á orðið, þá gerðu menn einnig ráð fyrir, að áfengiseinkasalan yrði starfrækt af þessari sömu stofnun, og ennfremur að jafnvel yrði haldið áfram verslun með ýmsar aðrar vörutegundir, sem landsverslunin hafði þá með höndum. Það er því ofureðlilegt, að þegar menn voru þá að áætla kostnað við tóbakseinkasöluna sjerstaklega, þá yrði sú áætlun talsvert lægri en raun hefir á orðið, þegar verslunin hefir haft svo fáar vörutegundir með höndum. Annars má ekki ganga framhjá hinu atriðinu, að jafnframt því, sem kostnaðaráætlunin hefir gengið úr skorðum, hefir tekjuáætlunin einnig haggast. Tekjurnar af einkasölunni hafa orðið tvöfaldar við það, sem gert var ráð fyrir, bæði af mjer og öðrum, sem um stofnun einkasölunnar fjölluðu. Skiftir þetta atriði að vísu ekki miklu máli, því að það er alkunnugt, að áætlanir um svo mörg önnur efni hafa ekki betur staðist reynsluna, jafnvel þó að sjerfræðingar hafi unnið að þeim.

Í annan stað átaldi hv. þm. (BL) mig fyrir það, að jeg hafi gert honum og hv. meðflm. hans getsakir, með því að telja frv. þetta borið fram af eigingjörnum hvötum meira en vegna stefnu þeirra í verslunarmálum. Þessi ásökun hátttv. þm. (BL) er bygð á dálitlum misskilningi. Í raun og veru sagði jeg aldrei, að frv. væri borið fram í eiginhagsmunaskyni, en hitt sagði jeg, að þegar farið væri fram á að leggja niður tóbakseinkasöluna, þá væri ekki allsendis ósennilegt, að saman við stefnu þá í verslunarmálum, sem þar liggur til grundvallar, kynni að blandast eiginhagsmunir ýmsra skjólstæðinga hv. flm., eða jafnvel þeirra sjálfra, sumra hverra. Það getur engum dulist, að nærri liggur að ætla, að svo geti verið, og er því þarflaust að kalla það meinlegar getsakir, þótt bent sje á þennan möguleika. Enda gerði hv. þm. (BL) í raun og veru ekki mikið úr þessu atriði. Hann var yfirleitt mjög hógvær í minn garð, og þarf jeg þess vegna ekki að fjölyrða frekar um ræðu hans. En í þess stað vil jeg víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði í þessu sambandi. Hann hljóp undir bagga með mjer, þar sem hann átaldi tóbakseinkasöluna sem vanskapnað af hendi ríkisvaldsins, sem tæki frá verslunarstjettinni það, sem henni bæri, nefnilega ágóðann af tóbakssölunni. Með þessu sló hann því föstu, sem jeg hafði áður aðeins hugboð um, að hagsmunir kaupmanna lægju á bak við flutning frv., a. m. k. að einhverju leyti. Get jeg því verið honum sjerstaklega þakklátur fyrir þessa hreinskilnislegu játningu. Annað mál er það, að jeg er honum ekki sammála um, að líta beri á þetta atriði eins og hann gerir, og vil jeg sjerstaklega neita því, að verslunarstjettinni sje í nokkru misboðið, þó að ríkið taki einkasölu á einstöku vörutegundum í hags-

munaskyni. Jeg álít þvert á móti, að hagsmuni ríkisins beri að setja langtum ofar hagsmunum kaupmanna og að þeir hafi engan rjett til að krefjast þess, að ríkið falli frá þessum verslunarrekstri. Jeg kannast ekki við, að starf verslunarstjettarinnar sje yfirleitt svo þjóðþarft, einkum þar sem þessi stjett er langtum fjölmennari en þörf krefur og harla óþörf og ásælin um að nota sjer kaupfýsn almennings. Jafnframt rænir þessi stjett þjóðfjelagið þeim styrk, sem því að rjettu ber af þeim, sem starfandi mönnum, er stunda ættu einhverja heiðarlegri vinnu en mangarahátt.

Hv. þm. (ÁF) vildi halda því fram, að það væri ekki hlutverk löggjafans að taka frá landsmönnum voða þann, sem þeim kynni að stafa af notkun tóbaks eða annara ólyfjana. Þar ætti hver að sjá um sig. Þessi ummæli hans stöfuðu af því, að jeg hafði haldið því fram að fremur væri þakkarvert en hitt, að einkasalan drægi úr skaða þeim, sem tóbakið veldur mönnum, og að innflutningur þess mætti gjarnan minka eða hverfa alveg úr sögunni. Jeg held nú, að ein fyrsta og sjálfsagðasta skylda löggjafarvaldsins sje einmitt sú, að vernda borgara þjóðfjelagsins gegn hættu þeirri, sem þeim stafar af misbrúkun skaðlegra nautnameðala. Mætti í þessu sambandi benda á það, að gerðar hafa verið opinberar ráðstafanir til þess að aftra því, að almenningur hlíði tjón af nautn ópíums og annara slíkra eiturtegunda, sem víða erlendis eru talsvert notaðar sem nautnameðul, þótt hjer sje það sjaldgæft, sem betur fer.

Þá taldi hv. þm. (ÁF) mig hafa spáð hrakspám fyrir frv. þessu og talið, að það kæmist ekki í gegnum þessa hv. deild. Að vísu spáði jeg engu um afdrif frv., en ljet aðeins í ljós þá ósk mína og von, að það næði ekki samþykki hv. deildar, enda held jeg því fram, að frv. eigi ekki skilið að fá betri meðferð. Jeg skal skýra háttv. þm. frá því, á hverju jeg byggði þessar vonir. Það var fyrst og fremst á því, að mjer þótti það ósennilegt, að háttv. þingdeild vildi fallast á, að rjettur ríkisins til tekna af tóbakinu og rjettur almennings til betri viðskiftakjara ætti að lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum nokkurra manna, sem kynnu að bera meira úr býtum, ef þessi lög yrðu feld niður. Jeg byggði ætlun mína í öðru lagi á því, að í þessari hv. deild eru ekki allfáir þeirra manna, sem studdu tóbakseinkasölulögin 1921, og mjer þótti sennilegt, að þeir hefðu ekki skift um skoðun síðan. Í þriðja lagi byggði jeg á því, að sá flokkur, sem jeg telst til, mundi óskiftur verða á móti frv. Og jeg byggði í fjórða lagi þessa tilgátu mína á því, að jeg bjóst alls ekki við, og býst ekki enn við því, að hæstv. atvrh. (MG), sem var höfundur þessa frv. og flutti það svo röggsamlega 1921, mundi vilja bregða fæti fyrir einkasöluna nú. Jeg var samverkamaður hans á því þingi og jeg man, að samvinna okkar var bróðurleg og einlæg í þessu máli. Trúi jeg ekki fyr en jeg tek á, að hann snúi nú baki við því. *(Atvrh. MG:* Háttv. þm. skemdi fyrir mjer frv.: það gerði hann!). Fleiri áttu nú þátt í skemdunum þeim, og frsm. minstan.

Þetta voru þá þær fjórar aðalástæður, sem jeg hafði fyrir mjer, þegar jeg óskaði eftir, að frv. ætti ekki lengri leið fyrir höndum.

Jeg hefi nú svarað þessum tveim hv. flm. frv. að nokkru, og þarf jeg ekki neinu sjerstaklega við að bæta, enda voru þeir báðir tiltölulega hógværir í andmælum sínum. Jeg get að vísu bætt við nokkrum orðum alment um þetta mál. En af

því að flest af því, sem jeg hefi í huga, hefir verið tekið fram af öðrum, sem tala að hafa, vil jeg ekki tefja tímann frekar, og skal því láta hjer staðar numið.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer upphaflega að taka til máls. Bjóst satt að segja ekki við, að mál þetta myndi taka svo langan tíma við 1. umr. sem raun er á orðin. Og jeg gerði heldur ekki ráð fyrir, að hjer mundu koma fram ýms af þeim ummælum, sem hjer hafa fallið. Hinsvegar finst mjer mál þetta mikilsvert, og er því rjett að gera nokkra grein fyrir atkvæði sínu, og ekki síst vegna þess, með hvaða forsendum það er flutt hjer. Virðist svo standa nú með þetta mál eins og þegar það var upphaflega flutt 1921, því það er fyrst og fremst fjárhagsatriði fyrir landið, hvernig um það fer. Þær röksemdir, sem færðar voru fram, þegar mál þetta var fyrst flutt, voru aðallega þær, að með þessu móti mætti afla landinu tekna án þess að íþyngja almenningi og án þess að ríkissjóði gæti áskotnast slíkar tekjur af þessari vörutegund á annan jafnauðveldan hátt. Gert var ráð fyrir, að þessi tekjustofn mundi í bestu tilfellum gefa 200 þús. kr. á ári. Reyndar kom mönnum ekki saman um þetta; aðrir spáðu talsvert lægri tekjum. Hinar verri spár heyrðust aðallega frá þeirri stjett, sem glegst átti að vita deili á þessu máli, verslunarstjettinni. Með þessari breytingu (að landið tæki tóbakssöluna í sínar hendur) gerðu kaupmenn jafnvel ráð fyrir, að tekjurnar kynnu að hrökkva niður í 90 þús. kr. á ári. Og ekki var laust við, að gefið væri í skyn, að þannig gæti farið, að tóbaksverslun landsins gæfi hreint engar tekjur. Nú hafa menn reynsluna, þó að hún sje ekki löng, og hefir hún orðið mjög á annan veg en spárnar. Á síðasta ári hafa tekjurnar orðið 350 þús. kr., auk 35 þús. kr., er lagðar voru í varasjóð verslunarinnar. Á áfengis- og tóbaksverslun var gert ráð fyrir 1921 ½ milj. kr. tekjum. Þær námu 1924 um 800 þús. kr. Þetta þykir mjer glæsileg reynsla, það sem hún nær; og frá þessu sjónarmiði hafa hv. flm. ekki ástæðu til að afnema einkasöluna. Til þess verða því að liggja aðrar ástæður; en jeg verð að segja, að engar slíkar ástæður hafa komið fram, er rjettlætt geti það að afnema tóbakseinkasöluna. Tekjuþörf landsins er síst minni nú en þegar einkasölunni var komið á. Það atriði, sem virðist koma fram beint og óbeint um þetta mál og vera höfuðatriðið hjá hv. flm., er að verslunarstjettin eigi að annast um sölu á þessari vöru eins og öðrum og bæta beri úr tekjumissi ríkissjóðs með hækkuðum tolli. Þegar litið er á fjárhag ríkisins 1921 og hvernig hann er nú, þá er síst ástæða til að grípa til þessara ráða, sjerstaklega þar sem rök hv. flm. svífa mjög í lausu lofti. Eftir útreikningi þeirra hlýtur ríkið að tapa minst 100 þús. kr., og vitanlega getur það orðið miklu meira. Langtum líklegra, að landið verði fyrir stórkostlegum tekjumissi, nái þessi breyting fram að ganga. Hæstv. fjrh. gat þess í fjárlagaræðu sinni hjer um daginn, að sín stefna væri sú, að borga allar lausaskuldir ríkisins á 3—4 árum, sem nema um 4 milj. kr. Mjer líkar þetta vel. Þeim, sem annars hafa kynt sjer nokkuð fjárreiður ríkissjóðs, hlýtur að vera það ljóst, hversu brýn þörf er að grynna eitthvað á skuldunum. En jafnframt sem það á að gerast, liggur það í augum uppi, að ekki má rýra þá tekjustofna, sem ríkið hefir nú. Til þess að það sje gert, þurfa að vera þær brýnu ástæður, að ekki verði umflúið.

Jeg býst við því, að ef þessi breyting

nær fram að ganga, muni tollhækkun tóbaks, miðað við innflutninginn 1924, nema 180 þús. kr. Jeg hirði ekki að nefna smátölur, þær skifta litlu í þessu sambandi. Reyndist nú rjett spá hv. flm., að þegar tóbaksverslunin kæmist í hendur einstaklinga, myndi innflutningur aukast a. m. k. um 10%, þá ætti þessi tollauki að nema 270 þús. kr. Jeg geri ráð fyrir, að þó að kaupmenn fengju þessa vöru til meðferðar, og fengju að haga sjer með öflun og sölu eftir því, sem þeim best hentaði, þá mundi verð hækka sem næst því, sem tollhækkuninni nemur. Jeg held þeim sjeu ekki gerðar getsakir með þessu. Þessi aukni skattur legst á neytendur tóbaksins, og er það álitleg upphæð. Jeg get búist við, að ýmsir kaupmenn leggi meira á vöruna einmitt vegna tollhækkunarinnar. Því að þeir eiga það á hættu með þessa vöru eins og aðrar, að hún rýrni — og hafa hv. flm. gert töluvert úr því —, eða þeir verði fyrir tjóni og vanskilum. Þeir þurfa að gera fyrir öllu. En því meira fje, sem þeir greiða fyrirfram í tolli, því meiri ástæða til að leggja meira á vöruna, svo að þeir beri ekki skarðan hlut frá borði. Jeg hygg alveg óhætt að gera ráð fyrir, að tollhækkun lendi öll á neytendum, og sennilega meira en því nemur. En færi nú svo, að þingið fjellist ekki á þessa tollhækkun og núverandi tollgjald til ríkissjóðs væri látið halda sjer, en afnám einkasölunnar samþykt, þá mun ríkið missa eitthvað um 350 þús. kr. á ári, auk þess, sem lagt er í varasjóð landsverslunar, eftir innflutningi síðasta árs að dæma. Getur þetta vitanlega orðið meira eða eitthvað minna, en reynslan, sem fengin er, sýnir, að tekjurnar hafa aukist ár frá ári. Virðist ekki ástæðulaust að benda á, að ríkið má ekki eigi á hættu að tapa þessum tekjum. Og þær ástæður, sem færðar eru fram með breytingunni, eru svo veigalitlar, að þegar litið er til fjárhags ríkissjóðs, þá er ekki lítandi á þær.

Mjer hefir virst hæstv. stjórn vilja leggja á það ríka áherslu, að sem mest næðist í ríkissjóð. Í því skyni hafa komið fram frv. þess eðlis, að gjöldum er ljett af ríkissjóði og varpað yfir á almenning. Skal jeg í því sambandi nefna sjúkratrygginguna, — frv., sem gerir ráð fyrir, að almenningur greiði sem næst 335 þús. kr. á ári. Sóknargjaldafrv. mundi færa 80 þús. kr. á ári af ríkissjóði og yfir á herðar almennings. Breytingin á launakjörum kennara mun nema 160 þús. kr., sömuleiðis ljett af ríkissjóði.

Þessar upphæðir eru þess eðlis, að ekki verður hjá því komist að greiða. Þetta nemur samtals 575 þús. kr. Færi svo, að frv. yrði samþykt eins og það er úr garði gert, bætast hjer við 180 þús. kr. Þá er þetta orðið 755 þús. kr.

Aukist nú innflutningur tóbaks, svo sem hv. flm. gera ráð fyrir, nemur upphæðin nálega 850 þús. kr. Skatturinn, sem með þessu frv. er ætlast til að lagður verði á almenning, nemur sem næst 9 kr. á hvert mannsbarn á landinu.

Eins og menn muna, voru á síðasta þingi samþykt verðtollslög og gengisviðaukalög, og samkv. yfirliti hæstv. fjrh. nema þeir tollar síðastl. ár 1½ milj. kr. Það er rjett að nefna þetta, þegar verið er að gera upp fjárskifti ríkissjóðs við einstaklingana. Nemur þessi upphæð þá til samans eitthvað um 2 milj. og 300 þús. kr. Það verður sem næst 24 kr. á hvert mannsbarn á landinu. Þetta er svo mikil aukning á sköttum, að jeg bjóst alls ekki við frv. frá neinum hv. þm., sem leiða lengra inn á þessa braut. Og síst mætti búast við, að í flokki hæstv. stjórnar sje

gerður leikur að því að rýra tekjur ríkissjóðs að allverulegum mun.

Jeg get þegar lýst því yfir hvað snertir sjálfan mig, að mjer virðast ástæðurnar fyrir breytingunni svo veigalitlar, að jeg get ekki ljeð atkv. mitt til að koma á þessari tollhækkun.

Hv. flm. þessa frv. hafa haldið fram, að sú rýrnun, sem orðið hefir á innflutningi þessarar vöru, muni að sumu leyti stafa af því, að tóbaki sje smyglað inn. En sje svo, að nú sje tóbak óleyfilega inn flutt sem verulegu nemur, — hversu miklu meiri hætta verður þá á því, þegar margir verða innflytjendur og varan ómerkt flutt inn í landið.

Auðkenningin á tóbakinu, sem gert er ráð fyrir í frv., myndi vart verða kostnaðarlaus, og myndi sá kostnaður að sjálfsögðu rýra þær tekjur, sem hv. flm. gera ráð fyrir, að af tollhækkuninni leiði. Og jeg tel ekki óviðeigandi að benda á það, að því hærri sem tollur er, því ríkari hvöt er til að flytja tóbak óleyfilega inn í landið, enda viðurkent af ýmsum. Í þessu sambandi vil jeg skírskota til ummæla sjerfróðs manns, sem mikið hefir við kaupsýslu fengist. Geri jeg ráð fyrir, að menn leggi fult svo mikið upp úr þeim og þó jeg eða aðrir ósjerfróðir menn færum að spá. Þessi ummæli eru að finna í B-deild Alþt. 1917, bls. 1264—5. Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa þar fáein orð:

„Þá er lagt til, að tóbakstollur hækki upp í 3 kr. Það mætti ef til vill takast. En þó er jeg ragur við það, þar sem hjer vantar tollgæslu. Tóbak má fela í allskonar umbúðum og innan um aðrar vörur, og freistingin er því meiri sem tollurinn er hærri. Er þó öllum vitanlegt, að þegar hafa komist upp allstórfeld tollsvik á þessari vöru. En tolllöggjöf verður að stefna að því, að menn hafi sem minsta hvöt til að reyna að koma sjer hjá tollgreiðslu. Þess vegna er hjer, í tollgæslulausu landi, ráðlegast að leggja toll á sem flestar vörutegundir, en ekki of háan. Á vindlingunum munar litlu, en gæti þó leitt til hins sama.“

Jeg býst við, að þetta sje rjett athugað. Þá var tollurinn 2—4 kr. á kg. Hversu miklu meiri hætta á tollsvikum, þegar búið er meira en að tvöfalda tollinn frá því.

Vörugæðin hygg jeg, að ekki sjeu ver trygð í höndum ríkisins heldur en eiga þau undir vali kaupmanna. Jeg get ekki dæmt um gæði tóbaks, því að jeg neyti þess ekki, en margir tóbaksneytendur hafa sagt mjer, að þeir fái jafnbetra tóbak nú en áður, sem oft var mjög slæmt. Og víst er um það, að mest af þeim birgðum, sem landsverslun tók við af kaupmönnum, var mjög ljelegt.

Þá vil jeg víkja að því atriði, sem ýmsir telja kost við breytinguna, sem sje það, að tóbaksinnflutningur muni aukast við að salan kemst í hendur kaupmanna. Jeg verð að telja slíkt ókost, en ekki kost, því að það er öldungis víst, að enginn lifandi maður hefir gott af tóbaksnautn. Miklu fremur hið gagnstæða, sje þess neytt að verulegum mun. Jeg tel því í þessu efni árangur landsverslunar síður en svo óheppilegan, þótt innflutningur tóbaks minkaði, þar sem tekjurnar hafa orðið meiri en menn bjuggust við.

Að því er snertir verðlag tóbaks hygg jeg óhætt að segja, að samkv. reynslu síðari ára áður en landsverslunin tók við sje síst verra verðlag hjá henni en kaupmönnum.

Það er ljeleg ástæða þegar talað er um

áhættu landsverslunar út af tóbaksversluninni. Samkv. reynslunni þarf ekki að óttast hana. Sje áhætta fyrir landið að versla, þar sem hægt er að vita öll deili á vörugæðum og innflutningi, hversu miklu meiri er áhætta kaupmanna? Þeir vita ekki hver af öðrum, hvað mikið þeir flytja inn. Fyrir þessari áhættu verða þeir að gera, þegar þeir verðleggja vöruna. En viðvíkjandi þessum aukna innflutningi á tóbaki mætti minna á ummæli hæstv. fjrh., sem eru í B-deild Alþt. frá 1921, þau, að þetta sje vörutegund, sem menn ættu á engan hátt að gera gyllingar til að auka á innflutning hennar eða nautn. En ein höfuðröksemd flytjenda þessa frv. er nú sú, að innflutningur og nautn tóbaks mundi aukast, ef verslunin yrði frjáls. Mjer virðist sú ástæða fremur mæla móti málinu en með því. Jeg hygg, að jeg sje nú búinn að sýna nógu ljóslega, að það geti ekki verið af umhyggju fyrir þörf ríkissjóðs eða hag almennings, sem frv. þetta er fram komið. Hjer hljóta því að vera aðrar ástæður á bak við, og það er þá heldur ekkert launungarmál, að frv. er flutt að vilja kaupmanna, sem frá fyrstu tíð hafa verið andvígir því, að ríkið hefði verslun með höndum. Vil jeg því til sönnunar minna á brjef Verslunarráðsins til þingsins, dags. 2. mars 1921, þar sem það mælir eindregið á móti einkasölufrv. þeim, sem þá lágu fyrir þinginu, m. a. tóbakseinkasölunni. Komst Verslunarráðið að þeirri niðurstöðu í brjefi þessu, að tekjur ríkisins af þeirri einkasölu mundu ekki nema fullum 100 þús. kr. Geta menn nú sjeð, hve nærgætnir þeir hafa verið, þar sem tekjur ríkisins af henni námu á síðasta ári 350 þús. kr. Þeir færðu þá þau rök, sem hv. flm. þessa frv. færa nú enn fram, til stuðnings sínu máli, að frjáls samkepni yrði að fá að njóta sín og ekki mætti leggja neinar hömlur á hana, svo kaupsýslumenn landsins gætu rekið verslun þess á heilbrigðum grundvelli. En hvernig er nú annars varið þessari frjálsu samkepni? Hún er þó ekki svo heilög, að ekki megi gefa henni gætur. Mjer hefir stundum virst hún ekki sem heilbrigðust, svo naumast sje rjett að láta allar ástæður víkja fyrir henni. Maður hefir sjeð sitthvað skjallegt frá þessari samkundu, sem kölluð er Verslunarráð, sem bendir til þess, að kaupmönnum þyki hagur sinn ekki fulltrygður á þennan hátt, og þess vegna hafi þeir samband sín á milli um sölu og verð á vörum. *(HK*: Er það eins hjá kaupfjelögunum?). Jeg get svarað hv. þm. (HK) þegar, þó að viðkunnanlegra væri, að hann kæmi með sínar aths. í ræðuformi. Hann er sjálfur sá samvinnumaður og veit það glögg deili á kaupfjelagsskapnum, hvað hann má sín lítils samanborið við alla kaupmenn landsins, svo að þótt þau vildu, gætu þau ekki notið sín á sama hátt. Til þess skortir þau fje. Hv. þm. (HK) þekkir líka mörg svæði á þessu landi, þar sem engin kaupfjelög eru.

Í brjefi sínu frá 21. febr. 1921 kemst Verslunarráðið svo að orði (með leyfi hæstv. forseta):

„Það eru nú orðin bein lífsskilyrði fyrir þjóðina alla, að verðfall það, sem orðið er og síðar kann að verða, nái hingað sem fyrst. Verðið á afurðum vorum hefir fallið mikið undanfarið, og engar líkur til þess, að það fari aftur hækkandi. Ef við eigum að geta haldið framleiðslunni uppi í landinu, verður framleiðslukostnaðurinn að lækka. Það verður með því eina móti, að vjer njótum verðfalls-

ins á aðfluttum vörum, bæði þeim, sem þarf til framleiðslunnar, og almennum lífsnauðsynjum.“

Þessi kafli stendur í brjefi Verslunarráðsins, þar sem það er að andmæla því, að landsverslun verði haldið áfram og landið annist sölu í nokkurri mynd. Allir geta skrifað undir það, að æskilegt sje, að verðfall verði hjer á vörum jafnóðum og erlendis, svo sem frekast er unt, og skal jeg ekki synja fyrir alla viðleitni í þá átt. En eitthvað mun þó á skorta. Vil jeg í tilefni af þessu benda á greinarkorn eftir kaupmann hjer í bænum, frá 6. des. f. á., þar sem hann kvartar yfir því, að stórkaupmenn hafi gert samtök sín á milli um það, að láta sig ekki verða aðnjótandi viðskifta framvegis, og sje ástæðan sú, að þeim hafi þótt verðlag hjá sjer svo lágt, að þeir vildu þess vegna útiloka hann frá öllum viðskiftum. Þetta mun vera rjettur framburður, a. m. k. hefir hann ekki verið ósannaður. Kaupmaður þessi hafði auglýst áður og skorað á almenning að versla við sig, því að hann byði eins lágt verð og lægra en heildsalarnir. Það getur verið, að þeir hafi litið svo á, að kaupmaðurinn væri að hampa þessu til þess að spilla fyrir viðskiftum við þá, en til þess gat engin ástæða verið, ef verð var eins lágt hjá þeim og hægt var. En nær liggur að ætla, eins og kaupmaður skýrði frá, að hinni frjálsu samkepni hafi þótt verðið lágt og verðfallið koma fullsnemma. Svona getur hún verið, þessi blessaða frjálsa samkepni. Hún á svona anga til.

Jeg vil nú lýsa því yfir, svo andmælendur mínir geti gengið í skrokk á mjer við fyrsta tækifæri, ef þeim sýnist svo, að hvenær sem jeg sje hag almennings betur borgið með landsverslun heldur en með verslun kaupmanna, þá mun jeg styðja landsverslun. Jeg kýs heldur, að landið hafi hag af slíkri verslun. Jeg er ekki svo blyntur frjálsri verslun, að jeg vilji, að hagur almennings og landsins alls verði að einskonar fórn á altari kaupsýslunnar, aðeins til þess að fáeinir kaupmenn geti skarað eld að sinni köku.

Jeg hefi ekki ætlað að fara langt út í umræðurnar um þetta mál. En jeg hefi þó ekki komist hjá því að drepa á ýms atriði, sem hjer hafa valdið deilum.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) kvaðst ekki geta tekið afstöðu til málsins að svo komnu, og ekki fyr en nefnd hefði fjallað um það. Þetta kann að vera ástæða fyrir hann, en vænna hefði mjer þótt um það, ef hv. þm. (ÁJ) hefði getað skapað sjer skoðun á málinu þegar í byrjun. Málið er svo ljóst, að mjer virðist öllum vorkunnarlaust að greiða atkvæði um það nú þegar á sama hátt og þeir mundu síðar gera. Það eru engar líkur til þess, að það skýrist nokkuð hjeðan af.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) gerði allmikið úr þeirri ástæðu gegn einkasölunni, hve mikið væri innflutt af tóbaki ólöglega. Það getur vel verið, að svo sje; um það skal jeg ekkert segja. En jeg held, að vandkvæðin nú liggi einkum í því að selja slíkt tóbak, þar sem birgðir landsverslunar allar koma merktar erlendis frá. En sje þetta svo nú, þá ættu allir að sjá, hversu miklu auðveldara verður að flytja inn og selja slíkt tóbak, enda hvötin til slíks meiri en nokkru sinni áður, ef tollurinn verður eins hár og hv. flm. frv. ætlast til. Nú vil jeg spyrja þennan hv. þm. (ÁF): Hverjir eru það, sem nú flytja ólöglega inn tóbak? Jeg geri varla ráð fyrir því, að það sjeu menn, sem fara í öðrum erindum en kaupsýsluerindum. Ekki gera fiskimenn það nje fiskiskip. Það hljóta að vera menn, sem fá vörur

frá útlöndum í allstórum stíl. Þetta er einfalt mál. Enginn flytur inn mjög mikið tóbak í vösum sínum eða ferðaskrínu sinni. Hvaða menn eru þetta þá, ef ekki sjálfir kaupsýslumennirnir? Og flytji þeir nú inn óleyfilega tóbak í stórum stíl, eins og hv. þm. (ÁF) heldur fram, þá munu þeir ekki gera minna að því, ef verslunin er gefin frjáls og undanbrögðin þar með verða miklu einfaldari.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv þm. Ak. (BL). Jeg tók ekki eftir því hvað hann er búinn að tala oft við þessa umr., en jeg vænti þess, að hæstv. forseti leyfi honum að gera aths., ef ástæða þykir til, þótt nú sje hv. þm. dauður. Jeg mun ekki fara langt út í ræður hans Fyrsta ræðan var hóglátleg, og frá hans sjónarmiði, sem engin bönd vill þola á frjálsri samkepni, var hún fullgóð. En í síðari ræðu sinni vjek hann að öðru atriði, sem mjer þótti dálítið undarlegt. Hann sagði, að verið væri að gera landsverslun að pólitísku vígi þeirra manna, sem vildu greiða götu hennar. Kvaðst hann síðar mundu fletta betur ofan af athæfi hennar og gera nánari grein fyrir reikningum hennar. Hvað fyrra atriðið snertir, þá hygg jeg, að hv. þm. (BL) skjóti heldur en ekki yfir markið. Hvernig ætti landsverslunin, ef starfsemi hennar er annars heilbrigð, að geta verið nokkrum flokki pólitískt vígi? Jeg get ekki skilið orð hv. þm., nema það sje meining hans, að sökum þess að forstöðumaður landsverslunarinnar er flokksbróðir minn og fleiri manna, sem talað hafa á móti frv., þá viljum við halda landsverslun áfram vegna launanna, sem þessi maður fær. Jeg held, að jeg hafi í ræðu minni hjer á undan gert ljósa grein fyrir því, að til þess liggja aðrar og meiri ástæður, enda er þessi svo ómerkilega lítils verð, að furðu gegnir. Við andmælendur háttv. þm. (BL) höfum miklu meiri ástæðu til að segja, að málaflutningur hans hjer komi úr pólitísku vígi, því að það er kunnugt, að verslunarstjett landsins hefir frá upphafi amast við afskiftum ríkisins af versluninni, og alt, sem hv. þm. hefir sagt um það mál hjer, er talað út úr hug kaupmanna, og því alls ekki ofmælt að segja, að hann sje að reka erindi þeirra nú í þinginu. Jeg er ekki með þessu að segja, að þetta sje neitt svívirðilegt, því vera má, að skoðanir sjálfs hans falli hjer saman við hagsmunaástæður kaupmannanna. *(BL:* Var Skúli fógeti að reka erindi kaupmanna?). Ef hv. þm. er ekki betur að sjer í sögu en hann er í verslunarmálum og nú bentu orð hans til, þá ætti hann að lokinni umr. að setjast niður og lesa Einokunarsöguna eftir Jón Aðils.

Þá ætla jeg að víkja að hinu atriðinu, er hv. þm. Ak. (BL) ljest mundu gera betri grein fyrir reikningum landsverslunarinnar og viðskiftum. Jeg verð að segja, að ef hv. þm. veit, að ekki sje hjer alt með feldu, þá er honum skylt að greina frá því. Og það gerir skyldu hans enn meiri að draga þetta fram í dagsljósið, að hann er að gefa það í skyn, að við, sem mælum á móti frv., sjeum að verja landsverslun af hvötum, sem hann er að dylgja um, en segir þó ekki hreinlega, hverjar sjeu. Jeg skora nú á hv. þm. Ak. (BL), að hann geri grein fyrir því, í hverju landsverslun sje ábótavant og hvað hann eigi við með dylgjum sínum um afstöðu okkar andmælenda hans til málsins. Geri hann það ekki, þá heiti hann minni maður.

Jeg get látið hjer staðar numið. En

þó vil jeg að lokum geta þess, að fari svo, að frv. þetta verði samþykt, hvort heldur sem er með eða án tollhækkunar, þá verð jeg að segja það, að þeim, sem til slíks stofna, sje ekki einkarsárt um gjöld almennings nje fjárhag landsins, og mun jeg þá neyðast til þess að álíta hjer eftir, að þeim sje ekki eins mikil alvara um að koma fjárhag ríkisins í betra horf og þeir hafa látið. Jeg hefi beygt mig fyrir nauðsyn þess að afla ríkinu tekna, jafnvel þó að mjer hafi þótt nokkuð langt gengið í því að íþyngja þjóðinni með opinberum gjöldum. Og jeg hefi greitt atkvæði á síðasta þingi — og geri líklega enn — á móti fjárveitingum til góðra og nytsamlegra fyrirtækja, af þeirri ástæðu einni, að reyna að flýta fyrir því, að fjárhagur ríkisins komist í lag. En sýni það sig nú, að flokkur stjórnarinnar hirði ekki meira um fjárhag landsins en svo, að hann þröngvi þessu frv. í gegn, þá er okkur hinum óvandur eftirleikurinn hvað snertir önnur frv., sem fram kunna að koma og ætluð eru til þess að bæta upp tekjumissinn, sem þetta frv. skapar.

Bernharð Stefánsson: Flest það, sem jeg vildi hjer sagt hafa, hefir nú verið tekið fram af öðrum, og vil jeg ekki endurtaka það, og get því verið stuttorður. Þó sje jeg ekki ástæðu til þess að falla frá orðinu með öllu, einkum vegna þess, að hjer hefir verið varpað fram orðum um það, hvaða hvatir lægju bak við afstöðu þm. til þessa máls. Þetta finst mjer sjerstök ástæða til þess, að sem flestir þm. geri grein fyrir atkvæði sínu í máli þessu.

Hjer hefir verið vitnað í sögu þjóðarinnar á undanförnum öldum, og núverandi einkasala á tóbaki borin saman við einokunarverslunina á 17. og 18. öld, og þetta tvent talið greinar á sama stofni. Og þeim mönnum, sem nú halda með landsverslun á tóbaki, brugðið um það, að þeir vildu innleiða ástand 17. aldar hjer á landi. Jeg er ekki sagnfræðingur, það játa jeg, og skal jeg því ekki fara langt út í sögulegan samanburð. Þó vil jeg taka það fram, að jeg álít einokunina og einkasölu á tóbaki í raun rjettri ekki saman berandi, og því staðlaus orð, sem sögð eru til þess að líkja því saman. Allir vita, að hin forna einokun náði til allra vörutegunda, sem til landsins fluttust, og auk þess voru ótal hömlur lagðar á viðskifti innanlands, þannig, að menn máttu ekki versla nema við einstaka kaupmenn. Einokunin var sett af útlendum konungi til hagsmuna honum og útlendri þjóð, án nokkurs tillits til hinnar íslensku þjóðar. Aftur er einkasalan á tóbaki aðeins heildverslun, sem hefir aðeins innflutninginn með höndum. Að öðru leyti er tóbaksverslunin frjáls innanlands. Auk þess hefir hún verið sett af okkur sjálfum til þess að afla tekna í okkar eiginn ríkissjóð. Ennfremur skiftir það í mínum augum ekki alllitlu máli, að þessi einkasala nær aðeins til tóbaks, sem ekki verður talin nauðsynleg vara.

Alt tal um einokun í sambandi við þetta mál er því aðeins hjal út í bláinn. Enda er jeg fúsastur til að álíta, að slík orð hafi fallið í hita baráttunnar, án þess að þeir, er þau viðhafa, hafi meint nokkuð alvarlegt með þeim. Jeg byggi það á því, að hv. flm. þessa frv. styðja þann mann í stjórn, sem talist getur faðir einkasölunnar hjer, og er ekki annað að sjá, en að þeir treysti honum vel þrátt fyrir það, og skil jeg ekki, að svo væri, ef þeir litu eins á þetta mál og orð þeirra benda til.

Það er nú svo, að ríkið þarf jafnan fje

til starfrækslu fyrirtækja sinna, og þetta fje verður það að fá frá borgurum sínum. Eins og kunnugt er, eru ýmsar leiðir farnar til að afla þess, og auðvitað ekki allar jafnheppilegar. Jeg hýst við, að menn geti verið sammála um það, að eitt hvað megi að þeim öllum finna, og alið verði einhverjir, sem þykir þær koma sjerstaklega hart niður á sjer og leggja á sig erfið bönd. Þegar einkasalan var sett, þá var það gert vegna þess, að það þótti hagkvæm leið til að afla ríkissjóði tekna. Það eru ekki mörg ár liðin síðan þessi stofnun tók til starfa, en mjer finst reynslan hafi verið sú, að það hafi tekist ágætlega. Tekjurnar af tóbakseinkasölunni eru orðnar allálitlegar, sjerstaklega á síðastl. ári.

Jeg vil geta þess, að fyrir mjer er þetta mál eingöngu fjárhagsatriði. Jeg þykist unna borgaralegu frelsi engu minna en hver annar, en finst ekki, að það sje mikið skert með þessu. Það geta allir neytt tóbaks eftir sem áður, allir verslað með það í smásölu. Það er þá aðeins á þennan fámenna flokk heildsalanna, sem einkasalan leggur höft. En meðan það er talið nauðsynlegt að hafa innflutningshöft á ónauðsynlegum varningi, þá finst mjer ekki, að þetta svonefnda frelsisrán sje nægileg orsök til að afnema einkasöluna. Því meira frelsisrán eru þó innflutningshöftin áreiðanlega heldur en einkasala á tóbaki.

Háttv. flm. frv. þessa halda því fram, bæði í greinargerð með frv. og eins í þingræðum, að ef frv. yrði samþykt, þá fáist á þann hátt eins miklar tekjur af tóbakinu og einkasalan gefur af sjer. Það er hvorttveggja, að þetta hefir verið vjefengt, enda renna þeir menn blint í sjóinn, sem slíku halda fram. Hafa ýmsir hv. þm. orðið til að færa rök fyrir því, hversu þessi staðhæfing sje hæpin. Líkurnar mæla einmitt með því, að tekjurnar minki, og að minsta kosti vita hv. flm., hverju þeir sleppa en ekki hvað þeir hreppa, þegar þeir vilja fleygja jafnörugggum og góðum tekjustofni sem ágóðanum af einkasölunni frá sjer.

Því hefir rækilega verið lýst af hv. 2. þm. Árn. (JörB), hversu freistingin til tollsvika aukist eftir því sem tollur verður hærri á einhverri vörutegund, og eins hve möguleikarnir fyrir tollsvikum á tóbaki muni aukast, ef einkasölunni verður slept. Þarf jeg engu þar við að bæta. En jeg verð hinsvegar að efast um, að sú staðhæfing sje rjett, að *löglegur* innflutningur á tóbaki muni aukast við afnám einkasölunnar.

Það mun vera venja, þegar frv. eru á ferðinni, að hleypa þeim a. m. k. gegnum 1. umr. og gefa nefnd kost á að athuga þau. En svo einfalt finst mjer þetta mál vera, sem hjer ræðir um, og svo augljóst er, að það væri að minsta kosti engin bót að þessu frv., en gæti hinsvegar orðið til hins mesta tjóns, ef það næði fram að ganga, þá mun jeg greiða atkvæði á móti því, að málið komist lengra. En þar sem það er óvenjulegt að meina frv. að ganga til 2. umr., þá vildi jeg ekki láta hjá líða að gera grein fyrir afstöðu minni.

Ágúst Flygenring: Eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) finn jeg sjerstaklega ástæðu til að leiðrjetta. Háttv. þm. (SvÓ) bar okkur flm. þessa frv. þeim getsökum, að eiginhagsmunir sjálfra okkar og skjólstæðinga okkar rjeðu afstöðu okkar til þessa máls. Sjerhverjum slíkum aðdróttunum leyfi jeg mjer, f. h. mína og

meðflm. minna, að vísa til föðurhúsanna sem algerlega ástæðulausum og órökstuddum, og getur það síst talist meðmæli með hv. þm. (SvÓ), að hann skuli hafa látið sjer slík orð um munn fara.

Jeg stend við alt, sem jeg hefi sagt í þessu máli, einnig við það, að jeg vil ekki sleppa versluninni úr höndum kaupmanna, sem með lögum hafa öðlast rjett til hennar. Það er heldur ekki svo, að nokkur hagur sje að einkasölunni fyrir landið, því að niðurlagning hennar sparar landinu ca. 100 þús. kr. útgjöld, þau útgjöld, sem nú ganga til þess að launa sjerstaka menn til þess að selja þessa vöru, auk þess sem verslunin mun altaf reynast betur komin í höndum verslunarstjettarinnar sjálfrar. Jafnvel þó að tollurinn hækkaði ekki, tel jeg vafalítið, að tekjurnar af henni frjálsri myndu nema meiru en því svarar, sem tóbakseinkasalan gefur nú af sjer. — Þori jeg óhræddur að bíða reynslunnar í því efni.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) spurði, hverjir það væru, sem smygluðu tóbaki nú á tímum inn í landið. Væntanlega gefst síðar tækifæri til að gefa hv. þm. (JörB) svör við þeirri spurningu, en jeg skal aðeins minna hann á það, að 8 skip ganga að staðaldri milli Íslands og útlanda og fara kringum 100 ferðir á ári, og mun ekki of í lagt, þótt gert sje ráð fyrir 30 farþegum í hverri ferð. Víða er það svo, að auðvelt er að koma smyglun við, enda er lítið eða ekkert tolleftirlit annarsstaðar en í Reykjavík. — Hinsvegar fullyrði jeg, að það eru ekki tóbakskaupmennirnir nje stórsalarnir, sem gera sig seka um tollsvik. Jeg þekki marga þeirra persónulega og veit, að þeir eru svo mætir menn og þjóðhollir, að þeir myndu síst gerast til þess að flytja vörur inn í landið undir fölsku merki. — Það er á öðrum stöðum á landinu, sem smyglunin fer fram, en í Reykjavík, þar sem stórsalarnir búa.

Jeg get ekki haft mig til að fara að eyða orðum að þeim stórpólitísku draumum, sem virðast svífa fyrir hugarsjónum sumra hv. þm. um, að ríkið taki alla verslun í sínar hendur. Slíkri heimsku tekur vonandi enginn mark á. Það eru ekkert nema hreinræktaðar bolsivikakenningar, sem vonandi fá aldrei festu í íslenskum jarðvegi.

Magnús Jónsson: Fyrsta umræða þessa máls hefir nú staðið nokkuð á þriðja fund, og má búast við, að varla komi fram margt beinlínis nýtt í því. En þó er varla hægt að telja það neitt undarlegt, að umræður verði nokkuð langar, þegar jafngamalt og mikið deilumál er tekið á dagskrá hjer á Alþingi.

Þó að menn greinist nú hjer í tvo flokka á þinginu um aðalniðurstöðu málsins, með eða móti, þá virðast samt ástæður beggja vera nokkuð mismunandi. Kemur þar þrent til greina: Fjárhagsatriði málsins, skoðanir á verslunarfrelsi og það, með hverju móti heppilegast sje, að ríkið afli sjer tekna. Fyrir sumum er hjer um hreint fjárhagsmál að ræða. Þeir hugsa ekki um neitt annað en upphæð þá, sem ríkissjóður fær, en er annars sama um það, með hverju móti hún næst, og loka augunum fyrir öllum öðrum afleiðingum.

Frá þessu sjónarmiði er hjer um hreint reikningsdæmi að ræða, og það er alveg vitanlegt, að þetta er stórt atriði í málinu og verður að athugast vel, ekki síst á tímum eins og þessum, þegar svo mikið af starfi þingsins og umhugsun verður að snúast um það að rjetta við fjárhag landsins. Við, sem flytjum þetta mál, höfum því talið okkur skylt að bera málið fram að nokkru leyti á þessum grundvelli og

athuga einmitt fjárhagsatriðið mjög vandlega. Þær staðhæfingar og áætlanir, sem við höfum sett fram, hafa nú af andstæðingum málsins verið vefengdar, og er það ekki nema gott, að beggja málstaður komi fram. Enda þótt hv. 1. flm. (BL) o. fl. hafi nú svarað þessum andmælum, svo að ekki ætti að þurfa frekar vitnanna við, langar mig samt til þess að gera nokkrar athugasemdir frá mínum bæjardyrum.

Hv. andmælendur frv. segja, að ganga eigi út frá afrakstri ársins 1924 einum, en ekki meðaltali þeirra þriggja ára, sem einkasalan hefir starfað. Þetta væri nú alveg einstakt, ef rjett væri, og á móti því, sem ávalt og alstaðar er gert, þegar líkt á stendur. Það er margviðurkent, að einstök ár eru vafasöm; eitt og annað, sem því getur valdið, að þau verði sjerstaklega hagstæð eða óhagstæð, en hitt hefir sýnt sig, að þessar ójöfnur jeta hver aðra upp, ef svo mætti segja, þegar til lengdar lætur, og því er það ráð tekið að jafna saman sem flestum árum, þar sem ástæður annars eru þær sömu. Það, sem hjer mætti helst að finna, er það, að árin, sem einkasalan hefir staðið, eru í raun rjettri of fá til þess að verulega sje hægt á þeim að byggja. En við því verður ekki gert.

Nú hittist einmitt svo á, að af þessum 3 árum er eitt sjerstaklega óhagstætt, sem sje fyrsta árið. Að vísu er það hrein fjarstæða, sem bæði hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafa sagt, að kaupmenn hafi viðað að sjer óvenjumiklum birgðum rjett áður en einkasalan komst á, því að þar tala tölurnar móti. En hitt er satt, sem þeir virðast ekki skilja, að birgðir hafa þá verið meiri til í landinu heldur en síðar verður undir einkasölunni, og það stafar af því einu, að verslunin flyst af mörgum höndum á eina. En ekkert bendir á, að birgðirnar 1921 hafi verið vitund meiri en á undanförnum árum. Þetta, að birgðirnar hljóta að rýrna eða færast saman, veldur óvenjulega litlum innflutningi árið 1922, svo að tolltekjurnar rýrna. En aftur á móti hefði verslunarhagnaðurinn átt að geta verið nokkuð nálægt eðlilegu.

En á móti þessu ári, sem af eðlilegum ástæðum verður að telja neðan við meðallag, kemur svo aftur uppgripaár óvenjulegt 1924. Íslenska krónan stígur stórkostlega, svo að innkaupsverð vörunnar lækkar. Árgæska óvenjuleg er í landinu og kaupgetan eykst. Háir tollar á fjölda mörgum öðrum vörum halda verði þeirra uppi, svo að menn eiga frekar að venjast verðhækkun en verðlækkun, og alt þetta kemur því til vegar, að venju meira tóbak er keypt og fyrir geysiverð. Slíka álagningu ofan á tollinn hækkaðan um 25% þarf ekki að ímynda sjer, að verslunin geti leyft sjer í meðalári öðruvísi en að það dragi til verulegrar rýrnunar á umsetningunni, ýmist með því að menn spara tóbakið við sig eða að smyglun eykst í stórum stíl.

Jeg verð því að telja, að mjög sanngjarnt sje að miða verslunina, að minsta kosti verslunarágóðann, við meðaltal þessara 3 ára. Að vilja versluninni í vil byggja aðeins á árinu 1924, er ekkert annað en þetta gamla, að svo mæla börn sem vilja, og ætti það helst ekki að vera regla hjer við meðferð stórmála. Með sama rjetti hefðum við flutningsmenn getað tekið árið 1922 eitt og úthúðað versluninni með þeim forsendum. En það hefði verið óleyfilegt framferði og datt engum í hug.

Þegar gera á upp hag einkasölunnar, er því enginn vafi, að byggja verður á meðaltali áranna, sem hún hefir starfað,

og meðaltal teknanna fyrir ríkissjóð er þá af tolli og verslun kr. 723 þús., ef menn hugsa sjer, að 25% gengisviðaukinn á tollinum hefði gilt öll árin. Raunverulega er það 682670 kr. Þetta er alveg ljóst.

En þegar svo á að gera upp væntanlegan ágóða af tolli framvegis, vandast málið auðvitað meira, því að þá kemst maður inn á áætlunarsviðið. En jeg hygg, að við höfum þar farið mjög varlega í sakirnar, svo varlega, að segja má, að við fylgjum þar þeirri heilbrigðu reglu, sem hæstv. fjármálaráðh. hefir oft getið um, að áætla svo, að nálega sje víst, að reikningurinn á sínum tíma sýni meiri tekjur en áætlunin. Við höfum sem sje gengið út frá meðalinnflutningi þessara ára og bætt við hann 12%.

Nú hefir áður verið viðurkent, að eitt af þessum árum, árið 1922, hafi kipt stórlega úr innflutningnum vegna birgðarýrnunar þeirrar, sem af einkasölunni leiddi, og það dregur því meðalinnflutning þessara ára óeðlilega niður. Þetta virðast allir fallast á. Í öðru lagi sýna árin 1923—1924, að einkasalan dregur varanlega úr innflutningnum. Sjest þetta og vel af útreikningi þeim í greinargerðinni, sem háttv. 2. þm. Reykv. kallaði „talnarebus“ eða eitthvað slíkt. Þar sjest, að meðaltal tolleininga á mann var, meðan frjáls var verslun, 1,46, en þessi tvö síðari ár, 1,1. Með öðrum orðum, þessi tvö ár sýna, að innflutningur þessara tveggja ára er milli 20 og 30% minni en áður, og það verður að telja varlega í sakirnar farið að áætla, að hann nái aftur helmingi þess, sem hann misti. En jafnvel þótt við af varfærni drögum áætlunina þannig niður með tvennu móti, þá fást þó tolltekjur, sem eru heldur hærri en samanlagðar tolltekjur og verslunarágóði einkasölunnar, eða 729472 krónur móti kr. 723000. En ef við hefðum viljað reikna óvarlega okkar málstað í vil, eins og þeir gera sínum málstað í vil, þá hefðum við tekið meðalinnflutning frjálsu áranna síðustu, og þá gæfi tollurinn fast að miljón. En okkur hefir þótt rjettara að byggja traust heldur en glamra hátt. Þó verður enn að athuga það, að í þessum tölum eru tekjur tóbakseinkasölunnar árið 1924 taldar óskertar, að viðbættum 25% gengisviðauka alt árið, kr. 903 þús. En eins og sýnt hefir verið fram á í greinargerðinni, er þetta í raun og veru ekki rjett. Bæði hv. 2. þm. Rang. og hv. 2. þm. Reykv. hófu hjer andmæli (væntanlega báðir eftir sömu heimild, því að þeir lásu það nálega orðrjett eins upp), og því miður var hv. þm. Ak. áður búinn að viðurkenna þetta, og sýnir það, hve afarsanngjarnlega hann vill flytja þetta mál, að hann hallar rjettu máli andstæðingunum í vil. En honum hefir þar vissulega missýnst, er hann fellst á að láta gengisgróðann 1924 mæta útsvarsgjaldinu.

Svo er þessu máli varið, að eftir að greinargerðin var samin og prentuð, berst reikningur, sem sýnir, að einkasalan hefir orðið á árinu 1924 að borga útsvör þriggja síðustu ára, og þau nema nálega sömu upphæð og gengisgróðinn. En það nær engri átt, að þetta eigi hjer að mætast, þegar einkasalan er borin saman við frjálsa verslun. — Útsvar er líka skattur, sem hið opinbera þarf, þótt ekki sje það sjálfur ríkissjóðurinn, sem það fær, og það er alveg víst, að í frjálsri verslun fljóta af tóbakinu þessi og ekki minni gjöld í bæjar- og sveitarsjóði, auk tekna í ríkissjóð. Það er einmitt alveg nauðsynlegt, ef rjettan samanburð á að fá milli einkasölu og frjálsrar verslunar, að taka

þetta með, jafnvel þótt einkasalan væri sjálf útsvarsfrí, því að þá væri missir útsvaranna af tóbaksversluninni einn af þeim tekjuliðum, sem við hana hefðu tapast.

Að þessi 3 útsvör koma á eitt árið, 1924, ruglar ekki heldur dæmið um einn eyri þegar verið er að finna meðaltal þessara þriggja ára.

Af þessu leiðir, að tolltekjurnar fara eftir áætlun okkar nokkru meira fram úr ágóða einkasölunnar heldur en áður er talið.

Þá taldi háttv. 2. þm. Rang. okkur hafa dregið undan af tekjum einkasölunnar, þar sem við hefðum slept því, sem árlega hefir verið lagt í varasjóð. En þetta er bláber misskilningur. Þessi litli varasjóður er ekkert annað en nauðsynleg tryggingarráðstöfun, sem beint leiðir af því, að ríkið hjer er að fást við verslun, og má alls ekki skoða hann sem tekjur, heldur er hann fje, sem lagt er til hliðar fyrir væntanlegum óhöppum, sem altaf geta komið. Tóbakseinkasalan er nú mjög áhættulítil verslun, og til þess svarar líka það, að varasjóðurinn er lítill. Verði afgangur af honum, þegar alt verður gert upp, þá er það gott og blessað, en í sjálfu hugtakinu varasjóður liggur það, að hann á ekki og má ekki teljast með tekjum.

Úr því að jeg minnist hjer á varasjóð tóbakseinkasölunnar, dettur mjer það í hug, að jeg hjó eftir því hjá háttv. 3. þm. Reykv., að varasjóður landsverslunar losnaði við þessa ráðstöfun, en hann er talinn h. u. b. 1¾ miljón. Um þetta gátum við ekkert í greinargerð okkar, og jeg hygg ekki, að rjett sje að blanda honum neitt hjer inn í. Bæði er nú það, að hann mun vera tóbakseinkasölunni óviðkomandi, því að hún lifir að því er sagt er á erlendri „krít" að mestu, og svo er ekki öll nótt úti, þótt tóbakseinkasalan hyrfi, því að eftir er annað fyrirtæki, sem henni er svo langtum áhættumeira, og það er steinolíuverslunin. Það væri óskandi, að ekki færi svo, að hún æti þessar feitu kýr og meira til á vondu árunum. Jeg myndi fyrir mitt leyti líta svo á, að öxin og jörðin geymdu hana best — og sem fyrst. En meðan steinolíueinkasalan er við lýði hygg jeg, að ekki veiti af varasjóði þessum. Og hvernig er svo þessi varasjóður? Hann sýnist að h. u. b. ⅔ hlutum vera í útistandandi skuldum, og býst jeg við, að einu sinni og tvisvar verði að berja á sumar þær dyr, áður en þar verður hver skildingur inn kominn. — Varasjóðir eru því miður svo oft affallasöm eign.

Jeg hygg nú, að jeg hafi gengið frá fjárhagsatriði málsins. Fullyrðingar hv. þm., að ríkissjóður skaðist um 200 þús. kr., eins og háttv. 2. þm. Rang. sagði, eða um allan hagnað verslunarinnar, eins og háttv. 2. þm. Reykv. sagði, eru ekkert annað en vígorð, sem hjaðna eins og bóla, ef á er andað.

Þetta atriði málsins, fjárhagslegu hliðina, hefi jeg rætt ítarlegast, af því að á þeim vettvangi hefir mest verið barist. En víkja má svo að annari ástæðu, sem skipar mönnum með og móti einkasölunni, en það er afstaða manna til frjálsrar verslunar. Þar verður ekki tölum eins vel við komið, og því er þar auðveldara að deila til eilífðar, í stað þess að í fjárhagsatriðinu ættu andstæðingar okkar að vera þeir drengir, að þeir fjellu frá fyrri villu sinni, er þeir sjá málið skýrt lagt fram.

Fyrir mjer persónulega er þetta fríverslunaratriði ekki svo sjerstaklega mikilvægt í sambandi við tóbakseinkasölu, og

jeg gæti ekki fallist á að afnema tóbakseinkasöluna, eins og hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), ef það sýndi verulegt tap fyrir ríkissjóð. En hitt er rammasta fjarstæða, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að hjer sje bókstaflega engin skerðing á frjálsri verslun, en það þyrfti ekki þar fyrir að vera ranglát skerðing. Það er líka til rjettlát og viðurkend skerðing, bæði á þessum atvinnuvegi og öðrum. En til þess að sjá, að hjer er skerðing á frjálsri verslun, þarf ekki annað en að líta á það, að þegar tóbakseinkasalan tekur til starfa, leggjast niður margar verslanir og aðrar skerðast stórlega. Alt voru þetta fullkomlega löglegar verslanir og sala þessara vara er ekki bönnuð, heldur aðeins skert verslunarfrelsið í þessari grein. Þá sagði þessi sami hv. þm., að andstæðingar verslunarfrelsis væru ekki til í hinum stærri flokkum þingsins. Hann mun nú með rjettu telja Framsóknarflokkinn þar með. En hvað sagði sá háttv. 2. þm. Rang.? Hann sagðist ekki vera á því, að landið ætti að svo komnu, að svo komnu (hann tvítók það) að taka að sjer alla verslun landsins. Í sama streng tók háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), og hv. 2. þm. Árn. (JörB) varði síðari hálftíma sinnar ræðu til þess að sýna fram á skaðræði frjálsrar verslunarsamkepni. Það eru einmitt til andstæðingar frjálsrar verslunar í næststærsta flokki þingsins.

Jeg held, að mörgum sje ekki líkt því nógu ljóst, hvað felst í þessu hugtaki frjálsrar verslunar. Það er svo oft eins og menn haldi, að frjáls verslun sje eiginlega einskonar hagsmunamál kaupmanna einna. En þeir, sem það gefa í skyn, fara með stórlega rangt mál. Verslunarfrelsið er einmitt gegnum harða baráttu heimt úr höndum verslunarstjettar, sem sat uppi með allskonar sjerrjettindi. Og enn er það einmitt þessi stjett, og aðrar skyldar stjettir, sem ógna verslunarfrelsinu sumstaðar að eyðileggja það í reyndinni, þótt það gildi á pappírnum, með stórfeldum samtökum. Má vel kannast við hina stóru hringi og samsteypur, sem sölsa undir sig verslun með ákveðnar vörur. Hitt er annað mál, að allur fjöldinn af þessari stjett heldur fram verslunarfrelsi. Verslunarfrelsið var upphaflega sótt til hagsmuna fyrir þjóðirnar, fyrir almenning allan, og höfuðhagsmunir þess eru ennþá þar, sem neytendurnir eru. Frjáls samkepni, með öllum hennar stóru og mörgu annmörkum, er enn sem komið er besta lausnin, sem menn hafa fundið á þessu vandamáli, hvernig allur almenningur verði best varinn gegn okri á þeim vörum, sem kaupa þarf. Það er því meira en lítil fjarstæða, að það sje einhver kaupmannapólitík, sem verið sje að reka, þegar barist er gegn einkasölu, eins og mjer virtist koma fram í ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Það er hagsmunamál almennings, sem hjer á landi sem annarsstaðar hefir stunið undir ófrjálsri verslun, sem hjer er um að ræða. Hitt tel jeg aukaatriði, en engan veginn fagurt, að vilja helst hafna þessu hnossi fyrir almennings hönd af ofsjónum yfir því, að nokkrir af borgurum þjóðfjelagsins fá lífvænlega atvinnu við þessa dreifingu varanna til neytenda.

Í þessu sambandi er næstum brosleg söguheimspeki háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um framsóknarflokka allra alda. Það er satt, þeir sóttu þetta hnoss verslunarfrelsisins í hendur sjerrjettindastjettarinnar og afhentu það þjóðunum, og vel sje þeim fyrir það. En hverjir eru nú arfþegar þessara framsóknarflokka: þeir, sem vilja láta þjóðirnar njóta áfram ávaxtanna af sveita þessara bardagamanna, eða

þeir, sem vilja taka hnossið af þeim aftur? Háttv. þm. svarar því hiklaust: Það eru þeir, sem nú berjast á móti hugsjón þeirra! Svo hart á vindhaninn að snúast, að það, sem fyrir skemstu sneri í austur, snúi nú í vestur. Þetta er alveg rjett athugað, ef um vindhana er að ræða, en það er engin fyrirmyndarpólitík, og hefir aldrei þótt það. Og það verða menn að muna, að nöfn ein og álímdir miðar eru heldur lítils virði. Enginn verður spekingur við það eitt að heita Sólon eða Sókrates. Þótt einhver flokkur taki nú upp nafn frelsishetjanna gömlu, þá er það fánýtt, ef sá sami flokkur berst á móti hugsjón þeirra. Það má líma glæsilegan miða á ljelega vöru.

Þegar verslunarfrelsið er þannig rjett skoðað sem hagsmunamál almennings, verður það auðvitað því dýrmætara og nauðsynlegra, sem um meiri nauðsynjavöru er að ræða, og þess vegna get jeg sagt, að þetta atriði sje mjer ekkert stórt atriði um afnám tóbakseinkasölunnar. En það er þó nokkurs virði vegna þess, að þessi vara er nú orðin mörgum nauðsyn, og það engan veginn ætíð þeim, sem ríkastir eru.

Háttv. þm. V.-Ísf. tók tóbakseinkasöluna sænsku til dæmis um það, að ekki væri litið á hana sem brot á frjálsri verslun. Jæja. Jeg held nú, að þetta sje nákvæmlega öfugt. Eða hvers vegna var, þegar sænska tóbakseinokunin var sett á 1915, leyfður innflutningur framhjá einkasölunni? Það var yfirlýst, að það væri til þess, að þjóðin færi ekki á mis við kosti frjálsrar verslunar að því er snerti vöruverð og vörugæði. Þessi innflutningur var að vísu vængstýfður með örðugum skilyrðum, en samt væntu menn sjer þessa af honum. Og hvers vegna var tóbakseinkasalan sett á sem hlutafjelag, sem tóbakskaupmenn máttu eiga hluti í? Af því að það var viðurkent, að þetta væri slíkt brot á frjálsri verslun, að það yrði að draga úr því með þessu. Og af sömu ástæðum hefir tóbakseinkasalan borgað miljónir í skaðabætur til heildsala og smásala, til þess að bæta þeim upp það tjón, sem þeim var gert með þessari skerðingu á verslunarfrelsinu. Hv. þm. V.-Ísf. þekkir þetta auðvitað, þar sem hann fylgist svo vel með í sænskum blöðum og sænskum stjórnmálum. Svíar eru taldir með þroskuðustu þjóðum í viðskiftamálum og peningamálum. Og þeir hafa nú þessa skoðun á tóbakseinkasölu og verslunarfrelsi.

Þá kem jeg loks að þriðju ástæðunni, sem getur verið með og móti einkasölu ríkisins á tóbaki. Það hefir ekki verið nefnt, en það er fyrir mjer höfuðatriði. Og það er, að jeg tel þessa aðferð ríkisins til þess að afla sjer tekna óheppilega og ranga. Það er röng skattapólitík. Ríkið getur valið sjer mjög margar og nálega allar leiðir til þess að afla sjer tekna. Vald þess í þeim efnum er nær ótakmarkað. Og þá tel jeg hiklaust, að það eigi að taka þá leiðina, sem næst liggur, er áhættuminst, einföldust, vissust og hefir minsta ókosti, en það er að leggja á menn skatta og tolla. Ríkið á ekki að vera að seilast inn á krókaleiðir þær, sem einstaklingarnir verða að þræða. Það á ekki að reka verslun, iðnað, fiskiveiðar eða landbúnað í því skyni að ná í tekjur. Tekjur sínar á það að taka með því valdi, sem það eitt hefir, að segja mönnum að borga. Jafnvel eins lítill vísir og tóbakseinkasalan okkar sýnir, hvílíkir örðugleikar það eru, sem ríkið bakar sjer að óþörfu. Það fær ekki meiri tekjur. Jafnvel árin 1912

—1916 eru tolltekjurnar meiri en meðalár tóbakseinkasölunnar, 1923, gefur í toll og ágóða til samans, sje reiknað með rjettri vísitölu verðlags og mannfjölda. Tóbakið verður ekki ódýrara að minsta kosti. Eilífar grunsemdir og dylgjur ganga í blöðum og á mannfundum um þessa stofnun. Ríkið verður vegna samkepninnar að halda þarna menn, sem það launar ósambærilega hátt á móts við embættismenn sína, og vekur með því, eins og von er, óánægju og óróa meðal annara starfsmanna sinna. Það fær áhættu með fyrirtækinu, sem aldrei verður til fulls metin. Hættan á smyglun verður ávalt meiri og erfiðari viðfangs. Háttv. 1. þm. Árn. (MT) tók það rjettilega fram, að smyglunarlöngunin ykist í hlutfalli við smyglunarágóðann, og alt, sem miðar til þess að gera vöruna dýrari, ýtir því undir smyglun. En svo er enginn efi, að það er enn erfiðara að verjast smyglun, þegar einn kaupmaður er í landinu, heldur en þegar þeir eru fleiri, dreifðir um landið og gæta talsvert hver að öðrum. Trygging sú, sem er í álímdum miðum tóbakseinkasölunnar, verður heldur lítil, því að jeg hefi sjeð miðalausa kassa af vindlum frá landsverslun-inni, og úr því að þeir eru til, er verndun öll að engu orðin.

Og alt þetta fyrir engan vinning. Það er röng skattapólitík, og það er mín aðalástæða fyrir því, að jeg vil láta snúa út af þessari braut, enda þótt bæði hin atriðin sjeu og nokkurs virði í huga mínum.

Þorleifur Jónsson: Þegar frv. koma fram hjer í þinginu, þá er eðlilegt, að manni verði fyrst á að athuga, hvort þau sjeu gagnleg fyrir alþjóð manna eða einstök hjeruð landsins. Og ef ekki verður hægt að sannfærast um ágæti þeirra frá þessari hlið, þá er ekki að undra, þótt menn líti vel í kringum sig, áður en þeir samþykkja slík frumvörp.

Jeg hefi nú verið að athuga með sjálfum mjer, hvaða kosti þetta frv. hefði nú í raun og veru og að hverju leyti það gæti orðið til góðs. Það, sem hjer er um að ræða, er að breyta tekjustofni, sem ríkissjóður hefir haft og sem farið hefir vaxandi smátt og smátt og gefur nú meiri tekjur heldur en menn gerðu sjer í hugarlund, þegar tóbakseinkasalan var samþykt.

Aðalefni frv. er því að afnema einkasöluna og þar með hinar tryggu og vaxandi tekjur, sem hún gefur nú, en í stað þess á að hækka tóbakstollinn. En nú er margbúið að sýna fram á, að hinn hækkandi tollur gefur ekki eins miklar tekjur í ríkissjóð eins og einkasalan gefur nú, og munurinn getur vel orðið svo hundruðum þúsunda kr. skiftir.

Nú er svo komið, að tóbakseinkasalan er komin yfir örðugasta hjallann. Hún þarf ekki lengur að burðast með gamlar og rándýrar tóbaksbirgðir, sem hún tók að erfðum hjá tóbakssölunum. Hún hefir og komið á hjá sjer álitlegum varasjóði og, eins og áður er tekið fram, farin að gefa ríkissjóði vissar og miklar tekjur. Hvers vegna á því nú alt í einu að fara að afnema þessa tekjulind ríkissjóðs, eða breyta til þannig, að hann bíði mikinn halla af? Þetta væri því aðeins verjandi, að almenningur í landinu væri óánægður með einkasöluna og frv. þetta væri því flutt eftir einróma óskum þjóðarinnar. En þar er öðru máli að gegna. Því er svo háttað, þar sem jeg þekki til, að menn sætta sig mjög vel við, að ríkið hafi einkasölu á tóbaki, þar sem það hefir sýnt sig, að hún gefur góðar tekjur í fjehirsluna. Og

ef dæma má eftir þingmálafundargerðum, sem sendar hafa verið til Alþingis í þetta sinn, þá er einmitt yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar því fylgjandi, að tóbakseinkasalan haldi áfram. Nei, það er ekki þjóðin, sem heimtar, að einkasala þessi sje afnumin. Það er alt annað, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumhlaupi að einum vissasta og áreiðanlegasta tekjustofni ríkissjóðs. Það eru nokkrir kaupmenn, sem heimta sjer til handa þessi rjettindi af landinu. Og mjer finst, að Alþingi geti ekki tekið tillit til slíkrar kröfu. Af því, sem jeg þegar hefi tekið fram, að frv. þetta verður ekki til neins gagns fyrir þjóðina, heldur einungis til tjóns fyrir ríkissjóð, hlýt jeg að verða á móti því.

Ýmislegt af þeim ástæðum, sem flutningsmenn færa fram máli sínu til sönnunar, er mjög athugavert. Meðal annars að byggja útreikninga um líkar tekjur í ríkissjóð af tollaukanum á því, að miklu meira verði flutt inn af tóbaki en nú er, kannske alt að 12%. Jeg veit alls ekki, á hverju þeir geta bygt þetta, því að ef tóbaksnautn er að minka, þá er næsta ósennilegt, að hún aukist að mun, þó að einkasalan hverfi. Eða hefir einkasalan kannske ekki nóg af tóbaki á boðstólum? Eða er haldið í við kaupendur, sem geta borgað? Eða halda þeir, að menn auki tóbaksnautn sína svona í guðsþakkaskyni við tóbakskaupmenn? Nei, hjer er um ekkert slíkt að tala. En það er eins og háttv. flutningsmenn sjeu angraðir yfir því, að tóbaksinnflutningurinn hefir minkað heldur í seinni tíð. En er þá ekki vel farið, þegar það fer saman, að hann hefir minkað, en ríkið samt fengið miklu meiri tekjur en áður, meðan einkasalan var ekki?

Jeg er nú þeirrar skoðunar, að hvert það þjóðfjelag og hver sá maður sje sæll, sem hemil getur haft á tóbaksnautninni, og jeg býst við, og er viss um, að hið háa verð, sem orðið er á tóbaki yfirleitt, sje orsök þess, að menn hafa heldur sparað það við sig. Og jeg sje ekki, að með því sje neinn skaði skeður.

Háttv. flm. halda því fram, að tóbakið verði ódýrara hjá kaupmönnum en það er nú. En jeg efast um, að svo verði, eða yrði til lengdar, þegar jafnhár tollur er kominn á tóbakið eins og nemur ágóða þeim, sem ríkissjóður hefir nú af tóbakseinkasölunni. Þá myndu og kaupmenn verða að leggja allmikið á, til þess að geta haft góðan kaupmannshagnað. Og ekki var það nein einkasala, sem kom tóbakinu upp í 70 kr. kg., eins og dæmi voru til sumstaðar á stríðsárunum. Þá var ekki um einkasölu að ræða, heldur svokallaða frjálsa samkepni. *(MJ:* Þetta hefir einmitt verið einkasala, því að hjer hefir einn maður verið um hituna). Jeg held, að ekki sje hægt að spá því, að afnám einkasölunnar muni hafa bætt verðlag í för með sjer.

Þá vík jeg að því, er hv. flm. sögðu um þá skerðingu á frjálsri verslun, sem einkasalan hefði í för með sjer. Samkv. skýrslum frá 1920 nam tóbaksverslunin $^1/_{30}$ af allri verslun landsins, eða um 3%. Mjer finst það einkennilegt, að verslunarstjettin skuli fyllast öfund og óánægju yfir svona litlu. Eins og kunnugt er, er einkasala á tóbaki bæði í Frakklandi og Svíþjóð, og virðist ekki vera litið slíkum augum á hana þar sem kaupmenn hjer gera. Að vísu er mjer kunnugt um, að ekki eru allir kaupmenn hjer mótfallnir einkasölunni, en þó er enginn vafi á, að fyrir tilstilli þeirrar stjettar er frv. fram komið. Og víst er um það, að engu þjóðþrifamáli er hleypt af stokkunum, enda þótt frv. þetta kunni að komast í gegn.

Íhaldsflokkurinn hefir hjer á þinginu þegar flutt tvö frv., sem bæði miða að því að rýra tekjur ríkissjóðs, án þess þó að ljetta skattabyrðar almennings á nokkurn hátt. Annað er um breytingar á tekjuskattslögunum, og gengur það í þá átt að ljetta skatti af stórum hlutafjelögum, og hitt er þetta frv., sem miðar að því að láta gróða ríkissjóðs af tóbaki lenda hjá nokkrum kaupmönnum. Jeg held, að þingmenn ættu að hugsa sig um tvisvar áður en þeir ljá slíku atkvæði sitt

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Mig hefir stórum undrað það, hvað langar ræður hafa orðið hjer þegar við 1. umr. málsins, og af því að bæði háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) og ýmsir aðrir háttv. þm. hafa tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa, skal jeg vera stuttorður og ekki lengja mikið þessa mjög svo löngu 1. umr.

Því er haldið fram af háttv. andmælendum þessa frv., að aðalástæða stjórnarinnar 1921, þegar hún lagði frv. um þessa einkasölu á tóbaki fyrir þingið, hafi ekki verið tekjuauki sá í ríkissjóð, sem áætlað var, að einkasalan gæfi. En það er þó augsýnilegt, að svo var. Því til sönnunar nægir að benda á orð þáverandi fjrh. (MG) í framsöguræðu hans fyrir frv. 1921. Hann segir svo meðal annars: „Eini tilgangur þessa frv. er sá, að afla aukinna tekna í ríkissjóð". Það var heldur ekki hjá meiri hluta fjhn., sem var frv. hlyntur, nein önnur skoðun ríkjandi en sú, að þetta mundi auðveldasta aðferð til þess að ná meiri tekjum í ríkissjóð af tóbaksvörum, án þess að tóbak yrði neytendum mun dýrara. En nú hefir reynslan sýnt hið gagnstæða; allar þessar vonir hafa brugðist. Andstæðingar þessa frv. segja, að nú sje minna fje bundið í tóbaksbirgðum einkasölunnar en var áður hjá kaupmönnum, meðan varan var frjáls verslunarvara. Þetta er ekki ólíklegt, að satt geti verið, en hitt er rangt, sem andstæðingar frv. segja, að nú sje ekki meira fje en 300 þús. kr. bundnar í tóbaksbirgðum. Landsverslunin, þ. e. tóbakseinkasalan, mun nú hafa um 340 þús. kr. í birgðum, og auk þess eru vafalaust eins miklar eða meiri birgðir hjá kaupmönnum og kaupfjelögum úti um land. Þá hafa þeir og haldið því fram, að í byrjun hafi ríkiseinkasalan orðið að kaupa miklar og dýrar birgðir af kaupmönnum, sem þeir hafi legið með, þá er einkasalan hófst, og hafi þetta dregið niður hagnað einkasölunnar árið 1922. Þetta er heldur ekki satt. Einkasölunni bar engin skylda til kaupanna. Þeir kaupmenn, sem lágu með tóbaksbirgðir, fengu þau skilyrði, að þeir mættu halda þeim og selja þær sjálfir, gegn því að greiða 25% af verði þeirra sem skatt til einkasölunnar. Með því að heimila kaupmönnum og kaupfjelögum sölu á birgðum þeirra, sem andstæðingar telja að verið hafi 1¼ milj., gat landsverslun tekið yfir 300 þús. kr. hagnað á þurru landi án alls tilkostnaðar. Að hún kaupir mikið af tóbaksbirgðunum, sannar, að hún hefir álitið sig með því fá betri kaup en hún gat á þeim tíma fengið með því að kaupa beint frá útlöndum. Hjer virðast full rök fyrir því, að kaupmenn og kaupfjelög geri hagfeldari innkaup en einkasalan. Um þetta getur enginn ágreiningur orðið, þar sem forstjóri landsverslunarinnar er þektur sem einkar samviskusamur maður, jafnt því sem hann er tal-

inn fremur hagsýnn verslunarmaður, og heiðarleik hans held jeg enginn þm. dragi í efa.

Það er margbúið að hrekja þá staðhæfingu andstæðinga frv., að ríkissjóður tapi ca. 200 þús. kr. á ári við það, að verslunin verði gefin frjáls; og þó menn vilji ekki leggja til grundvallar skýrslur þær, sem tilfærðar eru í greinargerð frv., hlýtur það þó að vera augljóst hverjum skynbærum manni, að ríkissjóður fær því sem næst sömu tekjur og neytendur ódýrari vöru sömu tegundar með því fyrirkomulagi, sem í frv. felst.

Það er alls ekki óvarlegt að áætla, að innflutningur muni aukast um 12% frá meðalinnflutningi þriggja síðustu ára við afnám einkasölunnar. Verður þá tollaukinn samkv. frv. af allskonar innfluttu tóbaki um 130 þús. kr., en af vindlum og vindlingum nálægt 140 þús. kr. Tolltekjurnar samkv. frv. munu því nema um 270 þús. kr. umfram þær tolltekjur, sem nú eru af sömu vörutegundum, enda komst einn hv. andmælandi frv., hv. 2. þm. Árn. (JörB), að sömu niðurstöðu um tolltekjuhækkunina. En við þessa upphæð má bæta annari, sem sennilega er óhrekjandi, en hún er sú, að tóbakið lækki í verði, þegar verslunin verður gefin frjáls, um alt að 130 þús. kr. samtals, eða kringum kr. 1.25 á hvert kíló. Þessi upphæð rennur í vasa almennings, sem tóbaks neytir. Fyrir mjer og fjöldamörgum öðrum horfir mál þetta því þannig við, að frv. þetta baki ríkissjóði engan eða mjög óverulegan tekjumissi. Hvort tekjur af tóbakinu verða 10—15 þús. kr. minni ríkissjóði til handa en þær nú eru, er ómögulegt að segja um. Það getur vel farið svo, en hinsvegar er heldur ekki loku fyrir það skotið, að þær verði meiri; það fer alt eftir innflutningnum. En hitt er sýnilegt, að frv. er neytendum tóbaks í hag, eins og áður er lýst.

Því hefir verið haldið fram, að venjuleg kaupmannsálagning á tóbak hafi ekki verið 20—30%, heldur 30—50% áður en einkasalan kom til sögunnar. Jeg held, að fæstir hv. þm. hafi átt kost á að kynnast þessu atriði eins vel og jeg þau nærfelt 20 ár, sem jeg starfaði við bankaútibúið á Ísafirði; og get jeg borið um það, að þar vestra lögðu kaupmenn að jafnaði 12—15% á nef- og munntóbak, sem selt var í heilum stykkjum, en 15—20% upp í 25% á aðrar tóbakstegundir. Þetta er öllum kunnugt, sem til þekkja. Undantekning frá þessu voru stríðsárin, enda má ekki miða við þau ár, því að þá voru allar reglur brotnar, bæði í verslun og öðrum atvinnugreinum. Og þar sem við höfum ætlað þessa álagningu 20—25%, þá er þar vel í lagt, einkum þegar þess er gætt, að verð tóbaks hækkar vegna tollsins frá því sem það var þá. Getur gróði neytendanna því orðið meiri en jeg hefi gert ráð fyrir.

Það er rjett, að álagning á tóbak keyrði stundum úr hófi fram á stríðsárunum. Tóbak hækkaði stundum svo mjög í verði, að menn, sem áttu gamlar birgðir, gátu jafnvel hækkað þær um 20—30% á einum mánuði. En í þessu efni var tóbakið ekki einsdæmi, og þegar tímarnir nálgast aftur að verða „normal", þá hverfur öll óheilbrigði í viðskiftalífinu smátt og smátt af sjálfu sjer.

Það hefir verið marghrakið, að hinn lági innflutningur tóbaks árið 1922 hafi stafað af því, hversu mikið var flutt inn á árinu 1921, enda sjáum við, að á tímabilinu 1914—'21 var aldrei flutt *eins lítið* inn og einmitt árið 1921. Og bæði árin 1923—'24 sýna meiri innflutning en árið 1921.

Það er ekki rjett að eltast við allar rangfærslur og útúrsnúninga hv. andmælenda frv., því málið græðir ekkert við það, en tími þingsins og peningar ríkissjóðs eyðast við það að óþörfu. Þó vil jeg koma ofurlítið að því, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði, að sjer virtist okkur, flm. frv., ekki vera sárt um hag almennings og áreiðanlega alveg ósárt um hag ríkissjóðs. Það er enginn vandi að slá fram slíkum staðhæfingum og þær geta hljómað nógu vel í eyrum manna, sem eru málum lítt kunnugir, en vafasamt tel jeg, hvort slík bardagaaðferð sje samboðin alþingismanni, enda veit hv. þm. (JörB) og mun kannast við það, að fyrir okkur vakir alls ekki að íþyngja almenningi með frv., heldur hitt, að bæta úr kjörum þeim, sem tóbaksneytendur eiga nú við að búa. Það er rjett, að tóbak er munaðarvara, en þó er það orðið sumum jafnmikil nauðsyn eins og t. d. kaffi. Jeg þekki marga sjómenn og verkamenn, sem jeg veit, að heldur kysu að vera kaffilausir en tóbakslausir, og þykir þeim þó kaffisopinn góður. Enda mun það vera svo, að þó að menn hætti við tóbaksnotkun, þá taka þeir venjulega einhver önnur nautnameðul í þess stað, sem e. t. v. eru bæði dýrari og skaðlegri en t. d. nef- og munntóbak, sem efnaminni hluti þjóðarinnar einkum neytir. Hinum, sem meiri hafa efnin, gerir það minna til, þó tóbakið hverfi. Þeir hafa venjulega einhver ráð að skifta um og taka upp aðrar nautnir í stað tóbaks.

Deilur þær, sem orðið hafa um frjálsa verslun og einkasölu í þessu sambandi, ætla jeg að leiða hjá mjer að mestu leyti. Þó vil jeg geta þess, sem öllum er þegar kunnugt, að einkasölufyrirkomulagið í Svíþjóð er ólíkt því, sem það er hjer. Og ennfremur vænti jeg þess, að hv. þdm. hafi sjeð, að einkasalan í Svíþjóð hefir ekki, að viðbættum tolli, gefið ríkinu eins miklar tekjur tiltölulega eins og tollurinn einn í Danmörku. Miðað við fólksfjölda eru tekjurnar af tolli og einkasölu í Svíþjóð 63% af því, sem tolltekjurnar einar eru í Danmörku. En er þá tóbakið ódýrara í Svíþjóð en Danmörku? Jeg held síður en svo, og betra er það ekki; þvert á móti.

Að hætta sje á því, að meira verði flutt inn óleyfilega vegna tollhækkunar þessarar en gert er vegna álagningar einkasölunnar, nær ekki nokkurri átt. Það liggur í augum uppi, að það er hin mikla verðhækkun tóbaksins, sem hvetur menn til smyglunar. Það gildir einu, hvort verðhækkun þessi heitir tollhækkun eða verslunarálagning einkasölu. Hvötin til smyglunar er ósköp svipuð, hvort sem 1 kg. af tóbaki er selt í frjálsri verslun á 20 kr. eða 21 kr. í einkasölu. En ef verslunin verður gefin frjáls, ætti að verða óhægara um tollsvik, vegna samkepninnar, enda minni hvöt fyrir menn.

Að frv. þetta sje flutt fyrir kaupmenn, eins og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), og reyndar fleiri, hafa gefið í skyn, er hinn herfilegasti misskilningur, nema verra sje. Í kjördæmi mínu voru háværar raddir um það, einkum til sveitanna, að tóbak væri ekki eins gott nú og það hefði áður verið. Þar virtist mönnum einkasalan aðeins baka mönnum örðugleika við að ná í tóbakið, auk þess sem það væri dýrara en það þyrfti að vera. Hvernig sem alt veltur, þá held jeg, að mönnum geti ekki blandast hugur um það, að eftir að tóbakseinkasalan verður afnumin verði tóbaksverðið lægra, en ríkissjóður tapi þó engu, sem teljandi sje.

Jón Kjartansson: Umr. um þetta mál hafa nú staðið alllengi, og er þess vegna e. t. v. ekki vert að teygja meira úr þeim en búið er, einkum þar sem flest það, sem máli skiftir með og móti, hefir þegar verið tekið fram, og því varla að vænta, að nokkuð nýtt komi í ljós á þessu stigi málsins. En þar sem jeg er meðal flm. frv. þessa, og andmælendur frv. hafa reynt að ráðast á okkur persónulega, þykir mjer hlýða að skýra afstöðu mína til þessa máls, skýra, hvað einkum vakir fyrir mjer í þessum efnum.

Andmælendur frv. hafa veist að okkur flm. þess og borið okkur á brýn illar hvatir í þessu máli, talið okkur flytja frv. í eiginhagsmunaskyni, eða í hagsmunaskyni örfárra manna, kaupmanna, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kallar skjólstæðinga okkar. Það er engin ný bóla, að þessari staðhæfingu sje slegið fram af andstæðingum frjálsrar verslunar. Þessari ásökun hefir allajafna verið haldið mjög á lofti í þeim herbúðum.

Menn hafa tekið eftir því, að ýmsir menn, sem hafa valið sjer það hlutskifti í lífinu að reyna að kollvarpa núverandi þjóðskipulagi, hamra stöðugt á móti frjálsri verslun og vilja fyrir alla muni koma henni fyrir kattarnef, enda er frjáls verslun ein meginstoð þjóðskipulags vors. Þeir stagast á því í sífellu, að formælendur frjálsrar verslunar sjeu burgeisar, kaupmanna- eða jafnvel braskaralýður, eða m. ö. o. „Grimsbylýður", eins og einn leiðtogi þessara manna kallaði nýlega einu nafni pólitíska andstæðinga sína, þá, sem í kaupstöðum búa.

Menn eru orðnir svo vanir því að heyra þessi stóryrði og staðhæfingar „leiðtoganna", að mönnum hefir ekki komið til hugar að andmæla þeim, heldur látið þær sem vind um eyrun þjóta, sem hvert annað marklaust hjal. En þegar gamlir og reyndir alþm., eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), taka að japla á þessari sömu tuggu hjer í þingsalnum, þá er skörin farin að færast upp í bekkinn og ekki hægt að þegja lengur.

Reyndar vildu þessir háttv. þm. í gær draga úr fyrri ásökunum sínum og taka þær aftur. En þar sem ekki er víst, að þeir striki ummælin út úr umræðum þingtíðindanna, er rjett, að þeim sje mótmælt. Það er annars furðulegt, að háttv. þm. skuli leyfa sjer að bera fram slíkar aðdróttanir, og þó enn furðulegra, að þeir skuli beita þeim í þessu máli, þar sem um það er að ræða að styðja og styrkja frjálsa verslun í landinu. Máli, sem þjóðinni er viðkvæmast allra mála. Og það er undarlegt, að þeir háttv. þm., sem mest tala um kaupmannapólitík í þessu sambandi, skyldu ekki hafa risið upp gegn sýslunefndum landsins hjer um árið, þegar þær fyrir þjóðarinnar hönd mótmæltu nær einum rómi, að ríkið tæki að sjer einkasölu á kornvörum. Var það hagur kaupmannanna, sem sýslunefndirnar báru þá svo mjög fyrir brjósti? Nei, sýslunefndirnar skildu það vel, og allur almenningur skilur það einnig mjög vel, þó að sumum háttv. þm. virðist ganga öllu erfiðlegar að skilja það, að verslunarmálin eru stórmál, sem alla þjóðina varðar. Spurningin um það, hvort verslunin eigi að vera frjáls eða hvort ríkið eigi að leggja á hana allskonar hömlur, er fyrst og fremst þjóðmál, sem ekki varðar eina stjett í landinu fremur en aðrar. Það er mál, sem varðar allar stjettir og hvern einasta einstakling þjóðfjelagsins.

Þjóðfjelag vort er reist á þeim grundvelli, að einstaklingar þess fái reynt dugn-

að sinn og framtak í hvívetna, ekki síður á sviði verslunar og viðskifta en á öðrum sviðum. Frjálst og óþvingað viðskiftalíf er sá hyrningarsteinn, sem þjóðfjelag vort er reist á, og sje sá hyrningarsteinn fluttur úr skorðum, er þjóðfjelaginu í heild hætt. Þeir hv. þm., sem láta hafa sig til að grafa undan þessum hyrningarsteini, með því að leggja óeðlileg bönd á frjálst viðskiftalíf, ganga í lið með þeim mönnum, sem hafa þorað að láta þá ósk í ljós, að núverandi þjóðskipulag vort mætti hrynja til grunna. Það er þessi hlið málsins, sem aðallega hefir vakað fyrir mjer, þegar jeg gerðist meðflm. frv. þess, sem nú er til umræðu.

Allmikið hefir verið deilt um aðdraganda tóbakseinkasölunnar. Deilt um það, hvað vakað hafi fyrir landsstjórninni, er hún flutti frv. um einkasöluna á þingi 1921; hvort það hafi þá verið „princip"-mál, þ. e. a. s., hvort stjórnin hafi í raun og veru viljað taka upp einokunarstefnuna, eða það hafi einungis verið fjárhagsmál, gripið af neyð, til þess að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna.

Þetta er í sjálfu sjer óþörf deila nú orðið, þar sem það hefir komið skýrt fram í þessum umr., *að málið er nú „princip"-mál.* Annar stærsti þingflokkurinn hefir í þessu máli gengið í lið með minsta þingflokknum, sem meðal annars hefir það til síns ágætis að vilja kollvarpa núverandi þjóðskipulagi. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem talaði fyrir munn Framsóknarflokksins, lýsti því yfir í fyrri ræðu sinni, að enn væri ekki kominn tími til þess, að ríkið tæki að sjer alla verslun landsins. Það mátti svo sem skilja á hv. þm. (KlJ), að flokkur hans ætlaðist til, að svo yrði, þá er tímar liðu fram. Þarf því ekki frekar vitnanna við, að hjer er um alvarlegt *stefnumál* að ræða.

En fyrst deila þessi hefir risið upp, þá er rjett að leiðrjetta það, sem rangt hefir verið með farið.

Það er öllum vitanlegt, að á þingi árið 1921 var einkasölufrv. flutt sem fjárhagsmál eingöngu — og þingið afgreiddi það sem fjárhagsmál.

Hv. þm. er það efalaust kunnugt, að árið 1919 afgreiddi þingið mörg lög, sem bökuðu ríkissjóði stórfeld útgjöld, án þess að sjá honum fyrir auknum tekjum að sama skapi. Þarf ekki annað en að minna á launalögin og dýrtíðaruppbótina, auk ýmsra annara laga. Og það var fyrst á þingi 1921, að þáverandi stjórn og svo þingmenn fóru að hugsa ríkissjóði fyrir tekjuauka, enda var þá komið talsvert tómahljóð í kassann. Þá var það að frv. um tóbakseinkasölu var lagt fyrir þingið. Greinargerð stjórnarinnar fyrir frv., umræður um málið og atkvgr. sannar, svo að ekki verður vjefengt, að frv. var borið fram og afgreitt eingöngu sem fjárhagsmál, til þess eins að afla ríkissjóði tekna. Þessu til staðfestingar vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð upp úr ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem var frsm. meiri hl. fjhn. þessarar hv. deildar í máli þessu. Honum farast svo orð um þessa hlið málsins:

„Jeg vil geta þess, að stefna meiri hl. er óháð afstöðu þeirra einstöku nefndarmanna til einkasölu yfirleitt; sumir nefndarmenn hallast að henni, aðrir telja óháð og frjáls viðskifti eiga hvarvetna að ráða, en þessi skoðun hefir orðið að víkja og verið látin víkja fyrir þörf ríkissjóðs á auknum tekjum."

Þarna hefir hv. þm. (SvÓ) lýst því alveg rjettilega, hvað fyrir fjhn. og Alþingi vakti, þegar einkasölulögin voru samþykt. Enda sýnir atkvgr. þm. hið sama. Málið var ekki flokksmál. Eindregnir fylgjend-

ur frjálsrar verslunar greiddu frv. atkv., og þess vegna marðist það í gegnum þessa hv. deild með eins atkvæðis meiri hluta. Þarf því engan að undra, þó að málið sje nú komið á dagskrá aftur.

En þó að málið hafi eingöngu verið flutt og afgreitt sem fjárhagsmál á þingi 1921, verður því ekki neitað, að samþykt frv. var brot á „principi“ frjálsrar verslunar eigi að síður, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók rjettilega fram eigi alls fyrir löngu. Því að ef svo er ekki, hvar eru þá takmörkin?

En einmitt vegna þess, að málið var flutt og afgreitt sem fjárhagsmál árið 1921, höfum við nú flutt frv. þetta á sama grundvelli, eins og greinargerðin sýnir. Við viljum tryggja ríkissjóði sömu tekjur, sem hann hefir nú af tóbakinu, með því að hækka tollinn. Og engum hv. andstæðingi frv. hefir tekist að hrekja með rökum áætlanir þær, sem gerðar eru í greinargerðinni, enda hafa bæði háttv. aðalflm. (BL) og ýmsir aðrir hv. flm., einkum hv. 4. þm. Reykv. (MJ), hrakið rækilega allar tilraunir, sem gerðar hafa verið í þá átt. Ætla jeg mjer því ekki að tefja tímann með því að fara inn á það frekar.

Jeg get þó ekki stilt mig um að láta í ljós undrun mína yfir einu atriði, sem sumir hv. þm. hafa haldið mjög á lofti Þeir hafa talið það mikinn kost, að innflutningur tóbaks, sem tollur er greiddur af, minki, en vilja jafnframt fyrir engan mun láta ríkissjóð missa nokkrar tekjur af tóbakinu. Ef þetta hvorttveggja getur farið saman, þá fer það að rætast, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) drap á í gær, að hvert kg. tóbaks komist upp í 70 kr.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg undirstrika það, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) mintist á í gær, að fyrir mjer var það veigamikið atriði, þegar jeg gerðist meðflm. þessa frv., hversu launakjörum starfsmanna einkasölunnar er háttað, borið saman við launakjör embættismanna og annara starfsmanna þjóðarinnar. Með örfáum undantekningum geta laun æðstu embættismanna þjóðarinnar orðið hæst 9500 kr. samkvæmt núgildandi launalögum. Yfirborðið af embættismönnum ríkisins hefir miklu lægri laun. En hvað er að segja um þá starfsmenn ríkisins, sem starfa við verslanirnar? Hvernig eru launakjör þeirra? Eru þau í samræmi við laun annara?

Eins og hv. þdm. muna, kom fram fyrirspurn á síðasta þingi um laun starfsmanna við verslanir ríkisins, og komu þá fram tölur, sem fara langsamlega fram úr þeim upphæðum, sem aðrir starfsmenn ríkisins hafa. Forstjóri landsverslunarinnar var með 12 þús. kr., skrifstofustjóri 10 þús. kr., aðalbókhaldari 8400 kr., gjaldkeri 7200 kr., umsjónarmaður 6600 kr. Þetta eru talandi tölur og alls ekki í nokkru samræmi við laun starfsmanna ríkisins yfirleitt. Nú vita menn, að hjer í lestrarsal hefir legið erindi frá starfsmönnum ríkisins, þar sem kvartað er undan óhæfilega lágum launum, og vitanlega bera þeir sig saman við áðurnefnda starfsmenn verslananna. Þetta er svo veigamikil ástæða, að jeg held, að það sje ótækt að halda lengra á þessari braut, að taka suma starfsmenn ríkisins út úr með launakjör án tillits til launa yfirleitt. Það hlýtur að reka að því, að mjög háværar raddir komi og krefjist samræmis. Verður þá erfitt að standa á móti kröfunni. En það er ekki hægt að samræma þetta nema með því, að ríkið hætti þessum verslunarrekstri; því að ef ríkið á að hafa hæfa menn við

verslunina, þá er það öldungis víst, — eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) tók fram, — að við verðum að launa þeim með þessum kjörum.

Jeg skal svo ekki lengja umr. frekar. Vildi jeg vona, að háttv. þdm. færu að hætta því að brigsla okkur flm. um illar hvatir í þessu máli, því að það er vissulega ekki sæmandi.

Sigurjón Jónsson: Það er að bera í bakkafullan lækinn að halda áfram þessum umræðum, en þó vildi jeg segja nokkur orð.

Tvent er það einkum, sem hv. andmælendur þessa máls hafa fært fram móti því; annað, að ríkissjóður yrði sviftur tekjum, er hann ella hefði, og hitt, að kaup almennings á tóbaki yrðu ekki eins hagkvæm, verðið hækkaði fyrir neytendur. Þessar ástæður skal jeg taka til athugunar sína í hvoru lagi. En fyrst vil jeg halda þar áfram, sem hv. síðasti ræðumaður endaði, og vísa á bug þeim aðdróttunum og dylgjum, sem fólust í ýmsum ræðum hv. andmælenda. Það er harla einkennilegt að heyra hvern þingmann á fætur öðrum halda ræður þrungnar af dylgjum og tortrygnisanda. Fyrir mitt leyti vil jeg alls ekki væna hv. andmælendur um neinar lágar hvatir fyrir sinni andstöðu gegn málinu. Jeg á bágt með að hugsa mjer, að lágar hvatir ráði aðstöðu hv. þm. í þjóðmáli sem þessu. Það er einkennilegt, að sumir hv. andmælendur virðast hafa það sem aðalrök á móti málinu að gera aðstandendur þess á einhvern hátt tortryggilega.

Þá vil jeg snúa mjer að þessum tveim aðalatriðum, og fyrst að hliðinni, sem veit að ríkissjóði. Hv. andmælendum hefir ekki komið vel saman um það, hve miklu tekjurýrnun hans mundi nema. Fyrst var gert ráð fyrir hjer í háttv. deild, að tekjurýrnunin mundi nema 200—300 þús. kr.; í gær komst hún niður í 100 þús. kr., og hjá hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) komst hún ofan í 75 þús. kr. Jeg geri ráð fyrir, að þessi mismunur stafi af því, að málið hefir skýrst dálítið betur, og síst er vonlaust, að tekjurýrnunin hverfi alveg við athugun málsins í hv. fjhn. og við lengri umr.

Háttv. þm. A.-Sk. hefir komist lægst í áætlun um tekjurýrnun ríkissjóðs og talið nema mundi 75 þús. kr. Skal jeg á þessu stigi málsins ganga til móts við þennan háttv. þm. og athuga málið einmitt á þessum grundvelli. Skal jeg, eins og hann, gera ráð fyrir, að tollur af innfluttu tóbaki verði samkv. frv. og mundi nema 729 þús. kr., miðað við jafnmikinn innflutning og 1924, og að það sje 75 þús. kr. lægra en tollur plús verslunarhagnaður 1924. Ekki svo að skilja, að við flm. sjeum ekki sannfærðir um, að innflutningur muni aukast svo við frjálsa verslun, að það jafni þarna mismuninn. Hv. þm. segir, að þetta sje engin staðreynd, og megi því ekkert reisa á þeim grundvelli; vil jeg því ræða við hv. þm. á hans eigin grundvelli.

En þegar jeg nú geng svona langt til móts við hv. andmælanda minn — og það án þess jeg álíti, að það hafi við full rök að styðjast —, þá vil jeg aftur á móti biðja hann og aðra hv. þm. að líta dálítið nánar en gert hefir verið á gróða einkasölunnar 1924. Verslunarágóðinn er tilfærður 350 þús. kr. 1924. Árið 1923 er hann 200 þús. kr. Hjer er um 150 þús. kr. mismun að ræða, eða 75% meiri gróði er sýndur árið 1924 en 1923, um leið og innflutningur tóbaks eykst um 1%. Jeg skal undir eins skýra þennan mismun að svo miklu leyti, sem jeg get. Fyrst og

fremst dragast frá þessum 350 þús. ca. 25 þús. kr. hagnaður vegna 25% tollhækkunarinnar. En við þessar 200 þús. kr. í verslunarhagnað 1923 mundi mega leggja 25 þús. kr., sem er tap á gengi 1923. Er þá ágóðinn 1923 225 þús. kr., en 1924 325 þús. kr. Verslunin hefir hvorugt árið borgað útsvar, þau eru bæði greidd af gengisgróðanum 1924. Jeg vil skjóta þeirri spurningu hjer fram: Hvers vegna er gróðinn miklu meiri 1924 en 1923? 25% tollaukningin, sem gekk í gildi í fyrra, er atriði, sem hefir haft nokkur áhrif á verslunarhagnaðinn. Jeg hefi reiknað út, hve miklu sú ágóðaaukning hafi getað numið. Við hækkaðan toll hefir álagningin orðið meiri að krónutali, hafi álagningunni „prósentvís" verið haldið jafnhárri. Reiknast mjer, að sú hækkun á verslunargróða ætti aldrei að geta numið meira en 15 þús. kr. þessa 9 mánuði. Ennfremur er hægt að finna 5 þús. kr. upphæð, sem kemur fram við það, að 1924 voru flutt inn 1750 kg. af vindlum og vindlingum, en ekki nema 1600 1923. Þar af leiðandi eykst verslunarhagnaðurinn 1924. Með þessu móti kemst jeg ofan í 80 þús. kr. meiri gróða 1924 en 1923. M. ö. o., það er 35%, sem gróðinn hækkar frá ári til árs, með jafnmikilli umsetningu, eða sem næst, þar sem innflutningurinn hefir aukist tæplega um 1%. Nú vil jeg spyrja hv. andmælendur, og þá sjerstaklega háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), hvernig á að skýra þetta, þennan mikla mismun. Geta hv. þm. álitið, að hjer sje virkilega um tryggan tekjustofn að ræða? Það eina, sem getur skýrt þetta, það er meiri álagning á vöruna en verið hefir. Hvað mundu hv. andmælendur segja um slíkan verslunarrekstur sem þennan hjá prívatkaupmanni? Jeg býst ekki við, að það yrði dæmt mjög vægt. Og jeg get heldur ekki láð það, þótt lítið samræmi þyki í slíkum verslunarrekstri sem þessum og hann fái sína dóma. Jeg þori því að segja, að sjeu áætlanir okkar flm. í greinargerðinni ekki ábyggilegar um tekjur ríkissjóðs af ráðgerðum tollum, þá eru heldur ekki tryggar a. m. k. jafnháar tekjur af einkasölunni og hún gaf 1924.

Það má aðeins benda hv. andmælendum á það, að það hefir ekkert verið farið út í tekjuskatt þeirra einstaklinga, sem eiga að græða svo og svo mikið af tóbakssölu.

Um þá hlið, er snýr að almenningi, hefir verið mikið rætt í dag. Hygg jeg, að það komi skýrlega fram í greinargerð okkar, svo enginn vafi kemst að, að ódýrari tóbakstegundirnar hljóta að verða ódýrari, ef frv. nær fram að ganga. Neftóbak kostar nú til landsins komið kr. 10,12 kg., munntóbak kr. 10,57 fyrir utan toll, en seljast af einkasölu ríkisins á kr. 19,50 hið fyrra og kr. 21,00 hið síðara. Ágóðinn til ríkisins er því kr. 9,38 og kr. 10,43. Á reyktóbak er lagt meira en þetta. Á vindla og vindlinga er álagningin um 11 kr. og tollurinn 10 kr., samtals 21 kr. á kg. Nú er ráðgerður tollur í frv. á neftóbak 6 kr. á kg., en 16 kr. á vindlum og vindlingum. Lækkunin á álagningu til ríkissjóðs er því sem hjer segir: á neftóbaki kr. 3,38, á munntóbaki kr. 4,43, á vindlum og vindlingum kr. 5,00. Á reyktóbaki er lækkunin eitthvað meiri. Gert er ráð fyrir 20% álagningu á neftóbak, en hærra er alls ekki venja að leggja á þá vöru. En eftir því yrði neftóbak ekki dýrara í smásölu en það selst nú í heildsölu. Þess vegna væri óhætt að hækka tollinn um 1 kr. á þessum tegundum, nef- og munntóbaki; tóbakið yrði fyrir því ekki dýrara en í landsverslun.

Allar þessar tröllasögur, er hv. andmælendur hafa borið fram um væntanlega

50% álagningu kaupmanna, er ekki nema reykur eða ryk, sem þyrlað er upp um þetta mál. Eða hvað segja menn um stærsta viðskiftavin einkasölunnar, S. Í. S. eða kaupfjelögin? Þau hafa nú eins og aðrir látið sjer nægja 10% álagningu, og svo eiga þau að fara að taka alt að 50%. Auðvitað nær þessi röksemd hv. andmælenda ekki nokkurri átt. Nei, það er fyrirsjáanlegt, og þarf ekki að deila um það, að tóbaksverðið hlýtur að lækka.

En eitt er alveg hárrjett hjá hv. andmælendum í þessu sambandi; þeir hafa sagt, að meiri hætta væri á smyglun með hækkuðum tolli. Þeir hafa ætlað sjer að nota þetta sem rök á móti frv., en þetta eru nú einmitt bestu meðmælin, sem hægt er að gefa því. Frv. gerir ráð fyrir, að álögur ríkissjóðs á tóbak sjeu hækkaðar að stórum mun, en ekki hækkaðar. Álögur ríkissjóðs á kg. af rjóli eru nú kr. 9,38; og hvort nokkuð af því er nú kallað verslunarágóði og hitt tollur, eða alt verslunarágóði eða alt tollur, það kemur nú Pjetri og Páli í alveg sama stað niður; króna er króna. Frv. gerir ráð fyrir, að þetta gjald verði 6 kr. Hjer er um 3—5 kr. lækkun að ræða á kg.; og hv. andmælendur hafa slegið því föstu, að þetta hljóti að hafa minkaða smyglun í för með sjer, og jeg er þeim alveg samdóma. Og einmitt af þeirri ástæðu erum við flm. sannfærðir um, að við munum fá meira af *tolluðu* tóbaki innflutt eftir af frv. þetta er orðið að lögum en áður. Jeg skal ekki segja, hvort innflutningurinn eykst eða ekki, en jeg vona, að við fáum meira tóbak sem tollskylda vöru. Sjerstaklega er oss flm. það ánægjulegt, að hv. andmælendur hafa staðfest þessa skoðun vora, og þó þeir hafi gert þetta óviljandi, þá verður þeim það ekki reiknað til syndar.

Hjer við skal jeg svo aðeins bæta því, að einkasölu ríkisins á tóbaki eða einhverri annari munaðarvöru skoða jeg ekki stórt brot á principinu „frjáls verslun", svo framt, að hún gefi ríkissjóði af vörunni meiri og vissari tekjur en ella er hægt að ná, jafnframt því að gefa kaupendum a. m. k. jafnhagkvæm kaup á vörunni og annars ætti sjer stað. Hvorugt þessara skilyrða hefir einkasalan okkar á tóbaki uppfylt, og þess vegna álít jeg, að hún eigi engan rjett á sjer.

Jeg veit ekki, hvort hæstv. forseti vill leyfa mjer, um leið og jeg sest niður, að minnast hjer á mál, sem tveir hv. andmælendur hafa drepið á; það er einkasala ríkisins á steinolíu. Á hana var drepið einmitt í þeim tilgangi að sýna, að þar hefði ríkið útvegað almenningi hagkvæmari kaup á þessari nauðsynjavöru, eða að sá hafi tilgangurinn verið. Jeg skal fúslega samþykkja, að tilgangur þeirra, er einkasölu þeirri komu á, hafi verið sá einn, þótt hann hafi, því miður, mishepnast. Skal jeg ekki fara út í það að þessu sinni. En hv. þm. til fróðleiks vildi jeg mega skýra frá, hvað mótorolía, sem „sólarolía" er kölluð, kostar nú hjá landsverslun, og hvað hún kostar beint frá firma í Kaupmannahöfn. Þetta er sjerstök olía og mikið notuð af mótorbátum áður en einkasalan tók við.

Olían kostar 13½ eyri kg. frá Kaupmannahöfn. Er gert ráð fyrir 166 kg. í fati, og gerir það kr. 22.38. Fragt frá Kaupmannahöfn er 8 kr., assurance og annar kostnaður 1 kr. Tómt fatið 12 kr. Þetta verður í dönskum krónum 43,38 kr., en með gengismun 2% kr. 44,25. Vörugjald 2 kr., og uppskipun og annar kostnaður 2 kr. Alls í ísl. kr. 48,25. Hjá landsverslun kostar tómt fatið notað — alveg samskonar tegund — 14 kr., en olían sjálf, 166 kg. á 30 aura kílóið, kostar kr. 49,80

eða samtals kr. 63,80. Er hjer um svo mikinn verðmismun að ræða, að naumast getur verið um samngjarna álagning að ræða.

Magnús Torfason: Síðan jeg talaði hjer síðast hefir ýmislegt komið fram í þessu máli, bæði með og móti, og er það ætlun mín, að það vegi nokkuð salt. Það, sem einkum knýr mig nú til þess að taka hjer til máls, er ræða hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hann hjelt hjer heilan fyrirlestur um málið, og þar sem jeg held, að aðalstofninn úr röksemdum flm. frv. hafi komið allgreinilega í ljós í ræðu hans, þá mun jeg snúa mjer einkum að henni með athugasemdir mínar.

Hv. þm. (MJ) byrjaði á því að segja það, að hjer væri ekki um neitt stórmál að ræða. Jeg held, að það fari eftir því, frá hvaða sjónarmiði það er skoðað. Frá hans sjónarmiði er það ekki stórt skattamál, því að hann gerði ráð fyrir, að skatttekjur ríkissjóðs yrðu mjög líkar hvort sem frv. yrði samþykt eða ekki.

Þá held jeg, að það geti ekki litið út sem stórmál frá sjónarmiði tóbakssalanna, því að það hefir verið upplýst hjer í deildinni, að tóbakssalan sje í mesta lagi 3% af allri verslunarveltunni; með öðrum orðum: frv. þetta hefir ekki meiri þýðingu fyrir verslunarstjettina heldur en rakarafrv. fyrir rakarana, hvers æðsta hugsjón er, að dónarnir skuli ganga órakaðir.

En það er vissulega stórmál fyrir Íhaldsflokkinn. Það er búið að gera það að stórmáli fyrir hann með því, að ár eftir ár hefir hvert blað hans af öðru grenjað: Verslunarfrelsi! Það er nú svo, að þessi hugsjón um frelsi er ágæt fyrir hvern flokk, og hin mesta hagsbót og höfuðprýði, svo enginn flokkur getur hjá því komist að hafa eitthvert frelsi á stefnuskrá sinni, og því hefir Íhaldsflokkurinn tekið verslunarfrelsi sem stefnuatriði og látið allmikið yfir því, enda var það sagt nú nýlega í einni ræðu hjer, að það væri hyrningarsteinn undir velferð landsins.

Það er líka áreiðanlega stórmál fyrir Íhaldsflokkinn á þessu þingi, því það setur áreiðanlega stimpil á hann. Það hefir heyrst, að flokkurinn þættist þurfa enn að breyta um nafn. Hann hjet eins og kunnugt er í fyrstu Heimastjórnarflokkur, og lá í því góð hugsjón, enda vildi hann brátt losa sig við það nafn. Síðan hjet hann Íhaldsflokkur, og vil jeg ekki neita, að nokkur hugmynd sje falin í því heiti. En vilji hann nú enn breyta um nafn, þá ætti hann að kalla sig kaupmannaflokk, því í því nafni er ekki einusinni hugmynd, hvað þá meira. Það er bara stimpill. Mundi það því vel hæfa.

Mál þetta er líka stórmál af þeirri ástæðu, að enginn vafi er á því, að afleiðingarnar af því, að það er flutt hjer á þinginu, verða talsvert miklar.

Það má virðast einkennilegt að vera nú að ráðast á fyrirkomulag landsverslunar, þegar hún stendur í sem mestum blóma og er komin í fastar skorður, enda viðurkent, að henni sje vel stjórnað. Þá hefir hún líka komið sjer upp varasjóði, svo hagur hennar er miklu tryggari en áður. Yfirleitt hefir verslunin reynst langt fram yfir allar vonir, enda ekki gerðar háar vonir um hana á þingi 1921, er hún var stofnuð. Hitt er alveg rjett, að ekki má byggja mikla útreikninga um framtíðina á árinu 1924. Enginn vafi er á því, að hagur þessarar verslunar fer hjer eftir eins og hingað til eftir árferði, svo sem hagur annara verslunarfyrirtækja, og veltiár koma varla mörg í röð. En það er ekki

háttur skynberandi manna að ráðast á fyrirtæki, sem stendur vel. Þess vegna ber að fella þetta frv. nú, svo mönnum yrði þessa góða regla eftirminnileg framvegis.

Því er haldið fram í greinargerð þessa frv., að verð á tóbaki muni lækka, ef frv. verður samþykt. Jeg mun ekki fara langt út í greinargerð þessa, því jeg er búinn að fá upplýsingar, sem sýna berlega, að ekkert er á henni að byggja, enda munu síðar koma fram ítarlegar skýrslur um þetta og annað, sem setja málið í heild sinni í alt annað ljós en hjer hefir komið fram. Þó er eitt atriði, sem gæti leiðbeint um það, hverjar líkur sjeu fyrir lækkun eða hækkun vörunnar, ef frv. yrði samþykt. Jeg hefi fengið upplýsingar, er ekki verða rengdar, um það, að verð á tóbaki er nú tiltölulega hið sama og þegar landsverslun tók við sölu þess, eða jafnvel lægra. Verðið hefir m. ö. o. ekki hækkað neitt, þrátt fyrir gengistap það, sem einmitt hófst um það leyti, sem einkasalan byrjaði, og sem hún hefir átt við að stríða æ síðan. Og þrátt fyrir 25% gengistollhækkun síðasta þings, hefir verðið ekki hækkað tiltölulega.

Því hefir verið skotið hjer fram, að þegar heildsala landsins hætti, yrði ekki að ræða um nema einfalda álagningu á tóbakið, sem sje hagnað smásalanna. Stórsalar kæmu ekki til greina í þessu atriði, því tóbakssalarnir mundu fá vöru sína beint frá útlöndum. Það getur verið, að sú yrði reyndin á að einhverju leyti. En það er þó alkunna, að heildsalar hjer hafa oft haft miklar tóbaksbirgðir liggjandi, og mundu flestir smærri kaupmenn sæta kaupum hjá þeim. En þó nú sumir kaupmenn fengju vöruna beint, þá held jeg, að svo mundi fara, að þeir tækju sumir bæði smásölu- og stórsöluhagnaðinn undir sig. Jeg hefi heyrt getið um menn, sem seldu tóbak í ekki stærri búð en svo, að danskur hundur gat rjett hringað sig þar inni, og urðu stórríkir á fáum árum. Eitt er víst, að einkasalan hefir ekki þurft að borga umboðsmönnum erlendis. *(JAJ*: Ætli þeir fái ekki sinn hluta!). Jeg hefi mínar upplýsingar þaðan, sem ekki verður vjefengt. Það er alveg víst, að landsverslunin hefir betri kjör en tóbakssalarnir geta haft, og er það að vonum. Vegna alls þessa er engin von til þess, að verð lækki á tóbaki, þó verslun með það sje gefin frjáls. Og jeg er því ekki í vafa um það, að þegar frá líður og hin frjálsa verslun er búin að reyna sig, þá munu sumir karlarnir spýta mórauðu.

Frá þessu sjónarmiði er mjer í rauninni enginn harmur að því, þó frv. þetta nái samþykt. Mjer liggur í ljettu rúmi, þó stjórnin og Íhaldið spili pólitískt *hálftólf* í þessu máli. En samt er jeg því mótfallinn, að verslunin verði lögð niður. Það gægðist fram í ræðu háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), að það liggur „princip“ á bak við frv. Hann ljet sem sje þau orð falla, að hann væri þess albúinn, hvenær sem væri, að afnema einkasölu landsins á steinolíu. Nú er það alkunnugt, að steinolían var einokuð hjer áður en landið tók að sjer einkasölu á henni. Það er því ljóst af orðum háttv. þm. (MJ), að hann vill heldur útlenda einokun en innlenda, og einstakra manna einokun heldur en opinbera einkasölu. En eigi jeg um tvent ilt að velja, þá fylgi jeg þeirri gömlu og gildu reglu: af tvennu illu skal taka hið skárra. Og það vita allir, að meðan einokunarverslun var hjer á landi, þá reyndist konungsverslunin miklu betri en einokun kaupmanna.

En hjer er jeg kominn að því, sem er aðalatriði í þessu máli, en það er það, að tóbaksverslunin er einskonar útvígi fyrir steinolíuverslunina. En þar fyrir þarf hún ekki að vera vígi til þess að sækja fram í einkasöluáttina. Og þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að fella þetta frv., að tóbaksverslunin er styrkur fyrir steinolíuverslunina, t. d. þannig, að stjórnarkostnaðurinn kemur ljettar niður, er hann dreifist á þær báðar. Og frá mínu sjónarmiði er ennþá nauðsynlegra að halda áfram steinolíueinkasölunni heldur en tóbakseinkasölunni, og vil jeg því ekki gera neitt, sem stuðlar að því, að hún sje afnumin.

Háttv. 4. þingmaður Reykvíkinga (MJ) var að líkja tóbakseinkasölu okkar við tóbakseinkasölu Svía. Þar er þó ólíku saman að jafna. Sú verslun starfar fyrir 7—8 miljónir, auk þess sem þar var rekinn mikill tóbaksiðnaður og stórar sjerverslanir. En hjer er aðeins um verslun fyrir 100 þús. manns að ræða, og tóbakið aðeins selt í smáum verslunum, eða sem aukavara.

Þá mintist sami hv. þm. (MJ) á það, að tóbakstollurinn mundi aukast, ef verslunin væri gefin frjáls. Það er alveg ósannað mál. Árin 1921—'24 sanna ekkert um það. Jeg hugsa, að allir þeir, sem átt hafa kost á því að athuga líf almennings á þessum kreppuárum, geti sannað það með mjer, að menn reyndu að sauma að sjer á öllum sviðum, og ekki síst um kaup á óþarfa. Jeg er ekki í vafa um það, að minkun á innflutningi tóbaks stafar fyrst og fremst af þessu.

Enn ljet hv. þm. sjer þau orð um munn fara, að sjer væri ant um, að enginn tóbaksblettur kæmi á stjórnina af þessu máli. Jeg hefi ekki orðið þess var, að stjórnin hafi enn fengið á sig neinn blett af málinu, nema ef hæstv. atvrh. (MG) hefir fengið á sig blett af flutningi málsins á þingi 1921. En hvað þetta frv. snertir, þá er jeg ekki í neinum minsta vafa um það, að stjórnin fær á sig svartan tóbaksblett, ef hún styður að framgangi þess nú. Þá gat hv. þm. (MJ) þess, að þeir menn, sem ynnu við einkasöluna, fengju hærri laun en hann sjálfur og aðrir góðir menn, en það verð jeg að telja nauðsynlegt böl, sem ekki verði hjá komist, enda er það vitanlegt, að margar aðrar stofnanir greiða eins há laun og hærri en almennir embættismenn ríkisins eiga við að búa. Þetta meðal annars sýnir, hve það er hæpið, að tóbaksverðið lækki, þó kaupmenn taki við verslun þess, því þeir geta vitanlega ekki goldið há laun nema með því að leggja mikið á vörur sínar, og þá á tóbakið ekki síður en annað.

Hjer hefir verið rætt margt um hvatir manna í sambandi við afstöðu þeirra til frv., og hafa íhaldsmenn gengið lengst í því efni. Jeg mun ekki fara langt út í þá sálma, en get samt ekki leitt það hjá mjer með öllu. Tæpt hefir verið á, að stofnun þessi væri siðspillandi, og mig furðar satt að segja ekki svo mjög á því, þótt slíkt heyrist jafnvel hjer í þinginu. Að vísu hefir forstjórinn vottorð hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fyrir því, að hann sje ekki siðspiltur maður. Og mun þetta því eiga fremur við þann mann, sem hjer hefir verið nefndur „næstkommanderandi". En um þann mann er það að segja, að hann er kominn í þessa stöðu sem skjólstæðingur hæstv. forsrh. (JM). Mig furðar sem sagt ekki á því, þó þetta komi hjer fram, því jeg hefi sjeð það í einu stjórnarblaðinu, að það væri hreint og

beint ekki skammlaust að hafa slíkan mann í þessari stöðu, og ætti því að víkja honum frá. Jeg er manni þessum ókunnugur og skal ekkert um hann segja, en þó held jeg, að þessi ummæli og aðfarir liggi nokkuð nærri því, sem kallað er atvinnurógur. Jeg vil þó ekki gera ráð fyrir því, að slíkt vaki fyrir neinum hv. þm. eða þeir hafi stofnað til slíks. En jeg veit til þess, að svipað hefir komið fyrir í sumum sveitarstjórnum, og jeg man dæmi til þess, að hæstv. landsstjórn hefir oftar en einu sinni verið brugðið um slíkt. En jeg held, að það hafi aldrei komið fyrir á þingi. Þinginu hefir miklu frekar verið álasað fyrir að draga taum manna, sem naumast þóttu verðir launa sinna, enda er það ólíkt göfugmannlegra. Má í því sambandi minna á það, að á síðasta þingi var hjer hafnað tekjuauka fyrir ríkið, sem nam hátt á annað hundrað þús. króna, til þess að halda einum manni í stöðu, svo sem alkunnugt er.

Jeg get ekki sjeð, að hjer sje ástæða til þess að láta eftir verslunarstjettinni í þessu máli. Hún hefir heldur aldrei verið talin neitt gustukagrey. Ef því ætti nú að fá henni þessa verslun í hendur án sjerstakrar nauðsynjar, þá yrði það að skoðast sem laun fyrir vel unnið starf. En hvað sem þeim verðleikum líður, þá hefi jeg ætíð litið svo á, að kaupmenn kynnu að taka sín laun sjálfir. Svo var það fyrir stríðið, og mun alment litið svo á, að þeim hafi ekki förlað neitt í slíku á stríðsárunum. Með þessu er jeg ekki að dæma verslunarstjett þessa lands. Hún mun sennilega ekki vera betri nje verri en gerist í öðrum löndum.

En úr því farið er út í verðlag hjá kaupmönnum, þá er rjett að athuga, hvað gerist í móðurlandi Jóns Helgasonar, Jóns Magnússonar og Jóns Þorlákssonar. Það nýjasta, sem þaðan er að frjetta í þessu efni, er, að mjólk, sem flutt er til Kaupmannahafnar álíka vegalengd og frá Geithálsi til Reykjavíkur, er seld þar 100% dýrari en bóndinn fær fyrir hana. (*BL*: Er hún kannske ódýrari hjá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur?). Þarf jeg að benda hv. þm. Ak. (BL) á það, að framleiðsla mjólkur er að miklum mun ódýrari í Danmörku en hjer? En hinsvegar er álagningin hjá Mjólkurfjelaginu langt frá því eins mikil. — Nokkuð líkt er að segja um brauðverðið. Það var orðið svo hátt í Kaupmannahöfn, að almenningur sá sig nauðbeygðan til að mynda samtök til að ljetta af sjer fargi verslunarstjettarinnar. Hvort hjer er eins ástatt, læt jeg ósagt, en jeg held, að ekki væri ástæðulaust, þótt hæstv. stjórn fæli nefnd þeirri, sem hún hefir skipað til að athuga ástæðurnar fyrir dýrtíðinni í Reykjavík, að rannsaka hvað mikið af dýrtíðinni stafar af of miklum verslunargróða í hvaða mynd sem er. — Jeg skal ekki orðlengja þetta meir, en vil enda mál mitt á því, að það getur ekki talist hyggilegt að fara nú að höggva þetta græna skatttrje okkar, meðan engar knýjandi ástæður til þess eru fyrir hendi, jafnvel þótt það sje gert með hag örfárra manna úr fámennri stjett fyrir augum. Í þágu allrar verslunarstjettarinnar er það ekki.

Jón Baldvinsson: Það hefir töluvert verið deilt um þetta frv. og um tölur þær, sem nál. er bygt á. Háttv. flutningsmenn eru líka í seinni tíð farnir að hörfa frá því aftur, sem þeir reyndu að sanna í upphafi, að innflutningurinn hafi minkað vegna ríkiseinkasölunnar, og eins hörfa þeir nú óðfluga frá hinu, að tollurinn muni nema meiru en tekjurnar eru nú af versluninni. Það er líka svo, að það sjest

greinilega, þegar borinn er saman innflutningurinn á árunum 1914—21, hvernig hann gengur í bylgjum. Það er eðlilegt, því að í góðum árum, þegar kaupgeta fólks eykst, þá neytir það meira af þessum vörum. Þannig skera árin 1916 og 1919 sig úr vegna óvenjulegs ástands í landinu. Aftur á móti voru árin 1921—1923 sjerstök kreppuár, einhver þau verstu, sem komið hafa langalengi, og því ekki nema eðlilegt, að það kæmi niður á innflutningnum, enda reyndist það svo, sjerstaklega árið 1922. Árið 1923 fer hann aftur dálítið að vaxa, en þó mest á árinu 1924. Sala tóbaks 1924 er þannig 9% meiri en árinu á undan, og 19% meiri á vindlum og vindlingum. Að innflutningurinn er svo jafn bæði árin, þótt salan sje meiri hið síðara, stafar af því, að þá eru minni birgðir fyrirliggjandi.

Það er skiljanlegt út frá peningaástandinu í landinu, að salan var ekki meiri en raun varð á fyrstu árin, sem einkasalan stóð. Menn gátu ekki keypt og urðu að spara við sig. Það er ekki fyrri en á miðju árinu 1924, að úr fer að rætast. Mjer þykir því ekki ólíklegt, þó að það komi upp úr kafinu, að tóbakssalan hafi orðið meiri seinni helming þess árs en á nokkru hálfu ári áður.

Það er heldur ekki úr vegi að minnast á það, að fjöldi manns er þeirrar skoðunar, að tóbakseyðslan, jafnvel þó hún gefi ríkinu tekjur í aðra hönd, sje alls ekki æskileg. Þeir menn líta fyrst og fremst á það, hvað þjóðinni sje í raun rjettri fyrir bestu. Og út frá þessu sjónarmiði ætti ekkert að gera til þess að örva innflutning tóbaks, heldur halda einkasölunni, ef hún að einhverju takmarkaði tóbaksneysluna í landinu.

Hvað aukinni smyglun viðvíkur, þá hefir það verið sagt, að engin hætta sje á henni, því að kaupmenn myndu í því efni hafa eftirlit hver með öðrum. Jeg sje ekki annað en að í þessari röksemdafærslu liggi ásökun til kaupmanna, því að þetta verður varla skilið á annan hátt en þann, að meðan ríkiseinkasalan sje við lýði, þá hafi þeir samtök um smyglunina, en hætti þeim, þegar landsverslunin sje afnumin. En er óhugsandi, að þeir haldi áfram slíkum samtökum, þótt einkasalan verði afnumin? Er hvötin ekki sú sama að koma hver upp um annan, til að koma í veg fyrir misrjetti, meðan landsverslunin stendur? Það væri þá af fjandskap við hana einungis, að þeir gerðu það ekki.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) talaði um gengisgróðann 1924 og vildi ekki samsinna því, að hann ætti ekki að dragast frá tekjum þess árs. Nú tók jeg það fram hjer í hv. deild á laugardaginn var, að ef þessi gengisgróði væri falinn í þessum 350 þús. kr. eða ef honum hefði verið varið til að greiða venjulegan kostnað af versluninni, þá bæri að draga hann frá. En nú fór hann einmitt í það að greiða óvenjuleg útgjöld, nefnilega útsvar af versluninni, sem lengi var talið vafasamt, hvort þyrfti að greiða, en sem svo var borgað samkvæmt dómi, er fyrst fjell 1924.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) er hreinn og beinn, eins og hann er vanur. Hann krefst þess, að kaupmönnum sje fengin öll verslun í hendur, því að það sje þeirra rjettur. Allar hömlur á verslunarfrelsinu kveður hann vera „hreinræktaðar bolsevikakenningar“. En hann hefir þá fyr á tímum verið sjálfur bolseviki, því að 1912 var hann fylgjandi einkasölu á kolum og salti. Jeg lasta það ekki, en skoðun hans þá horfir nokkuð öðruvísi við en síðar hefir orðið.

Þá sný jeg mjer að háttv. þm. V.-Sk. (JK). Hann gerði sig að siðameistara þessarar hv. deildar og fór hörðum orðum um þá menn, er hann taldi vilja kollvarpa núverandi þjóðfjelagsskipulagi. En orð hans hitta harðast þann mann, sem hann vildi síst styggja, nefnilega hæstv. atvrh. (MG), því að hann barðist fyrstur manna hjer fyrir einkasölu á tóbaki og flutti frv. um það. Annars var ræða hv. þm. (JK) ekkert annað en venjulegur Morgunblaðsvaðall um frjálsa verslun, sem venjulega er í því fólgin, að verslunarhringarnir í hinum ýmsu vöruteg-undum banna kaupmönnum að selja þær undir því verði, er þeir, hringarnir, ákveða.

Hv. aðalflm. (BL) komst því miður úr jafnvæginu, þegar hann talaði síðast. Hann var með dylgjur gegn forstöðumönnum landsverslunarinnar og fór þeim orðum um hana, að hún væri pólitískt vígi, og þaðan væru farnar ránsferðir til fjár og valda. Auðvitað gerði hann enga tilraun til að rökstyðja þennan framburð sinn. En meir en meðalóskammfeilni má það kallast að ráðast að mönnum með svo svívirðilegum aðdróttunum að þeim fjarverandi. Verður að víta það. Þetta lýsir líka hinni mestu lítilmensku hjá hv. þm. (BL), því að hann átti kost á því að koma með þessa árás á þingmálafundi fyrir norðan, þar sem forstjóri landsverslunarinnar var viðstaddur, en þá var hann lungamjúkur.

Jeg vil svo ljúka þessari aths. minni með því að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Það þarf ekki að taka það fram, að allir hans útreikningar eru ramvitlausir, og svo er það einnig, sem hann las um steinolíuverðlagið. Annars er það eftirtektarvert, að síðan landsverslunin var stofnuð hefir altaf kveðið við í blöðum kaupmanna, hversu miklu lægra verðlagið sje annarsstaðar. En jafnan hefir þetta reynst uppspuni einber. Að þessu sinni var það verðlagið á steinolíu í Kaupmannahöfn, sem háttv. þm. (SigurjJ) varð svo tíðrætt um, og sem hann taldi mun lægra þar en hjer. Jeg þori nú að fullyrða, að þó að lægra verð hafi einhverntíma verið á steinolíu í Kaupmannahöfn, þá hefir það aldrei átt sjer stað síðan landsverslunin hjer tók olíuverslunina í sínar hendur, að hægt hafi verið að útvega ódýrari olíu handa landsmönnum. Núna er verðið í Kaupmannahöfn á olíu talsvert hærra en hv. þm. nefndi til. — Þannig hrynja allar þessar tölur, ef við þær er komið. Og þó látið hafi verið í veðri vaka tylliboð um lægra verð en hjá landsversluninni, þá hafa þeir, sem fyrir slíku stóðu, altaf orðið að láta í minni pokann, þegar á átti að herða og við tilboð átti að standa, og mun svo og hjer vera.

Klemens Jónsson: Það hafa ýmsir hv. þm. orðið til þess að gera sjer mikinn mat úr þeim ummælum mínum, að ekki væri að svo stöddu umtalsmál um, að ríkið tæki alla verslunina í sínar hendur, og hafa viljað leggja þann skilning í þau, að það væri „prógram“ Framsóknarflokksins, að öll verslunin yrði þjóðnýtt. En ummæli þessi standa aðeins fyrir minn reikning og það er alveg óþarft að fara að gera sjer áhyggjur út af því, að það sje flokksmál Framsóknarflokksins að styðja slíka stefnu. Mjer vitanlega hefir aldrei neitt slíkt borið á góma þar. Jeg vil því mælast til þess, að hv. þm. taki þetta aðeins sem mín eigin orð.

Annars skal jeg minna á það, að þetta, að ríkið taki verslunina í sínar hendur, er alls ekki ný skoðun. Hún er æfagömul

og miklu eldri en bolsevisminn. Því að jeg minnist þess, að einhver gáfaðasti maður, sem setið hefir hjer á þingi, og sem nú er kominn undir græna torfu, var sannfærður um það, að heillavænlegast væri, að ríkið tæki alla verslunina í sínar hendur. Þessi maður var Jón heitinn í Múla. Við ræddum um þetta marga kvöldstund, og jeg hygg, að það hafi verið hans heitasta áhugamál. Jeg tók þessu allfjarri þá, en síðan hefi jeg með nánari íhugun og meiri reynslu komist að þeirri niðurstöðu, að þetta væri alls ekki óhugsandi, og sennilega á þessi skoðun eftir að gægjast betur fram.

Mjer var aðeins leyft að gera stutta athugasemd, og verð jeg því að takmarka mig. Jeg hefði þó ástæðu til að gera athugasemdir við allmargt í ræðu háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), en verð að láta flest af því bíða til 2. umr., ef málið kemst svo langt. En þó vildi jeg nú leyfa mjer að drepa á fátt eitt.

Hv. þm. (MJ) hjelt því fram, að það væri rangt að telja varasjóðinn með tekjum af versluninni, þar sem hann væri áætlaður fyrir væntanlegu tapi, og það sjáist fyrst, er verslunin er gerð upp, hvers virði hann sje. En hvernig kemst hv. þm. (MJ) í kringum það, að hann sje þrátt fyrir það tekjur, sem verslunin gefur af sjer? Jeg skal ekki bera á móti því, að vel geti orðið tap á versluninni. Bæði geta ófyrirsjáanleg óhöpp viljað til, og eins vita allir, að hjer á landi er margt óskilamanna. En það tap nemur þó varla meiru en svo, að það hitti aðeins varasjóðinn, og þannig á hann sinn þátt í að tryggja verslunina.

Hv. þm. (MJ) spurði um það, hvar varasjóðurinn væri niðurkominn og hvort hann væri geymdur sjerstaklega. Jeg get svarað því strax, að jeg geri ráð fyrir því, að þessi varasjóður, eins og flestir varasjóðir annars, sje í veltu. Kaupmenn nota varasjóði sína til að auka veltuna, og ekki veit jeg til, að bankar ávaxti þá sjerstaklega eða leggi þá til hliðar. Svo þetta er engin nýung með varasjóð landsverslunarinnar.

Að því hefir verið fundið sem röngu, að miða afkomu verslunarinnar við árið 1924, vegna þess að þá hafi árferði verið með afbrigðum gott, alveg eins og það hefði verið rangt að miða við fyrsta rekstrarárið. Jeg skal taka það fram, að það hefði verið bersýnilegt ranglæti, hefðu hv. flm. miðað við fyrsta árið eitt út af fyrir sig. En af þessu tvennu virðist mjer liggja miklu nær að taka síðasta árið. Ef kaupmaður vill áætla afkomu sína á næsta ári, myndi hann leggja afkomu síðasta ársins til grundvallar, en ekki fyrri árin, þegar hann var ennþá ekki búinn að koma verslun sinni í fast horf. Jeg spái líka, að það sýni sig, að ef tóbakseinkasalan fær að lifa, þá muni það ekki svíkja neinn að byggja á útkomu síðasta árs.

Þá harmaði hv. þm. (MJ) það, að sumir kaupmenn hefðu orðið að hætta að reka verslun við það, að einkasalan var sett á stofn. En hver hefir svift þá rjettinum til að halda áfram að versla? Þeir geta verslað með tóbak eftir sem áður, og ef þeir hafa hætt að versla vegna einkasölunnar, þá hefir orsökin aðeins verið sú, að þeir hafa ekki getað lagt eins mikið á þessa vöru eins og áður. Annars er það í sjálfu sjer ekki svo óalgengt, að menn sjeu sviftir rjettindum. Menn muna, að þeir, sem ráku vínverslun áður, gerðu það samkvæmt sjerstöku leyfi, sem heimilaði þeim vínsölu, en voru bótalaust sviftir því við aðflutningsbannið. Þeir, sem reka tóbaksverslun, gera það samkv. almennu

leyfisbrjefi, sem þeir gjalda 50 kr. fyrir, án þess sjerstaklega sje tekið fram, að þeir hafi leyfi til að versla með tóbak, svo þeir gætu ekki kvartað, þó sú vara væri tekin undan. En nú er enginn sem hindrar þá, nema þeir sjálfir; þeir þykjast ekki græða nóg á sölunni.

Ummælum þeim, sem hjer hafa fallið um steinolíuverðið, er jeg ekki viðbúinn að svara, en vafalaust er hægt að hrekja þau.

Tryggvi Þórhallsson: Jeghefi sama sem ekkert tafið þessar umr. og ætla mjer ekki að gera það. Þær hafa staðið það lengi, að flestir vona, að þeim verði nú bráðum lokið. Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í deilur eða fara út í neinar almennar athugasemdir; þess vegna vona jeg, að þessi fáu orð, sem jeg segi að þessu sinni, verði ekki til þess að lengja umr. úr því sem komið er.

Aðallega kvaddi jeg mjer hljóðs til þess að beina nokkrum orðum til ríkisstjórnarinnar.

Vil jeg þá í fyrsta lagi minna hana á það, að um mál þetta hafa orðið óvenjumiklar og langar umr. Mál þetta hefir nú tekið upp svo að segja allan fundartíma deildarinnar í fjóra daga, og er það sjaldgæft við 1. umr. Þær hafa líka orðið almennari þessar umr. en venja er til. Jeg vil minna hæstv. stjórn á, og jeg held það sje rjett hjá mjer, að þm. úr níu kjördæmum hafa talað á móti þessu frv., og stjórnin veit vel, að margir eru eftir, sem líka myndu tala á móti því, ef þeim þættu ekki umr. orðnar of langar. Og vitanlega liggur ein og sama hugsun á bak við allar ræður þessara þm. úr 9 kjördæmum, sem mótmælt hafa. Það er ekki „princip", sem liggur á bak við nema aðeins hjá einum andmælanda. Nei, hin hugsunin og sú, sem öllum er sameiginleg, er að vilja ekki sleppa af vissum tekjum ríkissjóði til handa. Ekkert nema hagur ríkissjóðs vakir fyrir þessum þm., sem móti frv. hafa talað. Þeir vilja ekki, að ríkissjóður missi af vissum og sjerlega auðfengnum tekjum. Umhyggja þeirra fyrir ríkissjóði er eina ástæðan, sem veldur andstöðu þeirra við frv.

Í öðru lagi vil jeg minna á, að stjórnin hefir lýst því yfir, að hún vildi á allan hátt treysta fjárhag ríkisins. Jeg vil ekki að svo stöddu efast um, að þar fylgi hugur máli. Hæstv. fjrh. (JÞ) lýsti og hinu samá yfir að nokkru leyti í ræðu þeirri, er hann flutti, þegar hann lagði fjárlagafrv. fyrir deildina. Hann sagði einnig þá, að stærstu flokkar þingsins í fyrra hefðu tekið saman höndum til þess að rjetta fjárhag landsins og afgreiða fjárlögin skynsamlega. Jeg er þakklátur hæstv. fjrh., að hann lætur Framsóknarflokkinn þar njóta sannmælis.

Það var enginn ágreiningur í fjvn. í fyrra. Þar unnu báðir flokkarnir saman að því að afgreiða fjárlögin á þeim grundvelli, að vel mætti við una. Og enn sem komið er helst hin sama góða samvinna hjá nefndinni, og jeg vona, að ekkert komi það fyrir á þessu þingi, er spilli henni. Og úr því hæstv. fjrh. hefir látið Framsóknarflokkinn njóta þessa sannmælis, mun enginn efa, að Framsóknarflokkurinn á þessi ummæli skilið. Þá get jeg fullvissað hæstv. landsstjórn um það, að flokkurinn hefir sama góða viljann á því að halda öllu óbreyttu frá í fyrra og vonar, að fjárlögin fái líka afgreiðslu og þá. En þá væntum við og hins sama af stjórnarflokknum og stjórninni, og sjerstaklega að ekki sje kastað burtu vissustu og hagstæðustu tekjustofnunum.

Í þriðja lagi vil jeg benda hæstv. lands-

stjórn á það, að höfundar þessa skipulags, sem nú á að rífa niður, eru tveir ráðherrar — og þó einkum annar þeirra —, sem nú eiga sæti í stjórninni. Upphaflega var því lýst yfir af þeim, er þetta skipulag vildu upp taka, að það væri gert af fjárhagsástæðum. Mjer dettur ekki í hug að rengja, að svo hafi verið, og geri heldur ekki ráð fyrir, að þessir ráðherrar, eða meiri hluti núverandi stjórnar, hafi skift um skoðun. Og nú er því aftur lýst yfir af okkur öllum, sem móti frv. höfum talað, að hjer sje um fjármál að ræða og af fjárhagsástæðum einum sprottið, að við viljum halda þessu skipulagi. Við virðum fyrri stefnu meiri hluta núverandi stjórnar um frv. þetta, og lýsum því ótvírætt yfir, að við stöndum með meiri hl. stjórnarinnar í þessu fjárhagsmáli.

Er þá undarlegt, þótt jeg spyrji: Hvað er þá eiginlega því til fyrirstöðu, að að þessu ráði verði horfið áfram og tóbakseinkasalan fái að starfa í friði? Meiri hluti núverandi stjórnar eru höfundar þessa skipulags og allur aðalandstöðuflokkur stjórnarinnar fylgir henni í þessu máli. Við lýsum því yfir, að allur flokkurinn vilji styðja meiri hluta stjórnarinnar í því að bjarga þessu máli. Hvað er þá til fyrirstöðu, að svo megi verða, að tóbakseinkasalan haldi áfram? Jú, það er til fyrirstöðu, að einstakir menn í flokki stjórnarinnar hafa bundist samtökum um að afnema ríkiseinkasölu á tóbaki af einskærum áhuga fyrir hinni frjálsu verslun, eins og þeir orða það.

Afstaðan er þá þessi:

Við, andstæðingar stjórnarinnar, bjóðum að styrkja meiri hluta hennar um mikið fjárhagsmál, er hún hefir áður borið fram til sigurs, en hennar eigin stuðningsmenn vilja nú eyðileggja.

Nú spyrjum við, hverju stjórnin svarar, og hljótum að leggja mikið upp úr, hvernig meiri hluti hennar snýst í þessu máli. Það er hennar eigið fjárhagsmál, sem við bjóðumst til að styðja.

Ef stjórnin, eða meiri hl. hennar, neitar þeirri útrjettu hönd andstæðinganna til bjargar þessu máli hennar, þá vil jeg benda henni á það, að hjer getur orðið um alvarlegar afleiðingar að ræða.

Og hvað eigum við þá að halda um alvöru stjórnarinnar í fjármálum landsins, ef hún hrindir frá sjer samtökum andstæðinganna og virðir að engu viðleitni þeirra til bjargar hennar eigin fjárhagsmálum, þegar hennar flokksmenn bregðast skyldu sinni að styðja hana?

Það er þetta, sem jeg vildi taka fram, og jeg vona, að jeg hafi stilt svo orðum mínum, að umr. þurfi ekki mikið að lengjast mín vegna. Jeg vil aðeins ljúka máli mínu með því, að ef stjórnin ætlar að kasta frá sjer þessum vissu og auðteknu tekjum einkasölunnar, þá gái hún að því fyrst og fremst, að hún stofni ekki til óþarfa sundrungar og klofnings um fjármálin, er leiði til þess, að ekkert samkomulag verði um skynsamlega afgreiðslu fjárlaganna.

Flm. (Björn Líndal): Það hafa nú orðið langar umr. um þetta mál og margt óþarfa orð talað síðan jeg tók seinast til máls. Þess vegna væri full ástæða til, þó að jeg þyrfti dálítinn tíma til að hrekja þó ekki væri nema allra stærstu vitleysurnar, sem háttv. andmælendur frv. hafa látið sjer sæma að kasta í garð okkar flm. En þar sem jeg hefi aðeins leyfi til þess að gera stutta athugasemd, mun jeg reyna að takmarka mig og níðast ekki á þolinmæði hæstv. forseta nje annara deildarmanna, eins og sumir þeir, sem talað hafa

í dag og flutt hálftíma ræðu, sem átti þó að heita „stutt athugasemd".

Þær hafa heldur ekki verið það veigamiklar ástæðurnar, sem hv. andmælendur hafa borið fram, að langan tíma þurfi til að reka þær til baka með fullum rökum. Allar ræður andstæðinganna sanna aðeins það, sem áður var vitanlegt, að þar er ein hjörð og einn hirðir. Allir snúast þeir um sama tjóðurhælinn. Hringurinn aðeins mismunandi stór. Og allir hafa þeir byrjað með sömu dylgjunum og getsökunum í garð okkar flm. Engin rök bera þeir fram málstað sínum til stuðnings. Áframhaldið hefir verið hið sama, sömu slagorðin, stóryrðin og fjarstæðurnar, og allir hafa þeir endað á sömu stæðhæfingunum, án þess að finna þeim nokkurn stað.

Hjer hefir því verið haldið fram dag eftir dag, aðeins með mismunandi orðum og blekkingum, að við flm. þessa frv. værum að draga fje úr vasa alþýðu til þess að styðja hagsmuni kaupmanna. Þetta láta þessir hv. andstæðingar sjer sæma, án þess að færa fyrir þessu nokkur rök til sönnunar þessum staðhæfingum sínum. Þetta kalla jeg lúalegar getsakir og sleggjudóma rökþrota manna.

Háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) var þó einna hóflegastur í getsökunum, og skal líka njóta þess. Hann sagði, að það væri ólíku saman að jafna, *ríkiseinkasölu eða gömlu* einokuninni. Jú, á þessu er að vísu nokkur munur. En þó er báðum þessum stefnum talið það sama til ágætis: hagsmunir þjóðar og ríkis. Þarf ekki nema að athuga lítilsháttar, hvað gerðist á dögum Friðriks V. á 18. öld, til þess að sannfærast um, að hjer er ekki ólíku saman að jafna að því er tilganginn snertir. Og það er mín sannfæring, að konungsverslunin á dögum Friðriks V. hafi verið rekin af meiri umhyggju fyrir velferð þjóðarinnar en sú einokun, sem nú er rekin. Þó er ástandið nú að einu leyti ólíkt því, sem það var á gömlu einokunardögunum. Þá voru það erlendir valdhafar, er kúguðu okkur og sviftu okkur athafnafrelsi, eins og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) komst að orði. Þeir smeygðu ófrelsissnörunni um háls okkur af því að við vorum of magnþrota til þess að geta varist því. Nú erum það við sjálfir, sem smokkum þessari sömu snöru um okkar eiginn háls. Í þessu liggur munurinn: Áður voru það erlendir stórbokkar, sem ætluðu að hengja okkur; nú erum við á góðri leið með að gera það sjálfir. Ef hv. 2. þm. Eyf. þykir veglegra að gera slíkt sjálfur heldur en að reyna að verjast því svo lengi sem unt er, að aðrir geri það, þá tel jeg það illa farið. Þá hefir illur fjelagsskapur farið hjer of illa með góðan dreng.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann var nú einna verstur og stórorðastur og óð mest á bæxlunum. Hann er líka sjáanlega einna auðsveipastur þjónn höfuðprestanna og liðugastur í snúningum þeirra vegna.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hafði misskilið orð mín um pólitíska vígið, er honum varð svo skrafdrjúgt um. Jeg sagði aldrei, að landsverslunin væri pólitískt vígi. Heldur sagði jeg, að jafnrjettmætt væri að gera landsversluninni þær *getsakir*, að hún væri pólitískt vígi, eins og að bregða okkur flm. um *eiginhagsmuni*. Jeg veit, að margir hv. deildarmenn heyrðu þessi orð mín og geta borið mjer vitni um það, að jeg fer hjer með rjett mál. Og svo kemur hv. 2. þm. Árn. (JörB) og þylur sitt faðirvor á sama hátt eins og höfuðpresturinn eða öfugt. En svo tekur hv. 2. þm. Reykv. (JBald) við og les líka sitt faðirvor öfugt, eða þó öllu heldur aftur á bak.

Og svo lætur hann sjer sæma, þessi hv.

þm. (JBald) að fullyrða það, að jeg hafi ráðist með frekju og persónulegum árásum á ákveðinn mann, eða þennan „næst kommanderende", sem hann var að tala um. Jeg neita því algerlega. En það, hvað skeð hafi á fundi norður á Akureyri fyrir löngu síðan, hirði jeg ekki að rifja upp. „Dagur" og „Tíminn" hafa margsinnis verið að monta af því, eða öllu heldur sá maður, er mun vilja telja sig höfuðforingja Framsóknarflokksins, að jeg hafi ekki þorað að svara honum á þessum fundi. Mín vegna má hver trúa þessu sem vill, en því trúir naumast nokkur, sem þekkir mig. Jeg er löngu hættur að elta ólar við rangfærslur þessara blaða eða virða þau svars.

En nú vil jeg spyrja: Væri það nú mjög ósennilegt, þó að landsverslunin yrði einskonar pólitískt vígi? Allir vita þó, að mikið og innilegt samband er á milli landsverslunar og Sambandsins. Samvinnuhugarfar er eitt af inntökuskilyrðunum í samvinnuskólann. Mætti þá ekki alveg eins verða, að landsverslunarhugarfar yrði eitt af skilyrðunum fyrir því að komast að starfi þar, t. d. að trúarjátning þeirra verði að hljóða eitthvað á þessa leið: Jeg trúi á heilagan einokunaranda? Jeg þekki nokkra menn, sem hafa orðið fjárhagslega hólpnir í þessari trú, og þar sem fjársjóðirnir eru, þar er hjartað venjulegast nærri. — Mjer er ekki grunlaust um, að þetta einokunarhugarfar sje þegar orðið skilyrði fyrir því að komast að hinum fleytifullu kjötkötlum landsverslunarinnar.

Þá þótti hv. 2. þm. Árn. (JörB) jeg vera illa að mjer í sögu, og jeg ætti því að ganga í barnaskóla til þess að fræðast betur. Hann hefir eflaust aðeins lesið barnaskólasögu þá, sem flokksbróðir hans, hv. 5. landsk. (JJ), hefir samið og gefið út. Það er sú eina Islandssaga, sem jeg þekki, sem ekki telur hina gömlu einokun hafa verið þjóðinni til andlegrar og fjárhagslegrar eyðileggingar. Jeg vil benda honum á að lesa einokunarsögu Jóns Aðils til þess að fræðast betur í þessari grein.

Þá þótti sama hv. þm. jeg myrkur í máli. Jeg hjelt nú satt að segja, að jeg talaði svo ljóst, að hverjum meðalgreindum manni væri ekki ofætlun að skilja mig. En má jeg spyrja: Væri það svo undarlegt, þó að menn sjeu nokkuð myrkir í máli um það, sem er í myrkrunum hulið? Jeg skora á hv. 2. þm. Árn. (JörB) að hjálpa til þess að leiða fram í dagsbirtuna alt, sem landsverslunina snertir, og jeg lofa honum því, og skal efna, að þá skal ekki standa á mjer að tala ljóst, jafnvel svo ljóst, að hann geti skilið mig.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefi jeg litlu að svara, enda er hann nú hniginn í valinn, en ekki vani minn að leggjast á náinn. Þó get jeg vel skilið, að hann öfundi mig af þessari áttræðu piparmey, sem hann telur vera unnustu mína, þar eð sú kvensnift, sem hann er ástfanginn í, hin alþekta og illræmda frú einokun, er löngu orðin karlæg, enda nálega 400 ára gömul.

Hann sagði líka þessi sami hv. þm., að jeg væri píslarvottur í þessu máli; en því neita jeg algerlega. Hinsvegar þykir mjer sennilegt, að hann skorti ekki viljann til þess að gera mig að píslarvotti; en annað er að geta. Hann stendur næst æðsta presti „Tímasannleikans" og er með þeim ósköpum fæddur, að honum mun láta ólíkt betur hlutverk Kaifasar en Krists.

Þá vildi jeg að síðustu víkja örfáum orðum til hv. 1. þm. Árn. (MT). Hann virtist bera það mjög fyrir brjósti, að flokkur sá, er jeg fylgi, tæki upp annað nafn og nefndist hjer eftir kaupmanna-

flokkur. Það má vel vera, að Íhaldsflokkurinn skifti einhverntíma um nafn, og er því skylt að þakka góðar bendingar í þá átt. Nú vil jeg minna hann á það, að miklar líkur virðast vera til þess, að flokksbrot það hið litla, sem hann hefir lafað í um stund, leysist nú upp, og mætti þá ætla, að jafnmerkur maður og hv. 1. þm. Árn. (MT) gripi tækifærið og stofnaði nýjan flokk. Þeim flokki verður auðvitað nafns þörf, og er ekki altaf auðhlaupið að því að finna gott nafn og vel viðeigandi. Jeg vil því gera honum þann greiða í þakklætisskyni að benda honum á það til athugunar, hvort ekki mundi geta átt vel við að nefna þennan nýja flokk hans Kaupvarningsflokkinn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi að eins víkja að þessu, sem háttv. þm. Str. (TrÞ) sagði um fjárhagshlið þessa máls. Hann heldur því fram, að það sje af fjárhagsástæðum, að þessir fulltrúar níu kjördæma sjeu á móti frv., en undanskilur þó einn. Jeg segi, að það sje ósæmilegt að halda slíku fram og hamra á því dag eftir dag. Þessi upphæð, 65 þús. kr., er þó ekki svo stór, að um hana muni sjerstaklega, þegar þá þess er líka gætt, að ósannað er og fremur ólíklegt, að þetta frv. hafi neina tekjurýrnun í för með sjer.

Það er ekki af fjárhagsástæðum ríkissjóðs, að rifist er um þetta frv. við 1. umr. nú í fjóra daga. Það hefði auðveldlega mátt lagfæra í nefnd, ef frv. þykir ekki fara fram á næga tollhækkun.

Nei, hjer er verið að ræða um, hvort heppilegra sje, að einkasalan haldi áfram eða ekki. Og þá er því til að svara, að þær tekjuaukavonir, sem bundnar voru við tóbakseinkasöluna í upphafi, hafa brugðist. Ekki vegna verslunarágóðans, heldur vegna innflutningsins; hann hefir stórum minkað. Nú er stungið upp á að breyta til og ná þessum tekjum með tolli, án þess þó að tóbakið verði neytendum dýrara en nú er, og þess vegna er það, að frv. þetta er fram borið. Þetta er ekkert stórmál, og því síður fjárhagsmál, og jeg endurtek það, sem jeg sagði áðan, að það er ekki þess vegna, að rifist er um frv. í 4 daga.

En jeg vil benda hv. Framsóknarflokksþm. á það í sambandi við þau orð, sem hrutu frá hv. 1. þm. Árn. (MT) — hann sagði, að tóbakseinkasalan væri útvígi steinolíuverslunarinnar, m. ö. o. þegar tóbakseinkasalan væri afnumin, væri landsverslunin í hættu stödd — hvort það er ekki einmitt þetta, sem um er deilt og rifist hefir verið um allan þann tíma, sem þessi 1. umr. hefir staðið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka aftur til máls. En það voru þessi orð hæstv. fjrh. (JÞ), að hjer væri ekki um fjárhagsmál að ræða, sem knýja mig til þess. Og þá vil jeg minna hann á, að 10 flokksmenn hans hafa sagt, að einkasalan hefði komist á vegna fjárhagsástæðna ríkissjóðs. *(Fjrh. JÞ*: Það hefi jeg líka sagt). En hafi það í upphafi verið fjárhagsmál, þá hlýtur það að vera það enn.

Ef það er tilgangur frv. að auka innflutning á tóbaki, þá verð jeg nú að segja fyrir mig, — og jeg býst við, að margir sjeu sömu skoðunar í þessari hv. deild —, að þá er jeg ennþá eindregnari á móti því. Sýni tóbakseinkasalan það, að tóbaksnautn landsmanna fari þverrandi, þá tel jeg, að hún eigi fullan rjett á sjer einnig að því leyti.

Annað mál er það, að ef hæstv. fjrh. (JÞ) finst það svona bráðnauðsynlegt, að tóbaksnotkun aukist í landinu, —

hvers vegna flytur hann þá ekki frv. um að gera tóbaksnotkun að skyldunámsgrein t. d. í öllum barnaskólum landsins? Þá gæti hann eflaust búist við með rjettu, að innflutningurinn myndi aukast og tóbakstollurinn fylla hærra í ríkisfjárhirslunni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er rjett, að upphaflega á þinginu 1921 var mál þetta borið fram af fjárhagsástæðum, eða rjettara sagt sem tilraun til að auka tekjur ríkissjóði til handa. En nú hefir reynslan sýnt, að með þessu hefir ekki tekist að auka tekjurnar sjerstaklega. Eins er því haldið fram nú, að það sje af engum ástæðum öðrum, að þetta frv. er borið fram, m. ö. o. af fjárhagsástæðum ríkissjóðs. Um tóbaksbindindi eða tóbaksnotkun ætla jeg ekki að tala sjerstaklega, en hitt segi jeg, að það er ekki rjett litið á málið af hv. þm. Str. (TrÞ), er hann segir, að verið sje að skerða tekjur ríkissjóðs með frv., þó jeg hinsvegar viðurkenni, að deila megi um, hvort frv. muni ríkissjóð um fáa tugi þúsunda á annanhvorn veginn.

Ásgeir Ásgeirsson: Því hefir verið haldið fram af nokkrum andstæðingum mínum, að jeg hafi farið með dylgjur og aðdróttanir í þeirra garð í ræðum mínum um þetta mál. Það er tilhæfulaust. Jeg fór með engar dylgjur. Ásakanir mínar voru skýrar og ákveðnar. Jeg sagði, að einn sterkasti þátturinn í andstöðu gegn einkasölu ríkisins væri kaupmannavaldið. Þetta er fullyrðing, en ekki neinar dylgjur. Þetta er alveg eins rjettmætt eins og þegar sagt er, að kaupmenn standi á bak við Morgunblaðið. Jeg veit, að því er mótmælt, en almenningur trúir því nú samt. Það er um þetta eins og svo margt annað, sem neitað er, að almenningur heldur engu að síður fast við sína skoðun. Almannarómur lýgur sjaldan.

Háttv. þm. V.-Sk. (JK) sagði, að það væri ekki „kaupmannapólitík eða aðrar illar hvatir", sem hjer væru að starfi. Það var óþarfi af honum að gefa húsbændum sínum þá einkunn, að hvatir þeirra sjeu jafnan illar. Hv. þm. Ak. hafði ljót orð í munni og líkti mjer við Kaífas. Við því er ekkert að segja; þetta er hans smekkur. En jeg vil benda honum á annan herra frá sömu tímum, sem að mörgu leyti er fulltrúi þeirra manna, er gera sjer alt að gróða og eru ávalt falir fyrir peninga. Sá maður hjet Júdas. *(BJ:* Hví þá að skamma Júdas?). Jeg er ekki að skamma Júdas, enda virðist mjer, að hann gæti að mörgu leyti verið til fyrirmyndar þeim hv. þm., er barist hafa mest fyrir frv. þessu. Þegar Júdas sá hinar illu afleiðingar af verki sínu, sem í rauninni var ekki framið til þess að koma illu til leiðar, heldur til að græða fje, þá gerði hann það, sem jeg geri ráð fyrir, að hv. andstæðingar tóbakseinkasölunnar láti ógert, þó reynslan sýni, að ríkissjóður bíði af frv. þeirra mikið tjón — að hann gekk út og hengdi sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, BJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, BSv.

nei: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald, JörB, KlJ.

Einn þm. (ÁJ) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, skýrði forseti frá, að sjer hefði borist áskorun frá 6 deildarmönnum (JakM, ÁF, JK, HK, PO, SigurjJ), svo hljóðandi:

„Vjer undirritaðir leyfum oss að fara þess á leit, að frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög, verði tekið á dagskrá deildarinnar ekki síðar en laugardaginn 18. þ. m.“

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var ofanrituð krafa um dagskrárbreytingu tekin aftur af flm. í samráði við forseta, er lýsti yfir því, að hann myndi taka málið fyrst á dagskrá næsta fundar. (Sjá C-deild, 844.—845. dálk).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 302 og 357).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Þó að allmikið hafi þegar verið rætt og ritað um þetta mál, þá þykir mjer rjett að láta nokkur orð fylgja þessu frv., þegar það nú kemur hjer til 2. umr.

Jeg ætla þó ekki að þessu sinni að fara langt út í það að bera saman frjálsa verslun og einkasölu yfirleitt. Því að fyrst og fremst má segja, að það sje þrautrætt mál, og lítil von þess, að fylgismönnum annarar stefnunnar takist að sannfæra hina í þingræðum. En jeg veit heldur ekki til þess, að hjer sje innan veggja nema einn maður, sem heldur því fram, að allsherjar einkasala sje heillavænleg eða hagfeld þjóðinni. Að minsta kosti hefir enginn flokkur í þinginu, nema jafnaðarmannaflokkurinn, tekið á stefnuskrá sína allsherjar einkasölu. Það er því ástæðulaust að ræða málið á þeim grundvelli. — Hinsvegar virðist liggja hjer allnærri að álykta frá því almenna til hins sjerstaka. Ef allsherjareinkasala er ill, þá hlýtur líka einkasala á einstökum vörutegundum að vera ill, nema þá að sýnt sje fram á, að alveg sjerstaklega sje ástatt.

Það verður ekki sjeð, að þannig sje á nokkurn hátt sjerstaklega ástatt um tóbakið, að hentugra muni almenningi, að á því sje einkasala, fremur en á öðrum vörum. Því er haldið fram, að einkasala á steinolíu sje hentug, eða jafnvel nauðsynleg, til þess að vernda notendur frá okri einokunarhringa. Því er haldið fram, að einkasala á áfengi sje sjálfsögð, af því að hafa beri hönd í bagga með þeirri verslun, og helst ætti með öllu að aftra því, að menn ættu nokkurn kost á því að ná í þá vöru. Hvorugu þessu er til að dreifa um tóbakið. Það er enga tóbakshringi að óttast. Og sú stefna er heldur ekki uppi, að útrýma tóbaki úr landinu. Og jeg hefi yfirleitt enga ástæðu heyrt færða fyrir því, að einkasala ætti betur við um tóbak en aðrar vörur, hverju nafni sem nefnast, nema þá eina, að hún væri hentugri til að ná tekjum í ríkissjóð af tóbakssölu í landinu en frjáls verslun. — Jeg verð því að telja það viðurkent, að einkasala á tóbaki hafi til að bera alla þá ókosti, sem viðurkendir eru á einkasölu yfirleitt, og sem gera það að verkum, að menn vilja ekki koma á einkasölu á öllum vörum, jafnt nauðsynlegum sem ónauðsynlegum. En þeir ókostir eru aðallega fólgnir í því, að vörurnar verða dýrari og verri. En þó nú að tóbak sje það, sem kallað er óþarfi, þá gegnir í rauninni alveg sama um það og aðrar vörur, sem mjög almennt eru notaðar af landsmönn-

um, að það verður almenningi til skaða, ef varan er gerð dýrari eða verri en hún þyrfti að vera, og eru allar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins, sem fara í þá átt, í sjálfu sjer öldungis óverjandi.

Jeg sje það, að í skýrslu, sem hjer liggur fyrir frá landsverslun, er því haldið fram, að einkasalan á tóbaki sje hentugri og ódýrari fyrir almenning en frjáls verslun. En sú skýrsla er vitanlega samin af mönnum, sem trúa á ágæti einkasölufyrirkomulagsins, ekki aðeins á tóbaksversluninni, heldur á allri verslun. — En það er að öðru leyti í fáum orðum að segja um þá skýrslu, að á henni er ekkert að græða um þetta atriði, ekkert annað en órökstuddar staðhæfingar um það, að svona og svona miklu dýrari myndu vörurnar verða í frjálsri verslun. Alveg samskonar skýrslur mætti búa til um hvaða vörutegundir, sem vera skyldi, en jeg geri ráð fyrir því, að hið háa Alþingi mundi verða nokkuð tregt í taumi á allsherjareinkasölubrautinni, hvað mörgum skýrslum af þessu tægi, sem yfir það rigndi.

Jeg fyrir mitt leyti held því fast fram, að einkasölufyrirkomulagið sje ilt, um hvaða vörutegundir sem er að ræða, og yfirleitt, ef ekki eru alveg sjerstakar, knýjandi ástæður fyrir hendi, en skal, sem sagt, ekki fara lengra út í að rökræða það að svo stöddu.

En þá er að athuga þá hlið þessa máls, sem sjerstaklega veit að ríkissjóðnum og tekjuþörf hans.

Það er yfirlýst, að til einkasölu á tóbaki hafi verið stofnað eingöngu með það fyrir augum að ná sem mestum tekjum í ríkissjóð. Það var heildsala tóbaksins, sem fyrst og fremst átti að gera að fjeþúfu fyrir ríkissjóðinn. En í framkvæmdinni hefir það gengið miklu lengra, enda hefði eðlilegur heildsöluágóði ekki hossað hátt. En menn gerðu sjer þá alveg rangar hugmyndir um heildsöluágóðann, af því að menn höfðu alveg óvenjulegt ástand fyr ir augum, og hjeldu jafnvel, að það væri algild regla, sem þá ef til vill hefir aðeins þekst dæmi til hjá einhverjum ófyrirleitnum okrara, að álagning í heildsölu væri alt að 100%. Ef svo hefði verið, þá gat vitanlega verið þarna leikur á borði fyrir ríkissjóðinn. En reynslan hefir sannað, að hjer var aðeins um ofsjónir að ræða. Venjuleg heildsöluálagning mun vart nema meira en rekstrarkostnaðar landsverslunarinnar, og ágóði verslunarinnar verður því í raun og veru bein viðbót við tollinn, auk þess sem klipið er af eðlilegum sölulaunum smásala, með því að ákveða þau svo lág, að það þykir yfirleitt ekki borga sig að versla með þessar vörur í smásölu utan Reykjavíkur. Hinsvegar er það auðsætt, að gera má þessa verslun að fjeþúfu fyrir ríkissjóðinn, með því að selja vöruna svo og svo háu verði. Það er kosturinn, sem þetta fyrirkomulag hefir til að bera fram yfir tollálögurnar.

En meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að þegar um það er að ræða, hvort halda skuli áfram einkasölu á tóbaki, eða í þess stað að hækka toll á tóbaksvörum, þá megi ekki líta á það eitt, á hvern hátt tekjur ríkissjóðs af þessum vörum geti orðið mestar í einstaka ári, en jafnframt verði að gæta þess, að íþyngja ekki nevtendum að óþörfu með aðferðinni til að ná tekjunum, með því að gera vöruna dýrari en hún þyrfti að vera, án þess þó að tekjur ríkissjóðs verði sem því svarar meiri til jafnaðar. En eins og hjer hagar til, þá getur ekki hjá því farið, að tóbaksvörur allar verði dýrari með einkasölufyrirkomulaginu heldur en í frjálsri verslun. Einkasalan verður altaf auka-

þáttur í versluninni. Hún hefir í raun og veru ekkert annað hlutverk en að innheimta tekjur ríkissjóðs af þeim vörum, sem hún selur. Ef hún væri ekki, myndu allar meiriháttar smásöluverslanir kaupa tóbaksvörur milliliðalaust af sömu heildsöluverslunum og verksmiðjum erlendis, sem einkasalan skiftir við. Smásalar, sem kynnu að verða að sæta því að kaupa vörur með óhagkvæmari kjörum, verða þá að keppa við hina og bera sjálfir hallann. Rekstrarkostnaður einkasölunnar hlýtur þannig að langmestu leyti að verða aukakostnaður, sem á vörur þessar legst, og verður einkasalan því óumflýjanlega allþungur baggi á þeim landsmönnum, sem tóbak nota. En sá aukaskattur, sem þannig er lagður á landsmenn, og ekki kemur þó ríkissjóði til góða, nemur, samkvæmt rekstrarreikningi einkasölunnar fyrir síðastliðið ár, fullum 92 þús. kr., eða nálega 25% af þeirri upphæð, sem tekjur ríkissjóðs af einkasölunni nema það ár. Virðist það óhæfilega mikill innheimtukostnaður á tekjum ríkissjóðs, og þó hefir sá kostnaður orðið hlutfallslega miklu meiri árið 1923. Hinsvegar liggur í augum uppi, að ná með tollhækkun því sem næst sömu tekjum af tóbakinu, án þess að innheimta þess tollauka kosti ríkissjóð nokkuð.

Það skal þó játað, að einstaka ár kunna að nást meiri tekjur í ríkissjóð af tóbaki með einkasölufyrirkomulagi en með tolli, einkanlega meðan verðlag er reikult og peningagengi óstöðugt. En af sömu ástæðum leiðir þá einnig, að annað árið má búast við minni tekjum, auk þess sem talsverð áhætta fylgir þá einkasölunni fyrir ríkissjóð, ekki síst ef hún er rekin að mestu með lánsfje.

Það er viðurkent, að tekjurnar af einkasölunni árið 1924 hafa orðið meiri en tolltekjurnar hefðu orðið samkvæmt frv. því, sem hjer liggur fyrir, ef um sama innflutningsmagn væri að ræða. En þess ber að gæta, að einkasalan hjelt verðlagi sínu óbreyttu alt árið, eins og það varð hæst vegna gengislækkunar ísl. krónu í ársbyrjun, þó að gengið færi síðan síhækkandi til ársloka. Hefir álagning einkasölunnar því verið orðin talsvert hærri síðari hluta ársins heldur en hægt er að gera ráð fyrir til jafnaðar, enda hefir verðlagið nú verið lækkað nokkuð aftur. En af þeirri verðlækkun, sem nú er orðin, leiðir og væntanlega það, að ágóðinn af versluninni getur ekki orðið eins mikill þetta árið, nema að enn verði svipuð breyting á genginu og síðastliðið ár, og væri þá þó enn um tækifærisgróða að ræða, sem ekki mætti gera ráð fyrir framvegis, heldur mætti þá miklu fremur búast við afturkipp, sem mundi koma hag einkasölunnar í gagnólíkt horf. Tolltekjurnar verða hinsvegar stöðugri, þó að þær á stöku ári kunni að verða minni, og algerlega áhættulaus tekjustofn fyrir ríkissjóðinn. Enn verður að telja tekjurnar af einkasölunni ótryggari fyrir ríkissjóðinn heldur en tolltekjur samfara frjálsri verslun, vegna þess, að einkasölufyrirkomulagið felur í sjer aukna smyglunarhættu. Það er nú vafasamt, hve langt er hægt að fara í því að skattleggja einstakar vörutegundir, hvort sem um munaðarvörur er að ræða eða aðrar, og hvort sem það er gert með tollálögum eða verslunarálagningu, einmitt vegna smyglunarhættunnar. En smyglunarhættan hlýtur að aukast við þær aukahömlur, sem lagðar eru á viðskiftin með einkasölufyrirkomulaginu, ekki síst eins og það er hjer. Ef verslunin væri frjáls, myndu flestar verslanir geta fengið gjaldfrest hjá viðskiftavinum sínum erlendis, í stað þess að nú verða þær að greiða einkasölunni andvirði við móttöku. Auk þess gætu þær þá, án

þess að útsöluverð þyrfti að verða hærra, lagt þeim mun meira á vöruna, sem rekstrarkostnaði einkasölunnar nemur. En hann er, samkv. reikn. 1924, um 8% af innkaupsverðinu. Mundi þetta hvorttveggja auka tekjurnar af versluninni með þessar vörur að töluverðum mun frá því, sem nú er í smásölunni, með takmarkaðri álagningu, og draga mjög úr tilhneigingu til smyglunar, jafnvel þó að um svo háan toll væri að ræða, sem frv. fer fram á. En með þeim kjörum, er smásölum er gerður kostur á í viðskiftum þessum, er þorra þeirra gert svo að segja ókleift að fást við tóbaksverslun á heiðarlegan hátt. Hinsvegar eru óhlutvöndum mönnum opnaðar leiðir til gróðavænlegs verslunarrekstrar með smyglaðar vörur eða jafnvel okursölu á einkasöluvörunum.

Að þessu athuguðu, leggur meiri hl. nefndarinnar eindregið til, að horfið verði frá einkasölufyrirkomulaginu, og ræður háttv. deild til að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir. Aðeins leggur nefndin til, að gerð verði sú breyting á frv., að hækkun tollsins komi í gildi samtímis því, sem einkasalan fellur úr gildi og að hvorttveggja verði 1. jan. 1926. Virðist nefndinni það hentugra í framkvæmd, einkanlega í sambandi við það, þegar á að fara að koma vöruleifum einkasölunnar í verð.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Þegar mál þetta var hjer til 1. umr., urðu lengri umræður um það en dæmi eru til í þingsögu vorri, því að þær stóðu, ef jeg man rjett, 4 daga. Þá var málið aðallega rætt frá almennu sjónarmiði. Jeg tók þátt í þeim umræðum, og get því, hvað hina almennu hlið málsins snertir, látið mjer nægja að vísa til þeirra. Málið virðist því vera talsvert rætt. Þegar það því kom til fjhn., fann hún heldur ekki ástæðu til að taka frv. til efnislegrar meðferðar, ekki einungis vegna undangenginna umræðna, heldur aðallega vegna þess, að skoðanamunur innan nefndarinnar var svo ákveðinn og skýr fyrirfram, að það var alveg auðsjeð, að allar umr. þar væru óþarfar. Það var því fullkomið samkomulag, að nefndin klofnaði strax, og kæmi hvor hlutinn fram með sitt álit.

Hv. meiri hl. nefndarinnar hefir nú viðurkent með nál. sínu, að málið, a. m. k. frá hans sjónarmiði, sje fullkomlega útrætt eða upplýst, því hann lætur sjer nægja að vísa til undangenginna umræðna og greinargerðar flm. Það er því ekki hægt að taka nál. frá hv. meiri hl. frekara til umr., því það inniheldur ekkert annað en till. um að samþykkja frv. og þá breytingu á því, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1926, og frá sama tíma skuli einkasölulögin frá 1921 falla úr gildi, en eftir frv. áttu lögin að öðlast gildi þegar 1. júlí þ. á. og einkasölulögin að falla úr gildi 1. sept. þ. á. Á það var bent við 1. umr., hvílík fjarstæða þetta væri, og það hefir þá unnist við þá umr., að tímatakmarkið er komið í sæmilega skynsamlegt horf.

Mjer virðist nú samt, að ýmislegt sje fram komið, bæði í ræðu og riti, síðan 1. umr. var — meðal annars ekki hvað síst einkarglögg skýrsla um tóbakseinkasöluna frá landsversluninni, er ekki lá þá fyrir — er sýnir það meðal annars, *að* frv. er bygt á röngum grundvelli, *að* ríkissjóður verði fyrir allmiklu tapi, ef frv. verður að lögum, og *að* verð á tóbaki verði lægra, ef einkasalan heldur áfram, heldur en það gæti orðið ella, og skal jeg rökstyðja þessi atriði.

En áður en jeg sný mjer að þessu, verð jeg að taka fram, að frv. þetta er að eins

leyti merkilegt, og það er, að aðalefni þess er ekki í samræmi við fyrirsögnina. Þess munu fá eða engin dæmi, að í lögum um einfalda tollagabreytingu sje ákvæði um að leggja niður stofnun, sem sett hefir verið með sjerstökum lögum. Það hefði því átt betur við, að fram hefðu komið tvö lagafrv., til þess að ná því takmarki, sem frv. þetta miðar að, nefnilega *aðal*frv. um afnám tóbakseinkasölunnar, eða um afnám laganna frá 27. júní 1921, og svo annað um tollhækkun á tóbaki, til þess að bæta ríkissjóði að einhverju leyti tekjumissinn við það.

Eins og hefir verið tekið fram af mjer og mörgum öðrum við 1. umr., þá er frv. og greinargerðin fyrir því bygt á þeirri *meginvillu*, að innflutningur tóbaks á stríðsárunum og næstu tveim árum á eftir, sem var langt fram yfir eðlilegt meðaltal, t. a. m. árin 1916 og 1919, er borinn saman við fyrstu starfsár einkasölunnar. Þá var innflutningurinn eðlilega margfalt minni vegna hinna miklu fyrirliggjandi birgða kaupmanna frá þeim tímum, einkum 1919 og 1920, er hinn óeðlilegi innflutningur átti sjer stað. Þetta sjest einkar glögt á því, að í ársbyrjun 1922 voru í landinu tóbaksbirgðir fyrir um 1½ milj. kr. Þetta er sannleiki, sem ekki verður vjefengdur, og þessar birgðir eru nú fyrst alveg nýlega þrotnar; hafa verið að seljast alt fram að þessu.

Af þessu verður það ljóst, að allir útreikningar og staðhæfingar flm. frv. og annara, sem bygt hafa vörn fyrir það á samskonar forsendum, geta með engu móti staðist, þegar málið er athugað frá rjettri hlið. Það hefir verið sýnt fram á það með fullum rökum og enginn treyst sjer til að mótmæla, hvorki meiri hl. nefndarinnar nje aðrir, að árið 1924 er það ár, sem leggja ber til grundvallar, þegar um það er að ræða, hverjar tekjur ríkissjóður muni hafa af tóbakseinkasölunni í framtíðinni. Í skýrslu landsverslunarinnar til Alþingis, um tóbakseinkasöluna, er berlega sýnt fram á, og því hefir meiri hl. nefndarinnar heldur ekki gert tilraun til að mótmæla, að tekjur ríkissjóðs eftir frv. hljóti að verða á þriðja hundrað þúsund krónum minni árlega en með núverandi fyrirkomulagi og miðað við sama innflutning. Hinar glæsilegu vonir háttv. flm. um aukinn innflutning tóbaks get jeg ekki sjeð nein líkindi til, að muni rætast, enda lít jeg svo á, að það að leggja kapp á aukinn innflutning sje tvíeggjað vopn, frá hvaða sjónarmiði, sem á það er litið, hvort heldur frá fjárhagslegu eða siðmenningarsjónarmiði. Að vinna að því að auka óeðlilegan innflutning á tóbaki, getur ekki leitt til annars en aukinna útgjalda fyrir þjóðina, en það er ekki í samræmi við aðalstefnu Íhaldsflokksins, sem a. m. k. í orði er sú, að spara á öllum sviðum, bæði fyrir þjóðarheildina og einstaklinga.

Jeg skal nú því næst rökstyðja það nánar, að ríkissjóður verður fyrir allmiklum tekjumissi, ef frv. verður samþykt.

Tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni voru þessar 1924:

1. Tollur	kr.	524464,05
2. Rekstrarhagnaður	—	385106,47
3. Gengishagnaður	—	67988,33
Samtals kr.		977558,85

Í greinargerð frv., á bls. 3, áætla hv. flm. tekjur ríkissjóðs eftir frv. þannig:

67100 kg. tóbaks á 6 kr. pr. kg. kr.		402600
15545 kg. vindla og vindlinga á 16 kr. pr. kg.	—	248720
Samtals kr.		651320

Verði frv. að lögum, verða því tekjur ríkissjóðs kr. 326238,85 minni en nú. Og þó gert sje ráð fyrir, að tóbaksinnflutningur aukist um 12% frá því, sem hann hefir verið að meðaltali þrjú síðustu árin, eins og hv. flm. gera ráð fyrir, þá verður þó munurinn 248113,85 ríkinu í óhag, auk þess sem einkasalan hefði líka einhvern hag af aukningunni. Það er því tæpur *miljónarfjórðungur*, sem á að kasta hjer í burtu og í hendur einstakra manna. Það munar um minna. Og frá mínu sjónarmiði er það hart, að við skulum þurfa að halda að okkur höndunum á öllum sviðum. Við stöndum hjer upp á Alþingi og játum og viðurkennum það fúslega, að hitt og þetta fyrirtæki sje bráðnauðsynlegt, við þurfum að byggja landsspítala, stækka Klepp, byggja brýr, leggja akvegi, byggja vita, rækta landið, og svo ótal margt fleira, en að við getum það ekki vegna fjeleysis, það verði að bíða betri tíma, — en um leið köstum við burtu ¼ miljón króna, sem svo lendir í vasa örfárra gróðamanna.

Já, jeg fyrir mitt leyti verð að segja það, að jeg get ekki verið því samþykkur að kasta þessu fje á glæ, og jeg á hágt með að trúa því, að til sjeu ekki þeir menn, jafnvel meðal þeirra, sem halda fast við frjálsa verslun, frjálsa samkepni, að þeim ói ekki við að kasta þessari kvartmiljón frá sjer.

Auk þess vil jeg ennfremur benda á, að útlit er fyrir, að enn meiri hagnaður verði af tóbakseinkasölunni í ár, 1925, en var árið 1924, eins og sjest á samanburði sölunnar fyrsta ársfjórðunginn 1925, borið saman við söluna fyrsta ársfjórðunginn 1924. Tölur þessar hefi jeg frá landsversluninni. Aurum er slept. Salan var:

1924:

Janúar	kr. 159941
Febrúar	— 143537
Mars	— 180139
Alls	kr. 483617

1925:

Janúar	kr. 169415
Febrúar	— 186161
Mars	— 219009
Alls	kr. 574585

Salan fyrsta ársfjórðunginn 1925 var því 90968 krónum hærri en á sama tíma 1924, og mun þó magn hins selda nokkru meira en krónuupphæðin bendir á, því útsöluverð landsverslunar hefir lækkað töluvert frá í fyrra, og það þegar 1924. Hv. frsm. meiri hl. (JakM) taldi verðið hafa verið hið sama alt það ár. Um þetta skal jeg ekkert fullyrða fyr en jeg hefi kynt mjer það nánar, en hitt fullyrði jeg, að útsöluverðið hefir enn að nýju lækkað frá síðustu áramótum.

Þar með hefi jeg rökstutt 2. lið í nál. minni hl.

Jeg kem þá að 3. atriðinu, tóbaksverðinu. Hv. flm. frv. staðhæfa, að tóbaksverðið innanlands muni fara lækkandi, ef frv. nær fram að ganga, en jeg vil aftur á móti fullyrða, að miklu meiri líkur sjeu til, að hið gagnstæða muni eiga sjer stað. Því til sönnunar vil jeg tilfæra skýrslu um smásöluverð á nokkrum tóbakstegundum hjá kaupmönnum árið 1921 og smásöluverð nú í janúar þ. á.:

	Des. 1921.	Jan. 1925.
Rjól, kílóið	kr. 20—23,00	kr. 19,50
Munntóbak, kílóið	— 20—25,00	— 22,00

Hækkun tóbakstolls og afnám tóbakseinkasölu.

Reyktóbak:		
Moss Rose lbs.	kr. 12,00	kr. 7,55
Pioneer Brand	— 17,00	— 15,60
Vindlingar:		
Lucana 10 stk.	kr. 0.60—0.70	— 0.61
Westminster 10 stk.	- - 1.10—1.15	— 1,01
Vindlar:		
Bonarosa 100 stk.	— 35—40.00	— 36.90
Amistad 100 stk	kr. 45,00	— 44.50
Romanos 100 stk.	— 48.00	— 48,40

Frá smásöluverði í ársbyrjun 1925 er dregin tollhækkunin 1924, sem var 1 kr. pr. kg. af tóbaki og 2 kr. pr. kg. af vindlum og vindlingum, til þess að samanburðurinn verði rjettur. Þetta sýnir, að smásöluverð á tóbaki er yfirleitt nokkuð lægra nú heldur en þegar einkasalan tók að starfa, og munar sjerstaklega á reyktóbakinu. Þó hefði smásöluverðið hjer átt að vera 5—10% hærra nú, vegna óhagstæðs gengis ísl. krónunnar. Gengið var í desember 1921 danskar og ísl. krónur jafnar, en sterlingspundið jafngilti þá 26 kr. ísl. Í janúar 1925 voru 100 kr. danskar jafngildar 104,40 ísl., og sterlingspundið jafngilti þá 28 kr. ísl.

Smásöluverðið er bygt á upplýsingum kaupmanna til landsverslunar í des. 1921.

Jeg hefi aflað mjer upplýsinga um verðlagið á tóbaki erlendis, þ. e. í Danmörku og Englandi, og borið það saman við einkasöluverðið hjer. Niðurstaðan á þeim samanburði hefir orðið sú, að verðið á vindlum og munntóbaki er mjög svipað á báðum stöðum, en á vindlingum og sjerstaklega reyktóbaki er það miklu hærra erlendis. Dæmi:

Munntók kostar hjer 24 kr. pr. kg., ytra 24,50 pr. kg.

Vindlar: Romanos 43 kr. pr. kassa hjer, 43,85 ytra. Times 30,00 hjer, 29,20 ytra.

Vindlingar: Capstan 70 au. pr. 10 st. hjer, ytra eins. Three Castles 77 au. hjer, 93 au. ytra. Derby 2,25 hjer, 4,10 ytra.

Reyktóbak pr. 1 lbs.: Waverley mixture 13 kr. hjer, 22,40 ytra. Richmond mixture 10,50 hjer. 27,07 ytra.

Nú er samanburður á smásöluverðinu erlendis og hjer auðvitað að miklu levti kominn undir tóbakssköttum og tollum í hverju landi. Þegar þess er gætt, að tóbaksskattur er t. d. í Danmörku miklu lægri á ódýrustu og miðlungstegundunum heldur en hjer þá kemur það í ljós, að smásöluverðið hjer á landi er einnig að öðru leyti töluvert lægra en í Danmörku. Þetta sýnir, hve gætilega landsverslunin starfar og hve hófleg hún er í álagningu. Já, munu andstæðingar landsverslunar segja; það munu kaupmenn líka gera, samkepnin skapar verðið. Jú, svo ætti það að vera, — en er orðið um mikla samkepni að ræða hjer á landi? Jeg efast um, að svo sje. Kaupmenn hafa myndað fastan fjelagsskap með sjer, og það er ekkert óeðlilegt í því. Þeim hefir fundist öll einkaverslun vera bein árás á sig, og því bundist föstum fjelagssamtökum, og einkaverslunin hefir kannske fært þá enn nær hvern öðrum. Samkomulagið er orðið svo mikið, að samkepni verður varla vart. Maður getur gengið búð úr búð og spurt um sama hlutinn, og alstaðar er verðið eins; ekki einu sinni á eldspýtum er um

samkepni að ræða, en hún var einu sinni svo mikil, að Reykvíkingar gátu birgt sig upp um áratugi fyrir 7 aura pakkann, og svona er það með hvern einstakan smáhlut.

Jeg þykist nú hafa fært full rök fyrir þeim þrem atriðum, sem tekin eru fram í áliti minni hl., og afleiðingar þeirra hljóta að verða þær, að allir íhalds- og sparnaðarmenn þessa lands hljóti að halda sem fastast um einkasöluna, og þá ekki síst fyrir þá sök, að enginn dirfist að vjefengja það, að versluninni hafi verið og sje prýðilega og um leið gætilega stjórnað og gefi ríkissjóði svo álitlegar tekjur á þessum krepputímum, að ekki megi án þeirra vera. Hæstv. fjrh. hefir oftar en einu sinni tekið það fram, að krepputíminn muni ekki vera á enda, þótt hið einstaka og afarmikla góðæri síðasta ár hafi bætt afarmikið úr. Aftur á móti hefir hv. frsm. meiri hl. jafnoft vjefengt þetta og spurt, hvaðan fjármálaráðherra kæmi sú viska, að kreppan haldi áfram. Hann er miklu bjartsýnni á framtíðina en hæstv. fjrh., og þess vegna er skoðun hans í þessu máli næsta eðlileg. Hann er „principielt" á móti allri einkasölu, og álítur auk þess, frá sínu sjónarmiði, ekki þörf á þessum tekjuauka. Jeg hallast þar fremur að skoðun hæstv. fjrh. Kreppan byrjaði 1921 og var á hæsta stigi árin 1922 og '23, og fór fyrst að lina á miðju ári 1924, en nú má vænta þess, að við sjeum komnir yfir það versta, en samt álít jeg, að við eigum að fara gætilega og vera við öllu búnir, og þess vegna furðar mig stórlega á, að fjármálaráðherrann, sem sjerstaklega á að bera hag ríkissjóðs fyrir brjósti, skuli vera mótfallinn því að halda áfram einkasölunni á tóbaki, þegar það er sýnt og sannað, að hún gefur landinu mikinn arð. Fyrir honum hlýtur því þetta mál að vera alveg sjerstakt „princip"-mál. Hann vill ekki þennan hagnað í ríkissjóð, af því að hann metur meira svokallaða frjálsa verslun. Jeg skal ekki áfella hann fyrir það. Jeg er þar á alveg öfugri skoðun, eins og jeg hefi áður tekið eindregið fram, en jeg met auðvitað skoðun hvers þingmanns alveg eins rjettháa og mína. En ráðherra, sjerstaklega fjrh., verður oft að brjóta bág við sína einkaskoðun, er um fjárhag ríkisins er að ræða. Hv. aðalflm. frv. (BL) er engu síður en hæstv. fjrh. á móti allri einkasölu, en þó var, eftir því sem mig fastlega minnir, samþykt sú till. á þingmálafundi á Akureyri nú í vetur, að *því aðeins* skyldi afnema einkasölu á tóbaki, að afkoma ríkisins þyldi það. *(BL:* Þetta er rjett). Jeg hefi nú sýnt fram á, að tekjurnar af einkasölunni sjeu svo miklar, og fara auðvitað vaxandi, að það sje mjög ísjárvert að hafna þessu með öllu, svo jeg komist ekki sterkara að orði, að þess mætti mega vænta, að þeir og aðrir andstæðingar einkasölunnar höfnuðu frv. eða það væri tekið til baka. Jeg get nú reyndar sagt það, að jeg býst varla við því. Þetta mál mun vera orðið það kappsmál milli flokkanna yfirleitt, en þó er jeg ekki vonlaus um, að einhverjir úr íhaldsflokknum muni vera móti frv., en það mun atkvæðin sýna, þegar þar að kemur.

Þá eru ekki fleiri atriði viðvíkjandi þessu máli, sem vert er að ræða nú, enda má, ef frv. lifir til 3. umr., gera því þá betri skil. Jeg drap á það við 1. umr., að ákvæði 2. gr. frv. mundu revnast allerfið framkvæmda, um tolleftirlitið, og vænti jeg, að hv. frsm. meiri hl. hefði tekið það til greina, sem hann þó hefir ekki gert. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) heldur því fram, að smyglunarhættan sje meiri með

einkasölufyrirkomulaginu en með frjálsri verslun, og skil jeg ekki, að svo geti verið, en jeg held, að smyglunarhættan sje ekki eins mikil og hann hefir haldið fram, og að hún muni haldast óbreytt, hvort heldur einkasala er eða frjáls verslun. Jeg er sannfærður um, að það verða áhöld um þetta. Jeg veit ekki til, að einkasalan hafi aukið smyglunina og álít, að hún muni heldur ekki aukast við frjálsa verslun. Nú er svo komið, þrátt fyrir það, að fyrir 25 árum síðan átti nær engin smyglun sjer stað, að nú er alment rætt um að allmiklu sje smyglað bæði af tóbaki, silki, úrum og öðrum verðmætum vörum, sem ljett er að smygla inn.

Háttv. frsm. meiri hl. (JakM) ber hag smásalanna mjög fyrir brjósti. En jeg spyr, hví hjeldu þeir ekki áfram þessari verslun, þrátt fyrir að einkasalan komst á? Þeim var alls ekki meinað það. Nei, það mun hafa verið af því, að þeim hefir ekki þótt nægur arður af þessari verslun eftir það, — þeir næðu ekki jafnmiklu fje úr vasa landsmanna. En jeg sje ekki, að ástæða sje til að bera svo mjög hag þeirra fyrir brjósti; þeir mega hætta, ef þeir vilja. Þar sem hagsmunir ríkissjóðs eru annarsvegar, verða smásalarnir að láta sjer lynda, að ríkisheildin sje meira metin en þeir.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en jeg legg eindregið á móti því, að frv. þetta nái samþykki.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla mjer ekki að lengja þessa umr. frekar en orðið er, þar eð jeg álít, að málið hafi þegar verið orðið útrætt við 1. umr., því þá mun alt það hafa komið fram, sem máli skiftir, og er því ekki þörf að fara að endurtaka neitt af því nú, sem þá var sagt. En út af því, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði um það, að samþykt þessa frv. yrði til tekjumissis fyrir ríkissjóð, og nefndi til allháa upphæð, sem oft er búið að nefna áður, þ. e. um ¼ milj. kr., þá vil jeg ekki heldur fara að endurtaka neitt af því, sem búið er að segja um þetta við 1. umr., annað en það, að þetta er alls ekki rjett. Tekjur af einkasölunni þessi 3 ár, sem hún hefir staðið, hafa verið um 217 þús. kr. á ári, og er af því auðsætt, að þótt ekkert ætti að koma í staðinn, yrði samt þessi staðhæfing um 250 þús. kr. tekjumissi allhæpin, en nú eiga tolltekjur ríkissjóð af tóbaki samkv. þessu frv. að hækka um sem svarar 160 þús. kr. á ári, ef miðað er við, að innflutningurinn framvegis verði sá sami sem meðalinnflutningur þeirra þriggja ára, er einkasalan hefir staðið. Útkoman verður því sú, ef borið er saman við innflutning einkasölunnar, að tekjur ríkissjóðs mundu ef til vill minka sem svaraði 60 þús. kr. á ári, eða með öðrum orðum, að tollhækkunin á munntóbaki, nef- og reyktóbaki þyrfti að vera sem svaraði 2 kr. á hvert kg. af þessum vörutegundum, til þess að ríkissjóður biði engan halla við þessa tilbreytingu, og innflutningur hjeldist sá sami og áður. Þessar 60 þús. kr., sem á vantar, verður að ætla að muni nást af þeirri aukning á innflutningnum, sem væntanlega verður við það, að verslunin verður aftur gefin frjáls með þessar vörur. Jeg fyrir mitt leyti tel það fyllilega upplýst, að hin frjálsa verslun muni vinna upp þennan halla, og get því ekki kannast við, að ríkissjóður sje sviftur neinum tekjum, enda þótt jeg teldi, að varlegra hefði verið að hækka tollinn um 2 kr. á hvert kg., í stað 1 kr., til þess að þurfa ekki að vera að gera ráð fyrir auknum

innflutningi til þess að ríkissjóður yrði skaðlaus. En alt tal um ¼ milj. króna tekjurýrnun er hreint og beint út í loftið, eins og búið er að sýna fram á við 1. umr. Þessi rangi útreikningur byggist á því, að besta árið er lagt til grundvallar, en ekkert tillit tekið til lakari áranna. Slíku má enginn maður, síst fjrh., gera sig sekan í, enda er það alveg ófært að velja besta árið úr til að byggja á fjárhagsáætlanir, en loka augunum fyrir öllu öðru. Þetta getur aðeins leitt til rangra ályktana, sem verða höfundum þeirra til ámælis eftir á. Aðra hluti í ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ) ætla jeg að leiða alveg hjá mjer.

Björn Líndal: Jeg hafði búist við að geta leitt hjá mjer að taka til máls í þetta sinn, en ræða hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var á þann veg, að jeg get ekki komist hjá því að mótmæla nokkrum mestu fjarstæðunum, sem þar voru sagðar. Hv. 2. þm. Rang. taldi það einkennilegt form hjá okkur flm. þessa frv. að vilja afnema einkasöluna með einni viðbótargrein í tollagafrv. Jeg fæ ekki sjeð, að neitt einkennilegt sje við þetta; tollhækkunin og afnám einkasölunnar stendur í nánu sambandi hvað við annað. Það er því ekki nema eðlilegt, að þetta sje flutt í sama frv. En hitt var óeðlilegt, að setja í lög um afnám einkasölunnar tollhækkunarákvæði. Það hefðu því átt að vera tvö frv. samkv. skoðun háttv. 2. þm. Rang. En það er búið að tefja þingið nóg með þessu eina frv., og mundi þá vart hafa gengið greiðlegar með tvö frv. um þetta efni.

Hvað viðvíkur þessum ¼ milj. króna tekjurýrnunarútreikningi, hlýtur hv. þm. sjálfur að vita, að hann er rangur, því hann reiknar með tölum, sem hann veit, að eru rangar, og gerir það aðeins til að villa mönnum sýn, ef einhver kynni að trúa. Hitt er vitanlegt, að deila má um það, hvort ekki hefði verið rjett að hafa tollhækkunina íviðmeiri; en því er jeg algerlega á móti, bæði sakir þess, að jeg er sannfærður um, að ríkið fær að minsta kosti jafnmiklar tekjur af tóbakinu eftir breytinguna sem áður, og einnig sakir þess, að jeg vil ekki, að ríkið okri hóflaust á tóbaksástríðu manna.

Þá er rangt af hv. 2. þm. Rang. að telja varasjóð með í eignum landsverslunarinnar, því þessar rúmar 60 þús. kr., sem taldar eru í varasjóði tóbakseinkasölunnar, eru að mínum dómi allar tapaðar. Eða þorir hv. þm. að halda því fram, að engar skuldir sjeu tapaðar? Hann veit fult eins vel og jeg, að mjög margar af þessum skuldum eru algerlega tapaðar. Jeg leyfi mjer að fullyrða, að tap á skuldum nemi meira en allur varasjóðurinn nemur, og auk þess hlýtur nokkurt tap að verða á vörubirgðunum, og sennilega nemur það talsvert miklu fje. Og það er í raun og veru ekki undarlegt, þótt jafnstórt verslunarfyrirtæki og þetta verði fyrir talsverðu tapi á skuldum og birgðafyrningu, og það því fremur, sem það er rekið fyrir ríkisins reikning. Það er alkunnur mannlegur breyskleiki að gera sjer vini af hinum rangfengna mammoni, og hví skyldi það þá ekki líka geta freistað jafnvel góðra manna að gera sjer vini af fje ríkissjóðs, sem landsverslunarforstjórarnir geta farið með eftir geðþótta sínum, að heita má, ábyrgðarlaust.

Þá gleymir hv. 2. þm. Rang. (KlJ) að draga frá tekjum síðasta árs nálægt 90 þús. kr. hagnað á gengi og verðhækkun vörubirgða sakir 25% tollhækkunarinnar. Auðvitað er ekkert vit í að gera ráð fyrir slíkum alveg óvenjulegum tekjum árlega. Þessi ¼ miljón hv. þm. er því bygð á

vísvitandi röngum reikningi að því er snertir helming upphæðarinnar, en hinn helmingurinn er bygður á spádómum, sem við ekkert hafa að styðjast, staðhæfingum, sem enginn fótur er fyrir. Þetta veit þessi hv. þm. eins vel og jeg, og sóma síns vegna ætti hann að spara sjer það að lemja svona átakanlega höfðinu við steininn.

Jörundur Brynjólfsson: Það hefir síðan við 1. umr., eins og við mátti búast, komið ýmislegt það fram, sem hefir skýrt málið betur en áður var búið að skýra það. Skýrsla forstjóra landsverslunarinnar hefir algerlega sannað málstað okkar, sem álítum, að engin ástæða sje til að breyta til með tóbaksverslunina.

Jeg sje ekki, að ástæða sje til að ræða þetta mál mikið nú, þar sem það var þrautrætt við fyrstu umræðu, og umræður um það nú yrðu ekki til annars en að endurtaka flest það, sem sagt var um málið við 1. umr. En það tel jeg tilgangslaust. Skal jeg þess vegna geyma að senda þeim mönnum kvittun, sem svöruðu mjer við fyrstu umr. þessa máls. En lifi frv. og komist til 3. umr., þá mun jeg nota tækifærið og senda þeim mönnum skeyti, sem eiga þau hjá mjer, ef nýtt tilefni gefst til þess og jeg tel það þess vert.

Fyrir mjer er þetta algert fjárhagsmál. Jeg lít svo á, að fjárhagur ríkissjóðs leyfi ekki, að þeim tekjum, sem hjer er um að ræða, sje teflt í tvísýnu, því jeg er viss um, að landið verður fyrir alvarlegum tekjumissi, ef frv. þetta verður samþykt. Jeg hefi því hugsað mjer að bera fram tillögu til rökstuddrar dagskrár, er hljóðar þannig:

Þar sem tóbakseinkasölunni var í fyrstunni komið á af fjárhagsástæðum, til þess að afla landinu tekna, og hún hefir gefið landinu ríflegri tekjur en við var búist í fyrstu, en afnám einkasölunnar ríkissjóði að skaðlausu myndi hafa svo mikinn tollauka í för með sjer, að vörur þessar hlytu að hækka allmjög í verði, og ennfremur að þjóðin yfir höfuð virðist una þessu fyrirkomulagi vel, þá þykir deildinni að svo komnu ekki hlýða að gera þessa breytingu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Jeg þarf ekki að vera langorður. En nokkrum orðum þarf jeg samt að víkja að háttv. þm. Ak. (BL) og hæstv. fjrh. (JÞ). Það, sem skilur á milli mín og þeirra, er það, að þeir vilja taka meðaltal allra þeirra þriggja ára, sem tóbakseinkasalan hefir staðið, en jeg vil aðeins taka árið 1924, eða í hæsta lagi meðaltal tveggja áranna, 1923—'24, því að það tel jeg alveg rangt að taka árið 1922 með, árið, sem einkasalan byrjaði og varð að kaupa upp allar birgðir, sem til voru í landinu. Hitt tel jeg miklu sanngjarnara, að leggja aðeins árin 1923 og '24 til grundvallar, og ef það er gert, býst jeg við, að útkoman verði svipuð því, sem jeg hefi sagt. En þetta hefi jeg fullkomlega sýnt og sannað áður, og get vísað til þess. Það skal sannast á sínum tíma, að útkoman á árinu 1925 mun sýna, að það er ekkert rangt, þó að árið 1924 sje lagt til grundvallar. Er því óhætt að geyma alla spádóma um það, hvort þessar tölur eru rjettar eða ekki, þar til reynslan hefir skorið úr því.

Hv. þm. Ak. (BL) sagði, að þetta yfirstandandi ár gæti landsverslunin ekki grætt eins mikið á gengismismun eins og síðastliðið ár. Þetta er vitanlega nokkuð sem enginn getur sagt neitt um, því það er ekki langt liðið á árið enn. En móti því kæmi þá aftur hin aukna útsala, sem

nemur um 90 þús. kr. þann tíma, sem lið in er af árinu, fram yfir það, sem var á sama tíma síðastliðið ár.

Þá fullyrti háttv. þm., að tap landsverslunarinnar á útistandandi skuldum myndi ekki nema minnu en varasjóður hennar. Við höfum nú haft fyrir okkur í fjhn. skuldalista hennar, að jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg er ekki svo kunnugur skuldunautum hennar, að jeg treysti mjer til að segja um, hvað mikið muni tapast af skuldum þeim, sem hún á úti. En það er víst, að tap verður eitthvert hjá henni, eins og öðrum, sem lána eitthvað út. En hversu mikið það verður, hygg jeg, að enginn okkar sje fær um að segja, því að við þekkjum það úr sögu Landsbankans, að þeir menn, sem dæmdir hafa verið eignalausir, og það svo, að þeir myndu aldrei geta eignast neitt aftur, eru þó sumir þeirra nú með efnuðustu mönnum landsins.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Háttv. frsm. minni hl. (KlJ) hefir ekki andmælt neinu af því, sem jeg sagði. Ræða hans beindist nær eingöngu að greinargerð flm. fyrir frumvarpinu, og þeim athugasemdum hafa þeir hæstv. fjrh. (JÞ) og háttv. þm. Ak. (BL) svarað. Annars má segja um háttv. frsm. minni hl. (KlJ), að hann hafi Móses og spámennina til að vitna í, þar sem hann lagði út af skýrslu landsverslunarinnar eins og guðspjalli. *(JBald:* Það er líka óhætt). Háttv. samþingismaður minn segir, að það sje óhætt. En jeg er ekki eins viss um það.

Háttv. frsm. minni hl. sagði, að það væri óviðkunnanlegt að afnema slíka stofnun sem landsverslunina einungis með breytingu á tolllögunum. Þetta má vel vera. En þá er hægt að fá inn í fyrirsögn frumvarpsins: „og afnám laga um tóbakseinkasölu ríkisins“. Þetta má lagfæra við 3. umr., ef vill.

Þá sagði háttv. frsm. minni hl., að útreikningar meiri hlutans gætu ekki staðist. En þetta er ekki rjett, því að þeir standast í öllum aðalatriðum, að því er tollhækkunina snertir. En hitt er ágiskun ein, hvað verslunarhagnaður landsverslunarinnar af tóbakssölunni verði í framtíðinni, því að um það er ekkert hægt að segja, sem á sje byggjandi.

Alt, sem háttv. frsm. minni hl. sagði um væntanlegan ágóða landsverslunarinnar í framtíðinni, er því óábyggilegt; eins og t. d. gengishagnaðurinn, sem háttv. þm. var að tala um, því að enginn skyldi byggja framtíð fyrirtækis á því, að því hlotnaðist svo og svo mikill hagnaður af gengismismun. Kemur því sá hagnaður, sem verslunin hafði af gengi árið 1924, ekkert málinu við, nema að því leyti, að taka verður tillit til þess, að þessi hagnaður ársins 1924 gerði hag þess árs betri. En þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir slíkum hagnaði framvegis til þess að greiða útsvarið með, en það er aftur fastur gjaldaliður verslunarinnar, verður að draga frá fyrir því af væntanlegum verslunarhagnaði.

Þá taldi háttv. frsm. minni hl. það alt hagnað, sem lagt væri í fyrningarsjóð. En það er stórt spursmál, að svo sje. Þegar það er játað, að þetta er áhættufyrirtæki, sem gera má ráð fyrir töpum hjá, þá er vitanlega lagt í fyrningarsjóð, til þess að standast þann halla, sem af því kann að leiða fyrir verslunina að lána út vörur, skemdum og rýrnun o. fl. Má því ekki telja fyrningarsjóðinn sem hagnað verslunarinnar. Og eins og það er víst, að tap getur orðið á útistandandi skuldum verslunarinnar, eins er það áreiðanlegt, að tap verður á birgðum hennar.

Hinsvegar er það viðurkent í greinargerð frv., og jeg hefi sömuleiðis viðurkent það í framsöguræðu minni, að þau ár geta komið, að verslunarhagnaðurinn yrði meiri en tolltekjurnar; aftur geta líka komið þau ár, að hann verði minni. Um þetta er ekki hægt að gera ákveðna útreikninga.

Þá sagði háttv. frsm. minni hl., að það væri rangt að leggja árið 1922 til grundvallar fyrir verslunarhagnaðinum. En ef það er rjett í öðru tilfellinu, þá er það jafnrjett í báðum, bæði með tolltekjurnar og verslunarhagnaðinn. Meðaltolltekjurnar verða minni, sjeu þær miðaðar við öll þrjú árin, alveg eins og verslunarhagnaðurinn af einkasölunni verður minni, sje hann miðaður við þann tíma. Þess vegna er það rjett að miða við öll árin, sje það aðeins gert í báðum tilfellunum.

Háttv. frsm. minni hl. gerði og samanburð á útsöluverði á tóbaki í desember 1921 og í jan. þessa árs. Var sá samanburður upp og niður. Að minsta kosti tók jeg eftir, að hann taldi útsöluverð hjer í jan. á einni vindlategund 44,50 en 45 kr. í des. 1921. Munurinn virðist ekki mikill. Í þessu sambandi ber þess að gæta, að síðan 1921 hafa allar vörur lækkað í verði erlendis. En til þess að gera samanburð á verðlagi hjer og erlendis hefi jeg ekki skýrslur á takteinum. Sömuleiðis vantar upplýsingar um, hver tollurinn er í þeim löndum, sem verðlagið er borið saman við.

Loks gat háttv. frsm. þess, að salan á tóbaki þá mánuði, sem liðnir væru af árinu, væri miklu meiri en á sama tíma í fyrra. Gæfi það því von um mikinn verslunarhagnað á árinu. En þar er alveg sama máli að gegna með tollinn. Hann verður vitanlega þeim mun meiri, sem innflutningurinn verður meiri.

Þá hafði háttv. þm. það eftir mjer, að krepputíminn væri á enda. Það er rjett; jeg held því fram. En svo bjartsýnn er jeg ekki að halda, að kreppa komi aldrei aftur, heldur þvert á móti. Jeg hefi játað það, sem er margviðurkent, að krepputímabil koma altaf við og við, og það er ein af höfuðástæðunum fyrir því, að bæði jeg og aðrir vilja afnema tóbakseinkasöluna nú. Því að þau ár geta komið, að hún verði ekki tekjulind fyrir ríkissjóð, heldur þvert á móti.

Jeg þóttist leiða góð rök að því, að smyglunarhættan væri meiri undir einkasölufyrirkomulaginu en með frjálsri verslun. Því að smásalarnir hafa ekki eins bundnar hendur, þegar frjáls verslun er, eins og með einkasölunni, því að þeir geta fengið miklu betri kjör hjá heildsölum en landsversluninni. Að minsta kosti geta þeir fengið öllum að skaðlausu rekstrarkostnað landsverslunarinnar, sem er allmikið fje. Yrði því minni hvöt til smyglunar, en meiri hvöt til þess að versla heiðarlega, þegar þeir fengju vöru, sem ekki væri ókleift að versla með.

Þá vjek háttv. frsm. minni hl. örfáum orðum að 2. gr. frv. og taldi, að ákvæði hennar um að tollmerkja vörurnar yrðu erfið í framkvæmd. En jeg hygg, að sú merking yrði ekkert erfiðari í framkvæmd en sú, sem nú er undir einkasölufyrirkomulaginu.

Jón Baldvinsson: Jeg hjelt sannast að segja, þegar mál þetta kom hjer aftur til umræðu, að þá myndum við fá skýra grein hjá flutningsmönnum þess fyrir því, að ríkissjóður myndi engu tapa við breytingar þær, sem frv. hefir í sjer fólgnar. En því fer fjarri, því að jeg hefi ekkert heyrt koma fram í þá átt.

Ræða hv. frsm. meiri hl. (JakM) sner-

ist mest um það, hvort rjett myndi að taka upp ríkisrekstur yfirleitt eða ekki. Komst hann, sem vænta mátti hjá honum, að þeirri niðurstöðu, að það væri bæði ilt og skaðlegt. En hann færði engin rök fyrir því. Alt, sem hann sagði, voru því tómar fullyrðingar, og ekkert annað; enda var honum óhægt um vik, þar sem hann var að tala um tóbakseinkasöluna, sem allir telja, að hafi gengið ágætlega og óhætt mun að fullyrða, að hafi farið langt fram úr vonum þeirra, sem litu hana vafasömum augum í upphafi.

Það má vitanlega segja margt með og móti einkasölufyrirkomulaginu. En það hefir sýnt sig, að það, sem ríkissjóður Íslands hefir fengist við ríkisrekstur, hefir gengið sæmilega. Og einmitt það, sem hvað mest hefir verið óttast, að ekki væri hægt að fá góða menn til þess að veita ríkisrekstrarfyrirtækjum forstöðu, hefir ekki komið þar að sök. Því altaf hefir tekist að fá ágæta menn í þeim tilfellum, og þarf þar ekki annað en að benda á stjórn landsverslunarinnar, útflutningsnefndina o. fl. Þetta fór alt mjög vel úr hendi. Þess vegna mælir öll þessi starfsemi með einkasölufyrirkomulaginu.

Þó að jeg sem jafnaðarmaður sje með þjóðnýtingu, þá legg jeg samt ekki mikið upp úr tóbakseinkasölunni frá því sjónarmiði. Enda var henni ekki komið á af hvötum þeirra manna, sem vilja að ríkisrekstur sje tekinn upp, þar sem hún var beinlínis sett á af fjárhagslegum ástæðum. En eigi að síður teljum við jafnaðarmenn þessa leið rjetta til þess að útvega almenningi ódýrari vörur, og jafnframt meiri tekjur í ríkissjóð.

Háttv. frsm. meiri hl. fór ekkert út í samanburð á vörugæðum landsverslunarinnar og kaupmanna áður, eins og sumir háttv. þm. gerðu. Enda hefði slíkur samanburður litla þýðingu, þar sem landsverslunin kaupir mestallar vörur sínar frá sömu verslunarhúsum og seldu hingað áður. Hitt get jeg gengið inn á, að það eru sennilega ekki margir, sem hafa sömu skoðun á þessu og jeg hjer innan þings, og ef til vill ekki nema jeg einn, en jeg vona, að þeim fjölgi áður en langt um líður.

Háttv. þm. sagði, að rekstrarkostnaður tóbaksverslunarinnar kæmi smásölunum að gagni og vildi láta líta svo út, að verslunin væri einhver óþarfur milliliður. Hjer kveður við nokkuð annan tón heldur en þegar verið er að tala um, að það borgi sig alls ekki fyrir smásala að versla með tóbak frá landsverslun.

Háttv. þm. talaði ennfremur um, að einkasalan hefði dregið úr tóbakskaupum. Má vera, að svo sje að einhverju leyti, en þó hefir tóbak verið flutt inn síðastliðið ár fyrir 2½ milj. króna í stórsölu, og mun það efalaust um 3 milj. í smásölu. Verður ekki annað sagt en að þetta sje dálagleg fúlga fyrir vöru þessa hjá ekki stærri þjóð.

Annars var þetta atriði málsins þrautrætt við 1. umr. Þeir, sem þá hjeldu þessu fram, játuðu þó, að minkaður tóbaksinnflutningur hefði að nokkru leyti verið afleiðing fjárkreppu landsmanna. Um það þarf heldur engum blöðum að fletta. Salan fer eftir árferði. Þarf ekki annað en að bera saman innflutning á tóbaki og öðrum munaðarvörum á þessum krepputímum. Hvorttveggja gengur í bylgjum eftir árferði og kaupgetu manna. Þetta viðurkendu andstæðingarnir við 1. umr., og eins hitt, að ekki væri rjett að telja fyrsta ár einkasölunnar með, er litið væri á hag hennar undanfarin ár. Nú vilja þeir

í báðum tilfellum ganga á bak orða sinna. Fyrsta árið var reynsluár eingöngu, og nær því engri átt að telja það með. Auk þess voru þá miklar birgðir til í landinu, sem kaupmenn seldu alt það ár og jafnvel fram á hið næsta. Þess vegna má ekki líta á afkomu einkasölunnar eftir því ári.

Háttv. frsm. talaði um, að með einkasölunni væri ríkinu gefinn kostur á „spekulations"-gróða. Jeg skil ekki, hvað hann á við með því. Hjer er um áframhaldandi stofnun að ræða, sem hefir sínar föstu, vissu tekjur. Enda hafa aðrar þjóðir sjeð þegar, hve einkasala á tóbaki er tryggur tekjustofn, og hefir áður verið bent á það undir umræðunum.

Þá kem jeg að tolleftirlitinu, ef frv. þetta nær fram að ganga. Nefndin hefir fallist á till. frv. óbreyttar hvað það snertir. Á samkvæmt þeim að líma miða á hvern vindlakassa og vindlingapakka. Hinsvegar hefir ekki verið sýnt fram á, hvílíkt feikna verk þetta er og hvílíkan kostnað það hefir í för með sjer. *(JakM:* Það kostar ekkert). Það er altaf hægt að slá fram slíkum rakalausum fullyrðingum. En mjer þætti gaman að sjá, hvað landsreikningarnir sýna síðar í þessu efni. Þá skildi jeg ekki, hvers vegna hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að rekstrarkostnaður einkasölunnar næmi 8%. Reikningarnir sýna ekki meira en 4—5%. Jeg veit ekki, hvaða póstum hann hefir bætt hjer við, því að hann skýrði ekki frá því.

Þá sný jeg mjer að hæstv. fjrh. með nokkrum orðum. Hann vildi ekki viðurkenna það, sem þó var gert við 1. umr., að ekki væri rjett að telja fyrsta árið með. Bendir það ekki á góðan málstað að taka nú aftur upp þessa röksemd, sem búið var kveða niður fyr í umræðunum..

Þá sagði hæstv. fjrh., að það væri út í loftið að segja, að ríkissjóður myndi tapa ¼ milj. kr. við afnám einkasölunnar. Vjer, sem höldum þessu fram, höfum staðreyndirnar fyrir oss. En andstæðingarnir hafa ekkert nema spádóma — út í loftið. Það, sem þeir byggja mest á, er það, að tóbaksinnflutningur aukist við breytinguna. Auðvitað er þetta út í loftið. Það hefir áður verið sýnt fram á, að innflutningur og sala fer næstum eingöngu eftir árferði. Það kom fram í ræðum hv. frsm. minni hl. (KlJ) og hv. frsm. meiri hl. (JakM), að líkindi væru til, að innflutningurinn yrði meiri á árinu 1925 en 1924. Þetta er líka mjög líklegt, því að þótt árið 1924 yrði gott ár, var þó fyrri hluti þess allmiklu lakari en það, sem af er þessu ári. Menn voru enn aðþrengdir af kreppunni, og rættist ekki úr því fyr en kom fram á sumar.

Lítur út fyrir, að yfirstandandi ár verði allgott ár. Auk þess má vera, að árið 1925 gefi meiri tekjur en árið 1924, og enda miklar líkur til þess.

Jeg skal ekki tefja tímann lengi úr þessu. En mjer þykir ólíklegt, að þeir hv. þm., sem voru því fylgjandi, að einkasalan var stofnuð af fjárhagsástæðum, vilji nú láta leggja hana niður eftir þennan glæsilega árangur. Hitt gefur að skilja, að hinir, sem þetta er stefnumál, muni enn sem fyr berjast gegn einkasölunni. Það kemur engum á óvart, þótt þeir hv. þm., sem sendir eru á þing af kaupmönnum, reki erindi þeirra hjer sem annarsstaðar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þegar jeg á þinginu 1921 bar fram frv. til laga þeirra, sem nú er tilætlunin að afnema hjer, var tilgangur minn aðeins sá, að afla ríkissjóði tekna, og enginn annar, og kom það greinilega fram í öllum umr. á þinginu. Í frv. mínu þá var einnig farið fram á einkasölu á spíritus, en með því

að ekki þótti fært að koma slíku á þá, náði það ekki fram að ganga, heldur var einkasalan hafin á tóbakinu einu.

Ástæðan til þess, að jeg hneigðist að þessu fyrirkomulagi á teknaöflun, var sú, að jeg áleit, að ríkissjóður þyrfti meiri tekjur af tóbaki en hann hafði haft. Hinsvegar fanst mjer áhætta að hækka tóbakstollinn, vegna smyglunarhættu. Jeg hefi jafnan litið svo á, að í tóbakseinkasölu fælist ekkert brot á reglunni um frjálsa verslun. Það er kunnugt, að ríkið verslar hjer með vín, og enginn talar um það sem brot á reglunni um frjálsa verslun. Ekki er heldur hægt að segja, að ríkissjóður bindi mikið fje í verslun þessari, nje heldur að verslunin sje áhættusöm. Og fyrir mitt leyti verð jeg að segja það, að verslunarhagnaðurinn hefir alls ekki brugðist vonum mínum. Aðstaða mín gagnvart þessari einkasölu er því hin sama og 1921.

En aðstaða mín er breytt að öðru leyti. Jeg er ekki fjrh., eins og jeg var 1921, og því er það ekki mitt hlutverk sjerstaklega að sjá ríkissjóði fyrir tekjum. Og þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) telur sig geta unnið upp gróða af einkasölunni á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, mun jeg gera það til samkomulags við hann sem samverkamann minn að greiða ekki atkv. um málið.

Bjarni Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) minnir mig á sjúkling nokkurn, sem Hóras segir frá. Hann sat í tómu leikhúsi og hló og klappaði vegna þess, hve honum þótti vel leikið. Einhver varð þá til þess að gefa honum hnerrirót, svo að manntetrið rumskaði við sjer og brá í brún, þegar hann sá, að hann hafði klappað fyrir tómu húsi. Hv. 2. þm. Reykv. fer eitthvað líkt, þegar hann er að tala hjer landsversluninni til lofs og dýrðar.

Hvernig hefir nú þessi verslun reynst undanfarið? Meðan landsverslunin lá undir stjórnarráðið á stríðsárunum, gekk alt á hinum mestu trjefótum, sem kunnugt er. Skip biðu vikum og mánuðum saman í erlendum höfnum og söfnuðu skuldum, sem síðan voru lagðar á sama farminn, er heim kom. Þetta gaf auðvitað kaupmönnum tækifæri til að selja sínar vörur með sama ránsverðinu, enda hefir aldrei hlaupið eins á snærið fyrir þeim. Seinna voru þó ráðnir menn til að veita versluninni forstöðu, sem vit áttu að hafa á slíku, en þó hefir hagurinn aldrei verið ýkjagóður. Svona gekk nú þessari stofnun.

Þá ætti hv. 2. þm. Reykv. að spyrja útgerðarmenn um álit þeirra á steinolíuversluninni. Olían er bæði dýr og vond. Færeyingar fá hana bæði betri og ódýrari. Þetta er nú djásnið þeimmegin.

Þá kemur vínverslunin, sem er að líkindum rekin eins vitlaust og tök eru á. Í stað þess að flytja hingað inn sönn þrúguvín frá Suðurlöndum, hafa þeir uppgötvað vínverslunarborgir, sem heita Horsens og Randers, og aðrar slíkar. Þessi vjelavín eru í senn vond og auk þess svo dýr, að enginn vinnur til að reyna að hýrga sig á þeim í stað þess að kaupa vín hjá launsölunum, sem hjer eru á hverju strái, eins og kunnugt er. Vínverslunin hefir því gert þjóðina að brennivínsþjóð, í stað þess að gera hana að vínþjóð.

Þá kemur tóbaksverslunin, sem allir ætla nú að springa af harmi yfir, ef afnumin verður. Hún byrjaði með því að kaupa alt rusl af kaupmönnum, sem þeir áttu og ekki hafði gengið út árum saman og aldrei selst. Auk þess er tóbakið svo dýrt, að óleyfilegur innflutningur hlýtur að borga sig, enda eru heilir landshlut- [illegible] varla sjá annað en smyglað tóbak

frá Færeyjum og annarsstaðar frá. Nú eru líkur til þess, þegar kaupmenn geta verslað með tóbak eftir skynsamlegum reglum, þá líti þeir betur eftir því, að brytar á skipum selji það ekki í kapp við þá, rjett við hliðina á þeim. En þegar kaupmenn fá ekki nema 10% í sölulaun, en verðið hinsvegar uppskrúfað, þá getur maður skilið það, að þeir hætti flestir að selja tóbak, eða láti sig litlu skifta, hvernig um það fer. Hv. 2. þm. Reykv. sagði um innflutninginn, að hann hefði verið upp á 3 milj. kr. En hann gat ekki um það, hvað hann hefði verið mörg pund. Þá er þetta verð vitanlega ekkert að marka. Jeg svo sem þekki þessa verslun, sem kaupir fyrir 60 kr. það, sem aðrir gefa samtímis 30 kr. fyrir. Það munar þó dálitlu. Annars er jeg ekkert að rekast í því, þó eitthvað hafi orðið á fyrir þessum mönnum, sem óvanir eru allri verslun, og þó ekki síst verslun með tóbak. En það verða menn að játa, að þegar verslunargróðinn er fenginn með því að leggja á vöruna 75% í stórsölu, og 85% alls, þá er verklega að verið gagnvart þeim, sem vöruna kaupa. Það mætti svo sem koma löggjöfinni þannig fyrir að leyfa ýmsum stofnunum að flá landsmenn og taka af þeim fje eins og þeim þóknast, en kalla svo upp á eftir: Þetta er gott fyrir landssjóðinn! En hvernig er það fyrir landsmenn? Einn dag kom jeg í búð og keypti vindil. Hann kostaði 60 aura. En daginn áður hafði samskonar vindill kostað 40 aura. Hvernig stóð á þessu? Það var landsverslunin, sem var tekin við tóbaksversluninni. Þetta er ósköp gott fyrir landssjóðinn, að setja slík ránslög um að taka úr vösum landsmanna fje eins og hugurinn girnist. En ekki er það nein sjerleg fjárspeki. Að vísu hefir þingið vald til slíks meðan ekki er um beint brot á stjórnarskránni að ræða, þannig að eigur manna sjeu beinlínis af þeim teknar, en hjer stappar býsna nærri því.

Um vörugæðin hefir það verið sagt, að þau sjeu jafnmikil og áður. En því fer fjarri. Við, sem notum tóbak, höfum margoft orðið að hugsa um það, hvort við gætum haldið áfram að reykja þessa fretsterta, sem hjer fást og kallast vindlar. Þetta hefir þó lagast ögn á síðustu tímum, þannig að landsverslunin hefir uppgötvað sumar þær tegundir, sem hjer fengust áður. Að vísu eru þær nú verri en fyrrum, þó það sje ekki einkasölunni að kenna. Það er gamla sagan, að vörur eru fyrst vandaðar, en versna síðar. En einmitt frjáls verslun er holl og góð til þess að sjá borgið hag ríkisins og landslýðs alls. Samkepni og þekking í verslunarsökum veldur því, að landssjóður fær sömu tekjur og áður af einkasölunni, þegar menn taka hana í sínar hendur, sem verslunarvit hafa og ekki hafa leyfi til að leggja á vöruna 75% í stórsölu — sem annars munu hvergi dæmi í heiminum — af því samkepnin bannar slíkt. Þannig hafa allir hag af því, að verslunin verði frjáls. Því gat jeg ekki á mjer setið að gefa hv. 2. þm. Reykv. þessa hnerrirót í nefið, ef það mætti venja hann af því að klappa í tómu leikhúsi. Annars hefir Sjálfstæðisflokkurinn, sem jeg telst til, ætíð haft frjálsa verslun á sinni stefnuskrá, og aldrei vikið frá því nema í eitt skifti, þegar gefin var heimild til einkasölu á steinolíu. En það kom af því, að einokun var þegar orðin á steinolíu, og þetta var tilraun til þess að hún gæti orðið frjáls aftur. Þarf því engan að undra, þó að sá flokkur gráti ekki yfir úrslitum þessa máls, ef það tekst að leggja einkasöluna að velli.

Jón Baldvinsson: Það voru eiginlega ekki merkilegar upplýsingar, sem hv. þm. Dala. (BJ) kom með viðvíkjandi verslun ríkisins, nema þá helst viðvíkjandi vínversluninni. En jeg hefi ekki heyrt neinn af þessum postulum frjálsrar verslunar nefna ráðstafanir til þess að leggja hana niður, og veit jeg þó ekki nema jeg kynni að geta fylgt því. En það var flokkur hv. þm. Dala., sem fylgir svo fast frjálsri verslun, sem lætur undir höfuð leggjast að flytja frv. um afnám þeirrar verslunar. En þegar sú verslun var stofnuð, man jeg ekki betur en allir fylgdu því. Annars er þessi flokkur, sem hv. þm. (BJ) talar um, eitthvað lítill orðinn. *(BJ:* Það hafa margir hlaupist burt). Og sjálfur er hann kominn yfir í Íhaldsflokkinn *(BJ:* Það er einn strokumaðurinn, sem talar). Hjer er sá einn strokumaður, sem gerst hefir varnarmaður stjórnarinnar.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að ríkisverslunin hefði að engu leyti brugðist vonum sínum í peningalegu tilliti, enda gat hann ekki annað en sagt það. En því undarlegra er það, að hann ætlar nú að sitja hjá atkvgr. um mál, sem ekki hefir brugðist vonum hans og hann sjálfur hefir borið fram. Jeg man ekki betur en að hann bæði á síðasta þingi um eins árs frest til þess að sjá enn, hvernig verslunin gengi. Og það er óhætt að segja, að hún hefir á þessu ári borið svo góðan árangur, að hæstv. ráðherra (MG) ætti nú að halda miklu fastar í tóbakseinkasöluna en nokkru sinni fyr.

Hv. þm. Dala. (BJ) rakti dálítið sögu landsverslunarinnar og fann ýmislegt að. Og auðvitað hefir hún haft ýmsa galla. En nú vil jeg spyrja: Eru ekki líka ýmsir gallar á framkvæmd kaupmannaverslunarinnar? Jeg spyr, en hv. þm. (BJ) þarf ekki að svara. Hann sagði, að landsverslunin hefði fyrst verið undir eftirliti skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Af hverju? Af því kaupmenn börðust á móti því, að hún yrði sett á fót sem sjerstök stofnun. Þess vegna var að vonum sleifarlag á verslunarrekstrinum í fyrstu. En síðan var því kipt í lag og verslunin sett á fastan fót. Og þó hv. þm. (BJ) segi, að ekki hafi verið neinir úrvalsmenn við landsverslunina 1918, þá held jeg, að ekki hafi verið völ betri manna í landinu. Það voru alt þjóðkunnir kaupsýslumenn. Hv. þm. (BJ) lýsti mjög átakanlega þeim göllum, sem hafi verið og sjeu á vínversluninni. En því undarlegra er það, að vilja ekki taka hana undan þeirri stjórn nú og fela hana þeirri stofnun, sem hefir gefist svo vel, sem sje landsversluninni. Það var felt frv. um þetta í fyrra. En ef þeir gallar, sem hv. þm. Dala. lýsti, eru virkilega á rekstri vínverslunarinnar, þá er sýnilega þörf á því að bæta úr þeim.

Þá sagði hv. þm. Dala. frá einu mjög merkilegu atriði. Hann sagði, að tóbaksverslunin hefði í byrjun orðið að kaupa rusl af kaupmönnum. Þetta er merkilegt fyrir þá sök, að því hefir verið haldið fram, að kaupmenn hefðu haft miklu betri vörur en landsverslun. En hvernig stóð þá á þessu rusli hjá kaupmönnum? Var því þá svo varið, að þeir flyttu inn rusl? Þetta sannar einmitt það, að kaupmenn flytja inn lakari tegundir en þær, sem landsverslunin hefir á boðstólum, og það eru auðvitað líkur til þess, að eins verði framvegis. Það hefir líka verið sýnt fram á það, að tóbak muni verða dýrara eftirleiðis, ef kaupmenn taka við verslun á því. Hv. þm. Dala. sagði ennfremur, að brytar á millilandaskipum seldu tóbak fyrir þúsundir króna á höfnum kringum land.

Það er ekki glæsileg mynd af tollgæslu lögreglustjóranna, sem hjer er brugðið upp. En sje eftirlitið svona nú, þá verður það ekki síður slæmt síðar, ef einkasalan verður lögð niður, því þá verður eftirlitið sýnilega örðugra, svo sem hjer hefir verið mörgbent á. Hv. þm. (BJ) hefir lýst því yfir, að það viðgangist nú óátalið, að brytar á skipum selji tóbak fyrir þús. kr. á höfnum kringum landið. Svona er þá eftirlitið hjá íhaldsstjórninni.

Þá fullyrti hv. þm. (BJ), að gróði einkasölunnar væri fenginn með því að leggja 75% á vöruna. Jeg veit ekki, hvaðan hv. þm. (BJ) hefir þetta; en eftir skýrslunni frá landsverslun er álagningin alls ekki svo há, svo þetta er alveg rangt hjá hv. þm.

Þá mintist hv. þm. Dala. á steinolíuverslunina og vildi vísa til útgerðarmanna um hana. Jeg vil líka vísa til þeirra útgerðarmanna, sem næst standa þessu máli, vjelskipaútgerðarmanna. Þeir álíta eindregið, að þeir hafi stórmikinn hag af því, að einkasala á steinolíu haldi áfram, hjá því að D. D. P. A. eða einhver hringur hjer í Reykjavík tæki við. Hinsvegar getur verið, að einstöku útgerðarmenn, sem eiga heima á höfnum, sem millilandaskipin koma stöðugt við á, geti fengið olíufatið eitthvað ofurlítið ódýrara á vissum tímum, sem t. d. svarar álagningargjaldi landsverslunar til ríkissjóðs, ef þeir geta fengið olíuna beint. En allur þorri útgerðarmanna úti um land mun ekki fá olíuna ódýrari hjá öðrum en hjá landsversluninni. Því ríkisverslun getur fengið miklu betri innkaup en einstökum mönnum er auðið. Annars er heldur lítið að marka þessa olíuútreikninga háttv. þm. því hvorki telja þeir með kostnaðinn af því að liggja með birgðir, nje rýrnun og annað slíkt. Jeg held því óhætt að leggja það undir dóm útgerðarmanna, hvort halda eigi einkasölunni áfram eða ekki. Og ef því væri skotið til kjósenda, hvort halda ætti áfram tóbakseinkasölunni eða leggja hana niður, þá er jeg viss um, að meiri hluti þeirra mundi vera mjer sammála, hvað rjett sje í þessu efni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Árn. (JörB) feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JakM, JAJ.

MG greiddi ekki atkv.

1. gr. samþ. með 14:13 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 14:12 atkv.

Brtt. 302 samþ. með 15:6 atkv.

4. gr. þar með ákveðin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF.

nei: ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

MG greiddi ekki atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 372, 376).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 376. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Það, sem jeg ætlaði að segja, er það, að jeg kann ekki við, að þetta frv. fari svo út úr deildinni, að ekki sjáist, hvernig með þetta mál er far-

ið. Jeg vil sjerstaklega benda á, að í raun og veru fer atkvgr. um frv. á annan hátt en vant er um frv. þau, sem samþykt eru; það gengur fram með þeim atkvæðafjölda deildarmanna, sem annars fellir mál, það er með 14:14 atkv. Því er sem sje lýst yfir af 14 deildarmönnum, að þeir telji þessa einkasölu hafa gert afarmikið gott, en það er aðeins þetta missmíði á atkvgr., að einn af þessum 14, hæstv. atvrh. (MG), greiðir ekki atkv., þótt hann sje sannfærður um, að rjett sje að fella frv. um afnám tóbakseinkasölunnar.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer þykir það leitt, að ekki fjekst, að þetta mál mætti bíða þennan dag. Jeg átti ekki von á því, að það yrði tekið svo fljótt á dagskrá aftur. Flm. þess mega eiga það alveg víst, að það hefði aldrei orðið málinu að grandi hjer í deildinni, en á hinn bóginn hafa ýmsir þm. haft svo mikið að starfa, að þeir hafa ekki getað komið því við að athuga það, en jeg býst við, að það þyki ekki óeðlilegt, þó að þeir óski að geta gert frekari grein fyrir sinni aðstöðu, ekki síst af því að ekkert hefir verið gert til þess að tefja málið af hálfu annars stærsta flokksins hjer í þessari háttv. deild. Af hans hálfu hefir ekki talað nema háttv. frsm. minni hlutans (KlJ) svo að háttv. flutningsmenn frv. hafa enga ástæðu til að væna um það, að verið sje að reyna að tefja málið; þess vegna þykir mjer það mjög undarlegt, að hv. flm. hafa ekki getað tekið undir þá beiðni að láta málið bíða ofurlítið, þegar það hefir komið svo fljótt inn á dagskrá aftur, sem þingsköp frekast leyfa.

Jeg tel það skyldu mína að víkja að þessu máli með nokkrum orðum og beina nokkrum fyrirspurnum til hv. þm., því að eins og málinu nú er komið, horfir það mjög einkennilega við. Eitt af því merkilegasta, sem fram kom, er ræða hæstv. atvrh. (JÞ) við 2. umr. málsins. Hann lýsti yfir því, þegar þetta frv. var borið fram, að það væri gert til þess að afla ríkissjóði tekna, og þetta sagði sami hæstv. ráðherra (MG) líka, þegar þessi einkasala kom fyrst fram, og ennfremur sagði hann, að allar þær vonir, sem hann hefði gert sjer í þessu efni, hefðu ræst, svo að framkoma hæstv. ráðherra (MG) er að þessu leyti í góðu samræmi, því að í fyrra óskaði hann eftir því, að frestur fengist enn eitt reynsluár, og eftir það ár segir hæstv. ráðherra (MG): Allar vonir mínar hafa ræst. Þar fara ummæli hæstv. ráðherra (MG) algerlega saman við ummæli minni hl. nefndarinnar, þar sem sýnt var fram á, að einkasalan hefir verið öruggur tekjuliður fyrir ríkissjóð, og það sem af er þessu ári bendir alt á, að tekjurnar verði enn meiri, og það má telja víst, að með þessari breytingu, sem hjer á að gera, missi ríkissjóður 250 þús. kr. fastar tekjur, því að jeg get ekki tekið það með, þó að hæstv. fjrh. (JÞ) vitni í meðaltal af tekjum þriggja síðustu ára, þar sem svo er í raun og veru, að tvö þeirra er ekki hægt að taka með í því sambandi. Hæstv. atvrh. (MG) segir, að allar vonir sínar í þessu efni hafi ræst og er alveg sammála hv. frsm. minni hl. (KlJ) um þetta, og má telja víst, að þessar tekjur verði í framtíðinni. Jeg ætla ekki að fara út í það, sem hæstv. atvrh. sagði í gær; jeg geri ráð fyrir, að hann hafi heyrt orð mín um það. *(Atvrh. MG:* Jeg hefi ekki heyrt það). Jæja, jeg taldi það víst, að hæstv. ráðherra (MG) hefðu verið flutt þau, því að jeg bað um, að honum yrðu flutt þau, en annars skal jeg með ánægju segja honum frá því, þegar jeg hefi lokið máli mínu. En mjer dettur í hug gamalt orð í sam-

handi við þetta, þegar hæstv. atvrh. (MG) álítur sig ekki, nema með því að hann sje fjrh., skyldan til að taka tillit til fjármála ríkisins. Mjer dettur það í hug, að þegar átti að fá Skagfirðinga til þess að taka Þorgils skarða fyrir höfðingja, þá var sagt við þá: Skagfirðingar hafa jafnan haldið höfðingja með kostnaði. Það veltur á atkv. hæstv. atvrh. (MG), hvort á að kasta frá sjer þessum tekjum eða ekki. *(Atvrh. MG:* Jeg viðurkenni alls ekki, að hjer sje kastað burt 250 þús. kr.).

Á þessum grundvelli vildi jeg beina nokkrum fyrirspurnum til annara háttv. þm., þar sem það er viðurkent, að vonirnar hafa ræst, og þar sem það er viðurkent um nálega alla menn í þessum sal, að það er ekki um stefnumál að ræða fyrir þeim, heldur um fjárhagsmál, þá vil jeg fyrst spyrja þá, hvers vegna þeir hverfa frá að halda þessu máli áfram, eftir að vonirnar hafa ræst. Það var meðal annara háttv. þm. Borgf. (PO), sem fylgdi málinu áður en vonirnar höfðu ræst, sömuleiðis hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), hv. 2. þm. Skagf. (JS) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), og enn má nefna hv. þm. Barð. (HK), sem bjargaði málinu, ef jeg man rjett, tveim sinnum við atkvgr. Mjer finst, þegar um svo mikið fjárhagsatriði er að ræða, að þessir hv. þm. sjeu skyldir til að gera grein fyrir því, hvers vegna þeir nú, eftir að vonirnar hafa ræst, hverfa frá því að halda þessu skipulagi, sem hefir í för með sjer svo miklar og góðar tekjur. Jeg skora á þá að segja, hvað því veldur, að þeir snúa við blaðinu, eftir að vonirnar hafa ræst. Þá vil jeg beina máli mínu til hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ). Sá hv. þm. hafði að vísu ekki þá aðstöðu að sitja á þingi er málið var fyr á ferð og greiða atkv. með því, en við 1. umr. málsins flutti hv. þm. (ÁJ) ræðu, þar sem hann sagði, að ekki væri um stefnumál að ræða, heldur um fjárhagsmál, og nú hefir hv. þm. (ÁJ) fengið að heyra rökin fyrir því, um hve miklar tekjur hjer væri að ræða fyrir ríkissjóð, og auk þess af hálfu eins af þeim mönnum í Íhaldsflokknum, sem jeg veit, að hv. þm. (ÁJ) hefir mikið álit á, og nú er það sjeð, að ríkissjóður missir miklar tekjur, ef þetta frv. nær fram að ganga. Jeg spyr: Hvernig stendur á því, að hv. þm. (ÁJ) fellir þennan úrskurð, sem hann feldi? Hv. þm. lagði þá mikla áherslu á, að þetta þyrfti að grannskoðast. Og nú hefir það verið gert og ekkert komið í ljós annað en það, að einkasalan hefir fyllilega uppfylt þær vonir, sem um hana voru gerðar. Jeg vil því spyrja: Hvað veldur því, að hann fellir þennan úrskurð við 2. umr. þessa máls? Það er skylda hans gagnvart kjósendum sínum að gera grein fyrir því, og jafnframt skylda hans gagnvart sínum þingmannsheiðri.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vildi minnast á. Það er ekki beinlínis í sambandi við þetta mál, en snertir það þó að nokkru leyti.

Eins og kunnugt er, rekur ríkið verslun með steinolíu. Ekki til þess að græða á henni, eins og tóbakinu, heldur til þess að brjóta á bak aftur útlendan auðmannahring. Jeg vil nú spyrja hæstv. stjórn, hvort hún ætli líka að leggja niður þá verslun.

Jeg þykist vita, að stjórnin geti svarað þessu nú, því jeg býst við, að hún hafi athugað þessi mál hvort í sambandi við annað. Mjer þykir nefnilega ekki ólíklegt, að sumir þm. hjer í þessari háttv. deild, sem voru í broddi fylkingar að brjóta niður vald hins amerísku steinolíu-

hrings, vilji fá það skýrt fram, hvort þeir með því að samþykkja þetta frv. sjeu að greiða götu hinnar illræmdu einokunar inn í landið aftur. Sjerstaklega vil jeg víkja þessu til hv. þm. Dala. (BJ), sem var einn í fylkingarbrjósti, er vald þessa einokunarhrings var brotið á bak aftur.

Annars þykir mjer leitt, að jeg gat ekki búið mig betur undir þetta stórmál nú, en til þess vanst ekki tími.

Fjármálaráðherra (JÞ): Áður en farið er lengra út í það, hvernig vonir manna um tóbakseinkasöluna hafa ræst, þykir mjer hlýða að leggja fram tölur, sem sýna raunverulega, hvernig þær hafa ræst, til þess að þm. þeir, sem þurfa að svara, hafi eitthvað til að styðjast við.

Árið 1919 varð tóbakstollurinn 705 þús. kr., 1920 varð hann 623 þús. kr. Þetta var það, sem menn höfðu til að byggja á á þinginu 1921. Á þessu voru byggðar vonirnar um hið breytta skipulag. Voru þá áætlaðar tekjur af tolli og einkasölu til samans á árinu 1922 750 þús. kr., eða dálítið hærra en tóbakstollurinn hafði reynst þá tvö undanfarin ár. En útkoman varð sú, að 1922 urðu tekjurnar 439 þús., eða 311 þús. undir áætlun fjárlaganna. Fór menn þá að óra fyrir, að bjartsýnin hefði verið of mikil, svo næsta ár eru tekjurnar áætlaðar 50 þús. kr. lægri, eða 700 þús. kr. En þá verður útkoman sú, að á árinu 1923 verða tekjurnar af tolli og einkasölu til samans 634 þús., eða 66 þús. undir áætlun.

Ennþá þóttust menn hafa verið of bjartsýnir, og í fjárlögum fyrir árið 1924, sem sett voru á þinginu 1923, er tekjuáætlunin enn færð niður, og þá ofan í 600 þús. kr., eða lægra en tollurinn einn nam 1919 og 1920. En þá fer svo, að tekjurnar fara fram úr áætlun og verða 874 þús. kr. Af þeim tekjuauka eru 68 þús. beinlínis teknar með gengismismun, sem stafaði af því, að landsverslunin hafði 6 mánaða gjaldfrest erlendis, en á þeim tíma hækkaði ísl. krónan. Auk þessa ber þess að gæta, að frá 1. apríl á árinu er tollurinn hækkaður um 25%. Orsökin til þess, að áætlunin stenst í þetta sinn, er því annarsvegar sú, að verslunin verður fyrir óvæntu happi, en hinsvegar eru ráðstafanir löggjafarvaldsins.

Jeg fæ nú ekki skilið, hvernig hægt er að halda því fram, að vonirnar frá 1921 hafi ræst, þegar þær bregðast svona tilfinnanlega tvö fyrstu árin.

Enda þótt áætlunin standist 1924, ber þess að gæta, að tekjurnar verða þó ekki nema 124 þús. meiri en þær voru áætlaðar 1922 með þáverandi tolli, og án gengismismunar, og sje tollhækkunin og gengishagnaðurinn dreginn frá, ná ekki einu sinni tekjur veltiársins 1924 áætluninni frá 1921.

Þessar tölur vildi jeg gefa til upplýsingar út af ummælum hv. þm. Str. (TrÞ) um uppfyllingu vonanna.

Halldór Stefánsson: Mál þetta hefir nú verið allmikið rætt, sótt og varið af miklu kappi. Eins og margtekið hefir verið fram, var tóbakseinkasalan sett á stofn af hagsmunalegum ástæðum, þeim að afla ríkissjóði tekna, án þess þó að íþyngja almenningi. Það, sem menn fyrst höfðu á móti einkasölu, var, að vonirnar um tekjuaukann myndu ekki rætast, og ennfremur að varan yrði verri og verðið hærra.

Um það hefir nú verið allmjög deilt, hvort vonir þær, sem gerðar voru um einkasöluna, hafi ræst. Jeg fyrir mitt

leyti verð að halda því fram, að þær hafi ræst vonum framar.

Það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði um þetta atriði, sannar ekki það gagnstæða. Þegar tekið er tillit til, að tekjuáætlunin 1921 var gerð á mjög varasömum tímum, sanna ummæli hans og tölur ekki neitt.

Jeg vil nú spyrja, hvort við áætlun þessara tekna hafi verið gert ráð fyrir örðugleikum, sem stöfuðu af gengisfallinu, og jafnframt, hvort tekið hafi verið tillit til hinna miklu birgða, sem stöfuðu af hinum óvenjulega mikla innflutningi tóbaks 1919, og loks, hvort menn sáu það fyrir, að tóbaksbirgðirnar í landinu myndu geta verið aðeins ⅓ af því, sem var undir hinu gamla fyrirkomulagi.

Jeg býst helst við, að ekkert af þessu hafi verið tekið með í reikninginn. Tel jeg því ekkert byggjandi á reynslu tveggja fyrstu áranna, sem einkasalan stóð. Það er því fyrst reynsla síðasta árs, sem byggjandi er á, og hún sýnir, að einkasalan gefur tekjur langt fram yfir vonir manna. Og er skemst á að minnast, er hæstv. atvrh. (MG) lýsti því yfir í þessari háttv. deild, að einkasalan hefði ekki brugðist vonum sínum að neinu leyti. Og hann er, eins og kunnugt er, höfundur og formælandi hennar.

Á þinginu í fyrra var borin fram samskonar tillaga og þetta, um afnám einkasölunnar. En hún náði þá ekki fram að ganga, fyrir þá sök, að bæði meðhalds menn einkasölunnar og andstæðingar töldu þann tveggja ára tíma, sem hún var búin að standa, alt of stuttan reynslutíma. Fylgjendur einkasölunnar vonuðu, að það sýndi sig altaf betur og betur með hverju árinu, sem liði, að hún næði tilgangi sínum. En andstæðingarnir vonuðu aftur á móti, að eftir því, sem tímar liðu, myndi það sýna sig betur og betur, að hún uppfylti ekki vonir manna.

Nú er liðið aðeins eitt ár síðan. Á þeim tíma hefði því eitthvað átt að gerast, sem því hefði getað verið valdandi, að andstæðingarnir sækja nú afnám einkasölunnar ennþá fastara en í fyrra. En það, sem gerst hefir á árinu, er ekkert annað en það, að vonir fylgjenda einkasölunnar hafa fyllilega ræst. Reynslan hefir vitnað á móti andstæðingunum, og þeir sjá því ekki annað ráð vænna en sækja af kappi að fá hana afnumda þegar í stað. Því að þeir sjá, að því lengur sem hún stendur, því erfiðara verður að fá hana lagða niður, því að reynslan muni sýna, að því lengur sem hún stendur, þeim mun betur uppfyllir hún vonir manna um allverulegan tekjuauka. Þetta er ástæðan fyrir því, að andstæðingarnir sækja afnám hennar svo fast nú.

Fylgjendur þessa frv. hafa ekki getað hrakið það, að af afnámi einkasölunnar myndi leiða tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Heldur hefir verið deilt aðeins um það, hve miklu sú tekjurýrnun myndi nema. Til þess nú að breiða yfir þessa tekjurýrnun, hefir verið borin fram sú ýndisástæða, að tóbaksnautn myndi aukast í landinu við afnám einkasölunnar, og á þann hátt myndi tekjuhallinn nást. En jeg lít svo á, að þar sem tóbakið er bæði óþörf og skaðleg vara, þá væri það eitt út af fyrir sig næg ástæða til þess að halda einkasölunni áfram, ef hún hefði þau áhrif að draga úr tóbaksnautninni.

Jeg verð nú að segja, að ef þing og stjórn geta fallist á að kasta frá sjer þeim tekjum, sem einkasalan getur gefið á mjög auðveldan hátt, þá sje tvísýnt, hvort maður geti verið eins tilleiðanlegur hjer eftir sem hingað til að ljá fylgi

sitt til þess að halda við hinum mikla neyðartolli frá í fyrra.

Á síðasta þingi þóttu tvö ár ekki nægilegur reynslutími. En nú eru þau orðin þrjú, og jeg verð að halda því fram, að það sje eigi að síður ónógur reynslutími. Og fyrst á annað borð er búið að setja fyrirtækið á stofn, þá er hið mesta óvit að afnema það strax. Enda ætti andstæðingunum ekki að geta verið það kappsmál, það er að segja, ef þeir trúa á sinn málstað. Þeir ættu miklu frekar að vera fúsir til að gefa þann frest, sem væri nægilegur til þess, að full reynsla fengist um fyrirtækið. Nei, sannleikurinn er sá, að þeir trúa ekki á sinn málstað, og fyrir þá sök leggja þeir svo mikið kapp á að fá frv. þetta í gegn nú.

Þar sem jafnskiftar skoðanir eru sem um þetta mál, vil jeg benda á, að búast má við, að einkasalan verði sett á fót aftur jafnskjótt og skiftir um fylgi við hana, sem ef til vill verður ekki langt að bíða. Er því slíkt hringl sem þetta afaróviturlegt.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál nú. Jeg hefi reynt að sýna fram á, hvernig jeg lít á það og hverjar afleiðingar það getur haft á afstöðu manna til annara mála.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. þm. Str. (TrÞ) skoraði bæði á mig og fleiri, sem greiddu þessu fyrirkomulagi atkv. á þinginu 1921, að skýra frá þeim ástæðum, sem við hefðum nú til að vera á móti því. Þótt hv. þm. spyrji svona, er jeg sannfærður um, að hann veit ástæðuna, sem sje þá, að við erum sannfærðir um, að breytingin verður ekki til teljandi tekjurýrnunar fyrir ríkissjóð; getur jafnvel orðið til tekjuauka. Neytendur fá ódýrari vöru, og svo er sparað það óþarfa mannahald og annar kostnaður, sem af einkasölunni leiðir, því kaupfjelög og kaupmenn hafa engan aukinn kostnað af því að annast þessa grein verslunarinnar. — Þetta eru í stuttu máli mínar ástæður.

Þá vil jeg snúa mjer að hv. frsm. minni hl. (KlJ) og reikna upp dæmi það, er hann tók til þess að sýna fram á, að ríkissjóður tapaði ¼ milj. kr. tekjum við að leggja tóbakseinkasöluna niður. Hann lagði til grundvallar árið 1924, það mesta veltiár, sem án efa hefir komið á síðustu 20 árum.

Hv. frsm. minni hl. setur dæmið þannig fram:

A.

Tekjur einkasölunnar 1924.

1.	Tollur	kr. 524464,05
2.	Verslunarhagnaður ...	— 350000,00
3.	Til varasjóðs	— 35106,00
4.	Gengishagnaður	— 67988,33
	Alls kr.	977558,38

B.

Áætlaðar tekjur samkv. frumvarpinu.

1.	Tollur af 74300 kg. tóbaks á 6 kr.	kr. 445800
2.	Tollur af 17583 kg. vindla og vindlinga á 16 kr.	— 281328
	Alls kr.	727128

Samkvæmt þessum reikningi verður því tekjutap ríkissjóðs kr. 250430,38. Fyrir athugalausan lesanda er þetta fallegt dæmi, sjerstaklega ef hann er fyrirfram ákveðinn fylgismaður einkasölunnar. En er nokkur sá bóndi, útgerðarmaður eða kaupmaður til í þessu landi, sem leggur til grundvallar atvinnurekstri sínum, ef hann ætlar að gera áætlanir fram í tímann, *mesta veltiárið*, sem yfir hann hefir kom-

ið í búskapnum? Jeg neita því, að nokkur sá heimskingi sje til á voru landi.

Eftir þessum hugsunarhætti frsm. minni hl. ætti Alþingi að miða tekjuáætlun fjárlaganna við tekjuhæsta árið, sem ríkissjóður hefir haft. En jeg veit ekki til, að nokkur hafi átt sæti á Alþingi, sem svo gálauslega hafi viljað breyta. Og jeg býst ekki við, að neinn eigi eftir að eiga sæti á Alþingi, sem slíkt geti gert. Því ábyrgðartilfinningin hlýtur að vakna áður en svo langt er farið.

Við reikninginn sjálfan er ýmislegt að athuga. Háttv. frsm. reiknar t. d.:

Gengishagnað ca	kr.	68000
Varasjóðstillag	—	35000
Verðhækkun á vörubirgðum vegna tollhækkunar	—	20000
	Alls kr.	123000

Er nú nokkur sá maður til með verslunarþekkingu, sem þannig myndi reikna, að telja þessar tölur með verslunarhagnaði og byggja framtíðaráætlun á þeim? Jeg neita því.

Um 1. liðinn, gengishagnaðinn, er það að segja, að hann er ekki hugsanlegur nema í óvenjulegu verðsveifluári. Og hjá engri þjóð í heimi mun annað eins verðsveifluár, til hækkunar genginu, hafa komið fyrir eins og síðasta ár hjer á landi. Og þessi gengishagnaður á versluninni gat ekki átt sjer stað, *nema með einkasölu*. Því hefði verslunin verið frjáls, var ómögulegt að halda verðinu á tóbakinu svona háu, því að nýir innflytjendur hefðu selt með miklu lægra verði, og þeir, sem birgðir áttu, hefðu orðið að lækka þær í verði og taka tapinu, en neytendur fengið þeim mun ódýrari vöru. Þetta er því beinlínis neytendaskattur og má ekki teljast með verslunarhagnaði.

Þá kem jeg að 2. lið, en það er tillag í varasjóð, kr. 35106,47. Þetta ber heldur ekki að reikna til verslunarhagnaðar, af því að það er öllum vitanlegt, að það er aðeins lagt frá fyrir fyrirfram sjáanlegu tapi. Þessi varasjóður er líka lítill, einar 65 þús. kr., en allir fjárhagsnefndarmenn vita, og forstjóri landsverslunar ber heldur ekki á móti því, að tap muni verða á útistandandi skuldum, sem nemur að minsta kosti eins miklu og allur varasjóður verslunarinnar. Þess vegna verður ekki hægt að byggja neinar tekjur ríkissjóði til handa á þessum lið, því það er víst, að hann er í raun og veru ekki til nema á pappírnum.

Þá er 3. liður, tollgengisviðauki, sem er það sama og gengisviðauki. Þetta er heldur ekki hægt að telja með almennum tekjum, þegar reikna á, hvað verslunin muni gefa af sjer framvegis, nema hv. þdm. sjeu þess albúnir að hækka tollinn á tóbaki um 25%, ef verslunin stendur áfram.

Þá er auðvitað eftir að áætla rýrnun á vörubirgðunum, en það er ekki gert hjer nje heldur á efnahagsreikningi verslunarinnar. Jeg þekki enga verslun, sem gerir svo upp reikning sinn, að hún geri ekki eitthvað fyrir verðfalli og rýrnun á fyrirliggjandi vörubirgðum. Landsverslun þarf nú kannske ekki að gera fyrir verðfalli, því hún getur sett verðið svo hátt sem henni sýnist. En ef nokkuð væri hugsað um hag neytenda, þá ætti verðlækkun að koma þegar gengi íslensku kr. hækkar.

Jeg held, að það sje venja hjá verslunarfyrirtækjum að draga 10—15% frá birgðaupphæðinni fyrir rýrnun og verðlækkun. Jeg skal nú fara milliveg og telja rýrnunina 12%, en það verða 41 þús. kr. Þá er vissulega eftir einn útgjaldaliður, sem er vís fyrirfram, en það er sveitarút-

svar. Verslunin á eftir lögum að greiða 5% af nettógróða sínum, og eftir því sem minni hl. reiknar, þá myndi það nema 22500 kr. Jeg fer nú ekki svo hátt og tel það ekki yfir 16 þús. kr. Hjer er þá komið til frádráttar þeim tekjum, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) telur, 190 þús. kr., og jeg hygg, að því verði ekki neitað, að þetta sje raunverulega rjett eins og jeg hefi nú lagt það fyrir, og jeg skora á hv. andmælendur að hrekja það, sem jeg nú hefi haldið fram. En þó jeg hafi nú þannig yfirfarið og leiðrjett dæmi þetta, þá leiðir ekki þar af, að jeg viðurkenni, að taka beri árið 1924 til þess að sýna rjetta útkomu af eðlilegum rekstri verslunarinnar. Jeg vildi aðeins sýna, hver yrði hin rjetta útkoma, ef árið 1924 væri lagt til grundvallar og áætlun miðuð við það.

En ef taka á mesta tekjuár einkasölunnar til þess að sýna útkomuna af henni, þá er jafnleyfilegt að taka hæsta innflutningsár frjálsrar verslunar, árið 1919, og leggja það til grundvallar fyrir tolltekjunum eftir þessu frv., og yrðu þá tekjurnar þessar:

126431 kg. tóbak á 6 kr. pr. kg. = ... kr. 758586
42860 kg. vindlar á 16 kr. pr. kg. = ... — 685760

Alls kr. 1444346

En tekjur samkvæmt dæmi hv. minni hl. og þar frá dregið það, sem jeg hefi sýnt fram á, að frá beri að draga, kr. 787558,05. Er þá tekjutap ríkissjóðs við einkasöluna samkvæmt áður reiknuðu kr. 656787,95.

Jeg tek það fram, að mjer dettur ekki í hug að byggja á þessum reikningi, en hann er hliðstæður hinum reikningnum. Ef hv. minni hl. vill skýra málstað sinn með einhliða dæmi, þá getur hann ekki mótmælt því, að meiri hl. byggi á sama grundvelli.

Einfaldasta og ábyggilegasta dæmið, sem flestir mundu taka til þess að gera sjer grein fyrir afleiðingunum af því að leggja niður einkasöluna, væri þriggja ára meðaltal af tolltekjum og verslunartekjum og innflutningi einkasölunnar, og er það þó mjög í óhag frjálsri verslun, því það hefir sýnt sig, að innflutningurinn hefir minkað mjög síðan einkasalan var sett.

Dæmið verður svona:

A. Einkasalan:

Tollur 1297 þús kr. : 3 .... kr. 432000
Verslunararður 650 þús. kr.: 3 — 217000

Meðaltalstekjur ríkissjóðs kr. 649000

B. Eftir till. frv.

Tóbak 201323 kg. : 3 = 67018 kg. 6 kr. ..... kr. 402648
Vindlar og vindlingar 46634 kg. : 3 = 15545 kg. 16 kr. — 248720

Meðaltekjur ríkissjóðs kr. 651368

Það er talað um, að hjer mætti bæta við varasjóði einkasölunnar. En jeg spyr: Mundi nokkur verslun gera það, þegar hún vissi, að varasjóðurinn er vitanlega allur tapaður?

Þetta, sem nú var talið, eru hinar raunverulegu tekjur, sem verslunin gefur ríkissjóði. Jeg hygg óhætt að fullyrða, að hjer sje gengið svo langt sem frekast verður gert í því að reikna einkasölunni í hag, og tekjur hennar verða ekki með neinum rjetti taldar hærri. En ef nú væri tekið til samanburðar meðaltal af innflutningi tóbaks árin 1914—'21, sem liggur nærri, því þau árin var verslunin frjáls, þá er útkoman þessi — ef tollur er reiknaður eftir ákvæðum frv.:

86340 kg. tóbaks 6 kr. pr. kg.= kr. 518040
22848 kg. vind. og vindl. 16 kr.
pr. kg. = ... — 365568

Samtals kr. 883608

Meðaltekjur einkasölunnar, svo sem áður var talið, kr. 649000. Tekjuhalli af einkasölunni eftir þessu kr. 234608.

Þá er ótalinn sá hagur, sem landsmenn myndu hafa í lægra tóbaksverði, sem jeg hefi við 1. umr. málsins leitt full rök að, að mundi nema um 130 þús. kr. á ári. Og enn er ótalin sú eyðsla á fje, sem gengur til þess að reka þessa verslun. Því er eytt að óþörfu. Jeg þori að fullyrða það, að kaupmenn og kaupfjelög mundu ekki bæta við sig einum starfsmanni, þó þeir tækju við verslun með þessa vöru. Landsverslunin kostar nú 92 þús. kr., en það er full ein kr. á nef hvert í landinu. Hvað sparist við innkaup einkasölunnar, þá er það mjer vitanlega ekki neitt, því kaupmenn og kaupfjelög mundu líka fá vöruna beint frá útlöndum, frá verksmiðjum þar og verslunarhúsum, en kostnaður inn við það engu meiri en að fá vöruna úr Reykjavík, en í sumum tilfellum minni. Þetta er ástæðan, sem fyrir mjer vakir, er jeg vil breyta til.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) sagðist ætla að upplýsa um þær rjettu tölur áður en lengra yrði farið í umr. Hann gat annars alveg sparað sjer það, því þessar tölur standa allar í landsreikningunum 1919—'23, og þá höfum við allir liggjandi í höndunum og getum sjálfir sjeð, hvað tolltekjurnar hafa verið áætlaðar og hver útkoman varð þessi ár, og dregið þar af þær ályktanir, sem okkur sýnist, svo þessi lestur hæstv. fjrh. (JÞ) var öldungis óþarfur. Annars held jeg, að þessar tölur, sem hann nefndi, sjeu alls ekki sambærilegar, því þess ber að gæta, að árin 1919—'20 — sem hæstv. ráðh. (JÞ) lagði sjerstaklega áherslu á — var innflutningur á tóbaki, einmitt þau árin, óvanalega mikill, og þess vegna er tollurinn svo hár það ár. Það var áreiðanlega flutt inn margfalt meira tóbak þau 2 ár, 1919 og 1920, heldur en nokkurntíma áður, eins og innflutningsskýrslur bera ljóslega með sjer, og þess vegna hlaut innflutningurinn 1921—'22 að verða miklu minni. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að tollur á tóbaki 1922 hefði verið áætlaður 750 þús. kr., en reynst 439 þús. kr. Til þessa liggja tvær eðlilegar ástæður. Í fyrsta lagi sú, að áætlunin var óforsvaranlega ógætileg. Það var óhugsandi, að innflutningurinn gæti haldið áfram jafnmikill, þegar búið var að flytja þessar óhemjubirgðir af tóbaki inn árin á undan. Hin ástæðan er sú, að þá var byrjuð kreppan, en af henni leiddi eðlilega það, að menn tóku alment að spara við sig það, sem hægt var, einkum munaðarvöru. Þetta eru ástæðurnar til þess, að tollurinn varð þetta ár svo langt undir áætlun. — Jeg sje satt að segja ekki, hvað hæstv. fjrh. (JÞ) vildi með því að upplýsa um þessar tölur, nema þá það, að áætlunin frá 1922 hefði verið mjög ógætileg. En hún er ekki á minni ábyrgð. *(Fjrh. JÞ:* Sýna, hvernig vonirnar hefðu ræst!). Hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að vonirnar hafi ekki ræst, en hæstv. atvrh. (MG) sagði í gær, að þær hefðu ræst langt fram yfir það, sem búist var við. Hjer eru þá vitnisburðir tveggja ráðherra, sem ganga hvor á móti öðrum. En jeg hygg, að það verði fleiri menn úti um land, sem taka undir það með hæstv. atvrh. (MG), að vonir þeirra hafi fullkomlega ræst í þessu efni.

Það er líka í alla staði eðlilegt, að út-

koman 1924 sje betri en undanfarin ár, vegna þess að þá eru hinar gömlu birgðir fyrst teknar að þverra. Þá fyrst er hægt að reka ríkisverslunina sem *einka*verslun. Alt þangað til átti hún að stríða við samkepni. Jeg þykist ekki þurfa að gera frekari athugasemdir við þær tölur, sem hæstv. fjrh. nefndi. Það er auðvelt að gera sjer grein fyrir því, að þær eru eðlilegar.

Því hefir hjer verið haldið fram alment að það mætti hæglega ná sömu tekjum af tóbaksversluninni með tolli og áður með einkasölunni. Þetta má auðvitað, á þann hátt að hækka tollinn upp úr öllu valdi. En mundi það verða ódýrara fyrir neytendur? Því getur hver svarað fyrir sig. En af reynslu undanfarins árs, 1924, og þeirra þriggja mánaða, sem liðnir eru af þessu ári, þá er það ekki ófyrirsynju að líta svo á, að hjer sje um að ræða mikið hagsmunamál fyrir ríkið. En ef hæstv fjrh. vill kasta þessum tekjuauka, heilum miljónarfjórðungi, burt, þá getur hann ráðið það við sjálfan sig, en hann getur þá ekki vænst þess, að okkur hinum sje neitt sjerlegt kappsmál um það að útvega tekjuauka á annan hátt, ef þessum er hafnað, sem nú er fyrir hendi.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) tók sjer fyrir hendur að reikna upp dæmi mitt, og taldi eins og fleiri ófært að leggja árið 1924 til grundvallar, af því að það hefði verið veltiár. Benti hann á það, að ekki væri venja, þegar gerðar væru áætlanir fyrir ríkissjóð, að miða við þau ár, sem hæst hefðu orðið að krónutali. Það er rjett, að þegar reynsla er fengin fyrir upphæð tollanna og þeir búnir að standa mörg ár, þá er ætíð miðað við síðustu 5 árin, eða jafnvel 7 árin; en í byrjun er auðvitað, að miða verður við síðasta eða jafnvel 2 síðustu árin. Það væri ef til vill rjettast að taka hjer meðaltal af árunum 1923 og '24, enda verður útkoman þá ekki fjarri því, sem hún varð í dæmi því, er jeg tók af árinu 1924. Að minsta kosti mjög fjarri því, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) fjekk út. Hann byrjaði sinn útreikning með því að sleppa gengishagnaði; hefir áður verið vikið að þessu við 1. umr., og skal jeg ekki orðlengja um það nú. Jeg vil aðeins svara því, að enn getur enginn sagt um það, hvort gengið breytist eftirleiðis til hagnaðar eða óhagnaðar, en hverfi gengishagnaðurinn alveg, þá kemur upp í hann að því er þetta ár (1925) snertir aukinn verslunarhagnaður, því salan nam 90 þús. kr. meira fyrsta ársfjórðung 1925 en á sama tíma í fyrra. Hv. þm. (JAJ) sagði ennfremur, að þessi gengishagnaður kæmi ekki fyrir hjá einkaverslunum, því þær settu vöruna strax niður sem svaraði gengishagnaði. Jú, jeg held það. Við eigum svo sem því að venjast, að kaupmenn hlaupi til og setji vöru sína niður, ef gengið hækkar! Nei. Það líða vissulega margir mánuðir án þess, að þeim komi slíkt í hug. Það er hægt að benda á mörg dæmi þess, að vörur, sem lækkuðu ytra í verði fyrir ári síðan, eru þó seldar hjer með líku verði. Nei, það þýðir ekki að segja, að kaupmenn noti sjer ekki gengishagnaðinn. *(JAJ*: En kaupfjelögin?). Og kaupfjelögin vafalaust líka, en þeirra hagur lendir að lokum hjá sjálfum viðskiftamönnunum.

Þá vildi hv. þm. (JAJ) ekki telja varasjóðinn með verslunarhagnaði, heldur taldi hann hann lagðan til hliðar til þess að mæta væntanlegum áföllum og tapi. En hvað vitum við um það? Við vitum báðir jafnmikið um það, hvað tapast hafi og geti tapast, því fjárhagsnefnd hefir haft í höndum lista yfir útistandandi skuldir verslunarinnar, og jeg held, að

hvorki hv. þm. (JAJ) nje jeg, eða nokkur annar, geti að svo komnu vitað neitt um það með vissu, hvað tapað sje af þessum skuldum og hvað ekki. Háttv. þm. (JAJ) kann að vísu að þekkja í kringum sig menn, sem ekki eru gjaldfærir og skulda hjer, og jeg kannske líka einhverja hjer í Reykjavík, sem líkt stendur á fyrir. En þó menn sjeu ekki borgunarfærir í dag, þá getur efnahagur þeirra breyst síðar, svo þeir standi í fullum skilum, en aðrir, sem nú standa í skilum, orðið síðar gjaldþrota. Slíkt getur því bæði breyst til hins betra og hins verra.

Þá talaði hv. þm. (JAJ) um rýrnun á vörubirgðum og verðfall. Það er sjálfsagt að gera ráð fyrir rýrnun, en hvað snertir verðfall, þá er ekki hægt að segja um það.

Nú kem jeg loks að því, sem var fáránlegast í ræðu hv. þm. N.-Ísf., er hann var að búa til dæmi um það, ef einkasalan hefði verið 1919. Hefði, hefði, sagði kerlingin. Það er hægt að búa til dæmi og segja: Svona er það og svona gæti það verið, ef jeg reikna svo og svo. En slíkt sannar ekki neitt. En úr því dæmið leit svona út frá 1919 — hvers vegna sá hann það ekki 1921, og hví fylgdi hann einkasölunni þá, þegar hann gat sjeð, að það yrði tap fyrir ríkissjóðinn, og það ekki minna en 600 þús. krónur á ríkisrekstri? Þetta dæmi er bara tilbúið; það er blátt áfram vitleysa.

Þá sagði hv. þm. (JAJ), að ekki hefði sparast mannahald við landsverslun, svo sem við hefði mátt búast. En undireins og einkasölunni ljettir af, munu rísa hjer upp heildsalar, sem sjálfsagt fá eitthvað að gera, svo að vinna sparast varla, þó einkasalan verði afnumin. Annars hafði jeg ekki búist við, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem jeg veit að er greindur og ábyggilegur maður, mundi koma með aðrar eins fjarstæður og hann hefir nú komið með.

Magnús Torfason: Það var sagt hjer við 2. umr. þessa máls, að einkasala væri yfirleitt óheppileg. Jeg fyrir mitt leyti mótmæli því svona almennt sagt. Jeg hygg, að hið sanna og rjetta sje það, að hún sje stundum óheppileg og stundum heppileg. Jeg er í engum vafa um það, hvernig sem fer með einkasölu landsverslunarinnar nú, að aftur mun verða tekið til þess fyrirkomulags síðar. Það hefir verið sagt hjer í umr., að ágóðinn af landsverslun færi nokkuð eftir genginu. Jeg vil orða þetta skýrar og segja, að það, sem til greina kemur, er, hvort gengið fer hækkandi eða lækkandi. Nú er gengið að hækka, og það má búast við, að það haldi áfram að hækka. Hækkandi gengi er hagur landsversluninni, svo að útlitið mælir með því, að henni sje lofað að starfa í friði. Eru líkurnar miklar til þess, að hún mundi græða vel. En það er vitanlegt, að ríkissjóður hagnast ekki af þeim gengisgróða, sem einstakir kaupmenn taka til sín. Eitt af því, sem haldið hefir verið fram hvað eftir annað í þessum umræðum, er það, að tóbaksnautn mundi aukast, ef ríkisverslunin væri afnumin. Jeg hygg alveg ómögulegt að spá neinu um þetta. Það er algerlega ósannað, að svo yrði. Og jeg vil ekki láta því ómótmælt, að þó tóbaksnautn kynni að aukast hjer á næstu árum, yrði það afleiðing af niðurlagningu einkasölunnar. Tóbaksnautn fer töluvert eftir árferði, þó auðvitað komi ýmsar fleiri ástæður til greina. Engir munu t. d. nota eins mikið tóbak og sjómenn. Þeim fjölgar óðum og peningaráð þeirra

fara vaxandi. Þetta bendir á, að tóbaksnautn muni aukast hjer að öðru jöfnu. Þá hefir því verið haldið fram, að einkasölufyrirkomulagið mundi auka tóbakssmyglun. Hæstv. fjrh. hefir sannað með mjer, að það rjeði litlu eða engu. Tóbakssmyglun færi eftir öðrum ástæðum, einkum því, hve mikil væri gróðavon á hverjum tíma. Jeg vil því mótmæla því, að smyglun mundi minka, ef tóbakseinkasalan væri afnumin. Hún mundi þvert á móti aukast. Ein tegund smyglunar hefir horfið eftir að landsverslunarfyrirkomulagið komst á, og það sú stórbrotnasta. Það er kaupmannasmyglunin. Það er ómögulegt eins og nú stendur að hafa smyglað tóbak verulega til sölu, að minsta kosti ekki svo, að nokkur kaupmenska geti kallast, án þess að uppvíst verði, nema þá að beint sje ætlast til, að lögreglustjórar þessa lands sjái í gegnum fingur við smyglun. En kaupmannasmyglunin var alveg „gasaleg" — eins og stelpurnar segja — og það eru dæmi til þess, að þeir hafa orðið að borga stórsektir fyrir smyglun.

Það hefir verið minst á smyglun bryta á skipum og smyglun Færeyinga. Jeg held, að hún skifti ekki miklu máli. Hún mundi hvorki minka eða vaxa, þó að tóbakseinkasalan væri afnumin. Annars er þetta atriði þannig, að úr því mætti draga með ríkara eftirliti. Og það mundi gleðja mig, ef hæstv. fjrh. (JÞ) gerði það eftirlit skarpara en verið hefir. Jeg vísa til hans, þó að hann sje ekki dómsmálaráðherra, því að það er sýnilegt, að hann breiðir sig yfir alla ráðherrastólana og ræður einn öllu í stjórninni.

Það hefir verið talað svo mikið um árangurinn af tóbakseinkasölunni, að óþarfi er að taka það upp. Í því efni vil jeg fullkomlega halda mjer við yfirlýsingu hæstv. atvrh. (MG). Sýni jeg þá með þessu, að jeg er einu sinni sammála þessum mislukkaða frænda mínum. Má ekki skilja þetta sem skammaryrði, því að jeg veit, að jeg er eins mislukkaður í hans augum og hann í mínum.

Það er eitt atriði viðvíkjandi því, hvernig reikna eigi ágóðann af tóbaksverslununni, sem jeg vil minnast á betur en gert hefir verið. Því hefir verið haldið fram, að ekki mætti miða við gróðann 1924. Jeg held, að fullkomlega megi á því byggja. En það er spurning, hvort næstu ár verða meðalár. Út af því, sem jeg talaði um góðæri í sambandi við tóbaksnautn, má benda á, að 1924 fór það ekki að hafa áhrif á nautnir manna fyr en liðinn var helmingur ársins eða svo. Jeg held menn ættu að muna eftir sultardropunum, sem láku úr nefum hv. þingmanna hjerna í fyrra vor. Sjerstaklega runnu stríðir sultarstraumar úr nefi hæstv. fjrh. (JÞ).

Eftir því, sem fram kom hjer í dag, er enginn vafi á, að þetta er fyrsta sporið í þá átt að leggja landsverslunina algerlega niður. Jeg verð að segja, að mjer þykir þessi stjórnarstefna alt annað en varleg. Það hefir verið játað hvað eftir annað hjer í þingsalnum, að alt væri á reiki í peningamálunum. Það hefir verið sagt úr ráðherrastóli, og sjerstaklega haldið fram af hæstv. fjrh. (JÞ), að kreppa sje þegar í aðsigi, og þegar svo er, getur altaf rekið að því, að taka verði þetta fyrirkomulag upp aftur. Er það þá ekki afskapleg pólitík að eyðileggja þessa dýrmætu reynslu, sem fengin er, og tvístra þeim kröftum, sem stjórnin hefir fengið sjer til hjálpar, og selja öll tæki fyrir tiltölulega lítið verð? Jeg segi þetta vegna

þess, að þögn hæstv. fjrh. (JÞ) viðvíkjandi fyrirspurn minni um það, hvort leggja eigi niður steinolíuverslunina, sannar þetta. *(Fjrh. JÞ*: Heyrir ekki undir mig). Þó að hæstv. fjrh. ráði því ekki formlega, mun hann samt ráða því í raun og veru. Þess vegna beini jeg þessu til hans, og það því fremur, sem hann hefir unnið mjög dyggilega að því, að það yrði gert. Hæstv. fjrh. hefir samsint því, sem jeg sagði um tóbakseinkasöluna, að hún væri nokkurskonar útvígi steinolíuverslunarinnar. Það hefir verið og er fast stefnumið hans að rífa niður þetta útvígi, til þess að komast að sjálfu höfuðvíginu. Að þetta er stefnumál hans, sjest á því, að síðasta þingdaginn í fyrra fórnaði hann 100 þús. kr. tekjum fyrir ríkissjóð, til að koma í veg fyrir, að landsverslunarfyrirkomulagið yrði trygt. Og það var hæstv. fjrh., sem gerði alt, sem í hans valdi stóð, til þess að koma í veg fyrir, að áfengissalan væri lögð undir landsverslun. Jeg hygg því, að jeg taki ekki of djúpt í árinni eða fari með neitt fleipur, þó að jeg segi, að það muni vera fastur ásetningur hans að koma steinolíuversluninni fyrir kattarnef líka. Að því er snertir framkomu hæstv. atvrh. (MG) í þessu máli, þá er hún alveg einstök. Til forna báru menn út börn sín, ef einhver ljóður var á þeim, og þótti þó ekki fagurt. En það þótti ótækt að bera út efnileg börn og börn, sem voru farin að dafna og þroskast. En þetta er verið að gera hjer. Ef málið er athugað með ró og gætt að því, að hæstv. fjrh. hefir játað, að tóbakseinkasalan væri til gagns og styrktar steinolíuversluninni, skyldi maður ætla, að þó að deilt væri um það stefnuatriði, hvort landsverslun skyldi rekin eða ekki, þá mætti samþykkja till. um að fresta niðurlagningu einkasölunnar um eitt ár. Hv. fríverslunarmenn mistu þá ekki annað en tóbaksgróðann í eitt ár. Frá sjónarmiði hæstv. fjrh. væri slíkur frestur alls ekki hættulegur fyrir ríkissjóð, því að hann hefir játað, að vegna ríkissjóðs væri ekki skaðlegt, þó verslunin hjeldi áfram. Þess vegna hljóta að vera hjer sjerstakar ástæður fyrir hendi. Jeg skal ekki fara út í að rekja þær hjer í dag. En jeg get lýst því yfir strax, að ein ástæðan, sem hæstv. fjrh. og flokkur hans hefir til að flýta þessu svo mjög, er þessi gamla og góða regla: „Notaðu meðan á nefinu stendur.“ Samkvæmt þessu boðorði vilja þeir enga bið.

Hæstv. fjrh. og Íhaldsmenn vita, hvert stefnir hjá mjer, og að þessi orð stefna til þess, sem þeim er vitanlegt, að gengi Íhaldsflokksins hefir lækkað mikið síðan hann tók við stjórn. Því hugsa þeir: Það er ekki víst, að svona gott tækifæri bjóðist fyrst um sinn. Því að þetta, sem hjer er gert í dag, er hreint og beint hermdarverk og kemur til að lækka gengi Íhaldsflokksins langt niður fyrir gengi krónunnar. Annars verð jeg að láta í ljós undrun mína yfir því, sem fram kemur í þessu máli, hve margir hv. þm. hafa haft skoðanaskifti, án þess að geta gert grein fyrir nokkurri ástæðu. Yfir höfuð er tæplega hægt að lýsa þeirri pólitík, sem fram kemur í þessu máli. Jeg skal enda með því að segja, að svona pólitík er áreiðanlega ekki samboðin öðrum en þeim, sem reykja sama fretstertinn tvisvar sinnum, eins og sagt var hjer í deildinni fyrir skömmu.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg hefi sjeð við nánari athugun, að það er ekki rjett, sem jeg sagði við 2. umr., að hv. minni hl. ljeti sjer nægja Móses og spámennina. Jeg sje, að hv. frsm. (KlJ)

hefir gert sitt til endurbóta á spádómum þeirra. Hann gerði sem sje tap ríkissjóðs á því að skifta á einkasölu og tolli ¼ milj kr., en í skýrslunni frá landsverslun er upphæðin aðeins 208 þús. kr. Jeg man ekki glögt, hvernig á þessum mismun stendur, en líklega kemur hann af því, að hv. frsm. (KlJ) tekur að einhverju leyti gengisgróðann að frádregnu útsvari, en til þess hefir landsverslun ekki treyst sjer.

Jeg skil ekki annað en að við getum orðið sammála um, þegar gerð er áætlun um framtíðararð, að ófært sje að reikna tilviljunargróða, eins og gengisgróða. Fleira er við reikninginn að athuga. Varasjóður er talinn með tekjum, en athuga verður, að í varasjóð er lagt af því að gert er ráð fyrir tapi, bæði á því, sem stendur í skuldum og birgðum. Þá hefir verslunin haft meiri tilviljunargróða en gengismuninn. Í skýrslum landsverslunar mun ágóði hennar á gengisviðaukatollinum af fyrirliggjandi birgðum vera talinn 20 þús. kr. Loks er útsvarið 20 þús kr. Alls verður þetta 75 þús kr. En við þetta er að athuga, að tóbaksverð landsverslunar lækkaði um 10% um áramótin, og ástæðan til þess mun hafa verið verðfall, sem varð á árinu smátt og smátt. Við að taka ekki tillit til þessa verðfalls, sem í raun og veru varð smám saman, mun landsverslun hafa grætt töluvert fje.

Í venjulegum árum, þegar verð er stöðugt, er ekki um slíkan gróða að ræða, og má því ekki byggja á þessu í framtíðinni. Þykist jeg ekki fara óvarlega, þótt jeg taki ¾ af allri vörusölu verslunarinnar á árinu, eða sem svarar þremur ársfjórðungunum, sem verðfallið varð á, og jafni verðlækkuninni á það, þannig, að reikna 5% af þeirri upphæð. Helminginn af því, sem verðlagið var lækkað um um áramótin. Þetta verða 5% af 1680 þús. kr., og verða það 84 þús. kr. Áður voru komnar 75 þús. kr., og er þær bætast við, verður þetta um 160 þús. kr. Þetta verður tvímælalaust að draga frá mismun þeim, er landsverslun telur. Tap ríkissjóðs við skiftin ætti þá að rjettu lagi að teljast í mesta lagi 48 þús. kr., og það verður að líta svo á, að vægilega sje farið í frádráttinn. Þarna skeikar þá frá ¼ miljón kr. niður í 48 þús. kr. Hinsvegar hefir því ekki verið neitað, að í hagstæðu ári geti tekjurnar orðið meiri með einkasölu en tolli.

Um það, að vonir þær, er menn gerðu sjer um tóbakseinkasöluna, hafi ræst, þá get jeg ekki gengið inn á það, eða að þær vonir, er menn gerðu sjer 1921, hafi ekki lyft sjer hærra en reynslan. Jeg vjek að þessu á síðasta þingi og kom þá með nokkrar tölur því til sönnunar.

Eins og kunnugt er, bar stjórnin fram bæði frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi og áætlaði af því ½ milj. kr. tekjur. Vínsalan var skilin frá, því að ekki þótti fært að stofna til hennar sem gróðafyrirtækis, eins og þá stóðu sakir. Áætlun stjórnarinnar um tekjur af tóbaki var 200 þús. kr. og bygð á því, að álagning ætti að vera 15—50%. Kostnaður mun vera um 8%, og má því segja, að hreinn ágóði hefði átt að verða 7—42%. Svo hækkaði fjhn. álagninguna í 25—75%, og þá hefði ágóðinn átt að verða 18% og hámark 67%. Sem sagt, hækkun fjhn. er hjer um bil hundraðföld. Leiddi auðvitað af þessu, að ágóðavonin ætti að aukast sem því svaraði. Ef reiknað er nákvæmlega, miðað við áætlun stjórnarinnar, þá kemur út, að eftir till. fjhn. hefði átt að fást 350 þús. kr. ágóði að meðaltali. Það er ekki meira að vísu. En það er ekki hægt að segja,

að vonirnar hafi ræst að heldur, því að í slíkum áætlunum hafa menn altaf vaðið fyrir neðan sig. Og þó að þessi upphæð hafi fengist í slíku uppgripaári sem síðastl. ár, þá verður að gera ráð fyrir meðaltalinu talsvert lægra, eins og þegar hefir verið sýnt fram á. Það nær því ekki neinni átt, að glæsivonirnar hafi ræst, enda er sannleikurinn sá, að hinar háu vonir manna um uppgripagróða af þessu fyrirtæki til handa ríkissjóði voru bygðar á ramskökkum hugmyndum manna um heildsöluálagningu kaupmanna á undanförnum árum.

Út af því, sem sagt hefir verið nú um málið, hefi jeg lítið að segja. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) taldi tóbakið skaðlegt og ætti því að draga úr notkun þess. Það er nýr grundvöllur að ræða málið á. Það er vitanlegt um vínið, að einkasala á því er fyrst og fremst bygð á þessu, en sú stefna að hefta tóbaksnautn, er ekki til, og þess vegna verður ekki tillit til hennar tekið. Ef hún kemur upp, þá ætti að ræða hana — væntanlega þó á þeim grundvelli, að lögleg sala minkaði. En um áfengi er það nú kunnugt, að á því er mikil ólögleg sala, og eins mundi fara um tóbakið. Reynslan af banninu er ekki svo glæsileg, að jeg held ekki að menn ættu nú að fara að fara út á þá braut með tóbakið.

Við 2. umr. hjelt jeg því fram, að það væri viðurkent af þorra þm., og jafnvel öllum nema einum, að einkasala væri óheppileg yfirleitt. Nú hefir einn hv. þm. mótmælt þessu, og getur því verið, að þeir sjeu tveir, er líta svo á, að hún sje heppileg. En meðan ekki koma fleiri, er óþarfi að ræða þá hlið málsins.

Í fyrra fjekk jeg ýmsar ákúrur frá fylgismönnum einkasölunnar fyrir það að blanda þessu tvennu saman. Jeg veit þó ekki betur en að Framsóknarflokkurinn haldi því fram, að einkasala sje slæm yfirleitt. Og meðan ekki eru færðar sönnur á, að sjerstaklega standi á með tóbakið, sje jeg ekki ástæðu til að færa fram gagnstæð rök.

Háttv. 1. þm. Árn. vildi þó ekki heldur ganga inn á stefnuskrá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), því að hann sagði, að einkasala væri stundum heppileg, en stundum ekki. Það má ekki byggja framtíð landsins á því, að stundum sje einkasala og stundum frjáls verslun.

Meðan því er ekki haldið fram, að einkasala sje æskileg yfirleitt, getur ekki komið til mála að taka hana upp. Það er að vísu vitanlegt, bæði með tóbak og aðrar vörur, að ríkissjóður getur grætt á einkasölu á þeim, þegar vel lætur í ári. En það árar ekki altaf eins, og þetta er áhættuatvinnurekstur, og við viljum ekki, að ríkissjóður taki á sig slíka áhættu. Það er og vitanlega rangt, að hagnaður einstakra manna af hækkun krónunnar komi ekki ríkissjóði til góða. Þá skapast velmegun einstaklinga, gjaldþol eykst og skattar hækka, og geta hækkað margfalt eftir skattstiga tekjuskattslaganna.

Aðalatriðið er þetta, hvort á að taka frjálsa verslun fram yfir einkasölu. Trúir hv. þm. (MT) því, að einkasala sje betri? Hann verður að gera þar hreint fyrir sínum dyrum. *(SigurjJ:* Hann trúir því ekki).

Þá sagði sami hv. þm. (MT), að kaupmenn hefðu borgað stórsektir fyrir smyglun. Er þá einkasalan nokkur trygging fyrir því, að smyglun eigi sjer ekki stað? Geta kaupmenn ekki alveg eins smyglað eftir sem áður? *(MT:* Ekki til að selja í heildsölu). Hvorttveggja, og það er ný hvöt til þess, þegar þrengt er að hag

kaupmanna, en einkasalan getur á engan hátt komið í veg fyrir smyglun. Og það dettur engum í hug að halda því fram, að smyglun hafi ekki átt sjer stað síðan einkasalan komst á. Jeg veit ekki, hve mikil brögð eru að því, en er ekki í vafa um, að það versnar með ári hverju.

Sveinn Ólafsson: Gamalt orðtæki segir: „Ekki dugir góð bæn, þegar ilt á að ske.“ Hjer er stefnt að því að leggja tóbakseinkasöluna niður og er um leið stefnt að óhappaverki. Jeg hygg, að um slíkt verk megi taka dýpra í árinni en að kalla það hermdarverk, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) gerði; miklu fremur mætti kalla það óbótaverk, því að tjónið, sem af því leiðir að samþykkja þetta frv., verður ekki í svipinn bætt.

Hitt er annað mál og mín trú, að þetta frumhlaup hefni sín síðar. Það má halda mig forlagatrúarmann þess vegna, en það skiftir engu máli. Að jeg tel þetta fótmál, að leggja landsverslun niður, misráðið og athugavert, er einkum vegna þess, að mikið hefir verið lagt í þessa stofnun og miklu kostað til þess að gera hana starfhæfa, og sá kostnaður fæst ekki endurgreiddur. Landsverslunin — ef hún fær að standa — er á hverjum tíma tiltæk til að bjarga þjóðinni á líkan hátt og á stríðsárunum. Hún er á hverjum tíma tiltæk að fara með verslun á hverju sviði, þar sem einkasala er nauðsynleg, svo sem á olíu og öðrum varningi, sem stjórnin þarf að láta framleiða, svo sem baðlyf, sem nú er einkasöluvara.

Jeg ætla ekki að fara að vinsa úr því talnamoldviðri, sem hjer hefir þotið um eyru manna. Hygg jeg þann samanburð á tölum, sem gerður hefir verið, lítið sannfærandi og að hann leiði ekki til þess að breyta skoðun manna. Þó verð jeg að taka það fram, að tóbakseinkasalan hefir uppfylt þær vonir, er gert var ráð fyrir, að hún mundi uppfylla frá öndverðu. Hverjar voru þær 1921? Þær, að hún mundi veita í ríkissjóð, umfram toll, 200 þús. kr. árlega. Hún hefir gert snögt um meira, og nú á síðasta ári nærri tvöfaldað þessa upphæð. En það var ekki þetta eitt, sem haft var fyrir augum 1921, heldur og, að tóbakið yrði neytendum ekki dýrara en ella. Þetta tókst líka. Verslunararður sá, er annars hefði tilfallið einstökum mönnum, varð að tekjugrein fyrir ríkissjóð, án þess að nokkur fyndi skattþungann. Einnig að þessu leyti hafa vonirnar ræst, eftir því sem hægt var. En meðan gengismunur var mestur, var auðvitað kvartað um tóbaksverðið, sem þá var að eðlilegum hætti hátt. Þó hefði tóbakið orðið mun dýrara í frjálsri verslun á þeim tíma, eins og ljósast er af ókjaraverði flestra útlendra vara á þeim tíma. En það dró eðlilega úr tekjum tóbaksverslunarinnar þá, að vegna lággengis varð að fylgja lágmarksálagningu á tóbakinu, en það atvik skiftir miklu, þegar meta skal tekjur þeirra ára.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið af skarið um nytsemi landsverslunarinnar með tóbak, og er besta heimildin, sem jeg get nefnt. Hann hefir viðurkent, að vonirnar hafi allar ræst um hana, og fram yfir það. En mjer finst honum ekki farast karlmannlega, eftir slíka yfirlýsingu, að hann skuli ekki treystast að styðja þetta mál, er hann bar fram til sigurs 1921 og bersýnilega með ágætum árangri.

Mjer þykir honum ekki farast karlmannlega, þegar hann hættir við að greiða atkv., og lætur það eiginlega velta á hlutleysi sínu, að gamalt áhugamál hans fer nú sennilega í gröfina. Jeg hefði í raun og veru — jeg skal kannast

við það — óskað honum betra hlutskiftis heldur en þess dóms, sem bíður hans um þetta atriði.

Það var lögð hjer spurning fyrir hæstvirta stjórn af öðrum þdm. um það, hvað í vændum væri með steinolíueinkasöluna. Hæstv. fjrh. (JÞ) varð fyrir svörum, en svaraði reyndar út í hött, eða sneiddi hjá úrlausn þessarar spurningar. Og mjer flaug í hug og skildist, að orsökin væri sú, að hann *er ekki utvrh.* Það er lítið á slíkum svörum að græða hjá hæstvirtri stjórn, þegar einstakir ráðherrar skjóta sjer þannig undan svörum og skírskota til þess, að málin heyri undir einhvern annan ráðherra. Það er dálítið óviðfeldin aðferð að vísa eins og frá Heródesi til Pílatusar í hverju máli, en láta spurningum ósvarað.

Því hefir verið haldið fram af ýmsum, sem hafa viljað fella niður ríkiseinkasöluna, að Framsóknarflokkurinn yfirleitt hefði á stefnuskrá sinni frjálsa verslun. Það getur verið, að það hafi komið fram í ýmsum málum, því hann er heldur ekki mótfallinn henni, þegar svo stendur á, að ekki er sjerstaklega nauðsynlegt að hafa hana bundna. En það er rjett að minna á í þessu sambandi, að það er til tvennskonar einkasala og tegundirnar mjög ólíkar hvor annari. Það er til ríkiseinkasala, eins og hjer er um að ræða, og í öðru lagi einstakra manna einkasala; og það var hún, sem til forna reyndist háskalegust og mest var á móti haft. Það er hún, sem á hverjum tíma hefir reynst skaðvættur, þar sem hún hefir verið rekin. Auðvitað hefir hitt komið í ljós stöku sinnum, að ríkisverslun hefir ekki reynst vel. En það er svo um öll fyrirtæki, að þau geta mishepnast, ef miður valdir menn stjórna þeim. Hvað snertir þá ríkisverslun, sem hjer er rekin og hefir verið rekin hin síðustu ár, þá held jeg enginn enn í dag af þeim, sem eru mótfallnir ríkisverslun, hafi leyft sjer að efast um það, að þessi verslun hafi verið ráðvandlega og vel rekin af þeim, sem með hafa farið, og enginn mun hjer efast um það, að hún þess vegna sje heilbrigt fyrirtæki.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, en jeg endurtek að lokum enn, að vonirnar, sem menn ólu 1921 um heppilegan og hollan árangur af einkasölunni, þær hafa allar ræst, og langt fram yfir það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg þarf litlu að svara fyrir mitt leyti því, sem komið hefir fram í ræðum hv. þm., því það hefir sannarlega ekki verið neitt nýtt í þeim, sem ekki er heldur von, þar sem búið er að ræða þetta mál 5 daga samtals við 1. og 2. umr.

Það er þó ein hlið málsins, sem mjer finst ekki hafa verið nægilega athuguð, og þykir mjer rjett að gefa ofurlitla skýringu þar um. Það er nú viðurkent af öllum, að hjer er um það að velja, hvort eigi að taka tekjur handa ríkissjóði af tóbakinu með tolli eingöngu eða með tolli að nokkru og verslunargróða að nokkru. Það er vitanlegt, að verslunarágóðinn verður ekki fenginn öðruvísi en með vissri álagningu á tóbakið. Það var upplýst við 1. umr., að 1924 muni álagningin á tóbak upp og ofan, þ. e. a. s. munntóbak og neftóbak, hafa verið 4 kr. á hvert kg. Af álagningunni hefir farið sem næst 1 kr. í kostnað og 3 kr. til ríkissjóðs. Nú er ekki farið fram á að hækka tollinn á þessum tóbakstegundum nema um 1 kr. á hvert kg., í staðinn fyrir að verslunin leggur nú á 4 kr.; og það er vitanlegt, að þetta er gert af

þeirri ástæðu, að þótt þetta sje munaðarvara, þá telja menn hana þess virði fyrir landsmenn, að það er óskað eftir því, að breytingin leiði til verðlækkunar á vörunni. Um það verður ekki deilt, að eins og stendur er langstærsti skiftavinur landsverslunar S. Í. S., sem kaupir inn handa kaupfjelögunum, og verður auðvitað að greiða þessa álagningu, 4 kr., auk núgildandi tolls. Þessi skiftavinur og aðrir, sem eru þess umkomnir að reka skynsamlega verslun, þeir geta, ef breytingin gengur fram, gert sín innkaup öldungis á sama grundvelli og landsverslunin nú; en þar sem tollurinn á einungis að hækka um 1 kr. á kg., þá hljóta innkaup þessara skiftavina að verða 3 kr. ódýrari á kg. heldur en nú. Verðið hlýtur að lækka í smásölu. Og það er alkunnugt, að kaupfjelögin eru sá þáttur í verslunarlífi landsins, að þau eru fullkomlega fær um að halda uppi samkeppni um vöruverð, begar er að ræða um vörur, sem allur almenningur notar. Með þessu vildi jeg sýna fram á, að það er svo fiarri lagi sem verða má, þegar haldið er fram, að tóbaksverð muni hækka við breytinguna.

Því hefir verið haldið fram, að horfur fyrir afkomu tóbakseinkasölunnar sjeu jafnvel betri nú, eftir fyrsta ársfjórðung þessa árs að dæma, heldur en verið hefir fyrirfarandi ár. Jeg hefi ekki fengið neinar skýrslur um þetta, en ef svo er, getur það ekki stafað nema af tvennu: annaðhvort af því, að innflutningur hefir aukist, og kemur það líka ríkissjóði til góða, ef tekjurnar verða teknar með tolli eingöngu; eða hitt er, að lagt hafi verið meira á tóbakið nú en 1924. Jeg skal ekki segja um það, hvort framhaldandi gengishækkun hefir þrátt fyrir verðlækkun á tóbaki um síðustu áramót um 1 kr. á kg., orðið þess valdandi, að álagningin er jafnvel orðin meiri en 4 kr. á kg. Ef menn þykjast vissir um, að ríkissjóður muni ekki fá eins miklar tekjur af tollhækkun eins og einkasölu, þá er hægurinn hjá að bæta úr því með því að hækka tollinn um meira en eina krónu, t. d. um tvær. Það skyldi ekki standa á mjer til þess; en um þetta hefir engin till. komið fram. Það er yfir höfuð svo, að hvort sem tekjurnar eru teknar með einu móti eða öðru, eru ekki takmörk fyrir því, hve miklu er hægt að ná inn, önnur en þau, hvað lengi menn fást til að halda sinni tóbaksnautn í sama horfi, þrátt fyrir verðhækkun, sem leiðir af álagningu eða tolli. Í þessu efni er enginn munur á þessum tveim leiðum: neytendum kemur það alveg í sama stað niður. En það er alt annað atriði, sem verður í raun og veru að vera afgerandi um það, hvor leiðin sje hentugri, og það er tilkostnaðurinn við að afla teknanna; og það er sú hlið málsins, sem mjer finst ekki gæta nægilega mikið í umræðunum. Eins og öllum er kunnugt, þá er tilkostnaður við tollheimtu fremur lítill útgjaldaliður ríkissjóðs og er innifalinn í útgjöldum í 11. gr. fjárlaganna, sem jafnframt taka yfir allan kostnað við löggæslu í landinu. Tilkostnaðurinn við tekjuöflun tóbakseinkasölunnar kemur fram í reikningum hennar sjálfrar, og hefir verið þessi 3 ár, sem einkasalan hefir starfað, alt að 335 þús. kr., en tekjurnar 650 þús. Í þessum 335 þús. kr. eru innifalin aukaútsvör 70 þús. kr., sem jeg skal ekki öldungis fullyrða, hvort sanngjarnt sje að telja með eiginlegum tilkostnaði í þessu sambandi, sökum þess, að bærinn hefði orðið að taka þá upphæð af einstaklingum, hefði hún ekki verið greidd þarna. Taki jeg hana undan, þá er tilkostnaður, sem ekki verð-

ur um deilt, 265 þús. kr. við að afla 650 þús. kr. tekna. Þetta þýðir það, að með þessari tekjuöflunaraðferð hefir tilkostnaður orðið 41% af tekjuupphæðinni. Er það svo langt fram úr því, sem á sjer stað um tilkostnað við öflun nokkurrar annarar tekjugreinar ríkissjóðs. Það má gera sjer þetta betur ljóst með því að taka það hugsaða dæmi, að ríkissjóður yfirleitt notaði nú hliðstæðar aðferðir til þess að afla sjer allra sinna tekna. Það ætti ekki að vera fjarstæða að hugsa sjer slíkt frá sjónarmiði þeirra manna, sem álíta, að þessi einkasöluaðferð sje sjerstaklega vel til þess fallin að afla ríkissjóði tekna. Taki jeg þá árið 1923, sem er það síðasta, sem fullgildir reikningar liggja fyrir um, þá voru allar tekjur ríkissjóðs samkv. 2. gr. fjárlaga 8 milj. 107 þús. kr.; með tiltölulega sama öflunarkostnaði og hjá tóbakseinkasölunni hefði tilkostnaðurinn verið 3328000 kr. Og jeg verð að segja það, að þegar maður ber þetta saman við tilkostnað ríkissjóðs í raun og veru, þá á jeg ákaflega bágt með að skilja það, þegar menn halda því fram, að þetta sje sjerstaklega hagkvæm aðferð fyrir landsmenn yfir höfuð. Að hún geti verið hagkvæm fyrir þá, sem njóta tilkostnaðarins beint sem starfslauna, er einsætt; en það liggur fyrir utan málið. En ef nú þessi leið hefði yfir höfuð verið farin, yrði tilkostnaðurinn nokkurnveginn samsvarandi öllum útgjöldum ríkissjóðs til konungs, Alþingis, stjórnar, löggæslu, heilbrigðismála og kenslumála. Jeg held það verði að líta talsvert á þessa hlið málsins, ef menn vilja gera það upp við sig með sanngirni, hvor leiðin sje landsmönnum heppilegri, tollaleiðin eða verslunarálagningarleiðin. Jeg verð að segja, að þótt vikið sje frá þeirri nýbreytni, sem tekin var upp 1921, og horfið aftur að þeirri tekjuöflunarleið, sem við höfum notað frá því landið fjekk efnalegt sjálfstæði og notum að mestu leyti ennþá, þá held jeg það verði ekki talið rjett, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að með því sje verið að fremja óbótaverk.

Af því, sem einstakir hv. þm. hafa sagt, vil jeg víkja nokkuð að einstökum atriðum hjá hv. frsm. minni hl. (KlJ). Hann var dálítið gramur yfir því, að jeg skyldi vera að tilfæra þessar tölur. *(KlJ:* Jeg sagði, að jeg hefði ekki þurft þessar upplýsingar). Það var samanburður á áætlun, sem gerð var þegar tilhögun þessi var innleidd, og reynslunni af henni. Jeg hefði heldur ekki farið út í þetta, ef ekki hefði stöðugt verið talað um það, að vonirnar hefðu ræst. *(KlJ:* Jeg vitnaði til hæstv. atvrh. um þetta). Hv. þm. Str. (TrÞ) gerði það; og jeg leiddi með tölunum rök að því, að vonirnar hefðu ekki ræst fyr en 1924; brugðist þegar mest á reið, 1922—23, og það mjög tilfinnanlega. Þær tekjur, sem jeg nefndi, voru ekki tolltekjurnar einungis, heldur tolltekjur og verslunartekjur samanlagðar.

Hjá nokkrum hv. þm. hafa komið fram ummæli, sem skoða mætti ef til vill sem einhverskonar ögranir, að ef frv. nær fram að ganga með mínu atkv., þá muni þeir láta landið gjalda þess, á þann hátt, að þeir ljái ekki atkv. sitt með tekjuauka ríkissjóði til handa, sem þeir annars mundu gera. Það bólaði á þessu hjá hv. frsm. minni hl. (KlJ) og kannske fleirum.

Jeg fyrir mitt leyti vil nú alls ekki trúa því, að þessir hv. þm. hafi meint það, eða hafi viljað gefa í skyn, að þeir myndu í öðrum málum haga atkv. sínu á annan veg heldur en þeir álíta þjóðinni nauðsynlegt og rjett vera. Þeir geta að minsta

kosti ekki með nokkurri sanngirni búist við því, að jeg breyti skoðun minni á þessu máli, þótt þeir gefi í skyn, að þeir ætli ekki að fylgja sinni eigin skoðun í öðrum málum. Jeg vil gjarnan halda, að það sje misskilningur minn, að þeir hafi verið með þessar ögranir; en jeg hygg, að fleiri hafi skilið ummæli þessi þannig. Gef jeg hjer með tilefni til skýringar, sem jeg fyrir mitt leyti skal taka til greina, ef fram kemur.

Jeg ætlaði að svara háttv. 1. þm. Árn. (MT) ofurlítið sjerstaklega, en svo heyrði jeg, að samþm. minn, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), tók helstu ummæli hans til athugunar, svo jeg get að mestu leitt það hjá mjer. En jeg vil þó leiðrjetta einstök ummæli, sem hann hafði um mig og mína framkomu. Hv. þm. sagði, að jeg hefði á síðasta þingi beitt mjer á móti frv., sem hefði fært ríkissjóði um eða yfir 100 þús. kr. tekjur, og átti hann við frv., sem heimilaði áfengisverslun ríkisins að taka verslunarágóða af lyfjaáfengi. Jeg vildi bara segja það, að það er ekki rjett hjá hv. þm., að jeg hafi greitt atkv. á móti frv.; þvert á móti veitti jeg því allan þann stuðning, sem jeg gat. Það mun hafa verið útrætt í þessari hv. deild eftir að það kom frá hv. Ed. Og það er rjett hjá hv. þm., að hv. Ed. tók út úr frv. að sameina áfengisverslunina við landsverslun. En það var ekki tekjuatriði fyrir ríkissjóðinn, heldur það, sem eftir stóð í frv. Og jeg gekk á milli manna í hv. Nd. til þess að tryggja frv. meiri hl. eins og það kom frá hv. Ed.; því það var mín vonin til að fá því framgengt á því þingi, því þetta var seinasta þingdaginn, að jeg ætla. En jeg gat ekki fengið meiri hl. hv. þm. í deildinni til að samþykkja frv. þannig óbreytt, og það strandaði fyrst og fremst á þeim þm. í Framsóknarflokknum, sem jeg sneri mjer til. Svo þetta mál horfir þveröfugt við frá því, sem háttv. þm. (MT) sagðist frá.

Hv. þm. sagði, að það mætti veita meiri frest til niðurlagningarinnar. Jeg veit ekki, hvað hann á við, en eins og frv. var fyrst borið fram, var gert ráð fyrir að leggja einkasöluna niður fyrir lok þessa árs. Hin eina brtt., sem hefir komið fram, er sú, að lengja líf hennar til næstu áramóta, og þá till. hefi jeg stutt og greitt atkv. En engin önnur till. um að lögin gangi síðar í gildi hefir verið fram borin.

Jeg ætla svo ekki að rekja ummæli hv. þm. (MT), og sjerstaklega ætla jeg ekki að fylgja honum í þeim útúrdúr út úr deildinni, sem hann gerði í lok ræðu sinnar síðast, þangað sem sami fretsterturinn er reyktur tvisvar sinnum, að hans sögn.

Jón Baldvinsson: Það var gott að því leyti, að þessar umr. hafa lengst þetta sem orðið er, því það hefir þegar komið til leiðar umbótum á frv., því hefði það verið samþykt nú eins og það lá fyrir í byrjun fundarins, þá hefðu menn samþykt alt annað frv. en það, sem samþykt var við 2. umr.; en þessi skekkja, sem slæðst hefir inn í frv., hefir nú verið leiðrjett. Í upphafi umr. spurði hv. þm. Str. (TrÞ) ýmsa þm. nokkurra spurninga, þá þm., sem voru með að stofna þessa einkasölu 1921, og vildi hann fræðast af þeim um ástæður þeirra til þessa fráfalls frá einkasölunni, sem hefir, eins og hæstv. atvrh. (MG) komst að orði, að engu brugðist þeim vonum, sem í peningalegu tilliti voru gerðar til hennar. Hæstv. fjrh. (JÞ) svaraði þessum spurningum hv. þm. Str. (TrÞ) á sína vísu og bar fram nokkrar tölur, sem hv. 2. þm. Rang. (Kl-

J) nú hefir upplýst okkur um, hvernig eru tilkomnar, og ætla jeg því ekki að fara nánar út í þær, en þetta minnir mig á söguna um prestinn, sem var að spyrja fermingarbörnin, en þeim gekk treglega að svara. Greip þá kerling nokkur fram í fyrir presti og segir: „Jeg svara fyrir mitt barn og segi já.“ Þessi alkunna saga datt mjer í hug, er hæstv. fjrh. greip tækifærið til svara fyrir flokksmenn sína hjer í deildinni. Það er margbúið að sýna og sanna, að þó tollurinn verði hækkaður, fara þó hinar væntanlegu tekjur af tóbaksvörum algerlega eftir árferði. Það er árferðið, sem ræður því, hvort menn geta keypt svo svo mikið af tóbaki eða ekki. Og það eru fleiri tollar og skattar, sem fara eftir árferðinu. Það er afkoma manna, sem knýr menn til að spara hitt og þetta, eða örvar menn til eyðslu. Að nokkru er hið sama um tekjuskattinn. Þannig varð hann árið 1922 100 þús. kr. lægri en hann var áætlaður, og sýnir það, að afkomu manna hefir hrakað þetta ár Sama verður um tóbakið. Þegar illa árar, minka öll kaup á munaðarvörum. Árið 1919 fóru allir tollar fram úr áætlun, og sýnir það gott árferði; innflutningur var þá mikill og kaupgeta landsmanna eftir því. Þetta hefir að vísu verið tekið fram áður, en það er rjettmætt að rekja þetta upp aftur, er andstæðingar einkasölunnar eru að bera saman innflutninginn fyrir og eftir það að einkasalan komst á fót. En áætlanir allar viðvíkjandi einkasölunni hafa staðist; því þó að árið 1922 gæfi lægri tekjur af einkasölunni en við var búist, stóðust þær 1923 alveg áætlun, en 1924 fóru tekjur tóbakseinkasölunnar um 150 þús. kr. fram úr áætlun, og um það þarf ekki að deila, að árið 1925 mun tóbakseinkasalan fullkomlega gefa áætlaðar tekjur, svo framarlega sem árferðið verður ekki verra en það var 1923—24. Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) taldi engan gróða hafa orðið á einkasölunni. Telur hann það engan gróða fyrir ríkissjóð að fá 350 þús. kr. á árinu 1924 frá einkasölunni, sem er langt fram yfir það, sem áætlað var? Það er nú svo, að jeg býst að vísu við því, að hv. frsm. fjhn. hafi rjett fyrir sjer í því, að meiri hl. þessarar háttv. deildar sje á móti einkasölunni, en jeg veit þó um tvo þm. í íhaldsflokknum, sem eru með því í hjarta sínu að halda tóbakseinkasölunni áfram, þótt þeir þori ekki að sýna það við atkvgr.

En hvað viðvíkur þessum samanburði á „frjálsri verslun“ og einkasölu, þá segi jeg óhikað, að einkasalan sje langtum heppilegra fyrirkomulag. Nú sem stendur er nefnd, skipuð af ríkisstjórninni, að rannsaka ástandið hjer í Reykjavík og orsakir dýrtíðarinnar, og nýlega lýsti einn þessara nefndarmanna því yfir á fundi í bæjarstjórn Reykjavíkur, að dýrtíðin hjer stafaði að langmestu leyti af hinni svokölluðu „frjálsu samkepni.“ Þetta sama hefir líka orðið niðurstaðan víðar. Þannig sagði danski þingmaðurinn Ove Rode í ræðu í fólksþinginu í vetur, er rætt var um orsakir dýrtíðarinnar, að hún væri að miklu leyti af því, að kaupmennirnir væru of margir. Þetta sama mundi óefað sýna sig hjer, ef til væru nokkrar skýrslur um þetta efni, svo hægt væri að sýna þetta með tölum. Út frá þessu verður það augljóst, að þegar kaupmennirnir taka við tóbaksversluninni, þá verður sá kostnaður miklu meiri, sem á tóbakið legst, heldur en nú. Þess vegna er það óefað, að varan verður dýrari

framvegis hjá kaupmönnum, er landsverslunin hættir að gera innkaupin fyrir þá.

Hæstv. fjrh. (JÞ) var í ræðu sinni að lýsa þessum mikla rekstrarkostnaði landsverslunarinnar og taldi hann nema sem svaraði einni krónu á hvert kg. af tóbaki, og sagði hann, að t. d. gæti Samband ísl. samvinnufjelaga hagnast sem þessu næmi við það að einkasalan hætti. Þetta er nú dálítið annað en áður hefir heyrst hjá meðmælendum frjálsrar verslunar, er þeir hafa talið, að þetta ætti að koma öllum almenningi til góða í lækkuðu verði á þessum vörum. Það hefir hingað til verið talið ómögulegt að gera tvo mágana úr einni dótturinni. En þó vilja nú andstæðingar tóbakseinkasölunnar gefa þessa 1 kr. bæði kaupmönnum og almenningi líka. En mála sannast mun það, að kaupmönnum mun gjöfin ætluð, en ekki almenningi.

Hæstv. fjrh. talaði um, að meðhaldsmenn landsverslunarinnar hefðu verið með ögranir út af þessu máli, og að landið mundi verða látið gjalda þess, hvernig atkvgr. fjelli um þetta mál, og að hótað hefði verið að fella tekjuaukafrv. stjórnarinnar. En nú vil jeg spyrja hæstv. fjrh. (JÞ): Er það undarlegt, þó að menn yrðu tregir á að samþykkja nýja, háa tolla handa þeirri stjórn, sem með opnum augum kastar frá sjer vissum mörg hundruð þúsund króna tekjustofni? Væri það undarlegt, þó að menn yrðu tregari til að játast undir þunga skatta og álögur, aðeins til þess, að kaupmenn gætu hagnast sem mest? Jeg svara hiklaust nei. Og það er undarlegt, hversu langt andstæðingar stjórnarinnar hafa farið í því að útvega þessari stjórn tekjuaukningar, er hún fer jafnilla með þá tekjustofna, sem hún hefir nú þegar til umráða. Það er í fleiru en tóbaksmálinu, sem stjórnin fer illa að ráði sínu; t. d. er hjer frv. um að kasta á braut af tekjuskatti þeim, sem greiðast á á árinu 1925, allverulegum hluta af tekjum ríkissjóðs. Jeg veit ekki, hversu miklu þetta nemur, enda hefir hæstv. fjrh. (JÞ) gefist upp við að reikna þetta út, en það mun alveg óhætt að giska á 300—400 þús. kr. í það allra minsta. Þetta fje er hægt að fá í ríkissjóð á þessu ári, en hæstv. fjrh. á ekki víst, hvort hann fær þetta unnið upp síðar, ef hann drepur hendi við því nú. Sennilegast er, að þetta vinnist aldrei upp. Það er því ekki nema eðlilegt, að mönnum þyki óvarlegt að afhenda stjórninni nær ótakmarkað vald um nýjar skattaálögur, er hún fer jafnóviðurkvæmilega með þá tekjustofna, sem fyrir eru. Það væri því ekki að undra, þó að verðtollurinn fengist t. d. alls ekki framlengdur framar, því það er skattur, sem gengur mjög nærri öllum þorra almennings. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að langar umr. hafi mikið að þýða úr þessu, en jeg tel rjett, að málið gangi ekki svo fram, að ekki sjeu víttar aðferðir og kapp fylgismanna þess, og er rjett, að mótmæli komi fram um þetta. Málið er flutt af ofurkappi; er heimtað, að það komi fyr á dagskrá en þingvenja var til, og því flýtt úr hófi fram. Þetta er því undarlegra, sem nú eru allmargir þm. snúnir til andstöðu við einkasöluna, sem áður voru henni meðmæltir og ljeðu sitt atfylgi til þess að hún kæmist á fót, og hafa einnig játað, að tóbakseinkasalan hafi ekki brugðist vonum þeirra. Þetta er því undarlegri harðneskja hjá þeim flokkum, er mestu ráða um þetta mál, er það er vitað, að þeir eru

ekki allfáir meðal þm., sem vilja alls ekki leggja niður einkasöluna, þó að harðfylgi flokkanna neyði þá til að greiða atkvæði með frv.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hafði ekki frekar búist við að taka til máls að þessu sinni. Jeg bjóst jafnvel við, að skeikað yrði að sköpuðu með atkvgr. einni saman í þetta sinn, en umr. yrðu ekki teljandi. Það er ekki þar fyrir, að hjer er um svo mikilvægt mál að ræða, að ekki er nema eðlilegt, að um það sje nokkuð talað enn við þessa umr., jafnvel þó búast megi við því, að fátt nýtt komi í ljós, sem ekki hefir áður verið tekið fram hjer í hv. deild.

Að jeg hefi kvatt mjer hljóðs, er einkum vegna nokkurra ummæla hæstv. fjrh. (JÞ) í dag um þær vonir, sem Alþingi hafi á sínum tíma gert sjer um tekjur af tóbaks- og víneinkasölu ríkisins. Hæstv. fjrh. virtist halda því fram, að þessar vonir um tekjuauka til handa ríkissjóði hafi brugðist. Jeg hefi bæði fyr og nú leitast við að finna í þingtíðindunum, hverjar vonir menn hafi alment gert sjer um þetta efni, og þykist ekki geta sjeð, að reynslan hafi ekki orðið öllum vonum betri, þegar fyrsta árið er undanskilið. Í greinargerð stjfrv. 1921 gerir stjórnin ráð fyrir, að tekjur af tóbaks- og víneinkasölu, að viðbættum vínfangatolli, myndu nema mest um ½ milj. kr. Lengra var þá ekki farið. Þeir, sem einkasölunni voru hlyntir og mæltu með henni í þessari hv. deild, komust að svipaðri niðurstöðu. Og í umr. í þinginu hefi jeg hvergi sjeð því haldið fram, að tekjur þessar yrðu meiri en ½ milj. kr. Nú fór svo, að fyrsta árið náðu þessar tekjur ekki nema um 430 þús. kr., og náðu því ekki áætlaðri upphæð, en munurinn er þó ekki svo ýkjamikill, einkum þegar þess er gætt, að þetta ár var innflutningur tóbaks óvenjulega lítill. Næsta ár gaf tóbakseinkasalan 200 þús. kr. arð, en víneinkasalan 160 þús. kr., fyrir utan tollinn, sem þá nam einn um 1¼ milj. kr. Vínfangatollur og verslunarágóði einkasalanna nemur því þetta ár hátt á 900. þús. kr., og árið 1924 er verslunarágóði tóbaks- og víneinkasölunnar um 800 þús. kr., fyrir utan alla tolla og að frádregnum upphæðum, sem lagðar voru í varasjóði verslananna.

Jeg verð nú að segja, að eftir þessari reynslu að dæma getur varla talist rjett að bera það blákalt fram, að ekki hafi fengist þær tekjur af þessum verslunum, sem ráð var fyrir gert í upphafi. Menn geta verið á móti slíkum einkasölufyrirtækjum án þess að grípa til annara eins röksemda. Menn geta lagt svo mikla áherslu á, að landið reki ekki einkasölu með þessar vörutegundir, að þeir af þeim ástæðum einum greiði frv. atkv. Það verða menn að gera upp við sjálfa sig, hversu mikið stefnumál þeim finst þetta vera. Við því er ekkert að segja. En menn ættu ekki að rökstyðja afstöðu sína með því að grípa til úrræða, sem eru svo fjarri öllum sanni sem ummæli hæstv. fjrh. (JÞ) um vonbrigði manna í sambandi við tóbakseinkasöluna.

Þá má drepa á álit þeirra manna, sem andmæltu einkasölunni í upphafi, því að þeir bjuggust við enn minni fjárhagslegum árangri en formælendur hennar, og voru því enn fjær því, sem reynslan hefir leitt í ljós. Jeg hefi við hendina ræðu, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt hjer í hv. Nd. 1921, þar sem hann býst jafnvel ekki við, að vín- og tóbakseinkasala muni gefa af

sjer meira en 200 þús. kr. árlega, og ennfremur minnist jeg þess, að þeir, sem taldir eru hafa bestu þekkinguna í slíkum efnum, þ. e. a. s. ýmsir meiri háttar kaupmenn, töldu alveg víst, að tóbakseinkasala gæfi ríkissjóði aldrei meira en 100 þús. kr. tekjur. Nú voru tekjur tóbakseinkasölunnar 100 þús. kr. á fyrsta ári, þrátt fyrir óvenjulega lítinn innflutning. Næsta ár voru þær 200 þús. kr., og 350 þús. kr. þriðja árið. Því er nú haldið fram, að ekki megi miða við tekjur einkasölunnar síðastl. ár, vegna góðærisins, sem þá var. Jeg get auðvitað viðurkent, að síðastl. ár var mikið góðæri, og hefir það sjálfsagt örvað neyslu tóbaks sem annara vörutegunda. En sje hinsvegar litið á innflutning tóbaks síðastl. ár, þá er ekki svo mjög fráfælandi að byggja áætlanir um framtíðina á honum að nokkru leyti.

Á sumum tóbakstegundum er innflutningurinn um 20%, en á öðrum alt að 30% minni en meðalinnflutningur áranna 1914—21, og þegar á þessa staðreynd er litið, má rjettlæta það að byggja áætlun um verslunararð einkasölunnar í framtíðinni á versluninni síðastl. ár. Auk þess ber á það að líta, að einkasalan var varla komin á rjettan rekspöl fyr en á síðastl. ári. Tvö fyrstu árin gengu að miklu leyti til þess að selja gamlar birgðir kaupmanna og ná í ný sambönd fyrir einkasöluna. Þá er það og hverjum manni fullvel kunnugt, að árin 1922—23 voru hin mestu kreppuár á öllum sviðum verslunar og viðskifta, og samkvæmt skýrslum um neyslu þeirra vörutegunda, sem menn geta yfirleitt sparað við sig, hefir það komið í ljós, að þessi tvö ár var mun minna flutt inn af slíkum varningi en venja er til. Þess vegna er ofureðlilegt, að fjárkreppan og getuleysi almennings hafi einnig komið niður á tóbakinu, eins og öðrum vörutegundum, sem menn geta neitað sjer um, þegar í nauðir rekur.

Það er því ekki ósanngjarnt, þó að við, sem viljum halda tóbakseinkasölunni áfram um óákveðinn tíma, leyfum okkur að byggja að nokkru á verslunarafkomu síðastl. árs og getum tekið undir það með hæstv. atvrh. (MG), að einkasalan hafi gefið enn betri árangur en djarfastar vonir voru gerðar um í upphafi.

Annars finst mjer, að jeg hafi ekki í umr. hjer á Alþingi, og tæplega nokkursstaðar, heyrt aðra eins misnotkun talna eins og í umr. um þetta mál. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) tókst áðan að gera allmiklar tekjur að hreint engu; svo eftirlátanlegar voru tölurnar við hann. En þó að menn sjeu ráðnir í því að greiða atkvæði með þessu frv., þá finst mjer, að menn geti gengið dálítið skemra í að rökstyðja afstöðu sína með rangfærðum tölum.

Sami hv. þm. (JAJ) hjelt því fram, að tóbak hefði reynst dýrara í höndum einkasölunnar en einstakra kaupmanna. Þessi hv. þm. (JAJ) hefir vanrækt skyldu sína á þingi 1921, þegar borið var á kaupmenn, að þeir hefðu selt tóbakspundið á 25 og jafnvel alt að 50 kr. Ef hv. þm. (JAJ) hefir verið viss um, að kaupmenn hafi ekki selt tóbak dýrara en landsverslunin, þá sýnist hafa verið skylda hans að hreyfa andmælum, þegar kaupmönnum var borin á brýn svo rándýr tóbakssala, en það hefir honum láðst, enda býst jeg satt að segja við því, að þessi ummæli um söluverð kaupmanna hafi verið á fullum rökum reist.

Hinsvegar má og vel vera, að þetta verðlag hafi ekki tíðkast nema þegar lítið var um tóbak í landinu, en þá hafa kaupmenn líka notað sjer aðstöðu sína og neyð almennings til þess að færa verð þessarar vörutegundar svo mjög fram, sem

þeir frekast sáu sjer fært, og virðist auðsætt, hversu heiðarleg slík kaupmenska er.

En þó að við vonum, að aðrir eins tímar og síðustu stríðsárin sjeu ekki framundan, þá er ekki örgrant um, að kaupsýslumenn geti komið ár sinni svo fyrir borð, að tóbaksverðið verði hærra en góðu hófi gegnir eftir að einkasalan verður afnumin. Nú harma jeg fyrir mitt leyti ekki svo mjög, að tóbaksverð sje allhátt, því að jeg álít tóbaksnautn miður heppilega heilsu manna. En þó eru allmargir, einkum aldraðir menn, sem geta ekki neitað sjer um tóbak að öllu leyti. Þeim er tóbakið lífsnauðsyn, en hinsvegar kann jeg afarilla þeirri röksemd formælenda frv., sem þeir byggja meðmælin með frv. mikið til á, að samþykt þess hefði í för með sjer aukinn innflutning og því aukna neyslu tóbaks í landinu. Í þessu sambandi dettur mjer í hug saga, sem einn læknir Reykjavíkur sagði fyrir nokkru. Hann skýrði svo frá, að á síðastl. sumri hefðu komið til sín 12 æskumenn, sem allir hefðu verið meira og minna spiltir vegna tóbaksnotkunar. Þeir hefðu verið taugaveiklaðir og með hjartabilun, og taldi hann aðalorsökina tóbaksreykingar. Jeg held því, að menn ættu ekki að gera gyllingar til þess, að tóbaksnautn aukist í landinu. Hún er nógu mikil eins og sakir standa. Og ef hægt er að sameina þetta tvent: að ríkissjóður fái sínar áætluðu tekjur af tóbakinu, en þrátt fyrir það aukist neysla þess ekki, þá held jeg, að það væri vel farið. Ef ríkissjóður þyldi, þá er jeg þeirrar skoðunar, að hækka bæri tóbakstollinn að mun, svo að notkun tóbaks yrði langtum minni en nú, en auðvitað er þetta ekki unt eins og sakir standa, þar sem byggja verður á innflutningi þessarar vörutegundar sem einum aðaltekjustofni ríkissjóðs.

Einu atriði enn get jeg ekki gengið framhjá. Það er smyglunarhættan, sem sífelt er stagast á í hv. deild. Því er haldið fram, að síðan landsversluninni var fengin í hendur einkasala á tóbaki, þá hafi óleyfilegur innflutningur þess aukist stórkostlega. Jeg er þessum málum persónulega ókunnugur. En mjer skilst þeir einkum halda þessu á lofti, sem ólmastir vilja afnema einkasöluna, m. ö. o., þessar raddir eru háværastar í hópi kaupmanna. Við 1. umr. var gerð hjer fyrirspurn, hverjir það væru einkum, sem smygluðu tóbaki, ef það væru ekki kaupmenn. Jeg heyrði þessari spurningu svarað þannig, að það væru einkum ýmiskonar ferðamenn, sem flyttu tóbak óleyfilega inn í landið. Jeg held nú, að þessi staðhæfing sje svo fjarri öllum sanni, að ekki taki því að andmæla henni mörgum orðum. Þó að ferðamenn hefðu nú eitthvað af tóbaki með sjer í land, þá gæti aldrei borið á því neitt að ráði, nema þeir seldu öðrum þetta smyglaða tóbak. En nú er alt tóbak, sem selt er frá landsversluninni, merkt, og væri því mjög áberandi, ef ómerkt tóbak væri haft á boðstólum, enda munu þess ekki dæmi, að um slíkt hafi vitnast.

En þó að gengið sje inn á þessar röksemdir fylgjenda frv., þá er óskiljanlegt, hvernig þeir komast að niðurstöðunni: að smyglun minki, ef horfið verður frá einkasölufyrirkomulaginu. Þá verður alt tóbak ómerkt, tollar hækkaðir að stórum mun og innflutningur algerlega frjáls. Þetta sýnist mjer margföld hvöt fyrir menn til að reyna að smygla tóbaki, þar sem það verður svo miklu auðveldara eftir að einkasalan verður lögð niður en áður. Því enda þótt hv. flm. ætli sjer að auðkenna alt tóbak, sem tollur er greiddur af, þá fæ jeg ekki skilið, að það verði kostnaðarlítið umstang, ef nokkur trygging á að

vera fyrir því, að menn geti ekki skotið meira og minna undan þeirri auðkenningu.

Loks er þess að geta, að þessi ummæli koma í bág við alt það, sem kaupmenn hafa áður sagt hjer á þingi um þessi mál. Þeir hafa jafnan haldið því fram, sem og er skiljanlega rjett, að því lægri sem tollar sjeu, því minni sje hvöt manna til smygluuar. Nú er þessu snúið öfugt og því haldið fram, að þeim mun hærri sem tollarnir sjeu, því minni sje hætta á óleyfilegum innflutningi. Það er nógu gaman að sjá, hvernig þessar röksemdir íhaldsins stangast á eins og illvígir hrútar.

Okkur andmælendum frv. hefir verið hallmælt fyrir litla vinsemd í garð kaupmanna. En aldrei hefði okkur komið til hugar að bera þeim eins illar hvatir á brýn og hv. formælendur frv. hafa gert, og eru þeir þó ýmist sjálfir úr flokki kaupmanna eða nátengdir þeim að öðru leyti. Væri jeg kaupmaður, myndi jeg kunna þeim litlar þakkir fyrir ummælin um smyglunarhættuna t. d., nema jeg ætti þau skilin. *(SigurjJ:* Kaupmenn seldu þó ódýrara tóbak en landsverslun). *Ódýrara?!* Jeg var einmitt að sýna fram á, hversu mjög tóbak hefði verið *dýrara* í höndum kaupmanna en landsverslunar. En þetta innskot hv. þm. (SigurjJ) sýnir mjög ljóslega, hversu röksemdirnar eru mönnum einkar eftirlátar, þegar eitthvað þarf að hamra fram, hvað sem tautar.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um mál þetta að sinni. Jeg býst við, að frv. nái samþykki háttv. deildar, hvað sem öllum röksemdum líður. Sjerstaklega vildi jeg vekja athygli hv. þdm. á því, hverjar vonir menn hefðu gert sjer um ágóða af einkasölunni, í sambandi við ummæli hæstv. fjrh. (JÞ).

Þórarinn Jónsson: Jeg kveð mjer hljóðs vegna ummæla hv. þm. Str. (TrÞ). Hann skoraði á mig og nokkra aðra hv. þm. að lýsa afstöðu okkar til þessa máls í sambandi við það, að við hefðum áður fylgt tóbakseinkasölunni.

Jeg átti að skila til hv. þm. (TrÞ), að við teldum okkur ekki skylt að standa honum reikningsskap gerða okkar, hvenær sem honum þóknast. Reikningsskil munum við á sínum tíma gera rjettum hlutaðeigendum, og þá á rjettum vettvangi.

Svar mitt þyrfti í raun rjettri ekki að vera lengra. En af því að jeg er hreinskilinn, þá skal jeg fara örfáum orðum um frv. þetta, úr því jeg er staðinn upp. Þá skal jeg fyrst segja hv. þm. (TrÞ), að jeg hefi altaf verið á móti því, að ríkið hefði einkasölu á tóbaki. Í fjhn. 1921 var jeg með frv. aðeins til þess að gera tilraun, en ekki til annars. En fyrir mjer hefir ekki farið eins og fyrir hæstv. atvrh. (MG). Mjer finst jeg hafa orðið fyrir vonbrigðum, þó vonirnar hafi aldrei verið ýkjamiklar, og jeg get ekki bygt á tóbakseinkasölu sem tekjulind fyrir ríkissjóð í framtíðinni.

Hv. andmælendur frv. segja, að einkasalan eigi að gera hvorttveggja í senn: að vera fastur tekjustofn ríkissjóðs og jafnframt draga úr tóbaksnautn landsmanna. Hvernig má slíkt verða? Mjer skilst, að eftir því sem innflutningur tóbaks minkar, eftir því rýrist tekjur ríkissjóðs, nema álagningin sje aukin jöfnum fetum, svo að hún verði með öllu ósanngjörn. Og ef álagningin á að vaxa á þennan hátt, þá endar það óumflýjanlega með því, að innflutningur stöðvast algerlega. Hvar verða þá tekjur ríkissjóðs?

Jeg veit nú ekki, hversu heppilegt það kann annars að vera, að tóbaksnautn hverfi

úr sögunni. Jeg er hræddur um, að annað komi í staðinn, og er þá undir hælinn lagt, að það verði hollari nautn.

Það hefir verið margendurtekið af andstæðingum þessa máls, að þetta væri gert kaupmönnum til hagnaðar. Mjer hefir ofboðið að heyra þessar ófyrirleitnu endurtekningar og undrast það mest, að þá er kaupfjelögunum alveg gleymt. Það liggur þó í augum uppi, að kaupmenn geta ekki haldið verðinu uppi, ef kaupfjelög selja lægra við hlið þeim. Og hverjum kaupfjelagsmanni er innan handar að fá tóbakið með kostnaðarverði í pöntun. Hinu geri jeg ekki ráð fyrir, að kaupfjelögin eða Sambandið gengju í fjelag við kaupmenn til þess að hækka verðið, til þess að sanna þær fjarstæður, sem nú er haldið fram. Þetta tal er því vísvitandi ósanngjarnt og óhugsað.

Jeg skal svo ekki blanda mjer frekar inn í umræðurnar. En aðeins ítreka það, gagnstætt hæstv. atvrh. (MG), að landsverslunin hefir brugðist vonum mínum á allan hátt, þó þær væru ekki háar í fyrstu.

Frsm. minni hl. (Klemens Jónsson): Jeg get ekki látið hjá líða að segja örfá orð út af ræðu hv. frsm. meiri hl. (JakM) og ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg verð að segja, að mjer fundust reikningar hv. frsm. (JakM) allágiskanakendir og í lausu lofti, t. d. 75 þús. kr., sem hann vildi telja tilviljunargróða, og svo hitt, að gróðinn hefði verið 84 þús. 1924 með því að lækka ekki verðið fyr en gert var.

Jeg verð að halda því fram, að jeg tel það alveg ósannað, að rjett hefði verið að lækka verðið eftir að 3 mánuðir voru liðnir síðastl. ár vegna gengishækkunar ísl. krónunnar. Og mjer er spurn: Hafa aðrir kaupmenn fylgt sömu reglu? Hafa þeir lækkað verðið eftir að gengi krónunnar hækkaði? Má vera úti um land; en jeg hefi ekki orðið var við það í búðum hjer, og jeg ætla, ef almenningur væri spurður, að sama yrði uppi á teningnum. Ef því hægt er að sanna, að ekki hefði verið rjett að lækka verðið fyr en 1. sept., þá haggast tölur hv. frsm. (JakM) að miklum mun.

Því hefir verið haldið fram, að landsverslunin telji gróða tóbaksverslunarinnar 208 þús. kr., en jeg teldi hann 250 þús. kr. Jeg hefi mína tölu blátt áfram frá skýrslum landsverslunar sjálfrar, eins og hún liggur fyrir. Ef gengið er inn á aukinn innflutning um 12%, sem hv. flm. frv. gera, þá kemur út talan 248 þús. kr. En vilji hv. þm. vera nákvæmir, þá á að taka tillit til beggja talnanna og fara bil beggja. Það munar um 20 þús. kr. Háttv. frsm. komst samt að þeirri niðurstöðu, að nokkur hagnaður hefði orðið á verslun-inni, en ekki tap. Sama hjelt og hæstv. fjrh. (JÞ) fram, — en ekki svo mikill hagnaður, að það borgaði sig að halda stofnuninni áfram. Þeir viðurkenna hagnaðinn eins og jeg, en um hitt þykist hver hafa sannanir fyrir sig, hve mikill hann er.

Gagnvart ræðu hæstv. fjrh. vil jeg taka fáein atriði fram. Hann gat þess, að tóbaksverslunin legði 4 kr. á kg. af tóbaki, og þar sem tollur væri ein króna, væri hagur ríkissjóðs 5 kr. á kg. Kaupmenn gætu nú fengið sömu góð innkaup erlendis eins og landsverslunin, og þyrftu ekki að leggja eins mikið á. En landsverslunin segist sjálf fá betri kjör erlendis en einstakir menn, og það hefir ekki verið vjefengt, enda heldur ekki hægt, því það segir sig sjálft, að svo mikil innkaup sem landsverslun gerir hljóta að verða ódýrari en þegar um litla pöntun er að ræða. Ef versluninni er hætt, þá hverfur sá gróði úr landinu til verksmiðjanna

sjálfra. Og jeg er sannfærður um, að kaupmenn mundu ekki hlífast við að leggja á. Hvers vegna hafa þeir ekki viljað hafa tóbakið í útsölu margir, sem áður höfðu það? Af því að þeir þóttust ekki græða nóg með heimiluðu álagi.

Þá sagði hæstv. fjrh., að framtíðarhorfur landsverslunarinnar væru allar undir því komnar, að innflutningur ykist, eða meira yrði að leggja á, en því má bæta við, að það má líka hækka tollinn jafnmikið og hjer er farið fram á; en það er hættulegt, því að þá mundu menn að vísu mikið hætta að nota þessa vöru, allir nema þeir, sem ekki þykjast geta án tóbaks verið.

Þá hjelt hann því fram, að tilkostnaðurinn við útsöluna væri afarmikill, 41% af tekjunum.

Jeg skal ekki vjefengja þessa tölu. En hún sannar ekki, að þessa stofnun eigi að leggja niður. Hún sýnir, að breyta þarf og fækka mönnum. Það er eina rökrjetta afleiðingin af því, að tilkostnaður er of mikill, og það er stjórninni innanhandar að fækka starfsmönnum við þessa stofnun.

Þá er talað um, að vonirnar hafi brugðist, t. d. 1922—23. Geta menn búist við góðum heyjum, ef rignir alt sumarið? Þessu mátti búast við eftir hinn gífurlega innflutning árin áður og um leið og kreppan skall á.

Þá kem jeg að því, er hæstv. fjrh. sagði, að það væri ranglátt, að við ljetum landið gjalda þess, að *hann* hjeldi fram skoðunum sínum. En jeg bið hæstv. ráðherra (JÞ) að stinga hendinni í sinn eiginn barm. Hvað segði hann sjálfur, ef hann sæi einhvern fjrh. kasta burtu tekjum svo hundruðum þúsunda króna skiftir? Jeg held honum mundi flögra í hug, að það væri ekkert undarlegt, þó menn hikuðu við að styðja stjórn, sem kastar burtu þeim tekjum, sem þeir telja vissar. Jeg ætla nú samt ekki að láta *landið* gjalda þess, hvað *hann* gerir, og mun ekki greiða atkvæði gegn þeim tekjuauka, sem jeg tel nauðsynlegt, að landið fái, þó hann haldi áfram að vera fjármálaráðherra.

Jeg sje, að komin er fram brtt. frá 4 þm., þar sem farið er fram á að framlengja tímann um eitt ár. Jeg og hæstv. fjrh. höfum barist í tveimur fjárhagsmálum um tímatakmörk, og jeg hefi látið undan hæstv. ráðherra í þeim báðum. Mundi nú til of mikils mælst af hæstv. ráðherra, að hann styddi þessa till.? Hún er ekki frá mjer, en mjer finst hún til bóta. Það er hægt að sýna eftir 1925 og 1926, hvort ekki er rjett, sem við segjum, að tóbakssalan gefi arð. Og er það til of mikils mælst, að fá á það frekari reynd?

Magnús Torfason: Það er þessi brtt., sem er tilefnið til þess, að jeg stend upp. Jeg þarf ekki að mæla margt. Tillagan er komin fram af tilefni, sem hæstv. fjrh. gaf, en ekki vegna þess, að jeg hefði á móti hinni framlengingunni. Vonast jeg til að geta stutt hana á sínum tíma. En þessi frestur hefir það meðal annars til ágætis, að það er hægara að gera landsverslunina upp á hagkvæman hátt fyrir ríkissjóð. Jeg veit, að hæstv. fjrh. lítur á það. Jeg legg því fremur áherslu á þetta, sem jeg vona, að krónan hækki og árgæska haldist. Jeg skal geta þess, að sumir, sem jeg hefi talað við, vildu miða við 1. apríl 1927. Jeg hjelt við þetta vegna þess, að þá er óhægara að líta svo á, sem brtt. sje pólitísk. Hún er það ekki.

Út af andmælum gegn ræðu minni þarf jeg ekki margt að segja. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) vildi gera mig að jafnaðarmanni.

Jeg tek mjer það ekki til. Orð mín gáfu enga ástæðu til þess. Annars verð jeg að segja, að jeg væri í góðum fjelagsskap, þó jeg stæði nærri jafnaðarmönnum um ríkisverslun. Annars er málið ríkissala eða ekki ríkissala ekki á dagskrá, og því óþarft að ræða um það að sinni. Mitt álit er það, að vonlaust sje að taka upp ríkisverslunarfyrirkomulagið nema síðferðisþroski þjóðar og þings vaxi mikið. Býst jeg heldur ekki við, að við getum komið slíku á, fyr en það er komið í nágrannalöndunum. Jeg hefi ætíð litið á stefnu jafnaðarmanna með meiri skilningi en jeg hefi orðið var við hjá ýmsum öðrum, og teldi það ekki saka, þó meir væri að því gert.

Hv. frsm. meiri hl. (JakM) mótmælti því hjá mjer, að gróði kaupmanna kæmi ríkissjóði ekki til góða. Hv. frsm. veit, að jeg er form. yfirskattanefndar og að jeg því veit, að ríkissjóður græðir, ef borgararnir græða. En framtal til skatts verður að vera nákvæmara en nú er, ef ríkissjóður á að græða á gengisgróðanum.

Þá vildi hann segja, að hjer væri annaðhvort að gera, að vera með eða móti frjálsri verslun. En um tóbaksverslunina álít jeg alt það standa, sem jeg hefi haldið fram, þótt ekki sje fylgt ríkisverslun út í æsar. Svo má geta þess, að landsverslunin getur leitt gott af sjer á ýmsan hátt, t. d. með því að koma upp tóbaksiðnaði í Reykjavík, sem ætlunin mun hafa verið.

Um smyglunina skal jeg ekki fjölyrða að þessu sinni. Það hefir verið mikið um hana talað, og það, sem fram hefir komið viðvíkjandi henni, hefir ekki hrakið mínar ástæður. Þær ástæður, sem hv. frsm. meiri hl. (JakM) taldi, hnigu allar í sömu átt og sýndu, að hann hafði ekki mikið traust á tolleftirliti hæstv. stjórnar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) þarf jeg ekki að svara miklu. Hann skaut sjer að baki Kára, bar hv. frsm. meiri hl. (JakM) alveg fyrir sig. Hann vildi aðeins leiðrjetta eitt atriði í minni fyrri ræðu, sagði, að það væri ekki sjer að kenna, að enginn tollauki af áfengi hefði komið fram. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Jeg held, að hæstv. fjrh. hafi skilið það vel, að skilyrði þess að fá tollauka af áfengi var það, að sú verslun væri sameinuð landsversluninni. En mjer er ekki kunnugt um, að hæstv. fjrh. hafi stutt neitt að því. Þvert á móti. Það voru hv. flokksbræður hans, sem drápu frv. í hv. Ed. Og hæstv. fjrh. gerir of lítið úr sjer, er hann segir, að hann hafi ekki getað ráðið örlögum málsins í hv. Ed.; svo mikils má hann sín innan síns eigin flokks. *(Fjrh. JÞ:* Það er hv. þm., sem gerir of mikið úr mjer). Jeg held, að það sje satt að segja ómögulegt að gera of mikið úr hæstv. fjrh.; til þess skortir mig ímyndunarafl. Hæstv fjrh. endaði með skopyrði, svo sem siður er góðra ræðumanna. Svaraði hann þar fyrir aðra en sjálfan sig, því hann veit vel, að orð mín voru ekki honum ætluð. En honum fórst ekki hönduglegar en svo, að svar hans var þetta gamla: Þú getur verið það sjálfur. Þegar jeg var drengur, voru slík ummæli talin lítt gáfuleg. Hæstv. fjrh. er mjög næmur fyrir því, að höfð sjeu þingleg orð. Það orð, sem jeg hafði og hann fann að, var haft eftir mesta ræðuskörungi þingsins. Sagði hann það fyrir fám dögum, og virtist mjer hæstv. fjrh. taka því þá með brosi. *(Fjrh. JÞ:* Það er ekki satt. Jeg hefi ekki heyrt það). Ekki skal jeg um það deila, en jeg man ekki betur en hæstv. fjrh. gerði það. Jeg skal nú ekki mæða hæstv. fjrh. með því að taka orðið upp, en jeg veit, að honum fellur betur, ef eitthvað þesshátttar er sagt

á dönsku. Jeg vil þá minna hæstv. fjrh. (JÞ) á, að það þykir enn verra að bjóða „stinkador" en reykja hann. Þetta frv. er sannkallaður „stinkador". Og jeg er viss um það, að þjóðin hefir ekki fyr látið þennan „stinkador" upp í sig en hún hrækir honum út úr sjer og fleygir niður í rennusteininn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Aðeins örfá orð út af því, sem háttv. frsm. minni hl. (KlJ) sagði. Hann hjelt, að landsverslunin gerði betri innkaup en kaupmenn og studdi þessa staðhæfing með því einu, að svo segði hún sjálf. Jeg verð að segja, að jeg dreg þetta alveg í efa. Jeg ætla ekki að fara neitt út í þetta og ekki draga það meira inn í umr., en aðeins benda á það eitt, að þar sem landsverslunin hagar svo kaupum sínum, að hún áskilur sjer 6 mánaða gjaldfrest, sem mun alveg einstakt, þá er ekki nema eðlilegt, að hún fái óhagstæðari innkaup en kaupmenn.

Þá talaði hv. frsm. minni hl. um að tilkostnaðurinn næmi 41% af rekstrargróðanum og að hann ætti gjarnan að lækka. Það þýðir nú ekki að tala um það. Öllum hefir komið saman um það, sem talað hafa, að setja ekki neitt út á rekstur verslunarinnar, og það með rjettu. Jeg hefi enga von um, að hægt sje að lækka þennan rekstrarkostnað. Hann virðist vera orðinn fastur og munl lítið breytast. Hann var 75 þús. kr. fyrsta árið, en tvö hin síðari hefir hann verið 90 þús. kr., ef útsvarsgreiðslunni er haldið utan við. Og hann lækkar varla úr þessu. Sannleikurinn er sá, að þessi leið til tekjuöflunar krefst þess, að kostað sje óvenjulega miklu til. Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri eðlilegt, að vonirnar hefðu brugðist um þessa verslun 1922 og 1923. Það er nú altaf svo, að slíkt verður eðlilegt, þegar menn skilja orsakirnar. En þessi vonbrigði út af tolltekjum og verslunartekjum á tóbaki eru alveg einstök, af því að menn hafa aldrei vanist slíku áður.

Jeg get getið þess, að tekjurnar í 2. gr. fjárlaganna fyrir 1922 voru áætlaðar 6740000 kr., en urðu 7893000 kr. Í þessu eru innifalin vonbrigðin, sem jeg nefndi, eða þau, að tekjurnar af tóbaki og áfengi reyndust 311 þús. kr. minni en þær voru áætlaðar, þótt hinar tekjurnar stæðust yfirleitt vel áætlun. En tóbaksinnflutningurinn varð minni þegar landsverslunin kom. Svipað er að segja um 1923. Tekjurnar reyndust þá yfirleitt meiri en áætlað var í fjárlögunum, nema tekjurnar af tóbakinu. Þær fóru niður fyrir áætlunarupphæðina, þrátt fyrir það, að áætlunin var færð niður, af því að menn sáu, hvað ætlaði að vera 1922.

Viðvíkjandi framkominni brtt. um að láta lögin ganga í gildi ári síðar en hv. meiri hl. nefndarinnar ætlast til, vil jeg segja þetta eitt: Þegar því er hvað eftir annað slegið fram, og nú síðast af hv. frsm. minni hl., að jeg og aðrir, sem styðjum þetta frv., sjeum að kasta svo og svo miklu burt af vissum tekjum ríkissjóðsins, en við neitum því, að við skerðum nokkuð tekjur hans, þá ætti engum að koma það á óvart, þótt við kysum, að það kæmi sem fyrst í ljós, hverjir hafa rjett fyrir sjer. Jeg vil því halda fast við, að rjett sje að láta breytinguna verða um næstu áramót. Sýnir svo árið 1926, hverjir hafa á rjettara að standa. Þótt jeg undir öðrum kringumstæðum hefði ef til vill getað unnið það til samkomulags að fresta niðurlagning verslunarinnar um 1 ár, þá sje jeg nú ekki, að rjett sje að lofa hv. flm. og öðrum að halda enn áfram í 2 ár að

kasta fram þeirri staðhæfing í eyru þjóðarinnar, að við, sem frv. fylgjum, sjeum að fleygja vissum tekjum ríkissjóðs, án þess að reynslan fái að skera úr um, hvort svo er. Jeg mun þess vegna greiða atkv. á móti brtt., og það í fullu trausti þess, að afkoma ársins 1926 hvað snertir tekjur af tóbaki undir hinu nýja fyrirkomulagi ósanni fullkomlega þessar staðhæfingar hv. minni hl.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg vildi ekki gjarnan lengja mikið umr., en get ekki alveg komist hjá því að svara nokkrum hv. þm.

Fyrst er þess að geta, að komið hefir fram brtt., sem hæstv. fjrh. (JÞ) gat um, og fer fram á það að fresta niðurlagning tóbakseinkasölunnar um eitt ár. Að vísu hefir meiri hl. ekki fengið tíma til að bera sig saman um þetta, en jeg þykist þess fullvís, að jeg geti fyrir hans hönd lýst því yfir, að hann leggur eindregið á móti því, að þessi till. verði samþykt. Meiri hl. lítur svo á, að þessi einkasala sje, þegar á alt er litið, óhagstæð ríkinu í heild. Þess vegna leggur hann til, að hún sje lögð niður, og þá leiðir það af sjálfu sjer, að hann getur ekki mælt með því, að hún sje látin standa árinu lengur.

Háttv. flm. tóku það fram þessari brtt. helst til stuðnings, að með þessu móti yrði hægara að gera upp verslunina. En jeg sje ekki, að það verði neitt hægara, þótt einn ársrekstur sje tekinn með í viðbót. Það er ekki gert ráð fyrir öðru en að birgðirnar verði svipaðar eftir sem áður, þótt einu ári sje bætt við. Það eina, sem breytist ef till. verður samþykt, er því það, að í stað þess að verslunin verður nú þegar að búa sig undir að gera upp, þá getur hún dregið það í eitt ár.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að þeim hv. þm., sem talað hafa síðan jeg talaði síðast.

Við það, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, þarf jeg lítið að athuga. Hann endaði ræðu sína að jeg ætla með því að slá því föstu, að enginn drægi í efa, að verslunin hefði verið rekin ráðvandlega og vel. Jeg get tekið undir þetta, enda hefir enginn af þeim, sem talað hafa á móti einkasölunni, vikið að því einu orði, að hún hafi ekki verið rekin vel og ráðvandlega. Því hefir verið haldið alveg fyrir utan umr. Eina orðið, sem fallið hefir í þá átt, að reksturinn væri ekki fullkominn, fjell frá hv. frsm. minni hl. (KlJ), því hann gerði ráð fyrir, að spara mætti meira við reksturinn en gert væri.

Háttv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JBald), mótmælti því, sem jeg sagði um gengisgróðann, á þeim grundvelli, að lítill munur hefði verið á genginu í byrjun og enda ársins. Jeg vil aðeins benda honum á það, að í sjálfum rekstrarreikningi verslunarinnar er gróðinn sakir gengismismunar talinn því sem næst 68 þús. kr., og þessi gengismunur er í rauninni tvöfaldur, ef ekki meira. Þá hafði hv. þm. (JBald) yfir goðsvar, sem gefið hafði verið í bæjarstjórn Reykjavíkur um það, að dýrtíðin hjer í bæ stafaði af frjálsri verslun. Vitleysan, hvar sem hún er sögð, verður aldrei annað en vitleysa; hún verður aldrei goðsvar; ekki þessi fremur en önnur. Jeg þarf ekki að svara honum öðru, svo jeg tefji ekki tímann, en vil þó aðeins minna á, að jeg veit ekki betur en að starfað hafi kaupfjelag hjer í bænum, sem hefir lýst því yfir, að það hafi tapað 200 þús. kr. á því að halda sama verðlagi og kaupmennirnir. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (JBald) kærir sig um meiri samkepni,

en jeg býst við, að kaupfjelaginu hafi þótt hún nóg. Og hvernig má það vera, að þessi samkepni hinnar frjálsu verslunar haldi uppi dýrtíðinni?

Háttv. 2. þm. Árn. (JörB) fór þær götur, sem jeg var hissa á að sjá hann skeiðríða. Hann talaði um, að vonirnar hefðu ræst einkarvel. En til grundvallar útreikningi sínum lagði hann það, sem ekkert kom málinu við. Hann tók fyrst áætlunaruppháð stjórnarinnar um tekjur af tóbaks- og víneinkasölu 1921, þegar algert vínbann var í landinu. Og til samanburðar tók hann svo tekjur af vín- og tóbakssölu eftir að þingið hafði neyðst til að leyfa innflutning í svo og svo miklum vínum. Þessi tekjuáætlun 1921 kemur auðvitað ekkert málinu við, því að þá var ekki búist við neinum tekjum af vínum, heldur ætlaðist þingið til, að víneinkasalan væri þá rekin ágóðalaust, þar sem aðeins væri um vín til lyfja að ræða.

Þá talaði hv. þm. (JörB) um, að andstæðingar einkasölunnar hefðu altaf gert lítið úr gróðavoninni, einkum samt í byrjun, og talið fráleitt, að hagnaðurinn yrði meiri en 100 þús. kr. Það mun rjett, að slík ummæli megi finna frá þeim tíma, og þau voru bygð á því, að menn ætluðu ekki, að verðið yrði hærra en það var. Jeg andmælti lögunum þegar 1921 og gerði líka lítið úr gróðanum, vel að merkja, ef farið væri skaplega í það að leggja á vöruna. Hitt dylst auðvitað engum, að þessa vöru sem aðra má selja slíku okurverði, að stórgróði verði af.

Hv. þm. (JörB) gerði ekki mikið úr því, að góðæri síðasta árs myndi hafa sýnt hámark velgengni þessa fyrirtækis. En góðærið hefir tvær hliðar, nefnilega líka þá, að verðlag vörunnar fer sílækkandi, og hjer hefir aðaláherslan verið lögð á þessa hlið málsins.

Samanburðinum á tóbaksverði fyr og síðar hefir hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mótmælt. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) kvað tóbak hafa fyr verið selt á 25—50 kr. pundið. Jeg get mótmælt þessu sem rakalausu. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (JörB) notar tóbak, en jeg hefi brúkað það öll þessi ár, og get fullyrt, að jeg hefi aldrei gefið nema í allra mesta lagi 15 kr. fyrir pundið. En jeg man eftir, að jeg heyrði þess getið 1921, að tóbakspund væri selt á 25—50 kr. En sje það rjett, þá hefir það aðeins verið einsdæmi um einn einstakan ósvífinn okrara, og kemur ekkert málinu við. Jafnvel undir einkasölufyrirkomulaginu gæti slíkt komið fyrir, þar sem menn ættu erfitt með að ná til einkasölunnar.

Þá voru kenningar hv. þm. (JörB) um smyglunarhættuna mjög furðulegar. Það er nú vitanlegt, að í hendur kaupmanna verður verðið á tóbaki lægra í frjálsri verslun en með einkasölunni. En við að verðið lækkar álítur þó hv. þm. (JörB) að smyglunarhættan hljóti að aukast, einungis af því að nokkur hluti af verðinu er kallaður tollur en ekki einkasöluálagning. Þetta tollheiti felur í sjer alla smyglunarhættuna að hans dómi. Jeg skil ekki þennan þankagang. Hitt skil jeg, að eftir því sem verðið hækkar, vex smyglunarhættan, en eftir því sem það lækkar, minkar hún.

Þá kem jeg að háttv. frsm. minni hl. (KlJ). Viðvíkjandi útreikningnum vil jeg segja það, að jeg hjelt mjer bara við árið 1924, og mismunurinn kom fram við það, að jeg dró það frá, sem ekki er rjett að telja með föstum tekjum landsverslunarinnar. Hv. frsm. minni hl. vjefengdi, að rjett væri að draga varasjóðinn frá, en í hinu orðinu sagði hann, að alls óvíst væri, að það, sem lagt hefði verið í varasjóð, kæmi ríkissjóði nokkurntíma til góða.

En að segja þetta staðfestir einmitt, að ekki er hægt að telja varasjóðinn með föstum tekjum. Að öðru leyti vil jeg vekja athygli á því, að allir gera ráð fyrir, að ísl. króna hækki. Þá hlýtur verðlag alt að lækka, á tóbaki eins og öðru. Af því leiðir, að tekjur ríkissjóðs af versluninni hljóta að lækka. Ef viss hundraðshluti er lagður á verðið, hlýtur það, sem lagt er á, að verða því minna, sem nemur því, sem það er minna, sem á er lagt. Þess vegna er alveg víst, að tolltekjurnar af tóbakinu verða meiri en ágóði verslunarinnar getur orðið. Og er þá líka sýnt, að þessi breyting, sem hjer er farið fram á, leiðir til tekjuauka fyrir ríkissjóð, en ekki til tekjurýrnunar. Hinsvegar er líka hjer til að svara, að ef verðlag kemst aftur í svipað horf yfirleitt og áður var, samfara gengisbreyting, þá er óhjákvæmilegt að lækka tollinn.

Háttv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að jeg hefði viljað stimpla hann sem jafnaðarmann. Þau orð fjellu ekki hjá mjer, en hinsvegar þýðir ekki að leyna því, að hann hneigist í sömu átt og jafnaðarmenn að því leyti, sem hann telur, að einkasalan sje æskileg, en þó er sú skoðun hans heldur ekki rótföst. En þó hv. þm. (MT) sje jafnaðarmönnum sammála um þetta, þá þarf hann ekki að fylgja þeim í öllu. Og jeg er alveg samdóma honum um það, að ekki þýði að tala um allsherjarríkisrekstur nema siðferðisbroski borgaranna aukist að mun frá því, sem nú er.

Háttv. þm. (MT) sagði, að framtalið til tekjuskatts væri ekki svo nákvæmt, að gengisgróði kaupmanna kæmi fram. Jeg skal ekki um það segja, hvort framtalið sje alment eins nákvæmt og ætlast er til, en fullvíst hinsvegar, að framtalið hljóti að hækka í líku hlutfalli og gróðinn.

Annars legg jeg ekki mest upp úr því, að gróðinn af versluninni renni til kaupmannanna, heldur álít jeg, að frjáls verslun sje almenningi yfirleitt miklu heppilegri og farsælli en einkasala. Og þó einstaka menn sjeu sjálfum sjer svo ósamkvæmir að fylgja tóbakseinkasölunni, þó þeir sjeu mótfallnir einkasölu yfirleitt, þá hefi jeg aldrei gert mig sekan í slíku skoðanaósamræmi. Annars mun ekki erfitt að færa sterkar líkur fyrir því, að þau rök, sem fylgjendur einkasölunnar bera fyrir sínu máli, sjeu mestmegnis ómerkilegar aukaástæður. En því skil jeg betur afstöðu þeirra, sem móti einkasölunni eru, að hún er frá mínu sjónarmiði eðlilegri en hinna, og þeirra röksemdir allar fastari.

Háttv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um tóbaksiðnað sem vetrariðju fyrir fólk í Revkjavík, en jeg verð að segja, að jeg hefi litla trú á slíku. Að minsta kosti mundi samkepnin við erlendan tilbúning verða mjög erfið, þar sem hjer yrði ekki hægt að reka tóbaksiðnaðinn nema í mjög smáum stíl, og öll þekking og tæki til slíks miklu betri og fullkomnari erlendis. Yrði það víst engin uppgripaatvinna, ef varan ætti að vera samkepnisfær við samskonar vörur útlendar.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar jeg talaði síðast, þá gerði jeg ekki ráð fyrir að þurfa að taka aftur til máls. En af því hv. frsm. meiri hl. (JakM) hefir vikið að því, sem jeg sagði, og fært úr lagi athugasemd mína, þá neyðist jeg til að leiðrjetta helstu missagnir hans.

Hann hjelt því fram, að tölurnar, sem jeg kom með í ræðu minni, hefðu ekki átt við, þegar um ágóðann af versluninni hefði verið að ræða. En honum hefir gleymst, hvernig þetta mál var lagt fyrir þingið 1921, og hvernig um það var rætt þá. Fyrsta árið, sem verslunin starfaði,

námu tekjurnar ekki því, sem þær höfðu verið áætlaðar af stjórninni, og kem jeg síðar að því. Annað árið stóðst þessi áætlun, og þriðja árið urðu þær 350 þús kr., eða 150 þús. kr. meiri en þær voru áætlaðar, og auk þess voru 35 þús. kr. lagðar í varasjóð. Gengishagnaðinum er hjer slept. Ef hv. þm. hafa orðið fyrir vonbrigðum með tilliti til tekna af versluninni og finnist þeim ekki sem áætlunin hafi staðist, þá væri víst frekar ástæða til að líta til vínverslunarinnar en til tóbakseinkasölunnar. Þó á nú að leggja tóbakseinkasöluna niður, en ekki vínverslunina. En tekjur af báðum þessum liðum samanlagt hafa farið langt fram úr áætlun. T. d. námu tekjur af tóbakseinkasölu og vínfangatolli árið 1923 alls 857 þús. kr., og árið 1924 1400000 kr. Má vera, að hin breytta aðstaða með Spánarvínunum hafi valdið hjer nokkru.

Þá vil jeg minna hv. þm. (JakM) á nokkur orð, sem hann sagði á þinginu 1921, er mál þetta var til umræðu. Hann kvað verð á tóbaki hjá landsversluninni aldrei geta orðið lægra en hjá kaupmönnum, og að ágóðinn, sem kaupmenn hafi, fari í kostnað við verslunarreksturinn, og þannig verði ágóðinn af versluninni viðbótarálagning á tóbakið. En hver hefir reyndin orðið? Jeg held, að allir menn sjeu sammála um það, að tóbaksverðið hjá landsverslun sje síst hærra en það hefði orðið hjá kaupmönnum. Því er ágóðinn af versluninni beinn ávinningur fyrir ríkið. Þetta mætti sanna með tölum, ef rök mættu sín nokkurs í augum andstæðinga verslunarinnar.

Þá vil jeg víkja að hæstv. fjrh. (JÞ). Hann kvað innflutning tóbaks 1926 mundu verða svo mikinn, að tekjurnar af tóbakinu, sem nú fást, myndu vinnast með tollinum. Það má vel vera að þetta sje rjett. En hitt er jeg viss um, að 1927 verður innflutningurinn miklu minni, og eins árin á eftir, þegar birgðir hafa safnast fyrir í landinu. Það sýndi sig, að þegar landsverslunin tók til starfa 1922, þá lágu kaupmenn um land alt með miklar birgðir af tóbaki, líklega fyrir talsvert á aðra milj. kr. Á sama hátt má vænta þess nú, að á næstunni flytjist talsvert inn af tóbaksvarningi, sem ekki selst, en sem tollur verður greiddur af, því kaupmenn vita ekkert, hvað þörfum landsmanna líður, en það veit landsverslunin og hagar innkaupum sínum eftir því. Þannig liggja nú aðeins fyrir hjá henni tóbaksbirgðir upp á 300 þús. kr. Annars þýðir víst ekki að fjölyrða um þetta. Málið er nú komið á þann rekspöl, að útsjeð er, hvað um það verður. Hjer kemur staðhæfing móti hverri röksemd, og má segja um það hið sama og kerlingarnar sögðu: Klipt er það! Skorið er það!

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg finn enga ástæðu til að svara hv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann hefir aðeins sannað, að jeg hefi haldið því sama fram í ræðu minni síðast sem á þinginu 1921. Og þar sem alt hefir reynst rjett, sem jeg hjelt fram þá, finst mjer ekki, að jeg hafi ástæðu til annars en að láta mjer vel líka.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi ekki tafið þessar umr. mikið fram að þessu og setið þegjandi hjá, þó hnútum hafi verið til mín kastað úr ýmsum áttum. Þykist jeg því hafa fullan rjett til að bíta frá mjer, þó tími vinnist aðeins til að svara nokkru af því, sem þörf væri að fara frekar út í.

Vil jeg þá fyrst víkja að hæstv. fjrh. (JÞ). Aðalkjarninn í fyrstu ræðu hans var tilraun til að ósanna, að vonir þær,

sem við höfðum gert okkur um tóbaksverslunina, hefðu ræst. Orðaði hann þetta svo, að vonirnar hefðu verið gerðar upp 1921. En þetta er rangt. Vonirnar eru gerðar upp eftir á; það er núna, sem þær eru gerðar upp. En hafi vonirnar brugðist, þá dynur það þyngst á hæstv. atvrh. (MG), sem bar fram þær vonir á þinginu 1921 og barðist fyrir þessu máli þá. En hann hefir nú lýst yfir, að vonirnar hafi alls ekki brugðist sjer. Hæstv. fjrh. vjek sömuleiðis að því, þó ekki beindi hann því til mín, að menn hefðu komið með ógnanir um að samþykkja ekki nýja skatta, ef einkasalan væri afnumin. Jeg hefi ekkert látið í ljós um þetta, en ósjálfrátt flýgur manni í hug, að ef svo mikil þörf er á nýjum sköttum, hvort ekki sjeu tekjur af tóbakinu betur komnar hjá ríkinu en hjá fáeinum einstaklingum. En með afnámi verslunarinnar hefir hæstv. ráðh. (JÞ) kveðið upp þann dóm, að þær sjeu betur komnar í vasa einstaklinganna. Kemur þetta vel heim við það, þegar hann álítur, að tekjur þær, sem hann vill sleppa að taka af gróðafjelögum, sjeu betur komnar í höndum gróðafjelaganna en ríkisins. Og sjerstaklega þegar hæstv. ráðh. (JÞ) er að beita sjer fyrir að kasta burtu tekjum ríkissjóðs, þá er ekki nema von, að menn víli fyrir sjer að samþykkja ranglátari og óeðlilegri skatta.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek þar næst að S. Í. S. og sagði, að það væri stærsti viðskiftamaður landsverslunarinnar með tóbak, og myndi því hafa talsverðan gróða af því, að verslunin væri gefin frjáls, því þá gæti það m. a. komist að betri innkaupum. Þetta er rjett og í samræmi við það, sem við höfum haldið fram, að mikill ágóði myndi lenda hjá kaupmönnum við breytinguna. Nú vil jeg sömuleiðis leggja að jöfnu, hvað mjer er ant um S. Í. S. og honum um kaupmenn. En þó jeg sje Sambandinu eins velviljaður og hann er velviljaður kaupmönnum, þá kýs jeg samt fremur, að ríkið njóti teknanna af versluninni. Svo ant er mjer um það, að ríkinu sje sjeð fyrir nægum tekjum á sem hagkvæmastan hátt.

Þá vil jeg víkja að háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem er einn af þeim 4 eða 5 mönnum, sem börðust mest fyrir einkasölunni 1921. Hann hefir nú gert grein fyrir því, hvers vegna hann hafi skift um skoðun í þessu máli. Hann kom með heilmikið af tölum, sem áttu að sanna, að í staðinn fyrir að ríkissjóður hefði grætt, þá hefði hann tapað á tóbakseinkasölunni. Eftirtektarverðastar af öllum þessum miklu tölum hv. þm. voru þær, sem hann kom með alla leið frá 1919. Þar var niðurstaðan, sem hann komst að, alveg átakanleg. Jeg verð að taka undir með hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og heimfæra upp á hv. þm. N.-Ísf. (JAJ): „Eftir á kemur ósvinnum ráð í hug.“ Allar þessar tölur lágu fyrir, þegar tóbakseinkasalan komst á. Háttv. þm. játar því, að hann hafi vanrækt sína þingmannslegu skyldu, með því að gera sjer ekki grein fyrir því þá, hve mikil hætta stafaði af þessari stofnun, sem hann stuðlaði að, að kæmist á. En þessi rök, sem hv. þm. færði fyrir því, að ríkissjóður tapaði ekkert á niðurlagningu einkasölunnar, bitna fyrst og fremst á þeim hæstv. ráðherra, sem hann styður, sem hefir lýst því yfir, að vonir þm. hafi fyllilega ræst; þær vonir, sem þeir gerðu sjer um einkasöluna 1921.

Annars get jeg ekki látið hjá líða að minnast á það í sambandi við þessa ræðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem vel er kunnugt, m. a. frá kirkjusögu, að þeir, sem

skifta um átrúnað, eru oft fyrst á eftir talsvert harðvítugir að verja sinn nýja átrúnað. (*JAJ*: Þetta má hv. þm. vera kunnugast sjálfum). Í þessu máli hefi jeg ekki skift um átrúnað, og veit jeg ekki til, að hv. þm. geti bent á það á öðrum sviðum heldur.

Jeg þarf engu að svara háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), sem talaði að því er virt ist bæði frá sinni hálfu og frá hálfu skoðanabræðra sinna í þessu máli. Það gildir sama um hann og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ).

Þá ætla jeg að víkja fáeinum orðum að háttv. frsm. meiri hl. (JakM). Jeg þarf ekki að bregða honum um neina útúrdúra í þessu máli, þar sem hann hefir haldið fast strikinu. Hv. frsm. meiri hl. (JakM) vjek að skoðun Framsóknarflokksins alment og sagði, sem rjett er, að við værum fríverslunarmenn. Og hann veit, að þeir, sem fylgja samvinnustefnunni, eru það, en vildi segja, að við værum í mótsögn við sjálfa okkur, þar sem við vildum hafa tóbakseinkasölu. En spurningin er, hvar línan sje dregin milli opinbers rekstrar og prívatrekstrar. Jeg veit, að háttv. þm. játar, að t. d. póstmál og síni o. fl. eigi að vera rekið af því opinbera. Það má ekki kasta öllu í hendur einstakra manna. Jeg geri ráð fyrir, að ekki sje langt milli okkar um hvar línan skuli dregin, því að jeg álít frjálsa verslun betri af sönnu ástæðum og vaka fyrir hv. frsm. meiri hl. (JakM), sem sje, að mennirnir eru ekki nógu fullkomnir og ekki er hægt að treysta þeim til að vinna eins vel fyrir aðra og þeir vinna fyrir sjálfa sig. Nú stendur dálítið sjerstaklega á. Annarsvegar er ríkissjóður þurfandi fyrir tekjur, en hinsvegar vill svo vel til, að sá maður, sem veitir landsversluninni forstöðu, er maður, sem allir treysta og þekkja að samviskusemi. Jeg get lýst því yfir, að af þessu tvennu er jeg fylgjandi tóbakseinkasölunni. Ef jeg bæri ekki sjerstakt traust til þessa manns, væri jeg á móti ríkisverslun með tóbak. Hv. frsm. meiri hl. (JakM) getur sagt, að jeg sje ekki samkvæmur sjálfum mjer, en munurinn er aðeins sá, að jeg færi línuna neðar en hann, en „princip"-munur er enginn.

Jeg hefi fengið svar frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. Skagf. (JS) við því, sem jeg spurði um, en mjer þykir undarlegt, að hafa ekki fengið svar við öðru atriði, og því hefi jeg beðið svo lengi með að tala, að jeg átti bágt með að trúa, að því yrði ekki svarað. Jeg á við fyrirspurnina til stjórnarinnar um það, hvort í kjölfar þess að leggja niður tóbakseinkasöluna eigi að koma afnám steinolíueinkasölunnar. Jeg játa, að jeg á ekki fulla kröfu á því, en jeg ætla, að svo sje náið nef augum, að menn hljóti að óttast, að ef tóbakseinkasalan verði lögð niður, sigli steinolíueinkasalan í kjölfar hennar, enda veit jeg, að allir þm. hafa heyrt, að þarna væri vegur til þess. En jeg get ekki neitað, að mjer hefði þótt það meiri kurteisi að svara slíkri fyrirspurn áður en sá þm., sem ber hana fram, er dauður.

Jeg þarf lítið að víkja að brtt. á þskj. 376. Bæði hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. 1. þm. Árn. (MT) hafa gert grein fyrir henni, og jeg get tekið undir ummæli þeirra. Jeg tel alveg sjálfsagt, að hún nái fram að ganga, því að ef frestað er um 1 ár, er fengin meiri reynsla um skipulagið. En þetta fæst ekki. Hæstv. fjrh. (JÞ) lýsti sig andstæðan því. En það á ekki að fara fram með meiri forsjá í

þessu máli en svo, að hæstv. fjrh. og hv. frsm. meiri hl. (JakM) hafa lýst yfir aðstöðu sinni, án þess að bera sig saman við aðra nefndarmenn. Það á ekki að gefa eftir.

Jeg verð ekki langorður úr þessu. Jeg á 2 atriði eftir. Það fyrra vildi jeg mega kalla sálfræðilega atriðið í þessu máli. Það fyrsta, sem þar blasir við, er það, að hæstv. ráðherra vill kasta burt 250 þús. kr. tekjum, *eftir* að vonirnar hafa ræst. Þá eru þeir 4—5 þm., sem fyrst og fremst styðja þennan ráðherra og hafa heyrt, að vonirnar hafa ræst, en halda áfram að styðja hann eftir framkomu hans. Loks er 6. þm. í þessum hóp (ÁJ), sem óskar eftir upplýsingum. Hann fær yfirlýsingu frá þeim ráðherra, sem hann treystir best, um að vonirnar hafi ræst, en ætlar samt að greiða atkvæði á móti. Hvernig á jeg annað en haggast í þeirri trú, að það sje alvara hjá þessum mönnum að vilja rjetta við fjárhag landsins? Jeg vil einkum beina því til hv. 2. þm. Skagf. (JS), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), sem jeg vil bera hina bestu sögu um samvinnu í fjvn., að það er erfitt fyrir mig að halda áfram að trúa því, að þeim sje alvara að vilja keppa að því að rjetta við fjárhaginn, þegar þeir kasta frá ríkissjóði 250 þús. kr. vissum tekjum á ári, þegar sá ráðherra, sem þeir treysta best, hefir lýst því yfir, að vonirnar hafi ræst.

Jeg býst við, að eftir örfáar mínútur fari fram atkvgr. í þessu máli, svo að þetta verða síðustu orðin, sem jeg fæ að segja. Jeg vil því enda mál mitt með örfáum orðum til viðbótar, sem þá eru kveðjuorð mín til föður þessa skipulags, sem, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) komst að orði, er skilgetinn faðir þess barns, sem nú er verið að bera út. Jeg ætla að kveðja hann með sögu úr fornu riti, og það ljótri sögu. Það á ekki illa við, því að það er ljótt mál, sem hjer á að koma í gegn, og ljótt verk, sem hjer er verið að vinna. Þessi saga er af því, að seint á Sturlungaöldinni fór Einar Ásgrímsson að Stað í Steingrímsfirði til þess að sækja heim Vigfús Gunnsteinsson. Sló hann hring um bæinn og kveikti í. Í liði Einars var Eyjólfur nokkur Rögnvaldsson. Rögnvaldur faðir hans var inni í eldinum, og það vissi Eyjólfur. Hann margbað föður sinn að ganga út, en það var árangurslaust. — Jeg efa ekki, að hæstv. atvrh. (MG) hefir gert margar tilraunir til þess að bjarga barni sínu, sem nú á að bera út. Jeg veit, að hann hefir margoft reynt að leiða flokksmönnum sínum fyrir sjónir, hvílíkt óhappaverk þeir væru að vinna, en það hefir ekki tekist, og því fer nú fyrir hæstv. atvrh. (MG) eins og fór fyrir Eyjólfi. Eyjólfur sagði: „Brendu þá inni, diöfuls karlinn.“ Hæstv. atvrh. segir: „Verði það þá borið út, barnið mitt.“

Atvinnumálaráðherra (MG): Um fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ) um steinolíueinkasöluna, þá vil jeg leiða athygli að því, að jeg hefi þegar áður lýst því yfir, að það er ekkert um það mál ákveðið, og það endurtek jeg hjer. Hann verður að láta sjer nægja það, því að hann getur ekki búist við, að jeg segi frá því, hvaða hugmyndir jeg kunni að hafa um þetta mál. Viðvíkjandi vonunum um tóbakseinkasöluna vil jeg benda á það, að þegar jeg talaði um, að vonirnar hefðu ræst, talaði jeg um ágóðann af einkasölunni sjálfri. Það fer ekki í bága við það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, því að hann tók tóbakstollinn með, og því verður ekki neitað, að tollurinn hefir reynst minni en áætlað var. Þetta er munurinn á okkar útreikningi, og jeg hefi aldrei heyrt hæstv.

fjrh. segja tekjurnar af einkasölunni minni en áætlað var 1921. Jeg skal ekkert um það segja, hvað þeir hv. þm., sem hv. þm. Str. nefndi, treysta mjer mikið. Þeir hafa aldrei gefið neina yfirlýsingu um það, að minsta kosti ekki í mín eyru; en það hafa þeir kannske gert í eyru hv. þm. Str. En út af brennusögunni vil jeg aðeins segja það, að hv. þm. Str. (TrÞ) finnur altaf í Sturlungu einhver dæmi, sem hann getur notað. Jeg hefi bent á það áður, að það er dálítið undarlegt, að hann skuli altaf finna nægilegt efni til að sanna með sitt mál úr sögu mestu ódrengskaparaldar, sem yfir Ísland hefir komið. Jeg kippi mjer ekki upp við, þó að hv. þm. Str. líki mjer við föðurmorðingja eða aðra slíka glæpamenn, því að jeg er orðinn svo vanur slettum úr þeirri átt. Þá læt jeg útrætt um þetta mál, en fer að eins og við 2. umr., að jeg greiði ekki atkv. Það má hver leggja það út eins og hann vill.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. meiri hl. (JakM) svaraði þeim orðum, er jeg hafði eftir einum nefndarmanna í dýrtíðarnefnd hæstv. stjórnar, með því að benda á, að eitt kaupfjelag hjer í Reykjavík hefði tapað fje. Þetta er ekkert svar. Þó að eitt kaupfjelag fari á höfuðið á þeim tíma, sem hundruð kaupmanna flosna upp hjer, er engin ástæða til að taka það fram. Þetta er því engin sönnun hjá hv. frsm. um kosti frjálsrar verslunar.

Þetta verður sennilega í síðasta skifti í lok þessa þáttar málsins, sem jeg fæ að tala, og vildi jeg láta fylgja vísu. Það hefir þegar verið sögð saga, sem átti vel við. Og vísan, sem jeg vildi láta fylgja málinu út úr þessari hv. deild, hefir líka verið ort um sumarmálin einu sinni, og þykir mjer hún eftir öllum atvikum eiga vel við. En hún er svona:

„Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá,
fyrrum frár á velli.
Krunk, krunk, nafnar, komið hjer,
krunk, krunk, því oss búin er
krás á köldu svelli.“

ATKVGR.

Brtt. 376 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald, BSv.

nei: JÞ, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JS.

MG greiddi ekki atkv.

Frv. samþ. með 14:13 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).

Á 61. fundi í Ed., mánudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Guðmundur Ólafsson: Jeg ætla ekki að segja mikið um þetta mál, en af því að jeg sá, að enginn bað um orðið, þá hjelt jeg, að það væri rjett að hafa svo mikið við málið að segja fáein orð við 1. umr. þess hjer, af því að það hefir verið rætt svo mikið í hv. Nd. Lög þessi voru samþykt árið 1921. Þá bar stjórnin fram frv. um það, að ríkið tæki að sjer einkasölu á tóbaki. Það var af því að ríkissjóð vantaði tekjur og hún áleit, að tiltækilegra

væri, að ríkissjóður tæki að sjer einkasölu á tóbaki, heldur en á þann hátt að ná tekjunum með tolli, sem þyrfti að hækka til mikilla muna, ef jafnmikið ætti að nást. Það, sem þá gerði, að jeg var með einkasölunni, var það, að mjer þótti hún betri en að hækka tollinn stórkostlega. Helstu andmælin voru þau, að einkasalan kæmi svo illa við hugi manna og að margir hjeldu, að það mundi vaka fyrir mönnum, að fleira skyldi á eftir fara, og það var ekki hægt að neita því, að um það leyti voru fyrir þinginu frv. um einkasölu á fleiru, t. d. um einkasölu á korni, en sú hefir reyndin á orðið, að jeg hefi aldrei verið hræddur um það, að þingið myndi svo skipað á nálægum tímum, að það myndi hafa mikinn byr, einkasala á mörgum vörutegundum, en annars álít jeg ekkert svo óhevrilegt við það, þótt ríkið hafi einkasölu á vöru eins og tóbaki, sem ætlast er til, að gefi ríkinu tekjur. Þetta var samþykt á þinginu, eins og allir vita, og með því var ætlast til, að ríkissjóður hefði 200 þús. kr. tekjur á ári, og það mun hafa staðið sig, að tekjurnar hafi orðið síst minni tvö fyrri árin en búist var við; mjög mikið hærri síðasta árið af þeim 3 árum, er einkasalan hefir staðið. Svo man jeg ekki til, að raddir hafi komið fram um það að afnema þessi lög fyr en í fyrra í hv. Nd., en þá var frv. felt þegar í þeirri deild og kom aldrei hingað. En það, sem mjer þykir einkennilegast við þetta, er það, að þeir, sem þá voru mestir mótstöðumenn þess, að tóbakseinkasalan væri lögð niður, eru nú ýmist flm. eða fylgismenn frv., þegar tekið er tillit til þess, að árið í fyrra gaf hvað mestar tekjur og að einn hv. þm. sagði í fyrra, að hann væri með tóbakseinkasölunni til þess að fá að sjá að ríkinu yrði tjón að því; honum gekk nú það til. En þegar hann og fleiri hv. þm. sjá, að einkasalan hefir veitt miklu meiri tekjur nú, þá koma þeir með frv. um að afnema einkasöluna. Þetta er að minsta kosti mjög einkennilegt og sýnir, að engu skiftir um fyrri skoðanir manna í þessu máli. Nú eru það 6 menn úr stjórnarflokknum, sem flytja þetta frv., en í fyrra einn einstakur þm., sem heyrir til mjög fámennum flokki í þinginu, svo að jeg vil halda, að aðrar málalyktir nú komi af því, hverjir það fluttu nú og hver það flutti í fyrra. Vegna þess, hvað þessi einkasala hefir gefið miklu meiri tekjur á síðastl. ári heldur en áður, og þegar svo er farið að fara um mál, að það skiftir aðallega máli, hver flytur þau, hvort þau ganga fram eða ekki, líst mjer ekki á, og þó að jeg búist ekki við, að þetta þing hafi heiður af mörgum málum, þá verður það hvað síst þetta mál.

Það mætti miklu meira segja um þetta, en af því að jeg er ekki einn af þeim þingmönnum, sem leggja það í vana sinn að lengja umr., þá vil jeg ekki segja meira. *(SE:* Hæstv. stjórn hefir nógan tíma). Jeg hefði kannske sagt meira, ef bæði hæstv. atvrh. (MG) og hæstv. fjrh. (JÞ) hefðu verið viðstaddir; en þeir eru hvorugur við. Framkoma þeirra er nokkuð óviðkunnanleg í þessu máli og sýnir nokkuð eindrægni hæstv. stjórnar innbyrðis.

Jónas Jónsson: Þegar þetta mál var til umr. á þinginu 1921 og samþykt var, tók einn af þeim þremur hæstv. ráðherrum það fram, að siðirnir væru farnir að brevtast í þinginu á þá leið, að menn töluðu lítið um málin við 1. umr. Jeg ætla nú samt að vera svo gamaldags að segja nokkur orð og athuga, hvernig stjórnarflokkurinn, sem stendur hjer að

því að kasta þessu á burt, hefir áður tekið í þetta mál og hverjar ástæðurnar eru. Jeg hefi áður sagt hæstv. atvrh. (MG) frá því, að jeg mundi víkja að meðferð hans á þessu máli, svo að ef hann vill ekki vera við, er það ekki mjer að kenna.

Þegar þetta mál var hjer til umr. á þinginu 1921, voru tveir þeir sömu ráðherrar, sem nú eru; hæstv. atvrh. (MG) var þá fjrh., sami dómsmálaráðherra, en sá maður, sem þá var atvrh., er nú dáinn. Það ráðuneyti hafði að miklu leyti sama stuðning, og margir af núverandi stuðningsmönnum stjórnarinnar voru sem sagt pottur og panna í því að koma á einkasölunni, eða að minsta kosti eindregnir stuðningsmenn hennar. Það, sem núverandi stjórn virðist leggja mesta áherslu á, er sú svokallaða frjálsa verslun, en nú er það ekki sama hugtak, sem meint er í öðrum löndum; þegar talað er í Englandi um „free trade", er það andstæða við tollvernd, sem átt er við, en hjer á landi hefir sennilega fyrir vankunnáttu þeirra manna, sem hafa tekið að sjer það sem kallað er frjáls verslun, hugtakið verið tekið og breytt merkingu þess, og kaupmannsverslun kölluð frjáls verslun. Alloft hefir þetta nafn verið notað í gagnstæðri merkingu við kaupfjelögin. Þetta hugtaksrugl stafar ekki af öðru en fáfræði þeirra, sem að Íhaldsflokknum standa. Þeir skilja ekki, hvað „free trade" þýðir, og hafa því snúið merkingu þess orðs upp á alt annað en það þýðir í öðrum löndum.

Nú vill svo vel til, að tveir þeirra ráðherra, sem nú eru í stjórn, voru líka við völd 1921. Báru þeir þá fram nokkur frv. um einkasölu, sem eru, eftir því sem þeir kalla nú, brot á frjálsri verslun, þar sem þeir kalla alla einkasölu nú einokun.

Hæstv. forsrh. (JM) bar þá fram frv. um einkasölu á lyfjum. Upp úr því fæddist aftur einkasala á áfengi. Ennfremur bar þáverandi atvrh. (Pjetur Jónsson) fram frv. um einkasölu á korni, sem allmjög var um deilt í þessari háttv. deild. Loks bar núverandi hæstv. atvrh. (MG), þáverandi fjrh., fram frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi, sem hann var svo heppinn að koma gegnum þingið.

Jeg er nú búinn að sanna, að þeir menn, sem nú vilja ekki, að landið versli með neitt, báru einmitt sjálfir fram frv. um einkasölu, og sum þeirra höfðu svo mikið fylgi, að aðeins einir þrír menn voru á móti hjer í deildinni, eins og var t. d. um tóbakseinkasöluna.

Þegar núv. hæstv. atvrh. (MG) lagði fram frv. um tóbakseinkasöluna, tekur hann fram í 7. gr. frv., að verslunin skuli leggja frá 15—50% á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Af því mjer þykir margt í greinargerð hæstv. atvrh. fyrir frumvarpinu vel sagt, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp örlítinn kafla úr henni. Þar segir:

„Frv. það, sem hjer liggur fyrir, má að ýmsu leyti telja að fari nýjar leiðir. Þó verður alls ekki sagt, að sú hugmynd sje ný, að ríkissjóður taki að sjer einkasölu, því að Alþingi samþykti 1917 lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka að sjer einkasölu á steinolíu, og einkasölu á kolum hafði landsstjórnin á hendi eigi allskamman tíma. Hinsvegar er það nýtt hjer á landi að taka einkasölu á tóbaki og áfengi. En ríkiseinkasala á tóbaki er alls eigi óþekt og því eigi heldur í þessu efni um nýja hugmynd að ræða. Í Svíþjóð hefir slík einkasala verið síðan 1. janúar 1915, og mun auk þess vera í

Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Austurríki, Ungverjalandi, Rúmeníu, Serbíu, Japan og víðar.“

Þá segir hæstv. ráðh. svo ennfremur í greinargerðinni:

„Tilgangurinn með einkasölu á tóbaki er að sjálfsögðu einkum sá, að útvega með því fje í ríkissjóð og ljetta þannig undir skattabyrði almennings. Er gert ráð fyrir, að tóbak, hvort heldur er vindlar, vindlingar, reyktóbak, neftóbak eða munntóbak, verði ekki, eða að minsta kosti ekki sem neinu nemur, dýrara en annars mundi, því að bæði mundi auðið að komast að betri innkaupum fyrir þann, sem hefir umráð yfir allri versluninni, en þegar hún er frjáls, og auk þess er það vitanlegt, að eigi alllítið er lagt einmitt á þessa vöru af stórsölum. Það virðist á engan hátt athugaverð stefna að ljetta skattabyrðina á þennan hátt, þar sem atvinna er með þessu eigi tekin af nema tiltölulega mjög fáum, því að smásala tóbaks verður að sjálfsögðu rekin eftir sem áður.“

Mjer finst jeg geta skrifað undir hvert orð í þessum rökstuðningi hæstv. núverandi atvrh. (MG). Enda hafa engin rök verið færð fram, sem hrundið hafa þessari skoðun hans. Því sorglegra er, að hann skuli ekki þora að standa við hana lengur. Því hefir verið haldið fram af hæstv. núverandi fjrh. (JÞ), — sem nú hefir flúið deildina ásamt flestum fylgifiskum sínum, af því að flóttinn sæmir málstað þeirra betur en vörnin — að vonirnar um gróða af einkasölunni hafi brugðist. Er því best að athuga það dálítið nánar.

Í athugasemdunum við frumvarpið 1921 gerir flm. áætlun um, að gróði einkasölunnar af tóbaki muni nema ca. 60 þús. kr., en af vindlum og vindlingum ca. 140 þús. kr. Með öðrum orðum, þegar einkasalan er komin í lag, gerir hann ekki ráð fyrir meiri tekjum af henni en ca. 200 þús. kr. En svo herfilega hafa menn vilst á þessum tölum, að einn andstæðingur einkasölunnar heldur því fram í fyrra, að gert hafi verið ráð fyrir 5—6 hundruð þús. kr. tekjum af henni. Þessi misskilningur mun stafa af því, að upprunalega var gert ráð fyrir, að áfengiseinkasalan væri í sambandi við tóbakseinkasöluna, og gerir flm., núverandi hæstv. atvrh. (MG), ráð fyrir, að tekjur af áfengiseinkasölunni muni nema um 400 þús. kr. Með því svo að slengja þessu hvorutveggja saman er hægt að fá nógu háar tölur til þess að hægt sje að halda því fram, að vonbrigði hafi orðið með tekjur af einkasölunni. Jeg vil nú benda á til frekari skýringar, að þau þrjú ár, sem einkasalan hefir staðið, hafa fjvn. altaf áætlað tekjur af henni í samræmi við fyrstu áætlun flutningsmanns. Fyrsta árið eru tekjurnar af henni áætlaðar 150 þús. kr. Að þær eru ekki áætlaðar meira, er fyrir þá sök, að þá eru í landinu miklar gamlar birgðir hjá kaupmönnum. Annað og þriðja árið eru tekjurnar áætlaðar 200 þús. kr. hvort árið. Nú vill svo vel til, að fyrir liggur skýrsla um landsverslunina. Á henni má sjá, að reynslan hefir orðið sú, að fyrsta árið hafa tekjurnar ekki orðið nema 100 þús. kr., eða 50 þús. minni en þær voru áætlaðar í fjárlögunum; annað árið standast þær áætlun, eru 200 þús. kr., en þriðja árið reynast þær 350 þús., sem er bókfærður gróði. Eru þær þannig miklu meiri en gert var ráð fyrir. Og af skýrslu landsverslunarinnar fyrir yfirstandandi ár er það sannað, að þá þrjá mánuði, sem liðnir eru af þessu ári, hefir salan verið miklu meiri en í fyrra á sama tíma. Og gróðinn verður þannig miklu meiri en hann hefir verið áður.

Það er því fyllilega sannað, að allur sá

blekkingavefur, sem um tóbakseinkasöluna hefir verið ofinn af hæstv. stjórn og fylgifiskum hennar, eru hrein og bein ósannindi, fals á tölum o. fl., þegar tekið er tillit til hinna fyrri ráðagerða hæstv. stjórnar og svo aftur, hver reynslan hefir orðið.

Við 1. umr. tóbakseinkasölunnar í hv. Nd. á þinginu 1921 segir flm. (MG) nokkur orð, sem enn eru orð í tíma töluð til þess að sannfæra stuðningsmenn hans.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg þá lesa upp dálítinn kafla úr framsöguræðu hans:

„Í ástæðunum fyrir frv. þessu eru færð rök að því, að vjer þurfum tiltölulega háa skatta, vegna staðhátta hjer á landi, og því sje það ekki undarlegt, þótt vjer í einhverju verðum að víkja frá alfaraleiðum í skattamálum. .... Fyrir mjer vakir hin brýna nauðsyn að útvega tekjur, og hjer sýnist mjer vera útvegur .... án þess að landsmönnum sje verulega íþyngt eða atvinna tekin af. mörgum. Jeg sje ekki betur en að vjer getum vel haft á hendi tóbaksverslunina sjálfir, eins og svo margar aðrar menningarþjóðir heimsins, og jeg sje ekki betur en vjer getum það að óskertum heiðri. Hjer er um vöruteg-und að ræða, sem ekki telst til nauðsynjavara.“

Ennfremur segir hann:

„Og jeg get alls ekki undir það tekið, sem jeg býst við, að sumir kunni að halda fram, að eigi sje fært að láta landið versla með neinar vörur, því að á öllu verði tap. Landsverslunin, sem nú er, hefir einmitt sýnt það, að þetta er ekki rjett, enda er það svo, að einasti tilgangurinn með frv. þessu er að auka tekjur ríkissjóðs, og ef jeg hefði enga trú á, að landsverslun gæti grætt fje, hefði mjer aldrei dottið í hug að flytja þetta frv.“

Það var mjög vel tekið í þetta mál flm. í háttv. Nd. 1921. Í fjhn. þeirrar deildar áttu þá sæti 7 menn. Hún klofnaði þannig, að 5 studdu frv., einn var á móti því, en einn fjarverandi, þegar nefndarálitið var skrifað.

Þeir, sem vildu samþykkja frv., voru: Magnús Kristjánsson, Jón Auðunn Jónsson, Sveinn Ólafsson, Þórarinn Jónsson og Hákon Kristófersson.

Á móti frv. var Jakob Möller.

Þessi nefndarmeirihluti lagði til, að frv. yrði samþykt með litlum breytingum. Af nöfnum þeim, sem jeg las upp, sjest, að fylgjendur frv. eru þrír Íhaldsmenn, sem allir eru nú á móti einkasölunni og fylgja afnámi hennar. Það eru: HK, ÞórJ og J-AJ. Hafa þeir því allir snúist síðan og hafa enga afsökun. Sá, sem því klauf nefndina 1921, var Jakob Möller, og hefir hann altaf verið trúr sinni skoðun síðan.

Við umr. í háttv. Nd. 1921 komu fram mjög góð rök með málinu, bæði frá flm. (MG) og fleiri stuðningsmönnum hans.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp nokkur orð, þar sem flm. er að svara einum af þm. Reykv., sem mælti gegn frv. Hæstv. núv. atvrh. farast þá þannig orð:

„Hann verður að viðurkenna það, að slík einkasala, sem frv. þetta fer fram á, er alls ekki nein ný bóla, og því er það undarlegt, að hann skuli verða svona hræddur. Það var ekki málaðar svona svartur fjandi á vegginn, þegar kolaeinokunin var á döfinni árið 1913, eða steinolíueinokunin árið 1917.“

Ennfremur segir hann:

„Hann spáir frv. þessu stuttra lífdaga. Við sjáum nú til. Vissara er nú samt að binda fyrir naflastrenginn á því; þetta getur orðið allra efnilegasta barn með tímanum.“

Það var mjög eðlilegt, að flm. vitnaði

til kolaeinkasölunnar, því að að henni stóð einn af forvígismönnum Heimastjórnarflokksins.

Þá er það mjög einkennilegt, að á þinginu 1921 líkir flm. tóbakseinkasölunni við barn, og það efnilegt barn, sem þurfi að hlynna að. Seinna fæ jeg eflaust tækifæri til að minnast á þau orð, sem fjellu í Nd., þar sem hugsuninni um barnið var haldið uppi, en á mjög sorglegan hátt fyrir hæstv. atvrh.

Þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð, sem fjellu hjá einum úr fjhn. á þinginu 1921, núverandi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ): Hann segir:

„Jeg hygg, ef farin er sú leið, sem stjórnin vill í þessu máli, þá þurfi ekki að hækka tollana, heldur muni stórsöluágóðinn vega upp á móti þeirri hækkun, en kaupmenn halda smásöluhagnaðinum jafnt eftir sem áður.“

Ennfremur segir hann:

„En jeg vil geta þess, að víða erlendis er slík ríkiseinkasala á ýmsum vörutegundum, t. d. bæði á Spáni og Ítalíu.“

Með þessum tilvitnunum er sýnt, að einn af meiriháttar stuðningsmönnum stjórnarinnar, bæði þá og nú, hugsar sjer, að aðeins stórkaupmennirnir muni líða tap við þetta fyrirkomulag. Smákaupmennirnir haldi sínum hagnaði eftir sem áður. Landið taki aðeins heildsalagróðann. Með þessu verði því aðeins tiltölulega fáir, sem tapi við breytinguna, en landið græði. Þetta er alveg sama hugsunin og hjá flutningsmanni.

Nú má vel vera, að smásalarnir megi hafa minni álagningu en þeir höfðu áður; en þar sem þeim er leyfð 25% álagning, verður að telja það sæmilegt, þegar þeir líka geta nálgast vöruna eftir hendinni, og þurfa því ekki að liggja með birgðir. Það er því eins og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og flm. (MG) hjeldu fram, að það eru stórkaupmennirnir einir, sem bíða tjónið. Þar sem það er nú sannað, að einkasalan hefir gefið meiri tekjur en gert var ráð fyrir í fyrstu, og það er játað af höfundi hennar (MG), þá er það ljóst, að það eru stórkaupmennirnir, sem eru það hreyfiafl, sem setur á stað afnám einkasölunnar nú.

Þar sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) segir, að meira að segja sje verslað í einkasölu með ýmsar vörutegundir bæði á Spáni og Ítalíu, gengur hann lengra en flm., og er því ekki að sjá, að hann sje hræddur við fordæmið.

Þá segir flm. ennfremur eftirtektarverð orð, og jeg vona, að samherjar hans leggi þau rök hans sjer á hjarta, því að þau voru bæði sönn og einföld. Getur líka verið gott seinna meir fyrir hv. Íhaldsmenn að minnast þess, að þeir hafi þó altaf einu sinni haft góðan málstað. Hv. flm. segir:

„Einokunin gamla bygðist á valdboði útlendrar stjórnar, en hjer tekur þjóðin sjálf einkasölu á þessum tilteknu vörum. Það er sá mikli munur, sem er á milli þess að fara sjálfur einn með verslun sína eða láta aðra fara eina með hana.“

Jeg verð að játa, þó jeg hafi ekki mikla aðdáun fyrir hugsanagangi þessa ráðherra, að þessi skýring er eitt hið besta, sem jeg hefi heyrt sagt í þessum efnum. Í þessum fáu orðum er hinum illræmda blekkingarvaðli, að einkasala þessi sje hliðstæð einokun frá 16. öld, þar sem stærri þjóð kúgaði aðra minni, gefið fullkomið rothögg.

Til þess að gera það ljóst, og til þess að það sjáist í þingtíðindunum, hverjir studdu flm. (MG) að því að koma einkasölunni á, hefi jeg skrifað hjá mjer nöfn

þeirra. Og telst mjer svo til, að alls 11 Íhaldsmenn hafi veitt frv. fylgi 1921 í hv. Nd. Þeir voru:

Björn Hallsson, Hákon Kristófersson, Jón Auðunn Jónsson, Jón Sigurðsson, Magnús Guðmundsson, Pjetur Jónsson, Pjetur Ottesen, Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson, Þórarinn Jónsson.

Við þennan hóp bættist svo við eina umr. í Nd. kaupmaðurinn Einar Þorgilsson.

Af þessum mönnum eiga nú sæti í hv. Nd. 6 menn, og hafa þeir allir snúist nú, án þess að þeir gætu fært fram frambærileg rök fyrir snúningnum, þrátt fyrir það, þó að ýtt væri undir þá að útskýra snúninginn.

Á þessu sama virðist bóla nú í þessari hv. deild hjá hinum hv. Íhaldsmönnum. Hjer eru enn nokkuð margir menn, sem stóðu að frv. 1921, og skal jeg nú, til þess að minna þá á, hvernig þeir stóðu þá, og gefa þeim tækifæri til þess að útskýra þann æðri skilning, sem þeir virðast sumir a. m. k. hafa fengið síðan, nefna nöfn þeirra úr Íhaldsflokknum, sem þá greiddu tóbakseinkasölunni atkvæði, en það eru hv. 3. landsk. (HSn), hv. þm. Snæf. (H-Steins), hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Ennfremur aðrir þrír, sem ekki eiga hjer sæti nú, þeir Sigurður Kvaran, Guðjón Guðlaugsson og Guðmundur Björnson. Á móti voru þáverandi þm. Vestm., Karl Einarsson, hv. 1. landsk. (SE) og núverandi hv. 2. þm. G.-K. (BK). Það er sem sje alveg ljóst, að allur Íhaldsflokkurinn, eða höfuðuppistaða hans, var þá málinu fylgjandi. Ennfremur skal jeg taka það fram, að hjer í deildinni voru allir Framsóknarflokksmenn með frv., og hefi jeg ekki orðið var við það, að þeir hafi fundið neina ástæðu til þess að skifta um skoðun síðan. Jeg verð nú að gera ráð fyrir því, vegna meðferðar málsins hjer í Ed. 1921, sem jeg hefi nú lýst, þá hljóti þetta frv. að verða felt nú við þessa 1. umr., þar sem jeg veit ekki annað en að við Framsóknarflokksmenn sjeum allir á móti því, og auk þess eru hjer allmargir úr Íhaldsflokknum, sem fylgdu lögunum frá 1921 og engin ástæða er til að ætla að hafi snúist, þar sem það er viðurkent, að einkasalan hafi gefið auk heldur meira fje í ríkissjóð en flm. málsins gerðu þá ráð fyrir. Jeg þykist líka vita, að hæstv. landsstjórn stilli svo til, að ekki verði lengdar mjög umr. um þetta frv., sem hlýtur að falla, ef ekki á að snúa ofan af allmiklum hluta Íhaldsflokksins. Jeg vil benda hv. þm. Vestm. (JJós), sem kallaði það snúning hjá mjer nýlega, að jeg óskaði eftir skýringum í máli, — jeg vil benda honum á það að hafa vakandi auga á því, ef flokksmenn hans greiða nú atkv. þvert ofan í það, sem þeir gerðu 1921. Það væri verklegur snúningur, en jeg ætla nú ekki að gera ráð fyrir öðru eins. En þó finst mjer það benda á vonda samvisku, að hv. þdm. eru óvenjuókyrrir í sætum sínum, eins og þá langi burt frá umr. En kannske ber það þó vott um uppbyggilegar tilfinningar, ef snúningur er af þeim heimtaður.

Einkasalan var sem sagt samþykt á þingi 1921, og árangurinn hefir orðið sá, að spádómur hv. flm. hefir ræst berlega. Undir eins á öðru ári var búið að ná áætlun, og var þó þá hörmungarár. Og á 3. ári komust tekjurnar langt upp fyrir áætlun, og nú á 4. ári einkasölunnar virðist sýnilegt, að gróðinn muni verða helmingi meiri en gert var ráð fyrir 1921. Þrátt fyrir þetta hefir verslunin liðið fyrir óvenjulegar ytri kringumstæður. Þannig

byrjaði ísl. krónan að falla skömmu eftir að versl. byrjaði, og hlaut það að verða henni til stórtjóns. Því hvað sem hæstv. fjrh. (JÞ) kann að segja um það, hversu mjúklega sjúkdómurinn byrjaði, þá má gera mun á reikningslegu lággengi og byrjun sjúkdómsins, meðan það var ekki sýnilegt leikmönnum, hvert stefndi. 1922 reyndist verslunarágóði ríkissjóðs 50 þús. kr. minni en fjárlögin gerðu þá ráð fyrir. Það var ekkert undarlegt, eins og tímunum var háttað, enda margbætt upp með hinum óvenjulega gróða síðustu missira. Kaupmenn hrúguðu inn tóbaki um það leyti, sem kreppan var að byrja. Sumt keypti landsverslun, en mest seldu kaupmenn sjálfir. Landssjóður fjekk tollinn af þessu tóbaki, en gróðinn af versluninni fór í aðra vasa. Yfirleitt veldur það miklum óþægindum að hringla aftur og fram með fyrirtæki eins og tóbaksverslunina, því verði hún lögð niður nú, þá er hjer um bil víst, að hún verður sett upp aftur eftir 2—3 ár. En það er sjáanlega til mikils skaða fyrir landið að þurfa að byrja af nýju, því í millitíð er víst, að kaupmenn munu hrúga inn geysimiklum tóbaksbirgðum, og tapaði landið á þann hátt stórfje, sem flm. laganna ætlaðist upphaflega til að gengi í ríkissjóð. Einmitt þetta hringl hefir það í för með sjer, að kastað er burtu miklu fje, sem mundi nægja til þess að leggja langa vegi og byggja dýrar brýr, ef þingið vildi það heldur en að láta það renna í vasa nokkurra heildsala, sem róa munu undir þessu frv. Reynslan hefir sýnt það, að þjóðin sættir sig vel við einkasöluna, að frátöldum fáeinum mönnum, sem áður ráku tóbaksverslun og hafa orðið fyrir talsverðu tapi. Það hafa flm. frv. 1921 líka sjeð fyrir. Þá var t. d. hjer í bænum eitt firma, sem álitið var að hefði haft ca. 40 þús. kr. tekjur af því að hafa umboðsverslun með eina tegund af tóbaki aðallega. Þetta er mikið fje, og maður skilur það, að þeir menn, sem svona stendur á fyrir, vilji heldur fá þetta fje í sinn vasa en að landið njóti þess. Slíkt er aðeins mannlegt, þó þeir vilji ná aftur í þennan gróða. En hinsvegar er ekki hægt að ásaka þingið, þó það líti fremur á hagsmuni almennings en gróða þessara manna. Jeg játa það, að jeg er samdóma flm. einkasölufrv. um það, að hagsmunir einstaklinga eru svo litlir í þessu efni, að ekki er á þá lítandi.

Sem sagt, einkasalan gekk vel. Og nú kem jeg að einu atriði, sem 1921 var notað sem rök á móti einkasölunni, sem sje það, að rekstur hennar mundi verða í ólagi. Það gæti farið svo, að illa hæfur maður yrði látinn hafa forstöðu hennar með höndum. Um þetta urðu talsverðar umr. í báðum deildum. Flm. sagði, að ef landið yrði svo óheppið að ráða slæman mann í fyrstu, þá yrði að reka hann. Nú vill svo einkennilega til, að við umr. um þetta mál, bæði nú og í fyrra, hefir enginn haldið því fram, a. m. k. ekki sem alvarlegum rökum, að forstaða landsverslunar hafi gefið illa raun. Þvert á móti. Jeg hygg, að ekki muni vera til nokkur maður í þjónustu ríkisins, sem sje minna tortrygður fyrir meðferð sína á opinberu fje en forstjóri landsverslunarinnar. Og þegar þess er gætt, að landsverslunin hefir verið bitbein milli tannanna á blöðum, sem gefin eru út af hring verslunarmanna, og aldrei hafa sjest í nokkru blaði aðdróttanir um það, að forstaðan væri óheiðarleg. Jeg held því, að þar sem flm. tóbakseinkasölunnar var svo heppinn að fá til hennar slíkan forstöðumann, þá sje þar með hrundið alvarlegustu röksemdinni, sem færð var fram móti einkasölunni

1921. Því að það var talsverð röksemd í því, sem hv. 1. landsk. (SE) hjelt þá fram, að slíkt gæti verið hættulegt fyrir ríkið. Höfuðhættan bæði fyrir þingið og stjórn landsins yfirleitt er auðvitað sú, að óheppilegir menn hafi afgreiðslu málanna með höndum. Og jeg veit, að allmikill hópur þingmanna í hv. Nd. hefir nú sannað þessa kenningu hv. 1. landsk. (SE) frá 1921, að því er til þessa máls kemur nú, því þeir hafa með atkvæði sínu kastað í vasa fáeinna einstaklinga hinum mikla gróða af þessari verslun. Slíkt er dæmi illrar ráðsmensku þeirra manna, sem hafa fjárráð almennings með hendi.

Jeg hefi áður minst á það, að 1921 klauf þessi deild einkasölufrv. það, sem þáverandi fjrh. bar fram, þar sem lagt var til, að víneinkasalan væri sameinuð lyfjaversluninni. Nú skyldi maður ætla, þar sem orðið hefir stórkostleg sjóðþurð í þeirri stofnun, að eitthvað yrði breytt til um hana. Þarna hafa tapast 20—30 þús. kr., og þrátt fyrir rannsókn hefir ekkert hafst upp um það, hvernig þessu sje varið. Ríkið hefir bara orðið þessum þúsundum fátækara. Hjer er engu breytt. Forstjórinn situr kyr, eins og ekkert hafi í skorist, þó hann beri ábyrgð á þessu óhappi siðferðilega. Þessi maður hefir tvöföld ráðherralaun, óátalið, og það er ekki minst á það af þessum berserkjum frjálsrar verslunar að leggja niður víneinkasöluna, og enn síður að laga hana, þrátt fyrir þessa ófyrirgefanlegu misfellu og margskonar sleifarlag. Það er fullkomlega vítavert, bæði af hæstv. forsrh. (JM) og ekki síður hæstv. fjrh. (JÞ), að hjer skuli ekki vera kipt í taumana og skift um forstöðumann, er hann hefir reynst óheppilegur fyrir stofnunina. Það stingur nokkuð í stúf við þessa herferð gegn tóbakseinkasölunni, þar sem þó ekki liggur fyrir svo mikið sem athugasemd frá endurskoðunarmönnum ríkisins, er sýni hina minstu misfellu. Og til þess að mönnum geti verið ljósara, hvað mikið er varið í þessi þögulu meðmæli, vil jeg minna menn á, að þessi endurskoðun er framkvæmd af öðrum eins reikningsmönnum og dr. Ólafi Dan. Daníelssyni og Gísla Ísleifssyni skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Það er því ekki aðeins að útreikningar hæstv. atvrh. (MG) hafi staðist, heldur hefir uggur hv. 1. landsk. (SE) reynst marklaus. Draumur flm. hefir meir en ræst hvað snertir verslunarhagnaðinn. En hræðsla hv. 1. landsk. (SE) hefir fullkomlega orðið sjer til minkunar. Þvert á móti hefir forstaðan við einkasöluna reynst svo góð, að hinir aðgætnustu endurskoðendur hafa ekkert haft við rekstrinn að athuga, sem nokkru máli skifti, og harðsnúnir mótstöðumenn hafa ekki treyst sjer til að kasta á hana steini. En á sama tíma bíður hin deild ríkisverslunarinnar þau álitsspell, sem telja má alveg óviðunandi. Og það ber vott um frábært hirðuleysi stjórnarinnar að láta það viðgangast, að leggja fyrst niður þá ríkisverslunina, sem rekin er á heilbrigðum grundvelli, en reyna auk heldur ekki til þess að endurbæta hina stofnunina, þar sem stjórnleysið og óreglan hefir verið á svo háu stigi, að hlaut að varða frávikning forstöðumannsins; því þó að hann hafi ekki verið valdur að sjálfu tapinu eða verið beint við það riðinn, þá er það að vera óheppinn í þessum efnum venjulega það sama og gera rangt. Má því til sönnunar benda á hið fræga dæmi frá Norðmönnum, er einn fylgismesti stjórnmálamaður þeirra, Berge, tapaði öllu þingfylgi sínu þegar það komst upp, að hann

hafði lánað fje til banka, sem ekki gat borgað. Og ekki aðeins að Berge glataði áliti sínu, heldur beið flokkur hans þann hnekki, að ekki þótti viðlit, að hann hjeldi áfram að fara með völdin, þótt hann væri stærsti flokkurinn í þinginu. Þannig er litið á slíka hluti þar, sem stjórnmál eru með meiri þroska en hjer. Jeg fæ ekki betur sjeð en að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá beri það vott, vægast sagt, um pólitíska spillingu, þegar á að kasta frá ríkinu tekjum, sem nema hundruðum þús. kr., til þess eins, að fáeinir borgarar í landinu, sem annars hafa góða atvinnu, geti grætt meira. Og til þess að koma þessu fram verður partur af þeim núverandi stjórnarflokki þess valdandi, að meiri hluti Íhaldsflokksins er þvingaður til þess að skifta um skoðun í málinu frá því, sem var fyrir nálega 4 árum. Og það sorglega atvik kemur fyrir, að einn úr hæstv. stjórn lýsir því yfir, að sjer hafi að vísu engar vonir brugðist í sambandi við einkasöluna, heldur hafi hún miklu fremur reynst öllum vonum betur. En þó lætur hann fyrirtækið falla. Hann situr hjá atkvgr. og borgar líklega dagsektir samkvæmt þingsköpum. Það er ótrúlegt, að nokkur maður skuli láta bjóða sjer slíkt. Það er kúgun, sem aldrei hefir átt sinn líka hjer á Alþingi. Það að greiða ekki atkv., var hjer sama og að greiða atkvæði á móti einkasölunni. En hitt, að greiða atkvæði eins og hv. 1. þm. Skagf. og flm. einkasölunnar (MG) vildi, samkvæmt sannfæringu og betri vitund, það var að tryggja landinu gróða og fella þetta frv.

Jeg býst við því, að ef svo fer, sem jeg vil ekki gera ráð fyrir, að fylgismenn stjórnarinnar hjer í þessari deild fylgja skoðanabræðrum sínum í hv. Nd. og kasta burtu tóbakseinkasölunni, þá sje það eitthvert það stærsta hneykslismál og alvarlegasta, sem gerst hefir á þessu landi. Það er búið að deila um það hjer í báðum deildum, hvort landið eigi að geta lokið við byggingu yfir geðveika menn, þar sem grunnurinn hefir beðið mörg ár fullgerður, en framkvæmdin strandað á því, að ríkið hefði ráð á 100 þús. kr. til þess að koma verkinu af. Þetta hefir ekki verið gert. Og nú á að kasta burtu tekjustofni, sem áætlað er að gefi 200 þús. kr. í meðalári og í góðu ári miklu meira — þessu á nú að kasta í vasa fárra manna. Það hefir líka lengi legið fyrir þinginu teikning og áætlun um landsspítala og verið talað fagurt um nauðsynlega framkvæmd þess máls, bæði af hv. 6. landsk. (1HB) og hæstv. forseta (HSteins). Sá hluti, sem áætlað er, að ríkissjóður leggi fram til þeirrar byggingar, er nokkuð yfir ½ miljón króna, að frátöldu gjafafje kvenna, sem vex árlega. Það lítur út fyrir, að þessu máli yrði hrundið í framkvæmd á næstu árum, ef landið legði fram 1—2 ára gróða sinn af tóbakseinkasölunni. En vegna fjeleysis er nú gert ráð fyrir, að það taki 5—6 ár. Og ef til vill fer hjer eins og á Kleppi. Þegar svo í þokkabót er búið að kasta burtu mestöllum tekjuskattinum, sem líklega verður gert nú, þá fer að verða þröngt fyrir dyrum um þessar framkvæmdir. Jeg hefi hjer nefnt þessa tvo spítala. En það er margt fleira, sem ekki er hægt að framkvæma vegna fjeleysis. T. d. eru öll stórhjeruð landsins slitin sundur af veglausum heiðum og óbrúuðum ám, svo ekki er vagnfært á milli þeirra. Og eins og hæstv. atvrh. (MG) tók fram fyrir 4 árum síðan, er hann flutti hjer frv. um einkasölu á tóbaki, þá hljóta skattarnir að verða hjer

einlægt tiltölulega þungir, vegna þess, hve þjóðin er fámenn en landið stórt. Við getum ekki lagt akveg yfir Holtavörðuheiði, milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðar, milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar o. s. frv., vegna fjeleysis blátt áfram, fyrir utan það, að enn eru margar ár óbrúaðar af sömu ástæðum. Það er þá nokkuð hastarlegt, þegar stofnað er til þess af stærsta flokknum hjer í þinginu að kasta burtu úr ríkissjóði fje, sem gæti nægt til þess að byggja árlega 2—3 brýr eins og brúna á Eyjafjarðará, sem er ein stærsta brú landsins. Það er ekki óviðeigandi við þessa umræðu að vekja athygli hv. þdm. á því, að þegar nú fjárlögin koma hjer til 2. umr. á morgun, og við þessir sömu menn förum að skera niður ýmsar smáupphæðir, en höfum í dag kastað burtu úr ríkissjóði hundruðum búsunda króna, þá fer samræmið í fjármálaráðsmensku þingsins að verða dálítið skrítið.

Jeg hefi þá farið yfir sögu málsins síðan einkasalan var stofnuð og sýnt fram á, að hæstv. atvrh. (MG) stofnaði hana til þess að afla landssjóði tekna. Áætlun hans hefir staðist, enda var einkasalan svo heppin að fá fyrir forstjóra góðan mann, og hefir enginn tortrygt heiðarleik hans af þeim, sem eru á móti einkasölu. Samhliða þessu hefir verð á þessari vöruteg-und ekki hækkað, þrátt fyrir verðfall íslensku krónunnar, og eins og sannaðist við 3. umr. í Nd., þá er tóbak yfirleitt ódýrara hjer heldur en í útlöndum. Þar hefir tóbak ekkert lækkað síðan 1921. Að landsverslunin hefir gefið vaxandi arð án þess að hækka verð á tóbaki, sýnir það, að fyrirtækið gengur vel, bæði inn á við og út á við.

Það vill nú svo illa til fyrir hæstv. forsrh. (JM), að hann studdi að því 1921, að þessi einkasala komst á. Sjálfur bar hann fram frv. um einkasölu á lyfjum, og einn af nánustu vinum hans bar fram frv. um einkasölu á korni. Og svo var það hæstv. atvinnumálaráðh. (MG), sem kom þessari einkasölu á. Annaðhvort hefir nú hæstv. forsrh. (JM) og þeir, sem vilja drepa tóbakseinkasöluna, öðlast nýtt ljós þekkingar, eða þá að þeir eru í fullu ósamræmi við sjálfa sig. Og jeg vildi þá óska, að þeir gæfu okkur hinum einhvern glampa af þessu ljósi líka, svo að okkur gefist tækifæri til að snúast, ef í því er fólgin hin sanna sáluhjálp. En ef ekkert hefir komið fram, sem máli skiftir, á þessum 4 árum annað en það, að fyrirtækið hefir gengið vel, þá sjest af því, að þeir, sem greiddu málinu atkvæði 1921, en eru nú á móti því, eru undir annarlegum áhrifum, og má búast við, að þeir skýri frá, hvort þau eru þess eðlis, að þingið verði að taka tillit til þeirra. En þótt það sjeu 4—5 tóbakskaupmenn hjer í bænum, sem vilja afnema einkasöluna, fæ jeg ekki sjeð, að það sje frambærileg ástæða til þess að gera landssjóði svo mikið mein.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki beint að tala um þetta mál. Jeg hafði engin afskifti af því 1921.

Háttv. 5. landsk. (JJ) fór rangt með það, að engin breyting hefði verið gerð á útsölu áfengisverslunarinnar út af sjóðþurð þeirri, er þar varð. Báðum aðalmönnunum, sem talið var, að gætu átt sök á sjóðþurðinni, var af mjer tafarlaust vikið frá og mál höfðað á móti þeim báðum, og er það ekki enn útkljáð. Og öllu fyrirkomulaginu hefir verið breytt þannig, að landssjóður geti ekki tapað. Held jeg, að ekki hafi verið hægt að taka fastari tökum á því máli en gert hefir verið. En

málið er óútkljáð og ekki vert að vera að tala um það nú.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi heyrt glepsur úr ræðu hv. 5. landsk. (JJ), og alt það, sem hann sagði um málið, hefi jeg heyrt betur sagt í Nd. En þar sem það var alt hrakið þar, finn jeg ekki ástæðu til að endurtaka það hjer, því að það er þýðingarlaust að vera að tvíprenta það í Alþingistíðindunum.

Jeg lít svo á, og hefi fært rök fyrir því, að frv. sje ekki fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð. Annað ætla jeg ekki að segja nú.

Jónas Jónsson: Það er varla hægt að hugsa sjer ánægjulegri aðstöðu í nokkru máli en þá, sem jeg hefi nú að því er þetta mál snertir; — andstæðingarnir hafa tekið til fótanna og flýja af vígvellinum, vegna þess að þeir treystast ekki til að verja lengur sinn málstað. Þegar málið kom hjer til umræðu, hvarf allur þorri flokksmanna stjórnarinnar burt úr deildinni. Þeir segjast að vísu vera búnir að ræða málið annarsstaðar, en hjer var ekki einu sinni hægt að fá stjórnina sjálfa til að skýra frá afstöðu sinni, þótt henni væri boðið að verjast. Þegar jeg ljet frumkvöðul þessa máls, hæstv. atvrh. (MG), vita, að jeg ætlaði að tala um þetta mál og ljet hann vita, að jeg vænti þess, að hann kæmi og lýsti sinni afstöðu til málsins, svaraði hann mjer því einu, að sjer kæmi málið alls ekkert við! Ánægjulegri þrotayfirlýsingu en þetta er ekki hægt að hugsa sjer. Þessi maður, sem var frumkvöðull að því, að tóbakseinkasalan var upp tekin og barðist hraustlega fyrir því máli fyrir fjórum árum síðan, segir, að málið komi sjer nú alls ekki við! Þetta mætti ef til vill skilja svo, að hann teldi sjer nú svo vissan meiri hluta í þessari deild, að hann teldi óþarft að ræða málið frekara, og þannig mátti einnig skilja orð hæstv. fjrh. (JÞ), er hann sagði, að rök mín hefðu þegar komið fram í Nd. Ef þetta væri rjett, þá væri nóg að hafa aðeins eina deild og láta sitja við þann úrskurð, sem þann veg yrði lagður á málin. Það er nú t. d. nýbúið að afgreiða fjárlögin frá Nd. Vill þá hæstv. fjrh. láta sjer lynda þann úrskurð, er þau fengu þar? Jeg held, að þetta sje ekki rjett; jeg held, að það eigi að ræða málin af viti og með alvöru í báðum deildum, því að þó að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi látið sitt ljós skína í Nd., þá koma þau rök, er hann kann að hafa borið fram þar, ekki til greina hjer í Ed. Þetta er því augljós vottur þess, að stjórnin treystir sjer ekki til að verja málið, þótt hún sje knúð af verslunarstjett landsins til að veita einkasölunni banasár. Jeg veit annars ekki, hvað hæstv. forseti (HSteins) hefði sagt við mig, ef jeg hefði lýst því yfir, að jeg ætlaði alls ekki að ræða það mál, sem á dagskrá væri, en mundi tala um eitthvað, sem væri því alveg óviðkomandi. Hæstv. forsrh. (JM) sagðist ekki mundu ræða þetta mál, heldur ætlaði hann að tala um vínverslun ríkisins, sem hann og gerði. *(Forseti HSteins:* Þm. gaf sjálfur tilefni til þess). Hann gerði það að aðalástæðu til þess að ræða málið, að til hans sneri jeg ádeilu minni út af afskiftum hans af þessu máli fyrrum og nú. Þegar tóbakseinkasalan var stofnuð fyrir fjórum árum síðan af núverandi stjórn, að mestu óbreyttri, þá var því haldið fram af andstæðingum málsins, að erfitt mundi að finna hæfan forstöðumann fyrir þessa einkasölu. Jeg benti á það í ræðu minni áðan, að forstöðumaður og alt stjórnarfyrirkomulag tóbakseinkasölunnar

hefði þegar staðist hina allra ströngustu gagnrýning, sem hugsanleg hefir orðið, og þess vegna vildi stjórnin leggja hana niður, en það væri til önnur einkasala í ríkinu — áfengisverslunin, sem mjög væri ábótavant, að vel væri stjórnað, og þess vegna ætti hún að standa framvegis, og hefir hæstv. forsrh. (JM) sjálfur viðurkent það, sem vitanlegt er orðið, að þar hefir komið fyrir sjóðþurð um 30 þús. kr. Málið kom að vísu fyrir dómstólana, og voru eitthvað einn eða tveir menn dæmdir í nokkrar smásektarupphæðir, en sýknaðir að öðru leyti, og hefir það eflaust verið rjett, en halli ríkissjóðs er engu minni fyrir þetta. Nú kvað málið vera fyrir hæstarjetti og dómur í því ekki fallinn ennþá; en því kemst hæstv. forsætisráðherra (JM) ekki framhjá, að enginn minsti skuggi er til af líkum fyrir því, að landið fái aftur nokkurn eyri af þessu fje. Það, sem fæst, verður aðeins það, að ef til vill fá einn eða tveir menn einhverja hegningu auk sektanna, sem þeir hafa áður verið dæmdir í; það er alt og sumt. En það, sem jeg tel vera aðalatriðið í þessu máli, er það, að forstöðumaður þessa fyrirtækis sleppur alveg og situr áfram í stöðu sinni með 18 þús. kr. að launum á ári; og meiri hl. þessarar deildar gaf honum í fyrra vetur þá traustsyfirlýsingu að neita að taka við stórmiklum tekjum í ríkissjóð af áfengisversluninni, — aðeins af þeirri ástæðu einni, að þá hefði orðið að leggja niður þetta kostnaðarmikla forstjóraembætti, og þó var þá þegar komin fram þessi sjóðþurð, sem dómstólarnir eru nú að dæma menn fyrir. Það er fyrir þetta, sem jeg átel hæstv. stjórn, að hún lætur þennan mann vera áfram í þessu embætti, mann, sem er svo óheppinn í vali sinna undirmanna, að hann tapar 30 þús. kr. þeirra vegna. Þessum manni þarf endilega að halda í embætti, þó landið t. d. tapi 100 þús. kr. í tekjurýrnun þess vegna!

Þá bar hæstv. forsrh. (JM) það fram, að þessi maður hefði ekki ráðið sjálfur undirmenn sína, heldur hefði stjórnin gert það. En ef svo er, þá hefir maðurinn sýnt óverjandi roluhátt. Það er enginn vafi á því, að manninum bar skylda til að ráða sjálfur sína undirmenn. Það er ekki nema um tvent að gera, að annaðhvort hefir forstjóri vínverslunarinnar valið sjálfur sína undirmenn eða látið aðra gera það fyrir sig, og ber hann því sjálfur alla ábyrgð á rekstri fyrirtækisins gagnvart þjóðfjelaginu, hvort heldur sem hefir verið. Hann ber ábyrgðina vegna þess, að honum bar að ráða mennina sjálfur og þeir starfa á hans ábyrgð. Vörn hæstv. forsrh. (JM) er því ekki veigamikil, en þar sem allur verslunarrekstur þessa fyrirtækis hlaut að vera, eins og hann er og var, á ábyrgð forstjórans, þá verður ekki dregin af þessu önnur ályktun en sú, að þeir, sem gera illa, fái feit embætti og önnur fríðindi í staðinn, en hinir, sem hafa staðið samviskusamlega í stöðu sinni, verði að láta af þeim störfum og embætti þeirra lögð niður og allri slíkri starfsemi hætt. Það er ekki að undra, þó að vörn hæstv. stjórnar í þessu máli sje hálftæp, því að allar grundvallarreglur, sem stjórnin hefir áður fylgt í þessu máli, hefir hún sjálf brotið eða haft að engu; þess vegna vill hún hylja sjóðþurð vissra manna og halda ónýtum mönnum í dýrum embættum hliðstæðra fyrirtækja.

Aðalatriðin í vörn stjórnarinnar í tóbakseinkasölumálinu eru þau, að atvrh. (MG) telur málið sjer óviðkomandi, fjrh. (JÞ) segir, að landið tapi engu á samþykt þessa frv., og forsrh. (JM) segir, að áfengismálið sje gott og blessað. Ef það

væri rjett, sem hæstv. fjrh. (JÞ) segir nú, þá tekur hann aftur alt, sem hann og 11 flokksmenn hans sögðu 1921, en sjerstaklega ómerkir hann orð og athafnir stjettarbróður síns og núverandi fjelaga í stjórninni, hæstv. atvrh. (MG), á þinginu í fyrra og eins árið 1921 í umr. í Nd. þá. Þessa menn gerir hæstv. fjrh. (JÞ) að ómerkum mönnum. Þeir bygðu einkasöluna á því, að hún ætti að ná kaupmannagróðanum í ríkissjóð, en ekki á hækkun tóbaksverðsins, sem heldur hefir ekki orðið. Verðið hefir ekki verið hærra hjá einkasölunni en hjá kaupmönnum. Jeg læt þó þessa staðreynd fara fram hjá mjer að þessu sinni, en læt mjer nægja að vísa til þess, sem samherjar hans 1921 og stjettarbróðir, sem hann nú hefir gert að ómerkum manni, sögðu 1921, er þeir bentu á 9 stór og voldug ríki, sem höfðu hjá sier einkasölu á tóbaki o. fl. til þess að græða á.

Jeg hefi nú sýnt fram á, hversu veigalitlar ástæður hæstv. stjórn hefir haft fyrir sig að bera, enda hefir nú stjórnin og flokksmenn hennar þegar gefist upp og þora nú ekki lengur að ræða málið. Rök þeirra eru nú brotin, og þarf jeg ekki nema að skírskota til framkomu hæstv. forsrh. (JM) og hæstv. atvrh. (MG) til að sýna fram á, hversu skoðanabrigði eða hringl þeirra er mikið. Þegar þeir voru báðir í sömu stjórn fyrir 4 árum síðan, báru þeir fram mörg einkasölufrv. Aðstaða hæstv. atvrh. (MG) nú hefir þegar verið skýrð til fulls; hann hefir látið á sjer skilja, að hann sje ennþá sömu skoðunar og áður. En hæstv. forsrh. (JM) ætlar að skjóta sjer undan allri ábyrgð með því, að hann hafi ekki haft atkvæðisrjett um þessi mál á þinginu 1921. Þó hann að vísu gæti ef til vill skriðið undir það, að aðrir ráðherrar í sömu stjórn gætu borið fram frv., ef þeir vildu, þó form. stjórnarinnar væri þeim ekki samþykkur, þá eru þar þó vissulega takmörk fyrir, hversu langt verður farið í því efni, og stjórnarformaðurinn er það þó, sem valið hefir meðstjórnendur sína, og getur hann þá látið þá fara, ef hann getur ekki lynt við þá lengur, eða þá að stjórnin öll segir af sjer. Á Frakklandi kom það t. d. fyrir nýlega, að fjármálaráðherra þar varð að fara frá vegna þess að hann var ósamþykkur stjórnarformanninum í skattamálum, og var nýr fjármálaráðherra valinn í hans stað, sem hafði það embætti nokkra stund, þangað til öll stjórnin varð að fara frá. Þetta skýrir ljóslega, hvað ráðherrunum ber að gera, þegar slíkur skoðanamismunur kemur upp innan stjórnarinnar. Ef hæstv. forsrh. (JM) er ósamþykkur hinum ráðherrunum, þá eitt af tvennu, skiftir hann um menn í stjórninni eða segir af sjer. Að hann sagði ekki af sjer stjórnarformensku 1921, sýnir það, að í raun og veru vildi hann bera ábyrgð á öllum einkasölufrv., þó að hann greiddi ekki atkv. um þau. Hann ber því alveg eins ábyrgð á þeim eins og þáverandi fjrh. Stjórnarformaðurinn ber ábyrgð á allri stefnu stjórnarinnar, þar til hann neitar að gegna stjórnarformensku, ef stjórnarstefna hans mætir of mikilli andstöðu.

Það mun sjást við atkvgr., að þessari umr. lokinni, hversu margir þeir eru af fyrverandi fylgismönnum einkasölunnar, sem nú hafa á einhvern leyndardómsfullan hátt snúist á móti því máli, sem þeir báru fram til sigurs fyrir aðeins fjórum árum síðan.

Jeg læt mjer svo nægja í þetta sinn að hafa sýnt fram á, að einkasölumál þetta

segja Lófóten. Þetta er gamalt orð og er kvenkyns. — Jeg tel rjettara að vísa þessu máli til sjútvn. heldur en til hinnar ágætu mentmn., sem mun þegar vera hlaðin ennbá þýðingarmeiri störfum og stefnir vafalaust að enn hærra marki en hjer getur verið um að ræða.

Flm. (Jakob Möller): Það er óþægilegt, þegar flm. er aðeins einn, að háttv. þm. þevmi að láta liós sitt skína þangað til flm. er margdauður.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) talar af misskilningi, þar sem hann heldur því fram, að ekki sje hægt að koma þessum tækjum fyrir í smábátum. Jeg hygg, að þau tæki, sem hann hefir í huga, muni vera eldri en þau, sem hjer er um að ræða. Hans fróðleikur í þessu efni mun því ekki vera nýr af nálinni. Jeg get vísað í grein Gísla Ólafsonar í Símablaðinu, þar sem hann gengur út frá, að lögboðið verði að hafa þessi tæki á mótorbátum. Það mundi hann ekki hafa sagt, hefði hann ekki vitað, að það væri hægt. Hvað því viðvíkur, að sjómenn muni ekki vera „interessaðir" fyrir áliti Reykvíkinga um veðrið, má benda á, að hjer er veðurathuganastofa, og þó að hún sje ekki fullkomin enn, má búast við, að henni fari fram. Og það er víst, að það helsta, sem hægt er að gera til þess að afstýra sjóslysum, er það að reyna að sjá fyrir veðurbreytingar og koma boðum um þær til sjómannanna. Úr því jeg er staðinn upp, skal jeg skjóta því til hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að það mun vera misskilningur hjá honum, að ensku fjelögin hafi aðeins tekjur af tækjasölunni. Þau munu einnig hafa árlegt gjald.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætla engu að svara hv. þm. Dala. (BJ) öðru en því, að ræða hans var gott sýnishorn þess, hvernig sumir hv. þm. nota hvert tækifæri til þess að þrátta, í stað þess að nota mælsku sína og þekkingu til þess að styðja að góðri afgreiðslu þjóðþrifamála.

Bjarni Jónsson: Jeg þarf ekki að svara hv. þm. (ÁÁ) öðru en því, að hann er viðurkendur einstakasti þráttari þessa þings. Hann veður uppi og þráttar í hverju máli og vill altaf hafa síðasta orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til sjútvn. feld með 13:7 atkv.

Frv. vísað til allshn. með 13:8 atkv.

Á 66. og 67. fundi í Nd., dagana 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 308, n. 364).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Nefndin hefir nú gefið út eins ítarlegt álit um málið og kostur er á. Þetta mál er erfiðara viðfangs en flest önnur mál, því að það eru aðeins fáir menn, sem geta gefið upplýsingar, er að gagni geti komið. Þetta er nýtt, og ekki hægt heldur að byggja á útlendri reynslu, eins og um margt annað. Þess er því ekki að vænta, að hv. þdm sjeu inni í málinu.

Það, sem fyrir nefndinni lá, var að líta á, hvort þetta útvarp væri æskilegt eða ekki, en hún var einróma í að leggja það til, að málinu yrði sint. En jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort hún hefir

aðferðir til þess að afla tekna til að halda uppi útvarpsstarfsemi. Önnur er sú, að fjelagið hafi einkasölu á öllum tækjum, er til þurfa, en ekkert árgjald. Hin sú, að árgjald sje greitt, en sala tækjanna frjáls.

Ágúst Flygenring: Jeg get tekið undir með hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að þetta eigi ekki að vera gróðafyrirtæki. En það getur verið menningarfyrirtæki, og því er rjett, að hið opinbera ljetti undir með því. Aftur á móti er jeg ekki trúaður á, að þetta sje eins þýðingarmikið og orð er á gert að því er snertir sjómennina. Sjóslys hjá okkur eru flest á opnum bátum og mótorbátum. Stærri skipin hafa loftskeytatæki, miklu fullkomnari en þau tæki, sem hjer er um að ræða. Móttökutækjum af þessari gerð mundi ekki hægt að koma fyrir í opnum bátum, svo að þetta hefði ekki verulega þýðingu fyrir sjómenn. *(ÁÁ:* Svona tæki eru notuð í Lófóten). Mjer er ókunnugt um það, en þykir ólíklegt, að það geti haft mikla þýðingu. Eftir því sem jeg þekki til í Sandgerði t. d., þá skil jeg ekki, að svona tæki gætu haft mikla þýðingu þar. Þar búa veðurglöggir menn, og jeg býst við, að þeir yrðu litlu nær, þó þeir fengju að vita álit Reykvíkinga um veðrið. Það má vel vera, að þessi tæki standi til bóta, en að svo komnu geri jeg ekki mikið úr gagnsemi þeirra fyrir smábáta.

Mjer sýnist rjett að vísa þessu máli til mentmn.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að játa, að vantrú mín á menningarhlið þessa fyrirtækis hefir að ýmsu leyti styrkst við að hlusta á ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann talaði um, að lesa mætti Íslendingasögur og varpa út yfir landið. — það yrði þá einhverskonar kvöldvökulestur hjer í Reykjavík, sem landsmenn fengju að njóta. Jeg býst nú ekki við, að þessi tæki verði svo almenn, að þau komist inn á hvert heimili, og þá tel jeg betra, að fólkið læri að lesa og lesi síðan sjálft. Öðru máli er að gegna með hljóðfærasláttinn. Á þennan hátt er hægt að ná í hljóðfærasláttt, sem annars er ekki kostur á hjer, og það er einkum nauðsynlegt vegna þess, að hjer er mönnum bannað að kaupa hljóðfæri. Er víst litið svo á, að þau sjeu lítið nauðsynleg, en þetta útvarp á þá kannske að koma í staðinn fyrir hljóðfæraleysið.

En það, sem hv. þm. (ÁÁ) mintist á, að þetta ljetti mönnum enskunám, þá er það í mínum augum ekki mikið menningaratriði, þar sem um er að ræða eitthvert lakasta mál heimsins. Það kann að vera, að nauðsynlegt þyki að stofna slíka kenslustöð til þess að keppa við þá menn, sem eru að draga fram lífið með því að kenna þetta mál. *(ÁÁ:* Er þýska betri?). Það veit hv. þm. of vel til þess, að hann þurfi að spyrja, að þýska er miklu betur bygt mál. En hinsvegar minnir þetta mig á hina fögru ræðu hans um lögreglu á sjó, þar sem hann talaði um, að gott væri að búa undir arnarvæng Englendinga. Hann mun ætla sjer að hlusta þar á þennan dásamlega arnarsöng. Jeg leyfi mjer að efast mjög um þá miklu menningu, sem þetta á að hafa í för með sjer. En það kemur fram hjer sem oftar, að þessi hv. þm. (ÁÁ) þenur sig um alt, hvort sem hann hefir vit á því eða ekki.

Jeg vil halda mig við það, sem jeg hefi áður tekið fram, að bót getur að þessu verið fyrir smábáta. Þó að jeg hafi ekki mikla þekkingu á þessum tækjum, þykir mjer líklegt, að þau geti gagnað smábátum víðar en í Lófót. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það er ekki rjett að

það þó gert mikið gagn. Á þá sennilega að berast út um landið sú speki og mikla menning, sem lýsir sjer í tali manna á þessum stað. Jeg skal minna á, að mjer hefir verið kappsmál og jeg hefi reynt að koma því á, að skrifarar hjer í þinginu lærðu „stenografi", eða hraðritun, og það hefir ekki strandað á því, að skrifararnir sjálfir væru ófúsir að læra eða gætu ekki orðið fullfærir fyrir næsta þing, heldur því, að hv. þingmönnum hefir víst þótt viðsjárvert, að ræður þeirra kæmu fram eins og þær eru haldnar. En jeg vil benda á, að ekki væri síður hættulegt að hafa eitthvert eyra hjer í salnum, sem tæki við ræðunum, og munn einhversstaðar utan við, sem flytti þær út um alt land. Hv. þingmenn ættu að ugga að sjer áður en það er orðið um seinan. En þó að jeg efist nokkuð um menningaráhrifin hjeðan, þá býst jeg við, að mörgu yrði varpað út, sem ekki hefir meira menningargildi en það, sem hjer er haft fyrir stafni. Það er þó eitt atriði í þessu máli, sem líta verður á. Það er, ef þetta eykur öryggi manna á sjónum, þannig, að skip, sem ekki hafa loftskeytatæki, geta fengið fregnir úr landi. Mannslíf hvert verður ekki metið til fjár. Jeg hefi heyrt, að margir hafi komist við út af þessu mikla manntjóni, sem nú hefir orðið við strendur landsins. Það kennir margur þegar kemur að hjartanu, og menn verða vafalaust fúsir á að stuðla að því, að mannhættan á þessu sviði minki.

Það er eftirtektarvert, að komið hefir fram við umræðurnar, að mönnum virðist vera mesta kappsmál, að þeir, sem að fyrirtækinu standa, græði ekki á því; hafi aðeins vexti og hreint ekki meira. Sjest af þessu, að menn vilja ekki kosta miklu til öryggis sjómannanna. En þessu fyrirtæki fylgir talsverð áhætta, 100 þús. kr. er töluvert mikill höfuðstóll hjer á landi, og það eru meiri líkur til þess, að þetta beri sig ekki fyrst í stað. Segi jeg þetta til þess að benda á, að samræmi verður að vera í umhyggju manna fyrir sjómönnunum. Jeg hefi oft staðið menn að því, að þeir hafa með atkvæði sínu gert alt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að drepa menn. Það má kannske segja líkt og Sókrates, að gott sje að vakna upp einhvern daginn með eilífð glaða kringum sig, eða þá að sofa eilífum svefni, — hvorttveggja sje gott. En hvað sem því líður, þá er ekki óalgengt hjer, að menn, sem áhuga hafa fyrir einhverju gagnlegu starfi, sjeu drepnir með mestu stillingu.

Annars mun jeg fylgja þessu frv. með atkvæði mínu.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg er ekki eins efagjarn og hv. þm. Dala. (BJ) um, að þetta verði til menningarbóta. Má t. d. benda á, hve miklu væri hægra um fyrirlestrahald í skólum, þar sem bestu fyrirlesararnir gætu orðið kennarar í skólum úti um alt land. Jeg geri ráð fyrir því, að þeir, sem hafa trú á fyrirlestrum, fagni því, að sem flestir geti heyrt þá. Fyrir fornsagnalestri ætti þetta ekki að spilla, því að þær mætti m. a. lesa í víðboðið. En mesta þýðingu hygg jeg, að þetta hefði vegna skeyta frá enskum stöðvum, sem íslenska stöðin mundi endurvarpa. Þannig mundi berast hingað hljóðfærasláttur og ræður, sem útbreiða mundi enskt mál, svo að eftir einn áratug yrði líklega enskan aðalmálið, sem setti okkur í samband við umheiminn. Jeg skal geta þess út af ræðu hæstv. atvrh. (MG), að hjer virðast allir sammála um, að þetta eigi að vera áhugafjelag. Mjer er ekki kunnugt um, að ensku fjelögin hafi aðrar tekjur en af sölu tækjanna. Það munu annars vera hafðar tvær

hefir einnig tekið fram, að það er stjórnin, sem á að semja gjaldskrá.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vísu ákvæði til í frv., sem komið gæti í veg fyrir, að þetta yrði gróðafjelag, ef það væri notað, en mjer fanst það ekki koma nógu skýrt fram. Og eitt gæti líka vilt; það eru ákvæðin um heimild til þess að framselja einkaleyfið öðrum. Það á þá að ganga kaupum og sölum eins og hvert annað gróðafyrirtæki. En það á ekki að koma til mála. Fjelagið á að vera íslenskt fyrirtæki. Það kvað þurfa um 100 þús. kr. til þess að hægt sje að setja fyrirtækið á stofn, og er það ekki mikið, þegar á ágæti starfseminnar er litið. Hjer hefir nýlega orðið slys, sem leitt hefir til meiri fjársöfnunar. Landssjóði ætti sannarlega ekki að vera ofvaxið að leggja eitthvað af þessu fje fram, ef verða mætti til þess að afstýra slysum, eins og vænst er. Þó það þyrfti 200 þús kr., þá efast jeg ekki um, að hægt yrði að fá það fje hjer innanlands.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kvað ekki að marka það, þótt ensk fjelög tækju 7%, því þau græddu jafnframt á sölu verkfæranna. En þau taka einmitt 7% af verkfærunum. Fyrst var dálítil óánægja með þennan fjelagsskap, en þá var horfið frá því ráði að láta hann greiða hærri arð. Þó eru þar uppi raddir um, að ríkið taki þennan rekstur að sjer, og svo er búist við, að verði á sínum tíma í riti, sem jeg hefi lesið nýlega, eftir forstjóra enska útvarpsins. Þó tekin sjeu 7% á Englandi, mættu það vera 9% hjer, vegna hinna háu útlánsvaxta hjer á landi. En ef fjársöfnunin er rjett rekin, þá á að vera auðvelt að ná þessu fje. Sá maður, sem forgöngu hefir í þessu, er vel að sjer og mun starfa meira af áhuga en gróðahug. En jeg þykist sjá við þessa umræðu, að mönnum er þýðing þess atriðis ekki eins ljós og skyldi.

Flm. (Jakob Möller): Jeg held, að það sje misskilningur, að enska fjelagið megi ekki taka nema 7% af tækjasölunni. Þó skal jeg ekkert um það deila. En það er, eins og jeg gat um áður, öðru máli að gegna, af því að verksmiðjurnar sjálfar eru meðlimir útvarpsfjelagsins og græða á sölunni til þess. Annars er alveg óþarfi að deila um þetta.

Ef hægt er að safna fje hjer á landi til þess að koma þessu á fót, þá er það náttúrlega gott, og er í frv. nokkur trygging fyrir, að það verði gert.

Jeg held fastlega við það, að málinu skuli vísað til sjútvn. Viðurkenni þó fullkomlega, að þetta gæti átt heima í mentmn., en finst sú hliðin, sem snýr að útveginum, mest knýjandi. Sjútvn. á að sjá um, að þetta komist í framkvæmd.

Atvinnumálaráðherra (MG): Ákvæðið, sem hjer er tekið upp í 3. lið, er tekið í þeim tilgangi að fyrirbyggja, að fjelagið græði of mikið. Milli mín og landssímastjóra var talað um, að hæfilegur gróði mundi vera 10% af hlutafjenu. Ef það þykir of hátt, þá má bæta úr því í nefnd. Annars finst mjer best að láta þetta vera á valdi stjórnarinnar. En mjer finst ekki of mikið, þó að hluthafar fengju svo sem 8—10% þennan stutta tíma, sem sjerleyfið stendur. Og þó stjórnarskifti verði, sem altaf getur komið fyrir, þá hefir þó landssímastjórinn hönd í bagga með þessu.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir góðs viti, að þetta frv. er um útvarp. Það er lipurt orð og rjett hugsað og rjett myndað. Og þó ekkert annað ynnist með frv., þá hefði

lagið má ekki vera gróðafjelag, heldur beri því að vera fjelag áhugamanna, sem vinna vilja fyrir þjóðina.

Á Englandi hafa svona fjelög ekki leyfi til þess að útdeila meiri ágóða en 7%. Hjer ætti það að vera svo sem 1—2% hærra en útlánsvextir bankanna. Ákvæðin um takmarkanir á skattfrelsi standa í sambandi við það, að menn hafa ekki gert sjer nægilega ljósa grein fyrir eðli þessa máls. Svona fjelag á að vera skattfrjálst. Útvarp er menningartæki. Um sjerleyfistímann er það að segja, að hann á ekki að vera langur. Fjelagið á að stofna með almennum framlögum á sama hátt og Eimskipafjelagið var stofnað og með hag heildarinnar fyrir augum. Það á að byggjast á áhuga, en ekki von um mikinn gróða, og mætti ríkið gjarnan leggja fram nokkurt fje.

Jeg sting upp á, að frv. sje vísað til mentmn., því að það skiftir miklu máli fyrir menningu þjóðarinnar, ef til vill meiru hjer á þessu strjálbygða landi en víðasthvar annarsstaðar. Til þessa finst mjer ekki nóg tillit tekið. Það snertir fyrst og fremst þjóðmenning vora, skóla, kirkjur, Alþingi, leikhús o. s. frv., og því næst sjávarútveginn og aðra atvinnuvegi.

Enn finst mjer eitt vanta, og það er, að ríkið skipi nokkra menn í nefnd þá, sem ræður störfum þessa fyrirtækis. Það er meginatriði, að starfsemi þess sje virðuleg og til eflingar góðum smekk á bókmentum, sönglist o. fl. Frv. ætti því að vísa til mentmn.; ef ekki það, þá til sjútvn., en síst til allshn., enda hefir hún meira annríki en nokkur önnur nefnd. Þetta mál þolir ekki bið; það er merkilegra en tóbakseinkasala og varalögregla og annað, sem nú er efst á baugi og mest deilt um. Það er engin áhætta að byrja nú þegar útvarpsstarfsemi hjer á landi. Tækin eru nú orðin svo fullkomin, að þess er að vænta, að við það sitji nú fyrst um sinn, og þurfi ekki að óttast ókleifan kostnað af breytingum, sem af nýjum uppgötvunum leiða.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil benda á það út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að jeg sje ekki betur en fyrir það sje girt, að fyrirtæki þetta verði óhæfilegt gróðafyrirtæki, þar sem ákveðið er, að stjórnin setji gjaldskrá. Hvort hún yrði í svipaða átt og hv. þm. (ÁÁ) vildi, get jeg ekki sagt nú. Jeg geri ráð fyrir, að 10% ágóði verði álitinn nógur. Þessu atriði málsins er því að mínu viti borgið. Jeg býst við, að erfitt sje að gera þetta að áhugamáli einu og að það vilji verða fjármál með. Og er alveg vonlegt, að hlutahafar vilji hafa vexti af fje sínu.

Þar sem allshn. hefir allmikið með málið farið, finst mjer rjett, að hún fjalli um það framvegis, og býst jeg við, að það verði fljótar afgreitt með því.

Flm. (Jakob Möller): Viðvíkjandi því, er hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði um væntanlegan gróða þessa fyrirtækis, skal jeg taka það fram, að hjer stendur alveg sjerstaklega á. Það er tæpast hægt að bera það saman við England, — því hvernig eru þau fjelög samsett, sem hafa þetta í höndum þar í landi? Verksmiðjurnar, sem framleiða tækin, eru hluthafar í þessum fjelögum og græða á sölu þeirra samtímis gróðanum af útvarpinu.

Jeg skal ekki andmæla því, að þetta á ekki að vera gróðafyrirtæki, en það má ekki taka fyrir kverkar því í byrjun með of mikilli aðsjálni. **Hæstv. atvrh. (MG)**

ið til mála að fella þetta burtu. Þess get jeg þó ekki ráðið til, því að vegna þegar gerðs undirbúnings tel jeg ekki líkur á, að aðrir menn en þeir, sem frv. nefnir, yrðu fyrri til að hrinda málinu í framkvæmd. Svo vil jeg taka það fram, að þó að þetta frv. verði samþykt, hvort heldur óbreytt eins og það er nú, eða með einhverjum breytingum, mun stjórnin telja sjer heimilt að setja einhver frekari skilyrði fyrir veitingu sjerleyfisins; t. d. að það væri hjer til maður með fullum kunnugleika og þekkingu til þess að gera við þessi tæki öll, ef þau bila, og bæri hann svo „moralska“ ábyrgð á því, að fyrirtæki þetta færi ekki í handaskolum. Það má vera, að til sje hjer einn maður, sem væri fær um þetta og hefði næga þekkingu til að bera á þessu sviði, en mjer er þó ekki fullkunnugt um það.

Hv. flm. (JakM) stakk upp á að vísa málinu til sjútvn. Það er undarlegt, þar sem þetta snertir ekki þá nefnd fremur en t. d. allshn. Hún hefir líka haft málið til meðferðar áður. Jeg legg það til, að málinu sje vísað til hennar, en geri það annars ekki að kappsmáli.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi beina athygli þeirrar nefndar, sem fær mál þetta til meðferðar, að því, að hjer eru ekki settar hærri kröfur en það, að stöðin hafi 150 km. varpvídd, og þá nær hún einungis yfir suðvesturfjórðung landsins. Frv. heimilar þó að gera hærri kröfur. En jeg hygg, að ef setja á kröfurnar lægra en svo, að stöðin nái um alt land, þá geri hún tiltölulega lítið gagn; og gæti þá þetta einkaleyfi tafið það, að betri framkvæmdir kæmust á.

Flm. (Jakob Möller): Jeg skal taka það fram, að þó sett sje 10 ára tímabil í frv., þá er það ekkert „absolut“ skilyrði, að svo sje samþykt. En framkvæmdin verður erfiðari, ef tíminn er styttri en t. d. 5 ár. Og mjer finst það ekki skifta miklu máli fyrir ríkið, hvort það er 5 eða 10 ár, því hvorttveggja er stutt.

Hæstv. atvrh. (MG) sagðist heldur vilja ákveða stjórninni heimild til þess að veita öðrum leyfi, ef betra byðist. Mjer finst, að í nöfnum þeim, sem í frv. eru, sje nokkur trygging og að ekki sje ástæða til að skifta að óreyndu. Þetta atriði kemur til athugunar í nefnd, eins og margt annað.

Viðvíkjandi því, er hæstv. fjrh. (JÞ) sagði um varpvídd, þá skal jeg geta þessa: Hún er ekki sett hærri vegna þess, að það er órannsakað, hvort betra er að hafa hjer eina stöð stóra eða fleiri smærri, vegna erfiðleika á útvarpi yfir þetta land. Jeg dæmi ekki um þá hlið málsins. Það kemur til nefndar og þeirrar stjórnar, er um málið semur.

Jeg geri það ekki að kappsmáli, hvert þessu skuli vísa. Málið hefir verið í allshn. og hún hefir aflað þeirra upplýsinga, sem sjálfsagt var. En ástæðan til þess, að jeg stakk upp á sjútvn., er sú, að á henni skellur ábyrgðin, ef þetta nær ekki að ganga fram á þessu þingi. Jeg veit, að málið kemur seint. En jeg beið þess, að nefnd tæki það til flutnings. Annars hefir þessi tími ekki farið til ónýtis, því að málið hefir verið rannsakað nokkuð.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg lít svo á þetta frv., sem það sje samningstilboð. Nokkrum göllum hefi jeg veitt eftirtekt, sem jeg mun þó ekki fara mörgum orðum um að svo stöddu, en þess vildi jeg geta, að það er ekki nógu skýrt í frv., að útvarpsfje-

því, að sjerleyfi verði veitt fjelagi því, sem hjer ræðir um. Það er að vísu svo, að andróðurs hefir orðið vart móti útvarpssjerleyfinu, en það er mestmegnis frá þeim einum, sem þegar hafa eignast tæki til að hlusta á útvarp. En þó að gera megi ráð fyrir, að einhver skattur verði lagður á þessa menn eða tæki þeirra, má alls ekki hika við þetta vegna hagsmuna einstakra og örfárra manna, þegar hagsmunir allrar ríkisheildarinnar eru annarsvegar. Enda færi það svo, að þó að nokkrir einstakir mann fengju sjer tæki til að hlusta á útvarp, yrði það aldrei nema í fárra höndum og gæti því ekki haft neina menningarlega þýðingu fyrir þjóðfjelag okkar. En yrði útvarpsstöð komið á fót hjer á landi, þá mundi það frekar koma að gagni öllum almenningi og hafa þýðingu sem menningarmeðal, því þetta má nota við allskonar fræðslu innanlands. Þetta verður ekki aðeins til skemtunar, heldur einnig til nytsemdar. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að hv. deild samþykki frv. til 2. umr. og vísi því til nefndar. Eins og jeg gat um áðan, er þetta mál nú öllu betur athugað og undirbúið en það var í fyrra, er það kom hjer inn á þing. Það hefir t. d. verið leitað álits landssímastjóra um það, og mælir hann nú með því, að þessu verði komið í framkvæmd. Í fyrra treystist hann ekki til að mæla með þessu máli, því að þá kvaðst hann ekki hafa haft tækifæri til að athuga það nánar; en nú hefir hann kynt sjer það til hlítar og mælir með því.

Þá er að athuga, til hvaða nefndar þetta mál skuli fara. Það var í fyrra hjá allshn. og hefir sú hin sama nefnd einnig athugað þetta mál nú að nokkru, en treystist þó ekki til að flytja þetta frv. Hinsvegar væri ekki úr vegi, þó að einhverjar fleiri nefndir fengju þetta mál til athugunar. Það gæti t. d. vel komið til mála, að frv. færi til sjútvn., því það ætti að verða nefndinni hin sterkasta hvöt til þess að draga ekki að greiða fyrir því, að útvarpsstöð komist hjer upp sem allra fyrst, vegna viðhorfs þessa máls gegn sjávarútveginum. Jeg lít svo á, að þeir menn, sem bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti, eigi að taka ábyrgð á því, að þetta mál verði ekki stöðvað, og ættu þeir að láta flýta sem mest öllum undirbúningi þessa máls. Jeg geri því að till. minni, að frv. verði vísað til sjútvn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er leitt, að þetta mál, sem lá hjer fyrir á síðasta þingi, kom ekki fyr fram í þetta sinn, því nú er hætta á, að málið dagi uppi, vegna þess hve áliðið er þingtímans. Þetta mál er nú betur undirbúið en það var í fyrra. Í þetta sinn hefir verið leitað álits landssímastjóra, og er hann því meðmæltur, að þetta sjerleyfi verði veitt. Hann hefir sagt við mig, að hann hafi ekki á móti þessu sjerleyfi, en þó er frv. í sumum atriðum breytt frá því, sem hann hafði gert tillögur um. T. d. hafði hann lagt til, að sjerleyfið stæði ekki nema 5 ár, en þessu er breytt í frv., og er þar gert ráð fyrir, að tímalengdin verði 10 ár. Er þetta fulllangur tími, einkum þegar litið er til framfara þeirra, er orðið hafa á útvarpsaðferðunum hin síðustu árin og halda enn áfram. En jeg býst við, að það mætti takast að finna einhvern meðalveg, t. d. 7 ár, sem sjerleyfið stæði. Jeg hefi talað við einn mann, sem verður í þessu fjelagi, og gerði hann sig ánægðan með 7 ára sjerleyfistíma. Þá er og annað, sem jeg vildi leiða athygli að í þessu sambandi, og það er, að sjerleyfið er bundið við nöfn, en vitanlega gæti kom-

Á 75. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 536).

---

48. Útvarp.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sjerleyfi handa Otto B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi (þmfrv., A. 308).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jakob Möller): Þetta mál er ekki ókunnugt þessari hv. deild, því jeg bar fram á síðasta þingi frv. um sama efni, enda þótt þetta frv. sje nú breytt frá því í fyrra í einstöku atriðum. Aðalmismunurinn er nú sá, að í fyrra var umsækjandinn aðeins einn maður, en nú eru það fleiri í fjelagi, og alt þektir menn. Annars veit jeg, að það mun óþarft að lýsa þessu máli með mörgum orðum, því öllum hlýtur að skiljast, hvílíkt menningarmál hjer er um að ræða. Aðeins skal jeg geta þess, að nú er útvarp starfrækt í allflestum menningarlöndum álfunnar og úti um allan heim, er siðaðir menn byggja, og er þetta alstaðar talið vera mikið menningaratriði. En hjer getur þetta haft sjerstaka þýðingu fyrir okkar þjóð, þar sem útvarp gæti vel komið í veg fyrir slys á sjó. Það, sem helst væri nú ástæða til að taka til athugunar, er það, hvort sú leið, sem hjer er lagt til að verði farin, sje sú heppilegasta, eða hvaða leið skuli farin. Í flestum löndum, þar sem útvarp er starfrækt, er það rekið á þennan hátt, sem frv. leggur til, fjelögum einstakra manna gefið einkaleyfi til útvarpsrekstrar. Það eru líklega 1—2 lönd, þar sem öllum er frjálst að afla sjer tækja til þess að njóta útvarps, en það fyrirkomulag getur ekki átt við hjer. Það er aðallega í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem þetta er öllum frjálst og litlum reglum bundið, enda er það þar og á Englandi, sem þessi tæki eru búin til, og hafa því framleiðendur þeirra næstum því sömu tekjur af þessu, þó ekki hafi þeir einkarjett á útvarpi, og þó er þetta fyrirkomulag ekki talið geta haldist þar lengi til frambúðar. Að ríkið hjer hafi sjálft þennan einkarjett, er í svipinn ekki árennilegt, af fjárhagsástæðum, því að það mun kosta mikið fje að koma þessu á fót, líklega ekki minna en 100—200 þús. kr. Hinsvegar er auðvelt að búa svo um hnútana, að ríkið taki við þessu fyrir sannvirði, er um semur. Frv. gerir ráð fyrir, að þetta sjerleyfi standi í 10 ár, og geri jeg vart ráð fyrir, að ríkið taki við því þá þegar, að þeim tíma liðnum; því þetta er mjög ung uppfundning, aðeins ca. 5 ára gömul, og má því gera ráð fyrir, að ófært þyki að gera það bráðlega að ríkiseinokun, meðan þetta er ekki eldra og reynsla vart næg fengin á þessari aðferð, sem nú er notuð; en þar má vænta ýmsra endurbóta, er tímar líða fram. Jeg hika ekki við að mæla með

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 413).

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 413, n. 491).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg þarf ekki að halda langa framsöguræðu fyrir máli þessu.

Eins og kunnugt er, báru hv. þm. N.-M. fram frv. um breytingu á kosningalögunum í fyrra. Fór það til Ed. og var afgr. þaðan til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Nú hefir frv. þetta aftur verið borið fram á þessu þingi, en hefir tekið allmiklum stakkaskiftum. Hafa verið feld niður þau ákvæði, er einkum ollu ágreiningi, svo sem um skiftingu kjördæma og kjördag. Það eina ákvæði, sem eftir er, hyggjum vjer, að menn geti orðið sammála um. Er það á þá leið, að 3—4 kjörstaðir megi vera í stórum hreppum og skuli sýslunefnd hafa úrskurðarrjett um það eftir ósk hreppsbúa. Útgjöld myndu nokkur leiða af þessu fyrir sjálfa sveitarsjóðina, ef kjörstöðunum er fjölgað. Og má ætla, að sá útgjaldaauki sje nægilegur hemill, svo að eigi þurfi að óttast, að ákvæðinu verði beitt um skör fram.

Forsætisráðherra (JM): Þegar mál þetta var til umr. hjer í fyrra, var einkum um það deilt, hvort breyta skyldi um kjördag eða jafnvel hafa tvo kjördaga, og þessu til athugunar var málinu vísað til stjórnarinnar. Stjórnin gat ekki álitið, að rjett væri að hafa tvo kjördaga, og vildi ekki heldur víkja frá núgildandi ákvæðum um kjördag. Jeg skal játa það, að hentugt gæti verið fyrir suma að hafa kjördag fyr á árinu, en það gæti komið sjer óþægilega fyrir fólk í kaupstöðum. Jeg sá mjer því ekki fært að koma fram með breytingar í þessa átt.

Jónas Jónsson: Mjer þótti vænt um, að hæstv. forsrh. (JM) skyldi minnast á þetta mál, sem er mjög skylt frumvarpi því, er vísað var til stjórnarinnar í fyrra, enda þótt það bæri ekki tilætlaðan árangur. Jeg held, að rjett væri að aðskilja þessi tvö atriði, kjördaginn og kjördeildaskiftinguna, og tel jeg ákvæði þessa frv., að skifta hreppum í kjördeildir, spor í áttina. Jeg mun ekki fara út í hitt atriðið, en vil aðeins benda hæstv. forsrh. á, að í Svíþjóð standa kosningar yfir í mánuð. Þar helst enn gamla lagið, að láta hvert kjördæmi ráða sínum kjördegi innan vissra takmarka. Hjer eru allmiklir örðugleikar á því að sækja kosningar, og mætti því vera, að fyrirkomulagið í Svíþjóð gæti verið oss til fyrirmyndar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

mönnum um þá rjettarbót að færa kjördaginn til vors, er því líkast því að taka með annari hendinni það, sem gefið er með hinni.

Af þessum framannefndu ástæðum er jeg því alt annað en ánægður með þá afstöðu, sem hv. allshn. hefir tekið til flutnings kjördagsins. Hinsvegar er jeg nefndinni þakklátur fyrir það, að hún mælir þó með öðru aðalatriði frv. — kjördeildaskiftingunni — því að það út af fyrir sig — ásamt öðrum smærri ákvæðum í frv. — er þó nokkur rjettarbót, ef fram gengur.

Þess vil jeg geta, að þó að leiðrjetting á kjörtímanum fyrir sveitamenn nái ekki fram að ganga að þessu sinni, þá hlýtur krafa um þá leiðrjettingu að koma fram aftur og aftur. Hinsvegar getur auðvitað komið til álita að koma þeirri rjettingu á á einhvern annan hátt en hjer er lagt til.

Loks skal jeg taka það fram, að jeg mun ekki leggja mig í nokkrar harðvítugar deilur um kjördaginn, enda þótt enn verði teknar upp þær einskisverðu ástæður, sem færðar hafa verið á móti færslu hans. En jeg mun láta nægja fyrir mitt leyti að láta frv. koma til atkvæða.

Þar sem þetta var samþykt hjer í deildinni í fyrra, þá tel jeg líklegt, að svo verði nú. Hv. Ed. hefir óbundnar hendur að fella úr, ef hún getur ekki fallist á þessi atriði, en láta hitt ganga fram, sem hún getur aðhylst.

Jón Baldvinsson: Jeg skal ekki gefa frekara tilefni til umr. um þetta mál, sem er gamalt deilumál. Að frv. er mjög mikil rjettarbót fyrir þá, sem heima eiga í sveitum, þar sem torfært er til kjörstaðar. En jeg vil beina þeirri spurningu til hv. 1. þm. N.-M. (HStef), hvort ekki væri reynandi að athuga, hvort ekki mundi hægt að koma á þeirri breytingu, að kjördæmaskipun væri hentugri en nú er. Og jeg hefi líka minst á það fyr á Alþingi, hvort ekki ætti að hafa kosningar fyr á haustin í sveitum og geyma atkvæðakassana til hins reglulega kjördags. Finst mjer, að 10. september væri hæfilegur dagur, eins og áður var, og þarf þá ekki að bíða með atkvæðakassana lengur en fram í október. En nú er beðið eftir kössunum eftir kosningar alt að mánuði í sumum sveitum.

Jeg vildi aðeins benda þeim mönnum á þetta, er áhuga hafa fyrir þessu máli, því að þetta þarf vandlega að athugast.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 312,1 (3. gr. falli burt) samþ. með 15:3 atkv.

— 312,2 (4. gr. falli burt) samþ. með 15:4 atkv.

5. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 312,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 312,4 (6. gr. falli burt) samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 413).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr til Ed.

---

nefndi, sem jeg hygg, að þurfi ekki að mæta andúð, hvorki í þessari hv. deild eða hv. Ed. Að jeg hefi sætt mig við þessa meðferð frv., er ekki af því, að jeg sje fallinn frá þessari rjettlætiskröfu að færa til kjördaginn fyrir sveitakjördæmi, heldur af hinu, að jeg var vonlaus um, að málið gæti gengið fram á þessum grundvelli, og jeg álít, að betri sje hálfur skaði en allur.

Annars býst jeg við, að menn hafi áttað sig á þessu máli og sjái, að hjer er ekki nema um sanngirniskröfu að ræða, að færa kjördaginn. En jeg þarf ekki að orðlengja frekar um það, en vænti þess, að hv. deild vilji fallast á frv. í þeirri mynd, sem það er nú.

Halldór Stefánsson: Það er aðeins ein hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir öllum ákvæðum frv. þess, sem hjer er til urr. (sbr. þskj. 66), sú, að gera kjósendum auðveldara að neyta kosningarrjettar síns í alþjóðarmálum.

Tvö eru aðalatriði breytinganna, annað heimildin til skiftingar hreppa í kjördeildir, hitt færsla kjördagsins. Hv. allshn. hefir nú getað fallist á fyrra atriðið, en ekki það síðara.

Jeg skal ekki tala um það, sem er ágreiningslaust við nefndina, aðeins hitt, sem ágreiningur er um.

Færsla kjördagsins varð að ágreiningsefni þegar í fyrra, en þó gekk sú till. fram í þessari hv. deild. Allir — eða a. m. k. flestir — viðurkendu þá rjettarbót, sem færsla kjördagsins frá hausti til vors væri fyrir kjósendur í sveitum, en því er þá af sumum jafnframt haldið fram, að það sjeu rjettarspjöll fyrir ýmsa aðra, svo sem sjómenn og aðra, sem eru fjarverandi kjörstað sinn á kjördegi.

En þetta er ímyndunin tóm. Með ákvæðum gildandi laga um atkvæðagreiðslu fjarstaddra manna frá kjörstað sínum, annaðhvort brjeflega eða á öðrum kjörstað innan síns kjördæmis, er svo að fullu bætt úr fyrir þeim, að alls engin ástæða er fyrir þá til umkvörtunar. Það hefir verið, og er, nokkuð um það deilt, hvað kosningarrjettur eigi að vera almennur. Aðaltakmörkunin, sem fyrir honum hefir verið sett, er lágmarksaldur. Að sjálfsögðu verður að setja slík takmörk, og er þá aðeins um það að gera, hvert aldurstakmarkið á að vera, en út í umr. um það ætla jeg ekki að fara.

En það eru önnur takmörk — þó ekki sjeu þau lögbundin — sem eiga að fá að njóta sín, og það er, að þeir einir neyti kosningarrjettarins, sem gera það af eigin hvöt og áhuga, en hitt ætti að vera bannað — ef ekki með lögum, þá af almenningsálitinu — að smala mönnum til kosninga eins og fjenaði til skilarjettar. Menn ættu að fá að vera persónulega óáreittir um það, hvort þeir neyta kosningarrjettar síns eða ekki. Ef nokkur ástæða er fyrir andstöðunni gegn færslu kjördagsins, þá er hún sprottin af þessu, að menn sjá eftir aðstöðunni til að smala kjósendum til kosninga. En þar sem jeg viðurkenni ekki rjettmæti þeirra ástæðna, þá tel jeg það enga ástæðu.

Hitt ætti að vera jafnsjálfsagt, að setja engin ytri skilyrði, sem hindra menn að taka þátt í kosningu að eigin hvöt og vilja. En það gerir kjördagur á hausti altaf að meira og minna leyti um kjósendur, sem búa í sveitum — einkum þó kvenfólk —, og gæti gert alveg stórkostlega, ef mikið bæri út af með veður. Hinsvegar hefi jeg sýnt, að kjördagur á vori hindrar á engan hátt nokkra kjósendur, sem af eigin hvöt og áhuga vilja neyta kosningarrjettar síns. Að neita sveita-

47. Kosningar til Alþingis

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 66).

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Þetta frv. er shlj. frv., sem afgreitt var til stjórnarinnar frá Ed. á síðasta þingi með rökstuddri dagskrá. Þá var stjórninni falið að taka málið til athugunar og leggja fyrir næsta þing. Þetta hefir stjórnin ekki gert, og því höfum við flm. tekið það upp.

Frv. ætti ekki að þurfa langar umr. Má vísa í umr. frá síðasta þingi. Hv. Ed. fjelst á aðalástæðurnar, þó um nokkur atriði væri deilt. En þetta er hv. þm. kunnugt, og þarf jeg ekki að rifja það upp. Verður ef til vill ástæða til þess síðar. Óska jeg, að málið geti gengið greiðlega fram. Sje ekki ástæðu til að gera till. um að setja það í nefnd, þar sem það var hjá nefndum í báðum deildum í fyrra. Þó er jeg því ekki mótfallinn, ef menn vilja.

Jón Baldvinsson: Mjer finst ekki geta komið til mála, að frv. fari nefndarlaust. Þetta var mikið deiluatriði í fyrra, og jeg hugsa, að mönnum sje enn ljósara eftir þær deilur, að ákvæðið í frv. um flutning kjördagsins sje algerlega ófært. En ef til vill mætti samþykkja þá breytingu að skifta hreppum í kjördeildir, þar sem sjerstaklega stendur á. En jeg álít þess fulla þörf, að málið sje gaumgæfilega athugað í nefnd að nýju.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 58., 62., 64., 65., 66. og 67. fundi í Nd., dagana 17., 22., 25., 27., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 66, n. 312).

Frsm. (Árni Jónsson): Þetta frv. fer í sömu átt og frv., sem flutt var hjer á síðasta þingi, aðeins ekki eins víðtækt. Undirtektirnar, sem það frv. fjekk, voru góðar í þessari deild, en í hv. Ed. var það afgreitt til hæstv. stjórnar, til þess að hún undirbyggi málið undir þetta þing. En hæstv. stjórn hefir ekki sjeð sjer fært að afgreiða það.

Aðalatriði þessa frv. eru tvö, annað að skifta megi hreppi í 2 eða 3 kjördeildir, en hitt er það, að færa kjördaginn á laugardaginn í 12. viku sumars. Þessi tvö ákvæði miða til þess að gefa mönnum, sem búa í hreppum þar sem erfitt er um ferðalög á ýmsum tímum árs, fært að nota sinn kosningarrjett. Það var upplýst í fyrra, að sumstaðar hagar svo til, að í raun og veru hafa ýmsir menn ekki nema hálfan rjett á við þá, sem búa í þjettbygð.

Það var þegar í fyrra talsverður ágreiningur um annað aðalatriðið, sem sje færslu kjördagsins. Það mætti mótspyrnu úr mörgum áttum og varð til þess, að málið fjekk ekki framgang. Nú höfum við í allshn. tekið út þetta ágreiningsatriði, og þá er ekki eftir nema hitt aðalatriðið, er jeg

sjer hulunni, að málið liggur mjög ljóst fyrir. Hann hefir játað, að er hann ljet af völdum eftir langa stjórn 1922, hafi flokksmenn sínir látið í ljós, að hann hafi tapað trausti vegna stefnu sinnar í verslunarmálum. Hann hafði þá verið fylgjandi höftum og landsverslun í margskonar myndun, og með margskonar vörur, en skildi meðráðherra sína eftir í vandræðum, er á móti bljes. Hann dumpaði í bili, en vissi, að „altaf má fá annað skip og annað förunevti" — og fjekk það líka hjá útlendum og innlendum millilíðum.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að það væri ósamræmi að vilja hækka dýrtíðaruppbót sveitapresta, en þó ekki fylgja stofnun nýrra brauða. Það er alveg rjett, að jeg er því andstæður. Hann dró og fylgi mitt við skiftingu Ísafjarðarprestakalls inn í umræðurnar. Ef hann vill lesa nál., mun hann sjá, að enda þótt hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) væri einnig „principielt" á móti fjölgun prestakalla, þá vildum við þó hvorugur vera svo strangir í því stefnumáli, að presturinn á Ísafirði yrði drepinn fyrir þá sök. Það mál var alt annað en að stofna alóþarft prestsembætti uppi í Mosfellssveit, eins og hæstv. ráðh. vildi gera í hitteðfyrra.

Alt það, sem hæstv. ráðh. (JM) sagði um stefnu Adams Smith's í tollmálum, var hið fáránlegasta rugl. Eins og kunnugt er, hafa allir eftirmenn hans barist á móti tollum. En þetta kemur að vísu ekki við máli því, er hjer liggur fyrir. En staðhæfingar hæstv. forsrh. (JM) um þetta atriði voru slíkar, að fábjánar einir geta haldið slíku fram. Vægasta skýringin á framkomu hæstv. ráðh. (JM) er sú, að hann sje að ganga í barndómi aftur.

Jeg hefi áður svarað rökum eða rakaleysum hv. frsm. meiri hl. (JJós), svo að hann hefir ekki yfir neinu að kvarta. En viðvíkjandi ræðu hv. 1. landsk. get jeg sagt honum það, að í þessu máli hefi jeg fylgt fyrirkomulagi, sem ráðherra úr öðrum flokki hefir komið á. En sjálfur hefir hv. 1. landsk. verið á tveimur fyrri stigum verslunarmálsins, móti landsverslun og með landsverslun að nokkru leyti. En það mundi vera vandalaust að fá hann til að hoppa upp á þriðja þrepið, allsherjar landsverslun. Til að svo yrði þyrfti hann aðeins að frjetta alstaðar úti í bæ, að kjósendur vildu hafa það verslunarform.

Forsætisráðherra (JM): Jeg bjóst ekki við, að hv. 5. landsk. (JJ) myndi skilja það, sem jeg sagði, enda virðist honum örðugt um að greina hugtökin hvort frá öðru. *(JJ:* Hæstv. forsrh. er að verða barn). Þetta getur verið, en óþarfi er að vera að brýna mann á því; enda mun sá, sem í hlut á, síðast finna til þess sjálfur eða vita af því. *(JJ:* Það sjest líka).

Hv. 5. landsk. gekk illa að verja afstöðu sína í prestakallamálinu, sem von var til. Hann telur sig vera andstæðan fjölgun prestakalla, en greiðir þó atkvæði með þeirri einu till. í þá átt, er nú kom fram á þingi. *(JJ:* En hv. þm. Seyðf.!). Hv. 5. landsk. þýðir ekki að tala eins og hann hefir gert. Hann ætti að reyna að rannsaka sinn eiginn barm og hverfa að skynsamlegu viti, í stað þess að halda áfram uppteknum hætti.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSn, HHB, HSteins.

nei: JJ, SJ, EÁ, GÓ, IP.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 530).

uppvægur á móti því. En núna nýlega var frv. hjer í deildinni um að fjölga prestaköllum, stofna alveg nýtt prestakall, og var þessi hv. þm. því meðmæltur. Þetta sýnir, að honum getur snúist hugur, þegar því er að skifta.

Hv. þm. talaði um einkasölu á vínum. Jeg get nú sagt honum það, að jeg vildi helst, að ríkisstjórnin gæti verið laus við hana. En það er eingöngu vegna bannsins, að hún er til. Jeg álít, að það væri miklu heppilegra að hafa það eins og í Noregi, að láta góð fjelög annast söluna, sem vissa er fyrir, að misnota hana ekki.

Annars var öll ræða þessa hv. þm. alls ekki svaraverð. Öll rök hans sýndu, að hann skilur alls ekki það, sem hjer er á ferðum, og ruglar á hinn meinlegasta hátt saman einföldustu hugtökum. En þetta er að vísu ekki nýtt hjá honum, en það er alt annað en gaman að elta ólar við slíkt.

Jeg vona svo, að jeg þurfi ekki að eyða fleiri orðum um þetta mál, sem eiginlega ekki kemur við mig nema sem þingmann.

Sigurður Eggerz: Nokkur orð út af ræðu hv. 5. landsk. (JJ). Jeg skil ekki, hvernig hann getur haft á móti því að nota orðin „frjáls verslun“. Það er ómótmælanlegt, að þau eru viðurkend í málinu.

Jeg ætla hjer ekki að fara að tala um sykurmálið. Þar var um að ræða of hátt verð á þeirri vöru, og svo kom pólitiskur blástur í það mál, og kemur það ekkert þessu máli við. Þá talaði þessi hv. þm. um það, að jeg hefði sent Hermóð til Ameríku. Það er öldungis rjett. Þá var ófriðurinn skollinn á og jeg áleit nauðsynlegt að fá sem best sambönd, en einstakir menn treystust ekki til þess, og varð þá stjórnin að taka það í sínar hendur. Þetta var nauðsynleg ráðstöfun vegna styrjaldarinnar miklu.

Eins og hæstv. forsrh. (JM) sagði, er einkasala höfð á vínum einungis til að draga úr ofdrykkju í landinu, og ef svo væri ekki, myndi jeg eindregið vera á móti þeirri einkasölu. *(JJ:* Tóbakseinkasalan er vegna ríkissjóðs). Einmitt þvert á móti. Það er einmitt vegna ríkissjóðs, sem þarf að afnema tóbakseinkasöluna.

Hv. 5. landsk. var í sambandi við þetta mál að tala um eið í barnsfaðernismálum. Jeg get nú sem fyrverandi dómari sagt honum það, að þar sem viðurkent er, hver er faðir barnsins, þá þarf ekki að halda á eiðnum. Afstaða mín í máli þessu er mjög skýr, enda hefi jeg ekki þurft að halda klukkustundarræðu til að vefja og fela aðstöðu mína. Hv. 5. landsk. hefir hvað eftir annað sagt, að hann stæði á grundvelli hinnar frjálsu verslunar. Hann ætti því ekki að standa hjer með grátkökk í hálsinum yfir þessum einokunarkróga, og það því síður, sem hann er ekki faðir barnsins.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg vildi leiðrjetta nokkurn misskilning í ræðu hv. 5. landsk. út af orðum mínum um frjálsa verslun á laugardaginn. Jeg sagði, að baráttan fyrir frjálsri verslun hefði hingað til einkum verið háð gegn útlendu valdi, en nú væri ekki lengur um slíkt vald að ræða hjer nema að litlu leyti. *(JJ:* En útlendu hringarnir?): Hinsvegar sagði jeg aldrei, að öll barátta fyrir frjálsri verslun hlyti að vera gegn útlendu valdi, og hefir hv. 5. landsk. orðið að viðurkenna það með þögninni.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. hefir svift svo rækilega af

andmælenda, en verð nú að láta sem vind um eyrun þjóta þær röksemdir, er þeir kunna að bera fram hjer eftir, með því að jeg er dauður.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 5. landsk. (JJ) vildi rengja það, sem jeg sagði um stjórnarskiftin 1922, og taldi það nokkuð óljóst hjá mjer. Hv. þm. er nú svo vanur að lesa upp úr þingtíðindunum, og þótt sumt verði nú oft og tíðum nokkuð víxlað hjá honum, þá hefði hann ósköp vel getað kynt sjer þetta. Jeg sagði á laugardaginn alveg það sama og er jeg bað um lausn þá. Jeg bað um lausn vegna þess, að nokkrir menn úr Framsóknarflokknum komu til mín og sögðu, að stjórnin mundi vera orðin í minni hluta í þinginu, sögðust vilja taka upp nýja stefnu í verslunarmálum og byggjust ekki við, að jeg væri henni fylgjandi, og spurðu þeir mig, hvort jeg teldi nauðsynlegt, að vantraustsyfirlýsing kæmi fram. Jeg svaraði, að jeg teldi það að vísu heppilegra, að vantraust kæmi fram opinberlega, því að stjórnin ynni altaf á við hverja vantraustsyfirlýsingu, en af því að jeg vildi losna, þá kvaðst jeg gera mig ánægðan með yfirlýsingu meiri hluta þingmanna. Skal jeg nú leyfa mjer að lesa upp kafla úr ræðu minni:

„Út af fyrra atriði erindis þessa spurði jeg um það, hvernig á því stæði, að nokkrir, ekki allfáir þeirra þingmanna, sem óskað hefðu á síðasta þingi, að ráðuneytið hjeldi áfram, væru nú snúnir á móti því. Svar við þessari spurningu fjekk jeg ekki beint, en það var gefið í skyn, að orsökin væri sú, að Framsóknarflokkurinn vildi taka upp ákveðna stefnu í viðskiftamálum og verslunar, sem þeir byggjust við, að jeg myndi ekki aðhyllast. Jeg sagði, að að vísu hefði jeg lítt verið spurður um afstöðu mína að þessu leyti, en það myndi rjett til getið, að jeg væri þar á öndverðum meiði við Framsóknarflokkinn, því að jeg væri þeirrar skoðunar, að nú ætti að fella burtu þau höft á verslun og viðskiftum og aðrar ráðstafanir, er komið hefðu vegna ófriðarins, nema aðflutningshöft um stund, sjerstaklega til þess að halda uppi gengi (kurs) íslenskrar krónu, sem sjálfsagt væri að viðurkenna opinberlega."

Jeg læt háttv. þm. um það, hvort þessi afstaða mín 1922 sýni, að jeg sje farinn að ganga í barndómi.

Þá færir háttv. þm. það sem sönnun þess, að jeg sje á móti frjálsri verslun, að jeg hafi borið fram frv. um einkasölu á lyfjum. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. viti það ekki, að það var og er einkasala á lyfjum, svo þetta er ekki nein breyting á því, sem áður var. Ekki vil jeg deila við hv. þm. um þá óskaplegu fjarstæðu, að maður þurfi endilega að taka afstöðu til frjálsrar verslunar, þó maður taki upp „monopol" sem nauðsynlegar dýrtíðarráðstafanir. Þetta er svo mikill einsdæma hjánaskapur — jeg verð að viðhafa þetta orð, þótt hv. þm. kunni ekki vel við það — að það er fjarri öllum hugsanareglum að rökræða málið frá þessu sjónarmiði.

Hv. þm. fór mörgum orðum um það, að menn hefðu skift um skoðun í þessu máli. Jeg hefi nú sannað, að jeg hefi ekki gert það, en þó svo væri, þá skifti það engu máli.

Það var hálfspaugilegt í ræðu hv. þm. og nokkurskonar Nemesis, er hann var að tala um, hvað hann hefði verið góður við prestana. Jeg vil nú leyfa mjer að minna hv. þm. á eitt frv., sem kom fram á þinginu 1923. Það fór fram á að láta haldast eitt af elstu prestaköllum landsins. En þá reis þessi háttv. þm. óður og

með landsverslun, þegar við átti, en þverbrotið öfgastefnurnar, að vilja ríkisverslun altaf eða aldrei. Þrátt fyrir þetta vildi hann halda því fram, að hann stæði eins og þeir, sem eru á móti allri ríkisverslun. Hann segist vera hreinn af að hafa nokkurntíma viljað ríkisverslun. Jeg vil minna hann á vísu, sem fráskilin kona gerði. Hún átti barn í lausaleik eftir að hún var skilin við manninn. Hún vissi ekki, hver var faðir barnsins; varð samt að sverja í faðernismálinu fyrir rjetti. Vísan er svona:

„Jeg sver fyrir alla menn,
utan mann og enn mann,
þar til mann og kaupmann,
Litla-Pál og Pjetur Mumm,
og svo karlinn hann Finnboga minn,
sem allir vita nú um.“

Jeg álít, að hv. 1. landsk. standi í sömu sporum með sinn svardaga og þessi kona.

Þar sem hv. 1. landsk. taldi sig ekki ánægðan með svar mitt við því, hvort jeg sem Framsóknarmaður stæði á grundvelli frjálsrar verslunar eða ekki, vil jeg taka það fram, að jeg hefi skýrt þetta ljóslega og bent á 3 stefnur. Þá, að vilja altaf hafa ríkisverslun, vilja aldrei hafa ríkisverslun, og vilja stundum hafa landsverslun með vissar tegundir, þegar svo stendur á, að það er hagstæðara fyrir landið í heild sinni. Og jeg hefi sagt hv. þm. (SE), að jeg fylgi þeirri stefnu, alveg eins og hann. Mjer skilst, að ef hann telur það að vera með frjálsri verslun að vera á móti allri ríkisverslun, hafi hann altaf verið andstæðingur frjálsrar verslunar.

Hv. þm. (SE) mintist á, að hann gæti ekki verið með tóbakseinkasölu, af því að ekki væru þar sömu ytri ástæður fyrir hendi og í steinolíueinkasölunni. En tóbakið er alveg komið í hendur einstakra manna, það er að segja ensk-ameríska tóbakshringsins, sem hefir miklu meiri fjárráð en Standard Oil Co. Í norsku blaði var sagt frá því, að tóbaksframleiðendur í Noregi lentu í harðri baráttu við þennan erlenda hring, sem reyndi að kúga þá, en norsku framleiðendurnir ljetu enga tóbaksbúð fá tóbak, sem fjekk tóbak frá hringnum. Jeg get ímyndað mjer, að Norðmenn neyðist til að innleiða „monopol“, þó að þeir hafi enn lítt um það talað, til þess að vernda innlenda framleiðendur. Ef við hugsuðum okkur að koma upp tóbaksiðnaði í landinu, sem í raun og veru er sjálfsagt, — hvort væru meiri líkur til að því yrði komið í framkvæmd, ef ríkið hefði söluna eða óteljandi kaupmenn? Eða býst hv. þm. (SE) við, að það verði auðvelt fyrir smákaupmenn að standa gegn ensk-ameríska tóbakshringnum? Hv. 1. landsk. ætti að hika meira við að opna landið fyrir útlendum hringum, þegar hann veit, að með því er þvergirt fyrir, að nokkur tóbaksiðnaður geti komist á hjer á landi. Jeg skal geta þess, að í Svíþjóð, sem hefir tóbaks-„monopol“, getur ensk-ameríski hringurinn ekkert aðhafst.

Háttv. þm. Vestm. mintist á stjórnarskrármálið í svari sínu til hv. þm. A.-Húnv. (GÓ). Mjer finst það nú vera að hengja bakara fyrir smið, að kenna Framsóknarmönnum um afdrif þess, en afsaka þá 7, sem drápu það, en af þeim voru 5 eða 6 flokksmenn hans. Hv. þm. veit það, að Framsóknarflokkurinn var þá og er enn í minni hluta í deildinni og fær engu ráðið nema einhverjir af hans flokksmönnum gangi með honum. Hvernig áttum við að drepa stjórnarskrána, allra helst þar sem við greiddum allir atkv. með frv.?

Jeg hefi nú farið í gegnum ræður fjögra

Þessi lög komust umræðulaust í gegnum þingið. Menn hjeldu, að þetta væri smávægileg breyting á kosningalögunum, sem væri til bóta, en fyrir frammistöðu samherja hv. þm. (EP) reyndust þau ill, og komst slíkt óorð á, að enginn maður í þinginu mun hafa mælt þeim bót á síðasta þingi. Ef einhvern á að ásaka, verður að ásaka mig og aðra þm. fyrir að hafa haft traust á samherjum hv. þm.

Þá kem jeg að hv. 1. landsk. (SE). Hann hefir viljað halda því fram, að hann væri hvítur af einkasöluhlettunum. En jeg held það sje með hann eins og stendur í vísunni:

„Ei pardus orka kann
af láta flekki."

Jeg skal þá fyrst koma að þessu umtali hjer um að sú frjálsa verslun, og þá er víst átt við kaupmannaverslun, sje endurskin af baráttu Skúla Magnússonar og Jóns Sigurðssonar. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) í Nd. í dag, að hann telur það brot á frjálsri verslun, ef landsverslunin hjeldi áfram samkepni við kaupmenn. Þar kemur það fram, að fyrir þessum mönnum, sem mest tala um frjálsa verslun, vakir aðeins það, að ríkið reki ekki verslun. En hvorki á Norðurlöndum, Englandi nje Þýskalandi heyrir maður talað um frjálsa verslun í sömu merkingu og hjer. Þegar talað er um frjálsa verslun í heimsblöðunum, er altaf átt við tollfrjálsa verslun gagnvart verndartolli.

Í Ísafold fyrir nokkru var talað um „gull og græna skóga." Þarna geta menn sjeð, hvernig útlendar slettur, misskildar og afbakaðar, komast inn í málið. Útlend hugtök eru flutt inn, án þess að menn viti hvað þau meina. Frjáls verslun þýðir ekki annað en tollfrjáls verslun, og er hugtakið því notað hjer í alrangri merkingu. Það var hægt að tala hjer um einokun og bundna verslun, meðan Danir kúguðu okkur, en alt öðru máli er að gegna um bönd, sem frjáls þjóð leggur á sig. Það er eins og t. d. þegar hv. 1. landsk. og jeg drekkum ekki vín.

Þá sagði hv. 1. landsk. (SE), að ekkert væri að marka, þó að verið hefði landsverslun á stríðstímunum, því að þá hefði verið svo hættulegt að versla hjer. Jeg vil minna hv. þm. (SE) á sykurinn, þar sem hann tók svo hressilega málstað landsins gegn þeim mönnum, sem nú eru samherjar hans. Kaupmenn heimtuðu gróðann og báru ekki fyrir sig peningaleysi, heldur að þeir ættu alla verslun. Jeg get bent á, að eitt stríðsárið voru skattskyldar tekjur eins heildsala 300 þús. krónur samkv. opinberri skýrslu. Finst hv. þm. (SE), að hægt sje að tala um fátækt, sem valdi því, að slíkir menn gátu ekki verslað? Til glöggvunar hv. þm. (SE) get jeg nefnt ekki svo fá dæmi. Það var fyrsta „ríkisstjórnarár" hans fyrir stríð, þegar hann sendi Hermóð til Ameríku. Maður getur lagt hönd á helga bók og sagt, að hann eigi heiðurinn af að hafa reynt að halda niðri hinum óeðlilega gróða milliliðanna. Seinna samþykti hv. þm. (SE) steinolíueinkasöluna, sem jeg vona, að hann verði trúr og sýni það við atkvæðagreiðsluna í dag. Ennfremur vil jeg benda á hina stórkostlegu matvöruverslun í hans stjórnartíð eftir 1917. Enda þótt hv. þm. (SE) beitti sjer gegn tóbakseinkasölunni 1921, var hann höfuðmaðurinn í að koma á víneinkasölunni. *(SE:* Það var vegna bannsins). Eins er jeg með tóbakseinkasölunni vegna peninganna. Hjer hefi jeg þá í fljótu bragði bent á 4 lofsamlega þætti í lífi hv. þm. (SE), sem sýna, að hann hefir fylgt þeirri stefnu að vera

heyrt um þetta brjef, og skal ekki fara út í það. *(EP:* Kaupfjelagsstjórinn í Hallgeirsey sagðist hafa sýnt háttv. þm. brjefið). Hafi hann sagt það, er það sjálfsagt satt, en þá hefir það verið svo nauðaómerkilegt, að jeg hefi ekki nent að leggja það á minnið.

Þá sagði hv. þm. (EP), að landið hefði ekki grætt á tóbaksversluninni. En allir reikningar sýna, að hún borgaði landinu 350 þús. kr. síðastl. ár, og eins og hv. þm. (EP) veit, er það miklu meira en hæstv. atvrh. (MG) gerði sjer von um, þegar hann kom henni á. Um tóbaksgæðin get jeg ekki sagt, en jeg hygg, að þau sjeu svipuð og áður, því bæði hefir landsverslunin flutt inn allar sömu aðaltegundirnar og tíðkuðust fyr, og eins hefir hún tekið tillit til sjerstakra óska um óvanalegar tegundir. Býst jeg við, að hún myndi og hjálpa upp á hv. þm. (EP), ef hann þyrfti á sjerstakri tegund að halda.

Eftir því sem jeg skil menn úr Rangárvallasýslu, hjelt hv. þm. (EP) því fram, að aðalástæðan fyrir því, að hann hefði farið inn á þing, væri sú, að jeg væri þar svo voldugur og mikill byltingamaður, að ef hann kæmi ekki, mundi jeg bylta öllu um. Satt að segja hefi jeg ekki orðið var við þessi verndandi áhrif háttv. þm. (EP). En jeg get sagt, að í þessi 40 ár, sem jeg hefi lifað, hefi jeg aldrei þekt jafnofsakendan skríl og skoðanabræður hv. þm. (EP) í kjördæmi hans. Þessi umhyggja hv. þm. ætti því að snúast að hans eigin sóknarbörnum, og vildi jeg óska, að hann brúkaði sín síðustu prestsár til þess að efla frið og sannleiksást meðal þeirra. Að minsta kosti ber það ekki vott um neitt gott, að það skuli vera einu mennirnir í sveitum Íslands, sem hafa brotið lög og reglur á almennum mannamótum fyrir geðofsa sakir. Þetta var líka ástæðan til þess, að hv. þm. (EP) misti flokksbróður sinn við kosningarnar.

Þá kem jeg að því, sem hv. þm. (EP) sagði um, að jeg hefði verið sósíalisti, en síðan skift um skoðun. Þetta stafar af ókunnugleika hv. þm. (EP). Honum mun vera kunnugt um, að jeg hefi í mörg ár barist fyrir samvinnuhugsjóninni, bæði í verslunarmálum og öðru. Þó að það hafi aðallega verið bændur hjer, sem nota samvinnufjelagsskapinn sjer til hagsbóta, hafa það erlendis verið verkamenn. Afskifti mín af verkamönnum hafa því verið til þess að breiða út samvinnufjelagsskapinn meðal þeirra. Ef hv. þm. (EP) vill athuga málið, mun hann sjá, að ef verkamenn aðhyllast samvinnustefnuna, leiðir það þá ekki út í ofbeldi, enda eru þeir menn bestir borgarar af verkamönnum, sem vinna að því hægt og hægt að bæta kjör sín. Jeg hefi því aldrei haft ástæðu til að skifta um skoðun, heldur hefi jeg útbreitt þær lífsskoðanir, sem jeg hefi viljað berjast fyrir og hefi viljað láta ná til allra stjetta. Í þessu sambandi vil jeg minna hv. þm. (EP) á það, að þó að jeg sje ekki prestur, hefi jeg átt þátt í því hjer, að prestar hafa fengið bót á launum sínum. Jeg er ekki að telja það til skuldar hjá honum, en þeir menn, sem vilja taka tillit til þeirra strauma, sem eru að gerast, álíta það heimskulegt að beita ofbeldi og kúgun gagnvart nokkurri stjett manna, sem leiðir aðeins til þess, að sú kúgaða stjett beitir ofbeldi á móti. Ef prestum er sýnt ranglæti, sameina þeir krafta sína og kúga Alþingi, eins og t. d. læknarnir 1919. Jeg vona, að þessi lífsskoðun mín geti orðið hv. þm. (EP) til lærdóms og að hann geti látið þessa rjettlætishugsjón bæta ræður sínar yfir söfnuðinum.

Hvað snertir heimakosningalögin, verður hv. þm. (EP) að áfella aðra en mig.

standa þar, en það er ekki í umr. um tóbakseinkasöluna.

Þá vil jeg mjög lýsa ánægju minni yfir ýmsu í ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP). Jeg geri mikinn mun á afstöðu hans og margra annara. Hann viðurkennir hreinskilnislega, að hann hafi skift um skoðun frá því 1912 og gerir þess grein, og á hann hrós skilið fyrir það í samanburði við hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), hv. þm. Snæf. (HSteins) og hv. 3. landsk. (HSn), til þess að jeg nefni af handahófi nokkra af þeim, sem sýndu það hjer á dögunum, að þeir hafa skift um skoðun frá 1921. Jeg vil benda hv. þm. Vestm. (JJós) líka á það, að er hv. 1. þm. Rang. var að tala um það, sem stundum er kallað „Statsmonopol", hafði hann yfir það orðið einkasala, en ekki uppnefnið. Sýnir það, hvernig gamlar taugar endast lengi. Gömul samhygð hv. 1. þm. Rang. við einkasöluhugmyndina gerir hann nú kurteisari en suma þá, er þykjast fortíðarlausir í þessu máli. En jeg var ekki neitt sjerlega hrifinn af hv. 1. þm. Rang., er hann var að gera grein fyrir, hvers vegna hann hefði snúist í málinu eftir 1921. Hann segist þá hafa verið með einkasölunni af því, að þá var um svo mikla fjárþröng að ræða, en nú sje slíkt ekki fyrir hendi. Jeg vil benda á, að enn eigum við í mikilli þröng, sem myndaðist á krepputímunum. Hæstv. fjrh. (JP) hefir ekki ósjaldan talað um lausaskuldirnar. Jeg vil líka minna á eitt fyrirtæki, sem hv. þm. (EP) barðist mjög fyrir áður fyr, sem sje fyrirhleðslu Markarfljóts. Þetta mannvirki var áætlað á stríðsárunum að myndi kosta ¾ af þeim gróða, sem hæstv. atvrh. (MG) hjelt upprunalega, að yrði af tóbaksversluninni, en varð miklu meiri. Þegar því hv. þm. (EP) viðurkennir, að fjárhagurinn sje svo slæmur, að honum dettur ekki í hug að minnast á Markarfljót, og sakast varla um, þótt feld sje fyrir honum nauðsynleg till. um fjárframlag til sandgræðslu, sem jeg studdi, og þegar hann veit, að heima í hans hjeraði og alstaðar á landinu bíða mýmargar bráðnauðsynlegar framkvæmdir, sem ekki er hægt að koma við sökum erfiðs fjárhags, — hvernig fer hann þá að rjettlæta, að við megum nú kasta frá okkur gróðanum af þessari verslun? Hv. þm. (EP) segist hafa orðið svo hræddur við frv. hins gamla flokksbróður og samherja hans, sem kom með frv. um korneinkasölu, að hann hafi skift um skoðun. Það kann vel að vera, að svo sje, en mjer er þó ekki grunlaust um, að önnur kunni að vera ástæðan til afstöðu hans, sem sje að flokksaginn knýi hann nú sem aðra til þess að fórna þessari sannfæring á altari stuðningsstjettar flokksins. Því vil jeg minna á það, að aldrei hefir einkasölualdan risið hærra en hjá þeim manni, sem hv. þm. (EP) studdi fastast meðan báðir lifðu, og ekki er líklegt, að þeir menn, sem altaf börðust trúlega með Hannesi Hafstein, ljetu það skjóta sjer skelk í bringu, þótt síðar kæmi eitthvað smávægilegt fram í einkasöluáttina, svo sem eins og korneinkasölufrv. hæstv. þáv. atvrh. (Pjeturs Jónssonar).

Hv. þm. (EP) mintist á brjef það, er hann skrifaði kjósendum sínum fyrir síðustu kosningar. Jeg hefi ekki sjeð það brjef, en hitt veit jeg, að þessi hv. þm. skrifaði mörg bónorðsbrjef til kjósenda sinna og grátbændi þá um stuðning, og þó mest þá, sem verst var við hann. Enda tókst honum með þessari elju að hræra hjörtu sumra til fylgis við sig. En auðvitað er ósýnt, að landið hafi nokkuð grætt á, að þessir menn voru þá viðtökuliprari en 4 árum áður, eins og koma mun í ljós við atkvgr. Annars hefi jeg aðeins

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 372).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Þegar þetta mál var síðast til umr., talaði hæstv. forsrh. (JM) nokkur orð, er jeg vil fyrst minnast á. Hann sagði, að það kæmi ekki málinu við, hvort hann hefði skift um skoðun. En það virðist ekki ósanngjarnt, þó að þjóðin vilji vita um „höfuð" sitt, af hverju það skiftir um skoðun í svo stóru stefnumáli sem þessu. *(Forsrh. JM:* Jeg hefi ekki skift um skoðun). Jeg hefi sannað, að hæstv. forsrh. hefir gert það, svo framarlega sem hann nú telur sig ekki geta verið með tóbakseinkasölu, af því að hann sje á móti allri landsverslun. Jeg hefi sýnt fram á, að á árunum 1917—1921 hafði hann meiri afskifti af verslun landsins en nokkur önnur stjórn hefir haft frá því land bygðist. Í öðru lagi hefir hann borið fram frv. um ríkiseinkasölu og verið höfuð stjórnar, sem hefir flutt slík einkasölufrv., svo að jafnvel hv. 1. þm. Rang. (EP) var öllum lokið, er hann sá korneinkasölufrv. 1921. Jeg verð að álíta, að hæstv. forsrh. (JM) hafi hlotið að styðja þessi frv., sem stjórnin bar fram meðan hann var höfuð hennar, því að öðrum kosti hefði hann hlotið að segja af sjer. Þá var hæstv. forsrh. að tala á harla óljósu máli um þann stefnumun, sem hefði orðið til þess, að með honum og Framsóknarflokksmönnum skildi 1921. Hann sagði, að þeir hefðu viljað gera þvingunarráðstafanir, sem hann hefði ekki getað aðhylst. Þessu vil jeg mótmæla. Framsóknarmenn vildu ekki gera aðrar þvingunarráðstafanir en þær, sem hæstv. atvrh. (MG) og fleiri vildu gera, sem sje þá, að banna innflutning á óþarfa á krepputímunum. Þegar nú litið er á það, að hæstv. forsrh., sem naut stuðnings margra Framsóknarmanna 1920, missir hann 1921, getur það hafa orðið af tveim orsökum. Annaðhvort af því, að hann hefði snúist á móti skoðunum hæstv. atvrh. (Pjeturs Jónssonar) eða af því, að hann hefir haft ósamrýmanlegar skoðanir við stuðningsmenn sína viðvíkjandi innflutningi á óþarfa. Hann játaði, að hann rjeði hæstv. atvrh. til þess að koma á skömtun vorið 1921, sem talin var argasta þvingunarráðstöfun, og sýnir það vel, að hann sem ráðherra var vel inni í „þvingunar"-pólitíkinni. Árangurinn af þessari þvingunarráðstöfun, sem jeg er ekki að áfella hann fyrir, — jeg held, að hann hafi gert það af umhyggju fyrir sínu landi, — árangurinn varð sá, að kaupmennirnir risu upp með ofsa, kölluðu saman borgarafund og veittust að hæstv. atvrh., og þó jeg hryggist yfir því, verð jeg að benda á, að hæstv. forsrh. (JM) stóð þá ekki með hæstv. atvrh., þótt hann hefði verið hvatamaður þessarar ráðstöfunar. Jeg get því ekki skoðað þetta annað en merki um það, sem ekki er ósennilegt um mann á hans aldri, að hann sje orðinn gamalær og muni ekki það, sem er nýskeð. Því ef nokkur maður hjer á landi hefir staðið framarlega í einkasölufrumkvæmdinni, þá er það hæstv. forsrh. (JM), því að hann var formaður stjórnarinnar, þegar sú „baktería", svo jeg noti orð hv. þm. Vestm. (JJós), barst til landsins. Annars verð jeg að segja, að mjer virðist það benda á heldur veikan málstað hjá hæstv. forsrh., að hann hefir ekki, þó jeg hafi skorað á hann, bent á neinn stað í þingtíðindunum frá 1921, þar sem hann lýsir því óhikað yfir, að hann sje móti ríkisverslun í öllum myndum. Einhversstaðar kann það að vísu að

venjulegar ástæður, sem þá ráða? Nei, það er gengishagnaður. Hann verður ekki hvert ár.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) talaði um einokun ríkis og taldi þær kvaðir á versluninni samskonar og toll. Tollur er alt annars eðlis. Einokun er ekki kvöð; hún er bann á frjálsri verslun. En tollur er það ekki; hann kemur ekki í bága við samkepnina.

Þá kom hv. 5. landsk. (JJ) með loðna yfirlýsingu um það, að flokkur hans stæði á grundvelli frjálsrar verslunar, en jafnaðarmenn vildu ríkisverslun. Mjer finst nú stundum örðugt að segja, hvor meiru ræður í hv. þm., sósíalistinn eða framsóknarmaðurinn. Mjer er nær að halda jafnaðarmaðurinn.

Í nál. meiri hl. er tekið fram, að það sje sitthvað að einoka vörur, sem mikil vandkvæði eru á að versla með, t. d. steinolíu, heldur en vörur, sem ekkert sjerstaklega stendur á með, t. d. tóbak. Hv. þm. (JJ) talaði enn um „free trade". Jeg er hissa, að hann skuli vera að blanda þessu sjerstaka enska hugtaki inn í þetta mál. Hann veit, að þetta á við sjerstakt ástand. Þeir, sem berjast móti verndartollum, eru kallaðir að fylgja „free trade". Á Englandi er ekkert ástand til sambærilegt við tóbakseinkasöluna. Verndartollastefnan er komin upp til þess að vernda iðnaðinn og gera útlendum vörum erfitt fyrir á breskum markaði. Hv. þm. veit, að frjáls verslun er alt annað en „free trade". Tollar fara ekkert í bága við hana. Þeir, sem börðust fyrir frjálsri verslun hjer á landi, börðust ekki móti tollum, heldur einokun. Verslunin varð frjáls. Nú er ný einokunarstefna hafin, sú, að ríkið hafi verslunina, en hún brýtur eins í bága við frjálsa verslun og hver önnur einokun. Verslunin getur ekki lengur talist frjáls, þegar farið er að koma í veg fyrir frjálsa samkepni. Það er heldur ekki rjett, sem hv. þm. (JJ) vildi halda fram, að enska hugtakið „free trade" hafi verið misnotað. Annars má segja, að svo margar og ólíkar skoðanir á verslunareinokun hafi komið fram í umræðunum hjá hv. þm. Framsóknarflokksins, að vonlegt er, að þeir sjeu farnir æðimikið að ruglast í hugtökunum og málinu öllu, eins og líka hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) kvartaði yfir.

Guðmundur Ólafsson: Hv. frsm. meiri hl. (JJós) svaraði því, sem jeg hafði sagt um annað frv., sem raunar kom ekki þessu máli beint við, að það hefði verið búið að gera það svo úr garði, að ekki hefði verið hægt að samþykkja það. En mjer finst hann hafi verið orðinn harla vitur, hv. þm., strax á fyrsta þinginu, sem hann sat, þegar hann treysti sjer ekki til að samþykkja umrætt frv., þó bæði forseti hv. deildar og forsætisráðherra væru því fylgjandi. En það átti nú ekki að liggja fyrir frv. að verða að lögum. Mun Íhaldsflokkurinn hafa haft illan geig af nýjum kosningum, og því ekki þorað að sleppa frv. til háttv. neðri deildar.

Hv. frsm. (JJós) talaði um grundvöll Framsóknarflokksins og taldi hann harla ólíkan grundvelli þeim, sem Íhaldsflokkurinn bygði á. En ætli munurinn sje eins mikill og hann vildi vera láta? Allir þekkja aðstöðu hæstv. atvrh. (MG) í þessu tóbaksmáli. Mjer þykir ekki ólíklegt, að einhverjir háttv. flokksbræður hans sjeu sömu skoðunar, þegar alt kemur til alls. Þeir hafa bara látið kúgast nú — eins og hæstv. atvrh. (MG) — að líkindum vegna loforða sinna við síðustu kosningar.

Umr. frestað.

Jeg hefi ekki breytt skoðun minni um þetta mál; jeg er ekki nógu móðins. Jeg álít ekkert unnið við, að ríkissjóður fái sömu tekjur með hækkuðum tolli, sem kemur niður á neytendum. Ef eins miklar tekjur nást án þess, að tóbakið sje gert dýrara, þá harma jeg það ekki; finst sú verslunarstefna rjettari. Og úr því skoðanaskifti eru orðin svona tíð, þá hefi jeg enga tryggingu fyrir, að næsta þing endurreisi ekki þessa stofnun, þó þetta leggi hana niður. Jeg verð því að gera orð hæstv. forsrh. (JM) að mínum, þau er hann talaði um annað mál: „Jeg vil ekki breyta því, sem mjer finst hafa reynst vel.“

Það óvenjulega við allan gang þessa máls stafar kannske af því, að menn halda, að þeir verði bendlaðir við sócíalisma í einhverri mynd, ef þeir tjá sig einkasölu fylgjandi. En jeg tel það lítið brot á frjálsri verslun, þó einkasala sje á tveim vörutegundum. Nei, það, sem kemur þessu hlaupi á stað, eru kosningaloforð stjórnarflokksins. Í fyrra þurfti hann ekki að vera eins ákafur af því kosningar voru nýafstaðnar. Og vegna þess, hvernig fór um stjórnarskrárbreytinguna, sem meiri hluti kjósenda óskaði eftir, er víst, að þá langar ekki í nýjar kosningar. Þessi sinnaskifti eiga eitthvað leynilegt að baki.

Jeg vil taka það fram aftur, að háttv. þm. þurfa ekki að vera svo fjarska stoltir yfir fjárhagnum, þó hann sje betri en í fyrra. Og í sambandi við það má minna á, að þessi lög voru ekki borin fram sem flokksmál. Þau voru sett af fjárhagslegum ástæðum. Þau rök, sem lágu til þess að þetta þótti ráðlegt þá, eru óhrakin enn. Alt, sem síðan hefir upplýst, er það, að góð reynsla er fengin fyrir þessu fyrirkomulagi. Jeg hneykslast ekki, þó menn hafi aðra skoðun á þessu en 1912. En jeg sje, að þetta er skilti, sem á að setja á þingið. En þó að jeg sje skiltislaus, hefi jeg ekki farið dult með mína skoðun.

Það er þegar búið að svara háttv. 1. landsk. (SE). Mjer fanst líka dregið af honum. Hann fór að afsaka að hafa nokkru sinni verið riðinn við einkasölu.

Hann kvað okkur hafa kastað ást á tóbakseinkasöluna. Jeg ætla ekki að fást um, þó hún verði lögð niður, ef ríkissjóði verða trygðar sömu tekjur. Það er köld ást. En hann hefir fengið ást á vínsölunni, þegar hann dreif hana í hvert kauptún, að mönnum nauðugum.

Jeg er ekkert óánægður, þó frv. nái fram að ganga. En jeg er óánægður með aðferðina. Þegar ekki er sýnt með neinum rökum, af hverju þetta er gert, er líklegt, að eitthvað sje bogið við það.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) mintist á mál, sem Íhaldsmenn hefðu hindrað í fyrra. Hann er minnugur þess máls, en jeg vildi þá minna hann á, hverjir fleygðu málið, svo að það gat ekki náð samþykki deildarinnar. Það voru ekki Íhaldsmenn.

Hv. frsm. minni hl. (JJ) fór mörgum orðum um, að jeg hefði leitt hjá mjer að minnast á tóbaksbirgðirnar, sem til voru, þegar einkasalan tók við. Það var vitanlegt, að nokkrar birgðir voru til, en verslunin tók þær og seldi með ágóða.

Þegar litið er á skýrslu um innflutning árin, sem landsverslunin hefir einokun, þá sjest, að 1923 er nákvæmlega sami innflutningur og síðara árið hafði verið. Tegundirnar eru dálítið frábrugðnar, en meðaltalið hið sama. Nú er það vitanlegt, að 1923 var ágóðinn 200 þús. kr. En síðara árið er hann 350 þús. kr. Eru það

þetta mál, og fjekk jeg því nokkra hugmynd um það þar, hvað „free trade" var, og því hefði háttv. þm. vel getað sparað sjer þetta erfiði. Hjer í landi er töluð íslenska, og má gera ráð fyrir, að svo verði og framvegis; er því óþarfi að innleiða í íslensk stjórnmál erlend orð. Jeg hygg og, að nær hvert mannsbarn á landinu viti vel, við hvað er átt með frjálsri verslun. Einkasala eða einokun eru og orð, sem helgast af fastri málvenju, og er heldur ekki þörf að breyta þar um. Það var alls ekki af því, að jeg væri að bekkjast neitt til við Framsóknarflokkinn, þó að jeg bæði hv. 5. landsk. (JJ) um yfirlýsingu um stefnu flokks síns í verslunarmálum. Það var aðeins af veldvild einni saman, sem jeg spurði um þetta, og nú kemur það á daginn, ef jeg hefi skilið rjett orð háttv. þm., að Framsóknarflokkurinn stendur á grundvelli frjálsrar verslunar. Samkvæmt þessu verður að skoða aðstöðuna í tóbakseinkasölunni sem einkonar meinloku, og má því fremur veita syndakvittun fyrir hana að fenginni þessari almennu yfirlýsingu. Þá voru það aðeins fáein orð, sem jeg þarf enn að svara hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Hann talaði um það, að ef hætta gæti stafað ríkinu af einkasölufyrirkomulaginu, væri sú hætta jafnt yfirvofandi, þó að verslunin væri gefin frjáls, því hún gæti vel komist á eins eða þá fárra manna hendur. Að verslunin, ef hún er að lögum frjáls, geti komist á eins manns hendur, tel jeg lítt mögulegt, en auðvitað geta myndast hringar, en á því hefir lítið borið í voru þjóðfjelagi. Þann skratta sýnist því nú eins og stendur ekki vera sjerstök ástæða til að mála á vegginn. Annars virðast mjer yfirburðir hinnar frjálsu verslunar auðsæir. Verslunin sækir þangað, sem vörurnar eru bestar og verðið lægst, eins og vatnið rennur eftir hallanum. Ef því samvinnufjelögin hjer geta í reyndinni sýnt, að betra sje að versla við þau en kaupmennina, þá fer verslunin frá kaupmönnunum til þeirra. Þess vegna virðist mjer engin nauðsyn á pólitískum deilum milli kaupmanna og samvinnufjelaga. Á milli þeirra er aðeins eðlilegt kappið um, hver verslar betur. Og það kapp er holt fyrir þjóðina.

Jeg hefi ekki meiru að svara. Jeg vona, að jeg hafi skilið hv. þm. (JJ) rjett, að hans flokkur stæði á grundvelli frjálsrar verslunar. En auðvitað ætti hann þá að vera á móti tóbakseinkasölunni. En um vínföngin er öðru máli að gegna. Þar er ríkið látið hafa verslunina með höndum til þess að hindra of mikinn vínaustur. Það var nauðsyn að takmarka austurinn sem mest, og þess vegna studdi jeg það mál, að svo væri fyrir komið.

Guðmundur Ólafsson: Það er af því að allir sýnast hafa svo gaman af að tala um tóbakið, að jeg stend upp. Auk þess hafa svo fáir formælendur einkasölunnar talað. Hv. þm. Vestm. (JJós) hefir talað alllangt mál, en honum hefir aðeins gleymst eitt — það, að stjórnarflokkurinn getur ekki farið vel út úr þessu. Hann hefir hringlað. Ef til vill eru nú skoðanaskifti talin kostur, en jeg er hissa á, að sumir, sem vildu halda þessari verslun í fyrra, leggja nú ofurkapp á að koma henni fyrir kattarnef. Mjer dettur ekki í hug að taka til þess, þó skoðanaskifti verði á mörgum árum, að öllum ástæðum breyttum. En þessi breyting frá síðasta þingi er afkáraleg. Þá þótti einkasalan gefa auknar tekjur, og þó hagur ríkissjóðs kunni að vera eitthvað betri nú, þá er það varla svo gífurlegt, að tjón hlytist af, þótt við hann væri bætt.

einkasölu á lyfjum og 3) um einkasölu á kornvörum. Jeg reis þá öndverður á móti öllum þessum frv. og mótmælti þeim eins fastlega og mjer var unt, og ef hv. 5. landsk. vill seinna, er hann hefir fengið betra tóm til, kíkja ofurlítið betur í þessa „fortíð" mína, getur hann hvergi fundið þar eitt orð í ræðum mínum, sem stefnt hafi verið móti frjálsri verslun. Jeg stend því á mjög föstum grundvelli í þessu máli.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að því ímyndaða broti mínu gegn lögmáli frjálsrar verslunar, sem hv. þm. (JJ) talaði um. Það var alveg satt, að jeg samþykti, að samverkamaður minn í stjórninni (KlJ) framkvæmdi samkv. heimild í gildandi lögum einkasölu á steinolíu. Honum, sem þá var atvrh., var falin öll framkvæmd í málinu, enda var jeg þá erlendis. En það er augljóst, að þetta var ekkert brot á móti frjálsri verslun eins og þá stóð á. Steinolíuverslunin var öll í höndum hrings eins, sem hafði gert öflugar tilraunir til að útiloka alla frjálsa samkepni; og þegar svo er ástatt, er þó að mínu áliti skárri ríkiseinokun en einokun erlends verslunarhrings. Jeg þykist því hafa sýnt fram á, að afstaða mín til steinolíuverslunarinnar var ekkert brot á frjálsri verslun, heldur var það aðeins um val að ræða milli erlendrar einokunar eða ríkiseinokunar, og þá er enginn vandi að velja.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, þar sem jeg á að hafa brotið á móti lögmáli frjálsrar verslunar með ýmsum stríðsráðstöfunum, sem jeg hafi gert, er jeg var í stjórn, er ekki sjeu í samræmi við frjálsa verslun. En þessar ráðstafanir voru nauðungarráðstafanir, sem svo að segja alstaðar varð að grípa til af því heimurinn fór úr skorðum. Þannig má t. d. benda á, að seðlar voru hjer eins og nær alstaðar annarsstaðar gerðir óinnleysanlegir. *(JJ:* Þetta stendur enn). Já, að vísu stendur þetta enn hjer, en sumstaðar, t. d. á Englandi, Hollandi og í Svíþjóð, eru nú seðlarnir gerðir innleysanlegir.

Þá hlýtur hv. þm. að reka minni til, að vegna samgönguteppu, er stafaði af stríðinu, þá varð ríkið bæði hjer og annarsstaðar að taka á sínar herðar kaup á ýmsum nauðsynjavörum. Erfiðleikarnir og áhættan við að ná í þessar vörur voru svo miklar stundum, að einstaklingarnir rjeðu ekki við. Hjer er því ekki um neitt brot á frjálsri verslun að ræða.

Þá er það vínverslun ríkisins. Jeg er ekki í minsta vafa, að það mundi græðast meira á vínversluninni, ef hún væri gerð frjáls. En það eru sjerstakar ástæður til þess, að ríkinu var fengin sú verslun, nefnilega sú, að tilætlunin var að koma í veg fyrir alt of mikinn vínaustur. Ríkinu var fengin verslunin með tilliti til bannmálsins.

Þá held jeg, að jeg hafi sýnt rækilega, að jeg hafi ekki brotið á móti lögmáli frjálsrar verslunar.

Steinolíuverslunin var einokuð af erlendum hring. Ríkiseinkasalan á henni, sem sett var á fót í minni stjórnartíð, var betri en hringeinokun. Stríðsráðstafanirnar í verslunarmálunum voru nauðungarráðstafanir og ríkiseinkasala á víni var gerð til þess að takmarka vínausturinn.

Jeg þakka hv. 5. landsk. (JJ) hinn fræðandi fyrirlestur hans um „free trade", en svo stendur á fyrir mjer, að jeg hafði minni þörf fyrir þennan vísdóm en hann hefir ætlað, þar sem jeg var einmitt staddur í Englandi, er síðustu kosningar fóru þar fram, og þá var þar barist um

menn skifti skoðunum á 12—13 ára tímabili, eftir því sem aðstaða breytist. Það hefir marga hent á skemri tíma. Hitt væri og ekki ólíklegt, að jeg hefði alls ekki skift um skoðun á þessu máli, ef reynslan hefði sannfært mig um, að stefnan væri rjett, en það hefir hún einmitt ekki gert. Reynslan hefir fært mjer og öðrum sannanir fyrir því gagnstæða, — það er, að ríkiseinkasala er ekki hagkvæm neinum, hvorki ríkinu eða neytendum varanna.

Tóbakseinkasalan hefir fært mönnum sannanir fyrir því, að ríkið hefir ekki grætt eins mikið á henni og það hefði grætt á tollinum með frjálsri verslun og að neytendum hefir tóbakið orðið bæði að mun dýrara og verra en áður. Þetta síðasta atriði get jeg sjálfur borið vitni um af eigin reynd.

Hv. 5. landsk. þm. ferst það alls ekki að lá mönnum, þó að þeir skifti um skoðun. Jeg veit ekki betur t. d. en að hann sjálfur hafi byrjað sína fyrstu göngu á stjórnmálabrautinni sem hreinn og opinber jafnaðarmaður, en þrátt fyrir þetta vill hann nú á engan hátt kannast við jafnaðarmenskuna. Hann neitar því að hafa skift um skoðanir, en þó vill hann ekki kannast við, að hann sje ennþá jafnaðarmaður. Jeg skal nú engan veginn neita því, að hv. þm. sje enn í hjarta sínu sami jafnaðarmaðurinn og hann áður var. En nú er þó sá munur á, að áður kannaðist hann við það, hvar sem stóð, en nú vill hann enga yfirlýsingu gefa um það opinberlega. Hjer kennir því bersýnilegrar breytingar hjá hinum hv. þm. Áður var sem hann teldi sjer sóma að því að vera jafnaðarmaður, en nú er sem hann skammist sín fyrir það. Og ef þetta eru ekki skoðanaskifti, þá er vont að vita, hvað nefna skal því nafni. En auk þessa skal jeg nú leyfa mjer að tilfæra bein og bersýnileg dæmi um það, að þessi háttv. þm. (JJ) hefir haft skoðanaskifti, og hefir hann þá eins og aðrir leyft sjer að leiðast af kringumstæðunum. Jeg veit sem sje ekki betur en á þinginu 1923 greiddi hann atkvæði með frv., sem þá var samþykt hjer í deildinni með 13 shlj. atkv., frv. um atkvæðagreiðslu manna utan kjörstaða (einn þm., 2. þm. Rang., var þá fjarverandi, svo að atkv. 5. landsk. hlýtur að felast í tölunni 13). En aftur á síðastliðnu ári (1924) gerist hann flm. að því að nema þessi lög aftur úr gildi, vegna þess, að forsendur þær, sem lögin hafi verið bygð á, sjeu skemdar og rotnar. Þetta sýnir, að þessi hv. þm. hefir það líka til að skifta um skoðun, og þegar svo er ástatt um hann, má benda honum á, að þeim, sem býr í glerhúsi, getur orðið sjálfum skeinuhætt, ef hann tekur upp þann sið að kasta grjóti að öðrum.

Sigurður Eggerz: Hv. 5. landsk. (JJ) er vanur að vera vel að sjer í þingsögunni, en í þetta skifti hefir háttv. þm. ekki lesið þingsöguna eins vendilega og hann hefði þurft, áður en hann kvað upp dóm sinn yfir mjer og afskiftum mínum af verslunarmálunum. Jeg skal ekki þreyta hv. deild á því að fara langt út í þá sögu, en get látið mjer nægja að rifja upp nokkur aðalatriði. 1913 man jeg fyrst eftir, að hjer í þessari deild var byrjað að lofsyngja einokuninni. Var sjerstaklega þá talað um einkasölu á korni af nokkrum þáverandi heimastjórnarmönnum. Jeg varaði þá við einokunardraugnum, sem væri að teygja höfuðið upp úr þinginu. Á þinginu 1921 komu fram 3 frv. um einkasölu, 1) um einkasölu á tóbaki, 2) um

jeg þess vegna gera honum þetta til geðs, að taka til máls. Hv. 5. landsk. hefir grafið upp 12—13 ára gamlar þingræður eftir mig, og heldur hann því fram, að þær skoðanir, sem jeg þá ljet í ljós, sjeu bindandi fyrir mig nú í þessu máli. Hv. þm. hlýtur vel að vita það, að á þeim tímum, sem ræða mín, er hann vitnar til, var haldin, bjuggu menn við algerlega sjerstakar kringumstæður og ólíkar þeim, er nú eiga sjer stað, enda hefir og hv. þm. þegar viðurkent það að nokkru leyti. Þá var almenn fjárþröng, bæði á þjóðarbúinu og hjá einstökum mönnum og stofnunum, og svo bættist þar við, að í því máli, sem vitnað er til, var að eiga við öflugan verslunarhring, sem þjóðarnauðsyn var að reka af höndum sjer. Nú er þessu hvorugu til að dreifa. Hjer er hvorki um neina knýjandi fjárþröng ríkisins að ræða nje neitt annað, sem rjettlætt gæti áframhaldandi ríkiseinkasölu. Jeg tek útreikning hv. flm. þessa frv. eins vel trúanlegan eins og útreikning hverra annara, og hann sýnir, að ríkissjóður tapar engu við það, þó að frv. þetta verði að lögum, og er þar með fallin sú ástæða gegn frv., að það geti haft fjárhagslega þýðingu fyrir ríkið, hvort það gengur fram eða ekki. Þá er hjer heldur ekki að ræða um neina baráttu gegn nokkrum verslunarhring, eins og hjer var þegar Standard Oil hafði náð undir sig allri steinolíuverslun landsins, eða D. D. P. A. fyrir þess hönd. Auk þess verður á það að líta, að á þessum síðustu 12—13 árum hafa allar kringumstæður í þjóðfjelaginu stórum breyst. Fyrir 12—13 árum síðan þektu menn ekkert til þeirrar viðleitni hjer á landi, sem nú er svo mjög farin að gera vart við sig, að koma öllum hlutum að heita má undir yfirráð og afskifti ríkisstjórnarinnar. Þjóðnýting var hjer alóþekt hugtak á þeim árum. Nú á síðustu árum hafa risið hjer miklar öldur og brattar út af því, að reynt hefir verið að koma á þjóðnýtingu á sem allra flestum sviðum. Sú er nú og hefir verið um nokkurra ára skeið hugsjón margra, að koma t. d. allri verslun landsmanna á hendur ríkisins, og ætlast þeir þá til, að sú landsverslun, sem ennþá stendur, verði undirstaða undir miklu víðtækari atvinnurekstri af ríkisins hálfu á þessu sviði. Þetta, sem jeg hefi nú sagt, er alls ekki út í hött talað og má finna ótal dæmi því til stuðnings. Fyrir nokkrum árum síðan kom hjer í þinginu fram frv. um einkasölu á kornmat. Það frv. varð til þess að opna augu fjölda manna fyrir því, hversu viðsjárverð stefna hjer var á ferðinni, og þótti það því ekki í mál takandi, nema alveg sjerstakar kringumstæður gerðu það nauðsynlegt, eins og átti sjer stað í ófriðnum mikla. Nú sjá allir, að á þessum tímum er ekki hægt að rjettlæta ríkiseinkasölu á sama hátt og fyrir 12—13 árum síðan, og verða menn að gera sjer sjálfum ljóst, hvorri stefnunni þeir vilji ljá fylgi sitt, þjóðnýtingu eða athafnafrelsi í viðskiftum og ýmsum atvinnurekstri. Það eru alt aðrar ástæður ríkjandi í þjóðfjelaginu nú en fyrir 12—13 árum, og þess vegna ættu allir að sjá, af hverju það var, að jeg var meðmæltur einkasölunni á þeim árum, en andvígur henni nú; enda veit hv. 5. landsk. þm. það líka mjög vel, hvar jeg stend nú í þessu máli.

Við síðustu kosningar gerði hann og fylgifiskar hans sem sje ekki svo lítið veður út af brjefum, sem jeg þá reit nokkrum kjósenda minna og lýsti þar skoðunum mínum á þessum málum, verslunarmálunum. Annars finst mjer, að hvorki hv. 5. landsk. þm. eða neinn annar þurfi að fárast mjög út af því, þó að

Þetta er mjög stór misskilningur). Hv þm. (SE) kom aftur að sínu uppáhaldsorði: „frjáls verslun“, — og mintist í því sambandi á olíuhringinn. Jeg mintist á þetta áður, til þess að sýna honum í spegil sinnar frjálsu samkepni. Og hvað sá hann? Olíuhring. Mjer skildist hv. þm. (SE) telja alt frjálsa verslun, sem ekki væri ríkisverslun. En hvað er frjáls verslun? Er það t. d. steinolíuhringur? Eða er það frjáls verslun, þegar einn einstakur einokari getur selt hlut fyrir 120 kr., sem fá má fyrir 50 kr., ef maður kemst framhjá honum? Eða er það frjáls verslun, ef jeg kaupi hlut frá útlendri verksmiðju og verð að borga skatt af honum til einhvers óviðkomandi manns hjer á landi? Þetta finst mjer vera sú frjálsa verslun, sem hv. þm. (SE) vegsamar svo mikið!

Það má segja, að engin frjáls verslun sje til. Tollar eru kvöð á versluninni, og einkasala er ekki annað en samskonar kvöð í þá átt, að verslun með einhverja vörutegund eða einhver atvinnugrein eigi að greiða skatt í ríkissjóð.

Þá kom hv. þm. (SE) með þessa miklu spurningu: hvaða stefnu Framsóknarflokkurinn fylgdi í verslunarmálum. Hann vildi fá svar við þeirri spurningu og kvaðst hlakka til þess. Hv. 5. landsk. (JJ) hefir svarað spurningunni frá sínu sjónarmiði, og jeg get ekki svarað henni nema frá mínu sjónarmiði. En mjer er óhætt að segja hv. 1. landsk. (SE), að margir, eða allir í mínum flokki munu líta svipað á þetta mál og við háttv. 5. landsk. (JJ). Mjer skildist hv. 1. landsk. (SE) telja alt frjálsa verslun, er ekki væri ríkiseinokun. Jeg tel þetta ekki nein landamerki milli frjálsrar og ófrjálsrar verslunar. Jeg vil vera laus við þann skatt, er jeg mintist á áðan, að greiða þyrfti óviðkomandi mönnum hjer af útlendri vöru; jeg vil hafa verslunina svo frjálsa, að jeg þurfi ekki að greiða skatt af einhverju, sem jeg panta. Jeg er svo mikið fylgjandi frjálsri verslun, að jeg vil ganga miklu lengra heldur en hv. þm. (SE), því að jeg vil losa um þau höft, sem nú eru á verslunarfyrirkomulaginu. Það var minst á steinolíuhringinn, en það mætti líka minnast á hveitihringinn í Ameríku, því að þótt okkur hafi fundist hans gæta lítið, þá hefir hann þó áreiðanlega sín áhrif. Þetta telur hv. þm. (SE) frjálsa verslun og er ánægður með það. *(SE*: Jeg taldi hringana höft á frjálsri verslun). Þá ætti hv. þm. (SE) að vilja brjóta þá.

Það munar miklu, hvort ríkið hefir tekjur af einokun eða einhver útlendingur. Já, jeg verð aðeins að víkja örfáum orðum að þessari yfirlýstu trú háttv. 1. landsk. þm., því að jeg hefi líka þá trú eða sannfæringu, að gott málefni vinni sigur að lokum. Jeg veit líka, að afnám tóbakseinkasölunnar sigrar í þetta sinn, en það kemur dagur eftir þennan dag, og þá getur vel farið svo, að gott mál sigri, enda þótt það verði ekki samkv. dómi hv. 1. landsk. (SE). Það er ekki ólíklegt, að ríkiseinkasalan verði bráðlega sett á stofn aftur; jeg veit að vísu ekki, hvort jeg verð þá með til að stuðla að því; það fer eftir atvikum og hversu langt verður þangað til. En hitt er alveg víst, að góð málefni sigra ætíð að lokum, hvernig sem þau hafa áður verið leikin.

Eggert Pálsson: Þess er í rauninni ekki þörf að halda langar ræður í þessu máli, því afdrif þess eru þegar fyrirsjáanleg, og menn munu hvorki breyta skoðunum sínum við umr. nje láta þær hafa áhrif á atkvæði sitt. En hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir gert ítrekaðar tilraunir til þess að knýja mig til þess að standa upp, og skal

um, heldur sýnt honum fram á, hve það er villandi og rangt að nota hugtakið frjáls verslun sem andstæðu hugtaksins „monopol“. Og jeg hefi líka sýnt honum fram á, að höfuðpaurar Mbl.manna hafa sömu skoðun og hann og jeg, hæstv. atvrh. (MG), hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 1. þm. Rang. (EP) á landsverslun. Við viljum enga allsherjar landsverslun hafa, en við viljum grípa til landsverslunar, ef kringumstæðurnar benda til, að það sje heppilegasta leiðin.

Forsætisráðherra (JM): Eins og vanalega neyðist maður til þess að tala dálítið utan við málið við hv. 5. landsk. (JJ). Auðvitað kemur það ekkert málinu við, hvort jeg muni hafa skift um skoðun í því; og hefði jeg gert það, væri jeg að sjálfsögðu skyldugur til að fylgja þeirri, er jeg hefði nú. En jeg hefi bara ekki gert það. Það var ekki jeg, sem skifti um skoðun eða var orsök til þess, að hv. Framsóknarflokksmenn vildu ekki styðja mig 1922, er þeir komu til mín og tjáðu mjer, að þeir vildu taka upp nýja stefnu í verslunarmálum, sem þeir byggjust ekki við, eins og rjett var, að jeg myndi fylgja. En stefnan var sú, að innfæra smátt og smátt þvingunarstefnu í versluninni. Þessu þýðir hv. þm. (JJ) ekki að neita; jeg sýndi það óhrekjandi á þinginu 1922. Og þá sagði jeg líka flokksbræðrum hans, að jeg vildi alls ekki taka upp þessa nýju stefnu, sem þeir gáfu í skyn, að þeir bæru svo mjög fyrir brjósti. Og því álitu þeir, að leiðir okkar yrðu að skilja.

Það sýnir glögt, hvað hv. þm. (JJ) hættir freklega til að blanda tvennu ólíku saman, er hann er hjer að tala um það, að jeg hafi viljað hafa skömtun á stríðsárunum. Það er að vísu rjett, að vegna erfiðleikanna á allan hátt vildi jeg þetta þá, — en hvað kemur það því við, hvort kaupmenn og kaupfjelög eigi að hafa tóbaksverslunina eða ekki? Eins og liggur í augum uppi, þá þýðir ekkert að tala um snúning af minni hálfu í þessu máli út af skömtunarráðstöfunum. Hv. þm. (JJ) gerir það aðeins til þess að reyna að teygja umr., og af því hann langar svo ákaflega til að leggja til mín, en finnur ekkert til að höggva með.

Jeg hefi ekkert um það sagt í þessu máli, hvort jeg teldi einkasölu á tóbaki heppilega eða ekki; heldur það eitt, hvernig jeg liti á málið „principielt“.

Að öðru leyti en þessu vil jeg ekki taka þátt í umræðunum. Finn ekki ástæðu til þess.

Einar Árnason: Jeg skal ekki tala langt mál, en það voru örfá atriði í ræðu hv. 1. landsk. (SE), sem jeg þarf að svara, þótt mikill hluti ræðu hans væri endurtekning á því, sem hann sagði áður og jeg hafði svarað.

Hann mintist aftur á þessa hættu, sem lægi í því, að stór verslunarfjelög gerðu stór innkaup. *(SE*: Einokun). Í því sambandi talaði hann um þá menn, er hafðir væru upp á kaup til þess að standa fyrir slíkum fyrirtækjum, að þeir gætu þegið fje til þess að kaupa lakari eða dýrari vörur en þeir, sem versla fyrir eiginn reikning, og sagði, að það væri besta tryggingin fyrir hagkvæmri verslun, að menn versluðu fyrir eiginn reikning. Ef þetta er rjett hjá honum, þá hefir hann jafnhliða einkasölunni fordæmt samvinnufjelögin. Þar eru líka ráðnir menn fyrir kaup til þess að hafa forstöðuna á hendi, bæði hjer og erlendis, og hafa þeir á hendi stór innkaup fyrir fjelögin. Þeir ættu þá að liggja undir sömu freistingunni, sem hv. 1. landsk. (SE) talar um. *(SE*.

umr., en þar sem farið er fram á, að við gefum ekki aðeins 613 þús. kr. eftir einum 30 fjelögum í Reykjavík, heldur og enn meira, sem ekki felst í skýrslunni, sem sje því, sem nemur varasjóðsbreytingunni.

Það, sem jeg vildi segja háttv. 1. landsk. (SE), var þetta: Þarna í persónu mannsins, sem ber fram þessa breyting á tekjuskattslögunum, getur hann fundið höfuðóvin hinnar frjálsu verslunar. Jeg hefi skýrt fyrir honum, hvað er hin sanna frjálsa verslun, og nú bendi jeg honum á, hvert hann á að stefna spjótum sínum, ef hann vill hitta fyrir þá menn, sem eyðileggja hina frjálsu verslun. Það eru mennirnir, sem ár frá ári brjóta í bág við hana með því að koma á hinum hræðilegustu innflutningstollum.

Nú hefi jeg svarað hv. 1. landsk. (SE) og leitt hann í allan sannleika að því er snertir hvað í veraldarreynslunni, sem hann svo oft talar um, er kallað frjáls verslun. Jeg hefði gaman af að sjá framan í þann Englending, ekki síst ef hann væri hagfræðingur, sem háttv. 1. landsk. (SE) segði við, að „free trade" merkti hið gagnstæða við „monopol."

Nú, frá almennu sjónarmiði skiftast menn viðvíkjandi einkasölu og ekki einkasölu í þrjá flokka. Þá eru fyrst tveir andstöðuflokkar. Aðrir vilja hafa einkasölu á öllu. Svo er um flesta jafnaðarmenn í hinum ýmsu löndum. Svo eru aðrir, sem með engu móti vilja hafa nokkra einkasölu. Slíkir menn finnast einstöku hjer á landi, að vísu ekki á þingi að líkindum, en utan þings hafa fáeinir menn varið þá skoðun með nokkrum þrótti. Hinir þriðju fara milliveg milli þessara tveggja. Þeir segja: undir vissum kringumstæðum viljum við hafa landsverslun, því að við teljum, að betra sje að nota hana en ekki. Þótt jeg geti ekki talað hjer fyrir munn samherja minna í Framsóknarflokknum, þá hygg jeg, að þetta sje sú skoðun, sem flestir flokksbræður mínir fylgja. Þeim dettur ekki í hug að vera með allsherjar landsverslun, en neita á hinn bóginn ekki, að það geti undir vissum kringumstæðum komið til mála, að þeir verði með landsverslun á einstaka vörum. Og í rauninni erum við hv. 1. landsk. (SE), hæstv. atvrh. (MG), hv. 2. þm. G.-K. (BK) og, svo jeg taki einhverja fleiri, hv. 1. þm. Rang. (EP) allir á sama máli um þetta, því þeir hafa allir einhverntíma á æfinni verið með landsverslun. Jeg hefi áður sýnt, að hv. 1. landsk. hefir verið með landsverslun á steinolíu, því honum þótti sú verslun ill í höndum kaupmanna, og meðan hann var ráðherra, var hann með ríkisverslun í mjög stórkostlegum stíl. Þá hefir hann því þverbrotið það, sem mjer skildist, að væri stefna hans, að þola enga ríkisverslun. Og hann hefir brotið þá stefnuskrá sína átakanlega á stríðsárunum, og gaf því landsversluninni þau bestu meðmæli, sem hægt var að hugsa sjer.

Jeg hefi nú skýrt sagt mína skoðun; jeg er í milliflokknum. Jeg tel það enga goðgá, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) var með steinolíueinkasölu 1912, og jeg held, að það hafi verið rjett af hv. 1. landsk. (SE) að vera með landsverslun á stríðsárunum. En úr því að hann var það, situr illa á honum nú að breiða sitt breiða brjóst framan í hv. þd. og segja: Jeg hefi aldrei verið með landsverslun. Og jeg held, að með því, er jeg hefi nú sagt, hafi jeg skilmerkilega leyst mig af þeim hólmi, er hv. 1. landsk. (SE) skoraði mig á. Jeg hefi ekki aðeins svarað því, er hann spurði

mína skoðun, að það sjeu í rauninni kaupmennirnir, sem berjast fyrir afnámi einkasölunnar, því vitanlega er sumum þeirra óhagur að því að hún sje. Aftur á móti hjelt faðir einkasölunnar, hæstv. atvrh. (MG), og flestir aðrir, sem um málið hafa talað fyr og síðar, að einum manni undanskildum hjer á þingi, hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hjer sje ekki um skoðanamál að ræða, heldur eingöngu fjárhagsatriði. Jeg hefi enga, nema jafnaðarmanninn, heyrt halda því fram, að þeir væru með einkasölunni af því þeir teldu hana fullkomnara skipulag en að hafa kaupmenn og kaupfjelög. En hæstv. atvrh. (MG) markaði brautina ljóslega 1921, er hann sagði á þá leið, að það eina, sem fyrir vekti með einkasölunni, væri að ná fje inn í ríkissjóð, er hann ætlaði að taka af kaupmönnunum og kaupfjelögunum. Hann viðurkendi, að hann vildi fara þessa leið af því að landið þyrfti á fjenu að halda. Jeg hefi nú í rauninni svarað báðum þessum hv. þm. (JJós og SE), að fyrir þeim, sem báru þetta mál og steinolíueinkasöluna fram til sigurs, og í báðum var hæstv. atvrh. (MG) potturinn og pannan, fyrir þeim var í hvorugu tilfellinu um neitt stefnumál að ræða, eða það, að þeir teldu allsherjar landsverslun æskilega. En af því að jeg kæri mig ekki um að vera loðinn í svörum við hv. 1. landsk. (SE), þá ætla jeg að tala meira um þetta. *(SE:* Jeg hefi ekki enn skilið, hvort flokkurinn stendur á grundvelli frjálsrar verslunar). Hv. þm. (SE) er hjer ekki á flokksfundi Framsóknarmanna. Hann getur spurt mig og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), sem á hann höfum deilt, um okkar skoðanir, en fyrir flokksins hönd get jeg engu svarað; jeg er því miður ekki í stjórn hans, og hv. form. hans á sæti í Nd.

Jeg ætla hjer að gera betur en jeg þarf samt sem áður, og að gefnu tilefni vil jeg minnast á eina meinloku, sem gengið hefir í gegnum allar þessar umr. og hv. 1. landsk. (SE) hefir ekki síst gert sig sekan í. Það er sú meinloka, að svo lítur út, sem þeir, sem mest tala hjer um frjálsa verslun, viti ekki, hvað það orð þýðir. Allir hv. þm. ættu þó að vita, að í þeim löndum, sem marka hina stóru strauma, er þetta orð, frjáls verslun, notað í alt annari merkingu en hjer. Tökum t. d. England. Þar merkir „free trade" ekki annað en það, að þeir, sem því eru fylgjandi, vilja alls enga verndartolla hafa. Það er það, sem þar hefir skift flokkum í langan tíma, og það ekki aðeins stjórnmálaflokkum, heldur standa og hagfræðingaskólarnir hver gegn öðrum í þessu efni. Þetta er vitaskuld stórmál, og jeg get sagt það strax, að viðvíkjandi hinu rjetta hugtaki frjáls verslun, þá er jeg því ákaflega fylgjandi. Álít jeg verndartollana mikið böl og að einhver sá hroðalegasti tollur, sem við eigum við að búa, sje verðtollurinn, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir að vísu ekki fundið upp, en stutt öfluglega. Jeg segi honum það til hróss, að hann hefir ekki einu sinni getað fundið þetta upp; það var nefnd í hv. Nd., sem gerði það. Jeg hefi nú svarað háttv. 1. landsk. (SE) skýrt og skorinort. Hinu rjetta hugtaki frjáls verslun er jeg af alhuga fylgjandi. Og jeg óska þess heitt, að með auknum beinum sköttum á hin breiðu bök verði skattapólitík landsins komið í það horf, að við losnum við verndartollana, hverju nafni sem nefnast, sem auka dýrtíðina í landinu. En jeg verð að segja, þó leiðinlegt sje, að mjer virðist ekki benda í þessa rjettu átt eitt frv. hæstv. fjrh. (JÞ), sem nú er ekki til

skaut jeg fram í ræðu hans: Hverjar voru tóbaksbirgðirnar, þegar einkasalan tók til starfa?

Sjer háttv. þm. (JJós) virkilega ekki, að þegar árin 1919—'20 er flutt inn meira en ⅓ meira tóbak en í meðalári þar á undan, þá er engin ástæða til að halda, að þörf sje eins mikils innflutnings næstu árin á eftir, og það því fremur, sem þá voru kreppuár og kaupgeta almennings sáralítil? Þetta sýnast mjer nokkuð þung rök, en hv. þm. (JJós) hefir ekki svarað þeim. Aftur á móti talar hann um árið 1924 eins og nokkurskonar veltiár, og því varla rjett að reikna með því í þessu sambandi. En þá er innflutningurinn einmitt 74 þús. kg., eða því sem næst hinn sami og árið 1917 og árin 1910—'12. M. ö. o. innflutningur tóbaks er síðasta ár nákvæmlega sá sami og í normal ári fyrir stríð, og því hárrjett og í rauninni hið eina sjálfsagða að miða útreikninga sína við síðasta ár eingöngu. Meðaltalsútreikningurinn er vægast sagt vitleysa, en verður þó að virðast hv. þm. (JJós) til verkunnar, því að öðrum kosti gæti hann ekki varið það fyrir samvisku sinni að greiða atkv. með afnámi einkasölunnar.

Hv. þm. (JJós) kvað afsakanlegt, þó að menn skiftu um skoðun á jafnlöngum tíma og síðan 1912. En þar sem hann heldur því fram, að hjer sje um stefnumál eingöngu að ræða, þá verður hann að játa, að eitthvað verulegt þurfi að koma fyrir, til þess að menn geti skift svo algerlega um lífsskoðun. Þegar hv. 1. þm. Rang. (EP) og hv. 2. þm. G.-K. (BK) hafa t. d. flutt jafnákveðna till. í einkasöluáttina sem þeir gerðu árið 1912, þá verða menn að játa, að eitthvað meira en lítið þurfi að hafa gengið á, til þess að þeir geti nú greitt atkv. með afnámi tóbakseinkasölu vegna stefnu sinnar í verslunarmálum.

Vel má vera, að einhverjum kaupmönnum í Svíþjóð hafi verið bætt upp tap vegna stofnunar tóbakseinkasölunnar þar. Um það skal jeg ekkert segja. En hitt er víst, að slíkar bætur voru ekki greiddar hjer, þegar vínsölulevfi voru tekin af mönnum, og ekki heldur þegar núverandi hæstv. atvrh. (MG) stofnsetti tóbakseinkasöluna. Slíkar skaðabætur eru því ekki í samræmi við íslenskar rjettarreglur, hvernig sem meiri hl. sænska þingsins kann að hafa litið á málið á sínum tíma. Hinsvegar er þess að geta, að enda bótt sænska ríkið hafi greitt kaupmönnum skaðabætur, þá mun það hafa borgað sig fyrir ríkissjóðinn, því að síðastliðið ár græddi hann 38 milj. á tóbakseinkasölunni, og munar um minna jafnvel þar.

Annars hefi jeg ekki heyrt getið um skaðabætur til kaupmanna í þeim 9 ríkjum, sem hæstv. atvrh. (MG) nefndi í greinargerð frv. 1921. Það sýnist svo, sem þau ríki hafi tekið þessa verslun með köldu blóði og ekki bætt það í einu eða neinu. Og hafi satt að segja nokkur með þessari einkasölu brotið á móti verslunarstjett þessa lands, þá er það, þótt mier þyki leiðinlegt að verða að nefna það, hæstv. atvrh. (MG), sá maður, sem hv. frsm. meiri hl. (JJós) og margir aðrir treysta svo vel, sem raun ber vitni, bar eð þeir hafa hann í svo ábyrgðarmikilli stöðu. Hlýtur þeim að finnast það leiðinlegt, að hann skuli vera svona mikill mótgangsmaður kaupmannastjettarinnar.

Jeg get svo svarað niðurlagsorðum hv. þm. Vestm. (JJós) um leið og jeg svara hv. 1. landsk. (SE). Hv. 1. landsk. lítur svo á, að hjer sje aðeins um stefnumál að ræða, en ekki fjárhagsmál. Styður það

Í þessu sambandi er rjett að víkja að nýafstöðnu tilfelli í Frakklandi, þar sem fjármálaráðherrann sagði af sjer vegna ósamræmis við forsætisráðherrann.

Skemtilegast í ræðu hæstv. forsrh. (JM) var, að hann vildi ekki segja frá því, í hvaða sambandi hann hafi lýst afstöðu sinni til einkasölustefnunnar á þinginu 1921. Það er alveg áreiðanlegt, að ekki kom þessi andstaða hans gegn einkasölu í ljós í umr. um tóbakseinkasöluna. Síður en svo. Þessi varfærni hæstv. ráðh. (JM) er talandi vottur um hræðslu hans við fortíðina, sem eltir hann eins og draugur. Þess vegna forðast hann að gefa skýr svör um fyrri afstöðu sína til málsins. Hinsvegar segist hann hafa verið á móti öllum höftum og einkasölu árið 1922. Hvers vegna hefir hann þá aldrei beitt sjer neitt fyrir afnámi einkasölu eða hafta síðan? En fyrst hann hafði óbeit á öllum höftum árið 1922, þá er rjett að minna hann á, að árið 1921 kom hann heim úr siglingu með þá hugmynd að setja á stofn skömtun á ýmsum matvælum hjer í bænum, og þeirri hugmynd kom hann í framkvæmd, þrátt fyrir andstöðu þáv. hæstv. atvrh. gegn þeirri ráðabreytni.

Hvernig stendur nú á þessu öllu saman? Árið 1921 hamrar hæstv. forsrh. (JM) í gegn svo stórfeldri „restriktion" sem matvælaskömtun og sama ár þolir hann, að meðstjórnandi hans, þáv. hæstv. fjrh., ber fram frv. um tóbakseinkasölu og þáv. hæstv. atvrh. annað frv. um kornseinkasölu, en ári síðar, 1922, hefir hæstv. forsrh. (JM) megna óbeit á öllum höftum og allri einkasölu. Hjer hljóta að hafa orðið óvenjulega stórfeld skoðanaskifti.

Jeg skal nú játa, að síðan árið 1922 er ekki beinlínis hægt að sjá, að hæstv. forsrh. hafi snúist mikið í þessum málum, þó að svo kunni vel að vera. Opinberlega hefir hann haldið strikinu nokkurn veginn síðan. En mjer þykir hlýða að skjóta því til hæstv. forsrh., hvort aðalsnúningurinn árið 1922 standi í nokkru sambandi við það, að árin 1919—'20 stóð hann tiltölulega nærri bændum landsins, en árið 1922 varð hann að sækja kjörfylgi sitt í aðrar herbúðir. Mjer sýnist ekki með öllu útilokað, að háttv. kjósendur árið 1922 hafi að einhverju leyti markað stefnuskifti hæstv. ráðh. (JM), sem einmitt urðu á því ári.

Jeg vona, að hæstv. forseti taki ekki illa upp fyrir mjer, þó að jeg bendi enn á 3 háttv. þm., sem greiddu atkvæði með lögleiðingu tóbakseinkasölunnar og enn eiga sæti hjer í hv. deild og hafa nú greitt atkvæði með afnáminu. Jeg á við þá hv. þm. Snæf. (HSteins), hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og hv. 3. landsk. (HSn). Vil jeg a. m. k. skjóta því til hv. þm. Snæf., að hann skýri hv. deild frá, hvað fyrir hefir komið síðan 1921, sem rjettlætir, að hann greiðir nú þveröfugt atkv. við það, sem hann gerði þá.

Annars er rjett að geta þess nú, að tveir eru þeir hlutir, sem ekki lítur út fyrir, að nefna megi hjer í hv. deild, án þess álitið sje að góðir siðir sjeu brotnir. Annað er Morgunblaðið, en hitt er að tala um bókfærð skoðanaskifti stjórnarflokksins í velferðarmálum þjóðarinnar. Þetta er hvorttveggja álitið meiðandi, líklega fyrir hæstv. stjórn og hv. stuðningsmenn hennar.

Hv. þm. Vestm. (JJós) þarf jeg fáu að svara. Hann heldur sig enn við meðaltalsreikning þriggja fyrstu ára einkasölunnar; en til að hjálpa minni hans

í allskonar einokunar- og haftafargani, sem svo er kallað af Mbl.mönnum, en einmitt hæstv. forsrh. (JM), hv. 1. landsk. (SE) og hv. 2. þm. G.-K. (BK). Sem ráðherrar hafa þeir allir staðið fyrir einkasölufyrirtækjum í stórum stíl, og má nærri því segja, að þeir hafi flutt inn einokunarbakteríuna, sem þeir nú kalla svo, í þetta þjóðfjelag. *(SE:* Háttv. þm. sagði í gær, að jeg hefði hreinar línur í þessu máli). Já, í tóbakseinkasölumálinu hefir hv. 1. landsk. (SE) verið sjálfum sjer samkvæmur, en ekki þegar um einkasölustefnuna yfirleitt er að ræða.

Hv. þm. Vestm. (JJós) skýrði svo vel, hvernig íhaldið hafi glæpst á tóbakseinkasölunni árið 1921, vegna þess að einkasöluandinn hafi verið kominn svo djúpt inn í meðvitund þjóðarinnar undir stjórn „monopol"-kónganna, hæstv. forsrh.(JM), hv. 1. landsk. (SE) og hv. 2. þm. G.-K. (BK). Jeg held, að þessir háttv. herrar hefðu gott á því að átta sig dálítið á einkasölufyrirkomulaginu í ljósi þeirrar heimsspeki, sem þeir stjórnuðu landinu eftir á stríðsárunum. Sá andi, sem greip stjórnarflokkinn árið 1921 og stýrði honum í höfn tóbakseinkasölunnar, er til orðinn í nánum fjelagsskap við einokunarráðherra stríðsáranna, sem jeg áður nefndi.

Nú segja þessir einokunarfrömuðir: „Það er alt öðru máli að gegna um stríðsár; þá er sjálfsagt, að ríkið taki verslun í sínar hendur." Þetta sýnist mjer harla undarleg kenning. Jeg á erfitt með að skilja, að það sje vondur vinur, sem menn leita til þegar neyðin er mest. A. m. k. er ekki gott að samrýma slíka kenningu því, sem gerist í daglegu lífi manna Eða halda hv. þdm., að maður, sem þarf nauðsynlega að fá skrifað upp á víxil, leiti til höfuðóvinar síns í því skyni? Nei, menn leita einmitt til góðra vina, þegar mest á ríður. Þegar mest á reið komu áðurnefndir 3 ráðherrar til einkasöluhugmyndarinnar og báðu hana ásjár.

Vegna peningavandræða ríkissjóðs leitaði Hannes Hafstein á náðir einkasöluhugmyndarinnar árið 1911 og Jón Ólafsson, Bjarni frá Vogi, hv. 1. þm. Rang. (EP) o. fl. komu árið eftir og vildu láta ríkið taka einkasölu á olíu.

Af hverju stafar nú þetta? Af því að þegar landið er nauðulega statt, þá álíta menn, að einkasala geti hjálpað.

Sömu söguna hafa stríðsárin að segja. Þá vildu allir hafa einkasölu, og það á mörgum vörutegundum.

Nú á hv. 1. landsk. (SE) eftir að skýra fyrir mönnum, hvernig á því stendur, að einkasala er álitin sjálfsögð, hvenær sem landið er í neyð statt. *(SE:* Einkasalan er einmitt neyðarúrræði!). Hvers vegna dugir hin marglofaða frjálsa samkepni þá ekki? Hv. 1. landsk. (SE) á einnig eftir að skýra fyrir mönnum, hvers vegna kaupmennirnir, sem óáreittir fá að fleyta rjómann í góðærum, bregðast í neyðinni. Um leið og hv. þm. (SE) útskýrir þetta, þarf hann að koma dálítið inn á „praktíska" sálarfræði og siðfræði kaupmanna yfirleitt, sem æskilegt væri að heyra hann prjedika nokkuð um hjer í dag.

Hæstv. forsrh. (JM) sagðist altaf hafa verið á móti einkasölufyrirkomulaginu. Er hann nú búinn að gleyma stjfrv. sínu um einkasölu ríkisins á lyfjum, sem hann flutti árið 1921? Var hann ekki einmitt höfuð stjórnarinnar, þegar stjfrv. um tóbakseinkasöluna var borið fram og samþykt, þó að annar ráðherra hefði þar framsögu? Ef sá ráðherra hefir verið í andstöðu við höfuð stjórnarinnar, þegar hann flutti frv., þá átti höfuðið auðvitað að ráða, þó að það hafi að vísu aldrei verið kallað „heili heilanna."

(EÁ), hv. 5. landsk. (JJ) og þá aðra hv. þm., sem standa þeirra megin í þessu máli, að láta ótvírætt uppi, hvort þeir standa á grundvelli frjálsrar verslunar eða ekki. Jeg vil skora á þá að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir, en það hafa þeir ekki gert enn. Að vísu byrjaði hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) ræðu sína á því að segja, að þetta væri ekki „princip"-mál, en síðar í ræðu hans skaut fyrir ýmiskonar himnaleiftrum, eins og hann vill víst orða það, eins og t. d. þegar hann fór að tala um, að líf þjóðanna væri lengra en mannslífin o. s. frv. Þá fanst mjer hann vera aftur kominn að því, að málið væri í rauninni „princip"-mál fyrir honum.

Hv. þm. (EÁ) hnevkslaðist á því, að jeg hafði sagt í sambandi við þetta mál, að hinn góði málstaður sigraði að lokum. Það er nú svo, að hver maður dæmir málstaðinn út frá sínum eigin skoðunum. Í verslunarmálum hefi jeg altaf talið frjálsa verslun góða málstaðinn, og þegar jeg sje, að henni vex fylgi hjer á Alþingi, þá er eðlilegt, að jeg telji hinn góða málstað vera að sigra.

Hitt er annað mál, hvernig aldir og óbornir kunna að líta á þetta atriði í framtíðinni. En ef sálarlíf einstaklinganna tekur ekki því meiri stakkaskiftum, þá hafa menn ástæðu til að ætla, að verslunarfrelsi verði jafnan talið hinn góði málstaðurinn.

Þar sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir rjettilega fallist á, að afla megi ríkissjóði jafnmikilla tekna með tollhækkun eins og með einkasölu á tóbaki, þá snýst málið eingöngu um stefnuna í verslunarmálum, og getur hv. þm. (EÁ) því ekki skotið sjer undan að taka afstöðu til hennar.

Vona jeg, að yfirlýsing hans í þessu efni verði á þá leið, að hann og flokkur hans standi á grundvelli frjálsrar verslunar, þar sem það skiftir framtíð flokksins áreiðanlega miklu. Og jeg skil ekki, að Framsóknarflokkurinn þurfi að vera hræddur við að halda sjer á grundvelli frjálsrar samkepnisverslunar, því hvað bölvaðir sem honum kunna að þykja kaupmennirnir, þá er þess að minnast, að til eru stofnanir, sem heita samvinnufjelög.

Ef kaupmenn leggja óhæfilega mikið á varning sinn, þá ættu kaupfjelögin að geta blómgast, og sýnt þannig hin blessunarríku áhrif frjálsu samkepninnar, en þegar kaupfjelögin eru farin að selja vörur sínar með sanngjörnu verði, þá neyðast kaupmenn sama staðar til að koma á eftir, ef þeirra verð hefir verið of hátt. Að öðrum kosti verða þeir að hætta verslun, eða þá selja lakari vörur en kaupfjelögin, en það kemur þeim einnig í koll. Þarna koma hin heilladrjúgu áhrif frjálsu samkepnisverslunarinnar í ljós: að sá góði þvingar hina, sem lakari eru, til að haga sjer eftir sínu góða fordæmi.

Jeg er spentur fyrir að heyra, hvernig afstaða Framsóknarflokksins er yfirleitt gagnvart verslunarfrelsi, og þess vegna bið jeg um yfirlýsingu þess efnis.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg skal fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh. (JM). Hann var ekki vel skýr, þegar hann talaði um afstöðu sína til þessa máls áður fyr. Hann vildi ekki skýra, hvers vegna hann var fylgjandi einkasölu fyrir stríð, og ekki heldur hvernig á því stóð, að 1917 lagði stjórn hans til, að ríkið tæki að sjer einkasölu á steinolíu. Enn síður vildi hann tala mikið um það, hvernig á því stóð, að öll stríðsárin var hann sá langmesti einokunarkóngur, sem sögur fara af hjer á landi. Engir þrír hjerlendir menn hafa verið dýpra sokknir

sjer vel við forstöðumann verslunarinnar með því að láta hann fá sjergróða, en þetta gæti leitt til, að landið fengi verri og dýrari vörur. Og sem sagt, ef valið tekst illa á manninum, þá stendur spillingin fyrir dyrum. Þar er ein af stórhættunum við alla einokun. Aftur á móti er það svo um hina frjálsu samkepni, að þar stjórnar eigingirninnar sterka hvöt. Sjálfra sín vegna verða þeir að leitast við að fá sem besta og ódýrasta vöru til þess að geta staðist samkepnina. Vond innkaup og vond vara er þeirra *eigið tap;* vond innkaup og vond vara hjá einokuninni kemur niður á öðrum stað.

Hv. þm. (EÁ) hjelt, að hann væri að tala á móti hinni frjálsu samkepni með því að nefna „Standard Oil". Hann var að tala um, að jeg vissi, hvernig þetta fjelag hefði unnið hjer. Já, hvaðan stafaði andúðin gegn þessu fjelagi? Hún stafaði af því, að fjelagsmenn voru að einoka olíuna, af því að þeir voru að mynda hring, svo að hin frjálsa verslun komst ekki að. *(EÁ:* Voru það ekki útlendir menn?) Víst voru það útlendir menn, en andúðin skapaðist ekki við það, heldur við hitt, að þeir einokuðu vöruna og gerðu landsmönnum með því þungar búsifjar. *(EÁ:* Hvar er þessi frjálsa verslun?). Ef sterkir „hringar" myndast, á hin frjálsa verslun erfiðara uppdráttar. Verslunarfrelsi birtist ekki í „hringum" nútímans. Þeir eru ekkert annað en það, að fjármagnið sameinast til þess að útiloka alla frjálsa samkepni, eða m. ö. o. árás á frjálsa verslun.

Frjálsa verslun má útiloka bæði með því að ríkiseinokun sje upp tekin, eða að ríkið veiti einhverjum einstaklingum verslunareinkaleyfi, og svo með hinu, að „kapitalið" slær sjer saman og myndar „hringa", sem eru síst betri fyrir verslunarfrelsið. Hinar illu afleiðingar „hringanna" má best sjá í Ameríku. Við vitum, hvernig „trustar" Ameríkumanna hafa gripið öfluglega inn í alt þjóðlíf vorra tíma og hversu ilt hefir verið að fá reistar skorður við þeim.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) fanst jeg vera nokkuð mikið uppi í skýjunum, af því að jeg nefndi frjálsa verslun í sambandi við þetta mál. Jeg fæ nú ekki sjeð, að hægt sje að tala um þetta mál án þess að koma inn á frjálsa verslun í sambandi við það. Og mjer er spurn: Á hvaða grundvelli stendur hv. þm. (EÁ) í máli þessu? Mjer skildist á honum í upphafi ræðu hans, að hann vildi ekki blanda neinum „principum" í verslunarmálum inn í þessar umr. Þetta mál yrði að skoða sem tollmál eingöngu. Þetta er misskilningur. Hjá því verður ómögulega komist að tala um stefnur í verslunarmálum yfirleitt í sambandi við tóbakseinkasölu ríkisins. Úrslit þessa máls hljóta að fara eftir því, hvort menn álíta frjálsa verslun heillavænlegri landsmönnum en einokun.

Hv. þm. (EÁ) játaði, að hægt væri að ná jafnmiklum tekjum í ríkissjóð með tollhækkun einni saman eins og með lægri tolli og verslunarálagningu samtals. Þá er spurningin eingöngu sú, hvort fyrirkomulagið verður neytendum vörunnar, landsmönnum, hagkvæmara. Ef tóbakið fæst ódýrara til landsins undir fyrirkomulagi frjálsrar verslunar, þá græðir þjóðin í heild, en ríkissjóður stendur jafnt að vígi í báðum tilfellum. Það er þess vegna ekki til neins fyrir menn að reyna að læðast framhjá einokunarfyrirkomulaginu jafnframt því að halda lofræður um tóbakseinkasöluna. Menn verða að taka afstöðu til stefnunnar. Vilja menn einokun eða ekki?

Jeg vil nú skora á hv. 1. þm. Eyf.

brjótast gegnum þá „frjálsu“ (!) verslun? Man hann nokkuð eftir tilraunum, sem gerðar voru í Reykjavík á því sviði, og hvernig það gekk? Hvað segir hv. þm. um það, þegar þessir einokarar hjer í Reykjavík — svo jeg tali á máli hv. frsm. meiri hl. — selja hluti fyrir 120 kr., sem hægt er að fá hingað fyrir 30 kr., ef hægt er að brjóta þessa einokun, þessa frjálsu samkepni hv. 1. landsk.? Þá talaði hv. 1. landsk. með miklum fjálgleik um það, að rjett mál sigraði að lokum. Já, háttv. 1. landsk. verður að gæta að því, að líf þjóðanna er meira en eitt mannslíf. Ef maður ætlar að gera sjer grein fyrir því, hvernig verslunarmálin hafa verið í fortíð og hvernig þau eru að breytast og hvert þau stefna, þá er vafasamt, að hægt sje að segja, að gott mál sigri að lokum; það er alt eftir því, hvaða skoðun maður hefir á því, hvað muni fram koma að lokum. Sú frjálsa samkepni getur verið góð, ef hana er hægt að framkvæma svo, að hún eigi það nafn með rjettu, að vera frjáls. En hv. 1. landsk. veit sjálfsagt ofurvel, að það er naumast hægt að segja, að verslunin sje nokkursstaðar frjáls. Það hafa verið myndaðir svo margskonar verslunarhringar, að það er óskemtilegt að hlusta á, að menn skuli yfir höfuð vera að tala um frjálsa verslun þar, sem menn hafa átt að búa við ófrjálsa verslun og munu eiga í framtíðinni að meira eða minna levti.

Það voru aðeins bessi fáu atriði, sem jeg vildi minnast á; það er ekki af því, að við, sem erum andvígir frv. þessu, sjeum að ætla okkur að telja neinum hughvarf til þess að greiða atkv. móti þessu frv., en við höfum aðeins viljað láta í ljós okkar skoðun. Og sannast að segja furðar mig það mjög, að hæstv. stjórn skyldi hafa getað lagt svo mikla rækt við þetta mál sem hún hefir gert. Jeg efast ekki um, að flm. þessa frv. hafa sótt fast að fá þetta mál fram í þinginu og að hæstv. stjórn hafi óttast eitthvað örðugt, ef þetta mál fengi ekki þann stuðning, að það gæti gengið gegnum þingið. En jeg verð að segja það, að mjer hefði þótt vegur stjórnarinnar vaxa, ef hún hefði að minsta kosti gefið þjóðinni tækifæri til þess að segja sitt álit um þetta mál áður en því væri ráðið til lykta.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að segja það við hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að orsökin til þess, að jeg hefi stundum verið úti undir umr. þessa máls, er sannarlega ekki sú, að jeg telji mig ekki hafa nóg rök að tefla fram, heldur virðist mjer rökin vera orðin svo yfirdrifin með þessu frv., að það þurfi ekki altaf að vera að endurtaka þau.

Þá vík jeg örfáum orðum að athugasemdum hv. 5. landsk. (JJ) út af minni seinustu ræðu viðvíkjandi fjárhagshlið málsins, hvor myndi gera betri kaup, einkasalan, eða einokunin, sem mun vera rjettara orð, eða hin frjálsa samkepni. Það er að vísu rjett, að sá maður, sem á að gera stórfeld innkaup, hann hefir í sjálfu sjer skilyrði fyrir því að geta náð betra verði heldur en sá, sem smærra kaupir inn. En gallinn er bara sá, að ef misbrestir verða á kaupunum, geta þeir orðið svo afarstórfeldir. Þó forstöðumaður einokunarverslunarinnar sje ágætur og ráðvandur maður í alla staði, þá getur honum missýnst, því betur sjá augu en auga. En út yfir alt tekur þó, ef valið á manninum tekst illa, því freistingarnar verða auðvitað miklar. Erlend fjelög, sem sjá sjer stórhag í svo mikilli verslun, ef þau geta komið ár sinni vel fyrir borð, mundu sjálfsagt sum hver reyna að koma

Jónsson í broddi fylkingar átti að stjórna þessum svokölluðu „Innrjettingum", sem Almenna verslunarfjelaginu var mjög í nöp við, af því að Innrjettingarnar tóku að nokkru leyti frá því atvinnu af sölu ýmsra vörutegunda. Jeg hefi nýlega lesið bók, þar sem sagt er frá þessum stofnunum, og jeg get ekki stilt mig um að lesa upp dálitla grein úr henni, af því hún minnir svo átakanlega á það, að sagan er að endurtaka sig. Hún hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Eitt var það, að Ari hyltist til að hafa þau klæði og vaðmál, sem send voru út um land til sölu, illa unnin, hálfþæfð, gisin og mikils til of mjó. Bændur kvörtuðu sáran undan þessu við kaupmenn, en þeir svöruðu allir á eina lund: „Þetta er íslenskur iðnaður; þarna getið þjer sjeð!" — Með þessum og þvílíkum brögðum tókst fjelaginu að gera iðnaðarstofnanirnar óvinsælar hjá almenningi, til þess að það gæti lagt þær niður að fullu, svo að alþýða manna risi ekki á móti því."

Þá hafði mig langað til að víkja örfáum orðum að hv. 1. landsk. (SE); get jeg ekki alveg slept að minnast á tvö eða þrjú atriði, sem hann tók fram við 2. umr. Hann kvað sjer vera það óskiljanlegt, ef ekki væri hægt að ná inn eins miklum tekjum með tollun eins og einkasölu, og lagði á þetta mikla áherslu. Það dettur engum í hug að mótmæla þessu. Hann sagði þetta vera einfalt reikningsdæmi, en það þarf ekkert reikningsdæmi, ekki nema heilbrigða skynsemi, til þess að sjá, að þetta er hægt. En hv. þm. ætti að athuga það, að það þarf að gæta hagsmuna þeirra, sem kaupa tóbakið. Og það, sem hjer liggur fyrir, að hv. þm. sanni, er það, að þær tekjur, sem þetta frv. ætlar ríkissjóði án þess að bitni á kaupendum, sjeu eins miklar eins og þær tekjur, sem hann hefir af einkasölunni í framtíðinni. Það hefir hv. þm. (SE) láðst að sanna, — af því hann getur ekki sannað það. Það þarf ekki nema heilbrigða skynsemi til að sjá það, að þegar kaupmenn eru búnir að taka sína kaupmannsálagningu af tóbakinu, þá skiftir það töluverðu máli, hvort kaupmannsgróðinn lendir hjá landinu eða kaupmönnum, að minsta kosti ef maður vill taka nokkurt tillit til kaupendanna.

Þá talaði hv. 1. landsk. (SE) um það, að það væri svo hættulegt þegar stórar verslanir gerðu slæm innkaup. Eftir þessari röksemdafærslu ætti ekki að vera til stórt verslunarfirma, heldur aðeins tómir smákaupmenn, því þá gerði minna til, þótt einhverjir gerðu slæm innkaup. Þó maður gengi inn á þessa skoðun hv. 1. landsk. (SE), þá finst mjer mega taka tillit til þess, ef stórt verslunarfjelag gerir góð innkaup, og jeg get ekki skilið annað en að þetta tvent geti vegið salt að minsta kosti, að gera góð innkaup og slæm innkaup. Slíkt er því engin röksemdafærsla. Þá komst háttv. 1. landsk. (SE) nokkuð hátt, er hann var að tala um frjálsa samkepni. Sannast að segja finst mjer þessi tóbaksverslun vera svo járðbundin, að það sje best að halda sig við jörðina og staðreyndir í umræðum um hana. Hann talaði um það, að sú frjálsa samkepni „kontroleri" sig sjálf. Mig minnir það væri Benedikt Gröndal, sem talaði um himinljósa-leiftur-sîur, og þetta er held jeg eitt af því. Minnist hv. 1. landsk. (SE) nokkuð þess, að hjer hefir starfað verslunarfyrirtæki, sem hjet „Standard Oil" eða „Hið íslenska steinolíuhlutafjelag"? Og man hv. 1. landsk. nokkuð eftir því, að reynt hafi verið að

tíma 1924. Af því má ráða það, að 1925 verði betra ár en 1924, fyrir utan það, að það er alls ekki rjett þegar um einhver fyrirtæki er að ræða, sem eiga erfitt uppdráttar af eðlilegum orsökum fyrsta og annað árið, að taka þau ár til samanburðar við það, þegar fyrirtækið er komið á fastan grundvöll. Jeg gæti nefnt mörg dæmi af fjelögum hjer á landi, sem hafa átt mjög erfitt uppdráttar í byrjun, en urðu þjóðþrifafyrirtæki, þegar þau voru komin yfir barnasjúkdómana, og mjög gróðavænleg og gagnleg fyrir þjóðina. Jeg skal aðeins nefna eitt nafn, verksmiðjuna „Gefjun" á Akureyri, sem áreiðanlega er þjóðþrifastofnun. Svo örðugt átti hún fyrstu árin, að hún varð að leita allra bragða til þess að bjargast frá gjaldþroti. En nú er hún með álitlegustu gróðastofnunum hjer á landi og gerir mjög mikið gagn.

Hv. frsm. meiri hl. (JJós) sagði, að innflutningur tóbaks mundi aukast, ef verslunin verður gefin frjáls. Getur verið, að fyrsta árið sýndi það, en það er alls ekki hægt að byggja á því ári, því seinna getur komið afturkippur. Yfirleitt er mjög örðugt að búa til nokkra áætlun um það, hvenær tóbaksinnflutningur verði mikill og hvenær lítill. Það fer vafalaust eftir því, hvað vel lætur í ári að meira eða minna leyti. Eftir skýrslum fyrsta ársfjórðungs 1925 virðist það vera á því sporinu, að innflutningurinn aukist. En það, að innflutningur aukist, getur verið álitamál, hvort er æskilegt; en ef eingöngu ætti að miða við það, að ríkið fengi tekjur, þá ætti líka að afnema víneinkasöluna. Þá talaði háttv. frsm. meiri hl. um það, að það hefði færst doði í tóbaksverslunina við það, að einkasalan komst á. Þetta er atriði, sem er þess vert að athuga. Jeg get búist við, að hv. frsm. hafi rjett fyrir sjer að nokkru leyti; jeg býst við, að það hafi færst nokkurskonar doði í tóbaksverslunina úti um landið fyrst eftir að landsverslunin var sett á stofn. En af hverju? Í því sambandi vil jeg drepa á atriði, sem mjer er kunnugt um. Eins og allir vita, þá var kaupmannastjettinni þá ákaflega óljúft, að tóbakseinkasalan kæmist á, og mjer finst það alls ekki óeðlilegt og lái henni það ekki, því áreiðanlega var það fjárhagslegt tap fyrir kaupmenn marga hverja. En það, sem þeir sáu, að nauðsynlegt var að gera til þess að ósköpin stæðu ekki lengi, það var að gera einkasöluna óvinsæla. Hvernig fóru þeir að því? Þannig, að víða úti um landið tóku þeir sig saman um að kaupa ekki tóbak af landsverslun, eða að minsta kosti ekki nema slæmar tegundir, bæði af vindlum og reyktóbaki. Þegar viðskiftamenn kvörtuðu, þá sögðu kaupmenn: Þetta er landsversluninni að kenna, svona eru hennar vörur, og svo er þetta svo dýrt, að það er ókaupandi. Þetta er mjer kunnugt um. Með þessari aðferð hafa kaupmenn víða úti um landið neytt tóbaksneytendur til að leita óleyfilegra ráða til að útvega sjer tóbak. Sú ástæða, að landsverslun hafi ekki góðar tóbakstegundir, er á engum rökum bygð, enda hefir henni ekki verið haldið mikið uppi nú upp á síðkastið; en þegar tóbakseinkasalan komst á, þá var óspart flaggað með því, að ekki fengist almennilegur vindill eða reyktóbak eftir umskiftin. En reynslan er búin að sýna hið gagnstæða. Þessi aðferð kaupmanna til þess að gera tóbakseinkasöluna óvinsæla, hún minnir mig á nokkuð annað; hún minnir mig á þau ár, þegar Skúli fógeti setti hjer upp stofnun, sem allir kannast við. Almenna verslunarfjelagið með Ara

einnig verið mikið rætt bæði hjer og í hv. Nd., og þeir, sem best hafa fylgst með, segja, að fylgjendur einokunarinnar hafi jafnan frá upphafi stagast á því sama, og svo virðist, sem aðalröksemd þeirra sje í því fólgin að búa til falskan gróða með röngum reikningum.

Að lokum vil jeg minna á það, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að það, sem rjeði skoðun manna í því, væri fyrst og fremst „princip"-munur. Sumum þótti þá, sem þetta væri út í bláinn sagt, en jeg held, að það sje að koma betur og betur á daginn. Þó sumum kunni að ganga eitthvað annað til, svo sem fjárhagsatriði málsins, þá hlýtur stefnumunurinn milli frjálsrar verslunar og einokunar ætíð mestu að ráða um afstöðu manna til þessa máls og annara af líku tægi.

Einar Árnason: Það lítur út fyrir, að ýmsir hv. þdm. eigi örðugt með að vera viðstaddir umræðurnar. Á það sjerstaklega við um stuðningsmenn þessa frv., og skilst mjer það svo, að þeim sje óljúft að tala um málið, og lái jeg þeim það ekki. Jeg vil nú samt sem áður leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir í sambandi við þetta mál.

Jeg tók það strax fram við 1. umr., að fyrir mjer væri mál þetta fjárhagsmál, en ekki stefnumál. Og jeg get sagt það enn, að ef hv. flm. frv. eða aðrir hefðu sannfært mig um, að ríkissjóður biði ekki halla af að samþykkja þetta frv. þá gæti jeg greitt atkv. mitt með því. En engin af þeirra mörgu og löngu ræðum hefir sannfært mig um þetta, jafnvel þó þeir hafi tekið það ráð að neita öllum rökum, sem fylgjendur einkasölunnar hafa komið með.

Jeg verð í raun og veru að segja það sama um þær tölur, sem hæstv. fjrh. hefir tilfært bæði í Nd. og Ed. Fyrir mjer er málið miklu einfaldara en svo, því það þarf ekkert annað en heilbrigða skynsemi til þess að sjá, hvað er rjett og ekki rjett í þessu máli. Hv. frsm. meiri hl. (JJós) talaði mikið um einokun, og hann lagði svo mikla rækt við það orð, að jeg tók eftir því við 2. umr., að honum varð á að nefna landsverslun, en tók sig óðar aftur og nefndi einokun. Jeg get gert honum það til geðs að nefna einokun, ef honum finst það einhver röksemd í málinu frá hans hlið, en þá vil jeg líka færa þetta orð víðara út. Eins og allir vita, er til einkasala fyrir ýmsar vörutegundir og firmu; þannig eru til margir einkasalar hjer á landi, og ættu þeir þá að heita *einokarar*, fyrst það þykir þægilegra orð. Annars dettur mjer í hug í sambandi við þetta einokunarorð, þegar konur voru að draga pils á höfuð sjer til þess að hræða börn og látast vera Grýla. Jeg held, að þetta einokunarnafn geti ekki haft meiri áhrif en það, þó fullorðinn maður sjái einhvern með pils á höfðinu.

Hv. frsm. meiri hl. (JJós) talaði um gróðaárið 1924 og að þá hefði verslunin verið að fjörgast. Af því leiddi hann það, að það væri fjarstæða af okkur andstæðingum frv. að miða við það ár útkomu landsverslunarinnar; við værum skyldugir til að taka meðaltalið af 3 árum. Þetta er nú að minsta kosti ekki nema að hálfu leyti rjett. Hv. frsm. segir, að ekki megi miða við það besta, og það út af fyrir sig er rjett. En getur hann nokkuð sagt um það, hvort árið 1924 yrði það besta ár, sem landsverslunin starfaði, ef hún hjeldi áfram? Hann getur ekkert um það sagt. En jeg vil benda á það, að við höfum skýrslur, sem sýna, að á fyrsta ársfjórðungi 1925 hefir einkasalan selt tóbak fyrir alt að 100 þús. kr. meira en á sama

hafi ekki farið rjett með skýrslur og tölur snertandi þetta mál, og áminti hann mig að leita sannleikans. Er slík áminning góð og blessuð. En því leiðara er til þess að vita, að hann hefir sjálfur ekki gert neina tilraun til að koma auga á sannleikann í þessu máli og það sýna m. a. tölur þær, sem hann notar í nál. hv. minni hl. á þskj. 468. Annars hefir hæstv. fjrh. tekið af mjer ómakið að mótmæla þeim.

Í sambandi við varasjóð verslunarinnar vil jeg minna á það, að útistandandi skuldir verslunarinnar eru ca. 160 þús. kr., en varasjóðurinn nemur 64 þús. kr. Hjelt jeg því fram við 2. umr., að ekki væri rjett, þegar skuldirnar væru svo miklar við verslunina og varasjóður svo lítill, að telja hann til eigna. Þurfa ekki allar skuldir verslunarinnar að tapast fyrir það, heldur einungis svo mikið, sem varasjóði nemur. Þá hefir oft verið sýnt fram á, að fylgismenn einokunarverslunarinnar fást ekki til að leggja annað tímabil til grundvallar útreikningum sínum en besta árið, sem yfir verslunina hefir komið. Þeir vita sem er, að ef tekið er meðaltal hinna 3 ára eins og gert var í nál. meiri hl. hjer og í hv. Nd., þá þarf innflutningur ekki að aukast frá því, sem nú er, til þess að jafnmiklar tekjur hafist með breyttum tolli af tóbakinu eins og nú er af landsversluninni. 1924 er þannig þrautalending einokunarmanna. En það var sýnt fram á það í hv. Nd., að ef sömu reglu væri fylgt af andstæðingum verslunarinnar, og þeir tækju það árið, sem innflutningurinn var mestur, nefnilega 1919, þá mundu tolltekjur af tilsvarandi innflutningi nema 1½ milj. kr. Þessi eins árs regla myndi því síst vera í hag einokuninni, ef henni væri fylgt út í æsar.

Hitt er annað mál, að sú regla er auðvitað ófær. Meiri hl. fór því að eins og hver skynsamur, öfgalaus maður myndi hafa gert, og tók meðaltal hinna 3 ára.

Hv. þm. (JJ) hefir tvisvar eða þrisvar vikið að því, að jeg færi í kringum málið. En jeg þykist þó hafa komið með allmörg atriði, sem skýra kjarna málsins. Á hinn bóginn finst mjer, að hv. þm. (JJ) hafi komið æðivíða við í síðustu ræðu sinni. Sú ræða snerti mig raunar ekki, að því leyti er hann var að ræða um skoðanir einstakra þm. á líkum málum og þessum á þinginu 1912 og gera upp við þá skoðanaskiftin síðan. En skoðað frá almennu sjónarmiði, þá held jeg, að hv. þm. (JJ) þurfi ekki að standa undrandi, þó einhver væri fylgjandi einkasölu á einhverri vörutegund áður en nokkur reynsla var fengin fyrir því, hvernig slíkt myndi reynast í framkvæmdinni. Og því síður er það undarlegt, þó sömu menn skifti um skoðun, ef reynslan hefir sýnt, að slíkt fyrirkomulag er óheppilegt.

Þá mintist hv. þm. (JJ) á nokkrar útlendar þjóðir, sem hefðu tekið upp einkasölu á tóbaki og ekki haggað við henni, og að þar hefði atvinnurekendunum ekki verið bættur skaðinn neitt. En hvað Svíþjóð viðvíkur í þessu efni, þá leyfi jeg mjer að vísa til þess, sem jeg sagði við 2. umr., og til skýrslu hv. 4. þm. Reykv. (MJ) í hv. Nd. Þá geta menn sjeð, að í Svíþjóð hefir verið varið miljónum króna til að bæta stórsölum og smásölum hallann, sem þeir biðu við það, að einokunin var sett á fót. Annars þýðir víst ekki að deila mikið um þetta mál, úr því sem komið er. En atkvæðagreiðslan verður að skera úr því, hvort hv. deild þykir, sem röksemdir hv. þm. (JJ) sjeu eins þungar á metunum og hann vill vera láta. Málið hefir og

„Meðan landsstjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu en landsstjórninni, nema með sjerstöku leyfi.“

Það er því hvorki meira nje minna en að maður, sem í frelsisins nafni heimtar núna afnám einkasölunnar, er staðinn að því að hafa barist með einkasölu. En því rek jeg þetta hjer, að jeg vil gefa þeim, sem snúist hafa í þessu máli, tækifæri til að gera grein fyrir skoðanaskiftum sínum.

En það, sem jeg hefi gert í ræðu minni, er þetta: Jeg hefi hrakið allar ástæðurnar, sem hv. 1. landsk. (SE) og hv. þm. Vestm. (JJós) báru fyrir sig, og sömuleiðis alt, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, því ræða hans var öll röng. Sömuleiðis hefi jeg gefið hæstv. forsrh. (JM) tilefni til að skýra frá, hvers vegna hann er kominn í mótsögn við sjálfan sig í þessu máli, og gefið hv. 1. þm. Rang. (EP) tækifæri til að skýra frá því, hvers vegna hann er fallinn frá skoðun sinni í einkasölumálinu, sem hann hafði 1912, og gefið hv. 2. þm. G.-K. (BK) átyllu til að skýra það, hvaða vit hafi verið í því að fela Landsbankanum 1912 eða landinu 1917 að reka einkasölu, úr því landið má ekki reka slíka verslun.

Forsætisráðherra (JM): Jeg er því ekki vanur að láta mikið til mín taka mál, sem ekki heyra undir mína stjórnardeild, og hefi því leitt mál þetta að mestu hjá mjer. En hv. 5. landsk. hefir nefnt mig lítillega í sambandi við tóbakseinkasöluna, og gat þá auðvitað ekki á sjer setið með að halla rjettu máli. Sannleikurinn er sá, að á þinginu 1921 lagði jeg ekki neitt til þessa máls. En hvað snertir afstöðu mína til tóbakseinkasölunnar þá, get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði á því sama þingi í sambandi við annað mál. Og skoðun mín hefir ekki haggast síðan. Það er heldur ekki satt, að menn alment skoði það höfuðástæðu fyrir afnámi einkasölunnar, að hún sje brot á móti frjálsri verslun. Þó einhverjir kunni að álíta þetta hvað þyngst á metunum, þá eru öðrum fjölmargar aðrar ástæður fyrir afnámi verslunarinnar. Og hvað steinolíuverslunina snertir, þá er því lýst yfir af mörgum, sem vilja hafa frjálsa verslun, að þeir álíti hana ekki brot á verslunarfrelsi, vegna þess, að hún hafi verið einokuð áður. Annars getur hv. þm. (JJ) ekki talað neitt um snúning í þessu máli, og þó svo að jeg hefði komist á aðra skoðun í því, þá skilst mjer, að það hefði verið frjálst. Jeg hefi jafnan haldið því fram, að ekki beri að hindra athafnafrelsi manna nema sem minst. Og það veit hv. 5. landsk. (JJ), að þegar jeg leitaði síðast atkvæða hjá kjósendum mínum, þá lýsti jeg því yfir, að jeg vildi fá öll verslunarhöft afnumin.

Að öðru leyti get jeg, svo sem áður er sagt, vísað til Alþt. 1921 um skoðun mína þá í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi ekki miklu að svara hv. frsm. minni hl. (JJ). Hann hjelt því fram, að hann hefði lagt fram gögn gegn öllum ástæðum okkar andstæðinga einkasölunnar, og geri jeg ekki ráð fyrir, að þeirri skoðun hans verði haggað. Er hætt við, að svo skilji með okkur, að hvor haldi sinni meiningu, eins og trúboðinn, sem ferðaðist mikið austur um sýslur, sagði að hefði farið fyrir sjer og þeim, er hann boðaði trúna. Hv. þm. (JJ) sagði, að jeg

hv. Nd. kom það fyrir, að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) hafði litið á rangt þingskjal og vitnað í það. Stóð hann þá upp og leiðrjetti mál sitt, og eins vildi jeg gera nú. Væri hv. þm. Vestm. sæmra að feta í fótspor okkar og leita sannleikans, heldur en að reyna að lifa á blekkingum til að flækja málið, eins og hann nú hefir orðið að gera, af því að hann fylgir illum málstað.

Jeg hefi áður bent á afstöðu stjórnarflokksins í þessu máli, og vil nú gefa þeim hv. þm., sem þar eiga hlut að máli, ástæðu til að skýra stefnubreyting sína. Vil jeg fyrst snúa mjer að hæstv. forsrh. (JM), sem jeg gleðst af að sjá kominn hingað í deildina. Hvernig getur hann nú beitt sjer gegn einkasölunni, þegar litið er á afstöðu hans til einkasölu, er Hannes Hafstein var ráðherra, til afstöðu hans gagnvart steinolíueinkasölunni 1917 og tóbakseinkasölunni 1921? Að vísu hafði hann ekki atkvæðisrjett hjer á þingi 1921, er hann var forsætisráðherra, og þótt hann kæmi því ekki sjálfur fram með tóbakseinkasöluna, eða með steinolíueinkasöluna 1917, þá voru það samherjar hans, er það gerðu. Ef hann hefði verið einkasölum þessum mótfallinn þá, átti hann að segja af sjer völdum eða taka sjer aðra ráðherra. Hæstv. atvrh. (MG) hefir í hv. Nd. játað það, að einkasalan hafi tekist vonum framar. Hvað kemur nú til, að hæstv. forsrh. vill drepa þetta afkvæmi stjórnar sinnar, eftir að hæstv. atvrh. hefir gefið því slíkan vitnisburð?

Þá vil jeg minnast á tvo hv. þm., sem báðir greiddu atkv. með einkasölunni 1912. Annar þeirra, hv. 1. þm. Rang. (E-P), var þá svo ákveðinn einkasölumaður, að mjer kom sannarlega á óvart, hvernig hann snýst í þessu máli. Á þingi 1912 lýsir hv. 1. þm. Rang. fullu fylgi sínu við einkasölustefnuna og færir mörg rök fyrir því, að með einkasölu megi bæði fá ódýra vöru handa neytendum og þó láta landið græða.

Þetta eru rjett og gild rök, og því furðar mig á því, að maður sá, er svo vel skildi gagnsemi einkasölunnar þá, skuli snúast þannig í þessu máli, því að þessi rök eru algert rothögg á kenningar hæstv. fjrh. (JÞ) í þessu máli.

Af þessum tilfærðu rökum getur hv. þm. Vestm. (JJós) sjeð, hvernig reyndur íhaldsmaður, sem fylgir hvöt síns eigin hjarta, lítur á málið. Hann segir á þingi 1912, að steinolíuhringurinn hafi grætt hjer 145% á ári, og muni gróðinn með áætlaðri verðhækkun verða nær 200%. Nú liggur fyrir Sþ. till um, að ríkið sleppi steinolíueinkasölunni úr höndum sjer. Nú þætti mjer gaman að vita, hvort hv. 1. þm. Rang. (EP) væri eins gleyminn á orð sín og skoðanir í því máli 1912 eins og í tóbakseinkasölumálinu.

Hinn þm., sem jeg vildi minnast á, er hv. 2. þm. G.-K. (BK). Hv. þm. (BK) hefir a. m. k. tvisvar á æfinni játað einkasölustefnunni fylgi sitt. Hv. þm. munu t. d. minnast þess, að þessi ágæti frumherji frjálsrar verslunar hefir á þinginu 1917 lagt til og stutt það sem ráðherra, að landsstjórnin tæki að sjer einkasölu á steinolíu. Vil jeg leyfa mjer að lesa upp eina gr. úr frv. þessu, 1. gr.:

„Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, er henni þurfa þykir til þess að birgja landið, og selja hana kaupmönnum, kaupfjelögum, sveitarfjelögum og öðrum samkvæmt reglugerð fyrir steinolíuverslunina, er landsstjórnin setur.“

Sjálft nafnið bendir meira að segja á, að hjer er um einkasölu að ræða. Svo kemur 2. gr.:

sjer í hringa í því skyni að fá betri kaup, með því að gera þau í stórum stíl. Ef þessir menn eru ekki á villuspori, þá virðist augljóst, að hjer stendur landsverslunin betur að vígi en einstakir kaupmenn. Hv. 1. landsk. (SE) talaði um daginn um reynslu veraldarinnar í bankamálunum. Þetta, sem jeg nú hefi sagt, er reynsla veraldarinnar í viðskiftamálunum. Fyrir stríðið voru hringar þessir einkum þektir í Ameríku, en hafa eftir styrjöldina breiðst út um alla Evrópu og jafnvel teygt sig hingað til lands, enda þótt ekki hafi borið mikið á þeim enn.

Þá vil jeg víkja lítið eitt að hæstv. fjrh. (JÞ). Hann gerði sig sekan í þeirri vísvitandi villu að byggja framtíðaráætlun um tóbakseinkasöluna á meðaltalsfjárhag síðustu þriggja ára. Jeg vil ekki þreyta menn með neinum endurtekningum, enda er margsannað, að þetta er hin mesta fjarstæða. Tóbakseinkasalan tók til starfa á krepputíma, er miklar birgðir tóbaks voru og fyrirliggjandi í landinu hjá einstökum kaupmönnum, er versluðu með þær alt fyrsta starfsár einkasölunnar, og jafnvel lengur. Það kemur því ekki til mála að telja fyrsta starfsárið með í þessum útreikningi, enda hefir hvað eftir annað verið viðurkent af andstæðingum einkasölunnar, að ekki væri rjett að gera svo, enda þótt nú kveði við annan tón.

Hæstv. fjrh. hefir játað, eins og rjett er, að tekjur af tóbakstolli eins og hann er nú myndu í frjálsri verslun verða minni en gróði landsverslunar. Því á nú að demba yfir nýjum tolli og auka með því tollsvikahættuna í landinu gífurlega. Það merkjafyrirkomulag, sem lagt er til, að viðhaft verði, er fyrst og fremst tæplega framkvæmanlegt, og ef það yrði framkvæmt, myndi það verða svo dýrt, að það æti upp alla tollhækkunina. Yrði farið eftir till. hv. þm. Vestm. (JJós) um eftirlit, kæmi það að engu gagni. Hjer á að bæta þriðju hæðinni ofan á tveggja hæða hús. Ofan á núgildandi tóbakstoll og álagningu kaupmanna á nú að bæta þessari nýju tollhækkun. Og svo er verið að tala um að útvega landsmönnum ódýrara tóbak með því að afnema einkasöluna!

Allar voru röksemdir hæstv. fjrh., að svo miklu leyti sem þær komu málinu við, árásir á stjettarbróður hans, hæstv. atvrh. (MG).

Hv. þm. Vestm. (JJós) talaði nokkur orð við 2. umr., sem jeg vildi þá ekki svara, til að lengja ekki umr. Hann talaði mikið um skaða þann, sem kaupmenn hefðu orðið fyrir af völdum einkasölunnar og taldi jafnvel, að þeir ættu rjett til skaðabóta. Íslenskir dómstólar þekkja ekki til skaðabóta, er svo stendur á sem hjer. Engum hefir verið bætt upp fyrir það, að tóbakseinkasalan komst á, enda enginn látið sjer til hugar koma að krefjast þess. Þegar vínbannið var lögleitt hjer á landi og nokkrir menn höfðuðu mál gegn því opinbera og kröfðust skaðabóta, leit hæstirjettur svo á, að skaðabætur kæmu ekki til greina. Ríkið hefði haft leyfi til að taka vínsölurjettinn af brennivínskaupmönnunum án þess að bæta fyrir. En hv. þm. Vestm. hefir ekki enn svarað þeirri spurningu minni, hvers vegna þau lönd, er hæstv. atvrh. (MG) nefndi við 2. umr., hafi tóbakseinkasölu. Í þessum löndum er þó fjölmenn kaupmannastjett, en þar er einkasalan látin átölulaus. Af þessu er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá, að kaupmenn hjer sjeu frekari til fengsins en kaupmenn annara þjóða.

Þá gerði hv. þm. Vestm. (JJós) mikið veður út af því, að jeg hefði í ræðu minni sagt villandi til um verð einkasölunnar. Jeg vil minna hv. þm. (JJós) á það, að í

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 372).

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir rjett að koma hjer fram með leiðrjettingu á útreikningi þeim um tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölu og tolli til samans árið 1924, sem er að finna í nál. hv. minni hl. á þskj. 468, og einnig var borinn fram við 3. umr. málsins í hv. Nd. Jeg geri þetta því fremur, sem jeg hefi ekki tekið eftir því, að leiðrjetting á þessu hafi verið gerð, hvorki í hv. Nd. eða hjer. Í þessum útreikningi í nál. hv. minni hl. eru tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni árið 1924 taldar samtals kr. 977558,85, en þessi upphæð er oftalin um kr. 103094,80, og stafar þessi oftalning sumpart af því, að upphæð, sem lögð hefir verið í varasjóð, um 35 þús. kr., er talin með tekjum ríkissjóðs, og að öðru leyti kemur þessi villa af því, að gengishagnaður verslunarinnar er tvítalinn, þar sem hann fyrst er innifalinn í þeim 350 þús. kr., sem greiðst hafa í ríkissjóð, en svo lagður við tekjurnar í annað sinn í þessum útreikningi, og sýna reikningar verslunarinnar sjálfrar þetta.

Rjett upphæð þess, sem ríkissjóður hefir fengið í tekjur af tóbaksversluninni á þessu ári, er kr. 874464,05.

Þá vil jeg þar næst gera nokkrar aths. við þann samanburð, sem hv. minni hl. gerir á þessum tekjum við þær tekjur, sem hv. flm. frv. hafa áætlað handa ríkissjóði af hækkuðum tolli og á að vera 657320 kr. Þessi samanburður er villandi að því leyti, að annars vegar eru teknar tekjurnar af þessu eina ári, 1924, út af fyrir sig, að viðbættri oftalningunni, sem nemur rúmlega 100 þús. kr., eins og jeg tók áðan fram, en hinsvegar miða flm. frv. við toll af meðalinnflutningi allra áranna, 1922, '23 og '24, eins og hann var í raun og veru. Til þess að fá sambærilegar tölur verður óhjákvæmilega að taka meðaltalstekjur af tolli og einkasölu þessi þrjú ár. En ef á að gera samanburð fyrir árið 1924 sjer í lagi, þá verður að reikna hækkaðan toll af innflutningi þess árs út af fyrir sig, og kemur þá út hærri tala en hv. flm. frv. áætluðu sem meðaltekjur þriggja áranna. Út af ummælum þeim, sem orðið hafa í umr. um þessar tekjur ríkissjóðs af einkasölunni, vil jeg árjetta það, sem jeg sagði í hv. Nd., að til þess að ríkissjóður fái sömu tekjur og áður, ef innflutningurinn helst óbreyttur, hefði tollhækkunin á tóbaki þurft að nema 2 kr. á hvert kg., í stað þess að frv. gerir aðeins ráð fyrir 1 kr. tollhækkun, en tollurinn á vindlum og vindlingum að vera eins og frv. ætlar hann. Tekjurýrnun ríkissjóðs af frv. nemur rúmum 60 þús. kr. á ári, ef innflutningur helst óbreyttur, en hv. flm. frv. gerðu ráð fyrir, að innflutningur á tóbaki mundi aukast við það, að verslunin yrði gefin frjáls, svo að fullkomlega mundu vinnast upp þessi vanhöld á tolltekjum ríkissjóðs. Og eftir því sem innflutningurinn var í 10 ár áður en einkasalan tók til starfa, virðist það ekki vera ógætilega áætlað, að ríkissjóður verði fullkomlega skaðlaus af breytingunni.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Við 2. umr. þessa máls talaði hv. 1. landsk. (SE) nokkur orð. Skildi jeg mál hans svo, að aðalatriðið í þessu máli væri það, hvernig innkaup á tóbaki væru. Ef landsverslunin kæmist að betri innkaupum, þá ætti hún að halda áfram. Jeg álít, að jeg hafi hjer áður sannað fullkomlega, að svo er. Og jeg hefi einnig bent á það áður, að um allan heim slá kaupsýslumenn

að borgarar í þessum löndum væru svo heimskir að halda í einkasöluna, ef hún hefði gefist illa. Jeg vil svara honum með annari spurningu: Heldur hann, að stjórnarvöldin sænsku og þingið þar hafi gert það af fáfræði, þá er lögin voru samþykt, að verja miljónum króna til þess að bæta verslunarstjett landsins þann halla, er hún varð fyrir með þeim? Jeg krefst þess ekki, að hv. þm. (JJ) svari þessari spurningu nú; hann má svara henni við 3. umr.

Þá fór sami hv. þm. (JJ) út í ummæli mín um það uppþot, sem orðið hefði í viðskiftum, þegar stríðið byrjaði, en jeg benti á þetta sem afsökun fyrir því, að einkasölulögin komust á, að sú „panik", sem greip alla þá, hefði ef til vill haft áhrif í þessu efni.

Þá mintist hann (JJ) á það, að allar þær raddir, er komið hefðu fram um afnám laganna utan af landi, væru komnar frá kaupmönnum, en ekki kaupfjelögum. Það getur verið, að hann viti um það og hafi gert rannsóknir út af því. Jeg er því ekki vel kunnugur, en jeg veit, að raddir hafa komið bæði um það að afnema steinolíueinkasöluna og eins um það að halda henni áfram. Hitt er ekkert undarlegt, þótt samvinnufjelögin hafi ekki látið neitt frá sjer heyra í þessu máli, því að hinni pólitísku skoðun þeirra er stjórnað frá miðstöð samvinnumanna hjer í Reykjavík, og mega þau, eins og kunnugt er, enga aðra skoðun hafa í þessu nje öðru efni en þá, sem út gengur frá forkólfunum í höfuðstaðnum.

Þau ummæli, sem jeg viðhafði um það, að löggjöfin ætti ekki að bregða fæti fyrir verslunarstjettina, voru almenns eðlis, en ekki bundin við þetta mál. Það hefir þýðingu fyrir verslunarstjettina hjer, hvort sú stefna á að ryðja sjer til rúms að taka úr höndum manna atvinnugreinir, er þeir hafa stundað í mörg ár, og leggja þær undir aðra — í þessu tilfelli landsverslun. Hv. þm. (JJ) veit það, að hann á í vök að verjast í þessu máli, og aðstaða hans gegn frjálsri verslun ekki sem sterkust. Þess vegna þarf hann að vitna í látna merkismenn um það, að þeir hafi verið hlyntir ríkisverslun. Jeg skal ekki fullyrða neitt um, hvort það er rjett eða ekki, en vil þó ekki samþykkja ummæli hans með þögninni. En jeg fullyrði, að viðhorfið var þá alt annað en nú. Þá var verið að losa verslunina úr höndum útlendinga og koma henni inn í landið. Jeg ímynda mjer, að hv. þm. (JJ) muni vera mjer sammála um það, að þetta hafi verið höfuðmarkmið þessara manna. Um hitt er best að spá sem minstu, hvaða afstöðu þeir hefðu tekið til málanna, ef þeir væru nú uppi. Um það má deila þrotlaust, en það hefir enga þýðingu hvað þetta mál snertir.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forseti hefir sagt mjer, að annað stórmál verði tekið hjer fyrir í kvöld, og vegna þess, að jeg hefi talað í málinu, ætla jeg að geyma mjer það til 3. umr. að tala frekar um það, ef atkvgr. er í aðsigi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JJ, SJ.

2.—4. gr. samþ. með 9:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

að í sambandi við þetta, það, að af hálfu annara en þeirra, sem ráku tóbaksverslun hjer áður en einkasalan kom á, sjeu gerðar ítarlegar tilraunir til að sitja fyrir þessari verslun, ef fyrirkomulaginu verður breytt. Það lítur því svo út, að það sjeu ekki kaupmennirnir einir, sem langar til að versla með tóbakið, ef verslunin verður gefin frjáls og þeir fá kost á því.

Hv. frsm. minni hl. (JJ) fárаðist mikið yfir þeirri skýringu, sem jeg gaf á framkvæmd tolleftirlitsins eftir frv. Jeg skal gjarnan taka einn að mjer öll þau ámæli, sem hann helti yfir hv. flm. frv. fyrir þetta, því að alt, sem jeg sagði um framkvæmdina í þessu efni, var aðeins hugmynd mín um það, hvernig mætti framkvæma þetta. Því þótt það fyrirkomulag sje ekki gallalaust, þá má og segja, að allir vita, og hv. þm. (JJ) treysti sjer ekki til að mótmæla því, að það er ekki ómögulegt að fara í kringum þær ráðstafanir, sem nú undir einkasölufyrirkomulaginu eru gerðar til þess að girða fyrir tollsvik.

Hv. 5. landsk. (JJ) hjelt því fram sem ástæðu fyrir því, að einokun væri betri en frjáls verslun, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, gæti landsverslunin komist að svo góðum kjörum við útlend verslunarhús, með því að bjóða þeim þennan tóbaksmarkað hjer á landi. Þessi röksemd er óskaplega haldlaus, sakir þess, að þegar einkasalan komst hjer á, var ekki um neinn nýjan markað að ræða, sem hún gæti boðið. Hún hefir engan markað skapað. Hún kaupir mestmegnis af gömlum verslunarhúsum erlendis, sem áður seldu þessa vöru hingað til einstakra manna og höfðu þennan markað. Þess vegna er landsverslunin ekki annað en milliliður milli þessara verslunarhúsa og þeirra manna, sem þau áður skiftu við. Og það hefir bæði verið sýnt fram á það hjer í þessari hv. þd., og eins í hv. Nd., að sá milliliður er algerlega óþarfur.

Eins og hv. 1. landsk. (SE) tók fram, hefir hv. frsm. minni hl. (JJ) margsinnis drepið á það, að ástæðan fyrir því, að nú ætti að afnema einokunina, væri eingöngu sú, að verslunarstjettin vildi ekki sleppa hendi af þessari grein verslunarinnar. Jeg get sagt næstum því það sama við þessu og hv. 1. landsk. sagði. Auðvitað væri það ekki óframbærileg ástæða af hálfu verslunarstjettarinnar, þótt hún væri andvíg ríkiseinokun á vörutegund, sem hún telur sig fullfæra til að versla með, en þess ber og vel að gæta, að það er ekki verslunarstjettin ein, sem er fylgjandi frjálsri verslun í þessu efni, heldur er það allur sá hluti þjóðarinnar, sem sjer hið óholla við einokunarfyrirkomulagið.

Jeg hygg, að það sje ekki nauðsynlegt nú við 2. umr. að fara mörgum orðum um þá mörgu ágalla, sem frá almennu sjónarmiði eru á því, að ríkið einoki ýmsar vörur; en þess getur orðið börf seinna, og má gera það við 3. umr. Hinu vil jeg mótmæla, sem hv. þm. (JJ) sagði vera ástæðuna fyrir því, að menn vilja afnema einkasöluna, að það sje sem hann kallaði græðgi, komna frá verslunar- eða kaupmannastjettinni. Hið sama mætti þá segja um kaupfjelögin með jafnmiklum rjetti.

Háttv. þm. (JJ) drap á, að einkasala væri á tóbaki bæði í Frakklandi og í Sviþjóð. Það má nú segja langt mál um það, hvernig hún hefir gefist í hvorum stað, og þó einkanlega í Svíþjóð, og mætti gefa háttv. 5. landsk. (JJ) margar upplýsingar um það. Háttv. þm. (JJ) lagði þá spurningu fyrir mig, hvort jeg hjeldi,

Og það er vitanlegt, að maður, sem hefir jafnmikil afskifti af öllum stjórnmálum og hann hafði hjer, á sínar veiku hliðar eins og allir menn aðrir, hversu miklir og ágætir sem þeir eru.

Háttv. þm. (JJ) virtist gera allmikið úr því, að skoðanabreytingar væru að verða hjer á Alþingi. Mig rekur minni til, að jeg hefi við annað tækifæri sagt honum það, að það rekur vanalega að því, að þær skoðanir, sem rjettar eru, sigra, þó þær komist í minni hluta um hríð. Þeir menn, sem eru sanngjarnir, beygja sig að lokum fyrir hinum rjetta málstað, þegar honum er rjettilega og nógu oft haldið fram. Í þeirri þingsögu, sem jeg á að baki, hefi jeg sjeð það oftlega, að mál, sem mættu mikilli mótspyrnu í fyrstu, urðu seinna hin sterku málin, sem sigruðu. Jeg trúi því, að þetta sje eitt þeirra.

Eins og jeg tók fram áðan, er jeg hræddur við að búa til alt of mikið af einokunum hjer. Jeg er, auk þess sem jeg tók fram áðan, hræddur við þær klíkur, sem myndast í kringum slíka einokunarverslun, sem, þó ekki beri á því hjer enn, geta síðar meir orðið áhrifamiklar og haft óholl og einhliða peningaáhrif á stjórnmálalíf landsins. Mig langar ekki til að búa til fleiri klíkur en fyrir eru. Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Eins og jeg tók fram fyr, deili jeg ekki um það; það er svo sjálfsagt, að hægt er að ná eins miklu fje í ríkissjóðinn með tollum eins og með einokun. Það er blátt áfram reikningsdæmi, og annað ekki. Það eina, sem um er að ræða, er það, hvort menn trúa meira á einokun eða frjálsa verslun. Ef líkindi eru til þess, að hin frjálsa verslun geri betri innkaup, þá er það ágóði fyrir landið í heild. Mín trú er það, að landinu sje betur borgið í höndum frjálsrar verslunar, og jeg vona, að þeir verði æ fleiri dag frá degi og ár frá ári, sem taka þá sönnu trú.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er nú sennilegt, að umr. fari að styttast. Hv. frsm. minni hl. hefir nú þegar mjög borið hita og þunga dagsins og orðið fyrir svo þungum áföllum, að eigin dómi, að hann hefir mælst til, að jeg gengi undir okið með sjer. Hann taldi, að jeg hefði talað svo óljóst fyrir málstað meiri hl., að honum hefði fipast vörnin af því. Þetta væri skiljanlegt, ef hv. þm. (JJ) væri ekki eins vel læs og hann er, en hann hefir nál. sitt, sem að líkindum er samið af honum sjálfum(?), prentað fyrir framan sig, og átti því síst að þurfa að villast. En það er nú komið í ljós, að sá verðsamanburður, sem gerður er í nál. hv. minni hl., er þannig saman settur, að það er ómögulegt annað en að telja hann villandi. Það eru engin meðmæli með einokuninni að bera saman heildsöluverð hjer og smásöluverð ytra. Þar að auki er það alveg út í bláinn gert. Í nál. er ekkert minst á, hvaða lönd sje um að ræða, þótt hv. 5. landsk. (JJ) segði að vísu, að það væri átt við Danmörk og England. Nei, þetta er mjög veikt plagg í málinu, og hv. minni hl. vegna og sakir þess, að hv. 5. landsk. (JJ) hefir mælst til, að jeg færi vægilega með sig, skal jeg ekki fara lengra út í það að sinni.

Hv. þm. (JJ) kom enn með það, að einhverjir kaupmenn væru á gægjum og biðu þess tækifæris, þegar verslunin væri gefin frjáls, til að hefja verslun með þessa vöru. Hann sagði, að þeir væru þegar farnir utan og biðu með óþreyju eftir nánari fregnum. Þetta getur vel verið; jeg þekki ekki mennina og veit ekki um ferðir þeirra. En jeg hefi líka heyrt ann-

kaup? Ef við nú förum til reynslunnar, þá er það rjett, að hún sýnir, að kapitölin reyna að sameinast og það eru búnir til „trusts“ eða hringar. En með hvaða markmiði? Því markmiði einmitt að útiloka frjálsu samkepnina, til þess að þeir einir geti tekið allan gróðann; það er einmitt þegar kapítölin fara þessa leið, að þau eru að reyna að útiloka hina frjálsu samkepni. Það er af þessu að einokunarhringarnir eru skaðvænlegir.

Það var annað merkilegt atriði, sem hv. frsm. minni hl. (JJ) tók fram. Hann sagði, að á afskektum stöðum og þar, sem samgöngur væru erfiðar, þar yrðu menn illa úti að því er snertir vöruverðið. Þetta er alveg rjett. Jeg hefi sjeð þess dæmi hjer á landi. En af hverju kemur það? Það kemur af því, að á þessum stöðum kemst hin frjálsa samkepni ekki að, og að sá maður, sem er á staðnum, getur leyft sjer að gera alt, sem hann vill í því að setja okurverð á vörurnar. Jeg held því, að alt bendi í þá átt, að verslunin hjer á landi eigi að vera á grundvelli frjálsrar verslunar.

Mjer skildist, að hv. frsm. minni hl. (JJ) teldi, að það væri aðallega fyrir þrýsting frá kaupmönnunum, að nú ætti að fara að gegnumfæra frjálsa verslun í landinu. Jeg skal ekki dæma um það, hvaða áhrif kaupmenn kunni að hafa haft á hina og þessa í þessa átt, en hitt hygg jeg, að hv. þm. (JJ) dragi ekki í efa, að ástæða mín til þess að vera með frjálsri verslun fyr og síðar muni ekki stafa frá kaupmönnum. Jeg býst við að honum sje það fullkunnugt, að jeg er ekkert eftirlætis kaupmannanna. Mjer þykir gaman að taka þetta fram, af því að jeg hefi altaf verið með frjálsri verslun, en það hefir sýnt sig hvað eftir annað, að kaupmenn hafa horn í síðu minni, og bendir líka til hins, að afstaða mín er þannig af því, að jeg tel þetta vera hið rjetta. Jeg get líka nefnt, að jeg hefi staðið fast með bannlögunum, en bannmenn hafa altaf úthúðað mjer. Einn bannmaðurinn sagði meira að segja, að jeg myndi altaf standa skömminni íklæddur fyrir afskifti mín af því máli. Þetta sýnir, hve þakklætið er mikið venjulega í þessum heimi.

Mjer skildist á ræðu hv. frsm. minni hl. (JJ), að hann hefði enga tröllatrú á kaupmönnunum hjer eða annarsstaðar. Það þýðir ekki að tala um það. En það vill svo til, að það eru til aðrir keppinautar til að taka þátt í hinni frjálsu samkepni. Þess vegna ætti hv. þm. (JJ) ekki að vera hræddur við hina frjálsu verslun. Því þó hann treysti ekki kaupmönnunum og teldi að þeir mundu setja á okurverð, þá væri það einmitt til hagsmuna fyrir samvinnufjelögin; þá gætu þau blómgast hvað mest í skjóli þessa mikla gróða. M. ö. o. frjáls samkepni heldur sjer sjálf í hinum rjettu skorðum. Ef góðir og rjettsýnir menn reka verslunina, þá útiloka þeir smámsaman hina verri frá allri samkepni.

Hv. frsm. minni hl. (JJ) mintist í þessu sambandi á þau einokunarfrv., sem einn látinn, mikill og merkilegur stjórnmálamaður kom fram með hjer á landi. Það er rjett, sá maður kom fram með frv. um einkasölu á kolum og salti o. fl. En þau mættu ekki góðu hljóði hjer og gengu ekki í gegn. Enda er það engin sönnun fyrir neinu máli, að ákveðinn maður hafi flutt það. Ef jeg ætlaði mjer að „kritisera“ þennan látna mikilhæfa stjórnmálamann, sem á var minst, þá mundi jeg einmitt draga fram þessar hliðar sem hinar veiku hliðar á hans pólitisku starfsemi.

þeim málum, sem hv. þm. Vestm. hefst mest fyrir, t. d. sölu Vestmannaeyja o. fl.

Jeg sje ekki, hvernig þessi áfellisdómur um tóbaksverslunina getur samrýmst við þá trú og þá auðmýkt, sem undirmanni ber að hafa fyrir yfirmanni sínum.

Sigurður Eggerz: Það eru aðeins örfáar athugasemdir, sem jeg vil leyfa mjer að bæta nú við þau fáu orð, sem jeg sagði um þetta mál við 1. umr. Mjer er það alveg óskiljanlegt, að ekki megi ná inn fyrir ríkissjóð eins miklum tekjum af þessari vörutegund með tollum einum eins og nú með tollum og verslun. Mjer sýnist, að hjer sje aðeins um reikningsdæmi að ræða, þar sem nokkurn veginn er hægt að vita, hve mikill innflutningur á tóbaki er. Mjer virðist því, að í rauninni snúist málið aðeins um það aðal-„prinsip", hvort heppilegra er að hafa frjálsa verslun eða einokun. Það eitt er aðalatriðið.

Að því er það þá fyrst snertir, hvernig landsverslunin hjer með tóbak hafi verið rekin, þá er það svo erfitt mál, ef rannsakað skal til hlítar, að það verður að minsta kosti ókleift fyrir þingnefnd. Það er ekki nóg að sýna góða niðurstöðu, því að mikil mistök geta hafa átt sjer stað þrátt fyrir það. Til þess að kveða upp rjettan dóm um reksturinn, þarf að rannsaka nákvæmlega öll innkaup, sem gerð hafa verið á hverjum tíma, og hvort ekki hefði verið hægt að gera betri innkaup. Er það mikið verk og mjög erfitt fyrir menn að rannsaka það nákvæmlega. Jeg segi þetta ekki í því skyni, að jeg vilji draga í efa, að landsversluninni hafi verið vel stjórnað. Jeg fyrir mitt leyti hefi altaf borið traust til þess manns, sem henni veitir forstöðu, en jeg vildi aðeins benda á, að það er ekki hægt án mikillar og ítarlegrar rannsóknar að kveða upp fullan dóm um, hvernig verslunin hefir verið rekin.

Það, sem mjer skilst að hljóti að ráða úrslitum í þessu máli, þegar tekið er tillit til þess hreint fjárhagslega, er það, hvort menn ætla, að einkasalan komist að betri innkaupum en frjáls verslun. Það eru innkaupin, sem ráða eiginlega niðurstöðunni og skera úr um það, hvort er betra. Frá þessu atriði kem jeg inn á hina almennu spurningu, hvort yfirleitt sje heppilegra fyrir verslun þjóðarinnar, að hún sje rekin sem einkaverslun eða að hún sje frjáls. Því jeg býst sem sje ekki við, að neinn dragi það í vafa, að það megi ná sömu tekjum í ríkissjóð með tollum einum. — Þá kem jeg að því sama atriði þessa máls, sem jeg hefi altaf verið hræddur við og hefir gert það að verkum, að jeg hefi frá byrjun staðið ákveðinn gegn einokuninni. Jeg er sem sje svo hræddur við að leggja slíkt vald í eins manns hönd og gert er með þessu móti, að láta einn mann gera innkaup fyrir alt landið. Því þótt fá megi góðan og samviskusaman mann, þá er þess að gæta, að ef honum mistekst, þá verður það til stórkostlegs tjóns. Þetta er hinn mikli ókostur við einkasölufyrirkomulagið. Ef aftur verslunin er á fleiri en einni hönd, þá verða að vísu mistökin fleiri, en þau skaða minna, því að svo fer, að verslunin færist meir og meir yfir á þá, sem sýnt er að gera best innkaupin, og þeir, sem lakastir eru, geta ekki til lengdar staðið á móti. Jeg vil hjer benda á það, sem hv. frsm. minni hl. (JJ) sagði. Hefir ekki reynslan sýnt, sagði hann, að kapítölin reyna að sameinast og að það eru búnir til hringar til þess að gera sem best inn-

öllum mætti, til þess að geta notið þessa gróða.

Hv. þm. Vestm. hlýtur nú að sjá, ef hann vill aðeins athuga þetta, að annaðhvort eru kaupfjelagsmenn svo heimskir, að þeir sjá ekki þennan möguleika, eða þá að þeir hugsa öðruvísi en kaupmenn. Og sú mun raunin á vera. Þeir sætta sig við þá stefnu, sem tekin var upp af Hannesi Hafstein fyrir nokkuð löngu síðan, og nú hefir aftur verið tekin upp af núverandi hæstv. atvrh. (MG). Þeir geta vel þolað, að landið hafi tekjur af þessari verslun, enda þótt þeir sjálfir líði eitthvert peningalegt tap við það.

Ekki er það jeg, sem hefi kúgað einn ráðherra landsins til þess að sitja hjá og hafast ekkert að, meðan verið er að ganga milli bols og höfuðs á hans eigin áhugamáli, til stórtjóns fyrir þjóðina; heldur eru það nokkrar gróðasjúkar sálir, sem af fjegræðgi sinni hafa leitt hæstv. ráðherra út á þessa glapstigu. Annars væri það lærdómsríkt fyrir kaupmenn þessa lands, að taka sjer til fyrirmyndar kaupmennina í Frakklandi og Svíþjóð, sem um langa stund hafa möglunarlaust þolað einkasölu á þessum vörutegundum og horft á hana gefa miljónir króna tekjur í ríkissjóð.

Vill nú háttv. þm. halda því fram, að kaupmannastjett þessara landa sje ver þroskuð en kaupmannastjett okkar? Jeg býst við, að hann eigi erfitt með að sanna það. En hvernig stendur þá á því, að kaupmannastjett þessa lands er svo gírug, að hún er engri annari samskonar stjett lík? Fram úr þessu á háttv. þm. Vestm. eftir að ráða, og get jeg trúað, að það verði erfiðara fyrir hann en að reykja Romanos-vindil. Geti hann ekki útskýrt þetta svo vit sje í, verður hann að þola, þó að stjett hans sje talin eigingjörnust allra verslunarstjetta heimsins. Þá talaði hv. frsm. um verslunarfrelsi, eins og svo margir aðrir. Skal jeg út af því nota mjer tækifærið til að leiðrjetta gamlan misskilning. Því hefir verið haldið fram, að Skúli Magnússon hafi verið fyrirrennari kaupmannastjettarinnar hjer á landi. En þetta er hin mesta firra. Hann barðist á móti harðvítugri kaupmannastjett og gerði miklar tilraunir til þess að koma á landsverslun, og reyndi jafnvel að koma á kaupfjelagsskap meðal bænda, þar sem hann gerði tilraun til að fá jarðeigendur til að mynda fjelagsskap og setja jarðir sínar í veð til þjóðarhagsmuna. Jeg nota þetta tækifæri til að leiðrjetta þennan misskilning, því að margir hafa viljað nota nafn Skúla, en með öllu ranglega, til að hlaða undir þá eigingjörnu og skammsýnu stjett, sem stendur af afnámi tóbakseinkasölunnar. Skúli barðist á móti ranglátri kaupmannastjett og vildi reyna að skapa íslenska verslun fyrir fólkið sjálft.

Þá sagðist háttv. frsm. meiri hl. (JJós) ekki vilja láta setja fótinn fyrir verslunarstjettina með þessari tóbakseinkasölu. Þarna kemur sú hreina yfirlýsing. En hver er þá sá, sem brugðið hefir fæti fyrir hana með þessu? Það er vitanlega enginn annar en hæstv. atvrh. (MG), sá sami maður, sem er yfirmaður hv. þm.

Jeg vil nú spyrja, — hvernig getur hv. þm. trúað þessum manni og þeim flokksbræðrum hans, sem á þinginu 1921 bera fram frv. um „monopol“ á lyfjum, „monopol“ á kornvöru, og síðast en ekki síst „monopol“ á tóbaki? Hvort sem hæstv. ráðherra hefir gert það ósjálfrátt eða af heimsku; því hafi hann gert það af heimsku, þá er ekki að vænta, að hann sje vitrari nú. En hafi hann gert það ósjálfrátt, þá getur slíkt ósjálfræði hent hann aftur. Hann getur t. d. snúist gegn

er einmitt markaður. Þess vegna er það, að þegar hægt er að bjóða öruggan markað, þá fást betri kjör. Og þegar þar við bætist, að engin er áhætta, þá held jeg það sje ekki svo fjarstætt, að landsverslun geti komist að betri kjörum en nokkur einstakur verslunarmaður. Jeg skal játa, að það mætti fá eitthvað betri kjör með því að borga út í hönd. En landsverslun var ekki lagt fje til þess. Og þó hefir hún getað sýnt þessa niðurstöðu, að gefa ríkissjóði svo mikla peninga án þess að hafa verð hærra en í næstu löndunum. Ef hv. þm. vill halda því fram, að landsverslunin vegna sinnar fátæktar og fátæktar landsins hafi ekki getað notið hinna bestu kjara, þá sýna úrslitin því skýrar yfirburðina hjá þeim, sem henni veittu forstöðu. Annars þarf maður ekki að taka þetta svo hátíðlega; hv. þm. veit, að slík verslun er iðulega rekin með víxlum; jafnvel óskilamenn hafa flutt inn tóbak á þann hátt, og mikið af því tóbaki, sem flutt var inn 1919—1920, var tóbak, sem vörubjóðar ytra urðu fegnir að losna við og seldu upp á lán. Tóbaksbraskið gekk svo langt, að hús voru seld fyrir tóbak, mótorbátar voru seldir fyrir tóbak, o. s. frv. Þetta sýndi, að jafnvel óskilamenn gátu flutt inn þessa vöru. Annars hefir aldrei heyrst kvörtun um það, að landsverslun hafi ekki staðið í skilum, og hafi aðstaða hennar ekki verið neitt betri en annara, þá varpar það nokkrum ljóma á þá, sem keyptu inn.

Hv. frsm. (JJós) fann að vísu, að það var drengilegt hjá núverandi forstjóra landsverslunar að hafa ekki hækkað sínar vörur í stríðsbyrjun, en hann hjelt því fram, að þannig hefðu margir farið að. Má vera, að svo sje, en jeg held þeir hafi verið alt of fáir. En hv. þm. gerði vel, ef hann vildi hækka hróður þeirra með því að láta þeirra getið, því þeir góðu eiga ekki að gjalda hinna seku.

Þá kom ein dálítið skrítin skýring hjá hv. þm. til þess að afsaka verðhækkunina 1914, sem sje, að fólkið hafi verið svo trylt eftir að fá vörurnar. En það getur aðeins verið afsökun í augum þeirra manna, sem vilja nota sjer heimsku og neyð fólksins. Annars minna þeir mig á Romanos-konungsættina þessir Romanos-vindlar, sá etiski merkimiði, sem hv. þm. (JJós) hefir límt á sína stjettarbræður, að af því menn eru nógu viltir og nógu hræddir, þá megi nota sjer neyð þeirra. Jeg öfunda hv. þm. ekki af því að hafa sagt þetta í góðri trú, og sagt það af sínum hjartans grunni; en jeg skal játa, að þessi merkimiði gæti verið einskonar allsherjar merkimiði á alla baráttu Mbl.-manna í þessu máli hjer á þingi.

Jeg ætla ekki að fara mikið út í píslargrát háttv. frsm. meiri hl. (JJós) yfir kaupmönnunum. Jeg hefi ýtt undir hann að nefna fleiri dæmi, en hann hefir ekki getað það. Hv. þm. getur því ekki sagt, að jeg hafi ekki viljað unna verslunarstjettinni þess hróðurs, sem hún hefir unnið til.

Eins og hv. þm. er eflaust kunnugt, hafa fáar áskoranir komið til þingsins um að leggja tóbakseinkasöluna niður, en margar hafa aftur komið um að halda henni áfram. Eru þær áskoranir flestar úr þeim hjeruðum, þar sem samvinnufjelögin eru í meiri hluta. En áskoranirnar um að leggja hana niður eru aftur úr kaupmannahjeruðunum. Því verður nú ekki neitað, að það er engu síður gróðavegur fyrir kaupfjelögin en kaupmenn, ef einkasalan verður lögð niður. En þrátt fyrir það hefir engin ósk komið frá þeim um að fá þennan gróðamöguleika opnaðan. En kaupmenn beita sjer fyrir því af

stríðið, því að það ætti að vera þeim nokkur lexía um það, hvernig sú frjálsa samkepni hefir komið fram. Og þó það liggi ekki fyrir hjer, þá er það dálítið einkennilegt, að maðurinn, sem svikin framdi, skuli ekki hafa farið í betrunarhús og að hann geti haldið áfram að taka þátt í hinni frjálsu samkepni í þessu landi.

Hæstv. ráðh. kom með sögu, sem jeg hefi ekki heyrt áður, um tollsvik framin á síðustu árum. Búast má við, að einhver tollsvik hafi verið höfð í frammi, enda dettur engum í hug, að einkenning ein fullnægi með engu eftirliti. En alt um það mun áreiðanlega ekkert tollsvikamál hafa komið upp á þessum árum eins og það, sem jeg hefi bent á. Mjer virtist hv. frsm. meiri hl. (JJós) telja það hugsanlegt, að maður, sem keypti af landsverslun, geti að einhverju leyti notað hennar merki aftur á sviknar vörur. En síður mun það geta átt sjer stað, ef merkið er sett á af sjálfri verksmiðjunni heldur en ef því er komið á eins og hv. þm. vill vera láta.

Út af Romanos-vindlinum skal jeg taka það fram, að jeg hefi litið á skakkan dálk í skýrslunni. Háttv. frsm. var svo skemtilega bókkendur, að jeg gat ekki altaf fylgst með, þar sem hann var að snúast á villigötunum.

Þá er nú þessi gífurlega meinloka í frv., að lögreglustjórar eigi að afhenda miða til allra tóbakskaupmanna og þeir eigi svo sjálfir að merkja vörurnar. Jeg verð að játa, að mjer gat ekki dottið sú heimska í hug, og vil miklu frekar hallast að þeirri upprunalegu skýringu, að menn hafi ekki hugsað út í það, hvað er í raun og veru framkvæmanlegt í þessu máli og hvað ekki. Virðast þeir hafa búið frv. til í hasti undir „hápressu“ frá sínum yfirmönnum, og því ekki getað hugsað málið út fyr en eftir á. Þetta, sem hv. þm. sagði, er svo mikil fjarstæða, og yrði eitthvað svipað eftirlit úr því eins og refurinn væri beðinn að passa gæsirnar, líkt og danskurinn kemst að orði. Jeg ætla yfirleitt að vísa til heimakosninganna um það, hvað það mundi gefast vel, þegar lögreglustjóri gæti afhent miða upp á væntanlegar pantanir. (*JJós*: Það gæti ekki komið til mála). Það átti heldur ekki að koma fyrir, að heimakosningarnar yrðu misbrúkaðar. En hvernig fór? Menn eru farnir að sjá, að það er ekki hægt að trúa hreppstjórum og sýslumönnum til að leysa þetta af hendi; og kaupmenn þurfa ekki að kveinka sjer við, þó þeir sjeu settir á bekk með þeim dánumönnum, sem líta eftir lögum í landinu. Það er í raun og veru sama, hvor aðferðin er höfð, að láta lögregluna rífa upp sendingarnar og merkja, sem myndi verða afskaplega kostnaðarsamt, eða láta kaupmennina gera það. Það er að reyna að gera skrípaleik úr öllu saman, og náttúrlega ræður hæstv. stjórn því, hvorn skrípaleikinn hún leikur.

Hv. frsm. hefir tvisvar í dag minst á það, að ólíklegt væri, að landsverslun gæti komist að sjerlega góðum kjörum, þar sem hún hefði ekki veltufje. Þetta er nú ekki sú ástæða, sem sumir halda fram: að það þyrfti að leggja tóbaksverslunina niður, svo landið gæti fengið veltufje hennar til sinnar notkunar. Ef hv. þm. vill hugsa um það, hvers vegna hringar eru myndaðir víða um heim og hvernig þeir leita eftir tryggum viðskiftum, þá mun hann geta sjeð, að hjer liggur það sama til grundvallar: að auðveldara er að gera góð kaup, eftir því sem kaupandinn þarf meira með. Hv. þm. er ekki ókunnugt um, hvað mikið framboð er á tóbaki, og að það, sem framleiðendur vantar, það

eru viðbúnir að flytja inn firn af tóbaki óðara en búið er að koma þessu fyrirtæki hæstv. atvrh. (MG) fyrir kattarnef.

Hv. þm. var að átelja það mikið, að verslunin hefði dofnað í landinu við tóbakseinkasöluna. Svo benti hann á það, að maður ætti ekki að vera með uppeldislegar hugrenningar innan um fjárlögin, en kom um leið með töluverða uppeldisþanka, og mjer til gleði var hann mjer að miklu leyti sammála. En því miður er ekki hægt að segja, að þessi minkun skaðlegrar nautnar sje svo áberandi mikil.

Þegar maður ber saman árin rjett fyrir stríð og síðasta árið, verður niðurstaðan sú, að innflutningur stendur alveg í stað. Þegar innflutningurinn minkar 1920—1921, stafar það af tvennu: hallæri og hinum óeðlilega innflutningi rjett áður. Jeg vil benda á það, að hv. þm. var áður í dag að halda því fram, að ýmsar verslanir hafi ekki viljað eiga neitt við að afla tóbaks frá landsverslun, og þess vegna hafi víða verið tóbakslaust. Þetta er að einhverju leyti rjett, og mjer er kunnugt um staði, þar sem mönnum þótti 10—25% alt of lítil álagning fyrir smásölu. En samt sem áður er það svona, að innflutningur á árunum rjett fyrir stríð og á síðasta ári stenst nokkuð á, svo þessi dofnun er ekki mikil frá því sjónarmiði. Aftur get jeg ekki neitað því, að jeg er ekkert á móti því, þótt innflutningur minki. Og jeg vil benda háttv. þm. Vestm. á það, að hann er með fyrirspurn hjer í þinginu viðvíkjandi útsölu vína, sem gengur í þá átt, að hann vill losa sitt kjördæmi við vínsölu. Hvers vegna er háttv. þm. að þessu? Af þeirri einföldu ástæðu, að minna er drukkið, ef engin er útsala í Vestmannaeyjum. Vitaskuld fær landið talsverðan gróða af víninu. Þannig er hv. þm. í hjarta sínu sammála mjer um það, að tekjum mætti gjarnan ná á heppilegri hátt en gegnum álagning á eitur, sem menn neyta á ýmsan hátt.

Jeg skal ekki mikið ræða um tóbaksbirgðir landsverslunar, því yfirleitt eru það fáir andstæðingar hennar, sem halda því fram, að þær sjeu ekki nægar og að of fáar tegundir flytjist. Og jeg get tekið það fram, að mjer er kunnugt um, eftir viðtali við menn, sem hafa starfað við einkasöluna, að hún pantaði ýmsar óvenjulegar tegundir fyrir neytendur. Nei, ef einkasalan fellur, þá er það af því, að verslunarstjettin vill hafa gróðann, smásalar meira en 10—25%, og heildsalar vilja hafa æðimikið meira en landsverslun leggur á nú.

Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að það er ómögulegt að gera allsherjar samanburð á tóbaki hjer við önnur lönd. En samanburður hefir samt verið gerður við 2 næstu löndin, eftir því sem hægt hefir verið, þau, er við höfum mest viðskifti við. En verðið er áætlunarverð, og lítið á því að byggja að taka það allra dýrasta og allra lægsta til samanburðar. Það hefir komið í ljós, að tóbakið hefir verið jafndýrt í miðri Reykjavík eins og t. d. norður á Þórshöfn og Kópaskeri, af því hámarkið er „kontrolerað.“ En sú frjálsa samkepni notar sjer aðstöðuna með þetta og annað til þess að skrúfa verðið hærra á einum stað en öðrum. Þetta sýnir eina af skuggahliðum hinnar svokölluðu frjálsu samkepni.

Mjer þykir vænt um, að bæði sá hæstv. ráðherra, sem hjer hefir verið í dag, — sem hefir þá fortíð, að hann gat verið hjer í dag, — og líka hv. stuðningsmaður hans (JJós) hafa þekt þetta stóra tollsvikahneyksli með tóbak, sem varð fyrir

unin tæki 4% fyrir alla starfrækslu, þar sem þessi verslun gefur landinu allan arðinn. Þá má ennfremur benda á, að forstjóri lyfjaverslunarinnar hefir 18 þús. kr. í árslaun, en landsverslunarforstjórinn 12 þús. kr., þó hann sje búinn að vera miklu lengur í þjónustu landsins. Landsverslunin mun því síst tapa á því, þó borinn sje saman kostnaðurinn við hana og áfengisverslunina, því meðan sú síðarnefnda hefir forstjóra á 18 þús. kr. launum og annað eins eða meira gengur í súginn, en hæstv. stjórn er samt ánægð með hana, þá álít jeg, að hún geti ekki verið svo hörundsár út af því, þó landsverslunin leggi 4% á tóbakið. Með hverju skipi þarf að senda margar sendingar út um land og taka dýra geymslu á leigu. En alt slíkt og mannahaldið við verslunina, og yfirleitt allur kostnaður við rekstur hennar, er innifalið í þessum 4%. Það getur því varla talist mikið, þó lagt sje á tóbakið 1% fram yfir það, sem umboðslaunin eru, að sögn hv. þm. Vestm.

Hv. þm. (JJós) hefir skýrt frá því aftur, hvað hann hafi átt við, er hann talaði um góðærið. Sýndi hann það ennþá, að hann hefir ekki þekt til þar, sem harðindin voru mikil. Hann hefir aðeins litið á það, hvernig aflaðist, og sjeð, að það var harla gott. Óneitanlega hefði verið þinglegra af honum að líta nokkuð á kringumstæður alls landsins.

Hv. frsm. (JJós) finst, að ekki megi bera saman áhættuna við tóbakssölu og fisksölu; það hefi jeg heldur ekki gert; en jeg bar saman allan reksturinn, og mjer er ekki kunnugt um atvinnurekstur iðnaðar og verslunar nokkursstaðar í heiminum, sem starfar varasjóðslaust. Stór fyrirtæki leitast ávalt við að safna varasjóði, og þessu var meðal annars altaf haldið fram af forgöngumönnum kaupmannastjettarinnar hjer á landi. Sje því afsakanlegur gróði kaupmanna af tóbaki, af því að hann sje í varasjóði, þá verður maður að telja það líka sanngjarnt, að landsverslun hafi varasjóð. *(JJós:* Jeg hefi aldrei verið á móti því). Varasjóðurinn á þá ekkert erindi inn í umr., úr því maður veit og viðurkennir, að öll fyrirtæki þurfa hans við.

Jeg ætla ekki að fara út í útsvarsskyldu nú, en benda aðeins á það, að það hafa fallið dómar um það hjer á landi, að landsverslun væri útsvarsfrí. Jeg get vikið að því aftur, að hæstv. atvrh. virðist ekki hafa verið sjerlega hræddur við það, þegar hann kom á einkasölunni, þótt atvinnan væri tekin af þessum fáu mönnum, sem versluðu með tóbak í heildsölu, og hefir þannig verið alt annarar skoðunar heldur en fylgifiskar hans. Hv. frsm. hjelt, að mjer þætti það út af fyrir sig lítils vert, að sömu kaupmennirnir kæmust aftur að tóbaksversluninni sem verið hafa áður. Jeg verð að játa minn ófullkomleika í allri tóbaksverslun. Því hvorki ætla jeg að neyta þess eða versla með það, svo frá því sjónarmiði er mjer alveg sama í raun og veru, hvort það er Pjetur eða Páll, sem þessa verslun hefir með höndum. Jeg held, að hv. þm. geti giskað á, að það er annað, sem er vítavert, en það, að sömu mennirnir taki við, sem sje að geta ekki unt landinu þess að fá þennan gróða. Margir þessara helstu heildsala hafa stóra verslun að öðru leyti og feikna tekjur; tóbakið er bara fjöður á þeirra fati, og landið verður að líða tap vegna þeirra. Sem áþreifanlega sönnun fyrir græðgi þessara manna má benda á það, að þeir bíða þess með óþreyju að frv. þetta gangi í gegn, og

lega hafa verið minni frelsisvinir en sumir þeir, sem nú hamast mest á móti einkasölu á tóbaki. Einfaldasta skýringin á þessu er sú, að Hannes Hafstein og líka hæstv. atvrh. (MG) hafa sjeð, að kaupmenn græða mikið á öllum vörum. Og þeir hafa ennfremur sjeð, að það var siðferðilega rjettmætt, að landið nyti þessa gróða, andstætt því, sem háttv. frsm. meiri hl. (JJós) heldur fram, að kaupmenn hafi einkarjett á öllum verslunargróða. En nú kemur annað til greina. Hæstv. atvrh. (MG) komst í ráðherrasess á því tímabili, þegar hringir verslunarmanna áttu ráð á stórum blaðakosti, sem var boðinn og búinn til að styrkja trúa fylgismenn til þingsetu og embætta. Það væri barnalegt að halda, að þessir skoðanaskiftingar hafi áður verið haldnir af illum öndum og sjeu nú hólpnir og frelsaðir. Mín skýring er sú, að þeir hafi fyrir rás viðburðanna orðið að beygja sig, þingmenn til að ná þingsetu og ráðherrar til að halda í völdin. Þetta er því þakklát fórn til verslunarstjettarinnar fyrir að hún hefir lagt þeim til blaðakostinn, sem hjálpaði þeim til valda. Við þessa skýringu verður málið ofureinfalt og afstaða hæstv. atvrh. sannar, að skýringin er rjett. Hann hefir í rauninni alls ekki snúist, en gat þó ekki fylgt máli, sem hann hafði beitt sjer fyrir með miklum áhuga, aðeins vegna þess, að kaupmennirnir heimta það af honum.

Þá þætti mjer gaman, ef hv. þm. Vestm. (JJós) vildi slá upp í orðabók fyrir 3. umr. orðinu „monopol“ til að vita, hvort hann finnur það þýtt með „einokun“. Og þó hv. þm. (JJós) telji sig jafnsnjallan hæstv. ráðh. (MG), þá verður í þessu sambandi að viðurkenna, að hæstv. atvrh. notar alstaðar orðið einkasölu en ekki einokun. Hefir hann lýst því í ræðu, sem hann hjelt á þinginu 1921, er hann þakkar fjhn. fyrir meðferð hennar á einkasölufrv., hversu mikill munur sje á þessu tvennu. Þar farast honum svo orð:

„Það er mikill munur á þessum tveim orðum, og má alls ekki blanda þeim saman. Einokunin gamla bygðist á valdboði útlendrar stjórnar, en hjer tekur þjóðin sjálf einkasölu á þessum tilteknu vörum. Það er sá mikli munur, sem er á milli þess, að fara sjálfir einir með verslun sína eða láta aðra fara *eina* með hana.“

Það er sýnilegt á þessu, að hjer hefir ráðherra, þvert á móti því, sem á að vera, orðið undir í sínum eigin flokki. En kannske er ráðherratign hans nú launin fyrir að sitja hjá á þeim fræga degi.

Þá segir hv. þm. (JJós), að margir hafi verið á móti einkasölunni 1921. En það bætti ekki um, hverjir fluttu frv. um hana. Og vafalítið er, að þó einkasalan hafi reynst þjóðinni holl, þá hefir hún samt á ýmsan hátt goldið feðra sinna.

Háttv. þm. (JJós) vill ekki telja það neina uppgjöf, þó ekki sje svarað neinu þeim rökum, sem unnendur einkasölunnar hafa komið með. En á það ekki að skifta neinu í þessu máli, þó sannað sje, að vörur verslunarinnar sjeu yfirleitt ekki dýrari en erlendis, en tekjurnar af versluninni helmingi hærri en gert var ráð fyrir? Hans flokkur vill heldur ekki viðurkenna, að það skifti máli, að rekstrarkostnaður verslunarinnar hefir aðeins numið 4% af umsetningunni. Það er þó almenn skoðun, að hjer í bæ sje lagt 20% á matvörur. Þegar nú er athugað, að svo mikið er lagt á vörur, sem annars er talinn lítill gróði að versla með, og þegar hv. þm. Vestm. (JJós) hefir upplýst, að meðalumboðslaun á tóbaki muni vera 3%, þá ætti engum að blöskra, þó landsversl-

gera tilraunir um eitthvert það skipulag, sem gæti fyrirbygt, að þessi margnefndu tollsvik gætu átt sjer stað; en hitt er vitanlegt, að jeg get ekki að óreyndu fullyrt nokkuð um það, að þessi tilhögun reynist fullnægjandi. Þyrfti þá ekki að koma neinum á óvart, þó einhverju yrði breytt í þessu efni, ef erfiðleikarnir á framkvæmd þessa skipulags reynast eins miklir og hv. 5. landsk. (JJ) gerir ráð fyrir. Því er auðvitað ekki að leyna, að freistingin til tollsvika verður því meiri, sem vonin um ábata af þeim vex, hvort sem það er afleiðing af háum tolli eða mikilli einkasöluálagningu, eins og nú á sjer stað. Annars má geta þess, að grunurinn um smyglun á tóbaki hefir ekki minkað síðustu árin, og verður ekki sjeð, að merking landsverslunarinnar hafi verið einhlít eða henni framfylgt svo, að hún væri nægileg til að fyrirbyggja tollsvik. Hitt nær ekki neinni átt, sem hv. frsm. (JJ) sagði, að merkingin væri svo umsvifamikið starf, að enginn lögreglustjóri gæti framkvæmt hana, og að hún í annan stað yrði svo dýr, að kostnaðurinn við hana myndi gleypa tollaukann. Af þessu tvennu hlýtur annaðhvort að vera rangt, og líklega hvorttveggja.

Jeg hefi ekki í umræðum þessa máls í hv. Nd. eða hjer viljað víkja neitt að starfrækslu tóbakseinkasölunnar. Jeg hefi þannig lofað andstæðingum frv. að bera lof á hana, án þess að mæla í móti, og mun halda þeim hætti enn. En þó vil jeg geta þess, að ýmislegt hefir komið fyrir í tíð einkasölunnar, sem nálgast tollsvik. T. d. hefir tvisvar orðið uppvíst, að seldar hafa verið tóbaksvörur með merki landsverslunarinnar lægra verði en landsverslunartóbakið var selt í heildsölu. Hefir rannsókn verið hafin í þessum málum, en hún ekki borið neinn ávöxt. Jeg get mjer ekki neins til um það, hvernig á þessu stendur, en hætt er við, að um einhverjar misfellur sje að ræða í sambandi við það.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. (JJós) hefir haldið langa ræðu og mikla, og er mjer ánægja að geta þess, að hann hrakti ekki neitt af því, sem jeg hafði sagt í fyrri ræðu minni. Hann tók þann kostinn, sem hæfði best, að fara sem minst inn á málið, en talaði um ýmislegt, sem lá fyrir utan það, svo sem um virðingu kaupmannanna í þjóðfjelaginu o. fl., sem getur verið athugavert út af fyrir sig.

Háttv. þm. (JJós) leiddi sömuleiðis alveg hjá sjer að skýra, hvernig staðið hafi á skoðanaskiftum þeim, sem orðið hafa í hans flokki. En nú get jeg sagt honum það, að einkasalan var afleiðing af því, að þing og þjóð vantreysti verslunarstjettinni til að reka verslunina á sómasamlegan hátt. Okur kaupmannanna á stríðsárunum skipaði mönnum hjer í andstöðu við kaupmennina. Svo fór það í öllum löndum. Fólkið reiddist hinni miklu álagningu kaupmannanna, og það svo mjög, að ríkið hlaut að taka í taumana. Það hefði eins verið hægt að hafa allsherjarinnkaup og láta kaupmennina selja. En þingið vantreysti verslunarstjettinni, eins og áður er sagt. Það er alt og sumt.

En nú er eins að gæta. Hafi einkasalan átt rjett á sjer 1921, þá hefir hún það eins nú. Það var fyrir stríð, sem Hannes Hafstein og fleiri fylgjendur hans báru fram frv. um, að ríkið tæki að sjer kolaverslunina. Þeir vildu m. ö. o. láta landið fá kaupmannagróðann af kolaversluninni. Þessir menn munu þó tæp-

ist, að þetta væri ekki ómögulegt; að kaupmennirnir gætu beinlínis gert þetta sjálfir, og það með svo tryggilegum hætti, að ekki stæði landsverslun að baki. Þegar kaupmaður sýnir lögreglustjóra „faktúrur" sínar, þá fær hann merkin og setur þau síðan sjálfur á. Hann á mest í hættu sjálfur, ef hann vanrækir það. Þar að auki er því ekkert til fyrirstöðu, að menn geti notað umbúðir landsverslunarinnar aftur á tollsvikna vöru, svo þær eru alls ekki sú trygging, sem þm. vill vera láta. Og þó segja mætti, að hægt væri að fara í kringum hitt, þá eru það svik. Þeim má líka beita nú. Þau lög verða seint sett, að ekki sje unt að fara í kringum þau á sviksamlegan hátt.

Hv. 5. landsk. hefir lýst yfir því, eftir góðum heimildum, að landsverslunin hafi fengið betri kaup í útlöndum en aðrir. Ef þær heimildir eru eins ábyggilegar og verðtöflur hans, þá verð jeg að taka við þeim með fyrirvara. Þetta getur verið. En jeg hefi aldrei getað skilið, að bestu kjörin fáist með því að taka 6 mánaða lán á vörunni. Hann endaði loks ræðu sína með fallegri sögu af forstjóra landsverslunarinnar, sem jeg rengi ekki. Hann virðist álíta þessa framkomu einsdæmi. Það er held jeg ekki. Margir kaupmenn notuðu sjer ekki tækifærið 1914 til þess að hækka vörubirgðir, sem þeir lágu með. Þó mikið væri um það talað, að vörur væru hækkaðar óhóflega, þá var það af því, að það vakti mesta eftirtekt hjá almenningi og þau dæmin skáru mest í augun. Þegar litið er á ástandið 1914, þá áttu kaupmenn einatt ekki alla sök á því; fólkið tryltist og vildi hafa vörur með hvaða móti, sem hægt var. Ekki er ólíklegt að þetta hafi ýtt undir þá, er annars fengust nokkuð við það að hækka fyrirliggjandi birgðir. Hann kvað kaupmenn vilja hafa þessa verslun með höndum. Það er alveg rjett, og jeg held því fram, að þeir eigi að gera það og sjeu færastir til þess.

Það þykir nú orðið notaleg aðstaða að níða þessa stjett. En jeg kannast yfirleitt ekki við, að hún eigi það skilið, kannast ekki við, að hún standi verslunarstjett annara þjóða að baki, þegar litið er á allar ástæður. Jeg er alveg viss um, að þeir mætu menn, sem börðust fyrir verslunarfrelsi í þessu landi, gerðu það ekki í þeim tilgangi, að ríkið einokaði hverja vörutegund eftir aðra, og þrengdi með því kosti frjálsrar, sjálfstæðrar, innlendrar verslunarstjettar.

Þessi hv. þm. (JJ) hefir oft talað af miklum kala til þessarar stjettar. Hann gætir þess ekki, að hún er aðeins hálfrar aldar gömul, og því ekki búin að ná fullum þroska. En til þess á ríkið að hjálpa henni með viturlegri löggjöf, í stað þess að setja fótinn fyrir hana og hrifsa undir ríkiseinokun þær greinar verslunarinnar, sem þessari stjett er vel fært að fara með.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 5. landsk. (JJ), sem jeg vildi víkja að, og það eru tollmerkingarákvæðin.

Get jeg þá strax tekið undir það með háttv. frsm. minni hl. (JJ), að merkingin, sem frv. gerir ráð fyrir, muni verða allmiklum erfiðleikum bundin í framkvæmdinni. En flm. frv. lögðu áherslu á, að gerðar væru alvarlegar tilraunir til að komast hjá tollsvikum, sem svo mikil munnmæli ganga um og hv. frsm. minni hl. (JJ) var svo fjölorður um í ræðu sinni. Jeg hefi því fallist á, að rjett væri að

(JJ) vill hafa. Einmitt síðan landsverslunin tók við hefir innflutningur þeirra tegunda aukist mest, sem jeg þykist vita, að hv. 5. landsk. álíti mestu tjóni valda, nefnilega vindlinga. Hann talaði um, hver háski unglingum stafaði af nautn þeirra. Jeg tek undir það. En eftir skýrslum frá landsversluninni hefir sá innflutningur blómgast. Hann kvað jafnvel útlendinga undrast, hve fjölbreytt vindlingaúrval hjer væri. Eftir því, sem jeg veit best, þá er munntóbak og neftóbak svipað að gæðum hjá landsverslun og var áður, vindlar yfir höfuð lakari, en cigarettur í fjölbreyttara úrvali. Þetta kemur einnig heim við skýrsluna.

Í nál. minni hl. er samanburðartafla á verði tóbaks hjer og ytra. Þessi samanburður er nógu fræðandi það sem hann nær. En á töflunni, þar sem samanburðurinn er gerður, er talað um einkasöluverð hjer og smásöluverð erlendis. Hjer stendur einkasöluverð! Er það þá ekki heildsöluverðið? Háttv. 5. landsk. gefur þá skýringu, að átt sje við smásöluverð. En þá sje jeg ekki betur en ósamræmi sje milli þessarar töflu og hinnar, þar sem skýrt er frá smásöluverði í Reykjavík. Jeg skal nefna eitt dæmi. Af vindlategund þeirri, sem „Romanos“ nefnist, er kassinn í smásölutöflunni sagður kosta 48,40 kr. En í hinni 43,00 kr. Þetta er miðað við sama tíma, en er þó 5 kr. munur. Hvað er rjett? Hverju er þorandi að trúa? Hv. þm. (JJ) segir einkasöluverð sama og smásöluverð. En í skýrslu hans sjálfs er þessi missögn. Og hún virðist, eftir skýringum hans, benda í þá átt, að einkasöluverðið sje smásöluverð hjer. Er þetta ekki villandi og eitthvað bogið við það alt?

Hvað er smásöluverð erlendis? Sami vindillinn kostar 25—30 aurum meira í sumum heldri götunum heldur en í úthverfum borganna. Á þessu er því heldur lítið að byggja. Mjer er nær að halda, að ¾ hlutar af ræðu hv. 5. landsk. hafi gengið í það að mikla þroskaleysi flm. frv., hve skamt og skakt þeir hafi hugsað, er þeir sömdu frv. Frv. sjálft rjettlætir ekki þessi ummæli hans; því fer fjarri. Það er satt, að tolleftirlit okkar stendur annara þjóða að baki. Það gerði það líka áður en einkasalan kom. Þetta ræður ekki úrslitum í þessu máli.

Þá talaði hann mikið um freistingu manna til þess að flytja tóbak inn í blóra við lögin. En jeg segi: Freistingin til þess að fara í kringum lög með innflutningi einhverrar vöru eykst, ef hún er gerð afardýr með óhæfilegri álagningu, hvort sem sú álagning heitir tollur eingöngu eða álagning og tollur. Það hefir sömu verkanir. Sje vindlakassi, sem kostar 10 kr., gerður 20—30 kr. virði með tolli og einokunarálagi, þá hefir það alveg sömu áhrif til freistinga sem tollur einn væri.

Hann mintist á tollsvikahneyksli fyrir nokkrum árum. Það er víst rjett, að tilraun var gerð, en komst upp. Mjer er ekki kunnugt um fleiri tilfelli. Hitt er annað, að nú heyrist mikið talað um smyglun. Jeg hefi ekki mikið lagt upp úr því; slíku er varlegt að byggja á. En það er engin furða, þó þesshættar sögur komi, þegar tollur eða álag er orðið of hátt.

Mjer fanst hv. þm. (JJ) gera of lítið úr ákvæðum frv. um merkingu tóbaksins. Eins og nú er, er hver askja vindla og vindlinga merkt með sjerstöku merki. J. held munntóbak og neftóbak sje ekki merkt. Hann taldi þetta ómögulegt og hæddist að því, að tollþjónar mundu eiga að merkja alt tóbakið. En hann hefði getað sparað þennan kafla. Mjer hefir skil-

sárnað, ef hann hefir haldið, að lítið væri úr þessu gert. En mjer hefir aldrei komið til hugar að gera lítið úr óáran þeirri, sem þessi veiki orsakaði í þeim hjeruðum eða annarsstaðar. En þegar talað er um sölu á tóbaki, vindlum og vindlingum, er óhætt að taka talsvert tillit til veltiáranar við sjávarsíðuna. En þó jeg sje ekki kunnugur Þingeyingum, ætla jeg þó, að lítið sje gert að kaupum á þessum vörum þar, og tel víst, að mest sje um þessa verslun í kaupstöðunum og í sjávarþorpum, en miklu minna keypt til sveita. Jeg varð dálítið hissa, þegar háttv. þm. (JJ) bar saman ríkiseinokun og áhættufyrirtæki eins og t. d. fiskverslun, sem ávalt hlýtur að vera áhættusamt fyrirtæki, og háttv. þm. hlýtur að vita, að þetta er alveg ósambærilegt; því að ef nokkur verslun ætti að vera áhættulaus, þá er það ríkiseinokun á tóbaki. Í sambandi við þetta komst háttv. þm. inn á útsvarsskyldu þessara fyrirtækja, og sagði hann það sitt álit og margra annara mætra manna, að slíkar stofnanir ættu ekki að greiða útsvar. Það er svo með hvert mál sem það er virt, en þó mælir ekki svo fátt með því gagnstæða. Setjum t. d. svo, að háttv. 5. landsk. (JJ) ræki verslun í Reykjavík með einhverja vöru, segjum tóbak. Reykjavíkurbær mundi eðlilega leggja útsvar á þessa verslun. Síðan væri lögleidd ríkiseinokun þessarar vörutegundar og hún lögð undir landsverslun, og hv. þm. yrði að leggja sína verslun niður. Reykjavíkurbær hefði þá mist þarna einn gjaldanda í bæjarsjóð, og það er alls ekki sanngjarnt, að bærinn eigi ekkert tilkall til þess að fá þessar tekjur, þó að ríkið reki verslunina, en ekki einstaklingar. Háttv. þm. (JJ) talaði eitthvað um tóbakskaupmenn, sem nú biðu eftir því, að verslunin yrði gefin frjáls, albúnir þess að steypa sjer sem gammar yfir markaðinn. Jeg hefi ekkert við það að athuga, þó að þeir reki framvegis tóbaksverslun, sem höfðu þá atvinnu áður en einokunin komst á, því ætla má, að þeir hafi góða þekking til að bera á þeim vörum, og ættu þeir því ekki að vera ófærari en aðrir til að fást við þessa atvinnu. En mjer fanst á ræðu háttv. 5. landsk., að honum þykja þetta heldur verra. Jeg tel það kost á versluninni, að vanir menn fáist við hana, og hefi því ekkert á móti því, að þeir, sem áður versluðu með tóbak, taki aftur við þeirri verslunargrein, er hún verður gefin frjáls. Hitt gæti að vísu verið, en um það veit jeg ekkert, að háttv. þm. (JJ) vissi um einhverja aðra menn, sem honum stæðu nær, er hefðu augastað á því að ná í þessa verslun, og að þess vegna sje honum illa við, að þeir fái keppinauta úr gömlu herbúðunum. En jeg álít best, að þeir fái sína gömlu atvinnu aftur.

Þegar meðmælendum einokunarinnar er bent á, að salan dofni og verði stirð með þessu fyrirkomulagi, þá snúa þeir við blaðinu og segja: Er það ekki gott? Getur vel verið, en nú er verið að tala um tóbakið sem vöru, er gefi arð í ríkissjóð og sem á að vera vönduð og útgengileg. Hitt er annað, hvað heppilegt það sje frá heilsufræðilegu sjónarmiði, Um það geta eðlilega verið deildar meiningar. Nú er talað um þessa verslun sem tekjugrein, og meðan málið er rætt á þeim grundvelli aðallega, mega það teljast útúrdúrar, sem meðmælendur landsverslunar grípa til, að hrósa happi yfir því, að verslunin gangi saman, af því tóbaksnautn sje ekki holl fyrir heilbrigði manna. En ef út í það fer, þá er best að sjá, hvaða tegund nautnarinnar það er, sem aukist hefir við þetta fyrirkomulag, sem hv. frsm. minni hl.

því að lögleiða einokun á tóbaki. Meðan ófriðurinn mikli stóð yfir, þóttu margar óvenjulegar ráðstafanir eðlilegar; t. d. er ríkið tók alla matvöruverslunina í sínar hendur o. fl. Þetta þótti öllum sjálfsagt þá og að svona ætti það að vera eins og þá stóð á. Árið 1921 var svo stutt liðið frá ófriðnum og afleiðingar hans voru miklu sýnilegri þá en nú. Þess vegna ætla jeg, að á þinginu 1921 hafi skoðanir allflestra þm. enn markast af því ástandi, sem var ríkjandi á ófriðarárunum. Þá voru menn orðnir svo vanir því, að ríkið gengi inn á ýms þau svið viðskifta- og atvinnulífsins, sem annars er ekki venja, að ríkið láti til sín taka. Jeg veit ekki, hvort hv. 5. landsk. (JJ) felst á þetta; en þetta er mín skoðun um afstöðu margra hv. þm. 1921. Þrátt fyrir að þetta yrði samþykt á þinginu 1921, var þó mikill hluti þingsins þá alveg andvígur því, að farið væri inn á þessa braut. En að það varð, var mjög mikið að kenna afleiðingum ófriðarins mikla og þess ástands, sem þá ríkti hjer eins og víðast annarsstaðar.

Hv. 5. landsk. (JJ) greip til uppáhalds röksemdar sinnar, sem er orðin landsfræg, — þ. e. að andstæðingar hans viðurkenni alt með þögninni, sem þeir nenna ekki að eltast við eða reka aftur ofan í hann. Háttv. 5. landsk. taldi mig hafa viðurkent með þögninni skoðanir hans, er jeg talaði ekki um rekstrarkostnað landsverslunarinnar. Jeg drap nú að vísu nokkuð á, hvað leitt hefði verið í ljós með kostnaðinn við að afla ríkinu þeirra tekna, er einokunin, sem hv. 5. landsk. vill ómögulega nefna svo ljótu nafni, gefur af sjer. Annars fór jeg ekki neitt ítarlega út í þetta atriði, af því meðal annars, að jeg skoða það ekki neitt höfuðatriði í þessu máli, hvort rekstrarkostnaðurinn er meiri eða minni en upphaflega var við búist. En úr því að háttv. þm. gerði þetta sjálfur, get jeg ekki gert við því, þó jeg baki honum vonbrigði, að lýsa því yfir, að rekstur landsverslunarinnar hefir að mínu áliti ekki verið ódýr. Rekstrarkostnaður landsverslunarinnar er talinn hafa verið árið 1924 um 92 þús. kr. Það getur verið, að á þeim slóðum þyki þetta óhjákvæmilegur kostnaður, enda þótt það liggi ekki í augum uppi, að svo mikill kostnaður þurfi að vera á verslunarrekstri með svo hreinlegar vörur. Mjer sýnist þetta ekki þurfa að kosta svo ákaflega mikið, sem raun ber vitni um að orðið hefir. Það, sem um er deilt, er það, hvort það eigi að vera einokun á þessum vörum framvegis eða ekki, en ekki um það, hvort rekstur einokunarverslunarinnar hefir orðið dýr eða ódýr þessi 3 ár, sem hún hefir staðið. Jeg sagði aldrei, að jeg væri óánægður með það, sem einokunin hefði gefið af sjer í ríkissjóð; jeg sagði ekkert um það. En jeg sagði hitt, að árin 1922 og 1923 hefðu verið lítilfjörleg að því leyti, og það er rjett. Og jeg held líka því fram, að ríkið geti alveg eins fengið þessar tekjur af tolli í stað þess að leggja sig eftir arði af verslun. Mjer þykir leitt, ef jeg hefi meitt tilfinningar háttv. 5. landsk. (JJ), er jeg mintist á góðæri 1924. Mjer fanst það liggja í ræðu hans, að jeg hefði gert lítið úr þeim þrautum og farsóttum, sem gengið hefðu yfir sum hjeruð landsins það ár; en mjer datt það alls ekki í hug. Jeg átti við þá miklu framleiðslu þessa árs, og að fólkið hefði, víðast hvar að minsta kosti, haft meiri peninga handa á milli en nokkru sinni áður, og í þeim skilningi var árið veltiár. En jeg skil það vel, að í átthögum hv. þm. áraði þá illa og gengu allskonar sóttir og veikindi þar um sveitir, og jeg get því vel skilið, að honum hafi

Allir vita, að tóbak er óholt, og fáir mundu harma, þó að færri börn og unglingar vendust á að reykja vindlinga. Það mundi ekki minka menningarsvipurinn, þó að pontan væri tekin úr nefinu, nje rýra gildi þjóðarinnar í augum útlendinga, þó að minna væri reykt. Ef athugaðar eru skýrslur um innflutning tóbaks, sjest, að hann ýmist hækkar eða lækkar. Það er líkt um hann og mann, sem jetur yfir sig í dag, að hann er líklegur til að jeta minna á morgun.

Háttv. frsm. (JJós) segir, að skýrsla landsverslunarinnar sje ljeleg, en hefir þó ekki getað hrakið neitt af röksemdum hennar, og ef hún er nokkuð í þá átt, þá er hún vörn fyrir hæstv. atvrh. (MG) og hæstv. forsrh. (JM), sem var höfuð þeirrar stjórnar, sem bar þetta fram, og hefir stutt alt þetta, og mjer finst það vera dálítið ónærgætið að tala svo, þó að andstæðingarnir verði til að verja þessa menn, því að hv. þm. (JJós) skal vita það, að það verða nógu margir til þess að áfella þá fyrir því. Þá vítir hv. frsm. (JJós) landsverslunina fyrir, að hún hækkaði verðið í fyrra, af því að tollurinn komst á. Hvað gerðist áður, þegar kaupmenn hækkuðu verðið stórkostlega og græddu að sama skapi? Þetta minnir á, að það geta verið góðir og vandaðir menn í flokki kaupmanna, t. d. núverandi forstöðumaður landsverslunarinnar, sem var kaupmaður og þingmaður árið 1914, þegar stríðið skall á. Þá var símað til hans norðan af Akureyri af undirmönnum hans: Eigum við að hækka eins og hinir? En hann svaraði: Nei, við hækkum ekki. Jeg bið hv. þm. (JJós) að athuga muninn á þessum manni, sem árið 1914 vildi ekki níðast á fólkinu, og svo hinum algengu kaupmönnum, sem hækka jafnan útlendu vöruna eins og þeir framast geta. Jeg bið hv. þm. (JJós) að athuga, að einmitt svo ágætur maður hefir staðið fyrir versluninni, og því hefir hún gengið svo vel.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. frsm. minni hl. (JJ) hefir nú haldið langa ræðu til að verja einokun ríkisins á tóbaksversluninni. Hann heldur því fram, að það sje uppnefni að viðhafa orðið einokun um þennan verslunarrekstur ríkisins. Hann veit þó vel, að víða erlendis er orðið „statsmonopol“ notað um þetta sama, og er ríkiseinokun rjett íslensk þýðing á því orði; það er því rjettnefni. Hitt er annað mál, að bæði hann og aðrir, sem vilja síður gera þetta fyrirkomulag óvinsælt, þeir vilja ekki láta nefna þetta ástand einokun, heldur einkasölu. Hv. þm. notaði sjálfur ýms nöfn í ræðu sinni, sem vel mættu teljast uppnefni. Hann talaði t. d. um mig sem undirmann ákveðins ráðherra. Jeg kannast alls ekki við, að neinn ráðherra sje yfirboðari minn í þeim skilningi, sem hv. 5. landsk. (JJ) lagði í það. Hv. þm. álítur auðsjáanlega, að allir menn þurfi að vera undirgefnir einhverja stjórn eða aga: t. d. Framsóknarflokksstjórn, Sambandsstjórn kaupfjelagastjórn eða eitthvað þessháttar. Hv. 5. landsk. þóttu rök mín ill og erfið viðfangs, og því hjet hann á hv. 1. þm. Rang. (EP) sjer til liðveislu, en það er ófrjett enn, hvernig í þá liðsbón verður tekið. Þá talaði hv. þm. um það, að margir núverandi flokksmenn mínir hefðu á þinginu 1921 verið með í því að lögleiða einokunarverslun og spurði mig um, hvers vegna þeir hefðu nú skift um skoðun. Meiri hl. allshn. kom í nál. sínu með þá allsennilegu ágiskun, að þingið 1921 hefði líklega ætlað að afla ríkinu tekna með

Þá taldi hv. þm. (JJós) fjarstæðu að reikna með gengishagnaðinum í þessu efni. Jeg reiknaði ekki með honum. Jeg bið hv. þm. (JJós) að athuga, að þessi gengishagnaður er ekki lagður í landssjóð sem tekjur, heldur notaður til þess að borga skuld, sem eiginlega hefði aldrei átt að greiða. Jeg veit, að hv. þm. (JJós) er svo skýr, að hann sjer, hve ástæðulaust er að skattleggja fyrirtæki, sem stofnað er til þess að afla ríkinu tekna. Það mætti eins leggja útsvar á tekjuskattinn eins og tóbakseinkasöluna. Háttv. þm. (JJós) er sjálfsagt kunnugt, að dómstólarnir gáfu þann úrskurð, að fyrirtæki, sem ríkið ræki til að afla tekna, ættu ekki að greiða útsvar. Þó fór svo með brevttum lögum, að landsverslun varð að greiða útsvar, og til þess var gengishagnaðurinn notaður.

Þá talaði hv. þm. (JJós) um það, að gróðinn af landsverslun væri lítilfjörlegur. Hann hefir þó orðið meiri en hæstv. atvrh. (MG) bjóst við, nema fyrsta árið, af því að hann gat ekki búist við, að hjá kaupmönnum lægju birgðir fyrir 1½ milj. króna. Annað árið varð hann meiri og þriðja árið mestur. Jeg hugsa, að hv. þm. (JJós) sje ekki svo stórlátur í sínum persónulegu gróðaáætlunum, að hann telji það lítinn gróða, sem verður helmingi meiri en áætlað er af þeim, sem stofnsetja fjármálafyrirtæki.

Hv. þm. (JJós) segir, að skuldir hjá landsverslun sjeu allmiklar og telur það fje alt tapað. Það er nú óalgengt að fullyrða nokkuð um slíka hluti fyrirfram. Það má búast við, að landsverslun tapi einhverju, en áreiðanlega litlu borið saman við umsetninguna. Ef hv. þm. ber landsverslun í þessu efni saman við sum önnur fyrirtæki, mun hann komast að raun um, að munurinn er mikill. Honum er vel kunnugt, að vaxtahæð bankanna stafar af uppgjöf skulda og að það eru dýrkendur frjálsrar samkepni, sem þar eiga höfuðsök.

Hv. þm. (JJós) spyr, hví útreikningarnir sjeu bygðir á veltiári. Jeg hefi sannað, að í stað veltiárs var hallæri á stórum svæðum landsins í fyrra. Auk þess er þetta fyrsta árið, sem gömlu birgðirnar höfðu ekki áhrif. Aukin eyðsla, sem afleiðing af góðærinu hjer syðra, kemur fram á þessu ári. Hv. þm. (JJós) getur, ef hann kemur hingað í sumar, borið saman húsabyggingar hjer í Reykjavík nú og í fyrra. Fiskaflinn þá gerir mönnum kleift að byggja nú. Það væri frekar hægt að segja, að ekki mætti miða við yfirstandandi ár, eða þá mánuði, sem liðnir eru af árinu. Nú hefir verið sannað, að til þess að vega móti gróðanum af tóbakseinkasölunni verður að hækka toll á tóbaki stórmikið. Hv. þm. (JJós) vitnaði til útreikninga í blaði einu hjer í bænum. Jeg hefi ekki lesið þetta. Blaðið er ekki svo merkilegt, að jeg gefi mjer tíma til að athuga það vandlega. En blaðið er gefið út af höfundi einkasölunnar, og ef það er að ráðast á hann og gera lítið úr hans verki, þá óska jeg skýringar. Annaðhvort verður að álíta, að hæstv. atvrh. (MG) eigi ekkert í blaðinu, eða þá að hann hafi aldrei skift sjer af einkasölunni, nema ef blaðið er komið í sömu mótsögn við hann sjálfan eins og hann og sum bestu sverð íhaldsins hjer í deildinni hafa komist í við sig sjálf út af þessu máli.

Hv. þm. (JJós) segir, að innflutningur tóbaks muni aukast með frjálsri verslun, því að doði hafi færst yfir þessa verslun af völdum einkasölunnar. Hvað mundi sagt, ef kvartað væri yfir því, að doði væri að færast yfir áfengisverslunina?

(JJós) vjefengir, að heildsalar muni leggja á nú eins og áður. Þetta er spádómur. En hann getur ekki sannað, að tóbak í útlöndum sje með lægra verði. Og ef það er svo, að mannlegt hold sje breyskt í öllum löndum, er full ástæða til þess að ætla, að okkar heildsalar verði svipaðir dönskum og enskum stjettarbræðrum. Við þurfum ekki að vænta betra af okkar kaupmönnum en aðrar þjóðir.

Þá sagði hann, að álag heildsala í Reykjavík hefði verið alveg óvanalegt á þessum árum. Í þessu liggur rjettmætur áfellisdómur. Hvaða ástæða var til þessarar álagningar? Hún rjettlætist ekki af því, þó að kaupgeta væri með meira móti og líkur til að varan seldist. Þetta sýnir aðeins það, sem sjá má, ef athugað er verslunarsagan, að kaupmenn leggja altaf á það, sem þeir siá sjer fært.

Þá sagði hv. þm. (JJós), að tóbakið yrði ódýrara hjá kaupmönnum. Landsverslun hefir líka reynt að halda verðinu niðri svo sem hægt hefir verið samkvæmt þeim lögum, sem flokksbræður hv. þm (JJós) hafa sett. Jeg hefi áður vikið að umboðsmannagróðanum. Hv. þm. (JJós) er ljóst, að jafnvel fyrir enga vinnu fara þar miklar fjárhæðir til óbarfra milliliða. Mjer er kunnugt um eitt firma, sem áætlar slíkar tekjur 30—40 þús. kr. á ári. Þeir, sem að því standa, eru meðeigendur að blaði hjer í bænum, sem styður núverandi stjórnarflokk. Það er ekki undarlegt, þó að þessir menn sjeu fúsir á að leggja eitthvað af gróðanum í blað, sem stvður það, að tóbakseinkasalan verði afnumin. Jeg játa, að það er mannlegt frá þeirra sjónarmiði. En frá þjóðhagslegu sjónarmiði verður að átelja það harðlega, að þingmenn láti hagsmuni slíkra manna hafa áhrif á gerðir sínar.

Þá kem jeg að þessu merkilega góðæri 1924. Jeg veit, að hv. þm. (JJós) þekkir söguna um feld flóttamannsins, er hvítur var öðrumegin en svartur hinumegin og um getur í Fóstbræðrasögu. Það var að vísu gott ár í Vestmannaeyjum og aflabrögð víða góð. En hverskonar góðæri áttu bændur á Norður- og Austurlandi við að búa árið 1924? Sumarið á undan var mjög vont. Haustið var fádæma slæmt og veturinn hroðalegur. Það var svo á stórum svæðum norðanlands, að þegar vika var af júlí, voru rjett að koma þar hestahagar. Það kallar hv. þm. Vestm. (JJós) afskaplegt góðæri, þegar svo háttar til, að við hallæri liggur hjá bændum víðsvegar á Íslandi. Jeg ber talsverða virðingu fyrir náttúrugáfum hv. þm. (JJós), en hefði hann mjer alt af lítil hlökkun á höfum landsbúa. Hann veit, hvernig gengur að þurka þorskinn í Vestmannaeyjum og um afla togaranna á Halamiðinu. Það hefir verið góðæri fyrir aðstandendur þessara veiðibragða, þó að ekki komi það fram í verkum þeirra, þar sem þeir heimta af hæstv. fjrh. (JÞ) eftirgjöf á 630 þús. króna skatti, sem fara átti í ríkissjóðinn. Byggi jeg þetta á skýrslu frá skattstjóra landsins, en fer ekki frekar út í það nú. Góðærið virðist hafa forhert hjörtu þeirra manna, sem nutu þess, og gert hv. þm. Vestm. (JJós) blindan fyrir því harðæri, sem gengið hefir yfir sveitir landsins. Jeg get fullvissað hv. þm. (JJós) um það, að hann hefði ekki lagt svo mikið upp úr aukinni tóbaksnevslu vegna góðæris, ef hann hefði þekt til á Norður- og Austurlandi og vitað, við hvaða kjör fólkið þar átti að búa. Þar hjálpaðist að vont veðurfar og veikindi um að spilla árferðinu. Hv. þm. Vestm. (JJós) getur verið viss um, að menn voru þar ekki í neinum „sigarettuhug."

landssjóður fái 350 þús. kr. án tollhækkunar; hvaða skaðræði geti verið í því. Hann verður að viðurkenna, að það er alt annað að fá þetta með hækkuðum tolli, en jafnframt skýra frá, af hverju á að gera tóbak dýrara fyrir fólki, úr því hægt er að fá þetta fje í landssjóð með auðveldara móti. Hv. frsm. segir, að það sje rangt að gera mikið úr því, að heildsalarnir komi til greina sem dýr milliliður. Kaupmenn flytji inn án þeirra. Getur verið að einhverju leyti. En inn í ræðu hans sladdist atriði, sem er óþægilegt fyrir hann. Hann sagði, að landsverslunin hefði orðið að greiða umboðsmanni útlendrar verksmiðju 3%. Jeg játa því ekki, en látum svo vera. Segjum, að hv. þm. kaupi t. d. vissa neftóbakstegund frá Danmörku. Eru líkur til þess, að hann komist þá utan um þessi 3% til umboðsmanns, sem landsverslunin á að hafa greitt? Svo framarlega sem heildsala fyrir alt landið getur það ekki, þá getur enginn einstaklingur það.

Það verður ef til vill aldrei sannað til fulls, en þó veit jeg, eftir bestu heimildum, að landsverslunin hefir komist fyrir allar þessar rætur. Hún hefir fengið í þessu tilfelli a. m. k. 3% hagkvæmari kaup en er á færi einstaklings. Þegar hv. þm. verður að borga manni, sem hvergi kemur nærri, 3%, af því að hann er umboðsmaður, þá er hann búinn að borga 3% af rekstrarkostnaði landsverslunarinnar. Hann er 4%. Í þessu eru fólgnir yfirburðir þessa skipulags.

Hv. frsm. játaði, að mikið hefði verið lagt á tóbak 1920; vildi hann ekki þræta fyrir, að það hefði verið 30—50%. Nú spyr jeg: Er það ekki nokkuð dýr milliliður, sem tekur þetta í eiginn vasa? Þetta gerir landsverslunin til hagnaðar fyrir ríkið; það er alt annað. Það er síðferðilega leyfilegt, og hefir hæstv. atvrh. fært rök að því í aths. við frv. um einkasölu 1921.

Þá fór hann að tala um, hve slæmt það væri, að landsverslunin legði svo mikið á. En flokksbræður hans ákváðu, að svo skyldi það vera. Forstjórinn hefir yfirleitt selt eins lágt og lög framast leyfa. Það er ómögulegt að saka aðra um verðlag á tóbaki en samherja hv. frsm. (J. Jós). Forkólfar Mbl.manna komu þessu á, þótt þeir vilji ekki fylgja málinu nú.

Nú er hv. þm. búinn að játa, að þeir umboðsmenn geti verið til, sem taki 3% gróða fyrir ekki neitt. Hann segir að vísu, að stærri verslanir fái tóbak sitt beint frá útlöndum. Það er alveg rjett. En tóbaksheildsalarnir eru til og fleiri bætast við. Þeir hafa meira að segja farið til útlanda nú þegar. Það er vakað yfir, hvort ekki tekst að snúa þessum 10—12 Mbl.mönnum í þessu máli, og þegar skevtin koma, steypa þeir sjer yfir markaðinn og byrja á ný.

Út af nöldri hv. frsm. um verðlagið sýnist það bert, að ef álagningin er óeðlilega há, — hvers vegna er þá tóbakið ódýrara en áður, og hvers vegna ódýrara en í löndum með lægra tolli og tómri kaupmannaverslun? Þetta áberandi verð er framkvæmd laga, sem hæstv. atvrh. kom á til þess að bæta fjárhag ríkisins án þess að verðið væri hækkað. Ætlunin var altaf sú, að heildsölugróðinn og nokkuð af smásölugróðanum lenti hjá ríkinu. En smásölunum þykir gróði sinn of lítill. Þeir vilja græða meira. En er það sönnun þess, að landsverslunin sje dýr í rekstri, borgi sig ekki? Það eru kaupmenn, sem vilja losna við landsverslunina, til þess að græða sjálfir. — Hv. þm

oft hefir hún pantað vörur aðeins til að fullnægja smekk einstakra manna. Þess vegna held jeg, að þessi mótbára sje ekki þung á metunum.

Að lokum vil jeg víkja að því í ræðu hv. þm. Vestm., er hann vjek að skoðana- og stefnumismun á þinginu 1921 og nú um frjálsa verslun eða einkasölu. Jeg vil t. d. nefna hv. 1. þm. Rang. (EP); hann sat að vísu ekki á því þingi, en hann hafði oft áður í þinginu sagt, og fært góð rök fyrir, sem jeg álít rjett hjá honum, að það gæti vel komið til mála, að ríkið verslaði með ýmsar vörur. Jeg veit að vísu ekki, hvað hann segir um þetta nú. En fyrir nokkrum árum var hann svo mikið riðinn við bolsevisma, að hann vildi þá vissan ríkisrekstur af þessu tægi. Þetta álitu þeir menn sjálfsagt, sem æðinærri hv. frsm. hafa staðið í skoðunum. Jeg skal nefna fræg nöfn, t. d. Hannes Hafstein, sem hóf þessa einokunaröldu. Hann og samherjar hans litu svo á, að frjálst væri að láta landið versla, ef ríkið græddi og borgararnir sættu jafngóðum kjörum.

Og jeg vil skjóta því til hv. 1. þm. Rang. (EP), af því hann á heppilegan hátt hefir hrakið ástæður hv. þm. Vestm. Vil jeg biðja hann liðsinnis til að koma hv. þm. (JJós) í skilning um það, að hann er á villigötum.

Svo að jeg líti nú nánar á stefnumuninn, þá voru allir flokksbræður hv. þm. með þessu 1921. *(Fjrh. JÞ:* Ekki einn!). Það var allur ráðandi hluti flokksins og þáverandi stjórn, — nema einn, hæstv. núv. fjrh. (JÞ). En jeg gleymdi honum. Það varð svo lítið úr honum við það tækifæri; hann var svo gersamlega hundsaður af flokksbræðrum sínum, að það verður að vera honum skýring á gleymsku minni.

Hvað kemur nú til þess, að þessir menn virðast allir hafa skift um skoðun? Hvað kom þeim inn á þessa hættulegu braut? Voru þeir svona illir og ómentaðir? Og ef þeir hafa aukist að manngildi, hvaðan hefir þeim komið það? Úr því hv. frsm. (JJós) fór að minnast á stefnumun, verður hann að skýra frá þessu, því það, sem einkennir stefnumuninn, er einmitt þetta, snúningur flokksbræðra hans.

Jeg skal játa, að eins og hæstv. núv. fjrh. var lítill og áhrifalaus 1921, þá virðist stefna hans hafa sigrað nú. Hafi jeg látið orð falla um áhugaleysi hans þá, snýst það í lof um áhuga hans nú. En það lof er ekki eins ánægjulegt fyrir þá, sem þessi „operation" er gerð á.

Þó það verði kannske aldrei sannað, þá var gangur málsins sá, að landsstjórn og meiri hl. flokksins voru svo hrædd um frv. 1921, að þau fengu einn kaupmann til þess að greiða því atkvæði. Háttv. frsm. segir, að sagan endurtaki sig. Já, bara að hún geri það; þá er alt í góðu lagi. Þá græðir landssjóður og þá er hægt að leggja í allskonar kostnað fyrir Vestmannaeyjar.

En það eina, sem endurtekur sig, er það, að allir kaupmennirnir, nema þessi eini, sem gerði stjórninni greiðann 1921, eru ennþá á móti landsverslun. Verslunarstjettin vill hafa kaupmannsgróða.

Hv. frsm. (JJós) telur þetta fremur stefnumál en fjárhagsatriði. Voru þá flokksbræður hans sósíalistar 1921, eða dómsmálaráðherra og atvrh., sem studdu þetta mál þá, eða Hannes Hafstein fyr?

Því er haldið fram nú, að ekki þurfi að rökstyðja í þessu máli; það hafi verið gert áður. Mjer finst rjett, að rökin komi fram. Hv. frsm. verður að skýra frá, hvers vegna hann er óánægður með, að

framkvæma þetta, sem verður auðvitað dauður bókstafur í lögunum, enda færi svo, ef til framkvæmda kæmi, að það meira en æti upp allan ágóða af verslununni, — svo er þetta vitlaust hugsað. En ef þetta verður dauður bókstafur, — hvað er þá um tolleftirlitið? Jeg skal benda hv. þm. Vestm. á, að áður en tóbakseinkasalan komst á, var hjer talsvert um tollsvik; t. d. sannaðist fyrir 12—14 árum síðan á einn kaupmann hjer í bæ, að hann hafði framið stórkostleg tollsvik. Hann fjekk samninga og greiddi þegar 1000 kr. í sekt til þess að sleppa við tugthúsið, en endurgreiddi 10 þús. kr. af tollinum, og var það þó ekki nema lítið af því, sem hann stal. Kunnugur maður í stjórnarráðinu sagði við mig einu sinni um þetta mál, að þessi kaupmaður mundi hafa stolið undan helmingi meiri tolli en því nam, sem hann var látinn endurgreiða.

Þegar þetta og annað eins getur átt sjer stað hjer í Reykjavík, svo að segja við nefið á yfirvöldunum, meðan tollurinn var lægri, — hvað mundi þá verða hjer eftir, með hinum geysiháa tolli samkv. frv.? Eða úti um land? Hvaða tolleftirlit er annars til hjer á landi? Þegar menn sviku tollinn svona gífurlega meðan hann var lágur, — ætli þá enginn geti fallið í freistni nú, er tollurinn er margmargfaldur orðinn? Þessi maður, sem jeg nefndi áðan, mun ekkert einsdæmi vera, og tolleftirlitið í Reykjavík er engu betra nú en það var áður. Tollverðirnir eru svo fáir hjer, að ástandið hjer er alveg ósambærilegt við venjulegt tolleftirlit erlendis. Hjer kveður svo ramt að, að háttsettir embættismenn hafa svikið inn vörur og verið dæmdir í sektir, vegna þess að óvart hefir náðst í ferðatöskur þeirra. Hv. þm. Vestm. er vanur ferðamaður. Ef hann vill bera saman tollskoðunina hjer og erlendis, mun hann fúslega viðurkenna, að þetta er ekki sambærilegt. Jafnvel jeg, sem aldrei nota tóbak, mundi treysta mjer til að svíkja inn tóbak, ef jeg vildi það við hafa. Jeg segi þetta ekki til að lasta tollverðina. Þeir eru góðir menn og vilja gegna sínu starfi vel, en þeir eru alt of fáir hjer í Reykjavík. Hvernig ætli þessu sje t. d. varið í Vestmannaeyjum, með öllum þeim skipakomum og siglingum, sem þar eru? Sýslumaðurinn þar hefir nóg annað að starfa en að vera með nefið niðri í hverjum vöruböggli, sem þar kemur á land. Sumstaðar er ekki einu sinni sýslumönnum til að dreifa; þar eru aðeins hreppstjórar, og þeir hafa einnig nógu öðru að sinna. Það er því aðeins drengskapur manna einn saman, sem verndar ríkið gegn tollsvikum, og mun það duga og hefir dugað víða hjer á landi; en einhlítt er þó ekki að treysta á drengskapinn einan saman. En þessar reglur, sem settar eru í frv. gegn misbrestum á drengskap manna, hefi jeg þegar sýnt fram á, að eru til einskis nýtar af alveg eðlilegum ástæðum, og verður því tóbakið að vera ómerkt og alveg eftirlitslaust. Eftirlit það, sem landsverslunin hefir komið á, verður ekki notað framvegis; þau merki hafa verið sett á umbúðirnar í verksmiðjunum, og hafa hvorki kaupmenn leyfi til að nota þau framvegis nje geta það samkv. eðli málsins. Þau merki, sem frv. ræðir um, eru vottorð um lagalegt eftirlit, framkvæmt af lögreglustjóra á hverjum stað, sem varan er seld á.

Þá er talað um það, að gæði vörunnar sjeu minni síðan einkasalan tók við. Jeg veit ekki um þetta af eigin revnslu. En jeg hefi talað við fróða menn í bessum efnum, sem hafa sagt mjer, að tilbreytni landsverslunarinnar væri óaðfinnanleg, og

eytt til þeirra hluta, sem ekki mátti telja bráðnauðsynlega á þeim krepputímum, sem þá fóru í hönd. Þá var næstum hætt við að drekka kaffi eða nota sykur, nema hið allra minsta, sem hægt var, í heilum hjeruðum, jafnvel heilum sýslum. Þetta er alveg einsdæmi, og mun núlifandi kynslóð vart muna annað eins og þetta. Það getur verið, að elstu menn, sem nú eru á lífi, geti að vísu tilfært eitthvað þessu líkt frá árunum fyrir og um 1885, en það breytir þó engu um þetta, og að segja að þetta sje þýðingarlaust fyrir eyðslu almennings á neysluvörum, er hreinn barnaskapur. Þá má því ekki vera ómótmælt, sem hv. meiri hl. segir, að það verði minni gróði á einkasölunni í meðalári en árið sem leið; nei, það, sem um er barist, er þetta: Á að láta ríkissjóð kasta frá sjer um ¼ milj. kr. gróða árlega, eða á ekki að gera það? Í ræðu hv. þm. (JJós) kom það fram, að álagningin á tóbakið væri óeðlilega mikil hjá einkasölu ríkisins. Jeg mun víkja nánar að þessu atriði síðar, en vil nú aðeins benda á það, að í skýrslu okkar eru tvenskonar hagskýrslur um verðlag á tóbaki, 1) eins og það var hjá smásölum í Reykjavík fyrir 1921, og 2) eins og það er nú. Skýrslan sýnir, að verðið er nú mun lægra en áður. Þá segir hv. þm., að tóbakið hafi fallið í verði erlendis; það getur verið, að það sje eitthvað til í því, eins og á einstaka öðrum vörum; verðið er ekki fast. En hagskýrslurnar sýna, að verðfall á erlendum vörum er ekki ýkjamikið, t. d. á fatnaði. Þar ræður hin frjálsa samkepni verði á þeim vörum, en skýrslurnar sýna, að verðfallið hefir verið mjög lítið. Þetta er sönnun þess, að þrátt fyrir gengisörðugleika o. fl., og þrátt fyrir að tóbakið hefir lítið fallið í verði erlendis, að það er þó ódýrara nú en áður og er lægra hjer en í sumum nágrannalöndum okkar, þar sem frjáls samkepni ræður, t. d. í Danmörku og í Englandi. Einkasalan hjer getur haldið verðinu hjer lægra en það er hjá smásölum erlendis, auk þess sem lagt hefir verið í sjóð til að mæta áhættu.

Þá er það meira en lítil meinloka að trúa þeirri staðhæfing hv. flm. frv., að till. þeirra um merkingu á vörunni komi til leiðar meira og betra tolleftirliti en áður, og muni koma í veg fyrir tollsvik framvegis. Tilgangurinn er að vísu góður, en jeg hefi þegar sýnt rækilega fram á, að það eru afskaplegir örðugleikar á því að koma þessu eftirliti í framkvæmd. Enda hefði jafnreyndum og æfðum verslunarmanni og hv. þm. Vestm. aldrei dottið í hug að setja slíka vitleysu og þetta í frv., sem flm. þess hafa gert, en hann þó verður nú að verja fyrir þá. Hv. flm. frv. ætlast til, að rifnir sjeu upp allir umbúðakassar, jafnvel þeir, sem loftþjettir eiga að vera, taka hvern smápakka fyrir sig og merkja. Hvernig ætli vörurnar reynist eftir þessa meðferð? Ef það ætti t. d. að rífa upp loftheldar umbúðir utan af vörum þessum í vöruskemmu hv. þm. Vestm., hygg jeg, að hann mundi fremur óska eftir, að einkasalan væri komin á aftur, en að eiga á hættu, að meira eða minna af vörum hans yrði eyðilagt af tollþjónunum. Þetta hefir auðvitað verið sett í frv. af ókunnugleika; mennirnar hafa ekki haft hugmynd um, að þetta væri ómögulegt í framkvæmd, nema með því að skemma tóbakið. Þetta er því af litlu viti gert, og ekki er það mikið skynsamlegra að ætla, að þessa vinnu væri hægt að framkvæma með litlum tilkostnaði. En ella hefðu þeir ekki gert sjer von um aukinn gróða af versluninni. Jeg veit, að það mun enginn lögreglustjóri vera til hjer, sem væri svo vitlaus að fara að

Vestm. (JJós) er, að hann skuli gera sig sekan í þeirri fjarstæðu að telja það óviðkomandi málinu, að til voru miklar birgðir af tóbaki, þegar einkasalan komst á. Hæstv. atvrh. vissi þetta fyrir, þar sem hann gerði ráð fyrir, að árið 1921 yrðu minni tekjur af einkasölunni fyrst en síðast, því að búið var að borga toll af miklum birgðum, sem varð að selja. 1919 og 1920 er flutt inn óhemjumikið tóbak, meira en dæmi eru til nokkru sinni áður í sögu landsins. Það var reyndar ekki eingöngu tóbak, heldur margar aðrar vörur, en í landinu var til tóbak fyrir hátt á aðra miljón króna, sem varð að selja, og var að mestu leyti selt af kaupmönnum sjálfum. Næstu tvö árin var innflutningur því lítill. Það er því aðeins um tvent að ræða: Annaðhvort hefir verið smyglað inn óhemjumiklu af tóbaki, líklega af kaupmönnum, þessi 2 kreppuár, 1921 og 1922, eða gömlu birgðirnar hafa setið fyrir.

Nú veit hv. þm. (JJós) það, að það var yfirmaður hans og ráðherra hans flokks, sem bjó til þessi lög og kom þeim í framkvæmd og tók af kaupmönnum innflutninginn á þessum vörum 1921. Að innflutningurinn minkaði á næstu árunum, 1922 og '23, kemur af því, að þá var yfirleitt minna keypt af öllu en á góðu árunum. Hv. þm. ætti því að snúa sjer næst til hæstv. atvrh. og tala til hans um ástæðurnar fyrir því, að þetta var gert.

Fyrsta árið urðu tekjur einkasölunnar talsvert undir því, sem áætlað hafði verið í fjárlögunum, en næsta ár náðu tekjurnar áætlun, sem þó var hærri en árið áður, og þriðja árið fóru tekjur einkasölunnar langt fram úr því, sem sjálfur faðir hennar hafði frekast dirfst að vonast eftir. Enda sagði faðir einkasölunnar í hv. Nd., er hann lifði þá stóru stund að láta drepa þau lög, er hann hafði barist fyrir og verið mikið áhugamál að koma í framkvæmd, — þá játaði hann, að einkasalan hefði á engan hátt brugðist vonum sínum. En flokksmenn hans vildu samt lögin feig, og hann var neyddur til að horfa upp á það og hafast ekki að, er þau voru vegin.

Jeg er samþykkur forsendum hæstv. atvrh. bæði 1921 og nú, en jeg er því undrandi, er hann dregur þessa röngu ályktun af rjettum forsendum, að einkasalan skuli lögð niður, þrátt fyrir það, að hún hefir einskis manns vonum brugðist, og hlýðir hæstv. atvrh. að þessu leyti eingöngu og í blindni bendingum og samþyktum síns flokks, eða aðallega hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Vestm., sem líka játa þetta, en vilja afnema lögin samt. Það er auðvitað tilgangurinn að leggja niður steinolíuverslunina síðar og ályktar á sama hátt út frá forsendum hæstv. atvrh., að úr því að þetta fyrirtæki hefir gefist vel, þá skuli það lagt niður.

Jeg hefi sem sagt sannað og sýnt fram á það, að alt tal hv. þm. Vestm. er út í bláinn og að það er ekki hægt að byggja framtíðaráætlanir á neinum öðrum árum en þeim, er allar gamlar birgðir frá kaupmönnum voru uppgengnar, en það var ekki fyr en árið 1924.

Í skýrslu minni hl. er tekið dæmi, sem sýnir, að innflutningur á tóbaki hefir ekki minkað neitt óeðlilega, og ekki meira en t. d. kaffiinnflutningurinn, og svo mætti margt fleira telja. Þá er og enn eitt, sem virðist vera háttv. þm. Vestm. ókunnugt, þ. e., að sá, sem var atvrh. 1921, var líka formaður kaupfjelagsskaparins hjer á landi, og hann gerði alt, sem hann gat, til þess að fá S. Í. S. og einstök kaupfjelög til að beita áhrifum sínum í þá átt, að sem allra minstu væri

sem svo, að „alt mætti segja Dönum“. Það getur hver maður sjeð, hversu sennilegt þetta er.

Um nál. hv. minni hl. get jeg lítið sagt að svo stöddu. Því var ekki útbýtt fyr en í byrjun fundarins, og jeg hefi ekki athugað það nákvæmlega. En sjálfsagt eru ýms atriði í því, sem vert er að athuga því að það lítur út fyrir að vera framhaldsskjal af skýrslunni um tóbakseinkasöluna, og er þá sjálfsagt margt fróðlegt þar að finna.

Jeg býst nú við, að hv. minni hl. vilji láta eitthvað til sín heyra, og mun jeg því láta hjer staðar numið í bili.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það er dálítið merkilegt, að við þessa umr. hefir enginn af hæstv. ráðh. verið viðstaddur, og stendur þó svo á, að tveir þeirra mega heita feður einkasölunnar, en sá þriðji er fjármálaráðherra landsins, sem mestu tapar við það, að frv. nái fram að ganga. Jeg hefi ekki orðið var við, að hv. frsm. meiri hl. (JJós) hafi minst á upphaf málsins, sem sje að það eru núverandi yfirmenn hans í þeim flokki, sem hann fylgir, sem hafa komið á þessum ófögnuði, er hann telur einkasöluna vera. Það hefði verið sanngjarnara, ef háttv. frsm. hefði frekar talað um þá, sem hafa leitt asnann í herbúðirnar, og stilt svo til, að hin þungvægu rök hans hrinu á höfuð þeirra; en það er eins og samkomulag, að hv. frsm. hlífi yfirboðurum sínum, enda hafa þeir álitið heppilegra að vera ekki viðstaddir, til þess að sá sannfæringareldur, sem logar á þessum arni, næði ekki til þeirra.

Fyrst ætla jeg að minna hv. frsm. meiri hl. á það og skjóta því til hæstv. forseta, hvort viðeigandi sje að nota uppnefni um þetta frv. Það er alveg eins og jeg væri að tala um einhvern kaupmann í Vestmannaeyjum og kallaði hann „kaupsa“. Þessu gerði hv. frsm. meiri hl. sig sekan í, er hann notaði orðið „einokun“ í stað „einkasölu“, sem sjálfur hæstv. atvrh. (MG) hefir komið á. Jeg óska eftir því á sínum tíma að fá að heyra frá hæstv. forseta, hvort leyfilegt sje að nota slíkt uppnefni, og frá hv. frsm. meiri hl., að hvaða leyti hann telur sjer ávinning í þessu. Það virðist heldur ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda gagnvart hæstv. atvrh., að hv. frsm. noti þann stimpil, sem hann hefir sjálfur sett á málið 1921.

Áður en jeg vík að ræðu háttv. frsm. meiri hl., ætla jeg að minnast á nokkur atriði honum til hægðarauka í næstu ræðu sinni úr álitsskjali minni hlutans. Þetta frv. er líklega lögleysa að forminu til, þar sem talað hefir verið um tolllagabreyting, en svo er þetta beinlínis niðurlagning stofnunar, sem stofnuð er með sjerstökum lögum. Þetta á ekki sinn líka í allri okkar löggjöf og sögu. Það er varla hægt að skilja þetta öðruvísi en að flm. frv. hafi viljað leyna því, sem þeir voru að gera, alveg eins og þegar drykkjumaðurinn kallar vínið tár, til þess að breiða yfir, að það er eitur. Sama samviskubitið kemur fram hjá hv. flm. frv., eins og líka sjest á því, að faðir þess treystir sjer ekki til þess að vera viðstaddur meðferð málsins hjer í hv. deild.

Þá höfum við leitt skýr rök að því, að þegar gera á grein fyrir starfi landsverslunarinnar hvað tóbakssöluna snertir, er ekki hægt að miða við annað ár en þegar ekki eru aðrar birgðir fyrirliggjandi en þær, sem fluttar hafa verið inn til einkasölunnar sjálfrar. Mjer þykir leiðinlegt um svo vel viti borinn mann og hv. þm.

en þær hafa verið að undanförnu. Jeg held, eftir því sem jeg þekki til, að það sje alls ekki út í bláinn sagt af flm. frv., að innflutningur fjörgist við að verslunin er gefin frjáls. Jeg þekki mörg dæmi þess, að síðan einokun á tóbaki komst á, hefir hálfgerður doði færst í tóbaksverslunina úti um land. Það ber lítið á því hjer í Reykjavík, þar sem hjer eru sjerverslanir með tóbak. En stærri verslanir úti um land, sem áður fengu birgðir sínar frá útlöndum, vilja ekki eltast við þennan óþarfa millilið í Reykjavík, og hætta heldur að versla með tóbak en að fara slíkar krókaleiðir. Það hefir orðið til þess, að oft hefir vantað ýmsar tegundir af tóbaki og vindlum, og þar af leiðandi selst minna en ella. Það er svo með ríkisverslun, að þegar búið er að koma einokun á vörur, hætta menn að fylgjast með verði og vörugæðum. Þá vantar þennan spora, sem altaf er á versluninni í frjálsri samkepni, að reyna að hafa sem bestar vörur fyrir sem lægst verð. Um allan heim er það viðurkend regla í samkepninni, þessi viðleitni til að hafa sem bestar vörur að bjóða fyrir sem lægst verð. Sá, sem getur boðið best, verður vanalega ofan á í samkepninni. Því er ekkert undarlegt, þó að hjer á landi sje svo komið, að þessi deyfð sje komin í tóbaksverslunina, sem altaf fylgir einokun, hvar sem er. Það er heldur ekki furðulegt, þó að frá landsverslunarinnar hálfu og þeirra manna, sem sannfærðir eru um, að einokun sje æskileg, verði gert alt, sem hægt er, til þess að koma í veg fyrir, að verslunin verði aftur frjáls. En þeir, sem segjast fylgja einokun ekki vegna þess, að það sje þeim stefnumál, heldur vegna þess, að þeim finst, að ríkissjóður megi ekki missa þessar tekjur, sem einokunin hefir gefið, ættu að geta fallist á, að ríkissjóður fengi þessar tekjur alveg eins með auknum tolli.

Fram á þetta hefir verið sýnt undir meðferð þessa máls með svo ljósum rökum, að þeir, sem ekki eru fyrirfram ákveðnir í að halda einokuninni, hvað sem það kostar, ættu að geta fallist á frv.-leiðina. Skýrsla landsverslunar getur að mörgu leyti gefið tilefni til íhugunar. Hún er svo greinilega samsett varnarrit fyrir einokunina. Jeg get ekki sjeð, eftir þeim tölum, sem þar eru prentaðar, hverninig hægt er að komast að þeirri niðurstöðu, að árið 1924 sje fyrsta eðlilega viðskiftaárið eftir kreppuna 1920. Jeg sagði, að þessi skýrsla gæfi tilefni til íhugunar, og skal jeg t. d. benda á það, að eftirtektarvert er, að landsverslunin notaði tækifærið í fyrra, þegar tollhækkunin varð, að hækka verð á öllum tóbaksvörum, sem hún lá með. Þetta var aðeins hægt af því að um einokun var að ræða. Hefði verið frjáls verslun, hefðu menn, hvort sem það voru heildsalar eða smásalar, ekki mátt hækka verðið, því varan hefði ekki selst hjá þeim, ef hún hefði verið dýrari en hjá öðrum. Með öðrum orðum, frjáls samkepni hefði komið í veg fyrir þessa hækkun.

Á einum stað í skýrslunni er getið um, að landsverslunin þurfi til tóbaksverslunar ekkert rekstrarfje, þar sem hún fái alt að láni hjá erlendum viðskiftamönnum. Á öðrum stað er því svo slegið föstu, að hún fái svo góð kjör hjá verksmiðjum erlendis, að ekki sje hugsanlegt, að einstaklingar geti fengið slík kjör. Þetta tvent fer dálaglega saman, að fá alt að láni til 6 mánaða og að hún fái þessi dæmalausu kjör, sem enginn einstaklingur eigi kost á að fá! Það lítur helst út fyrir, að þeir, sem samið hafa skýrsluna, hafi hugsað

að telja þær allar til eigna, enda hefir því verið haldið fram í Nd., að varasjóðurinn væri sama sem tapaður, og því hefir ekki verið mótmælt af fylgismönnum einokunarinnar. Þannig skuldar eitt kaupfjelag 29 þús. kr., og er engin von til, að sú skuld greiðist, nema í mesta lagi að helmingi.

Það er vitanlega eina úrræðið fyrir þá, sem vilja halda því fram, að ríkissjóður tapi við það að afnema einkasöluna en hækka tollinn, að leggja góðærið 1924 til grundvallar, án þess að taka nokkurt tillit til hinna áranna, þegar lakar hefir gengið. Með þessu eina móti er hægt að halda því fram, að ríkissjóður muni tapa við breytinguna. En hvaða vit er nú í þessu? Hvaða vit er í því að byggja framtíðaráætlun á einu veltiári? Og hvar er slíkt gert af hugsandi mönnum í öðrum tilfellum? Mjer virðist það fjarstæða að halda því fram að miða eingöngu við útkomu ársins 1924, og hver heilvita maður veit, að það er fjarstæða. Fólk hafði ólíkt meiri peninga milli handa í fyrra en nokkru sinni áður, síðan á stríðsárunum, og því síst að furða, þótt sala á tóbaki væri meiri en áður.

Það hefir nýlega verið sýnt fram á það í einu blaði hjer í bæ, hver kostnaðurinn hefði verið þessi 3 ár, sem einokunin hefir staðið, við að fá þennan hagnað, þessar 650 þús. kr., sem ágóðinn til ríkissjóðs hefir numið; og það eru engin undur, þó að þessi kostnaður stingi mönnum í augu. Með einokun hjer í Reykjavík er búin til miðstöð fyrir tóbaksverslunina, allsendis óþörf, og álag hennar er mjög mikið. Verslunarstjett landsins, bæði kaupmenn og kaupfjelög, hefðu vel getað annað þessari verslun, án þess að nokkur aukakostnaður kæmi til greina. Kostnaðurinn verður meiri en hinn beini rekstrarkostnaður. Þegar tekið er tillit til þess, að við einokunina er bætt við mörgum nýjum mönnum, sem hefðu getað starfað að öðru en versla með tóbak, en þeim, sem versluðu með þessa vöru, er sumpart bægt frá atvinnu sinni.

Það er ein setning á þskj. 468, frá hv. minni hl. nefndarinnar, sem er svo einstaklega skemtilega barnaleg, að jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana upp í þessu sambandi. Þar stendur: „Það hefir verið sýnt fram á það með fullum rökum, og enginn treyst sjer til að mótmæla, hvorki meiri hluti nefndarinnar nje aðrir, að árið 1924 er það ár, sem leggja ber til grundvallar, er um það er að ræða, hverjar tekjur ríkissjóður muni hafa af tóbakseinkasölunni í framtíðinni.“ Því hefir einmitt verið mótmælt með ljósum rökum, að þetta ár, 1924, beri að leggja til grundvallar einsamalt, og sýnt fram á, að það beri að leggja til grundvallar útkomu þeirra þriggja ára, sem verslunin hefir staðið, meðalútkomu þeirra og meðalinnflutning. Þetta á að leggja til grundvallar fyrir áætlun um, hvað sá hækkaði tollur muni gefa. En þetta, að árið 1924 er af andmælendum frv. valið úr og að á útkomu þess eru allar fullyrðingar þeirra bygðar, er af því, að þeir vita, að ef gengið er inn á meðaltalsútkomuna, sem er það eina rjetta, geta þeir ekki sýnt fram á, að ríkissjóður verði fyrir tapi. Það er sýnt fram á það í greinargerð frv., að óhætt er að gera ráð fyrir, að ríkissjóður hafi sömu tekjur af tollinum eingöngu eins og hann hefir fengið í þessi 3 ár, en svo er líka bent á það, sem óneitanlega liggur nærri að ályktа, að innflutningur muni aukast að einhverju leyti, ef verslunin er gefin frjáls. Við það hækka tekjur ríkissjóðs svo mikið, að þær eiga jafnvel að vera meiri eftir frv.

til orðnar, að þær höfðu verið fluttar inn á stríðsárunum, þegar bæði verðlag og álag var óvenjuhátt yfirleitt. Og það er engin ástæða til þess að byggja ályktun um framtíðarálag verslunarstjettarinnar á því, hvað einstakir menn hjer í Reykjavík hafa leyft sjer að leggja á vörur á stríðstímanum. Sannleikurinn er sá, að á sumar tóbaksvörur, svo sem neftóbak og munntóbak, er lítið lagt þar, sem samkepni er — og hún er alstaðar þar, sem eru fleiri en ein verslun, sem verslar með tóbak. Jeg býst við því, að flestir, sem verið hafa í kaupstað, kannist við það, að það er illa sjeð, að verslanir selji tóbak, t. d. nef- og munntóbak, dýrt. Jeg veit með vissu, að þessar vörutegundir hafa verið seldar áður með litlu álagi, og myndi svo verða áfram. Ef verslunin er gefin frjáls, þá mundu allar stærri verslanir hjer í Reykjavík og úti um land fá sínar tóbaksbirgðir beint frá verksmiðjum erlendis, án þess að heildsalar kæmust að með það að leggja á neinn heildsölugróða. Þar sem vörurnar yrðu pantaðar gegnum umboðsmenn hinna erlendu verksmiðja og verslunarhúsa, þá mundu þeir, sem kaupa, fá þær með verksmiðjuverði. Í verksmiðjuverðinu er venjulega falin sú „prósision", sem umboðsmaðurinn fær. Það hefir heyrst sagt, að jafnvel eins og er, þá muni þeir, sem umboð hafa fyrir verksmiðjur, er versla við landsverslun, halda sinni „provision". Hún er þá sem sje falin í verksmiðjuverðinu til landsverslunar. En það skiftir ekki svo miklu máli, því þessi umboðslaun eru venjulega lág, ca. 3% eða svo. Það hefir verið lögð afarmikil áhersla á það af þeim, sem berjast móti því, að einokunin verði afnumin, að ríkissjóður muni tapa við það miklu fje. Og til þess að fá þetta tap á pappírinn hefir bæði landsverslun í skýrslu sinni og eins þeir, sem hafa lagt á móti niðurlagning einokunarinnar á þingi, lagt árið 1924 til grundvallar fyrir útreikningum sínum. En formælendur frv. hafa aftur tekið þau þrjú ár, sem verslunin hefir staðið, og lagt meðaltalið af útkomu þeirra til grundvallar. Allir hljóta að viðurkenna það, að ekki aðeins hvað snertir þessa verslun, heldur alla afkomu landsmanna, var árið 1924 hið mesta veltiár og góðæri, sem komið hefir í manna minnum. Í slíku góðæri er það vitanlegt, að miklu meira fjör er í viðskiftum manna á meðal en annars í meðalári. Jeg hygg, að það hefði sýnt sig víða, ef ekki hefðu verið innflutningshöft. Nú voru engin innflutningshöft á tóbaki, og fjekk góðærið þar að njóta sín, sem kemur fram í því, að gróði einokunarinnar er þá með mesta móti, en var áður lítilfjörlegur. Nú var gróðinn talsvert mikill. En hann er þannig vaxinn, að ekki er hægt að gera ráð fyrir honum jafnmiklum eftirleiðis í meðalári.

Í þessum gróða landsverslunarinnar, sem tekinn er til dæmis af þeim, sem halda vilja í einokunina, er talinn gengishagnaður, verðhækkun á vörubirgðum, sem stafar af hækkun á tolli, o. s. frv. Þetta er óvenjulegt. Það er ekki altaf hægt að gera ráð fyrir gengishagnaði eða því, að tollurinn hækki. Þetta nemur þó á árinu 90 þús. kr. og er talið sem venjulegur verslunarhagnaður; en þetta er mjög villandi. Þá er varasjóðstillag, 35 þús. kr., talið með verslunarhagnaði, en það er ekki heldur hægt. Það er vitanlegt, að varasjóður landsverslunar er ekki til nema á pappírnum. Útistandandi skuldir hennar eru 160 þús. kr., og þær eru þannig lagaðar, að ekkert vit er í því

neitt til hlítar ennþá, því jeg fjekk það ekki í hendur fyr en rjett í því, að jeg átti að fara að tala í málinu. En jeg sje, að því er haldið þar fram í byrjun, að nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 457 sje að mestu leyti órökstudd tillaga um það, að það beri að leggja niður einkasöluna. Að mestu leyti, segir hv. minni hl., og er það vel sagt, því það má vera, að eitthvað sje í nál., sem þeim finnist ekki nægilega rökstutt. En það hefir verið sýnt í hv. Nd., og eins á þskj. 457, að viðhald einkasölunnar sje ekki nauðsynlegt fyrir ríkissjóð, því hann muni fá svipaðar tekjur af tolli af tóbaksinnflutningi eftirleiðis samkvæmt frv. og meðaltalsútkoman af einokuninni sýnir. Það er því ekki ástæða til að kvarta um skort á rökum í málinu. Ef rætt er um það sem fjárhagsatriði, þá eru þetta næg gögn. Áður en landsverslun var falið að hafa með höndum innflutning á tóbaki, þá var hann í höndum verslunarstjettar landsins. Og jeg vil taka það fram strax, að það voru ekki einungis heildsalar hjer í Reykjavík, sem fluttu inn tóbak, heldur fengu allar stærri verslanir og kaupfjelög úti um land sínar tóbaksbirgðir beint frá útlöndum, án þess að þær gengju í gegnum hendur heildsala í Reykjavík. Jeg bendi á þetta v[illegt] þess, að í skýrslu landsverslunar er altaf vikið að því og gengið frá því vísu, að ef verslunin verði gefin frjáls, þá falli altaf á hana heildsöluálag fyrir utan álag smásalanna. En það er ekki rjett að gera ráð fyrir því í hverju tilfelli, heldur munu a. m. k. hinar stærri verslanir fá sínar tóbaksbirgðir beint frá útlöndum eins og áður, en ekki frá heildsölum hjer. Nú er landsverslun með lögum frá 1921 gerð að allsherjar heildsölu fyrir alt landið hvað tóbaki viðkemur. Og það er áberandi mikið, eftir skýrslunum að dæma, sem þessi heildsala hefir leyft sjer að leggja á vöru sína. Heildsöluálag landsverslunar er hvorki meira nje minna en 50% af vindlum og vindlingum, á reyktóbaki 40% og á nef- og munntóbaki 34%. Þetta er heildsölugróðinn. En áður en varan kemst til neytenda, bætist hjer við smásöluálagið, sem er á vindlum og reyktóbaki 15%, á vindlingum 25%, og á neftóbaki og munntóbaki 10%. Og enn mega verslanir úti um land bæta hjer við 2% fyrir flutningskostnaði. Hjer eru eiginlega höfð endaskifti á hlutunum. Það er viðurkend verslunarregla um allan heim, að heildsöluálagið skuli vera miklu minna en smásalans. Því það er altaf gert ráð fyrir því, að heildsalinn selji í stærri skömtum, og geti þess vegna sætt sig við minni hundraðsgróða heldur en smásalinn. Hjer er þessu snúið við. Heildsöluálagið er hjer svo svikalaust sem orðið getur, og langt fram yfir það, sem nokkur heildsali getur leyft sjer á venjulegum tíma í frjálsri samkepni. Skýrsla landsverslunar ályktar samt á álíka skynsamlegan hátt og víðar, að sje verslunin gefin frjáls, þá sje ekki hægt að hugsa sjer minna álag, heldur muni það verða fyllilega eins hátt og nú, að viðbættu því, sem smásalarnir leggja á vöruna. Þessu til sönnunar er það gefið í skyn, að þegar verslunin var sett á stofn og hún varð að kaupa stríðsbirgðir kaupmanna, þá hafi orðið vart við, að þeir hafi reiknað sjer svo og svo mikinn hundraðsgróða. Þess ber nú að gæta, að þó til kunni að vera í vörslum landsverslunar reikningar með hærra álagi en venja er til, þá er þess að gæta, að þegar landsverslun tók að sjer tóbakið, þá voru þær vörubirgðir, sem hún keypti af kaupmönnum, þannig

ið um orðið, og ef hv. þm. vilja ekki ræða málið lengur, verður gengið til atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EP, HSn, HHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JJ, SJ.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 372, n. 457 og 468).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þegar þetta frv. var hjer í deildinni til 1. umr., talaði jeg um það fáein orð almennt, og varð það til þess, að ýmsir hv. þm. fundu ástæðu til þess að taka afstöðu til þeirra þá þegar. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) mintist þá á það, að sjer þætti ekki drengilegt af mjer að tala í málinu eftir það að sumir aðrir þm. í hv. deild voru búnir að tala sig dauða. En jeg held, að háttv. þm. hafi sagt þetta í ógáti, því í ræðu minni var ekki sagt neitt, sem hægt var að taka sem árás eða hallmæli til nokkurs hv. þm., svo það var engin ástæða til þess að fárast yfir ræðu minni, enda þótt nokkrir hv. þm. væru þá búnir að halda svo margar ræður, að þeir væru dauðir. Hv. þm. (IP) hjelt, að jeg mundi rísa upp til andmæla gegn þessum orðum sínum, en mjer fanst ekki ástæða til þess; hann fór með svo broslega fjarstæðu, að engin ástæða var til að svara honum þá þegar. En að þessu vildi jeg víkja nú vegna þess að mjer þótti kenna heldur mikils misskilnings hjá hv. þm. (IP).

En það, sem olli því, að sumir hv. þdm. andmæltu því, sem jeg sagði um þetta mál við 1. umr., held jeg hafi verið það, að þeir vildu alls ekki viðurkenna, að í þessu máli kæmi fram sá stefnumunur, sem jeg drap þá á. Síðan hefi jeg kynt mjer allnákvæmlega umr. um málið á þingi 1921, og þær bera þess ljósan vott, að þegar í byrjun, er farið var að tala um að koma einkasölunni eða einokuninni á, gerði þessi stefnumunur vart við sig. Formælendur málsins lýstu því þá yfir, að þeir væru í raun og veru ekki fylgjandi einkasölu, þó þeim hinsvegar þætti ekki skaði skeður, þó það væri reynt í þessu tilfelli. En andmælendurnir slá fast á þann streng, að það sje aðallega vegna stefnumunar í verslunarmálum, sem þeir sjeu á móti frv. Þessi saga endurtekur sig nú. Þeir, sem átt hafa kost á því að hlusta á umr. um þetta mál í hv. Nd., hafa heyrt, að þar er hópur manna, sem staðhæfa, að þeir í raun og veru fylgi frjálsri verslun, en vilja þó ekki láta afnema einokunina. Og þó mikið sje talað um fjárhagsatriði þessa máls, þá vil jeg halda því fram, að hitt eigi sjer ríkari rætur, sem sje stefnumunurinn, þó jeg vilji engan veginn bera brigður á yfirlýsingar hv. þm. um það, að þeir sjeu fylgjandi frjálsri verslun, þá fylgja þeir í raun og veru í framkvæmdinni þeim mönnum, sem vilja halda einokuninni vegna þess, að þeir eru sannfærðir um það, að hún sje rjettmæt. Þeir eiga því samleið um málið, þó ástæðurnar sjeu ef til vill ekki þær sömu.

Jeg hefi ekki átt kost á því að kynna mjer nál. hv. minni hl. Því var útbýtt nú í fundarbyrjun, og er það langt mál og miklar skýrslur, sem sýnast vera áframhald af skýrslum landsverslunar, sem áður var útbýtt hjer í deildinni. Þetta nál. hefi jeg sem sagt ekki getað lesið

gæti víða í Alþingistíðindunum sýnt afstöðu mína til einokunar yfirleitt. Jeg barðist fast á móti korneinkasölunni, sem um eitt skeið átti að klófesta alt. *(SJ:* Hví talar hv. þm. um einokun?). Síðan hafa komið ýms einkasölufrumvörp. Það hefir ekki þótt vera hægt að bjarga landsbúum með öðru móti. Jeg hefi oft sýnt fram á, að frjáls verslun væri miklu betri. Jeg fletti upp í þingtíðindunum með ánægju og sje, að jeg hefi átt í harðri baráttu við þá stjórn, sem kom á tóbakseinkasölunni. Það er gleðilegt fyrir mig, sem hefi verið í minni hl., að sjá nú, að frjáls verslun hefir meiri hluta í þinginu og að útsjeð er um örlög tóbakseinkasölunnar. Jeg hefi altaf verið á móti einokun, í hvaða mynd, sem hún birtist, og álitið hana neyðarúrræði. Að jeg fylgdi steinolíueinkasölunni, var af þeirri ástæðu, að sú verslun var þegar komin í hendur einokunarhrings, og jeg orðaði þá afstöðu mína svo, að með illu skyldi ilt út reka. Um einkasöluna á Spánarvínum er það að segja, að þar varð ekki litið á málið frá verslunarlegu sjónarmiði, heldur hvernig best yrði dregið úr því, að of miklum vínstraumi yrði veitt yfir landið.

Jeg hefi altaf verið á móti einokun af því, að jeg tel of mikla áhættu að leggja slík verslunaryfirráð í eins manns hönd. Það er sama, hversu góður maðurinn er. Ef honum mishepnast, verður tapið of stórkostlegt. Ef verslunin er frjáls, þá er það eigingirninnar sterka hvöt, sem leitar eftir sem bestum innkaupum til þess að halda til jafns við keppinautana. Ef þessi eina hönd, sem falið er að gera innkaup fyrir heila þjóð, er ekki áreiðanleg, geta afleiðingarnar orðið mjög alvarlegar. Þessi ástæða er ein nægileg til þess að taka afstöðu á móti einkasölufyrirkomulagi. Enginn þarf að harma tekjumissi fyrir ríkissjóð, þó að einkasalan sje lögð niður, því auðvitað má með tollum ná öllu því sama og náð hefir verið hingað til með verslun og tollum.

Sigurður Jónsson: Það er svo með mig, að jeg er ekki fær um að halda langar ræður, en það, sem kom mjer til að biðja um orðið, var það, sem haft var eftir hæstv. forseta (HSteins) um að þau mál, sem nú eru á dagskrá, skyldu afgreidd í dag. En það get jeg ekki unað við, að mjög mikið sjeu takmarkaðar umr. í þessari hv. deild, því að það má ekki minna vera en að þessi deild fái svo sem ⅓ af þeim ræðum, sem falla um málin, því hún er þó ⅓ þingsins. Það er að vísu ýmislegt, sem jeg vil benda á í þessu máli, en jeg get slept því, en vil aðeins halda því fram, að það sje sagt út í bláinn, að meiri hluti kjósenda sje á móti tóbakseinkasölu. Hinsvegar skil jeg það vel, að mótstöðumenn hennar hafa ekki fært nein rök fyrir máli sínu, nema það eitt, að það sje ekki nein nauðsyn á henni fyrir ríkissjóð, en nokkuð mun tollurinn þurfa að vera hár, til þess að jafna upp. Jeg vil ekki leiða neinum getum að því, hvað stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar muni vilja færa fram til að rökstyðja mál sitt, en nokkuð mikið kapp þykir mjer þeir sýna í sumum málum hjer á þinginu, og dettur mjer í hug það, sem Magnús berbeinn sagði, þegar vinir hans töluðu um það, að hann auðkendi sig mjög og sækti óvarlega fram í orustum: „Til frægðar skal konung hafa, en ei til langlífis.“

Forseti (HSteins): Jeg vil taka það fram, að mjer hefir aldrei komið til hugar að draga neitt úr umr. um þetta mál, en nú sem stendur hefir enginn beð-

öll þessi mál sjeu afgreidd. Jeg tel þau ekki öll slík þjóðþrifamál, að ástæða sje til þess að greiða fyrir þeim, og ekki er jeg ánægður yfir því, að hjer sje fundur haldinn fram á nótt, einungis til þess að koma vondum málum áleiðis.

Ingvar Pálmason: Jeg kvaddi mjer hljóðs vegna ummæla hv. þm. Vestm. (JJós), en hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) tók að mestu af mjer ómakið. Jeg vil geta þess, að mjer þykir það ekki rjett framkoma og lítið drengileg að geyma sjer að tala, uns aðalmótstöðumaðurinn er „dauður". En það gerði hv. þm. Vestm. (JJós), og bendir það á miður góðan málstað. Jeg get farið fljótt yfir. Hv. þm. (JJós) gerði mikið úr því, að hjer væri um stefnumál að ræða, annarsvegar frjáls verslun, hinsvegar ófrjáls. Það má vera, að þetta sje stefnumál fyrir hv. þm. Vestm. (JJós), en jeg fullyrði, að svo er ekki um alla þm. Jeg skal ekki fara út í að skýra hugtökin frjáls verslun og ófrjáls, en í raun og veru lít jeg svo á, að hjer sje ekki til frjáls verslun lengur. Þegar búið er að tolla allar vörur og hver, sem vill versla, verður að sækja um leyfi til þess og borga gjald fyrir, þá er verslunin ekki lengur frjáls. Hitt er annað mál, að hve miklu leyti hún á að vera frjáls. Jeg tel hana ekki ófrjálsari fyrir það, þó að ríkið annist innkaup á nokkrum vörutegundum. Það virðist vera ríkjandi stefna hjer, að tekjur ríkisins eigi að fá gegnum verslun. Ef þetta er rjett, þá er spurning, hvort rjettara sje að fara tollaleiðina eða taka sumt af versluninni í ríkisins hendur, en ljetta þá af einhverjum tollum. Eins og málið liggur fyrir, finst mjer, að það hljóti að vera fjárhagsatriðið, sem verður að ráða, þó að málið kunni að vera stefnumál hjá einstökum þingmönnum. Eftir því sem jeg hefi kynt mjer málið, get jeg ekki annað sjeð en að tóbakið hljóti að verða neytendum dýrara með þessu svokallaða frjálsa fyrirkomulagi og tollhækkun þeirri, sem ráðgerð er.

Jeg geri ráð fyrir, að búið sje að gera málinu þá skó, sem halda muni út úr þinginu. En það er spurning, hve haldgóðir þeir verða í framtíðinni. Með eftirtekt mun þessu máli verða fylgt. Jeg hygg, að reynslan muni sanna, að annaðhvort missir ríkissjóður tekjur eða neytendur borga vöruna hærra verði.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í málið, en mun hiklaust greiða því mótatkvæði. Jeg tek undir með hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og tel þetta vont mál. Framtíðin mun kveða upp dóm yfir þeim, sem um það fjalla nú. Jeg kýs að sæta þeim dómi, sem upp verður kveðinn yfir mótstöðumönnum málsins, eins og það nú er borið fram.

Sigurður Eggerz: Það kom fram hjá hæstv. stjórn, þegar bankamálið var hjer til umræðu, að tími mundi vinnast til þess að ræða það ítarlega hjer í þinginu. Það verður að skiljast svo, að hún ætli sjer að halda þinginu hjer lengur en búist var við. Jeg vil skjóta þeim ummælum til hæstv. forseta, að það getur ekki verið áform hans að ljúka í dag öllum þeim málum, sem nú eru á dagskrá. Það er óhugsandi, að þm. hafi þrek til þess að ræða öll þau mál í dag svo sem þarf. Þar sem hjer er um stórmál að ræða og „princip"-mál, er sjálfsagt, að Ed. eigi kost á ítarlegum umræðum ekki síður en hv. Nd. Úr því að álitinn var nægur tími til þess að ræða bankamálin, þarf víst ekki að hraða þessu svo mjög. Jeg játa, að jeg hefði ekki þurft að standa upp til þess að gera grein fyrir afstöðu minni. Jeg

benda á, að hier ræður mestu sá stefnumunur, hvort menn vilja, að ríkið versli með sem flestar vörutegundir eða aðeins það, sem óhjákvæmilegt virðist.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir lýst yfir því, að í sínum augum væri þetta ekki mikið fjárhagsatriði, tekjumunur mundi ekki verða mikill, hvort heldur haldið væri einkasölufyrirkomulaginu eða verslunin gefin frjáls og tollur aukinn. Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagðist ekki sjá neitt athugavert við það, þó ríkið hefði tekjur af óþarfavöru. Það er rjett. En ríkið fær einmitt tekjurnar með tollum, sem lagðir eru á þessar vörur. Með einkasölufyrirkomulaginu er, að því er tóbaksverslunina snertir, verið að grípa inn í verkahring manna, sem hafa haft þessa verslun áður og geta rekið hana framvegis, ríkinu algerlega að skaðlausu.

Einar Árnason: Jeg hafði ekki hugsað mjer að tala neitt um málið við þessa umr., en hv. þm. Vestm. (JJós) hefir komið mjer til þess að standa upp. Jeg gat ekki betur skilið en svo, að hann slægi því föstu, að hjer væri einungis um stefnumál að ræða. Að þeir, sem vildu halda áfram einkasölufyrirkomulaginu á tóbaki, vildu stefna að því, að ríkið tæki verslun með sem flestar vörutegundir í sínar hendur. Þessu vil jeg mótmæla. Fyrir mjer hefir þetta aldrei verið annað en fjárhagsatriði, og er ekki enn. Ef hv. þm. Vestm. (JJós) vill halda hinu fram, má benda honum á, að í ýmsum löndum er höfð einkasala á vissum vörutegundum, t. d. tóbaki, án þess nokkrum detti í hug að segja, að þeir, sem því ráða, vilji hafa einkasölu á öllum vörutegundum. Háttv. þm. (JJós) talaði um, að með einkasölufyrirkomulaginu á tóbaki væri verið að ganga á rjett borgaranna í landinu. Það er mesti barnaskapur að halda slíku fram. Ef hagsmunir einstaklinga og ríkisins rekast á, þá er sjálfsagður hlutur, að hagsmunir einstaklinganna víki. En að því er snertir tóbaksverslunina, þá viðurkenni jeg ekki, að neinir vissir menn eigi rjett á henni öðrum fremur. Það má benda á eitt og annað, sem einstakir menn gætu vel haldið uppi, en ríkið rekur þó, án þess nokkur mæli á móti. Hv. þm. (JJós) sló því föstu, án þess að færa fram nokkur rök, að mikill hluti þjóðarinnar væri móti einkasölu á tóbaki. Jeg held, að það sje alveg ófær leið fyrir okkur hv. þm. Vestm. (JJós) að þræta um þetta. Ef ganga ætti úr skugga um það, yrði að bera málið undir þjóðina, og þá leið hefði jeg gjarnan viljað fara. Þá hjelt hv. þm. (JJós) því fram, að þetta frv. væri ekki fram komið fyrir undirróður neinna einstakra kaupmanna eða tóbakssala. Jeg skal ekki fullyrða neitt um þetta. En jeg er hræddur um, að það yrði „mikill hluti þjóðarinnar", sem ekki tryði þessum orðum hv. þm. Vestm. (JJós).

Það hefir verið vikið að því, að hjer væru á dagskrá mörg mál og stór, og óviðeigandi væri því að halda langar ræður og ekki til annars en að tefja málin. Þetta er líklega rjett, ef endilega þarf að ljúka dagskránni í dag. En jeg verð að segja, að jeg tel tæplega forsvaranlegt, að öll stærstu deilumál þingsins, sem flækst hafa í Nd. mestan hluta þingtímans, sjeu afgreidd í þessari deild á einum degi. Jeg kysi heldur, að hæstv. stjórn hefði haft þau tök á vinnubrögðunum í hv. Nd., að þessi deild hefði verið búin að fá frv. fyrir löngu. Jeg get ekki felt mig við, þó að hæstv. stjórn hafi hjer undirtökin, að hún kúgi deildina til þess að afgreiða málin á óforsvaranlega stuttum tíma. Jeg harma ekki, þó að dagurinn líði án þess

Jónas Jónsson: Jeg hefi ekki borið hæstv. forseta (HSteins) hlutdrægni á brýn. En jeg mótmæli því, að Framsókn hafi átt sök á, hvernig fór. Hæstv. forseti hefir játað, að hann ætlaði ekki að vinna málinu skaða með því að leysa hv. deild upp. Hinn formlegi gangur hefði verið sá, að Nd. hefði afgreitt málið og síðan sent Ed. En það vildi stjórnarflokkurinn ekki. Þess vegna var fundum slitið hjer, til að hægt yrði að halda líftórunni í þessu 18 þús. kr. forstjóraembætti við áfengið.

Jóhann Jósefsson: Jeg hafði ekki búist við, að svona miklar umræður yrðu um þetta mál við 1. umr. En af því búið er að segja svo margt af vinum einkasölunnar, get jeg ekki varist að láta uppi mína skoðun. Það er alkunna, að nú eru uppi tvær stefnur í verslunarmálum, ríkisrekstur og einkarekstur. Og það er barátta þessara tveggja stefna, sem kemur fram í þessu máli.

Í ófriðnum mikla var ríkið til þess knúið að ráðast í margt. Það ástand gaf fylgjendum ríkisverslunar byr í seglin.

Tóbakseinkasalan er upphaflega stofnuð með tekjuauka ríkissjóðs fyrir augum. Síðan hafa „princip"skoðanir blandast inn í það mál. Nú er um það deilt, hvort ríkið tapi á því að gefa þessa grein verslunar frjálsa á ný. Þetta er orðið stefnumál í stjórnmálum, að minsta kosti hjá mörgum.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að á bak við orð frv. lægi undirróður þeirra manna, sem versluðu með tóbak. Þetta er varla rjett. Frv. er komið fram af því, að mikill hluti þjóðarinnar er því mótfallinn, að ríkið afli sjer tekna með því að reka verslun.

Af því minst var á frjálsa verslun, þá held jeg, að það hafi verið misskilningur hjá hv. þm. (JJ), að frjáls verslun í því sambandi, er hjer um ræðir, væri sama og enska hugtakið „free trade". Það, sem átt er við, er það, að það sje frjálst þeim borgurum, sem rjett hafa til þess að versla, að gera það án þeirrar íhlutunar ríkisins, að verslunarbann sje lagt á einstaklinga. Og að því er tóbakið snertir virðist engin ástæða til þess að ganga á þennan rjett borgaranna. Það er engin hætta fyrir þjóðina, þó verslunin með tóbak sje gefin laus, sje sú skoðun rjett, sem fram hefir komið, að ríkissjóði sjeu með þessu frv. tryggðar eins miklar tekjur eins og ágóðanum af tóbakseinkasölunni nemur. Þá er deilt um, hvort tóbakið muni hækka. Fleiri eru þeirrar skoðunar, að það hækki ekki. Jeg get ekki fallist á, að það sje nein höfuðröksemd, hvort góður maður velst til forstöðu slíku fyrirtæki sem þessu eða ekki. Það er að vísu nauðsynlegt, en haggar ekki grundvelli þessa máls. Það, sem aðallega kemur hjer til greina, er þetta, hvort ríkið á að blanda sjer inn í verslun, sem verslunarstjett landsins er vel fært að reka. Fyrir skömmu var hjer til umr. frv. um verslunaratvinnu. Þá var á það minst af mörgum, að verslunarstjettin væri of fjölmenn í samanburði við vörumagnið og stærð þjóðarinnar. Ef svo er, sýnist ennþá minni ástæða til þess að taka af verslunarstjettinni þær vörur, sem hún vel getur ráðið við. En vitanlegt er, að við landsverslun hafa mestmegnis starfað menn, sem ekki hafa áður fengist við verslun. Svo virðist sem 1. umr. þessa máls hefði ekki þurft að verða mjög löng. Málið á eftir að fara til nefndar, og þar verða fjárhagsatriðin væntanlega krufin til mergjar. Jeg vil

hann er í þessu sjálfum sjer samkvæmur. En þetta er engin afsökun fyrir hina.

Hann gaf það í skyn, að bæði hann og fleiri ættu bágt með að hlusta á ræður mínar. Af fundum þeim, er jeg hefi haldið víðsvegar um land, hefi jeg fengið allskostar ólíkar yfirlýsingar. En sje þar nokkur hæfa í, að hann eigi bágt með það, þá kenni hann ófullkomleika mínum, en ekki þeim sterka málstað, sem jeg styð. Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði rangt frá ofurlitlu atviki síðan í fyrra. Nd. hafði í fyrra samþykt frv. um hækkun verðs á áfengi. En það kom fram í þessari deild, að þetta þótti stuðningmönnum hæstv. ráðh. svo slæmt, að þeir vildu ekki vinna til að fá ágóðann af hækkuninni, ef leggja átti niður um leið fáein óþörf embætti. Það er ekki Framsóknarflokkurinn, sem er forseti þessarar deildar, og hann hafði því ekki áhrif á afgreiðslu málsins.

En forseti sleit fundi þegar frv. kom. Það er að hengja bakara fyrir smið, að kenna Framsókn um það, að málið gat ekki komið á dagskrá aftur hjer í deildinni eftir eina umr. í Nd. Það voru einnig samherjar hæstv. ráðh. (JÞ), sem breyttu frv., þótt þeir vissu, að Nd. var að hætta störfum. Sökin skellur á baki þeirra, sem breytinguna gerðu í þessari deild.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv. var afgreitt frá Ed. með öllum heimildum til tekjuauka, sem í því var. En þegar kom til Nd., reyndi jeg að fá frv. samþykt. Forseti var reiðubúinn að taka frv. á dagskrá, en þá strandaði á Framsóknarmönnum. Þeir höfðu það atkvæðamagn í deildinni, að þeir gátu neitað um afbrigði.

Guðmundur Ólafsson: Þótt hæstv. fjrh. hafi talað tvisvar, hefi jeg engin rök heyrt. Hann sagði, að þetta væri ekkert fjárhagsatriði. En það þyrftum við helst að vita tryggilega, hvort ríkissjóður tapi engum tekjum við breytinguna. Það, sem kom mjer til þess að vera með einkasölunni, var það, að jeg bjóst við, að hún yrði til tekjuauka, og sú skoðun mín hefir reynst rjett, og einnig það, að tóbakið hefir ekki orðið neytendum dýrara.

Af því jeg skildi hann svo, að rök hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefðu þegar verið hrakin í Nd., finst mjer jeg verða að taka það fram, að við eigum líka heimtingu á rökum í þessari deild. Jeg heyrði samt dálítið af þessum rökum. Fyrri daginn sagði hæstv. ráðh., að það vantaði 70 þús. kr. til þess að tollhækkunin væri nægilega há, en síðari daginn skifti það engu máli. Svo fór hæstv. fjrh. (JÞ) að tala um fjölda mála á dagskrá, og að ekki mætti lengja umræðurnar, en jeg er nú þannig gerður, að jeg get ekki tekið vel áminningum um að hraða öllu af í þinglokin, þegar mjer virðist mikið í húfi. Það á víst að verða nú eins og oft áður, þegar þing er búið að standa lengi, þá er ekki tími til að rannsaka neitt — aðeins þegja og samþykkja.

Forseti (HSteins): Mjer skildist á hv. 5. landsk. þm. (JJ), að jeg hefði beitt hlutdrægni við afgreiðslu eins máls á síðasta þingi. Fyrri grein hlutaðeigandi frv. var feld. Síðari greinin gekk með afbrigðum gegnum deildina. Nú var það vitanlegt, að frv. gat ekki náð fram að ganga, ef þessar breytingar hefðu verið settar aftur inn í neðri deild, sem áður voru felda. Það hafði því alls enga þýðingu að hiða þess, að Nd. hefði afgreitt málið. Jeg mótmæli því eindregið öllum aðdróttunum um hlutdrægni af minni hálfu.

er upphaflega borið fram af tveimur núverandi ráðherrum og að málið er svo mikils vert og viðurhlutamikið fyrir fjárhag ríkisins, að hver einasta samviskusöm stjórn mundi telja skyldu sína að fylgja því fram og styðja það framvegis; þannig er það t. d. á Frakklandi, og í engu öðru landi hefir lengur staðið en þar tóbakseinkasala eingöngu í gróðaskyni fyrir ríkissjóðinn; einkasölunni er ávalt haldið og dettur engum þar í hug að hrófla við henni, þrátt fyrir hin sífeldu stjórnarskifti, sem þar verða.

Það er tvent, sem telja má sannað um þetta fyrirtæki. Í fyrsta lagi, hvernig stofnað var til þess; í öðru lagi, hvernig það hefir gefist. Í þriðja lagi mætti og telja það sannað, að stjórnarliðið hefði svo slæma aðstöðu, að það treystist ekki til þess að rökræða málið. Það verður gaman, þegar þingtíðindin koma, að sjá, hvernig andstæðingarnir hafa gefist upp í báðum deildum. Það kynni að verða auðskildara þá, af hverju stjórnarliðið vill hindra prentun þingtíðindanna. Þá hefði mátt flýja frá aðstöðu sinni. Mjer er það ekkert áhugamál að sjá andstæðingana gefast upp, heldur hitt, að fylgja rjettu máli. En þó jeg óski stjórnarliðinu einskis ills, þá get jeg vel unt því að fylgja röngu máli, úr því þá langar til þess, og svo í ofanálag að lofa þjóðinni að sjá, að þeir þora ekki að standa við það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg heyri sagt, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) hafi dróttað því að mjer, að jeg legði á flótta undan ræðum hans.

Í allan dag hefir verið til umr. í Nd. stjfrv., sem jeg flyt og miklu varðar. Það veldur fjarveru minni. En hitt væri engin furða, þótt ráðh. legði á flótta undan ræðum hans, svo langar og litlausar sem þær eru. Og þó þær sjeu ofurlítið kryddaðar með ónotum til andstæðinga hans, þá eru menn orðnir því svo vanir, að enginn veitir því eftirtekt.

Jeg hjelt því aldrei fram, að það væru rök í þessu máli, að ástæður hans voru hraktar í Nd. En hans vegna þarf ekki að endurtaka það hjer.

Annars fer best á því, að höfuðumræðurnar fari fram við 2. umr. Og þar sem hjer þarf að koma mörgum málum í nefnd í dag, þá vil jeg ekki verða til þess að lengja umr., svo að dagskrá geti orðið lokið.

Jeg heyrði ekki alla síðari ræðu hv. 5. landsk. (JJ). En það heyrði jeg, að hann var að brigsla stjórninni um, að hún hefði ekki á síðasta þingi viljað hækka tekjur ríkissjóðs með álagningu á lyfjaáfengi. Þetta er ósatt. Þessi hv. deild afgreiddi málið frá sjer með þessari tekjuhækkun, og var því lokið þannig, að það kom til Nd. á síðasta þingdag. Þá mæltist jeg til þess við marga hv. þm. Nd., . ð þeir samþyktu frv. óbreytt, þar sem annars var sýnt, að frv. mundi ekki ná fram að ganga, af því tími var svo naumur. En þetta strandaði á flokksmönnum hv. 5. landsk. þm. Og ef um ábyrgð er að tala, fellur hún á þá. Þetta sagði jeg í hv. Nd., og hafði þar enginn á móti.

Háttv. 5. landsk. (JJ) getur skemt sjer við að segja rangt frá þessu, og jeg geri ráð fyrir, að það sje í samræmi við reglu hans, að telja þá rjett skýrt frá, er rangt er farið með.

Jónas Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sýnt lit á að verja sitt mál. Og hann á því betri aðstöðu en samherjar hans, að

fundið hina heppilegustu leið í því, en hún hefir gert sitt til að koma frv. í það horf, er hún álítur heppilegast fyrir landsmenn.

Nefndin álítur, að þetta mál eigi jafnvel frekar erindi til okkar en annara þjóða, vegna þess, hvað samgöngur eru hjer erfiðar. Kæmist útvarpið á, mætti segja, að bygðin færðist saman, þar sem menn í instu afdölum og ystu nesjum gætu samtímis hlustað á tíðindi þau eða skemtun, er útvarpsstöðin sendi frá sjer.

Skal jeg þá víkja að frv., nál. og brtt. þeim, er nefndin kemur fram með, og skal þá byrja á sjerleyfinu. Í frv. er leyfið bundið við sjerstaka menn. Nefndin vildi það ekki, heldur áleit hún rjett, að lögin hljóðuðu ekki upp á neitt sjerstakt nafn, og stjórnin rjeði því síðan, hverjum leyfi væri veitt. En jeg skal lýsa yfir því fyrir nefndarinnar hönd, að hún hefir ekkert á móti þessum mönnum, og álítur hún, að þeir eigi að ganga fyrir öðrum, að öðru jöfnu, þegar að veitingu sjerleyfis kemur.

Þá er hitt atriðið, sem er nokkuð stórt, hvort eigi að veita sjerleyfi eða ekki. Málið lá fyrir síðasta Alþingi og var því vísað til símastjóra til umsagnar. Hann sagði þá, að það væri ekki nægilega undirbúið og að landssíminn ætti að reka útvarpsstöð, þegar hann hefði fjárhagslegt bolmagn til þess. Nú var aftur leitað álits hans, og leggur hann með því, að sjerleyfi sje veitt. Líklega kemur þetta af því, að hann álítur, að framkvæmdir megi ekki dragast þangað til landssíminn hefir fjármagn til að koma upp slíkri stöð.

Jeg er fyrir mitt leyti ekki hrifinn af sjerleyfi, en tel þó rjett, að það sje nú veitt, til þess að stöðin komist upp eins fljótt og verða má. Hjer er heldur ekki um svo mjög langan sjerleyfistíma að ræða, aðeins 7 ár í hæsta lagi.

Nefndin vill ekki, að leyfið sje bundið við hlutafjelag, og hefir því komið fram með brtt. um það.

Þá er eitt atriði, og það er jafnvel erfiðast viðfangs, sem sje, hvaða afl slík stöð sem þessi eigi að hafa. Í frv. landssímastjórans er gert ráð fyrir, að stöðin hafi afl, sem svari ½ kw. í loftnetið, og er sennilegt, að það sje svipað og miðað er við í frv. á þskj. 308, eða að stöðin geti varpað út 150 kílómetra. Er erfitt að greina þetta. Fer mikið eftir því, hve sterk þau viðtökutæki eru, sem sett eru í 150 km. fjarlægð. Ef miðað er við svonefnd kristallsviðtökutæki, þá þyrfti stöðin að vera miklu sterkari en að hafa ½ kw. í loftnet, ef hún ætti að ná yfir 150 km. fjarlægð. En þetta er ekki einhlítt, og eftir öllum þeim upplýsingum, sem nefndin fjekk, þótti henni alt of lágt farið í frv. landssímastjórans, og eins í frv. því, er hjer liggur fyrir. Mætti stöðin ekki hafa minna afl en eitt kílówatt í loftnetið, og að flestra dómi ekki undir 1½ kílówatt, og það leggur nefndin til, að krafist verði. Með því móti er, að áliti kunnugra manna, fulltrygt, að stöðin geti náð til alls landsins, eða að menn með ekki alt of dýrum viðtökutækjum geti hlustað á stöðina, hvar sem þeir eru staddir á landinu. Þá hefir nefndin felt úr frv. heimildarleyfi til ríkisstjórnarinnar um að láta væntanlega sjerleyfisþiggjendur fá einkasölu á öllum útvarpstækjum. Nefndin telur sjálfsagt, að þeir, sem sjerleyfið fá, muni leggja allmikið upp úr þessu, að fá einkasölu á öllum tækjum, sem notuð eru á landinu, en þess ber að gæta, að til er fjöldi laghentra manna, sem geta með

miklu minni tilkostnaði en að kaupa þessi tæki komið sjer þeim upp og sparað þannig stórfje. Enda er þegar svo komið, að þó nokkrir menn hafa sjálfir sett saman slík tæki hjer á landi og sett þau upp, og það svo fullkomin, að þeir geta náð sambandi við stöðvar á Englandi og jafnvel nokkrar stöðvar í Vesturheimi. En ef fyrirskipað væri, að öll tæki skyldu vera af ákveðinni tegund eða frá sjerstakri verksmiðju, þá væri öllum fyrirmunað að smíða sjálfir tæki sín og setja þau upp. Er samt hætt við, að fjöldi manns myndi gera það, og þannig að sjálfsögðu miklu fleiri fara í kringum rjettindi sjerleyfishafa en annars.

Þá er ýmislegt, sem sjálfsagt þarf að standa í reglugerð viðvíkjandi rekstri stöðvarinnar, og eftir till. nefndarinnar fær stjórnin enn frekari heimild til þess að setja reglugerðarákvæði en veitt er í frv. Jeg get bent á, að annarsstaðar þar, sem útvarp er rekið, munu vera settar sjerstakar nefndir til þess að hafa eftirlit með stöðvunum. Búa þær til nokkurskonar „prógram“ fyrir stöðvarnar, þar sem tekið er til, hvað þær megi senda út. Það er vikið að því í nál., að ef útvarp kæmi hjer, myndi það að líkindum vera tekið til notkunar í pólitísku baráttunni, þannig að útvarpsstöðin yrði látin flytja ræður manna og flytja stjórnmálafrjettir. Nefndin leggur áherslu á, að sjeð yrði um, að stöðin yrði ekki þannig notuð í þágu eins sjerstaks stjórnmálaflokks, nje flytji einhliða frjettir. Það ber og að athuga í þessu sambandi, hvort ekki beri að hafa eftirlit með öllu, sem stöðin sendir. Er það gert í Danmörku og víðar og er svipað eftirliti, sem sumstaðar er haft með kvikmyndahúsum, þar sem nefnd ákveður, hvaða myndir skuli sýndar og hverjar ekki. Það gæti og verið nauðsynlegt að banna stöðinni að senda alt, svo að hún spilti ekki smekk manna með því að senda út ýmislegt, sem að vísu gæti nefnst skemtilegt, en væri þýðingarlaust og óþarft. Þetta tekur hæstv. stjórn væntanlega alt til athugunar, og væntanlega er það margt fleira, sem athuga þarf áður en sjerleyfið er veitt, því að málið er svo nýtt og ókunnugt hjer.

Það er farið fram á það í frv., að fyrirtækið sje skattfrjálst í 5 ár. Gæti það þannig losnað við skatt allan sjerleyfistímann, eða ef brtt. nefndarinnar verður samþykt, borgar það aðeins skatt 2 síðustu árin. Það er nú sjálfsagt, að þetta fyrirtæki á ekki að vera gróðafyrirtæki, og verður það varla. Þó var jeg, ef satt skal segja, lengi vel óviss um það í allshn., hvort jeg ætti að fallast á, að fyrirtækið yrði skattfrjálst, en nefndin kom sjer samt saman um, að svo skyldi vera þennan tíma, og hefi jeg ekki gert það að ágreiningsatriði.

Eitt er það, sem jeg hefi sjeð ritað um viðvíkjandi útvarpi; það er rjettur rithöfunda á ritverkum sínum. Hefir risið deila um það í ýmsum löndum, þar sem útvarp er, hvort höfundum skáldverka sje ekki gerður mesti ógreiði með því, ef ritverk þeirra eru lesin upp fyrir mörgum hundruðum eða jafnvel mörgum þúsundum manna. Gæti slíkt auðsjáanlega spilt fyrir sölu bóka þeirra, og er jeg viss um, að hæstv. stjórn fylgist með, hvað gerist í þessu máli erlendis og sjer um, að engin óánægja geti af því orðið hjer.

Þá vil jeg að lokum minnast á erindi viðvíkjandi útvarpinu frá hr. A. Gook á Akureyri. Fer hann fram á að fá að setja upp útvarpsstöð í húsi sínu og varpa þaðan til annara notenda. Er það ekki einkaleyfi, sem hann fer fram á, og landssímastjórinn lítur svo á, að hr. Gook gæti feng-

ið þetta leyfi þó sjerleyfi væri veitt. Hr. Gook er nú staddur hjer í bænum og hefir hann farið fram á það, að því yrði hreyft, hvort þau viðtökutæki, sem hann kynni að setja upp, gætu ekki verið gjaldfrjáls. Erindi hans hefir allsherjarnefnd vísað til hæstv. stjórnar, og nú vil jeg biðja hæstv. atvrh. (MG) að athuga, hvort þessi viðtökutæki, sem víst verða gefins, geta ekki orðið gjaldfrjáls, þótt sjerleyfi á almennu útvarpi væri veitt. Virðist vera hægt að koma þessu í kring á þann hátt, að þau tæki, sem hr. Gook kynni að setja upp, væru útilokuð frá að hlusta á aðra útvarpsstöð en þessa einu á Akureyri. Er það hægt með því að láta viðtökutæki þessi hafa alveg sjerstaka bylgjulengd.

Jeg vonast eftir, að hæstv. atvrh. (MG) athugi þetta. Jeg hefi lofað að minnast á það í framsöguræðunni, og jeg hygg, að hæstv. stjórn sjái sjer fært að veita þetta leyfi, enda hefir landssímastjórinn mælt með því.

Jeg held jeg hafi þá tekið flest fram, sem máli skiftir. En hafi jeg einhverju gleymt, fæ jeg væntanlega tækifæri til að taka það fram síðar, og eins mun jeg reyna að svara þeim fyrirspurnum til nefndarinnar, sem fram kunna að koma.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. frsm. (JBald) gat þess í byrjun ræðu sinnar, að fáir menn fyndust hjer á landi, sem hægt væri að ráðgast við um þetta mál. Þetta er rjett, en því meir furðar mig á því, að hv. nefnd skuli hafa umsteypt frv. eins og hún hefir gert. Einhverja ráðunauta hlýtur hún að hafa haft, úr því hún leggur til svo miklar breytingar, því eins og eðlilegt er, þá er enginn sjerfræðingur í þessu efni í nefndinni. En málið er undirbúið af þeim manni, sem að því er jeg veit er helst til trúandi í þessum efnum af öllum landsmönnum. Hann hefir líka haft sjer til aðstoðar þá menn, sem að mínu viti eru kunnugastir þessum málum hjer, en hv. nefnd hefir auðsjáanlega talið aðra betur að sjer, eftir þeim breytingum að dæma, sem hún leggur til að gerðar verði.

Jeg skal nú fyrst víkja að því, sem hv. frsm. (JBald) endaði á, en það er leyfið til hr. Gooks á Akureyri. Mjer skilst, ef hann fær það leyfi, sem um er að ræða, og ef viðtökutæki hans eru með þeirri bylgjulengd, að þau geti tekið við skeytum frá hinni almennu útvarpsstöð, þá eigi hann að greiða gjald fyrir eins og aðrir. En geti þau ekki tekið á móti skeytum frá annari stöð en hans, eigi þau að vera gjaldfrjáls. Með þessu virðist mjer málið leyst, enda skildist mjer, að þessi væri meining hv. frsm. (JBald). Jeg álít og, að fyrir þessu sje sjeð í sjálfu frv., því þar er sagt, að frá einkasölunni skuli undanskilin þau viðtökutæki, sem heyri til heilum loftskeytastöðvum. Myndi stöð hr. Gooks heyra til þeirra, ef hún hefði sjerstaka bylgjulengd, svo varla þarf að spretta óánægja út af þessu.

Hvað sjerleyfið snertir, þá hefir áður verið sótt um það. Var þá meðal annars fundið að því, að aðeins einn maður stóð þar að baki. Þótti með því móti ekki næg trygging fyrir, að leyfið yrði ekki misnotað, eða að stöðin væri eins góð og traust og vel rekin og ella myndi, ef fleiri fengju leyfið. Í samræmi við þetta fer umsækjandinn til annara góðra manna og fær þá til þess að ganga í fjelag með sjer. Velur hann úr nöfnum hinna ágætustu manna til þess að gera frv. sem vinsælast. Hygg jeg, að enginn hafi neitt út á þessi nöfn að setja, en hv. nefnd svarar við-

leitninni með því að strika þau út úr frv. Viðkomandi menn hafa móðgast dálítið af þessu, sem vonlegt var. Mun það þó ekki hafa verið meining hv. nefndar að móðga þessa menn, heldur mun hún hafa haft í hyggju, að aðrir kynnu að slá sjer saman og keppa við þá. En málafærslumaður þessara manna hefir sagt mjer, að þeir myndu ekki hirða um að skifta sjer mikið af málinu, ef frv. yrði samþykt eins og hv. nefnd vill breyta því. Hann segir, að þegar allir geta verið að semja samtímis og ekki eru fulltrygðir samningar við erlend fjelög, þá geti þeir farið út um þúfur við það, að aðrir koma, sem bjóða lítið eitt lægra, og verður úr þessu einskonar verslun. Er jeg því hræddur um, að þessir tilgreindu menn muni ekkert skifta sjer af málinu, ef brtt. hv. nefndar verður samþykt.

Jeg er samþykkur till. hv. nefndar um tímann. Landssímastjórinn lagði til, að einkaleyfistíminn væri 5 ár, en jeg get vel gengið inn á, að hann sje 5—7 ár. Býst jeg við, að farið verði í hámarkið nú fyrst, ef sjerleyfi verður veitt, því varla er hægt að búast við, að mikil viðskifti verði við stöðina fyrstu árin.

Háttv. nefnd segir í nál., að landssímanum hafi ekki verið treyst til að ráðast í þetta fyrirtæki að svo komnu. Jeg veit ekki, hvað þetta á að þýða. Jeg veit, að landssíminn hefir ekki álitið heppilegt eins og sakir standa að ráðast í þetta fyrirtæki, en jeg held, að enginn hafi vantreyst honum til þess, ef hann vildi gera það.

Þá er um afl stöðvarinnar. Landssímastjórinn hefir lagt til, að hún hefði ½ kílówatt í loftneti, en hv. nefnd, að hún hefði 1½ kílówatt í loftneti. Sá maður, sem þessu er kunnugastur, segir, að ekki sjeu til stöðvar, sem hafi 1½ kílówatt, en hann telur heppilegt, að þessi stöð hefði 1 kílówatt. Fari málið áfram, sem jeg vona að verði, vildi jeg því biðja hv. nefnd að athuga nánar, hvort ekki myndi nægja 1 kílówatt, því að það munar allmiklu á verði tækjanna. Jeg hefi fyrir satt, að hjer geti menn hlustað á stöðvar í Englandi, þótt þeir hafi ekki nema ½ kílówatt í loftneti, og skilst mjer því, að nægja myndi að hafa helmingi sterkari stöð til að ná um alt þetta land; fjarlægðirnar eru ekki svo miklar. Mjer finst ekki ástæða til að uppáleggja mönnum að hafa stöðina sterkari en það, að hún nái hvert á land sem er.

Jeg sje enga ástæðu til að ræða um aðra brtt. hv. nefndar, um að breyta hlutafjelagi í fjelag og hlutafje í stofnfje. Þetta skiftir engu máli; heimildin er aðeins rýmri eftir till. hv. nefndar, því vitanlega felur fjelag í sjer hlutafjelag. Og ef umrætt fjelag fær leyfið, er það vitanlega hlutafjelag.

Mjer er ekki alveg ljóst, af hvaða ástæðum hv. nefnd vill fella niður í 3. lið, að tekið skuli fram í reglugerð, hvaða viðtökutæki megi nota, og að staðfest skuli gjaldskrá og leiga á þeim. Jeg heyrði ekki, að hv. frsm. (JBald) talaði um þetta. Hann álítur ef til vill, að þetta sje fólgið í því, að ákveðið er, að stjórnin setji reglugerðarákvæði um reksturinn. Get jeg gengið inn á það, en sje ekki, að það hefði spilt, þó þetta hefði staðið kyrt.

Hv. nefnd hefir ekki getað aðhylst það, að leyfishafar hefðu einkasölu á viðtökutækjum, jafnvel ekki þó að stjórnin hafi hönd í bagga með söluverðinu, en jeg held, að óheppilegt sje að breyta þessu. Þegar ekki er nema eitt fjelag, er hægra að hafa eftirlit með, hvernig viðtökutækin eru.

Jeg er viss um, að ef samið er við eitt erlent fjelag um viðtökutæki, fást þau miklu ódýrari en ef einstakir menn kaupa sinn á hverjum stað. Jeg vona, að háttv. nefnd geti fallist á þetta, enda eru líkur til, að hægt sje að setja niður árgjaldið, ef fjelagið hefir nokkuð upp úr sölunni. En hver sem selur tækin, gerir það ekki nema því aðeins, að hann hafi eitthvað upp úr því. Hv. frsm. (JBald) sagði, að þetta væri ekki gróðafyrirtæki. En jeg sje ekkert á móti því, að menn hafi sæmilega borgun fyrir sína vinnu og finst ekki nema eðlilegt, að þeir vilji það. Auk þess ber þess að gæta, að tækin sjeu hagkvæm. En ef öllum er heimilt að hafa þau til sölu, hvar er þá tryggingin fyrir því? Jeg t ekki annað sjeð en að tryggilega hafi verið um þetta búið í frv. þegar í byrjun og batni ekki við breytingarnar, nema þá að því leyti, að tíminn er færður niður. Alt annað lá í frv. frá byrjun. Allskonar skilyrði gat stjórnin sett og gjaldskrár, sem ekki þurftu að vera jafnháar allan tímann. Það var hægt að breyta þeim og setja reglur um notkunina. Jeg get því ekki lagt með neinni af tillögum háttv. nefndar, nema um niðurfærslu leyfistímans. Nokkrar aðrar tel jeg engu máli skifta. Að ríkið hafi kauprjett á stöðinni fyrir matsverð að leyfistímanum loknum, hefi jeg ekkert á móti, en jeg álít, að það hefði mátt setja í sjerleyfisskilyrðin.

Jakob Möller: Hæstv. atvrh. (MG) hefir í raun og veru tekið af mjer ómakið með athugasemdum sínum út af brtt. hv. allshn. Jeg verð að líta svo á, að þær sjeu flestar athugaverðar. 1. brtt., um að binda ekki sjerleyfið við ákveðin nöfn, álít jeg meinlausa, en eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, verð jeg að telja, að í nöfnunum liggi nokkur trygging fyrir því, að fyrirtækið verði stofnað á heppilegum grundvelli. Þess vegna er lítil ástæða til þess að taka út þessi nöfn, þar sem til er ætlast af nefndinni, að þessum mönnum verði veitt leyfið að öðru jöfnu. Eina ástæðan er sú, að komast hjá því, að til framsals þurfi að koma, ef þeir seju sjer ekki fært að ráðast í fyrirtækið sjálfir, en aðrir vildu það. Hjá þessu hefði mátt komast með því að setja „eða aðrir" inn í greinina. Annars finst mjer, að þetta ætti ekki að verða málinu að falli, en ef það er rjett, að það sje skoðað sem vantraust á þessum mönnum, þá væri vitanlega rjettara að samþykkja ekki till.

Þá er 3. brtt., sem jeg er hissa á, að hv. nefnd skyldi koma með. Það er sennilega rjett, að óheppilegt er í frv. ákvæðið, sem að þessu lýtur, sem sje að miða við vegalengd, en þó er þannig frá gengið, að stjórnin, þegar á að semja um þetta, getur tekið tillit til alls, sem þarf í þessu efni, og gert þær kröfur, að stöðin geti fullnægt tilganginum. Nú greinir menn á um, hvað stöðin þurfi að vera sterk. Það virðist svo, sem landssímastjórinn álíti, að ½ kw. í loftnet nægi, en nefndin hefir tekið það ráð að tryggja sig með því að setja það svo hátt, að engin hætta sje á, að stöðin nái ekki um landið alt. Af þessu leiðir, að ef stöðin yrði þannig ef til vill miklu sterkari en hún þarf að vera, verður hún dýrari bæði hvað snertir stofnun hennar og rekstur. Það, sem nefndin vill tryggja með því að hafa stöðina svona sterka, er það, að hægt væri að nota móttökutæki, sem ekki yrðu alt of dýr fyrir almenning. En ávinningurinn verður vafasamur, því að það liggur í augum uppi, að árgjaldið yrði hærra. Ávinningurinn er þá sá, að fá móttökutækin ódýrari, en verða að borga ef til vill miklu hærra árgjald. Sennilega yrði þetta lítið til bóta.

Hinsvegar er augljóst, að þetta mál er þannig vaxið, að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að hjer á Alþingi sjeu neinir sjerfræðingar, sem geti skorið úr um þetta. En það er í þeirra hag, sem fyrirtækið ætla að stofna, að viðskiftin verði sem aðgengilegust. Og auðvitað á stjórnin í samningum sínum við leyfisbeiðendur að afla sjer svo góðrar aðstoðar sem unt er.

Um 4. brtt. verð jeg að segja það, að jeg geri ráð fyrir, að ekki sje meiningin að útiloka í reglugerð, að ríkisstjórnin megi ákveða, hvaða viðtökutæki megi nota og hver ekki. Eins og brtt. er, er það ekki útilokað, því auðvitað á að taka fleira fram í reglugerð en sektir. En ef meining nefndarinnar er að útiloka, að í reglugerð megi ákveða, hvaða tæki megi nota, álít jeg það vafasama breytingu til bóta, ekki síst í sambandi við 8. brtt., þar sem farið er fram á, að ekki sje einkasala á tækjum. Þessi breyting mundi fara í þá átt, að sala á tækjum yrði kappsala milli agenta frá ýmsum verksmiðjum. Hver mundi reyna að koma sem mestu út, alveg eftirlitslaust. *(JBald:* Frjáls samkepni). Já, en jeg held, að hv. samþm. minn gerði vel í því að taka frjálsa samkepni frekar til greina annarsstaðar en hjer. Því að hjer er um vörur að ræða, sem almenningur hefir ekki vit á, hvernig eru, og engin takmörk eru fyrir því, hvaða rusli má koma inn á fólk með því móti. Er mjög hætt við, að menn glæpist á að kaupa það, sem ódýrast er og ónýtast. En ef fyrirtækið hefir sjálft með þetta að gera, er það engu síður í þess hag en almennings, að tækin sjeu góð, í stað þess að það er í hag agentanna að selja sem mest, án tillits til vörugæða. Jeg verð að segja, að þessi breyting er mjög varhugaverð, og get jeg ekki greitt henni atkv. mitt, þó að farið sje fram á frjálsa samkepni.

Þetta eru þá þær brtt., sem mjer finst sjerstaklega athugaverðar. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef ekki er samþykt fyrsta brtt. nefndarinnar, má ekki samþykkja tvær þær síðustu. Aðrar tillögur nefndarinnar eru meinlausar og eiginlega aðeins orðabreytingar, nema um styttingu leyfistímans, sem jeg hefi ekkert á móti. Jeg held það væri ráð að samþykkja ekki þessar 3 efnisbreytingar, og kannske væri æskilegast, að nefndin tæki þær aftur til 3. umr. til frekari athugunar. Jeg vil því skjóta þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki taka þær aftur.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg bjóst ekki við, að hæstv. atvrh. (MG) mundi taka svo í till. nefndarinnar, sem raun hefir á orðið, því að mjer skildist við 1. umr. orð hans hníga að því, sem nefndin hefir gert, að minsta kosti að nokkru leyti. Jeg ætla að minnast á 2 atriði, sem jeg gleymdi áðan. Að árgjöldum notenda er vikið í nál. og gert ráð fyrir, að þau fari ekki fram úr 30—40 kr., og vil jeg af nefndarinnar hálfu leggja áherslu á það við hæstv. ráðherra, að alt verði gert til þess að þau verði sem lægst. Þetta er mun hærra en í nágrannalöndunum. Í Danmörku er árgjaldið 10—15 kr., en í Englandi enn lægra. Að vísu yrðu hjer miklu færri notendur, en munurinn er líka mikill á upphæðunum.

Annað var það, sem jeg mintist ekki á, sem sje um till. til að fella niður heimild um að framselja sjerleyfi. Það ætti ekki að eiga sjer stað, að menn fengju sjerleyfi og gætu flaggað með þeim án þess að hafa sjálfir framkvæmd á þeim. Hæstv. ráðh. spurði, hvers vegna nefndin hefði

umsteypt frv.. En nefndin fór einmitt í allflestu eftir bendingum hv. atvrh. (MG) við 1. umr. málsins. Hann sagði, að enginn sjerfræðingur væri til að ráðgast við. Það er alveg rjett, en nefndin hefir gert sjer far um að tala við menn, sem hafa kynt sjer þetta mál af bókum eða komið sjer upp viðtökutækjum.

Allar þær upplýsingar, sem nefndin hefir fengið, hafa hnigið að því, að uppástunga landssímastjóra um að hafa ½ kw. í loftnet væri of lág. Það má ekki miða við, þó að stöðvar annarsstaðar dragi með því afli álíka vegalengd og hjer er um að ræða, þar sem sljettlendi er. Enda þótt svo sje í Danmörku og Englandi, hefi jeg heyrt menn segja, að miklu meiri hindranir sjeu hjer fyrir útvarpinu en þar, bæði hvað snertir landslag og birtu. Erfiðast er að hlusta bjartasta tíma ársins hjer, og því þarf stöðin að vera hlutfallslega sterkari en annarsstaðar. Sterkasta stöðin í Kaupmannahöfn hefir 2 kw. í loftnet, en í Osló er stöð fyrir aðeins suðurhluta Noregs, sem hefir um 650 w. í loftnet, og vestanfjalls eru aðrar stöðvar eins sterkar eða sterkari. Mjer virðist það því engin fjarstæða, sem nefndin hefir stungið upp á. Jeg skal ekki segja, nema hún gæti fallist á að hafa 1,1 kw. Það hefir hún ekki ráðgast um, en hún vildi tryggja, að ekki væri farið of skamt.

Ef ekki væri nema ½ kw. í loftnet, væri ekki hægt að heyra t. d. á Austfjörðum, nema með afskaplega sterkum tækjum, sem almenningi væri ókleift að eignast, þar sem þau mundu kosta 800—1500 kr. Því sterkari sem stöðin er, því ódýrari munu móttökutækin verða. Jeg álít, að við verðum að líta á það, hvernig stöðin geti komið landsmönnum að sem mestu gagni og með sem minstum útgjöldum.

Hæstv. ráðherra svaraði spurningu minni viðvíkjandi hr. Gook, og get jeg verið ánægður með það svar. Þá mintist hæstv. ráðherra á brtt. nefndarinnar. Jeg held, að óþarfi sje að tala um, að nefndin hafi móðgað þessa menn, sem um er að ræða. En mjer skildist á hæstv. ráðherra, að einhverjir litu svo á. Nefndin hefir einmitt í áliti sínu tekið fram, að hún vildi, að þessir menn fengju sjerleyfið að öðru jöfnu, en taldi óþarft að binda sig við þá, ef aðrir gætu boðið betri og hagstæðari kjör. Er þessi brtt. nefndarinnar í samræmi við ummæli hæstv. ráðherra (MG) við 1. umr. þessa máls. En annars er þeim mönnum að fjölga, sem eru andvígir því yfirleitt að veita sjerleyfi, sem löggjöfin þó hefir gert talsvert að undanfarið, því að það sje röng stefna að taka þannig fram fyrir hendur annara manna, að veita í lögum ákveðnum mönnum sjerleyfi til þessa eða hins. Sjerleyfi, sem þeir ef til vill aldrei notuðu, en stæðu í vegi fyrir því, að aðrir, sem fjármagn hefðu til, framkvæmdu það. Gæti eins farið svo hjer, að þeir menn, sem hjer er um að ræða, gætu ekki komið þessu á stofn, en svo ef aðrir menn hefðu fjármagn og vilja til að gera það, þá stæði stjórnin ekki vel að vígi að veita leyfi öðrum en þeim, sem sjerleyfi hefðu samkvæmt lögunum. *(Atvrh. MG:* En það er til heimild til framsals). Já, en þessa heimild til framsals var nefndin sammála um að taka út úr frv. Hæstv. atvrh. sagði, að í nál. væri talað um það, að landssímanum væri ekki treyst til að reka þetta fyrirtæki; en það er nú svo, að í brjefi landssímastjóra til nefndarinnar er það einmitt tekið fram, að landssímanum henti ekki að ráðast í þetta verk. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp það, sem þar er sagt um það efni:

„Af ýmsum ástæðum, einkum fjárhagslegum, hentar það ekki landssímanum að byrja á þessu verki sjálfur, eins og nú standa sakir.“

Svo að það er ekkert annað en það, sem staðið hefir í erindi landssímastjóra áður, og nefndin þóttist sjá, að hann treystir sjer ekki að ráðast í þetta af fjárhagslegum ástæðum. Jeg hefi áður minst nokkuð á stöðina og hvers vegna nefndin hefir hækkað skilyrðið um afl stöðvarinnar, svo að jeg þarf ekki frekar að orðlengja um það.

Hæstv. atvrh. sagði, að hjer hefði verið hlustað á stöð í Englandi, sem hefði ½ kw. í loftnet, og líka á stöð í Ameríku, sem hefði sama kraft. Þetta getur verið; loftið hefir kannske verið sjerstaklega gott þá, til þess að hægt væri að heyra svo langt að, eða móttökutækin sjerstaklega góð. Það er dálítið misjafnt, hvernig heyrist, en aðallega fer það eftir því, hvað menn leggja í móttökutækin. Jeg vil í sambandi við þetta víkja að því, að það er sennilega óhjákvæmilegt, ef slík útvarpsstöð er rekin hjer, að bæta loftskeytastöðina, sem sögð er að hafa úrelt tæki, því að þeir menn, sem hafa móttökutæki hjer, vita það fullvel, að þegar hún er að senda út skeyti, þá geta þeir ekki hlustað á aðrar stöðvar á meðan, svo að það er óhjákvæmilegt, þegar útvarpsstöðin kemur, að loftskeytastöðin verði bætt og fái nýtísku tæki, enda mun það standa til.

Þá mintist hæstv. ráðherra (MG) á brtt. nefndarinnar, 3. liðinn, till. um að fella úr frv. heimild stjórnarinnar til að ákveða, hvaða móttökutæki megi nota og hver ekki. En jeg skal segja hæstv. ráðherra (MG) það, að jeg lít svo á og nefndin öll, að það sje í sambandi við það, að nefndin hefir á seinni staðnum lagt til að fella niður rjett sjerleyfishafa til einkasölu á viðtökutækjum, því að ef það er ákveðið í reglugerð, hvaða tæki má nota og hver ekki, þá verður að vissu leyti einkasala á þeim, svo að það er beint í sambandi hvað við annað, og ætti því ekki, eftir meiningu nefndarinnar, að koma inn í reglugerðina, hvaða viðtökutæki skuli notuð og hver ekki. Það eru auk þess ýmsir menn, sem búa sjer til viðtökutæki sjálfir, og þá gætu þeir á þann hátt komið upp ódýrari tækjum, sem þeir annars ekki gætu, ef það væri fyrirskipað, hvaða tæki skuli notuð, kannske frá einhverri ákveðinni verksmiðju.

Hæstv. ráðh. (MG) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) töluðu báðir um það, að það myndi vera óheppilegt að veita ekki þessu fjelagi einkasölu. Jeg er nú, eins og kannske hæstv. ráðherra (MG) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) vita, ekkert sjerstaklega hræddur við að hafa einkasölu á sjerstökum vörutegundum, og kannske ekki eins hræddur við það og þeir, en jeg hefi í þessu tilfelli talið rjettara, að ekki væri veittur rjettur til einkasölu, af því að menn geta þá valið á milli tækja og tekið þau, sem eru af nýjustu gerð, og eins geta menn þá sjálfir búið sjer til tækin, sem þeir ekki mega, ef þeir verða að kaupa einhver ákveðin. Annars fer náttúrlega um þessa verslun eins og í hinni venjulegu „frjálsu samkepni“. Annars sagði hæstv. ráðherra og eins hv. 3. þm. Reykv., að það mundi kannske verða til þess að setja niður árgjaldið, ef þeim væri heimiluð einkasala, en mjer finst, að það sje einungis að taka úr einum vasanum og láta í hinn, og að þeir geti þá alveg eins tekið það í beinum skatti með árgjöldum, eins og með óbeinum skatti, með því að leggja meira á viðtökutækin. Það kemur alveg í sama stað niður, nema að því leyti, að þá eru menn bundnir við að nota

þau tæki, sem fjelagið selur, en fjárhagslega er þetta enginn gróði fyrir notendur. Svo hefir heldur ekki verið minst á stofngjaldið; það væri náttúrlega æskilegt, að það yrði sem lægst, og jafnvel hentugt fyrir fjelagið að hafa ekkert stofngjald, svo að það væri líklega rjett vegna hagsmuna væntanlegra sjerleyfishafa að fella niður þetta stofngjald, sem þeim er nú heimilað að leggja á.

Hæstv. ráðherra (MG) sagði, út af orðum mínum um skattskylduna, að þetta væri gróðafyrirtæki, að enginn mundi fara að gera þetta af eintómum mannkærleika. Jeg veit það ekki, en jeg get hugsað mjer, að menn vildu leggja fram fje í þetta með það fyrir augum að koma þessari menningarbót á, án þess að taka tillit til þess, hvort þeir græddu á því eða ekki. Við sjáum til dæmis, að herra Gook á Akureyri hefir fengið talsvert fje í gjöfum til þess að koma fyrirtæki sínu á stofn, svo að þar hafa menn verið fúsir til þess að leggja fje fram í þessu skyni, og getur verið, að það sje af mannkærleika, eins og hæstv. ráðherra (MG) orðaði það. *(Atvrh. MG:* Já, það er nú í sjerstöku augnamiði). Jeg sje ekki annað en að þeim innlendu mönnum, sem að þessu standa, detti ekki í hug að gera þetta í gróðaskyni, þó að þeir vilji sjálfsagt verða skaðlausir af því, heldur mest af áhuga fyrir því að koma þessari menningarbót á, enda mundi það líka illa þokkað, ef fjelagið, sem að þessu starfaði, hefði stórgróða af því.

Því, sem hæstv. ráðherra (MG) sagði fleira, þarf jeg víst ekki frekar að svara. Hv. 3. þm. Reykv. kom með flestar þær sömu athugasemdir og hæstv. ráðherra (MG), og hefi jeg svarað þeim flestum jöfnum höndum. Það hefir verið sagt, að í nöfnum þeirra manna, sem nefndir eru í frv., felist trygging fyrir því, að þetta fyrirtæki verði stofnað á heppilegum grundvelli. Jeg vil ekki neita því og jeg tel víst, að þeir fái leyfið, þó að heimildin sje ekki einskorðuð við nöfn, og þar með útilokað, að aðrir geti komið til greina; get jeg þar vísað til þess, sem áður hefir verið sagt þar um. Athugasemd hæstv. ráðherra (MG) viðvíkjandi því, hvers vegna stöðin eigi að vera svona sterk, hefi jeg svarað áður og sýnt fram á, að ekki væri hyggilegt fyrir landsmenn, ef allir ættu að hafa gagn af henni, að hún sje miklu minni en það, sem stungið hefir verið upp á, og eins og jeg sagði áður, er ekkert að miða við það um stöðvar í öðrum löndum, þó að þær sjeu ekki hafðar eins sterkar, þar sem ekki er við samskonar erfiðleika að stríða eins og í þessu hálenda landi.

Jeg held svo, að það hafi ekki verið fleira, sem komið hefir fram af athugasemdum. Jeg held, að till. nefndarinnar sjeu áreiðanlega til mikilla bóta og geri það tryggilegra fyrir landið, að stöðin komi að notum, ef þær verða samþyktar, og það er þó það, sem við fyrst og fremst verðum að hugsa um. Það er enginn að tala um að gera þeim mönnum, sem að málinu standa, neina sjerstaka erfiðleika, heldur aðeins að tryggja það, að ekki verði bygð hjer svo lítil stöð, sem aðeins geti náð til nágrennis Reykjavíkur, og kannske eitthvað til Suðurlandsundirlendisins, en hvorki til Austfjarða nje Vestfjarða, svo að þeir hlutar landsins verði útilokaðir frá að hafa nokkur not hennar, en það er jeg hræddur um að verði, ef fylgt er því, sem í frv. stendur.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 1. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. (JBald) mintist á árgjaldið, sem notendur útvarpsins verða að greiða, og fór fram á, að það yrði haft sem lægst. Það er gefið, að það verður reynt, en taka verður tillit til þess, að það verður að vera hærra hjer á landi en annarsstaðar. Það er munur hjer eða í London, þar sem eitt slíkt fjelag hefir 1 miljón áskrifenda, en hjer á landi mætti kannske búast við 1 þúsundi. En samkvæmt heimild þeirri, er frv. gefur, býst jeg við, að það verði líka reiknað út, hve mikið leyfishafar þurfa að fá, og sett ákvæði um það, að gjaldskráin skuli endurskoðast eftir því sem reynslan kann að sýna. En það verður að ætlast til þess, að hluthafar fái sæmilega vexti af fje sínu og sæmilega borgun fyrir starf sitt.

Jeg kannast ekki við að hafa lagt það til við 1. umr., að nöfn leyfishafa væru tekin út úr frv. Jeg vjek að því, að það gæti komið til mála, en rjeði frá því, vegna þess, hve mikið þeir hefðu unnið fyrir málið. Og jeg lít svo á, að rjett sje, að þeir geri samninga við hin erlendu firmu áður en sjerleyfi er veitt. Auðvitað mætti líka veita sjerleyfið fyrst og setja svo gjaldskrána á eftir, en jeg hygg hitt betra. Leyfisbeiðendur hafa haldið því fram, að þeir mundu geta sett útlendingum stólinn fyrir dyrnar með verð á móttökutækjum, ef þeir gætu sýnt, að þeir hefðu einkaleyfi, og þess vegna yrðu þau ódýrari; að öðrum kosti gætu útlendingar snúið sjer til annara og fengið þá til að ganga inn á verri samninga.

Þar sem stendur í frv., að stöðin skuli hafa 150 km. radíus að minsta kosti, þá má eftir orðalaginu heimta það, að stöðin varpi svo langt, sem þörf er á, þó ekki minna en 150 km. Þessu er svo fyrir komið í frv. af því, að óvíst þótti, hvort betra væri að hafa eina eða tvær stöðvar á landinu.

Það er rjett hjá hv. frsm. (JBald), að eftir því sem stöðin sjálf er sterkari, eftir því verða móttökutækin ódýrari. En þá verður líka stöðin miklu dýrari, og verður að meta það hvorttveggja, því að það er rjett, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að af stærri stöð leiðir það, að árgjald verður að vera hærra.

Jeg býst við, að útvarpsstöðin fái ekki að starfa nema á vissum tíma dags, sem sje þegar hún getur ekki truflað loftskeytastöðina. En það getur verið, að loftskeytastöðinni verði breytt síðar, svo að þetta valdi ekki truflun.

Hv. frsm. (JBald) talaði um framsal sjerleyfis og var illa við það, en framsal er háð samþykki stjórnarinnar, svo að mjer finst ekki hætta á, að það verði notað til að okra á því.

Magnús Torfason: Jeg þarf að svara nokkrum orðum fyrir hönd allshn., þótt jeg sje ekki eins vel inni í þessu máli eins og háttv. frsm. (JBald). Og jeg verð að segja það, að mjer fanst anda kalt frá hæstv. atvrh. (MG) til nefndarinnar fyrir meðferðina á málinu. Þetta hefir nú gerst fyr, en jeg held, að það sje ómaklegt að finna að gerðum nefndarinnar í þessu máli. Hún hefir lagt mikið verk í rannsókn, og er þetta óvenjulega hröð afgreiðsla á jafnstóru máli. Og jeg tel það þakkarvert af nefndinni, að hún taldi það skyldu sína að leita til fleiri en leyfisbeiðenda um upplýsingar.

Mjer finst það aðallega valda ágreiningi, að í stað 150 km. geisla skuli koma 1½ kw., en nefndin er þar á rjettri leið,

því að rjettara er að ákveða heldur afl stöðvarinnar en lengd geislans. Spurningin er, hvort hjer sje farið of hátt, en eins og hv. frsm. (JBald) sagði, þá mun nefndin taka til athugunar fyrir 3. umr., hvort hægt muni að lækka þetta.

Þar sem hv. flm. (JakM) taldi, að stöðin þyrfti að vera sterk, þá átti hann við það, að hún yrði ekki aðeins til skemtunar, heldur líka til gagns, þannig að hún gæti náð til mótorbáta, sem þá fengju sjer móttökutæki. Þegar mikil óveður eru, er hætt við, að afllítil stöð dugi ekki, og bregðist því þegar mest á ríður. Þetta hefir valdið því, að við tókum svona djúpt í árinni. Annars gætu ýmsir fleiri kostir fylgt því að hafa sterka stöð. Því sterkari sem stöðin er, því ódýrari geta tækin verið, en ef stöðin er veik, þurfa tækin að vera talsvert fullkomnari, og ef tækin verða að vera nokkuð dýr, virðist það mundu verða til þess, að færri sæju sjer fært að afla sjer þeirra en ella, og því bendir þetta til þess, að ef stöðin er sterk, þá mundi þetta útvarp verða meir alment notað heldur en með veikari stöð, og þá yrði hún sjerstaklega fyrir þá menn, sem eru í Reykjavík og umhverfi hennar; hinir yrðu, eftir því sem mjer skilst, að hafa talsvert vandaðri tæki en hjer. En hvernig þetta verkar fyrir sjerleyfishafa, skal jeg ekkert um segja; við höfum ekkert á að byggja hvað það snertir. En jeg hjelt, að því almennara sem þetta er notað, því betra mundi það vera fyrir sjerleyfishafa að hafa sterka stöð heldur en veika, og þá kem jeg að því, sem orð hafa verið látin falla um, að það að setja styrk stöðvarinnar svona hátt geti ekki verið af öðru en óvild til sjerleyfishafa. Því mótmæli jeg sem rakalausu. En jeg býst ekki við, að það þurfi að vera neitt kapp um þetta, því að það er ekki annað en álit manna um það, hvernig tækin þurfi að vera.

Þá skal jeg víkja að því, sem hæstv. ráðherra (MG) sagði, að árgjald og stofngjald yrði að líkindum hærra, ef sjerleyfishafi hefði ekki einkasölu á tækjunum. Þá er sjálfsagt að athuga, hvort er betra; og enn sem komið er get jeg sagt það fyrir nefndarinnar hönd, að hún álítur í öllu falli vafasamt, hvort er betra; það er m. a. það, sem kom til orða í nefndinni viðvíkjandi þessu, að framfarirnar á þessu sviði eru svo ákaflega örar, og því getur verið athugavert, hvort rjett væri að einoka tækin. Það getur líka verið rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) tók fram í gær, að þá mætti selja lítilfjörleg tæki, en þá verða menn, eins og í öðrum tilfellum, að vara sig á ruslinu. Þá er aðeins að athuga það, hvað hagkvæmast er í þessu máli; nefndin hefir enga tilhneigingu til að gera þetta að „princip"-atriði.

Þá kem jeg að þriðja atriðinu, sem hæstv. atvrh. þótti, að nefndin hefði skemt í frv., og það var það, að hún lætur sjerleyfið ekki vera bundið við nafn; en þessu er því að svara, sem hv. frsm. (JBald) líka benti á, að það var beinlínis eftir till. hæstv. atvrh., og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr ræðu hæstv. atvrh., eftir því sem ritararnir hafa skrifað hana, en jeg verð að taka það fram, að hæstv. atvrh. hefir ekki leiðrjett hana:

„Þá er og annað, sem mætti athuga í sambandi við þetta mál. Það gæti t. d. komið til mála að veita stjórninni heimild til þess að veita útvarpssjerleyfi, því hugsast gæti, að aðrir gætu orðið fyrri til en þeir menn, sem hjer er rætt um."

Og það kom einmitt berlega fram í nefndinni, að þetta mundi vera rjett athugað hjá hæstv. ráðherra (MG), því ef þessir menn gætu ekki notað leyfið, þá yrði þingið að búa til önnur lög, en ef stjórninni yrði falið að veita leyfið, þá gætu þau eins gilt, þó að þeir hyrfu frá því. Þetta var, sem sagt, gert beint fyrir bendingu frá hæstv. atvrh., og svo langt frá því, að nefndin ætlaði að sýna nokkurn óvildarhug til þeirra, sem báðu um leyfið, enda er þess getið í nál., að þeir eigi að hafa forrjettindi (með leyfi hæstv. forseta):

„Nefndin vill þó láta þess getið, að hún telur rjett, að þeim mönnum, eða fjelagi þeirra manna, sem um ræðir í frv., verði, að öðru jöfnu, veitt sjerleyfi til þess að reka útvarpið.“

Nefndin gat vitanlega látið vera að setja þetta í nál., en hún gerði það af góðvild til þessara manna.

Jeg skal taka það fram, að nefndin hefir ekki snúið sjer svo mikið til sjerleyfishafa í þessu máli, blátt áfram af því, að hún leit svo á, að þetta mál væri rjett að athuga sem mest frá almennu sjónarmiði, eða að hafa fyrir augum hagsmuni þeirra, sem eiga að nota tækin og verða viðskiftamenn þessara sjerleyfishafa.

Í öðru lagi skal jeg líka benda á það, að nefndin ætlast til, svo sem brtt. okkar sýna, að það yrðu víðtækari ákvæði í reglugerðinni heldur en í frv., og sýnist mjer þetta einmitt vera nokkurskonar traustsyfirlýsing til hæstv. atvrh. (MG).

Jeg hefi nú ekki fleira að taka fram að svo stöddu. Þetta er, sem sagt, alt saman smáatriði, en það ber þó að athuga þetta vel, og er nefndin fús til að athuga það frekar til 3. umr., og rjett áður en þessi umr. hófst, fjekk jeg nýjar upplýsingar, sem sjálfsagt munu hafa áhrif á málið, og mun jeg bera þær undir nefndina.

Jakob Möller: Jeg held það hljóti að vera sprottið af misskilningi, ef nokkur maður vanþakkar nefndinni starf hennar í þessu máli. Hún hefir afgreitt það fljótt og lagt í það töluverða vinnu og fyrirhöfn. Jeg efast ekki um, að allar till. hennar eru bornar fram í góðum hug, en hitt geta menn efast um, hversu hagfeldar þær eru; en nefndin má ekki taka það illa upp. Það er heppilegast fyrir þetta mál, að það gangi fram í góðu samkomulagi, og vona jeg, að það geti orðið.

Jeg hefi tekið það fram áður, að þessi breyting nefndarinnar, um að binda ekki sjerleyfið við nöfn fyrirfram, finst mjer ekkert aðalatriði; það skiftir ekki máli, hvort þeir menn, sem fá leyfið, eru nefndir í frv. eða ekki; en hinsvegar finst mjer, að nefndin þurfi ekki að leggja neitt kapp á að fá þetta sett inn. En jeg álít, að þingið verði að hafa allan vara við því að leggja ekki neinn stein í götu framkvæmdanna, svo að málið strandi fyrir hjegóma sakir, því að mjer finst þetta ekki annað en hjegómi.

Um þriðju brtt. nefndarinnar er óþarfi að ræða. Jeg játa, að það væri heppilegra að miða heldur við afl heldur en varpvídd, en það skiftir í sjálfu sjer ekki máli, þó að till. nefndarinnar yrði samþykt núna, maður getur gert sjer von um, að henni verði breytt við 3. umr., svo að það verði heldur ekki fastákveðið, að stöðin megi ekki hafa minna en 1,5 kw. Það er játað af öllum, að við hjer getum ekki um það sagt, hvað stöðin þurfi að vera sterk, en það er illa farið, ef hún er fyrirskipuð svo og svo miklu sterkari en hún þarf að vera. Undir slíkum kringum-

stæðum er ekki um annað að ræða en að fela stjórninni að rannsaka það mál og að taka tillit til þarfanna, í samráði við sína ráðunauta. En það eru sjerstaklega 4. og 8. brtt. nefndarinnar, sem verða varhugaverðar að þessu leyti, að öllum sje heimilt að hafa þau tæki til notkunar, sem þeim sýnist, án nokkurrar íhlutunar þeirra manna, sem eiga að reka fyrirtækið, en 4. brtt. er afleiðing af þeirri 8., það er ekkert annað en orðabreyting, leiðir af efni 8. brtt., en þá er þetta að athuga, sem hæstv. atvrh. (MG) skýrði frá, að ýms af þeim tækjum, sem búin eru til, má ekki nota, vegna þess að þau trufla skeytasendingar, og það er ekki hægt að hindra það öðruvísi, að slík tæki sjeu sett upp, heldur en að þeir menn, sem ráða fyrirtækinu, sjái um niðursetningu á þeim og hafi ráð á að banna notkun þeirra; samkv. 4. brtt. getur það verið reglugerðarákvæði, en vafasamt eftir 8. till., því að þar eru engar hömlur. Sú breyting er þannig vaxin, að teknar eru burt allar hömlur á því, hvað notað er, en hitt geri jeg ráð fyrir, að mætti laga til 3. umr. En annars er líka að gæta; það er ekki aðeins það, að menn geti fengið ljeleg verkfæri, sem betur væru ókeypt, það getur líka farið svo, ef verslunin með þau er alveg frjáls, að síður verði vandað til þeirra, ef ekki verða sett ákvæði um það, hvaða tæki skuli notuð, og jafnvel að hafa einkasölu. Það er ekki farið svo langt í frv., en það er ákveðið skilyrði, að fyrirtækið verði að taka þau gild, og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, finst mjer óhjákvæmilegt að setja í lögin eða reglugerðina, að samþykki stjórnar fyrirtækisins þurfi að koma til, til þess að tækin sjeu sett upp, svo að jeg geri að minsta kosti ráð fyrir, að þótt þessi brtt. nefndarinnar verði samþykt nú, verði að gera slíka breytingu á henni, að hún muni ekki verða mikið frábrugðin því, sem upphaflega var í frv., finst mjer því rjettara að taka þessa brtt. aftur og láta frv. ganga óbreytt þangað til, og fá þá frekari upplýsingar innan þess tíma; og jeg segi það aftur, sem jeg sagði í gær, að mjer finst það í raun og veru væri skynsamlegast, að nefndin vildi geyma þessa brtt. til 3. umr., til nánari athugunar í sambandi við það, sem sagt hefir verið

Atvinnumálaráðherra (MG): Já, það er þó alla daga að tala fyrir þingtíðindin, að segja nokkur orð, því að áheyrendur eru sama sem engir. Hinar geysilöngu umræður um málin valda því, að þm. leita á burt, og er þeim vissulega vorkunn. Jeg vildi, út af því, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, láta þess getið, að mín meining var ekki að hreyta neinum ónotum í nefndina; jeg var henni aðeins ekki samdóma, og ekki heldur meiningin að gefa henni í skyn, að hún hefði unnið slælega í málinu; jeg sagði aðeins, að það virtist svo, sem hún hefði haft betri sjerfræðinga sjer til aðstoðar en jeg, en auðvitað bjó jeg ekki til frv., heldur landssímastjóri.

Það var alveg rjett, sem hv. form. allsh. (MT) sagði, að það fylgja því kostir að hafa aflmikla stöð, og verður þá að meta það, hvort það er ávinningur, samanborið við það, að árgjaldið verður hærra með því. Jeg held nú, að þar verði að fara nokkuð bil beggja, því að það er allhart að leggja það á menn, sem eru nærri stöðinni, að borga mjög hátt árgjald, því að þeir þurfa ekki að hafa mjög dýr móttökutæki. En út af styrkleika stöðvarinnar vil jeg geta þess, að ef sett verður „alt að 1,5 kw.“, þá er stjórninni falið að ákveða styrkleikann innan þessa hámarks,

og vitaskuld mundi hún leita álits sjerfræðinga.

Um það, að nöfnin voru tekin út úr frv., skal jeg viðurkenna, að jeg drap á það atriði við 1. umr., en lagði ekki til, að það væri gert, og jeg sagði, að þessir menn hefðu þegar búið málið svo mikið undir, að ólíklegt væri, að aðrir gætu gert það betur. Það er ekki nema allrar virðingar vert, að nefndin hefir snúið sjer til annara en sjerleyfisbeiðenda, en sömu aðferð hefi jeg haft; jeg fór til landssímastjóra og hann talaði við yfirmann loftskeytastöðvarinnar, sem mun vera einhver færasti maður hjer í þessari grein, en frv. var eins og landssímastjóri vildi hafa það, að undanteknu einu einasta atriði. En hvort nöfnin eru tekin upp í frv. eða ekki, hefir ekkert að segja, ef það er tilgangur nefndarinnar, að það megi veita sjerleyfið strax, með því skilyrði, að gjaldskráin verði sett síðar, því að þá hafa þessir menn sömu aðstöðu gagnvart útlendum firmum sem þeir óska eftir. Jeg vildi gjarnan fá að heyra, hvað nefndin segir um þetta, því að ef hún er því samþykk, að þeir fái sjerleyfi, án þess að hafa náð samningum áður, þá hefi jeg ekkert við það að athuga.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekkert vald til þess að taka till. aftur; það var ekkert talað um það á nefndarfundi í morgun, og hv. frsm. (JBald) er ekki við, sem ræður mestu um þetta. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) talaði um, að það þyrfti að forðast þessa truflun á sendingu skeyta, og þess vegna þyrfti fjelagið að ráða yfir því, hvaða tæki yrðu notuð. Jeg get ekki sjeð, að það þurfi nokkra einokun þess vegna; það var einmitt meiningin hjá okkur, að hæstv. atvrh. yrði skylt að láta vinna að samningu þessarar reglugerðar, og það var álitið hjá okkur, að það þyrfti að setja ákvæði um fleira en það, sem í frv. stendur. Og hvað tækin snertir, þá get jeg ekki annað sjeð en að hæstv. atvrh. geti áskilið sjer að þurfa að samþykkja, hvaða tæki megi nota, svo að hver, sem ætlar að fá sjer tæki, þarf að fá sjer vitneskju um það, hvaða tæki hann má nota, ef það er ekki beint auglýst, og yfirleitt, hvað þetta snertir, líka það, hvort hæstv. atvrh. (MG) má gefa leyfið áður en samningarnir við útlendu fjelögin yrðu gerðir. Álit nefndarinnar skyldi vera óákveðið um þetta; okkur finst að vanti svo tilfinnanlega kunnugleika á þessu í landinu, að við megum til með að láta hæstv. atvrh. ráða þessu.

Það er náttúrlega ekki nema satt, að það er gott að hafa sem lægst árgjöld, en það er þá líka það að athuga, að Reykjavík myndi hafa aðalgagnið af því, en þeir, sem fjær eru, síður. En hvað snertir kunnáttu í þessu máli, þá veit jeg ekki betur en að deilur sjeu um það meðal loftskeytamannanna sjálfra, bæði um það, hvaða tæki skuli nota, og eins um það, hve sterk stöðin skuli vera.

Ágúst Flygenring: Það er aðeins lítil athugasemd. Að því er snertir það, hvaða tæki mætti nota, „að stjórnin kæmi vitanlega til með að ákveða það," þá er þetta hreinasti misskilningur. Þeir, sem eiga tæki, hafa að sjálfsögðu heimild til að nota þau, hvaða tæki sem eru og þeir vilja nota. Ef þeir nota vönduð tæki og dýr, þá er það gott fyrir þá og kemur engum við öðrum en þeim, — og ef þeir fá sjer ódýrari tæki, þá eiga þeir það við sjálfa sig, hvort þau duga eða þeir gera sig eins ánægða með þau, — þeir eiga að borga jafnt, hvort sem er, en stöðinni á ekkert að koma við, hvaða tæki menn nota. Hún

má vera ánægð með að fá sitt stofngjald og árgjald. Jeg veit ekki betur en að í Danmörku og Englandi noti menn tæki frá hinum og öðrum stöðum; dýrari tækin eru vitanlega næmari en hin. Ódýrari tækin eru helst notuð í nánd við stöðvarnar. Jeg vildi vara við þessum misskilningi og líka við því, að það kæmi einokun á þessa vöru, tækin, því ef það verður gert, að taka á þeim einkasölu, þá verða þau, þessi tæki, seld álíka háu verði, býst jeg við, — að sínu leyti, — eins og mæli- og vogaráhöldin voru seld frá löggildingarstofunni — sællar minningar — hjerna um árið, nfl. fyrir óheyrilega hátt verð.

ATKVGR.

Brtt. 364,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 364,2a—c samþ. með 17 shlj. atkv.
— 364,3 samþ. með 12:8 atkv.
— 364,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 364,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 364,6 samþ. án atkvgr.
— 364,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 364,8 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HStef, JBald, JK, KlJ, MJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÁF.

nei: ÁÁ, BJ, HK, IngB, JakM, JAJ, JÞ, MG, SigurjJ, TrÞ, BSv.

Fimm þm. (ÁJ, BL, JS, JörB, ÞórJ) fjarstaddir.

Brtt. 364,9 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 364,10 samþ. án atkvgr.
— 364,11 samþ. með 14:2 atkv.

Frvgr., svo breytt; samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 364,12 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. þar með ákveðin.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 425, 444, 448).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 444 og 448. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg hefi flutt nokkrar brtt. við þetta frv., á þskj. 444. Fyrsta brtt. mín fer í þá átt, að í stað þess, að nú er ákveðið, að afl stöðvarinnar skuli ekki verða minna en 1,5 kw. í loftnetið, komi: „alt að 1,5 kw. í loftnetið, enda dragi stöðin um land alt.“

Jeg sje nú, að hv. allshn. hefir flutt brtt., um að 1,1 kw. komi í stað 1,5 kw., en að öðru leyti sje greinin óbreytt.

Nú er það svo, að enginn hjer á landi getur með nokkurri vissu sagt, hversu sterkan straum þurfi til að stöðin geti dregið um land alt, og þess vegna vil jeg ekkert fullyrða um það atriði. Um hitt eru allir sammála, að stöðin eigi að draga yfir alt landið. Þetta er að vísu nokkuð ónákvæmt, því styrkleika stöðvarinnar þyrfti líka að miða við viðkvæmni móttökutækjanna, en um þessi efni er ekkert hægt að segja að svo komnu máli, og þess vegna hefi jeg orðað svo brtt. mína. Það verður að leggja í vald landsstjórnarinnar að kveða nánar á um afl stöðvarinnar í samráði við sjerfræðinga, og ætti það ekki að koma að sök. Till. hv. allshn. er ekki bygð á nægilega mikilli þekkingu, og er því ekki hægt að samþykkja hana, enda hefir enginn hjer á landi nægilega þekkingu á þessu atriði, eins og jeg hefi áður sagt. Sumir hafa látið í ljós, að 0,5 kw. styrkleiki mundi nægja stöðinni til að draga um alt land, aðrir segja, að 1 kw. muni þurfa til þess, o. s. frv. Í þessu máli er ekki hægt að byggja á fengnum upplýsingum, og því varlegast að ákveða

styrkleikann ekki nánar en gert er í till. minni, en þó svo, að sá vilji Alþingis komi skýrt í ljós, að stöðin eigi að fullnægja öllu landinu, enda er venjulegt, þegar sjerleyfi eru veitt, að sjá hagsmunum alls landsins borgið, eftir því sem föng eru á.

Þá er 2. brtt. mín um að engin viðtökutæki sjeu undanþegin stofn- eða árgjaldi til sjerleyfisfjelagsins, önnur en þau, sem landsstjórnin notar í sína þjónustu. Í frv. eru nú t. d. öll skip, sem hafa loftskeytatæki, undanþegin þessum gjöldum, ef þau fá sjer útvarpsviðtökutæki. Skipin, t. d. togararnir, munu áreiðanlega færa sjer útvarpið í nyt, ekki síður en allur almenningur á landi, og hvers vegna skyldu þau þá ekki greiða sama gjald? Auk þess verður gjaldið undir öllum kringumstæðum svo lágt, að hvorki togara nje önnur skip skiftir nokkru, hvort þau verða að greiða það eða ekki. Það er og vafalaust, að útvarpsstöðin mun oft og tíðum starfa ekki hvað síst vegna skipanna, einkum togaranna, og er því síður sanngjarnt að undanþiggja þá gjaldinu. Þess verður vel að gæta að svifta fjelagið ekki tekjum um of. Það þarfnast töluverðra tekna til að byrja með, og er það landsmönnum í hag, að fjelagið hafi yfir sem mestu fje að ráða þegar í upphafi. Alkunnugt er, hversu mikið tjón landssíminn hefir beðið vegna þess eingöngu, að ekki var meira lagt í kostnað um leið og hann var stofnsettur. Þá var sparað um of og vegna þess þurfti að endurnýja mörg tæki símans hálfu fyr en ella, svo að sparnaðurinn varð minni þegar til kom.

Í frv. eru tryggingarákvæði gegn því, að sjerleyfisfjelagið verði gróðafjelag. Við 1. umr. lagði jeg áherslu á þetta atriði, og hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið í sama streng og lýst yfir því, að hæstv. stjórn muni í reglugerð setja ákvæði um ágóða fjelagsins, og er jeg fyrir mitt leyti ánægður með þá yfirlýsingu. Það verður hvort eð er ekki hjá því komist, að hæstv. stjórn sjeu faldar ýmsar framkvæmdir í sambandi við þetta sjerleyfi. En þegar hagnaður hluthafa fjelagsins verður aldrei meiri en segjum 9—10%, þá er lítil hætta á öðru en að því fje, sem fjelaginu áskotnast, verði varið notendum útvarpsins til gagns. Jeg legg því mikið upp úr, að till. mín verði samþykt.

Ennfremur hefi jeg flutt brtt. þess efnis, að útvarpsfyrirtækið verði um óákveðinn tíma undanþegið skattgreiðslu, í stað þess að nú er í frv. ákvæði um 5 ára skattfrelsi. Það ákvæði er reyndar meiningarlaust eins og frv. er nú orðað, þar sem ekki er heimilt að veita sjerleyfið til lengri tíma en 5—7 ára. Ef leyfið væri veitt til 15 ára, eins og beðið var um í fyrstu, þá hefði e. t. v. verið vit í ákvæði um 5 ára skattfrelsi, en úr því sem komið er, er það meiningarlaust. En jeg flyt brtt. mína ekki eingöngu vegna þess, að jeg álít ákvæðið þýðingarlaust, heldur jafnframt vegna þess, að jeg vil, að það komi skýrt fram, einnig í þessu ákvæði, að hjer sje ekki um gróðafyrirtæki að ræða. Útvarpsfyrirtæki á ekki að greiða skatt, þar sem það á að reka með hagsmuni almennings og alþjóðargagn fyrir augum, en ekki sem gróðafyrirtæki. Um þetta fyrirtæki gegnir alt öðru máli en þegar sjerleyfi er veitt til járnvinslu úr sandi, eða einhvers þesshátttar, þar sem ýmiskonar brask liggur á bak við. Hjer hafa menn engar stórgróðavonir bak við eyrað. Leyfisbeiðendum gengur til almennur áhugi á málinu, og annað ekki.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um brtt.

mínar, en jeg vil einkum benda hæstv. stjórn á eitt atriði, sem ekki er drepið á í frv., en sem þó þarf að hafa í huga, þegar sjerleyfisreglugerðin verður sett. Það þarf að hafa eftirlit með því, hver „prógrömm“ útvarpsins verða, þegar til kemur. Að mínu viti er nauðsynlegt, að nefnd manna verði falið slíkt eftirlit, og má setja hjer að lútandi ákvæði í reglugerð. Útvarp, sem alment er notað, getur verið feikna máttugt, bæði til góðs og ills. En til þess að koma í veg fyrir hin verri áhrifin, er ekki nema sjálfsagt, að hinu opinbera verði heimiluð afskifti af „prógramminu“.

Að vísu er svo til ætlast, að útvarpið komi atvinnuvegum landsmanna, einkum sjávarútveginum, að liði. Í því sambandi er fyrst og fremst nefnd sending veðurskeyta. Því verður ekki mótmælt, að útvarpsstöðin geti komið að allmiklu liði í þessu efni, en þó því aðeins, að veðurskeytin verði ábyggileg og spádómunum treystandi, og að sjómennirnir fari þá eitthvað eftir þeim. En þó þetta sje alt saman gott og blessað, þá verður aðalverkefni útvarpsins samt að vinna í þjónustu menningarinnar, og þess vegna þarf eftirlit með starfsemi þess.

Jeg get hugsað mjer, að útvarpið muni fá alveg sjerstaka þýðingu fyrir alla hljómlist í landinu. Henni háir nú strjálbýli landsins og fámenni, en þegar hljómlistarmennirnir geta sungið og spilað fyrir alt landið í einu, þá bætir það mjög úr skák. Liggur því mikið við, að ekki verði „varpað út“ öðrum söng og hljóðfæraslætti en þeim, sem völ er á bestum, og ber nauðsyn til að hafa eftirlit með því. Að öðrum kosti er hætt við, að smekkur þjóðarinnar spillist í þessum efnum, og er þá nærri því ver farið en heima setið.

Eins er sjálfsagt, að skólar og kirkjur hafi sína fulltrúa í eftirlitsnefndinni. Annarsstaðar er útvarp notað mjög mikið í þágu skólanna. Eru fluttir fyrirlestrar um alla skapaða hluti, en auk þess er útvarp einmitt ágætlega fallið til málakenslu. Annars eru það einkum barnaskólar, sem færa sjer útvarpið í nyt, og þegar þess er gætt, að í hvert skifti, sem eitthvað er sent frá útvarpsstöð, eru áheyrendur að meira eða minna leyti börn og unglingar, þá er fullkomin ástæða til, að þjóðfjelagið hafi eftirlit með því, hvað sent er. Að því er kirkjuna snertir, má geta þess, að margir kvarta nú yfir því, að húslestrarnir gömlu eru að miklu leyti úr sögunni, og vilja fá nýja húslestrapostillu handa almenningi, ef vera mætti, að það gæti blásið nýju lífi í húslestrana. En hjer er hlutur, sem getur komið í stað postillunnar, sem aldrei kemur út. Sumir hafa vitanlega hneykslast á þessari hugsun, en jeg sje ekki, að til þess sje nokkur ástæða. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkuð miður kristilegt sje við það, þó að guðsþjónusta verði flutt á útvarpsstöð á sunnudögum, er kæmi í stað húslestrapostillu. Það er ekki eingöngu ræðan, sem send verður, heldur einnig sálmasöngur, og er þá augljóst, hvílík áhrif þetta getur haft á heimilislíf manna.

Fleira þarf ekki að nefna til að sýna fram á, að ríkið á að hafa afskifti af „prógrammi“ útvarpsins.

En jeg vil nefna það, sem jeg hefi áður sagt í sambandi við annað mál, og sem þá þótti nokkuð háfleygt, að ágæti útvarpsins er ekki hvað síst í því fólgið að vernda og efla heimilislífið. Það er rjett að efla allan vjelaiðnað, sem miðar að því að halda fólkinu við vinnu á heimilum sínum. Útvarpið dregur menn ekki frá

heimilunum, heldur flytur það skemtanir inn á heimilin. En þjóðfjelaginu er fyrir langbestu, að vinna fólksins og skemtanir geti sem mest farið fram á sjálfum heimilunum. Möguleikar útvarpsins eru yfirleitt svo miklir, að jeg er viss um, að fáir gera sjer það ljóst.

En vegna þess, að flestir munu vera sammála um, að rjett sje að byrja útvarp hjer á landi með sjerleyfisveitingu, þá vildi jeg beina þeirri áskorun til hæstv. atvrh. (MG), að hann leggi alt kapp á, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Allshn. hefir borið fram eina brtt. á þskj. 448, þess efnis, að í stað 1,5 kw. í 2. tölul. frv. komi 1,1 kw., en málsgreinin haldist óbreytt að öðru leyti. Þessi brtt. er fram komin vegna athugasemda, sem fjellu hjer við 2. umr. Bæði hæstv. atvrh. (MG) og öðrum þótti fulllangt gengið að heimta 1,5 kw. styrkleika af stöðinni. Að vísu getur nefndin ekki fallist á, að svo sje, því þeim mun meira afl sem stöðin hefir, þeim mun meiri trygging er fyrir, að hún nái sem víðast um landið og menn geti heyrt til hennar með ódýrari tækjum. En ef þetta ákvæði hefði getað orðið málinu að fótakefli, þá vill nefndin ekki setja það fyrir sig og hefir því borið fram þessa brtt. Með henni er dregið úr kröfunum, sem gera á til afls stöðvarinnar, þ. e. a. s. lágmarkskröfum, en ekkert er því til fyrirstöðu, að hæstv. stjórn geti eftir sem áður krafist þess afls, sem með þarf, þar sem brtt. segir aðeins, að það skuli ekki vera minna en 1,1 kw. í loftnetið. Hæstv. stjórn hefir frjálsar hendur til að gera meiri kröfur, en getur aðeins ekki farið neðar en í brtt. segir, ef hún verður samþykt.

Aðrar brtt. hafa komið fram, og get jeg lýst yfir því fyrir hönd allshn., að hún er yfirleitt á móti þeim, að svo miklu leyti, sem henni hefir unnist tími til að bera saman ráð sín. Fyrsta brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) er mun óákveðnari en till. allshn., sem jeg hefi nýdrepið á. Þar stendur, að aflið skuli vera alt að 1,5 kw. í loftnetið, en í till. nefndarinnar er ákveðið lágmark 1,1 kw. Ef brtt. hv. þm. (ÁÁ) verður samþykt, þá getur stjórnin farið alt niður í 0,5 kw., eða jafnvel enn neðar, og er þá lítil trygging fyrir því sett af þingsins hálfu, að stöðin geti náð yfir alt landið, nema viðtökutækin verði afarfullkomin. Hjer er ekki hægt að miða við afl stöðvarinnar, því að eins og margbúið er að taka fram, þá er það, hvort stöðin nær um alt land, mest undir því komið, hversu sterk viðtökutæki menn hafa. En það er meining okkar í nefndinni, og jeg hygg hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) líka, að stöðin dragi svo vel um alt landið, að menn t. d. á Austurlandi geti heyrt vel til hennar án þess að hafa mjög dýr viðtökutæki. Enda væri það ákaflega lítill kostur fyrir menn að hafa innlenda stöð, ef þeir yrðu að hafa svo sterk og dýr viðtökutæki, að þeir gætu eins heyrt til stöðva erlendis, og þá minkar gagnið að innlendu stöðinni, þótt menn auðvitað vilji líka heyra innlendar skemtanir og innlendar frjettir.

Viðvíkjandi 2. brtt. hv. þm. (ÁÁ) er það að segja, að hún hefir þá afleiðing, að ekki aðeins verða loftskeytastöðvar skipa gjaldskyldar, heldur og viðtökutæki stöðvar hr. A. Gooks, sem talað hefir verið um að heimila og leyfa án árgjalds til væntanlegra leyfishafa. Hvarvetna úti um heim er því svo varið, að þau skip, sem hafa loftskeytatæki, eru undanþegin árgjaldi; enda er því svo varið, að kostnað-

ur þeirra er ósambærilegur við kostnað manna, sem fá sjer mjög ódýr viðtökutæki í landi. Nefndin er á móti þessari brtt.

Hvað snertir 3. brtt. hv. þm. (ÁÁ), þá er nefndin einnig á móti henni. Hefði hv. þm. (ÁÁ) komið fram með till. í þá átt að fella niður klausuna um skattfrelsið, býst jeg hinsvegar við, að jeg hefði getað fallist á hana. En þessari till. er nefndin á móti. Hv. flm. færði þau rök fyrir till., að úr því sjerleyfistíminn hefði verið styttur niður í 5 ár, væri ekki nein meining í skattfrelsisákvæðinu. En nú getur sjerleyfistíminn orðið 7 ár, og þá verður fjelagið að borga skatt í 2 ár. Og jeg sje ekki, að fjelagið þurfi neitt fremur að kallast gróðafjelag eftir till. nefndarinnar en eftir till. hv. þm. (ÁÁ). Nefndin býst ekki fremur en hv. þm. við, að þetta verði gróðafjelag, en þetta er aðeins trygging gegn því og í fullu samræmi við það, sem þeir, er um sjerleyfið hafa sótt, fóru fram á.

Jeg held jeg þurfi svo ekki að taka fleira fram viðvíkjandi þessum till. En hvað það snertir, hvað stöð með 1,1 kw., eins og nefndin nú stingur upp á, myndi kosta, má geta þess, að flestar stöðvar í Englandi munu vera af þeirri stærð, og er mjer sagt, að það kosti ekki mikið yfir 30 þús. kr. að koma þeim upp. Er það ekki óhæfilegt fje, enda þess að gæta, að framfarir eru mjög hraðfleygar á þessu sviði og verðið á öllu þessu lækkandi. Finnast stöðugt hentugri aðferðir og ódýrari tæki, svo að jafnvel nú má fá betri tæki fyrir minna verð en þessi tæki kostuðu síðastliðið haust.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er hlyntur 1. brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og mig undrar dálítið á því, að hv. nefnd skuli vera á móti því að láta stjórnina ráða orku stöðvarinnar og taka ákvörðun um hana í samráði við fagmenn í þessu efni. Jeg sje ekki, að það sje neitt verra að heimila, að stöðin hafi alt að 1,5 kw. en að fastákveða, að hún skuli ekki hafa minna en 1,1 kw. Eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá sje jeg ekki annað en að 1 kw. myndi undir öllum kringumstæðum vera nægilegt, og jeg tel, að engin ástæða sje til að krefjast þess, að stöðin verði stærri en nauðsyn býður. Þess vegna felli jeg mig betur við till. hv. þm. V.-Ísf. Náttúrlega má altaf deila um það, hvort betra sje, að stöðin sje sterkari og viðtökutækin ódýrari, eða vice versa. Það er alveg órannsakað mál.

Aftur á móti get jeg ekki annað en verið hv. nefnd sammála um 2. brtt. hv. þm. (ÁÁ). Jeg sje ekki ástæðu til að láta þessa leyfishafa fá meira en þeir hafa óskað eftir, og þeir hafa ekki beðið um, að heilar loftskeytastöðvar greiði árgjöld. Jeg veit heldur ekki, hvort hægt er að leggja á skip að greiða þennan skatt, að minsta kosti þau, sem áður hafa aflað sjer tækjanna og fengið leyfi til að reka sínar loftskeytastöðvar skattfrjálst.

Um 3. brtt. hefi jeg lítið að segja. Mjer finst það skifta mjög litlu máli, hvort fjelögin eru skattfrjáls í 5 eða 7 ár. Leyfisbeiðendur fóru fram á að fá sjerleyfið til 10 ára og vera skattfrjálsir helming þess tíma. Þaðan er till. nefndarinnar runnin. Mjer stendur sem sagt nokkuð á sama um þetta; geri þó heldur ráð fyrir að greiða till. hv. þm. V.-Ísf. atkv. mitt.

Jeg skal athuga það, sem hv. þm. (ÁÁ) talaði um viðvíkjandi „prógrammi“ stöðvarinnar. Hitt, sem hann mintist á, að málinu yrði hraðað, get jeg ekki ráðið við;

en jeg vil leggja með því. En það vil jeg að hv. þm. viti, að ekki er víst, að neinar framkvæmdir verði þó frv. verði að lögum. Leyfisbeiðendur eru óánægðir. Einn þeirra talaði seinast við mig í morgun og sagðist ekkert mundu eiga meira við þetta mál. En vitanlega geta aðrir komið í staðinn, þótt jeg sje efins um, að svo fari.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer finst það eftirtektarverðar upplýsingar, sem hæstv atvrh. (MG) gaf síðast, þær, að leyfisbeiðendur væru ekki ánægðir. Ef þeir hafa first við að nöfn þeirra voru strikuð út úr frv., sýnir það, að þeir hafa ekki sóst eftir þessu af rjettum hvötum. Þetta átti aldrei að vera bundið við þá persónulega, heldur sem fulltrúa atvinnuveganna. Þeir áttu aðeins að vinna að málinu með heill almennings fyrir augum, og möguleikar þeirra til þess eru engu minni, þótt nöfn þeirra sjeu strikuð út. Og ef þeir nú ganga úr skaftinu, þá er jeg ekkert hræddur um, að hörgull verði á öðrum sem vilja gera þetta af þeim áhuga, sem til þess þarf.

Jeg þakka hæstv. atvrh. undirtektir hans undir 1. brtt. mína. Hv. allshn. hefi jeg ekki ástæðu til að þakka. Hún ljet lýsa því yfir, að hún væri á móti öllum till. mínum, en færði engin rök fyrir, hvers vegna hún væri það, og verð jeg að skilja það svo, að hún hafi ekki getað það.

Till. mín um skattfrelsið er aðeins sjálfsögð leiðrjetting á frv. eftir að búið er að færa sjerleyfistímann niður í 5—7 ár. Andsvör hv. frsm. (JBald) á móti þessu voru svo veigalítil, að jeg er ekki hræddur um, að hv. deild taki þau neitt til greina.

Hv. frsm. (JBald) færði þá ástæðu fram á móti 2. brtt. minni, að skip væru skattfrjáls annarsstaðar. En það er ekki nóg; hann verður að leiða rök að, hvers vegna þau eigi að vera skattfrjáls.

Hæstv. atvrh. (MG) efaðist um, að hægt væri að leggja skatt á skipin eftir að þau hefðu fengið tækin og leyfi til að reka stöðvarnar. En það er vel hægt, alveg eins og það má t. d. leggja skatt á bíla, sem fluttir voru inn áður en bílaskatturinn kom til. Jeg skal ekki gera þetta að kappsmáli, en jeg sje þó ekki ástæðu til að undanþiggja skipin skatti, því að skatturinn á ekki að miðast við ágóða sjerleyfishafa, heldur er skatturinn nauðsynlegur sakir almenns kostnaðar við útvarpsstöðina í landi, því hún þarf að útvega sjer „prógrömm" o. fl. Skipin njóta stöðvarinnar eins og einstaklingarnir, og er því lítil ástæða til að undanþiggja þau skatti, en leggja hann á fátæklinga, sem hafa ráðist í að fá sjer viðtökutæki.

Jeg hefði gjarnan viljað koma með brtt. til að ráða bót á þeim skaða, sem gerður var á frv. við 2. umr., þeim nefnilega, að fjelagið var svift einkarjetti til að selja viðtökutækin, en þingsköp banna það. Það hefði verið langheppilegast, að fjelagið hefði haft þessa einkasölu, því hún hefði getað lækkað árgjöldin til muna. Og ekki þurfa menn að halda, að tækin verði ódýrari, þótt einstaklingar selji þau. Nei, munurinn verður aðeins sá, að þessi 30—40% verslunargróði rennur í vasa einstakra manna, en ekki til stöðvarinnar upp í kostnaðinn við hana. Það hefði þó verið ólíkt rjettara.

Öðru þarf jeg ekki að svara. Aðalástæða mín er sú, að enn hefir engin yfirlýsing sjerfræðinga fengist um það, hve sterk stöðin þurfi að vera, og á meðan

svo er, er best að hafa óákveðin ákvæði um það í frv. Og það hefir ekki verið hrakið.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg vil taka það fram, að ákvæðin í 2. tölulið frv. eru sett til þess að hafa ákvæðin um afl stöðvarinnar svo rúm sem verða má, ef hentugra þætti að hafa fleiri en eina stöð, og það yrði álitið of dýrt að varpa frá einni stöð út um alt landið.

Það hefir ekkert nýtt komið fram hjá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Eftir till. hans er alt óákveðið og leyfishafar geta þá frekar hamrað á stjórninni, að hún leyfi þeim að setja upp litla og ónóga stöð. Nefndin fór sem næst því, sem ætlað er, að þurfi til þess að stöðin dragi um alt landið, því samskonar stöðvar í Englandi draga svona langt, ef engar sjerstakar hindranir eru fyrir hendi. En þess ber að gæta, að stöðin verður að vera tiltölulega sterkari hjer sökum þess hve bjart er mikinn hluta ársins, og því erfitt að varpa út, eins og þeir menn munu geta skýrt frá, sem starfað hafa hjer við loftskeytastöðvar, bæði á skipum og í landi. Þess vegna er enn frekari ástæða til að leyfa stjórninni ekki að fara niður fyrir 1,1 kw.

Viðvíkjandi 2. brtt. hv. þm. (ÁÁ) er það að segja, að sú venja, að skip greiða ekki gjald af loftskeytatækjum sínum mun vera bygð á því, að skipin eru ekki staðbundin eins og móttökutækin í landi. Skipin fara milli margra landa og fá skeyti frá mörgum löndum; því ættu þau að greiða jafnt árgjald til stöðva í ýmsum löndum, ef þau greiddu nokkuð á ann að borð. Íslensku togararnir fá t. d. oft betra samband við England en stöðina hjerna, og millilandaskipin okkar eru alt að helmingi ársins í útlöndum, og standa þá í sambandi við stöðvar þar. Þykist jeg vita, að það sje af þessu, að ekki er talin ástæða til að taka gjald af skipum.

Viðvíkjandi síðustu brtt. hv. þm. (ÁÁ) verð jeg að segja, að jeg sje enga ástæðu til að ganga lengra í því að gæta hags leyfishafa en þeir sjálfir fara fram á. Þeir hafa aðeins beðið um að fá að vera skattfrjálsir í 5 ár, og það er nóg að verða við því. Hinsvegar gæti jeg verið með því að fella klausuna um skattfrelsið alveg niður.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er aðeins athugasemd.

Hv. frsm. (JBald) segir, að ekki sje ástæða til að fara lengra í skattfrelsinu en leyfisbeiðendur fara fram á. En hjer er ekki verið að miða við þeirra hag, heldur almenningshag. Ef um stórgróðafyrirtæki væri að ræða, ætti það vitanlega að greiða skatt. En þetta á ekki að vera neitt gróðafyrirtæki. Brtt. mín segir ótvírætt til um það, ef hún verður samþykt, að Alþingi lítur svo á, að þetta beri eingöngu að reka af áhuga fyrir almenningsheill.

Það nær auðvitað engri átt, að skip eigi að vera skattskyld í öllum löndum, sem þau fá skeyti frá. Það er margt annað þessu líkt að því er skipin snertir, sem þau borga skatt af aðeins í því landi, þa sem þau eru skráð. Og svo mætti gjarnan vera um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 448 feld með 15:11 atkv.
— 444,1 samþ. með 19:5 atkv.
— 444,2 feld með 16:6 atkv.
— 444,3 samþ. með 15:10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 455).

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., mánudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A 455, n. 490).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er svo nýtt hjer á landi, að flestum háttv. þm., eins og líka öllum þorra manna um land alt, mun vera næsta ókunnugt um erfiðleikana, sem eru á framkvæmd þess, sem og um möguleikana, sem það hefir í för með sjer. Lítur út fyrir, að þessi aðferð ætli að verða engu áhrifaminni en síminn í því að dreifa frjettum eða kvikmyndahúsin í því að skemta fólki.

Það, sem hjer er farið fram á, er það, að ríkið geri samning við fjelag eitt um það að dreifa út frjettum og allskonar mæltu máli með útvarpi fyrir ákveðið gjald. Má vel vera, að ríkið taki seinna að sjer rekstur þessa fyrirtækis, þegar heppilegt þykir. En það liggur ekki fyrir nú, því allir eru sammála um það, að ekki sje æskilegt, að ríkið taki þetta að sjer nú þegar, þó fært þyki seinna, enda mun mönnum finnast, sem þetta viðfangsefni tilheyri „frelsinu", sem hv. þm. hefir orðið svo tíðrætt um undanfarið. — Allshn. hefir því fallist á það, að hæstv. stjórn sje gefin heimild til að fela einstökum mönnum þessa starfrækslu.

Hvað útvarpið annars snertir, þá er auðvitað margt viðvíkjandi framkvæmd þess, sem hvorki jeg nje aðrir hv. þm. bera fyllilega skyn á, svo sem um kraft stöðvarinnar í hlutfalli við vegalengdina. En jeg gæti nefnt tvö dæmi um mátt víðboðsstöðva erlendis, sem jeg hefi hlustað á, þessu viðvíkjandi. Jeg var síðastliðið sumar staddur inni í veðurfræðistofunni í Bergen, og spurði umsjónarmaðurinn mig, hvort jeg vildi hlusta á hljóðfæraslátt frá London. Sneri hann þá grind, og var stöðin þannig opnuð fyrir vissum áttum, en um leið lokaðist fyrir straumurinn annarsstaðar frá, svo sem frá Íslandi. Síðan lagði jeg heyrnartækið að eyranu, og heyrði jeg þá greinilega hljóðfærasláttinn frá sönghöll í London. Annars var þetta áhald aðallega til þess notað að taka á móti veðurfrjettum. Á sama hátt heyrði jeg nýlega hjer á loftskeytastöðinni ræður og hljóðfæraslátt frá París. Einstaka menn hafa hjer líka móttökutæki, sem ná til Frakklands og Englands. Þessi væntanlega útvarpsstöð hjer í Reykjavík á nú að geta sent inn á hvert heimili í landinu, gegn lítilfjörlegu gjaldi, söng og hljóðfæraslátt, ræður presta og þingmanna og hverskonar mælt mál, sem verða má til skemtunar og fróðleiks.

Móttökuáhöldin eru auðvitað nokkuð dýr. Sæmilega góð áhöld til að taka á móti frjettum frá París eða London kosta um 1500 kr. Innanlands er ætlast til, að nægja muni áhöld, sem ekki kosta meira en 100—200 kr. Það þarf sterkari og dýrari móttökutæki til að ná frjettum frá fjarlægri en nálægri stöð. En jeg vil

leggja áherslu á það, að stjórnin sjái um, að ekki verði byrjað á þessu fyrirtæki nema stöðin nái til alls landsins. Von um peningalegan hagnað af þessu má gera ráð fyrir í sambandi við sjávarútveginn. Í Noregi er þegar allmikið farið að nota útvarp til að vara sjómenn við óveðrum. Hafa þeir móttökuáhöld í bátum sínum og hlusta á ákveðnum tímum eftir veðurskeytum, sem út eru send frá veðurfræðistöðvunum. Mætti okkur vera það mikið gleðiefni, ef útvarpið gæti orðið til þess að verja líf sjómannanna og draga úr hinum tíðu slysförum. Má og vel vera, að sveitirnar hafi nokkurt fjárhagslegt gagn af þessu viðvíkjandi veðrum á sumrin, en þó legg jeg ekki eins mikið upp úr því og hinu, að með þessu móti kemst fólk, sem hefir lítil skilyrði til að standa í sambandi við umheiminn, í snertingu við höfuðstrauma þjóðlífsins; það fylgist betur með því, sem gerist, finnur minna til einangrunarinnar og kann þar af leiðandi betur við sig heima. En til sönnunar því, hve mikla breytingu þetta gæti haft í för með sjer, skal jeg aðeins láta þess getið, að í gær hitti jeg mann nýkominn austan af Bakkafirði, og höfðu honum ekki ennþá borist nein tíðindi af þinginu, þó nú sje komið langt á þriðja mánuð af starfstíma þingsins. Þetta sýnir vel, hve samgöngurnar eru litlar og erfiðar á okkar landi, og er ekki nema eðlilegt, að gáfaðir menn, sem löngun hafa til að fylgjast með, kunni slíku illa. En með þessari aðferð getur nú fólk gegn 25—30 kr. árgjaldi fengið daglegar frjettir og auk þess hlustað á ræður, söng o. fl., sem sjeð yrði fyrir. — Þetta eru aðeins örfáir drættir, sem leikmaður getur sagt um málið. Margir gera sjer vonir um, að víðboðið sje eitt helsta menningartæki framtíðarinnar, og ekki síst ætti það að geta haft víðtæka þýðingu á Íslandi.

Jeg vil að lokum benda á það, að hjer er aðeins um heimild að ræða. Máske finnur þjóðin síðar meir betri tök á þessu, og er það þá á valdi þm., sem þá verða, að ráða um útvarpið.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 455).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 537).

---

49. Seðlaútgáfa.

Á 68. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [*Seðlaútgáfa*] (þmfrv., A. 459).

Á 69. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg vil aðeins geta þess, að þetta frv. er borið fram að ósk hæstv. fjrh. (JÞ). Nefndin er samþykk þessu frv. Það er nauðsynlegt, þar sem frv. stjórnarinnar um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar nær auðsýnilega ekki fram að ganga. Óska jeg, að umr. um þetta geti orðið sem stystar; það er þegar búið að vera í nefnd og ætti ekki að þurfa að tefja þar lengur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., fimtudaginn 7. maí var frv. tekið til 2. u m r.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., föstudaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 459).

Á 76. fundi í Nd., laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., mánudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 538).

---

50. Útflutningsgjald.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl. (þmfrv., A. 230).

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Jakob Möller: Mjer skilst, að málið eigi samkvæmt venju að athugast í fjhn. Þetta er skattamál, og jeg veit ekki til, að slík mál hafi nokkurn tíma verið afgreidd án þess að athugast fyrst í nefnd. *(Fjrh. JP:* Það má bíða til 2. umr.). Já, að vísu, en það kemur í bága við þingsköpin. Jeg skil ekki, að svo mikið liggi á, að ekki megi nú þegar vísa málinu til nefndar.

Þetta frv. er, eins og kunnugt er, borið fram í sambandi við frv. um ræktunarsjóð Íslands. Það hefir verið mikið um það talað, að með þessu væri rjett fram hönd sjávarútvegarins til landbúnaðarins. Og því verður ekki neitað, að búnaðarfjelagsnefndin hafi komið með framrjetta hönd, en mjer er nær að halda, að sú hönd verði ekki skoðuð sem hönd alls sjávarútvegarins. Þarna er farið fram á að leggja skatt á útgerðina. Mjer finst undarlegt, að um leið og farið er fram á linun á sköttum, sem á útgerðinni hvíla, skuli vera borið fram frv. sem gengur í þá átt að leggja nýja skatta á hana. Hjer liggur fyrir stjfrv. um linun á tekjuskattinum. Jeg sje ekkert samræmi í því að samþykkja frv. um lækkun tekjuskatts og jafnframt því hækkun útflutningsgjalds. Jeg fyrir mitt leyti get ekki með nokkru móti fallist á þetta. Þetta frv. fer fram á tvent. Í fyrsta lagi að hækka útflutningsgjald á sjávarafurðum, og er ætlast til, að sú hækkun renni í ræktunarsjóð Íslands. Mjer er nú nær að halda, að óhætt væri að fara af stað með það, sem sjóðnum hefir þegar verið sjeð fyrir, meðal annars með framlagi frá Landsbankanum. Þetta var látið nægja í fyrra, og mætti bíða og sjá, hverju fram yndi til næsta þings. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að þetta gjald renni síðar í ríkissjóð, til þess að standast kostnað við strandvarnir. Því verður ekki neitað, að þann kostnað er sanngjarnt að leggja á sjávarútveginn, en jeg held því eindregið fram, að athuga beri, hvort rjett sje að taka kostnaðinn á þennan hátt. Það er töluvert „princip"-mál, hvort byggja eigi á útflutningsgjaldinu sem tekjustofni fyrir ríkissjóð yfirleitt. Ef þetta verður ekki samþykt, yrði vitanlega að taka fje til landhelgisgæslu af öðrum tekjum ríkissjóðs. Þetta er sjálfsagt að athuga á venjulegan hátt í nefnd, án tillits til þess, hvað gert sje ræktunarsjóðsins vegna. Hvað ræktunarsjóðinn snertir, lítur út fyrir, að einu megi gilda, hvað hv. þdm. dettur í hug að fara fram á. Það er alt samþykt. Nú er búið að skylda ríkissjóð til að leggja fram 1 miljón. Svo er 1½ miljón tekin af Landsbankanum. Sem sagt virðist þessu engin takmörk sett.

Öðru máli er að gegna með fjárveitingu til sjávarútvegarins, t. d. til vitabygginga. Það var ekki svona ríflegt. Ætti að minsta kosti að fást leyfi til að athuga í nefnd þá hlið málsins, sem eingöngu varðar sjávarútveginn, og held jeg fast við þá till. mína, að málinu verði vísað til fjhn.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg ætla ekki að tala frekar fyrir þessu frv., en lýsi yfir því, að jeg mun fella mig við, að því verði vísað til fjhn., enda þótt jeg telji það óþarft, til þess að eiga ekki á hættu, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fari að tala sig dauðan í þessu máli.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg styð þá till. háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að málinu verði vísað til fjhn., og vona jeg, að hún aðhyllist þá skoðun mína, að ekki eigi að stofna til stöðugs skatts, heldur eigi gjald þetta aðeins að vera í gildi meðan ríkissjóður er að inna af hendi skyldur sínar við ræktunarsjóð Íslands.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 12:2 atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, n. 331).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg hefi litlu við að bæta nál. á þskj. 331. Eins og það ber með sjer, þá leggur fjhn. til, að frv. verði samþykt.

Ef frv. um ræktunarsjóð Íslands nær fram að ganga, þá er sýnilegt, að eitthvað verður að gera til að sjá ríkissjóði fyrir tekjum, til að jafna á móti framlagi hans til ræktunarsjóðsins. Og er þá um það eitt að velja, á hvern hátt það verði gert, og úr því leysir þetta frv.

Þær till. aðrar, sem helst þykja geta komið til greina, og sem vísað er til í nál., eru kunnar hjer í hv. deild. Hefir nokkuð verið um þær rætt og þær ástæður metnar, sem mæla með og móti hverri fyrir sig. Munu þær á engan hátt vera líklegri leiðir til að leysa úr um framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðsins, hvorki í sjálfu sjer nje til að ná meirihlutafylgi í þinginu. Þykir mjer ekki ástæða til að hefja verulegar umræður um þær á ný, enda liggur ekki fyrir til atkvæða nú annað en þetta frv.

Það, sem einna ákveðnast hefir verið haft á móti þessu frv., er það, að með því yrði útflutningsgjaldið gert að föstum skatti. Út af því skal jeg aðeins taka það fram, sem áður hefir verið bent á, að svo er í raun og veru ekki vegna framlagsins til ræktunarsjóðsins. Vegna þess þarf frv. ekki að vera í gildi nema nokkur ár. Hinsvegar má það ef til vill fremur til sanns vegar færa að því er kemur til framlagsins til landhelgisgæslunnar. Þó er auðvitað altaf opin leið til að fella þessi lög úr gildi eins og hver önnur lög, ef þá er jafnframt sjeð fyrir tekjum í þessu hvorutveggja skyni á annan hátt. En þar sem telja má fullráðið, að aukin verði landhelgisgæslan, og að af því leiðir stórum aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þá leiðir af því einnig, að auka verður tekjur hans með auknum, föstum tollum eða sköttum í einni eða annari mynd. Og þá er álitamál, hvort það verður gert á annan hátt eðlilegri en þennan. Og það má einmitt telja höfuðmeðmæli með þessu frv., að það sjer fyrir þörfum ríkissjóðs í hvorutveggja þessu skyni, bæði framlaginu til ræktunarsjóðsins og tekjuauka til aukinnar landhelgisgæslu.

Frekar sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. þetta meðan engin mótmæli koma fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 230).
Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 230, n. 525).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jónas Jónsson): Þessi breyting á lögunum um útflutningsgjald er afleiðing af frv., sem samþykt hefir verið hjer, stækkun ræktunarsjóðsins. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að lagt verði á dálítið nýtt útflutningsgjald, sem aflar ríkissjóði sem næst 1 milj. kr. tekjum. Á það að bæta ríkissjóði upp þá miljón, sem hann samkvæmt hinum nýju lögum um ræktunarsjóðinn á að leggja honum í viðbót við söluverð þjóðjarða. Þessar upphæðir eiga svo að vera sá fasti kjarni og sú undirstaða, sem aðaltekjulind sjóðsins, verðbrjefasalan, á að styðjast við.

Saga þessa máls er sú, að mörg undanfarin ár hefir verið tilfinnanleg vöntun á lánsstofnun fyrir landbúnaðinn og til þess að byggja hús í kaupstöðum. Sjerstaklega þó síðan veðdeildin varð miður hæf til þess að vera fasteignalánsstofnun. Í tilefni af þessum vandræðum fól þingið 1919 stjórninni að láta undirbúa þetta mál, og valdi þáverandi atvrh. (SJ) ungan og efnilegan lögfræðing, Böðvar Bjarkan, til starfsins. Dvaldi hann svo mikinn hluta úr ári erlendis og rannsakaði fasteignabanka erlendis og kynti sjer málið yfir höfuð mjög vel. Lagði hann svo fyrir Alþingi skýrslu sína, sem var heil bók, er því miður hefir aldrei verið prentuð, því að þar er margur fróðleikur, sem að gagni má verða.

Upp úr þessari rannsókn Böðvars Bjarkans komu svo veðbankalögin, sem samþykt voru 1921, þrátt fyrir mikla mótstöðu vissra manna, meðal hverra háttv. 2. þm. G.-K. (BK) var hjer í þessari deild. En í neðri deild lagðist þverast í götu þess núverandi fjrh. (JÞ). En síðan kom kreppan. Þótti þá ekki viðkunnanlegt, að nýjar stofnanir tækju til starfa, þegar aðrar voru að hrynja. Í fyrra bar svo þm. Str. (TrÞ) fram frv. um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbankann. Var það bygt á því, að Landsbankinn hjálpaði bændum um sjerstaklega hagstæð lán gegn fasteignaveði. Var litið svo á, að bankinn gæti bundið töluvert fje í húsa- og jarðabótum með lægri vöxtum

en fje það, sem stendur í hinum áhættusömu fyrirtækjum. Það er nú orðið öllum kunnugt, að stjórnin sýndi þessu máli sömu tregðu og á leið þess gegnum þingið. Hún þverskallaðist við að setja deildina á stofn þangað til hún þorði ekki annað vegna yfirvofandi vantrausts. En það var ekki fyr en rjett fyrir þingbyrjun að hún ljet undan. Þá komu nefnilega svo sterkar kröfur utan af landi, að hún sá sjer ekki annað fært en að verða við þeim.

Þegar það varð sýnilegt, að stjórnin reyndi að eyða málinu, skipaði Búnaðarfjelag Íslands þriggja manna nefnd til þess að rannsaka það. Í nefnd þessari áttu sæti tveir forkólfar landbúnaðarins og einn útgerðarmaður, sem sýnt hefir nokkurn áhuga á búnaðarmálum. Samdi nefnd þessi svo frv. um ræktunarsjóð hinn nýja, sem búnaðarþingið samþykti.

Þegar stjórnin sá nú, í hvert óefni stefndi fyrir henni, greip hún til yfirborðsúrræða, gerði einskonar skrípamynd af frv. Búnaðarfjelagsins og lagði fyrir þingið. Þessu frv. var vísað í nefnd í Nd. og var þar tekið það ráð að taka ytra form stjfrv., en blása inn í það andanum úr frv. Búnaðarfjelagsnefndarinnar, í því skyni, að sá flokkur, sem er einna öflugastur hjer í þinginu, skyldi ekki finna sig móðgaðan þó þessu fátæklega frv. stjórnarinnar væri enginn annar kostur gerður en að nota af því umbúðirnar.

En afstaða stjórnarinnar og þeirra, sem henni fylgja, hefir helst lýst sjer í því, að hæstv. landsstjórn hefir frá byrjun lagt hina mestu stund á það að fjölga embættum í þessu sambandi, eins og jeg hefi áður vikið að, og eins hinu, að hún gæti útdeilt gæslustjórapóstunum við þessa stofnun til sinna vildarvina. Nú í dag hefir stjórnarflokknum tekist að vinna þennan sigur í hv. Nd. Og honum hefir hepnast meira. Honum hefir einnig tekist að koma því ákvæði inn í frv., að þessi stofnun skuli ekki sameinast veðbankanum, þó hann komist á stofn. Það er því ekki sýnilegt, að annað hafi vakað fyrir hæstv. fjrh. í þessu atriði en það að eyðileggja búnaðarlánadeildina sem bráðabirgðaúrlausn fyrir bændur og veðbankann sem framtíðarúrlausn fyrir landið í heild sinni, og það, sem fengist í staðinn, væri og yrði aldrei annað en tómur pappír. Það er eingöngu að þakka Búnaðarfjelaginu og nefnd þeirri, er það valdi, og andstæðingum stjórnarinnar í þinginu, ef lögin koma að gagni. Þá verður ekki komist hjá því að minnast lítið eitt á þrákelkni stuðningsmanna stjórnarinnar að stofna hjer nýtt embætti. Jeg vil minna hæstv. fjrh. á það, að hann var potturinn og pannan í því, að stofnað var í hitteðfyrra sjerstakt embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum. En þegar fyrv. fjrh. (KlJ) sá, að embættið yrði ekki lagt niður eins og kosningar fjellu, veitti hann það manni, sem vel var til þess hæfur, en andstæðingur núverandi stjórnar. En þá vildu Íhaldsmenn gjarnan drepa það embætti, úr því þeirra flokksmaður gat ekki notið þess. Þeir höfðu ekki stofnað embættið vegna landsins, heldur flokksins. Jeg finn ástæðu til þess að drepa á þetta, því menn eiga von á því, að eitthvað líkt eigi nú að gerast aftur, og að þetta forstöðumannsembætti, sem hjer er stofnað í trássi við till. Búnaðarfjelagsnefndarinnar, sje ætlað manni, sem stendur nærri hæstv. stjórn og vantar atvinnu. Verður þá líklega starfið veitt í trausti hins fornkveðna, að þeim, sem guð gefur embætti, gefur hann

vit til að fara með það. Sá, sem við starfinu á að taka, hefir ef til vill enga sjerstaka yfirburði yfir aðra í því að kunna að fara með peninga og knýja fram ræktun þessa lands, eins og ætti og þyrfti að vera. Aðalatriðið er fyrir hæstv. fjrh., að það sje stjórnin, sem veitir starfið sem trúrra þjóna verðlaun. Jeg sje, að hæstv. fjrh. (JÞ) lítur með velþóknun á það, að allir flokksmenn hans eru gengnir út úr deildinni. *(Fjrh. JÞ:* Það eru nú fleiri). Jeg álít, að það sje sem fyr vottur um það, að þeim sje nóg að vita, að það ranga á að gerast, en kæri sig ekki um að heyra um það talað. Sem sagt, það var beitt gífurlegu kappi til þess að skapa þetta embætti, og eins hitt, að Búnaðarfjelagið fengi ekki að tryggja það, að gæslustjórarnir yrðu fyrst og fremst menn, sem hefðu þekkingu og áhuga í þessu efni. Jeg hlakka til þess á næsta þingi, þegar þessi dýrlega stofnun er komin á, að geta lýst aðdáun minni á mannvalsviti stjórnarinnar, sem jeg tel víst, að svari til þeirrar elju, sem hún og stuðningsmenn hennar hafa sýnt í því að búa þessi embætti til. Þetta snertir alt sögu þessa frv., sem hjer á að ræða um. Það lítur út fyrir, að gagnið af lögunum um ræktunarsjóðinn verði einkum bitlingar fyrir 2—3 menn, sem þurfa einhvers lítilræðis við fyrir þægð sína við stjórnina, og að öðru leyti kunni að vera, að til einhverra nytja verði fyrir bændur, vegna þess að tekin voru upp í frv. aðalatriðin úr frv. Búnaðarfjelagsnefndarinnar. En eins og nú virðist til stofnað, þá er varla vert að gera sjer miklar vonir um framtíðarstarf þessarar stofnunar, þegar frá er tekið það fje, sem stofnuninni er lagt til með lögunum. Hinsvegar er mjög lítil ástæða til þess að vænta mikils af sölu brjefa, einkum ef ljelegur maður stýrir stofnuninni, sem hvorki hefir vit nje getu til þess að koma brjefunum í verð utanlands nje innan. Það er öllum kunnugt, að það gengur oft illa að selja veðdeildarbrjef, sem falla í verði vegna hinna lágu vaxta. Annars er gert ráð fyrir því, að þessi stofnun taki það háa vexti, að ef íslensk króna á að hækka upp í gullgengi á næstu 15 árum, þá eru lán með þeim vaxtakjörum mjög óhagstæð og varhugaverð. Og auk þess er engin trygging fyrir því, að brjefin seljist nema með stórum afföllum. Þess vegna, þó hv. 1. þm. Rang. (EP) sje mjög þakklátur hæstv. stjórn fyrir afgreiðslu þessa máls, þá get jeg ekki tekið undir þá lofgerð. Jeg finn ekki betur en að stjórnin hafi gert alt, sem hún hefir getað, til þess að hindra framgang málsins í gagnlegu formi. Hæstv. fjrh. hefir beitt sjer gegn því, að við fengjum sterkan fasteignabanka og verið Þrándur í Götu búnaðarlánadeildar, ekki viljað aðhyllast tillögur Búnaðarfjelagsins. Hann hefir barist hart fyrir því að stofna hjer embætti, sem fullur grunur leikur á, að sje gert til þess að koma ákveðnum manni á framfæri.

Hvað viðvíkur hinum lið þessa máls, þeim skatti, sem hjer er um að ræða, þá vil jeg geta þess, að upphaflega var það ætlun búnaðarfjelagsnefndarinnar, að það yrði aðeins bráðabirgðaskattur, sem lagður yrði á útfluttar vörur um nokkurra ára skeið í því skyni að afla sjóðnum veltufjár. En þessu var breytt í hv. Nd. fyrir áhrif útvegsmanna, og skal jeg ekki lasta það, því það stefnir að nokkru leyti í rjetta átt. Því þegar þetta útflutningsgjald, sem er að meira leyti greitt af sjávarafurðum, gengur til strandvarnanna, þá er ekki annað hægt að segja um það en að það sje skynsamlegt. Þegar bætt er á nýjum kostnaði, þá er rjett, að þingið sjái fyrir

nýjum tekjum. Nú er gert ráð fyrir því, að bygt verði nýtt strandvarnaskip, og ganga þá tekjurnar af þessum skatti að miklu leyti til þess að gera það út. Og það hefði farið betur t. d. þegar berklavarnalögin voru sett, að menn hefðu þá gert sjer ljósan þann kostnað, sem af þeim leiddi, og miðað lögin við þá raunverulegu gjaldstofna, sem fyrir hendi voru til þess að mæta kostnaðinum. Jeg get því ekki annað en játað, að jeg kann í aðalatriðunum vel við þetta frv., þó máske mætti finna að einstökum atriðum, t. d. láta útflutningsgjaldið skiftast milli strandvarnanna og ræktunarsjóðsins. Jeg tel því rjett að samþykkja þetta frv. um útflutningsgjald, ekki eingöngu vegna bráðabirgðahjálpar við ræktunarsjóðinn, heldur líka til þess að tryggja rekstur strandvarnaskipsins. En jeg vildi ekki láta það hjá líða að láta það koma fram, að ekki er hægt með skynsamlegu viti að búast við því, að þessi lánsstofnun hafi mjög mikla þýðingu, þó hún sje að vísu spor í áttina, þegar þess er gætt, að alt það fje, sem til hennar er lagt, andvirði þjóðjarða, framlag Landsbankans og þessi nýi skattur, nemur ekki meiru en svarar andvirði fáeinna togara. Það er því ekki rjett að gera sjer neinar tyllivonir um þetta úrræði, því fremur sem lánin verða dýr og óhagkvæm, og engin vissa fyrir því, að nokkuð verulegt sje hægt að leggja upp úr sölu verðbrjefa. Jeg get mint háttv. 1. þm. Rang. (EP), sem er form. landbúnaðarnefndar, á það, að hann hefir nú saltað fyrir mjer frv., sem töluvert hefir verið talað um hjer og hann sjálfur óskaði eftir að fá að drepa við 1. umr. Jeg býst við því, að þó að þessi hv. þm. hafi greitt atkvæði á móti því máli nú og síðan saltað það, þá muni það ekki verða svo til lengdar. Jeg býst við því, að þegar bændur og allur landslýður sjer, hve fánýtt þetta úrræði er fyrir alla þá, sem nýbýli vilja reisa og nýræktun efla, — þegar það er komið í ljós, hve langt sú hjálp nær, sem hæstv. fjrh. (JÞ) lagði til með frv. sínu, þá verði frv. mitt haft í meiri metum en það hefir átt að fagna hjá hv. form. landbn. (EP) og hv. skrifara hans (HSn).

Forseti (HSteins): Með því að áliðið er fundartímans og fundur ákveðinn í sameinuðu þingi kl. 5, þá er þessum fundi frestað, en verður síðan haldið áfram að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Eggert Pálsson: Jeg vildi út af ræðu hv. 5. landsk. (JJ) segja nokkur orð. Jeg ætla ekki að svara hinum illgirnislegu aðdróttunum hans í minn garð og annara Íhaldsflokksmanna að því er snertir meðferð ræktunarsjóðslaganna. Jeg ætla líka að láta hann eiga sig með hrakspár sínar um það, að ræktunarsjóðslögin muni verða þjóðinni að litlum notum. Reynslan mun leggja sinn dóm á þær, og reynslan er ólygnust. Jeg ætla aðeins að svara þessum hv. þm. fáum orðum út af því, sem hann beindi til landbúnaðarnefndar út af meðferð hennar á frv. hans um byggingar- og landnámssjóð. Hv. þm. bar alla sök á mig og meðnefndarmann minn, háttv. 3. landsk. (HSn), fyrir að landbn. hefir setið á frv. þessu.

Sannleikurinn er sá, að við háttv. 3. landsk. vorum reiðubúnir að senda málið þegar í stað til deildarinnar aftur. En þriðji nefndarmaðurinn, flokksbróðir hv.

5. landsk., hv. 2. landsk. (SJ), æskti þess, að málið væri látið bíða, að minsta kosti þangað til sjeð væri fyrir enda ræktunarsjóðsfrumvarpsins. Og þar sem þessi hv. þm. er í alla staði heiðvirður maður og okkur skildist, að hann hefði óþægindi af frv. þessu, þá urðum við við þessum tilmælum hans. Þetta býst jeg við, að hv. 5. landsk. (JJ) hafi vitað og viti, og hafi enda verið og sje ánægður í hjarta sínu með meðferð nefndarinnar á frv. hans. Því við nánari yfirvegun hefir hann hlotið að sjá, að frv. hans var ekki frambærilegt, þótt honum hefði orðið á að varpa því inn í þingið. Ef hv. þm. hefði verið mjög óánægður með þessa meðferð á málinu, myndi hann hafa haft einurð á því, fyr en að þinglausnum var komið, að nefna það, annaðhvort einslega eða opinberlega, annaðhvort við nefndina eða hæstv. forseta, að hann vildi fá málið fram. En það hefir hann ekki gert fyr en nú, að komið er að þingslitum. Jeg hefi líka ástæðu til að efast um, að hann hafi nokkru sinni ymprað á því einslega við þann flokksbróður sinn, sem sæti á í nefndinni, því að jeg trúi því trauðlega, að hann hefði skelt skolleyrunum við þeirri ósk hv. 5. landsk., og dulið okkur hina meðnefndarmenn sína þess, að hv. 5. landsk. vildi fá málið fram og hann sjálfur æskti eftir að svo yrði gert. En þrátt fyrir það, þótt háttv. 5. landsk. hlyti þannig að vita, hver orsökin var, að umrætt frv. kom ekki frá nefndinni, og hann væri sjálfur alls ekki óánægður með þá ráðstöfun, þá hikar hann þó ekki við nú að skella skuldinni fyrir dráttinn á þessu máli á okkur tvo, háttv. 3. landsk. og mig. Slík framkoma dæmir sig sjálf og sýnir, eins og svo margt fleira, hversu ósýnt hv. 5. landsk. er um það að feta götu sannleikans og sanngirninnar, þótt í smáu sje.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal strax geta þess, að frv. það, sem hjer er til umræðu nú, er ekki borið fram af mínum hvötum eða stjórnarinnar. Jeg hefði talið æskilegt, að ekki hefði þurft að hækka skattana nú frekar en orðið er. Og jeg álít, að vegna ræktunarsjóðslaganna sje það ekki öldungis óhjákvæmilegt. Jeg tel nefnilega, að hægt muni að tryggja sjóðnum þá upphæð, sem lögin gera ráð fyrir, án þess að gripið sje til skatthækkunar. Um þetta hefir mikið verið rætt, þó ekki hafi það verið á þingfundum, og niðurstaðan hefir orðið sú, að menn óska eftir, að sú ráðstöfun, sem þetta frv. fer fram á, sje gerð; telja tryggilegra, að fjeð sje nú þegar útvegað á þennan hátt. Líka hefir það verið sett í samband við væntanlega þörf ríkissjóðs á tekjuauka, þegar hann fær til rekstrar tvö eða fleiri strandvarnaskip. Þó jeg líti nú svo á, að full þörf tekjuauka í þessu skyni sje ekki fyr en 1927, þá get jeg þó ekkert haft á móti þessu, því allur er varinn góður.

Þótt frv. þetta sje nú ekki borið fram af mínu frumkvæði, heldur af tveimur nefndum í hv. Nd., þá verð jeg eigi að síður að mæla með, að það verði samþykt, til þess að ekki sje vikið frá þeim ákvæðum, sem samkomulag hefir orðið um að setja í ræktunarsjóðslögin.

Jeg hefði ekki haft meira að segja í þessu máli, ef háttv. 5. landsk. hefði ekki gefið mjer tilefni til nokkurra athugasemda með sinni frábæru ræðu við fyrri hluta þessarar umr. Þessi ræða hv. þm. var ekkert óvenjuleg. Hún hafði sama snið og vant er. En jeg gat ekki að því gert, að í þetta sinn minti hann mig á eina hina mestu andstæðu sjálfs sín, sem veraldarsagan getur um, spekinginn Demosþenes. Hann lifði á hnignunaröld hell-

enskrar menningar, en hv. 5. landsk. lifir á endurreisnaröld íslenskrar menningar. Demosþenes var afburða mælskumaður, en hv. 5. landsk. er ljelegur froðusnakkur. Demosþenes var lítillátur og fanst hann þurfa að æfa sig, enda þótt hann skaraði fram úr öðrum, en hv. 5. landsk. er stærilátur og finst hann ekki þurfa að æfa sig í mælsku, en æfir sig í þess stað í ósannsögli. Demosþenes leitaði úr fjölmenninu niður að sævarströnd og æfði sig þar og hafði þögula kletta fyrir áheyrendur, en hv. 5. landsk. stendur hjer við sæti sitt, og þingmenn leita burt úr deildinni, svo ekkert stendur eftir nema þögulir stólarnir eins og klettar á sævarströnd. Demosþenes neytti gáfna sinna til þess að tala kjark og samheldni í landa sína, en hv. 5. landsk. notar gáfur sínar til þess að sá eiturormum sundurlyndis og úlfúðar meðal sinna landsmanna. Demosþenes varð mikið ágengt, enda þótt rás viðburðanna yrði yfirsterkari að lokum, en hv. 5. landsk. verður lítið ágengt. Sagan geymir nafn Demosþenesar sem eins hins mesta manns. Mun minning hans því ekki gleymast meðan saga er rituð, en hv. 5. landsk. gleymist að sjálfsögðu fljótt og öll hans verk.

Þessi samanburður flaug mjer í hug, þegar háttv. 5. landsk. þm. var að segja frá, hvernig lögin um hinn nýja ræktunarsjóð væru til orðin. Öll saga hans var ein samfeld æfing í ósannindum, sem ekki er fátítt hjá honum. Jeg ætla ekki að fara að rekja ræðu hans lið fyrir lið, en aðeins segja rjett og satt frá tildrögum ræktunarsjóðslaganna, án þess að fara að mótmæla ósannindunum í ræðu hv. þm.

Stofnun sjerstakrar lánsstofnunar fyrir landbúnaðinn hefir lengi verið áhugamál mitt. Jeg er uppalinn í sveit, og fram eftir æfi minni var starfsemi mín bundin við framfarir í sveitunum. Mjer varð fljótlega ljóst, að framfarir í sveitunum voru mjög hægfara, samanborið við framfarir sjávarþorpanna, og að þetta myndi ekki lagast, nema sveitirnar fengju greiðan aðgang að hagkvæmum lánum til umbóta; ekki til þess að hlaða á jarðirnar eða hafa til eyðslufjár, heldur til þess að gera varanlegar umbætur.

Það atvikaðist nú lengi svo, að jeg fjekk ekki tækifæri til að bera fram þetta áhugamál mitt. Jeg hefi að vísu einu sinni boðið mig fram í sveitakjördæmi, í Árnessýslu árið 1916. Hjelt jeg þar marga þingmálafundi, sem voru mjög vel sóttir, og gerði þar grein fyrir nauðsyn slíkrar lánsstofnunar. En sem betur fór, varð jeg fyrir því láni, *(JJ:* Að dumpa), að forsjónin hlífði mjer við því að fara á þing í það sinn, og losaði mig þar með við alla ábyrgð á því, sem gerðist í löggjöf og stjórn árin 1917 til 1921. Og það er eitt af því marga og mikla, sem jeg er forsjóninni þakklátur fyrir að hafa varðveitt mig frá.

Átti jeg svo ekkert sjerstakt tækifæri til þess að framfylgja þessu áhugamáli mínu, fyr en á þinginu 1921. Þá var fleygt inn í þingið lítt undirbúnu af stjórnarinnar hálfu, og yfirleitt að öllu leyti, frv. til laga um ríkisveðbanka Íslands. Jeg gerði þá þegar alt, sem jeg gat, til þess að fá því til vegar komið, að ræktunarsjóðurinn yrði gerður að sjerstakri deild innan veðbankans, en till. mínar fengu enga eða litla áheyrn þá. Meðfram af þessu, og sömuleiðis fyrir þá sök, að jeg taldi málið ekki tímabært, varð jeg algerlega móti frv. að lokum. Reynslan hefir nú staðfest alt, sem jeg hjelt fram 1921. Lögin reyndust ótímabær, því þau eru

ekki komin í framkvæmd enn, og fleira hefir komið fram af því, sem jeg sagði þá.

Á síðasta þingi var svo enn sett ný, en mjög ófullkomin löggjöf um þetta efni, og á jeg þar við lögin um búnaðarlánadeildina. Við umræðurnar um það mál í þessari háttv. deild í fyrra lýsti jeg því yfir, að gefnu tilefni frá háttv. 1. þm. Rang., að hver svo sem niðurstaðan yrði um frv. til laga um búnaðarlánadeildina, þá myndi jeg fyrir þetta þing undirbúa frv. um endanlega úrlausn á þessu nauðsynjamáli landbúnaðarins. Og var mjer ljúft að nota tækifærið til þess að beina áfram gömlu áhugamáli mínu. Bjó jeg svo til uppkast að frv. í þessa átt og sendi stjórn Búnaðarfjelags Íslands. Út af því setti svo Búnaðarfjelagið nefnd þá, er síðar er kunn orðin.

Á einum af fyrstu fundum þeirrar nefndar kom hún fram með uppástungu um að hafa lánsstofnunina alveg sjálfstæða og byggja hana upp á ræktunarsjóðnum. Jeg sagði nefndinni, að jeg teldi þetta rjetta úrlausn, en að jeg hefði ekki viljað bera það fram af hlífð við ríkisveðbankann, því eftir þeim lögum var þegar búið að ráðstafa ræktunarsjóðnum. En ef þeir vildu bera hana fram, skyldi jeg leita fyrir mjer meðal minna flokksmanna, og einn nefndarmaðurinn nákominn Framsóknarfl. meðal sinna. Þetta gekk greiðlega fyrir mjer og sæmilega fyrir hinum, og eftir það afrjeð nefndin að byggja tillögur sínar á ræktunarsjóðnum. Í þetta frv. sitt tók Búnaðarfjelagsnefndin mörg ákvæði, sem jeg hafði sett í uppkast mitt að lögunum, og jeg get sagt, að flest nýmæli, sem nú eru komin inn í ræktunarsjóðslögin, þau voru fyrst í uppkasti stjórnarinnar, sem búnaðarfjelagsnefndin hafði til meðferðar.

Um gang þessa máls á þingi er fátt að segja. Stjfrv. var samið á grundvelli frv., sem Búnaðarfjelagsnefndin hafði gert, og bæði frv. borin fram og vísað til nefndar, sem að meiri hl. til var andstæð stjórninni. En hún ljet ekki afstöðu sína til stjórnarinnar hafa áhrif á málið. Hún lagði frv. stjórnarinnar til gundvallar, af því að henni leist það fullkomnara.

En út af því, sem sagt var á búnaðarþingi um þetta mál, skal jeg geta þess, að stjfrv. varð síðbúið, þannig að það var ekki komið til konungs, þegar búnaðarþingið var háð. Og þar sem ekki var unt að láta frv. koma til opinberrar umræðu fyr en samþykki konungs var fengið til þess að það gæti komið fram sem stjfrv., þá var ekki hægt að leggja það fyrir búnaðarþingið, og varð að synja um, að það yrði tekið þar til meðferðar. Það var lagt hjer fram sama dag og samþykki konungs var veitt.

Þegar því hv. 5. landsk. (JJ) segir, að þetta frv. hafi verið að engu haft, þá er það vísvitandi blekking. Einnig það, að stjórnin hefði lagt mesta áherslu á að breyta til um skipun forstjóra og stofna nýtt embætti. Mjer þykir þetta undarlegt, þar sem frv. er búið að ganga gegnum 7 umræður og engin brtt. komið fram um þetta. Og jeg veit ekki annað en að flestir sjeu sammála um, að sú skipun, að hafa forstjóra með 800 kr. launum, eins og búnaðarfjelagsnefndin stakk upp á, sje ófullnægjandi. Hann gaf í skyn, að þetta væri ætlað þurfamanni nálægt stjórninni, og ljet sjer því ekki nægja að segja alla sögu málsins rangt fram til þessarar stundar, heldur hjelt út í framtíðina og spáði. Mjer þykir rjettast, að söguleg frásögn endi á þeim tíma, sem atburðirnir gerast á. Út í aðrar rangfærslur hv. þm.

skal jeg svo ekki fara, en geri ráð fyrir, að umr. um þetta sje lokið af minni hálfu, enda er nú mál til umr. í hv. Nd., sem stjórnin verður að sinna.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í umr. þeirra hæstv. fjrh. (JÞ) og háttv. 5. landsk. (JJ). En vegna ummæla hæstv. fjrh. vildi jeg aðeins enn leggja áherslu á, að jeg er sannfærður um, að ríkisveðbanki er besta fyrirkomulagið. Og þó þetta frv. verði samþykt, og þó till. um sameiningu verði feld, þá er samt ekki loku skotið fyrir það, að sameining verði í framtíðinni. Jeg hefi áður skýrt allítarlega frá þessari aðstöðu minni.

Þá er hin takmarkalausa ábyrgð ríkissjóðs á ræktunarsjóðnum mjög athugaverð. Það getur verið, að ríkissjóður tapi ekki á þessu, en erlendis mun það þykja mjög einkennilegt og mun síst verða til að auka lánstraust vort, að vjer tökumst á hendur slíka ábyrgð á banka, en eftir undanfarandi ára reynslu erlendis eru menn mjög hræddir við slíkar stofnanir.

Þar sem ræktunarsjóðurinn hefir svo mjótt bak, þá má vera, að ómögulegt hefði verið að stofna hann án slíkrar ríkissjóðsábyrgðar, en öðru máli er að gegna með ríkisveðbankann, sem mundi fara á stað með sterkari stoð, meira stofnfje o. s. frv. Enda þegar rætt var um ríkisveðbankann, þá datt engum í hug að láta ríkissjóð hafa nema takmarkaða ábyrgð á honum. Jeg tel því sjálfsagt að sameina ræktunarsjóðinn ríkisveðbankanum, en hafa hann ekki sjerstakan eins og hjer er farið fram á, en fullnægja lánsþörfinni í sveitum og bæjum með sömu stofnuninni, ríkisveðbankanum. Jeg er sannfærður um, að ástæðan til þess, að ríkisveðbankinn hefir ekki þegar verið settur á stofn, er tregða Landsbankans. Sannarlega sje jeg ekki eftir því fje, sem ætlast er til, að ríkissjóðurinn leggi til þessarar lánsstofnunar, en jeg óska aðeins þess, að um leið og ríkissjóður tekur á sig slíkar byrðar, þá megi það verða landbúnaðinum að verulegu gagni. En ennþá er aðalhnúturinn í þessu máli óleystur, nefnilega sá, hvernig eigi að útvega landbúnaðinum ódýr lán; því það fer alveg eftir sölu brjefanna, en engin vissa eða líkur eru til, að þessi brjef seljist viðunandi. Það hefir aðeins lítið verið rannsakað erlendis, hvernig brjef þurfi að vera úr garði gerð til þess að seljast þar. Eggert Claessen bankastjóri, sem hefir í einni utanferð sinni athugað málið, fer meðal annars þessum orðum um málið:

„Jeg hefi því fyrir mitt leyti komist að þeirri niðurstöðu, að rjettast sje fyrir okkur að gerbreyta fasteignalánafyrirkomulagi okkar og taka upp lánafjelagafyrirkomulagið danska. Það lánafjelag í Danmörku, sem þykir hafa best fyrirkomulag, er Östifternes Kreditforening. Þegar jeg kom til London á leið til New York í lok október, voru 4½% veðbrjef frá Östifternes Kreditforening seld í London fyrir 95%. Þessi veðbrjef eru orðin þekt þar. Þykir það sjerstaklega tryggilegt að því er lánafjelög þessi snertir, að virðingagerðir á fasteignum eru framkvæmdar af mönnum, sem eru í fjelögunum og sameiginlegri ábyrgð fyrir lánunum. Enda hefir aldrei komið fyrir í Danmörku, að veðin hafi ekki verið nægileg fyrir lánunum. Ef við nú tækjum upp alveg sama fyrirkomulag sem Östifternes Kreditforening, ættum við að geta notið góðs af því áliti, sem veðbrjef þess lánafjelags hafa öðlast, og því fengið góðan, fastan markað í London fyrir veðbrjef okkar. Á þennan hátt tel

jeg ekki einungis mögulegt, heldur einnig hagkvæmast að greiða úr þeim óbærilegu vandræðum um fasteignalán, sem við eigum nú við að búa, svo framarlega sem menn yfir höfuð telja það fært að stofna meiri skuldbindingar fyrir Ísland erlendis en þegar er orðið. Því auðvitað er það, að ef verðbrjefin verða seld ytra, þá þarf árlega að greiða þangað í erlendri mynt vexti og afborganir.“

En þetta mál þyrfti, eins og jeg hefi vikið að oft áður, að rannsaka mjög ítarlega.

Jeg er sannfærður um, að þörfin á lánum til húsabygginga einnig í bæjum og kaupstöðum er svo mikil, að Alþingi getur ekki daufheyrst við henni. Þeir, sem byggja nú, verða að sæta afarkostum og fá alls ekki lán í bönkum. Og meðan ekki fást sæmileg lán til þess að byggja, verður húsaleigan einhver allra örðugasti þáttur í dýrtíðinni. Þar sem nú þörfin bæði í sveitum og kauptúnum fyrir ódýr, löng lán er svona mikil, bæði til húsabygginga og ræktunar, þá er auðvitað eðlilegast í þessu litla landi að fullnægja þessari þörf með einum banka. Spursmálið fyrir landbúnaðinn er óleyst með ræktunarsjóðnum. Ef ríkisveðbankinn og ræktunarsjóðurinn yrðu hvor út af fyrir sig, þá sje jeg ekki betur en stofnað verði til athugaverðrar samkepni milli brjefa beggja stofnananna. Það er mín innileg ósk, að þessu mjög svo vandasama máli verði ekki flaustrað af.

Frsm. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Rang. (EP) greip inn í umr. og mótmælti því, sem hann kallaði hrakspár mínar. Jeg hafði aðeins sagt kost og löst á málinu og það, að jeg hefði ekki sjerlega frú á því, vegna þess hvernig hæstv. fjrh. (JÞ) og fylgismenn hans hefðu tekið á málinu. Það situr nú ekki á prestinum að fordæma mig, þótt mjer yrði það að reyna að skygnast dálítið fram á veginn, þar sem það er brauðatvinna hans að reyna að fræða sóknarbörn sín um ókomna tímann.

Hann vildi ennfremur afsaka það, að hann og flokksbræður hans hefðu snúist á móti landnámssjóðnum. Mjer var altaf ljóst, að svo stór hugsjón gat ekki átt von á góðu frá honum. Það mál, hversu fjölga eigi býlum og efla ræktun landsins er of umfangsmikið hugsjónamál til þess, að viljalitlum og skilningssljóum mönnum sje til trúandi að bera gæfu til að fylgja því. Hv. þm. (EP) hefir ekki náð út yfir þetta mál, ekki fundið mikilvægi þess. Það er auðvitað mál, að engum dettur í hug að byggja nýbýli í sveit fyrir lánað fje með 6% vöxtum og máske 10% afföllum af brjefunum. Þeir, sem ekki sjá, að hjer þarf eitthvað að gera, eru að minsta kosti kjánar, eins og hæstv. forsrh. (JM) leyfði sjer að segja hjer í hv. deild. Þá verður að átelja hv. nefnd fyrir að hafa sest á þetta mál. Hinsvegar er ekki viðkunnanlegt, að flm. máls þurfi að biðja nefnd að gera skyldu sína, því hún á að gera það án þess. En sannast mun það, að hvernig sem um frv. þetta fer nú, þá mun hugmynd sú, sem liggur að baki því, reynast langlífari en sagan um þingsafrek hv. 1. þm. Rang. (EP).

Þá vík jeg að ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), og get jeg ekki að því gert, þó hann hafi kosið að vera fjarverandi. Hann líkti mjer við frægan mann, sem einu sinni var uppi á Grikklandi. Hafði jeg ekki hugsað mjer svo hátt að bera mig saman við þann mann. En nú vil jeg benda hæstv. ráðherra á, að ef Demosþenes væri uppi hjer nú, myndi hann áreiðanlega

bæði í blöðum og á annan hátt berjast af alefli móti útlenda valdinu og útlendu peningaáhrifunum. Og það vill svo vel til, að saga er til um það, hvernig ástandið var í Grikklandi á dögum Demosþenesar. Útlendu óvinirnir, sem ætluðu að brjótast inn í landið, lýstu Grikkjum svo, að vinna mætti hverja borg, þar sem asni, klyfjaður af gulli, kæmist inn um borgarhliðin. Þeir þektu fjegræðgi Grikkja og vissu, hve auðvelt var að vinna þá með því að gefa fje út. Varð það og bani hinnar frjálsu og glæsilegu grísku menningar. En það er eftirtektarvert, að þetta kemur fyrir á öllum hnignunartímum, að útlenda peningavaldið opnar borgarhliðin; afleiðingin verður ófrelsi og kúgun, sem síðan eyðileggur þjóðina. Hvort hægt sje að tala um hliðstæður hjer á Íslandi, skal ósagt látið, en helst mætti þá benda á þau dæmi, þegar blöð eru gefin út fyrir útlent fje og þeim dreift út um landið ókeypis í trássi við viðtakendur. Hæstv. fjrh. hjelt því fram, að jeg hefði stofnað til ófriðar hjer á landi. En jeg get bent honum á, að mitt starf hefir verið með öðrum hætti. Jeg hefi stuðlað að því með samherjum mínum, að sameiningarbrú gæti myndast milli hjeraðanna á Íslandi, og það hefir tekist svo vel, að slíks eru ekki dæmi áður. 40 hjeruð og bygðir kaupa nú og selja vörur sínar með frjálsum samtökum. Kaupmenn aftur á móti keppa hver við annan og reyna að rífa skóinn hver niður af öðrum, sjer og viðskiftamönnunum til óhags. Ásökun hæstv. fjrh. í minn garð er því alls ekki rjett. Jeg hefi reynt að byggja brú milli hjeraðanna og sameina þjóðina, en það verður varla sagt um þá menn, sem ganga í samband við Berléme hinn danska, sem gladdist yfir því, þegar Goðafoss strandaði og gerði gys að sjálfstæðisbaráttu okkar. *(Forseti:* Það er óviðeigandi að skamma fjarstadda menn). Jeg er aðeins að sýna fram á, hvaða menn það sjeu, sem eru að ala á sundurlyndi með þjóðinni og gefa út blöð, sem telja bændur landsins á að svíkja sjálfa sig.

Þá kem jeg að sjálfri vörn hæstv. fjrh. Hann sagði fyrst frá því, að hann væri fæddur og alinn upp í sveit og hefði þar drukkið í sig löngunina til að hjálpa bændum. Raunar játaði hann, að þessa hefði lítið gætt, nema hvað hann hefði talað um það austur í Árnessýslu, er hann var að sækjast eftir þingmensku þar, að hann vildi fá járnbraut þangað að ofanverðu og höfn neðan til. Og þarna er áhuga hans fyrir framförum sveitanna rjett lýst. Áhuginn blossar upp, þegar hann er að biðja um þingmensku í sveitakjördæmi. En líklega hefir þessi eldur áhugans ekki ljómað nógu skært, því að bændur vildu ekkert hafa með hann að gera. En nú kveðst hann ekki nógsamlega geta þakkað forsjóninni fyrir að hafa losað sig frá því að sitja á þingi 1917—1921. En þetta er árás á hans flokk, og hafi það verið gæfa að bera ekki ábyrgð á þáverandi stjórnarforseta, þá mun svipað mega segja um þann núverandi. Og það er alls ekki satt, sem hann sagði, að málið um fasteignabankann 1921 hafi verið illa undirbúið. Það var ítarlega rannsakað, bæði utanlands og innan, af manni, sem var mjög vel hæfur til þess, og sem hafði kynt sjer rækilega erlendar fyrirmyndir. Sýnir það, hvað hæstv. ráðherra (JÞ) er óáreiðanlegur, þegar hann kallar, að þetta mál hafi verið illa undirbúið. — Málið komst líka í gegn, en það var aðeins vegna þeirrar kreppu, sem var í landinu, sökum óstjórnar og ytri orsaka, að bankinn var ekki stofnaður.

Næsta sporið var svo löggjöfin um búnu-

aðarlánadeildina. Mikill hluti stjórnarflokksins studdi hv. þm. Str. (TrÞ) í því að koma henni í gegn, en það var skilningsleysi hæstv. ráðherra (JÞ) að kenna, að málið komst ekki í framkvæmd. Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir viljað kenna Landsbankanum um þetta, en fyrst hægt var að stofna búnaðarlánadeildina hálfu ári eftir, að til var ætlast, þá hefir áreiðanlega verið hægt að stofna hana eins strax. Að hæstv. stjórn ljet loks verða af því að stofna deildina, var einungis af ótta við það, sem líka hlaut að verða, að stuðningsmenn hennar neyddust til að samþykkja vantraust á hana, ef hún hjeldi áfram að tregðast.

Þá vildi hæstv. fjrh. (JÞ) verja sig með því, að hann hefði gert uppkast að lögum um ræktunarsjóðinn. Svo stóð á, að hann vissi, að öll þjóðin hafði kveðið upp áfellisdóm yfir honum vegna búnaðarlánadeildarinnar. Þess vegna gerði hann ómerkilegt uppkast að nefndu frv. og sendi það Búnaðarfjelaginu til yfirlestrar. Þar er sett nefnd í málið. Hún fann raunar lítið vit í hinu upprunalega frv., en semur nýtt og lætur hæstv. ráðh. (JÞ) jafnan vita, hvar málum sje komið. En hvað gerir hæstv. ráðh. (JÞ)? Hann tekur ekki upp breytingar þær til bóta, sem þessi nefnd gerði. Hann tekur ekki upp ákvæðið um, að Landsbankinn hjálpi og sleppir sömuleiðis útflutningstollinum. M. ö. o.: Hann leitar aðstoðar Búnaðarfjelags Íslands, tekur frv. þess, en fellir úr því alt það raunverulega og kallar svo hismið, sem þá er eftir, stjórnarfrv.! Hann kveðst ekki hafa látið búnaðarþingið sjá þetta frv. En það hefði þó óneitanlega verið eðlilegt, að svo hefði verið gert, því jeg man ekki betur en komið hafi verið svo nærri Alþingi, þegar búnaðarþingið starfaði, að vel hefði mátt leggja frv. fram fyrir það. Sannleikurinn mun vera sá, að hæstv. stjórn hefir ekki óskað að láta búnaðarþingið sjá frv. Hinsvegar mun því hafa verið fullkunnugt um, að hæstv. stjórn vildi ekki taka till. þess til greina, og því skoraði það á hv. þm. Str. (TrÞ) að bera þetta frv. fram. Sjást á þessu heilindi hæstv. fjrh. (JÞ), sem talar vel til bændanna, þegar hann býður sig fram í sveitakjördæmum, en berst svo á móti búnaðarlánadeildinni og daufheyrist við till. Búnaðarfjelags Íslands, en leggur fyrir þingið frv., sem búnaðarþingið vissi, að ekkert var á að græða, enda hefir nú Alþingi samþykt kjarnann úr viðbótartill. búnaðarþingsins. Ef hæstv. ráðh. (JÞ) hefði borið gæfu og vit til að vera með nefndinni, sem tók frv. hans til athugunar, þá hefði öðruvísi farið fyrir honum, en ólán hans var að geta ekki notfært sjer betri hugmyndir annara manna, fyrst hann sá ekki það rjetta sjálfur.

Þá vildi hæstv. fjrh. ennfremur verja sig með því, að hann hefði þó að minsta kosti ekki stofnað til óþarfra embætta, en hvað segir hæstv. ráðh. (JÞ) um till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að stofna ekki sjerstakt embætti við þessa deild, heldur hafa hana sem deild úr Landsbankanum? Það virðist yfirleitt hafa komið illa við hæstv. ráðherra (JÞ), sem jeg mintist á viðvíkjandi embættastofnunum. Hann gat þannig ekki borið á móti því, að blöð stjórnarflokksins hafa hamast út af veitingu bankaeftirlitsmannsembættisins, sem einmitt Íhaldsflokkurinn bjó til. En svo illa hafði tekist til, að það var ekki maður úr þeim flokki, sem embættið hlaut, eins og ráð hafði verið fyrir gert.

Búnaðarþingið hafði ekki hugsað sjer,

að búið yrði til sjerstakt embætti við þennan sjóð, heldur yrði hann falinn Landsbanka Íslands eða honum stjórnað á líkan hátt og söfnunarsjóði Íslands. En þó hæstv. fjrh. hefði felt tekjuaukann, þá hafði hann samt rænu á að stofna nýtt embætti við sjóðinn, og leikur ekki á tveim tungum, að það sje ætlað einum stuðningsmanni hæstv. stjórnar, sem stundum hefir átt nokkuð erfitt með að fylgja henni að málum. Og hvað sem um þetta er, þá verður því ekki neitað, að búnaðarþingið óskaði ekki eftir, að embættið yrði stofnað, og nær helmingur var á móti því í hv. Nd., en stjórnarflokkurinn var ákafur í að fá embættinu komið á. Ef þetta er ávöxtur af umhyggju fyrir bændum, þá er sýnilegt, að eðlilegra hefði verið að láta tekjuafgang sjóðsins renna í varasjóð, fremur en að búa til fyrir hann embætti, sem bændur sjálfir vilja ekki hafa með að gera. En það var nú svo, að þegar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kom með sína tillögu, þá voru allar hendur á lofti í Íhaldinu til að bjarga embættinu. En þá er gæfa hæstv. ráðh. (JÞ) meiri en jeg hefi haldið, ef sú embættisskipun verður honum ekki síðar meir til áfellis.

Þá á sá hæstv. ráðherra (JÞ), sem altaf hefir staðið á móti öllum framförum landbúnaðarins, að velja gæslustjóra við þessa stofnun. Í hv. Nd. mátti raunar varla á milli sjá, hvort þetta yrði ofan á, því margir töldu betur til fundið, að búnaðarþingið hefði hjer hönd í bagga. Og nú get jeg tekið undir það, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, að ekki mun látið ótalað um þetta mál. Því verður áreiðanlega haldið vakandi á næstu árum, og þá verður tekið fastari tökum á ræktun, landnámi og byggingu landsins en raunin er ennþá orðin. Og að lokum vil jeg segja það, að þó nú takist að búa til þrjá persónulega bitlinga, og ekki annað, þá mun síðar koma hjer upp stór fasteignabanki, sem er ekki til að búa til bitlinga, heldur til að hjálpa þjóðinni.

Jóhann Jósefsson: Það getur nú vel verið, að spá hv. 5. landsk. (JJ) kunni að rætast, en hann er ekki einn um þá skoðun, að hjer sje þörf á fasteignabanka. En skyldi þá ekki þurfa einhvern mann til að stjórna honum, ef hann verður settur á stofn? Og ætli það geti ekki verið einhver, sem ljeti sjer fara svipuð orð um munn eins og hv. þm. (JJ) hefir látið sjer um munn fara um ræktunarsjóðinn og þá forstöðu, sem honum er ætluð?

Það var einhver hv. þm., sem var að tala um raunir þessarar deildar, og er það síst ofmælt, því að það er sannarleg raun fyrir deildina að þurfa að hlusta á þvílíkt þvæl og slúður, eins og ræða hv. 5. landsk. (JJ) var í þessu máli, sem hvergi kom nálægt kjarna málsins, heldur er rjettur samsetningur til þess að standa í „Tímanum“ undir J. J. eða 3 stjörnum, eða hvaða merki það nú er, sem þessi hv. þm. (JJ) notar.

Þegar hv. 1. landsk. (SE) stóð upp og fór að tala, þá bjóst jeg satt að segja við því, að hann fyndi ástæðu til að láta í ljós undrun sína yfir því, hvernig frsm. fjhn. hefði farið með framsögu sína. Jeg ímynda mjer, að það sje leitun á því, þótt farið sje yfir öll þingtíðindin, að í framsögu á þingi hafi nokkur þm. nokkurntíma notað aðstöðu sína sem frsm. í nokkru máli til að ryðja úr sjer nokkru líku því, sem hv. þm. (JJ) hefir gert. *(JJ:* Það er best að reyna að sanna það). Jeg held, að það sje tæpast á nokkurs manns færi að eltast við allar þær staðleysur, sem hv. þm. (JJ) kom fram með hjer í dag. Frv. það, sem hjer er flutt

um gjaldahækkun, sem lögð er aðallega á sjávarútveginn, stendur í nánu sambandi við lög um ræktunarsjóðinn, sem er mikið áhugamál landbúnaðarins, og er hugmyndin um hækkun útflutningsgjaldsins til stuðnings landbúnaðinum komin frá þeim mönnum meðal sjávarútvegsmanna, sem eru mjög víðsýnir og þjóðhollir. Það er því auðsætt, að þegar þessi hækkun á útflutningsgjaldi er sett í svo náið samband við frv. um ræktunarsjóðinn, þá verður öll andstaða gegn henni beinlínis til hindrunar því, að þetta komi í framkvæmd. Þótt við, sem teljumst aðallega fulltrúar sjávarútvegsmanna, finnum til þess, að hækkun þessi auki álögur á okkar stjett, þykjumst við ekki mega tefja fyrir velferðarmálum landbúnaðarins, með því að draga inn í mál þetta nokkra hreppapólitík eða stjettarhagsmuni. Sjávarútvegurinn hleypur með þessu undir bagga með landbúnaðinum, og sjávarútvegsmenn hjer á hinu háa Alþingi hafa af tilliti til hagsmuna þjóðarinnar í heild sinni enga tilraun gert til að aftra þessu, heldur þvert á móti greitt fyrir málinu og goldið því samþykki sitt. Því síður að þeir hafi gert þetta mál að tilefni til árása á vissar stjettir eða stjórnmálaflokka í landinu. En hvað gerir svo hv. frsm. (JJ), þegar hann á að skýra hv. deild frá því, að fjhn. sje samþykk frv.? Þá dregur hann ekki hreppapólitík, heldur svæsnustu flokkapólitík inn í málið og gerir þetta að árás, ekki aðeins á stjórnina, heldur líka á alla þá menn, sem að þessu verki standa, árás, þar sem aðalinntakið er, að þetta frv. um ræktunarsjóðinn sje aðeins yfirdrepskapur. Það er gamla sagan um það, að alt, sem gert er fyrir landbúnaðinn, sje frá honum sjálfum og hans flokki; það er sama þvælan og menn geta lesið í málgagni hans um hverja helgi. Jeg verð að segja það, að jeg teldi þetta illa farið fyrir hv. deild og öllu Alþingi, ef margir slíkir menn ættu sæti á þingi eins og þessi háttv. þm. (JJ), sem gætu fengið sig til að nota mál slíkt sem þetta, sem enginn ágreiningur er um, til þess að vaða allan þann langa elg, sem hv. þm. (JJ) hefir gert. *(JJ:* Þetta er alveg eins og hjá hv. þm. Ak. (BL)). Þá notaði hv. þm. (JJ) í síðustu ræðu sinni tækifærið til að kasta hnútum að kaupmannastjettinni, líklega fyrir það, að kaupmannastjettin kemur sjálfsagt til að innheimta mikið af þessu gjaldi. Hv. þm. (JJ) var að tala um það, að kaupmenn landsins keptust við að hafa skóinn niður hver af öðrum, um leið og drýgindalegt hól kom fram hjá honum um kaupfjelögin. Mjer finst, að sá maður, sem stjórnað hefir hinu aumasta verslunarfyrirtæki, sem stofnað hefir verið hjer á landi, ætti ekki að kasta hnútum í kaupmannastjett þessa lands, þar sem sennilega hver einasti maður í þeirri stjett stendur miklu framar þessum hv. þm. í öllu því, er að verslun lýtur.

Ingvar Pálmason: Jeg ætla nú ekki að verða mjög langorður, en það var aðallega hv. þm. Vestm. (JJós), sem gaf mjer tilefni til þess að standa upp. Hv. þm. (JJós) byrjaði með því að geta þess, að einhver af deildarmönnum hefði talað um raunir þessarar deildar, en jeg ætlast nú til þess, að þótt hv. þm. (JJós) hefði ekki kvartað undan þessum raunum, að hann hefði ekki farið að bæta á þær, því að mjer finst, að þessi ræða hv. þm. (JJós) hafi lítið bætt þær umr., sem hjer hafa farið fram, því að mjer finst það varla sæmandi að koma þannig fram fyrir hönd fjhn., og jeg vildi gjarnan lýsa yfir þessu, því að annars væri hægt að

skilja það svo, sem þessi hv. þm. (JJós) hefði eitthvert umboð frá fjhn. til þess að ámæla hv. 5. landsk. (JJ) fyrir framsögu hans í málinu; en frá minni hendi hefir hv. þm. (JJós) það ekki, og síst þegar hann getur ekki gert það hóflegar. Jeg hefi álitið hv. þm. Vestm. stiltan mann, en ræða hans var alls ekki stillileg. Jeg vildi aðeins taka þetta fram, en að öðru leyti gaf ræða hans mjer ekki tilefni til að fjölyrða um málið; en úr því að jeg stóð upp, þá ætla jeg að bæta við nokkrum orðum, vegna þess að hæstv. fjrh. (JÞ) hreytti að Framsóknarflokksmönnum yfirleitt því, sem hann beindi upphaflega að frsm. (JJ). Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að með niðurlagning steinolíuverslunarinnar væri tekinn speni út úr munni hv. 5. landsk. (JJ), en í síðari ræðu sinni beindi hæstv. ráðherra (JÞ) þessu að Framsóknarflokknum yfirleitt. Jeg vildi ekki láta þessu ómótmælt, því að hve vel sem hæstv. fjrh. (JÞ) tekst að sanna alt, sem hann sagði í dag, þá verður honum erfitt að sanna þetta. Jeg hefi ekki annara hagsmuna að gæta í þessu efni en sem útgerðarmaður, og það tel jeg mjer skylt að gæta þeirra, hvort sem er á Alþingi eða annarsstaðar, og það, að jeg missi nokkra dúsu við það, að steinolíuverslunin verður lögð niður, sýnir fram á það, hvað jafnvel ráðherrar eru óvandir að staðhæfingum sínum gegn alsaklausum mönnum, sem ekkert hafa gert þeim annað en hafa aðrar stjórnmálaskoðanir en þeir, og þá verð jeg að segja það, þegar verið er að tala um þá raun, sem lögð sje á hv. þdm., þá veldur það mjer þyngstra rauna að heyra mann, sem er jafnhátt settur bæði utan þings og innan, koma með slík ummæli. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en umr. hafa snúist þannig í dag, að jeg taldi mjer ekki óleyfilegt að ræða málið á öðrum grundvelli en það liggur fyrir, — eftir því sem gert hefir verið í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jónas Jónsson): Við 2. umr. í gær sagði hv. þm. Vestm. (JJós) nokkur orð, ekki um málið sjálft, heldur utan við málið. Vona jeg, að hann taki ekki til þess, af því að þar voru vissir hlutir sagðir af ókunnugleika, þó að jeg leiðrjetti þá hjer. Hv. þm. (JJós) gat þess meðal annars, að það hefðu komið fram í minni ræðu einhverskonar hnútur til sjávarútvegsmanna í sambandi við þetta frv. Nú vil jeg benda á, að þetta frv. er ekki eins og nefnd Búnaðarfjelagsins lagði til um innflutnings- og útflutningsgjaldið. Þessu er breytt í hv. Nd. á tvennan hátt. Fyrst er felt niður innflutningsgjaldið, og að hinu leytinu er þetta útflutningsgjald gert varanlegt vegna sjávarútvegsins, því þá er búið að ákveða að láta byggja strandvarnarskip í viðbót, og þetta tækifæri er notað til þess að tryggja því tekjur, sem falla jafnt á alla. Það er því bygt á misskilningi, að þessi fórn, sem sjávarútvegurinn færir landbúnaðinum, sje meira en vanalegur skattur, sem lagð-

ur er á alla vegna strandvarnarskipsins. Jeg get látið ánægju mína í ljós yfir því, að strandvarnarskipið er trygt með þessum skatti, og jeg mintist ekkert á, að það væri óverjandi, að hann legðist á alla útflytjendur. Auðvitað getur það verið, ef úlfúð verður út af þessum málum á milli útflytjenda, að það verði gerðar breytingar á þessu síðar, en það liggur ekki fyrir nú. Hv. þm. (JJós) taldi mig ekki dómhæfan um þetta mál, af því að jeg hefði verið í stjórn kaupfjelags hjer í Reykjavík, sem hefði gengið illa. En jeg vil þá minnast á tvent í þessu sambandi. Fyrst er nú það, að eftir því sem ýmsir andstæðingar mínir segja, á jeg að vera svo áhrifamikill, og í blaði einu hjer, sem Berléme stórkaupmaður gefur út, eru mjer eignuð mörg fyrirtæki úti um land, sem ganga býsna vel. Þetta er nú að vísu oflof, en ef það að einhverju leyti á að vera mjer að þakka, þá geri jeg ráð fyrir, að þó að eitt af fjelögunum hjer hafi verið í vandræðum, þá muni það ekki geta talist nein algild sönnun fyrir því, að jeg geti ekki haft vit á slíkum málum. Jeg get sagt hv. þm. (JJós) það, að jeg bar minn kross og borgaði mínar skaðabætur ekki síður en aðrir fjelagsmenn, og sjerstaklega get jeg bent hv. þm. (JJós) á það, að höfuðóhapp fjelagsins, sem jeg hefði ekki minst á, ef ekki hefði verið gefið sjerstakt tilefni til þess, var það, að maður, sem heitir Sigurður Sigurðsson og hefir skrifað mikið í þetta blað hr. Berléme's — *(Forseti*: Má jeg biðja hv. þm. að blanda ekki utanþingsmönnum inn í ræðu sína). Nafnið kemur þessu máli við. Þessi maður stýrði fjelaginu um stund, þegar það tapaði 20 þús. kr. á tveimur mánuðum.

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi ósköp lítið að segja um þessa ræðu hv. 5. landsk. (JJ). En það er dálítið skringilegt, þegar hv. þm. (JJ) er að tala um það, að jeg hafi talað mest utan við málið, en ekki um það. Hv. þm. (JJ) vissi það, eins og jeg tók fram í gær, að það mál, sem fyrir lá, var ósköp einfalt, og auk þess mál, sem allir voru orðnir sammála um. En hvað þetta snertir, að hækka útflutningsgjaldið til þess að leggja ræktunarsjóðnum til fje, þá vil jeg biðja háttv. 5. landsk. að skygnast svolítið í sinn eiginn barm, og ef hann man nokkuð af öllum þeim langlokum, sem hann flutti hjer, ekki um þetta mál, heldur um alt milli himins og jarðar, þá hlýtur hann að koma auga á það, að hann var ekki við málið, heldur svo langt fyrir utan það, sem framast mátti verða. Jeg benti hv. þm. (JJ) á það í gær, að það væri raun að sitja undir ræðum, sem ekki einusinni koma ekki málinu við, heldur eru svo langt fyrir utan það, að hv. þm. (JJ) jafnvel notaði *þetta mál* til árása. Það mun sjást í þingtíðindunum, að ræður hv. þm. (JJ) voru meira og minna þrungnar af árásum, sem var beint til þeirra manna, sem eru riðnir við sjávarútveginn. Jeg býst reyndar ekki við, að hv. þm. (JJ) hafi nefnt sjávarútvegsmenn, en hann beindi aðallega skeytum sínum að Íhaldsmönnum og Íhaldsstjórn, og kaupmenn nefndi hv. þm. (JJ) líka, svo þó að hann nefndi ekki sjávarútvegsmenn, þá mátti skilja það, að þeir fóru ekki varhluta af þeim lestri, sem hv. þm. (JJ) hjelt í gær. Þetta leyfði jeg mjer að átelja, og myndi hafa gert það, hver sem í hlut ætti, því að mjer fanst þetta mál þannig vaxið, að það væri síst ástæða til að gera það að ádeiluefni

á vissa stjórnmálaflokka eða vissar stjettir í landinu. Það má vera ákaflega ríkt hvöt til staðar til að ófrægja pólitíska andstæðinga sína hjá þeim, sem nota þetta mál á sama hátt og háttv. 5. landsk. gerði í gær; sú hvöt er svo rík, að haldist hún jafnmögnuð framvegis, þá verður það ekki einungis óheppilegt fyrir hv. deild, heldur og fyrir hv. þm. (JJ) sjálfan. Jeg álít, að þó að hv. þm. (JJ) skoði það svo, sem það sjeu miklir gallar á frv. um ræktunarsjóðinn og þessu frv., sem flutt er sem máttarstoð fyrir hann og strandvarnarskipið, þá er það þó mjög hart að þurfa að hlusta á tóman útúrsnúning og ófrægingar um þá aðallega, sem eiga að láta af hendi fje til styrktar ræktunarsjóðnum. Þá mintist hv. þm. (JJ) lauslega á einn galla á frv. um ræktunarsjóðinn, þann, að till. Búnaðarfjelagsnefndarinnar um innflutningsgjaldið hefðu ekki verið teknar til greina; og vil jeg þá minna hv. þm. (JJ) á það, að hann hefir oft látið í ljós óánægju sína yfir þessum háu tollum á aðfluttum vörum, sem hann stundum kallar nefskatta. Hann þykist hafa sjerstaka aðstöðu í því, og hefir t. d. mjög skýrt tekið það fram, að hann væri á móti verðtolli í hvaða mynd sem væri. Hvernig á nú að samræma þetta tvent? Hv. þm. (JJ) er á móti því, að neysluvörur sjeu tollaðar, og þó finst honum það galli á frv. um ræktunarsjóðinn, að till. Búnaðarfjelagsnefndarinnar um að leggja gjald á aðfluttar vörur, með öðrum orðum að tolla enn á ný allar vörur, þar á meðal neysluvörur, til þess að efla ræktunarsjóðinn, hefir ekki náð samþykki þingsins. Hv. þm. (JJ) mun sjá það, að samkvæmt aðstöðu sinni um tolla á aðfluttum vörum ætti hann að vera ánægður yfir því, að þetta gjald var felt burtu. Það væri ofdirfska að væna hv. þm. (JJ) um það, að hann hefði ekki þekkingu á verslunarmálum, þegar maður veit, að hann stendur fyrir verslunarskóla, enda skal jeg ekkert fara út í það, en hitt er vitanlegt, að þekking hv. þm. (JJ) er talsvert annars eðlis en alment gerist, eða að minsta kosti eftir annari meginreglu en í almennum verslunarskólum.

Hv. þm. (JJ) gaf kaupmönnum þann vitnisburð í sinni ræðu, að þeir drægju skóinn hver niður af öðrum. Þegar hv. þm. (JJ) fanst það viðeigandi við umræðu um aukið útflutningsgjald að kasta hnútum til þeirrar stjettar landsins, sem, þegar hún er skoðuð sem stjett, kemur til með að láta af mörkum, einmitt sjálf, ekki svo lítið í ræktunarsjóðinn, eða hluta af útflutningsgjaldinu, þegar hv. þm. (JJ) fanst það viðeigandi að kasta hnútum til þeirrar stjettar, þá get jeg ekki stilt mig um að benda hv. þm. (JJ) á það, að hann geti ekki mjög frómt úr flokki talað, ef um verslunarfyrirtæki er að ræða; til þess hafa afdrif þeirrar verslunar, er hann komst næst, verið of bágborin. Jeg heyri nú, að hv. þm. (JJ) vill telja sig yfirkaupfjelagsstjóra allra kaupfjelaga. *(JJ:* Berléme segir það). Nei, vitanlega er ekki talið, að hv. þm. (JJ) sje eða hafi verið í stjórn annara verslunarfjelaga en þess, sem jeg mintist á, og þarf jeg ekki að endurtaka það, enda hefir hv. þm. (JJ) sjálfur kannast við það.

Frsm. (Jónas Jónsson): Mig furðar á, að hv. þm. Vestm. (JJós) skuli taka það illa upp, þó að jeg benti á það, að kaupmannastjettin hjer, eins og annarsstaðar, er í stöðugri samkepni innbyrðis. Einmitt þetta slagorð, sem jeg hefi töluvert útskýrt hjer í vetur, er bygt á þessari frjálsu samkepni. Jeg skal taka ljóst dæmi. Jeg man ekki, hvort það var þessi háttv.

þm. (JJós) eða einhver annar, sem var að brigsla mjer um það, að jeg eldi á ósamlyndinu hjer innanlands. En starf okkar samvinnumanna er einmitt alveg gagnstætt. Við viljum byggja brú á milli hjeraðanna til þess að leitast við að bæta lífskjör neytenda og framleiðenda. Nú veit hv. þm. (JJós), að það eru kringum 40 kaupfjelög á Íslandi, sem mynda sambandið og sem selja og kaupa í fjelagi. Þessi brú hefir, svo langt sem hún er gerð, verið gerð af þessum mönnum. Nú vil jeg spyrja: Hvernig er það með fiskikaupmennina? Mjer dettur alls ekki í hug annað en að tala með virðingu um hæfileika hv. þm. (JJós); jeg býst við, að hann sje duglegur kaupmaður í alla staði. En hann verður sjálfsagt að játa það, að hann stendur ekki, svo menn viti, í neinu slíku sambandi við þá kaupmenn, sem eru annarsstaðar á landinu, því að meðlimir þessarar stjettar standa ekki í neinu sambandi hver við annan til að styðja verslun landsins. Samtök þeirra eru aðallega pólitísk og miðuð við að hnekkja viðgangi sjálfseignarverslunar fólksins.

Þegar maður er staddur í Kaupmannahöfn, þá rekst maður þar venjulega á tugi ísl. kaupmanna, sem eru að kaupa þar inn vörubirgðir. Þeir sigla venjulega sjálfir til að velja vörurnar, treysta öðrum ekki til þess.

Vafalaust væri nú þjóðarbúskapnum kostnaðarminna, að færri sigldu, en í þess stað væru trúnaðarmenn kaupmanna starfandi ytra og keyptu inn þær vörur, sem þjóðin þarfnast.

Að vísu hafa fiskikaupmenn reynt að taka höndum saman, en árangur þeirra samtaka varð sá, að jeg geri ekki ráð fyrir, að kaupfjelögin hafi tapað $^1/_{340}$ af því fje, sem þessir yfirkaupmenn töpuðu þá og ljetu skella á bönkunum að langmestu leyti.

Nei, úlfúðin er ekki okkar megin samvinnumanna, heldur meðal þeirra, sem hv. þm. (JJós) tók sjer fyrir hendur að verja að tilefnislausu.

Það er misskilningur, að jeg hafi sjerstaklega verið að hrósa happi yfir, að hv. Nd. afgreiddi þetta frv. eingöngu sem útflutningsgjald. Jeg var að benda á það, að Búnaðarfjelagið fór fram á hvorttveggja, útflutnings- og innflutningsgjald. En hvers vegna varð þetta ekki ofan á? Af umhyggju hv. Nd. fyrir strandvarnarskipinu nýja, og ætti háttv. þm. Vestm. manna síst að lasta þá umhyggju. Fyrst um sinn greiða sjávarútvegsmenn og bændur þetta útflutningsgjald til ræktunarsjóðsins, en síðan gengur það til strandvarnarskipsins, og mun ekki veita af ¼ milj. kr. til rekstrar þess árlega. Hjer eru bændur því skattlagðir um óákveðna framtíð vegna strandvarnarskipsins, og er langt frá því, að jeg sje að hafa á móti þessu fyrirkomulagi. Þetta er ekki nema eðlileg og sjálfsögð samvinna milli landbúnaðar og sjávarútvegs.

Þá sagði hv. þm. (JJós), að verslunarstjettin greiddi útflutningsgjaldið úr sínum vasa. Þetta má til sanns vegar færa að því leyti, sem kaupmenn leggja jafnframt stund á landbúnað eða fiskiveiðar, en annars ekki, svo þessi staðhæfing hv. þm. (JJós) er vanhugsuð í aðalatriðinu. Eða dettur nokkrum í hug að halda, að jafnsnjall kaupmaður sem hv. þm. (JJós) er greiði úr sínum vasa alla þá tolla, sem verslun hans greiðir í ríkissjóð? Nei, það eru auðvitað neytendurnir, sem greiða innflutningstollana, en framleiðendur til lands og sjávar greiða útflutningsgjöldin.

Háttv. þm. sagði, að jeg fylgdi öðrum grundvallaratriðum í verslunarskoðunum mínum en aðrir menn. Í fyrra áttust þeir hjer við hv. þm. (JJós) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) út af því, að hv. 2. þm. S.-M. hugsaði sjer þann möguleika, að opinber útflutningsnefnd sæi um alla fisksölu okkar, þannig, að hver framleiðandi fengi sitt. Hv. þm. Vestm. (JJós) barðist ákaflega gegn þessari hugmynd, sennilega af því að hann er sjálfur fiskkaupmaður.

Jeg lít nú svo á, að t. d. væri rjettlátast, að þeir, sem vinna á mótorbátunum í Vestmannaeyjum, fengju það, sem fyrir fiskinn fæst, að frádregnum útgerðarkostnaði, í stað þess að hinir og þessir „spekúlantar" hirði mikinn hluta ágóðans. Í stuttu máli er mín stefna í verslunarmálum sú, að enginn sje svikinn. Ef hv. þm. (JJós) álítur þessa stefnu ranga, þá getur hann skriftað um það mín vegna.

Hv. þm. Vestm. (JJós) byrjaði með því að áfella mig fyrir, að jeg hafi talað hjer um annað en sjálft útflutningsgjaldið við 2. umr. frv. Jeg verð nú að biðja hann að athuga, að 1. umr. fór fram á fundi, sem hafði staðið fram á nótt, og var þá ekki tækifæri til að tala um hina hlið málsins, þá, sem veit að ræktunarsjóðnum, en í raun og veru eru bæði málin eitt og sama málið. Þess vegna rakti jeg nú sögu ræktunarsjóðsins, m. a. til þess að sýna afstöðu hæstv. fjrh. (JÞ) til lánsstofnunar fyrir landbúnaðinn fyr og síðar. Hann svaraði, og jeg er ekki hræddur við dóm lesenda Alþingistíðindanna um þá deilu okkar, enda hefi jeg aldrei viljað loka þinginu fyrir almenningi. Og jeg mun með sjerstakri ánægju líta yfir þær bls. í þingtíðindunum, þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) gafst tækifæri til að lýsa hinum mikla áhuga sínum fyrir velgengni landbúnaðarins. Þar var ekkert undan dregið. Loks vil jeg leiðrjetta það, sem sagt var í gær, að jeg hafi notað mjer þingmannsaðstöðu mína til að hafa menn á óleyfilegan hátt í áheyrendasölum þingsins. Sannleikurinn er sá, að í byrjun þings ljet jeg 2 bændur fá aðgangskort að áheyrendasölunum, og fóru þeir báðir heim til sín skömmu síðar án þess að skila miðunum. Aðrir hafa ekki fengið miða hjá mjer, svo alt, sem sagt hefir verið um þetta efni, voru tóm ósannindi.

Annars hefir stjórnarflokkurinn gengið svo langt, að jafnvel þingskrifurum hefir verið kastað, sem grunur ljek á að væru pólitískir skoðanabræður mínir, þó að aðrir væru teknir, sem áður höfðu verið. Stjórnarflokkurinn hefir vendilega reynt að tryggja sínum mönnum vinnu við þingið. Og ef nokkrir þm. þyrftu að kvarta um ofbeldi í þessu efni, þá er það einmitt andófsflokkurinn.

Jóhann Jósefsson: Það er ánægjulegt, að hv. 5. landsk. (JJ) skyldi finna ástæðu til að fara nánar út í ræðu sína hjer í gær og afsaka framkomu sína að nokkru. Þess var síst vanþörf.

Hv. þm. (JJ) talaði um S. Í. S. og gat þess, að kaupmenn hefðu ekkert slíkt samband sem kaupfjelögin. Þetta er auðvitað rjett, og jeg fyrir mitt leyti harma það ekki.

Hv. þm. (JJ) gat þess rjettilega, að jeg t. d. stæði í engu hagsmunasambandi við kaupmenn á Norðfirði eða Húnaflóa o. s. frv., og hagsmunir okkar rekast heldur ekki á. En sá mikli munur er á fyrirkomulagi Sambandsins, með allri takmarkalausu ábyrgðinni, og verslunum einstakra kaupmanna, að gangi mjer, eða öðrum einstökum kaupmönnum, illa, þá geld jeg þess eða sá, er í hlut á, en ekki kaupmennirnir á Húnaflóa eða Ísafirði etc.;

en verði kaupfjelag á Norðfirði fyrir skakkaföllum, þá er það sameiginlegt tap fyrir öll kaupfjelög landsins, sem eru í Sambandinu. Þetta fyrirkomulag virtist mjer hv. þm. (JJ) lofa svo mjög, en það hefir þegar komið í ljós, og á eftir að sýna sig betur, að slíkt skipulag á verslun landsins getur ekki verið þjóðinni holt. Hið holla við frjálsa kaupmannaverslun er meðal annars það, að þar ber hver maður ábyrgð gerða sinna sjálfur, en glappaskot manna þurfa ekki nauðsynlega að lenda á baki annara. Annars er öllum kunnugt, hverjum augum hv. þm. (JJ) lítur á kaupmannastjett landsins. *(Forseti:* Hv. þm. er kominn nokkuð langt frá efninu). Árið 1917 skrifaði hann grein um kaupmannagróða í Tímarit samvinnufjelaganna, og má þar sjá hugarþel hans til þessarar stjettar. En síðar fjekk hann sömu aðstöðu og kaupmenn til að græða öll þessi ósköp, sem hann heldur, að kaupmenn græði — og hvers vegna notaði hann þá ekki tækifærið? Hvers vegna græddi kaupfjelagið, sem hann stjórnaði, ekki eins og aðrir, sem höfðu sömu aðstöðu?

Frsm. (Jónas Jónsson): Upp úr þessum umr. hefir það hafst, að háttv. þm. Vestm. (JJós) hefir játað, að hann elski sundrungina og samkepnina og telji þær stallsystur heilladrýgstar landi og lýð. Þá hefi jeg líka hrakið þá ásás hans á mig, að jeg stuðli að sundrung innan þjóðfjelagsins. Jeg er svo mikill samvinnumaður, að jeg tel stofnun fiskhringsins sáluga jafnvel hugsunarrjett spor í áttina til betra skipulags, þó að vanmentun og gamall sjergæðingsandi eyðilegði þá framkvæmd.

Jeg skal ekki lengja þessar almennu aths. mikið, þar sem munurinn er orðinn nokkurn veginn skýr um aðalatriðin. Hv. þm. (JJós) fór ekki allskostar rjett með það, þegar hann benti á óhagræðið, sem stafaði af samhjálparfyrirkomulagi Sambandsins, en sagði jafnframt, að ekkert slíkt kæmi til greina, þegar um verslun einstakra kaupmanna væri að ræða, því ef kaupmaður færi á höfuðið, þá bæri hann einn ábyrgðina. Þetta er ekki rjett. Fyrst og fremst eru venjulega einhverjir, sem í slíkum tilfellum verða fyrir halla vegna ábyrgðar fyrir kaupmanninn, en þó er annað verra. Þessar ábyrgðir nægja oftast nær ekki, og þess vegna verða bankarnir að bera hallann. En þeir geta ekki unnið hann upp, nema með því að hafa vextina langtum of háa. Því er það nú t. d., að skilamennirnir, eins og hv. þm. (JJós), og kaupfjelögin verða að greiða syndagjöldin fyrir gjaldþrota kaupmenn með bankavöxtum, sem með rjettu má kalla okurvexti. Þetta er hin stóra samábyrgð, sem hv. þm. (JJós) hlýtur að finna til, þegar hann greiðir forvextina af fiskkaupavíxlum sínum. Þá er hann að greiða skuldir annara kaupmanna.

Hinsvegar hefir S. Í. S. altaf staðið í skilum, og þegar hin stærri verslunarhús vantaði erlendan gjaldeyri, þá gat Sambandið selt Landsbankanum, sem seldi síðan kaupmönnum gjaldeyrinn. Þannig var það að nokkru leyti fyrir góða stjórn Sambandsins, að ýmsir vefnaðarvörukaupmenn, t. d., gátu fengið vörur frá útlöndum um tíma og greitt þær.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 559).

51. Mannanöfn.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um mannanöfn (þmfrv., A. 34).

Á 6., 24., 25. og 26. fundi í Nd., dagana 13. febr., 3., 4. og 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Eins og hv. þm. muna, bar jeg fram frumvarp þetta á þinginu 1923. Var það þá samþykt hjer í deildinni við 3. umræðu með 21:5 atkv. En í efri deild varð eitthvað því til trafala, svo það komst ekki gegnum þingið. Við flutning málsins hjelt jeg dálítinn ræðustúf, sem síðar birtist á prenti, fyrst í Alþingistíðindunum og síðar í Skírni.

Jeg býst nú við, að mönnum muni þykja leiðinlegt, ef jeg fer að endurtaka nú alt það, sem jeg sagði þá. Læt jeg því nægja að drepa á aðalatriðin. Jeg benti þá á, að saga þjóðanna sýndi, að engin þjóð hefði verið að nokkru nýt, sem ekki sýndi fortíð sinni og forfeðrum ræktarsemi, og nefndi sem dæmi hina fornu Hellena og fornu Íslendinga. Þá benti jeg og á, hversu hættulegt það væri tungu vorri að gera mannanöfnin endingalaus og kynlaus, og jafnframt gat jeg hins, hve mikill sjóður endurminninga glataðist við þá nýbreytni, ef niður fjellu beygingar nafnorða, er svo mikla sögulega þekkingu hafa að geyma. — Jeg gat þess einnig, hvernig stæði á útbreiðslu hins rómverska nafnasiðar — að undirlægjur Rómverja hefðu tekið hann upp í því skyni að láta sem minst bera á mismun þjóðernanna. Einnig var það alsiða, að leysingjar tækju eftirnafn frelsisgjafa síns. Þá mintist jeg og þess, að Íslendingar, sem nám stunduðu í Kaupmannahöfn, báru oft nöfn, er óþjál voru dönskum tungum, og gerðu því annaðhvort, að nefna sig kenningarnafni sínu eða breyta „son“ í „sen“. Þessi nafnbreyting loddi oft við þá, er þeir komu heim að afloknu námi, og sumum þótti hún jafnvel vera einhverskonar aðalsmerki.

Þetta alt saman var þó aðeins væg landfarsótt, þangað til stefna þessi barst hingað fyrir alvöru frá Ameríku. Öllum mun kunnug vera sú afbökun á íslenskum mannanöfnum, sem lengi hefir átt sjer stað vestan hafs. Jeg man eftir einum manni, sem hjet Guðmundur Bjarnason þegar hann fór vestur, en Barnes skömmu eftir að hann kom þangað.

Þá gat jeg og þess, að ekkert einsdæmi væri það að setja löggjöf um þetta efni. Það hafa meðal annars frændur vorir Austmenn gert, til að setja skorður við fáránlegum fornöfnum. Þeir töldu það ekki ófrelsi gagnvart neinum, þótt bönnuð væru kvenheiti eins og t. d. Rúsína, Mazúrka, Polka eða Closetta, sem komu fyrir þar í landi. Það er að vísu satt, að það er jafnan óyndisúrræði að setja lög til að vernda menn fyrir sjálfum sjer, en úr því vjer höfum reynst svo trygðar- og tírarlausir sem raun er á orðin í þessu efni, þá verður ekki hjá því komist. Hjer er of mikið dýrmæti í húfi til þess að láta það á sig fá, þótt talað sje um ófrelsi í sambandi við tilraunir til að hefta ósómann.

Sumir hafa talið það mentunarleysi af mjer að flytja frv. sem þetta, og aðrir, þeir, sem hafa viljað vera kurteisari, hafa þóst undra sig á því, að svo mentaður

maður skyldi flytja annað eins frv. Est mihi tanti — mjer er alveg sama — þótt mjer sje lagt það til lasts, að jeg vil halda fornri og þjóðlegri menningu við, en spyrna á móti uppskafningshætti sníkjumenningarinnar. Þá hefir og verið mikið af því látið, hve mikið ófrelsi þessi lög myndu hafa í för með sjer. Ef þessi lög ná fram að ganga, myndu þau þó fella niður hina eldri löggjöf um þetta efni, sem skyldaði menn til að bera eftirnöfn foreldra sinna, og getur það talist ófrelsi eigi síður en það, sem hjer er farið fram á. Menn ættu líka að minnast þess, að á öllum eða flestum sviðum eru allskonar bönd og bönn, sem flest koma harðar niður á mönnum heldur en ákvæði þessa frv., ef að lögum verður. Rjett er það að vísu, að þessi ákvæði geta komið illa við suma, sem ættarnafn bera, eins og t. d. hv. sessunaut minn (JakM), þótt hvorki sje af rælni nje sjálfskaparvíti, heldur hafa hlotið það að erfðum. Frv. tekur þó ekki harðar á þessu en svo, að þessir menn hafa leyfi til að bera ættarnafn sitt meðan þeir lifa, en afkomendur þeirra hefi jeg ekki getað undanþegið því að fylgja þjóðlegri nafnvenju.

Það vita og allir, að er menn fara til útlanda eða dvelja þar, er oft og tíðum óhjákvæmilegt að breyta nafni sínu á meðan; Jónsson verður Johnsen eða Johnson, og þar fram eftir götunum, hversu sárt sem oss tekur slíkt. Í slíkri nauðsyn er því engu síður ófrelsi en í ákvæðum frv., enda þótt ekki verði að gert.

Það má líka kynlegt heita, að þau 2% af þjóðinni, sem glæpst hafa á ættarnafnaófögnuðinum, skuli kvarta um ófrelsi og harðræði, er hin 98% vilja bægja þeim frá að spilla tungu og þjóðvenjum með þessum afkárahætti. Það er þó sannarlega miklu meira harðræði heldur en hitt.

Fyrir nokkrum árum kom út bók nokkur, sem rjettu nafni heitir Kleppskinna — og mirabile dictu var gefin út fyrir ríkisfje. „Þagað gat jeg þó með sann, þegar hún Skálholtskirkja brann", sagði kerlingin. Hjer voru ekki eftirtölurnar. Í bók þessari gefur að líta margt dásamlegt. Er það t. d. ekki yndislegt að fá að heita öðru eins nafni og *Ákan?* Þá er *Akhús* ekki leiðinlegt, enda er það vafalaust hús, þangað sem ýmsu er ekið, sem seinna er borið á túnin. *Aksel* er, eins og allir vita, gott og gilt útlent heiti, en ekki spillir að vita, að hjer er það myndað af ak og sel. Þá er *Ábæ;* maður er góður *á bæ*, en hvernig skyldi hann vera *af bæ?* Einn á að heita *Austan.* Sumir hjeldu nú, að jeg hefði af strákskap mínum búið til nöfn eins og *Austan, Sunnan, Neðan, Ofan* o. s. frv., en ekki er nú svo vel; þau er að finna í Kleppskinnu.

Þá er *Berfer;* en hvers vegna maðurinn gengur svona til fara, veit jeg ekki; líklega af því að hann á ekki föt. Einn heitir *Bóls,* og á það líklega að vera sama og *Bolsi,* en þó er hjer um dálítinn anachronismus að ræða, og varla hefir nefndin verið slíkri spádómsgáfu gædd að sjá svo langt framundan sjer. *Dýran* heitir annar, sbr. „Dýran son hans sáu þær". Líka má nefna *Desmann.* Það er að flækjast fyrir mjer vísa, sem þessi fyrri hluti orðs kemur fyrir í, en hjer má ekki fara með hana. — Telja mætti hjer langtum fleiri snilliyrði, en vegna tímans læt jeg hjer staðar numið.

Jeg mun ekki fylgja máli þessu úr garði með lengri ræðu að þessu sinni. Hver sem afdrif málsins verða á þessu þingi, þá mun ekki langt til sigurs sótt. Jeg hefi borið frv. hjer fram í því formi, sem deildin skildi við það fyrrum. Jeg skal þegar lýsa yfir því, að jeg mun

halda þessu máli til fullkominnar streitu. Að því kemur, að kosið verður um þetta þjóðernismál, og þá skulum við sjá, hver skjöldinn ber. Jeg er ekki hræddur við þær viðtökur, sem þjóðin mun veita þessum tillögum mínum. Og jeg vona, að hv. deild taki þeim einnig vel nú þegar og lofi málinu að ganga sinn gang, til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til allshn. með 16:1 atkv.

Á 62., 64., 65., 66. og 67. fundi í Nd., dagana 22., 25., 27., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 34, n. 292 og 347).

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg get varla kallast framsögumaður að þessu máli, að minsta kosti er það á móti mínum vilja. Við vorum tveir í minni hl., og kaus hvor annan til þess. En hlutkesti rjeði. Annars er mjer það ekki á móti skapi að hafa þessa framsögu, því málið er gott.

Það hefir verið talað mikið um þetta mál bæði fyr og síðar og skal ekki langt farið út í það. Eins og allir vita, hafa verið gerð lög um ættarnöfn og staðfestingu þeirra, til þess að hið opinbera hefði eitthvert eftirlit með því, hvernig nöfn menn tækju sjer. Fyrrum höfðu aðeins heldri menn ættarnöfn. En svo fór að verða margur, sem vildi semja sig að sið þeirra, og þá komu lögin til sögunnar. Það verður nú ekki annað sagt en að ættarnafnalögin hafa verið notuð óspart, einkum af svonefndum uppskafningum. Hópur þeirra, sem slík nöfn bera, hefir stækkað, og löngunin til þess að komast í hann hefir minkað að sama skapi sem sneyddist um mannvalið. Það þykir nú orðið lítill vegur að bera ættarnafn.

Jeg þarf ekki að fara nánar út í þetta, en skal þó nefna eina ástæðu móti nöfnunum. Svo virðist, sem íslenskt mál sje illa fallið til ættarnafna. Orðkringustu menn stóðu að þessum lögum, en tókst ekki betur en raun er á orðin. Af þessum rökum og þeim, sem færð eru til í nál. minni hl., erum við þeim gersamlega mótfallnir. En að minni hl. fór ekki lengra en hjer er gert, er af því að þetta er stórmál, og treysti minni hl. þinginu ekki til þess að ráða því til lykta í lotu. Þessi lög ættu þá að vera millistig. Það er spurning, hvort ættarnafnalögin hafa staðið nógu lengi. Það er alveg auðsjeð, að vegur ættarnafnanna hefir minkað og vafamál, hvort ekki væri rjett að láta þau standa, uns óhugurinn er orðinn nógu mikill, hvort ekki er rjett að lofa heimskunni að rasa út.

Þessi breyting, sem hjer ræðir um, er undirbúningur undir algert afnám laganna. Hún er gerð svo væg, að við væntum, að þá gangi frv. fremur fram. En ef hv. flm. (BJ) kýs heldur, þá skal jeg greiða frv. hans óbreyttu atkv. Jeg heyri, að hann vill það; þá nær það ekki lengra, en þá er það ekki á mína ábyrgð, ef málið gengur ekki fram.

Þó er stefnumunur milli háttv. flm. og mín í máli þessu. Jeg hefi treyst því, að þjóðin verji tungu sína án bannlaga. Hann hefir ekki þetta traust. En það „liggja margar götur til Róm“, og mjer

er sama hver farin er, ef í einn stað kemur niður.

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Í þessu máli hefir sú nýlunda skeð, að allshn. hefir ekki orðið sammála. Minni hl. leggur til, að 2. gr. og 8. gr. frv. haldist óbreyttar, en 4. gr. falli niður.

Hv. minni hl. heldur því fram, að lögin hafi rýrt virðinguna fyrir ættarnöfnum. Jeg held þau hafi aukið hana, því að þau hafa bætt úr þeim glundroða, sem var á þessu. Þá var það títt, að menn tóku sjer nöfn, án tillits til, hvort aðrir báru þau fyrir eða ekki. Ef maður bar tvö nöfn, kom það fyrir, að hann kallaði sig sínu nafni í hvorum stað. Þessu hafa lögin bætt úr. Ennfremur voru menn heitnir eftir ættarnöfnum annara og báru þau síðan.

Þessi siður, að taka sjer ættarnafn, er fleiri hundruð ára gamall hjer, og eru þess mörg dæmi, t. d. Vídalín, Thorlacius og fleiri.

Eftir 5. gr. mega þeir halda nöfnum, er nú hafa. Eigi jeg tvö börn, mega þau halda nafni mínu, en eignist jeg barn hjer eftir, fær það ekki að njóta sama rjettar.

Þá tala fylgjendur frv. mikið um að rækja minningu feðra sinna. Jeg verð þó að halda, að þessi siður sje út af fyrir sig enginn ræktarvottur við forfeðurna. Með miklu meiri sanni mætti segja, að það yki ræktarsemina að halda sömu ættarnöfnum og forfeður þeirra hafa borið. Þá held jeg, að þetta mál eigi nokkuð skylt við þjóðernistilfinningarnar, og því getum við áreiðanlega verið eins góðir Íslendingar, þó að við berum ættarnöfn. Sannleikurinn er sá, að ættarnöfn eru afleiðing þeirrar breytingar eða þróunar í þjóðfjelaginu, sem heimska væri að ætla, að löggjöfin geti til lengdar ráðið við. Maður heyrir oft talað um dýrmæti hins persónulega frelsis, — en hvað væri skerðing á því, ef það væri ekki svona löggjöf? Og hversu vænt sem okkur þykir um þjóðerni okkar og þjóðvenjur, þá megum við ekki gleyma því, að það hefir einungis gagnstæð áhrif, ef menn ætla að fara að vernda slíkt með lagaboðum. Slík viðleitni verður að eiga sjer upptök í hugarfari fólksins sjálfs.

Að þessu athuguðu vil jeg leyfa mjer að leggja til, að frv. þetta verði felt.

Bjarni Jónsson: Hv. frsm. „stærri helmings" allshn. (ÁJ) hefir nú rakið nokkuð, hvað fyrir þeim vakir, sem fella vilja frv. þetta.

Hv. frsm. (ÁJ) kvað ættarnafnalögin frá 1913 hafa aukið virðingu manna fyrir ættarnöfnum, og tel jeg það illa farið, ef svo er, því það er jafnan skaði, er menn hrapa að slíkum breytingum á þjóðsiðum og tungu. Hjer hefir sú orðið raunin á, að hrúgast hefir upp heill hópur af ættarnafnasmekkleysum og málleysum, sem hljóta að hafa það eitt í för með sjer að spilla málkend manna. Íslendingar hafa gleypt í sig Kleppskinnu, og ef einhverjum dettur í hug að kalla sig *Goron* eða *Þvaran* eða *Skaran*, þá er gleypt við því og smjattað á því. En slík ódæma saurgun á helgum stað má ekki lengur líðast.

Jeg viðurkenni með hv. frsm. (ÁJ), að það er harla óviðkunnanlegt að þurfa að banna mönnum með lögum að bera ónefni; m. ö. o. að banna með lögum að misþyrma tungunni, sjerstaklega íslensku tungunni, sem haldið hefir lífinu í þjóðinni og vakið virðingu á henni meðal erlendra þjóða. Má fullyrða, að ef vjer hefðum ekki haft tunguna, þá hefði enginn litið

á land vort öðruvísi en útver og fiskimið, óg myndum vjer þá seint hafa öðlast viðurkenningu á sjálfstæði voru.

En hvernig stendur þá á þessu hrapallega virðingarleysi fyrir rjetti málsins, sem lýsir sjer í því, hvernig menn leyfa sjer að misþyrma góðum og gömlum nöfnum? Lítum t. d. á ferðaáætlun fyrir strandferðaskip ríkisins, Esju, á þessu ári. Hvar í ósköpunum myndi t. d. boðið að nefna Hornafjörð í staðinn fyrir Höfn, eins og hann heitir frá fornu fari, eða Breiðdalsvík í staðinn fyrir Selnesbót, Fáskrúðsfjörð fyrir Búðir, Reyðarfjörð fyrir Búðareyri, Norðfjörð fyrir Nes, Mjóafjörð fyrir Brekku, Borgarfjörð fyrir Bakkagerði, Bakkafjörð fyrir Höfn, Ólafsfjörð fyrir Ólafsfjarðarhorn, Bitrufjörð fyrir Óspakseyri, Reykjarfjörð fyrir Kúvíkur, Súgandafjörð fyrir Suðureyri, Önundarfjörð fyrir Flateyri, Dýrafjörð fyrir Þingeyri, Tálknafjörð fyrir Sveinseyri, Patreksfjörð fyrir Vatneyri, Sand fyrir Hellissand, o. s. frv.

Þegar svo ennfremur er verið að halda t. d. í danska nafnið Ísafjörður, í stað Skutilsfjarðareyrar, sem staðurinn heitir að rjettu lagi, þá fer menn kannske að gruna, að ekki sje bráðnauðsynlegt að vera með lögum að auka virðinguna fyrir svona ónefnum. Það er nú ekkert nýtt, þó jeg haldi því fram, að það sje svo æfagamall þjóðsiður að kenna sig við föður sinn, að engin þörf sje á því að taka upp ættarnöfn. Skal jeg raunar játa, að það er harðara að gengið að banna mönnum ættarnöfn, sem lengi hafa haldist, eins og það, sem hv. sessunautur minn (JakM) hefir. Fann jeg og um daginn, að þetta snart hann, og skil jeg vel, að þar er um mannlegar tilfinningar að ræða. En þegar menn eru að taka sjer ný ættarnöfn, þá á ekkert slíkt sjer stað, ekkert nema hjegómaskapurinn einber.

Og nú er mjer spurn: Til hvers eru menn að flykkjast í skólana og þeim kent þar málið, þegar svo er leyft að þeyta inn í málið svo stórum og andstyggilegum málvillum, að enginn sá nemandi myndi verða fluttur úr bekk, sem setti þær í stíl hjá sjer. Sannleikurinn er sá, að menn hafa engu meiri rjett yfir mannaheitum og staða en hverjum öðrum orðum tungunnar, og því er það alger misskilningur, ef menn halda, að heimilt sje að veita mönnum með lögum rjett til að misþyrma íslenskum nöfnum. Nú er svo komið, að menn mega ekki segja Thorsteinssonar, því það er brot á móti þessari dýrmætu, útlendu reglu, sem raunar er ekki annað en þrælseinkenni þeirra þjóða, sem Rómverjar lögðu undir sig. En nú, þegar Íslendingar voru loksins orðnir frjáls þjóð, þá tóku þeir upp þrælsmerki gömlu, kúguðu þjóðanna.

Hv. frsm. (ÁJ) talaði um vandræðin, sem af því gætu leitt, þegar Jón Jónsson á Seyðisfirði hitti nafna sinn, Jón Jónsson á Akureyri, og spurði, hvort ekki væri heppilegra, að annar þeirra hjeti þá Seyðfjörð og hinn Eyfjörð. En hvers vegna heita þá ekki bara Eyjafjörður og Seyðisfjörður, sem brýtur þá að minsta kosti ekki lög málsins? Hitt er apað eftir Sigurði þeim, er nefndi sig Breiðfjörð, illu heilli, og gerði með því tungu sinni ógreiða, þó skáld væri hann gott.

En nú vil jeg enn spyrja, hver sje hagurinn af ættarnöfnunum, þegar t. d. Eggert Briem í Reykjavík hittir Eggert Briem í Hafnarfirði eða Viðey. Væri ekki gott fyrir einn þeirra að taka upp annað nafn til viðbótar og kalla sig t. d. Eggert Briem Viðey, Eggert Briem Hafnarfjörð-

ur, o. s. frv.? Við höfum dæmin fyrir okkur. Það eru ekki nema 10 ár síðan Danir urðu að skipa mönnum að taka upp ný ættarnöfn, því öll þjóðin hjet annaðhvort Petersen, Hansen, Sörensen eða Jensen. Til þessara ráða hafa Íslendingar aldrei þurft að taka, og það er beinlínis rangt að segja, að ættarnöfnin verði nauðsynlegri eftir því sem þjóðinni fjölgi. Við erum ekki ennþá orðnir fjölmennari en Grikkir, og kenna þeir sig þó við föður sinn þann dag í dag og hafa ekki fengið neina ættarnafnasótt, þó stöðugt fjölgi þeim. En það er líklega vegna þess, að Tyrkir hafa ekki haft eins mikil áhrif á þá eins og stórþjóðirnar á oss Íslendinga.

Það hafa engin rök verið færð fyrir því, að ættarnöfn geri auðveldara að greina menn í sundur, enda þykist jeg hafa sýnt fram á, að svo er ekki. Það er síður en svo, að nokkur ágóði sje af ættarnöfnunum, á hverja hlið málsins, sem litið er. Og enn er ein skemd ótalin, sem ættarnöfnin hafa í för með sjer. Þau gera að engu þá fræðigrein, sem hjer hefir orðið þjóðlegust og merkilegust, og á jeg þar við ættvísina. Hún er steindauð, þegar ættarnöfnin hafa setið í nokkrar aldir. Má þessu til sönnunar benda á, hvernig farið hefir hjá nágrannaþjóðunum. Er og skiljanlegt, að þessi verði raunin, þegar sá siður er upp tekinn, að konur beri fyrst nafn föður síns, og síðan þess manns, sem þær eru giftar. Jeg gæti nú skilið þessa áfergju manna til nafnbreytinga, ef einhver stórþjóðin kæmi með her manns og setti það að skilyrði fyrir lífi og frelsi þjóðarinnar, að menn tækju sjer ættarnöfn. Hitt er háðung, sem skömm er að eigi sjer stað, að menn taki þennan sið ónauðbeygðir.

Hv. frsm. meiri hl. (ÁJ) sagði, að ættarnafnamenn hafi ekki verið verri Íslendingar en aðrir. Það hefi jeg heldur ekki sagt, að þeir væru nje hefðu verið, að öðru leyti en þessu, að með óbeygjanlegum ættarnöfnum valda þeir glundroða í beygingum orða og koma af stað allskonar kynvillum, án þess það þó varði við lög. En þeir geta verið bestu menn annars, þó sjónlitlir sjeu þeir á þessa hluti. Jón Sigurðsson tók einu sinni að skrifa sig Sívertsen, en komst brátt að raun um, að það var að engu leyti affarasælla, og tók því brátt upp aftur sinn barnasið. Má vafalaust velja sjer margan verri til fyrirmyndar en Jón Sigurðsson.

Þá er merkilegt að heyra lærðan mann, eins og hv. þm. (ÁJ) er, halda því fram, að ættarnöfnin sjeu ekki skemd á tungunni. Veit hann þó vel, að viðhald hennar er undir því komið, að ekki sjeu höfuðlögmál hennar brotin, en þar skilur íslenskuna frá öðrum tungum flestum, að hún hefir haldið beygingum sínum óbrjáluðum. En óbeygð ættarnöfn eru sjúkdómseinkenni, því þegar menn tala um að setjast hjá frú Kvaran, í stað þess að segja hjá frú Kvörunu, þá eru menn að venja sig á að brjála beygingu orðanna.

Jeg hefi áður minst á, að nafnorðin eru sterkasti þáttur tungunnar. En í nýgrískri tungu eru nafnorðin beygð sem í fornöld, og því geta þeir menn enn, er forngrísku hafa numið, skilið nýgrísku. En þau nafnorð, sem lengst lifa og minnugust eru, það eru eiginnöfnin. En nú er hjer vísir til að strika þau út og brjála. Þannig segja menn nú, að þeir hafi komið með e/s Gullfoss, í stað þess að segjast hafa komið á Gullfossi. Og þetta smálagast, ef ekki er tekið í taumana, uns íslenskan er orðin jafngöfugt mál og danskan eða málýskurnar norsku, eða ennþá verra, eins

og málið hjá stúlkunum í Kaupmannahöfn, sem „go po geden“ og segja „gú de“. En jeg vil minna á það, að ef til vill er sambandið við fortíðina, þegar á alt er litið, það dýrmætasta, sem hver þjóð á sjer. Hver einasta þjóð myndi vilja kaupa það dýru verði. Og sjerstaklega er okkur þó nauðsynlegt að halda lifandi sambandi við sögu vora og fortíð, því á því veltur, hvort vjer eigum að verða erlendri sníkjumenning að bráð og láta þessa apaketti, sem nú hampa Kleppskinnu, ráða niðurlögum okkar. Hv. frsm. (ÁJ) benti á, að ættarnafnamenn gætu fundið sjer ættarnöfn, sem beygð væru í tölu, falli og kyni. En kynvillurnar eru, eins og jeg hefi oft bent á, verstar viðureignar, þegar kona á bróður manns síns og á börn með tengdaföður sínum. Og ennfremur má það vera óþægilegt fyrir þessa nýju ættarnafnamenn, þegar þeir hitta sína eigin afturgöngu. Las jeg nýlega í dönsku blaði viðtal við „Islands mest berömte Digter“:

„Einar Hjörleifsson — er det Dem?“ spyr blaðamaðurinn.

„Ja, jeg har skrevet under det Navn i mange Aar. Nu kalder jeg mig Kvaran.“

„Hvorfor?“ spyr blaðamaðurinn.

„Jo, det er et Slægtsnavn. Hele min Familie antog det.“

Að lokum vil jeg láta í ljós þakklæti mitt til hv. minni hl. nefndarinnar fyrir að hafa fallist á að verja íslenska tungu, og sjerstaklega er jeg þakklátur hv. frsm. minni hl. (MT) fyrir þá yfirlýsingu hans, að hann muni greiða atkvæði með frv. eins og það er. Hann vill ekki helminga gott mál. Máske verða örlög þessa frv. nú þau að falla, en málið verður þá aðeins tekið upp aftur á næsta þingi, eða þinginu þar á eftir. Það gæti meira að segja komið til greina við kosningar, og þá veit jeg, hverri stefnu þjóðin kýs að fylgja. Má þá svo fara, að bannað verði að bera ættarnöfn, jafnvel áður en mönnum hefir unnist tími til að taka upp öll þau fegurstu, svo sem Hvolpon og Skolpon o. fl. Og því lofa jeg, að hvernig sem um frv. þetta fer, þá mun jeg ekki hætta að tala máli þjóðarinnar í þessu efni, og sjest þá síðar, hvor aðili ber sigur af hólmi, jeg eða ættarnafnamenn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg kann ekki við, að það líti svo út í þingtíðindunum, sem enginn í þessari hv. deild hafi viljað standa með hv. flm. frv. (BJ) um mál þetta, áður en það verður ef til vill drepið við atkvgr., eins og drepin var tilraun fjvn., sem fór í líka átt. Jeg þarf ekki að taka til máls nú af því, að menn viti ekki, hvar jeg stend í málinu, en jeg vil láta það sjást prentað í þingtíðindunum, að hv. þm. Dala. (BJ) stóð ekki einn um málið. Og þótt jeg deili oft við hv. þm. Dala. og við sjeum mjög oft andstæðir í mörgum málum, þá stend jeg algerlega með honum um þetta mál. Jeg verð að segja það til sumra þeirra manna, sem hjer eru og brosa að umr., sem hjer fara fram, að jeg lít svo á, að þetta mál sje stærra í raun og veru en mörg mál, sem rædd hafa verið á þessu þingi; af því þau mál, sem beinlínis eða óbeinlínis miða að því að varðveita okkar tungu og miða að því að halda þjóðerninu styrku og öflugu og hreinu, það eru þegar til lengdar lætur merkustu málin.

Jeg hafði tækifæri til að víkja lauslega að þessu máli við umr. fjárlaganna, þegar við í fjvn. auglýstum okkar vilja í þessu og mótmæltum af okkar hálfu ættarnöfnunum, þótt við gerðum ráð fyrir að vísu, að þær till. yrðu feldar.

Jeg ætla að gera grein fyrir því í fjórum liðum, hvers vegna jeg fylgi þessu

máli, og fylgi því fast. Að vísu eru oft leiðar endurtekningar á því, sem maður hefir áður sagt, en hjer verður aldrei góð vísa of oft kveðin.

Jeg er í fyrsta lagi með frv. vegna málhreinsunar, sem í því felst, og get algerlega skrifað undir það orð fyrir orð, sem hv. þm. Dala. sagði um spillinguna á málinu, sem óbeygjanleg mannanöfn og orðskrípi, sem leyft er að komast inn í málið, valda. Og ekki mun of mikið úr gert, hvaða hætta tungunni stafar frá þessum nöfnum. Jeg undirrita með honum, hvað þessi nöfn í málinu eru þýðingarmikil til þess að halda við tungunni hjá hverri þjóð.

Í annan stað er það, að jeg vil útrýma ættarnöfnum vegna fræðigreinar þeirrar, sem einna elst er og merkilegust á þessu landi, sem er ættfræðin. Í fyrstu bókinni, sem rituð var hjer á landi, var þessari tegund vísinda mikill gaumur gefinn, og hefir svo verið gert alt fram á þennan dag; og þess betur sem þjóðin hefir verið mentuð á hverjum tíma, þess meiri rækt hefir hún lagt við þessa fræðigrein.

Það veit jeg af talsverðum lestri þess, sem ritað er um það mál í útlöndum, að þessi fræðigrein á eftir að verða einhver sú mesta fræðigrein, sem iðkuð hefir verið. En jeg er viss um það, að ef ættarnöfnin útbreiðast, þá er hætta búin á þessu sviði. Jeg tek undir það með hv. þm. Dala., að fái ættarnöfnin að flóa yfir, verður það til þess að gera nálega óframkvæmanlegt að iðka þá fræðigrein.

Þriðja ástæðan fyrir því, að jeg fylgi málinu fast, er sú, að þegar breytingatímar ganga yfir þjóðina, viðskifti hennar og atvinnuhættir breytast, þá er langmest hætta fyrir þjóðina, að hún týni sjálfri sjer, týni sambandinu við fortíðina og sína sögu. Slíkir tímar ganga nú einmitt yfir okkar þjóð; og breytingin á nöfnum manna í ættarnöfn er einmitt greinilegt dæmi um þá hættu, sem vofir yfir okkar þjóð, að hún týni sjálfri sjer og sambandinu við fortíð sína. Þess vegna álít jeg, að á slíkum breytingatímum, þegar slík hætta stendur að þjóðinni, þá eigi að gera alveg sjerstakar ráðstafanir til þess að hrinda slíkri hættu af höndum sjer. Jeg er í engum vafa um, að sú breyting, sem þegar er orðin á nöfnum manna nú — í henni er fólgin mikil hætta fyrir hina íslensku þjóð í þessu efni. Þess vegna hika jeg ekki við að samþykkja þær till., sem hv. þm. Dala. ber fram um þetta, þó jeg hljóti að játa, að þetta er harkaleg aðferð. En jeg álít nauðsynlegt að fara harkalega að í þessum kringumstæðum.

Hv. frsm. (ÁJ) vjek í sinni ræðu að hinum gömlu og góðu svokölluðu íslensku ættarnöfnum. Jeg tek undir það, sem hv. þm. Dala. sagði um þau nöfn — sem að vísu eru ekkert mjög gömul, ekki margra alda gömul eins og hv. frsm. (ÁJ) sagði, heldur fárra alda, — að þau nöfn eru nálega öll til komin fyrir bein erlend áhrif. Þess vegna get jeg ekki fundið í þeim nöfnum neina rjettlæting fyrir því að vernda ættarnafnasiðinn.

Síðasta ástæðan, en ekki sú sísta, sem jeg vildi taka fram fyrir því, að jeg fylgi þessu máli fast fram, að hefja baráttu móti ættarnöfnunum og útrýma þeim, er sú ástæða, að það gæti verið mikill og merkilegur liður í því að vekja sterka þjóðernisöldu aftur í landinu. Og jeg álít, að þess sje full þörf. Jeg álít, að fyrir hverja þjóð sje það hin mesta nauðsyn, að hún haldi sjer vel vakandi í þeim efnum. Þar ætti okkur að vera ánægjulegt og áreiðanlega gagnlegt að fylgja því dæmi, sem við höfum sjeð hjá frændum okkar í Noregi. Það er nú viðurkent af öllum, að

það hefir haft mikil áhrif í þessa átt, að Norðmenn hafa kastað nafninu, sem Danir gáfu höfuðborg þeirra, og tekið aftur upp gamla nafnið. Það er enginn vafi á, að þetta hefir orðið til þjóðernisvakningar þar í landi. Og ef við tækjum að útrýma ættarnöfnunum, þá er jeg heldur ekki í neinum vafa um, að það hefði í för með sjer þjóðerniseflingu. Og það álít jeg eins og nú standa sakir sjerstaklega nauðsynlegt, því mjer dylst það ekki, að undirlægjuháttur margra hjer á landi gagnvart útlendingum og útlendum áhrifum er þjóðerni okkar mjög háskalegur. Jeg var sjónarvottur að því hjer á dögunum, hvernig hálfur Reykjavíkurbær skríður fyrir útlendum áhrifum. Öllum þessum skriðdýrshætti þarf að eyða og spara til þess engin góð ráð. Og þó þetta frv. verði felt að þessu sinni, þá skal það mál verða tekið upp aftur, því það skal verða flutt til sigurs.

Jakob Möller: Mjer finst, að hjer hafi verið sögð svo mikil vitleysa, að það væri minkun að því, ef það væri ekki borið við að minsta kosti að vekja athygli á því og mótmæla.

Hv. þm. Dala. (BJ) stendur hjer upp þing eftir þing og leikur sama skrípaleikinn fyrir þdm. og áhorfendum, sjálfum sjer víst til mikillar ánægju, en ýmsum til sárrar gremju og leiðinda. Alt, sem hann segir um þetta mál, eru tómar rökvillur. Það er hægt að sýna það með ljósum dæmum, að það eru ekki ættarnöfnin, sem valda spillingu í málinu. Það varð einmitt samfara því, að sá siður var tekinn upp að bera ættarnöfn, að málið hreinsaðist stórkostlega. Ef hv. þm. Dala. vill bera saman, hvernig málið er talað og skrifað nú, eftir að ættarnafnasiðurinn hefir haldist hjer um alllangt árabil, við það, sem var á miðöldunum, þá getur hann sannfærst um, að spillingin var æðimikil áður og kemur ekki ættarnöfnunum hið minsta við. Það er bersýnileg fjarstæða. Hv. þm. Dala. þarf ekki að halda, að þrátt fyrir það þótt menn segi: jeg kom með „Ísland", jeg kom með „Gullfoss", þá stafi það af því, að ættarnöfn eru til í landinu. Reyndar veit jeg, að hv. þm. Dala. er ekki svo heimskur, að hann haldi þetta sjálfur. En í vöntun röksemda grípur hann slíkar fjarstæður. Og það má háttv. þm. Dala. vita, að þó bönnuð verði ættarnöfn, þá koma menn jafnt með „Ísland" og með „Gullfoss" eftir sem áður.

Jeg skal ekki fortaka það, að ef þinginu tækist að koma aftan að landsmönnum og banna notkun ættarnafna, að það kynni þá að vekja einhvern vindþyt — svona álíka eins og vindgang í mönnum — hjá hinum háværustu gösprurum á þeim sviðum, að þeim þyki þeir hafa gert eitthvert stórvirki, er boði nýtt tímabil í menningarsögu þjóðarinnar; en á langvarandi áhrif af slíkum frumhlaupum og vitleysu hefi jeg enga trú.

Það er augljóst, að eins og málið liggur fyrir, er þarna ekki farið fram á annað en að banna ný ættarnöfn, og þá er bersýnilegt, að þeir, sem þegar hafa ættarnöfn, bera þau til dauðadags. Verða því ættarnöfn notuð hjer á landi alt að 100 árum meira og minna, og þá er jeg smeykur um, að þessi vindgangur þjóðernisgaspraranna verði farinn að hjaðna og öll vakningaráhrifin verði heldur lítil.

Jeg vil segja hv. þm. Dala., þar sem hann var að tala um hlátur, að jeg hefi orðið var við mikinn hlátur, og jeg er ekki í vafa um, að sá hlátur hefir beinst að hv. þm. Dala. og engum öðrum. *(BJ:*

En af hverju hlær enginn nú?). Af því það er alvara töluð, en ekki verið að leika skrípaleik.

Jeg heyri, að nú hlæja þeir hv. þm. Dala. og Guðbrandur Jónsson — það staðfestir aðeins það, sem jeg segi.

Bjarni Jónsson: Jeg stend bara upp til að lýsa því yfir, að úr því engin mótmæli koma fram móti þessu frv., sem eru svaraverð, þá vil jeg ekki lengja umr. frekar.

ATKVGR.

Brtt. 292,1 feld með 15:9 atkv.

1. gr. samþ. með 15:11 atkv.

2. gr. samþ. með 16:9 atkv.

Brtt. 292,2—5 teknar aftur.

3.—6. gr. samþ. með 15:9 atkv.

Brtt. 292,6 feld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SigurjJ, ÞorlJ, ÁJ, BSt.

nei: BL, IngB, JakM, JK, JS, JÞ, MJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ.

BJ og BSv greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

7.—8. gr. samþ. með 14:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, HStef, HK, IngB, JBald, JS, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSv.

nei: BStef, BL, JakM, JK, JÞ, MJ, SigurjJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 34, 426).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 426. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil leggja þessu frv. liðsyrði áður en gert er út um forlög þess hjer í hv. deild. Jeg hefi verið þessu frv. fylgjandi á undanförnum þingum, og vil jeg taka það fram, eins og jeg hefi áður gert, að hin mesta nauðsyn er á að stemma stigu fyrir ættarnafnafarganinu og einnig að reyna að fyrirgirða ónefnin. Með þetta fyrir augum hefi jeg borið fram brtt. á þskj. 426. Hún er hvorki fyrirferðarmikil nje efnisrík, en er þó nokkur bót á 1. gr. Jeg held það sje rjettara að leyfa mönnum að hafa tvö nöfn en að skylda þá til að hafa aðeins eitt. Jeg hygg, að fleiri hafa tekið eftir því en jeg, að mæður vilja oft halda uppi nafni föður og móður, með því að láta börnin heita hvorumtveggja nöfnum. En af þessu getur leitt hreinustu nafnaskrípi, ef ekki leyfast tvínefni, eins og t. d. þegar Páls nafn og Sigríðar verður Sigurpáll eða Sigurpálína. Mörg slík nöfn mætti telja. Þannig verður Kristþór til af Þorsteinn og Kristín o.s.frv. Þetta eru óhæfileg nöfn, og með það fyrir augum að fyrirbyggja ónefni þessu lík, hefi jeg borið fram brtt. mína.

Enda þótt prestar eigi að hafa eftirlit með nafngjöfum, býst jeg ekki við, að þeir hlutist til um, þó að börn sjeu skírð nöfnum eins og Sigurpáll eða Sigurpálína Þorvaldína, Mensaldrína o. s. frv. Jeg mun ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti, að frv. megi ganga gegnum hv. deild tálmunarlaust.

ATKVGR.

Brtt. 426 samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, J-

AJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.

nei: ÞórJ, ÁF, JakM, JBald, JörB, MG, MT, BSv.

BJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÞorlJ, ÁJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, BJ, HStef, HK, IngB, BSv.

nei: JakM, JAJ, JK, JÞ, MJ, SigurjJ, ÁF, ÁÁ, BSt, BL.

Tveir þm. (ÞorlJ, ÁJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., mánudaginn 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 437).

Á 68. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 534).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Það er viðkunnanlegra að láta nokkur orð fylgja nál. á þskj. 534, en ekki ætla jeg að fara mörgum orðum um það. Það er enginn vafi á því, að frv. það, sem hjer liggur fyrir á þskj. 437, það er borið fram í fyrsjun af sjerstakri umhyggju fyrir íslensku máli; það er tilraun í þá átt að vernda íslenska tungu, vitanlega ekki alment, heldur aðeins að því er snertir sjerstakan orðflokk, sem sje eiginnöfnin, þó ekki öll, heldur aðeins mannanöfnin. Það er ekki hægt að neita því, að mörg af þeim mannanöfnum, sem við höfum, eru mjög óíslenskuleg, en með tíð og tíma mun það reynast svo, að nafn, þótt ekki sje af norrænum stofni, kemur til að hljóma eins og nafn, sem er fullkomlega íslenskt. Má t. d. benda á nöfn eins og Jóhannes, Jón og Jóhann; þau eru vitanlega ekki íslensk, en enginn finnur annað en að þau sjeu það, og þó eru jafnvel nöfnin Jón og Jóhann ekkert annað en afbökun úr nafninu Jóhannes. Þó að breyta ætti um og gera ættarnöfn útlæg, eða takmarka notkun þeirra að mun, þá þarf að viðhafa mikla varfærni í þessum efnum, a. m. k. fyrst í stað.

Það eru sterkar og þó viðkvæmar taugar, sem tengja nafnið við ættina, taugar, sem standa í nánu sambandi við ættrækni, og þá tilfinningu verðum við að telja mikils virði. Jeg hygg líka, að ættrækni sje óvíða ríkari en einmitt hjá Íslendingum, og er þeim mun meiri ástæða til að virða þá tilfinningu og ganga ekki mjög frekt að niðurskurði allra ættarnafna. Það er eðlilegt, að nafn, sem hefir tengt ættliði saman um áratugi og jafnvel aldir, hafi náð miklum tökum á ættinni og að menn taki sárt að sjá því kipt burtu með einu lagaboði. Þess vegna vill meiri hl. ekki ganga að frv. óbreyttu. Meiri hl. vill taka fult tillit til slíkra tilfinninga og ekki ganga um of í berhögg við persónulegt frelsi manna. Leggur

hann því til, að þau nöfn, sem hafa náð svo mikilli festu meðal heilla ættbálka, fái að standa framvegis.

Öðru máli er að gegna um hin nýrri ættarnöfn. Þau hafa ekki fest mjög djúpar rætur enn, og því fremur sök sjer, að þau verði afnumin. En hinsvegar hafa menn keypt sjer þessi nöfn og tekið þau upp í þeirri trú, að þeir hafi þar með aflað sjer og sínum rjettar til að bera nöfnin um ókominn tíma. Er því ekki rjett að svifta menn þessum nöfnum, sem þeir hafa keypt, endurgjaldslaust, enda er ekki gengið út frá því í frv. Þar er svo ákveðið, að þeir, sem hafa keypt ættarnöfn, fái að bera þau alla æfi og ennfremur þau börn þeirra, sem þegar eru fædd, en svo ekki lengur. Þessu ákvæði sjer meiri hl. enga ástæðu til að breyta frá því, sem hv. Nd. hefir samþykt. Meiri hl. leggur enga höfuðáherslu á 2. brtt. sína á þskj. 534. Því er jafnaðarlega svo varið, að sektir renna annaðhvort í ríkis- eða sveitarsjóð. Ef sektarákvæði frv. helst óbreytt, þá er það undantekningarákvæði í íslenskum lögum og getur orðið óviðfeldið í framkvæmdinni. Svo getur staðið á, að ekkert unglingaskólahald sje í því hjeraði, þar sem maður verður brotlegur gegn lögunum, og eiga sektirnar þá líklega að ganga til unglingaskóla einhversstaðar annarsstaðar samkv. frv. Virðist meiri hl. því rjettara, að sektirnar renni altaf í einn sjóð, ríkissjóð, enda mun hann veita styrk til unglingaskóla hjer eftir sem hingað til, og kemur þetta þá í sama stað niður.

Vona jeg að þurfa ekki að fara fleiri orðum um brtt. meiri hl., en að öðru leyti vill hann ganga að frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Þar sem jeg er í minni hl. í allshn., vil jeg stuttlega gera grein fyrir skoðun minni á máli þessu. Að vísu álít jeg skoðanir hv. meiri hl. þannig, að ekki er langt frá því, að jeg geti fallist á þær, ef ekki fæst annað betra. Jeg býst við því, að tiltölulega auðveldast muni vera að fá menn til að sætta sig við þá ráðstöfun, að bönnuð verði ný ættarnöfn, en þau lögð niður, sem tiltölulega stutt er síðan tekin voru.

Þessi siður, sem sýndist ætla að ná mikilli útbreiðslu, að menn hættu að kenna sig til feðra sinna, er nú að leggjast niður.

Jeg hefði helst kosið, að frv. næði óbreytt fram að ganga, en get þó ekki lagst af kappi á móti brtt. hv. meiri hl., þar sem jeg játa, að þær eru spor í rjetta átt, frá því sem nú er.

Sigurður Eggerz: Það ætti ekki að gefa lög um önnur efni en þau, sem nauðsynlega þörfnuðust þess, að þeim væri skipað með lögum. Sjerstaklega ætti þingið að sýna varkárni í því að gefa lög, sem víst er, að fótum verða troðin, og verða því til þess eins að vekja óvirðingu manna fyrir landslögum yfirleitt. Jeg verð að líta svo á, að þetta frv. stefni einmitt í þá átt. Þetta frv. gengur svo nærri persónulegu frelsi manna, að jeg tel óhæfu að samþykkja það. Þetta frv. er álíka viturlegt og ef menn vildu láta Alþingi setja lög um, að fólkið skuli ganga í svörtum sokkum, en ekki rauðum o. s. frv. Hver myndi hlýða slíkri löggjöf? Eða myndu lögreglustjórar hafa tíma til að framfylgja slíkum lagaboðum? En einmitt þessu líkt er það lagaboð, sem hjer á að setja.

Það er athugandi, að í þessum efnum hefir framþróunin annarsstaðar einmitt verið með sama hætti og hjer.

Háttv. meiri hl. allshn. hefir ekki getist allskostar að frv. óbreyttu, og heyrði

jeg, að hv. frsm. (EP) skildi, að þeim mönnum, sem bæru gömul ættarnöfn, væri viðkvæmt mál, ef nöfnunum yrði kipt í burtu fyrir einhverja dutlunga hjer á hinu háa Alþingi. Þetta er auðvitað rjett, en þá er að athuga brtt. hv. meiri hl. Samkvæmt þeim eiga þeir einir, sem tekið hafa ættarnöfn fyrir árið 1912, að fá að halda nöfnunum. Þá koma þeir, sem tekið hafa ættarnöfn síðan. Þeir fá að halda þeim, meðan þeir og fædd börn þeirra lifa, en lengra nær sá rjettur ekki. Loks kemur allur almenningur, sem alls ekki fær að taka sjer ættarnöfn.

Með þessari skiftingu er verið að skapa forrjettindi fyrir tiltölulega fáa borgara þjóðfjelagsins, og get jeg að vísu verið hv. meiri hl. þakklátur fyrir, að jeg fæ að vera í hinum fína 1. flokki. En vel á minst! Úr því verið er að skifta mönnum í flokka á þennan hátt, hví eru þá ekki búnar til aðalsættir í landinu og þeim fengið jarðagóss og önnur fríðindi að sið ýmsra annara þjóða?

Jeg verð nú að segja, að svo vitlaust sem frv. er eins og hv. Nd. hefir gengið frá því, þá eru brtt. hv. meiri hl. þó enn óaðgengilegri. Eða hvar er ástæðan til þess að binda ættarnafnarjettindin við áramótin 1912—'13? Hvar er ástæðan til þess, að maður, sem tekið hefir ættarnafn árið 1910, fær að halda því, en annar, sem tekið hefir nafnið árið 1914, fær ekki að halda því fyrir niðja sína, svo sem lög standa til nú? Slíkt nær ekki nokkurri átt að mínum dómi. Og hvað vinst eiginlega við þessa breytingu? Áreiðanlega hætta menn þó ekki að bera ættarnöfn; það er víst. E. t. v. vinst það, að öll ættarnöfn enda á „sen“ eða „son“, eins og nú tíðkast helst hjer í höfuðstaðnum. Hjer er orðið mjög alment, að konur kalli sig föðurnafni manna sinna.

Jeg mun fyrst og fremst greiða atkv. á móti brtt. hv. meiri hl., því jeg álít þær svo þrungnar af ranglæti, að ekki nái nokkurri átt að samþykkja þær. Það getur ekki komið til mála, að löggjafarvaldið segi við vissa borgara þjóðfjelagsins: Þið megið bera ættarnöfn. Við aðra: Þið megið bera ættarnöfnin um vissan tíma. En við allan almenning: Þið megið alls ekki bera ættarnöfn, hvað sem tautar. — Það fer lítið fyrir persónulegu frelsi manna, þegar slík löggjöf hefir verið samþykt. Mjer fyrir mitt leyti þykir hart að sjá dýrmætum tíma þingsins varið til að ræða slíkan hjegóma.

Loks mun jeg greiða atkv. á móti sjálfu frv., því jeg er viss um, að enda þótt svo slysalega takist, að það verði gert að lögum, þá verða þau lög fyrirlitin af öllum skynsömum mönnum, og afleiðingin verður, að þeim verður bráðlega breytt aftur.

Sigurður Jónsson: Frá því fyrsta hefi jeg verið hlyntur þeirri stefnu, sem kemur í ljós í frv. þessu, og það er jeg enn. En ef breyta á frv. hjer, þá eru örlög þess sjeð fyrir á þessu þingi, þar sem hæpið er, að tími vinnist til að taka málið fyrir aftur í hv. Nd. Þess vegna mun jeg greiða atkv. á móti brtt., en með frv. óbreyttu.

Þetta frv. er í fullu samræmi við ísl. tungu að fornu og lengi fram eftir öldum og er fram komið til að bæta málið og koma því í rjett horf og fornt.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Jeg tel mjer ekki skylt að verja frv. í heild og mótmæla orðum hv. 1. landsk. (SE) á þeim grundvelli. Býst jeg og við, að hv. þm. Dala. (BJ), flm. frv. í hv. Nd., þykist einfær að verja gerðir sínar í þessu efni, og er mjer nær að halda, að ef hann og hv. 1. landsk. ættu tal saman um

þetta mál, þá gæti svo farið, að háttv. 1. landsk. yrði að lækka seglin lítið eitt.

En það eru brtt., sem nú liggja fyrir, sem jeg og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) berum ábyrgð á. Hv. þm. (SE) vildi halda því fram, að brtt. gerðu frv. aðeins enn verra en það væri nú. Þær gengju enn nær persónulegu frelsi manna en frv. sjálft. Þessari staðhæfingu vil jeg mótmæla, enda eru brtt. bornar fram í því skyni að forðast sem hægt væri að ganga mjög nærri persónulegu frelsi manna. Og það hefir meiri hl. tekist, því samkv. brtt. fá þeir, sem nú bera gömul, jafnvel aldagömul ættarnöfn, að halda þeim framvegis fyrir sig og afkomendur sína, en hinir, sem tekið hafa upp ættarnöfn eftir 1912, fyrir sig og fædd börn sín. Aðrir fá ekki að bera ættarnöfn, og getur það varla talist skerðing á persónulegu frelsi manns, sem aldrei hefir borið ættarnafn, að banna honum það framvegis.

Annars má öllum vera skiljanlegt, hvað átt er við með tímatakmarkinu áramót 1912—'13. Þá gengu í gildi ný lög um ættarnöfn, þar sem mönnum var gefið undir fótinn að taka upp slík nöfn og þeir skrásettir, sem það gerðu.

Verði þetta frv. að lögum, þá er þar með slegið striki yfir þau lög og það ólag, sem mörgum hefir fundist þau lög hafa haft í för með sjer, og mega þeir menn því fremur við una, sem í rauninni eru andvígir öllum ættarnöfnum, jafnvel þó brtt. verði einnig samþyktar.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Þar sem hv. 1. landsk. (SE) snýst svo harðlega á móti fjarstöddum flokksbróður sínum í hv. Nd., hv. þm. Dala. (BJ), þá vildi jeg segja fáein varnarorð fyrir þennan hv. þm. (BJ) út af þessu máli.

Menn hafa tekið þrennskonar afstöðu til þessa máls. Fyrst eru þeir, sem vilja lofa hverjum manni að ráða því, hvernig nafn hann ber og hvort hann tekur sjer ættarnafn eða ekki. Til þessa flokks telst hv. 1. landsk. Þá kemur afstaða hv. meiri hl. allshn., sem segir, að þeir skuli halda ættarnöfnum sínum, sem fyrir mannsaldri hafi tekið þau, en að öll nýrri nöfnin skuli hverfa í gröfina með þeim, sem þau bera nú, og jafnframt skuli úr vegi rutt öllum möguleikum fyrir menn til að taka upp ný ættarnöfn framvegis. Þriðji flokkurinn, en forvígismaður hans er einmitt hv. þm. Dala., skoðar öll ættarnöfn óviðeigandi í íslensku máli og leifar frá mestu hnignunartímum ísl. menningar.

Jeg hefi beðið hæstv. forseta að viðhafa nafnakall við atkvgr., til þess að sjeð verði, hverjum flokkinum hv. þdm. fylgja. Jeg fyrir mitt leyti hallast að frv. óbreyttu, en sætti mig þó mun betur við afstöðu meiri hl. og brtt. hans en afstöðu hv. 1. landsk. Enda er mjer það sorgarefni, að háttv. þm. (SE), sem venjulega stendur svo framarlega í allri þjóðernisbaráttu okkar, skuli í þessu máli vilja halda þá braut, sem er óþjóðhollust.

Í sambandi við þetta mál er rjett að drepa á málhreinsunarbaráttu frænda vorra Norðmanna. Þeir hafa nýlega breytt nafni höfuðborgar sinnar, Kristiania í Osló, nafni eyjarinnar Spitzbergen í Svalbarð o. s. frv. Í þessu kemur fram sama viðleitnin sem í frv. því, sem nú er hjer til umr. Það á að hreinsa málið.

Í rauninni er frv. þetta einnig bygt á alveg eðlilegum röksemdum. Úr því að við teljum okkur það fyrst og fremst til ágætis, að við höfum haldið máli okkar svo að segja óbreyttu frá landnámstíð og fram á þennan dag, þá er þetta

spor í rjetta átt. Óbeygjanleg ættarnöfn breyta og spilla eðli íslensku tungunnar og eiga því að hverfa úr sögunni.

Sigurður Eggerz: Það er auðvitað ágætt, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) tók máli háttv. flm. (BJ), en hann þurfti þess bara ekki gagnvart mjer, því jeg hefi sýnt það við ótal tækifæri, að jeg hefi tekið málstað hans, þegar ranglátlega hefir verið ráðist á hann. Og þótt jeg ráðist á þetta frv. hans, þarf hann þess ekki með, að hv. 5. landsk. verji hann. Annars hefi jeg sýnt það hjer á þingum, að hvort sem mótstöðumenn mínir hafa verið fleiri eða færri, þá hefi jeg fyllilega þorað að sigla fullum seglum, og svo mun enn. Í dag hafa þeir hist, Heródes og Pílatus, íhaldið og framsóknin, og var svo sem auðvitað, að það hlyti að hafa verið í einhverju stórmáli.

Hv. 5. landsk. var að tala um, að þessi hreyfing ætti sjer einnig stað með frændum vorum Norðmönnum. Minti hann á, að þeir hefðu breytt nöfnum bæja sinna, Kristiania í Osló og þesshättar. Það er rjett, að svo hafa þeir gert. En jeg hefi ekki orðið þess var nje heyrt þess getið, að nokkur hreyfing væri uppi í Noregi um að leggja niður ættarnöfn. Jeg veit ekki annað en að synir Björnsons haldi enn ættarnafninu Björnson, og synir Ibsens munu víst síst hyggja á að hætta að kalla sig Ibsen. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessum stórmennum, þessum mikilmennum, sm gert hafa norskar bókmentir að heimsbókmentum, hafi tekist að gera landi sínu ómetanlegt gagn og sóma, þótt þeir bæru ættarnöfn. Eða hefir nokkuð heyrst um það, að Mikkelsen sje að hugsa um að leggja niður nafn sitt? Nei, þetta rækt-arleysi, að heimta af mönnum, að þeir leggi niður nöfn þau, sem þeir hafa borið og þeim þykir vænt um, það þekkist hvergi nema hjer.

Þá sýnir það vel virðing Alþingis fyrir sinni eigin löggjöf og er harla einkennilegt, að lagt er til, að þeir, sem fengu sjer ættarnöfn fyrir 1912, skuli halda þeim, en að þau skuli taka af þeim, sem fengu þau eftir að lögin voru sett 1912. Einmitt mennirnir, sem í skjóli laganna hafa tekið upp nöfnin og greitt gjald fyrir þau, einmitt þeir eiga að missa þau. Nú ætlar Alþingi að koma til þeirra og segja: Við meintum ekkert með lögunum frá 1912. Þau rjettindi, sem yður voru gefin þá, skulu nú tekin af yður.

Það er áreiðanlegt — því þori jeg að halda óhikað fram, — að það er ekki verið að vinna íslenskri tungu neitt gagn með þessu, eins og látið er í veðri vaka. Það er óhjákvæmilegt lögmál, sem hver tunga breytist eftir, og því verður ekki breytt með neinni löggjöf, og þær breytingar, sem tungan hlýtur að taka, verða aldrei stöðvaðar með lögum. Það er líka því minni ástæða til þessarar löggjafar, ef það er rjett, sem svo margir hv. þm. segjast trúa, að löngun manna í ættarnöfnin sje að hverfa. Og hvaða ástæða er til þess að setja slík lög, ef allir eru hættir við að taka sjer ættarnöfn? Það er auðvitað ágætt að reyna að hafa áhrif á smekk þjóðarinnar í þá átt, að menn láti ekki skíra börn sín ónefnum. En það eru ýms önnur nöfn en bein ættarnöfn, sem hjer má minnast á. Í Þýskalandi er það siður, að menn sjeu „von“ hitt og þetta; í Frakklandi heitir það „de“. Þessi útlendi siður hefir nú flust hingað til lands. Jafnvel hv. flm. frv. (BJ) kallast Bjarni Jónsson frá Vogi, og það er vitanlegt, að einn hv. þm. í þessari þd. heitir Jónas frá Hriflu. Eftir að búið er að samþykkja

þessar brtt., verða því þrír ættarnafnaflokkarnir. Fyrst þeir, sem fengu ættarnöfn fyrir 1912, sem eru einskonar aðall, svo þeir, er tóku upp ættarnöfn eftir 1912 og verða nokkurskonar milliflokkur, og loks verða það allir „*fon*arnir", frá Hriflu og Vogi, og þeir verða nú líklega allra fínastir. Ef menn eru því svo hræddir við ættarnöfnin, sem þeir láta, vil jeg skjóta því til þingsins, og einkum til hæstv. stjórnar, hvort hún vilji ekki taka til ítarlegrar yfirvegunar, hvort ekki stafi hin mesta hætta af „*fon*unum"; einkum þar sem hjer er um mjög mikilhæfa menn utan þings og innan að ræða, og má því búast við, að þeir hafi mikil áhrif á smekk manna, svo að fult verði hjer af „fonum" eftir nokkur ár.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje hægt að heimta það, að þeir, sem búnir eru að búa til sögu á bak við nafn sitt og ættar sinnar, sjeu neyddir til að leggja það niður, og bak við hverja ætt er ákveðin saga, stór eða lítil, eftir því sem það er nú dæmt. Jeg mótmæli því eindregið, að þetta sje gert í þjónustu ættfræðinnar. Að vísu skal jeg játa, að jeg er enginn ættfræðingur, en mjer finst það liggja í hlutarins eðli, að ef ákveðnar ættir hafa sitt sjerstaka nafn, þá er þar til fastur þráður til að rekja sig eftir. Þess vegna virðist mjer, að með ættarnöfnunum sje verið að greiða götu ættfræðinnar, en ekki, að með þeim sje lagður steinn í götu hennar

Að öðru leyti býst jeg nú við, að örlög Karþagóborgar sjeu fyrir sjeð, þar sem hinir stóru flokkar hafa komið sjer saman um að leiða til sigurs þetta þjóðþrifamál í einingu andans og bandi friðarins. Það þýðir því sjálfsagt ekki fyrir mig að andmæla þessu. En þrátt fyrir það hefi jeg viljað sýna hv. 1. þm. Rang. (EP), að jeg þori vel að sigla fullum seglum í þessu máli sem öðrum. Og jeg hefi áður haft tækifæri til að sýna það í þessari hv. deild, að svo hefir oft farið á hinu háa Alþingi, að þau mál, sem jeg stóð fastast með er þau voru í minni hluta, unnu oftast sigur að lokum. En jeg vil nú enda mál mitt með því að vekja eftirtekt hv. deildar á því, að jeg tel það mjög óheppilegt af hinu háa Alþingi að samþykkja lög, sem það fyrirfram veit, að verða algerlega fótum troðin. Því það vita bæði guð og menn, rjettlátir og ranglátir, að þessi lög verða algerlega fótum troðin og að engu metin. Og jeg held satt að segja, að okkar lögregla hafi nóg að gera, þó það Sisyfusarverk, sem hjer er á ferðinni, verði ekki lagt á axlir hennar. Það er sannarlega mjög merkilegt, ef Alþingi ætlar nú að fara að gefa lög til þess að auka stórkostlega ólöghlýðni í landinu; því það er áreiðanlegt, að meiri hluti borgaranna mun eiga örðugt með að sýna þessum lögum virðingu. Nei, það munu allir meta þau eins og tóman hjegóma, eins og þau líka eru. Jeg vil líka skjóta því til hæstv. forsrh. (JM), hvort hann telji sig hafa svo miklu lögregluliði á að skipa hjer á landi, að það geti framkvæmt þessi lög. (*JJ:* 7 þús. menn ættu að geta það). Nei, þó það væru 7000 manns, þá dygði það ekki til. En kannske hv. 5. landsk. hafi hugsað sjer að vera með þessu frv. til þess að geta rökstutt atkv. sitt með 7 þús. manna lögreglunni, ef það frv. kæmi til þessarar hv. deildar. En þá verð jeg að líta svo á, að Hafliði verði dýr allur; þá fer hún að verða dýr þessi löggjöf, ef það þarf 7 þús. manna lögreglulið til þess að gæta hennar. En jeg er viss um, að ef duga ætti, þyrfti miklu fleiri, — miklu fleiri. Því lít jeg svo á, að það borgi sig betur, eins og það yfirleitt borgar sig altaf best, að lofa málum, sem snerta eins

fast og þetta persónulegt frelsi manna, að vera í friði fyrir löggjöfinni. Það er líka hætta á því, að ef þetta frv. verður samþykt, þá fái fornöfnin ekki lengi að vera í friði. Enginn maður á landinu má þá lengur vera tryggur um heiti sitt. Hann getur búist við því, að löggjafarvaldið komi til hans einhvern góðan veðurdag og segi: Nú máttu ekki lengur heita það, sem þú hefir heitið frá því 1912, eða í nokkur ár. Nú verður þú að láta skíra þig annað.

Sannleikurinn er sá, að það er mjög óviðfeldið og ónærgætið af hinu háa Alþingi að grípa svo langt niður í einkalíf manna sem hjer er gert. Það á að vera hin gullna regla, að gefa ekki lög um annað en það, sem nauðsyn krefur; þá fyrst eru lögin haldin í heiðri af borgurunum og þeim hlýtt. En að gefa lög um þau efni, sem engin nauðsyn ber til, að lög sjeu gefin um, það er mjög óviturlegt. Ef því þetta frv. verður samþykt, er hjer gengið inn á mjög óviturlega braut. Þeir, sem trúa því, að þetta verði til þess að koma betra skipulagi á íslenska tungu, vaða í villu og svíma. Meðan smekkurinn er ekki í lagi, er tungunni hætt, en það er ekki til neins að lögbjóða eitt eða annað um smekkvísi manna. Smekkinn verður að skapa á alt annan hátt.

Jeg get af þessum ástæðum með mjög góðri samvisku fyrst og fremst greitt atkv. á móti brtt., sem skipa mönnum í þrjá flokka, þá, er fengu ættarnöfn fyrir 1912, þá, er fengu ættarnöfn eftir 1912, og svo alla „fonana“. Hvað þá snertir, vil jeg endilega, að hæstv. stjórn, ef hún stenst þá hríð, sem nú er að henni gerð í háttv. Nd., athugi rækilega, hvort þeir spilli ekki þjóðinni með nöfnum sínum. Og þar sem um slíkt stórmál er að ræða, væri sjálfsagt að lengja þingið um nokkra daga til þess að sú rannsókn geti farið fram. Vildi jeg gjarnan heyra álit hæstv. stjórnar á þessu máli, einkum hæstv. forsrh. (JM), sem jeg sje, að er ekki staddur hjer nú. Eða kannske það sje meiningin að leysa þingið upp og láta kjósa um þetta stórmál. Hver veit líka nema það sje pólitískt „trick“ að koma þessu í gegn. Ætli það verði ekki líkt og stjórnarskrárbreytingin, að þegar hv. Íhaldsflokkurinn og hv. Framsóknarflokkurinn hafa hjálpast að að drepa þetta mál, þá leggi hv. Íhaldið alla áherslu á að sýna, að hv. Framsókn hafi drepið það, og hv. Framsókn, að hv. Íhald hafi drepið það, og láti svo þjóðina kjósa um, hvorum hún trúir betur. Jeg veit, að það hefir mjög verið rætt um það, hver hafi drepið stjórnarskrárbreytinguna. Jeg get glaður sagt það, að jeg var einn þeirra, sem átti drýgstan þátt í því, enda var þá einfaldur leikur á borði, þar sem báðir hinir flokkarnir í hjarta sínu vildu koma henni fyrir kattarnef. Ef til vill á að leika einhvern líkan leik hjer.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg vil enn lýsa hrygð minni yfir því, að hv. 1. landsk. (SE) skuli ekki gleðjast, þegar hann sjer, að helsti maður Sjálfstæðisflokksins er studdur svo mjög af stóru flokkunum sem hjer er gert, svo að jafnvel Heródes og Pílatus sættast á að styðja þann litla og sundurleita flokk. Finst mjer sannarlega, að hann ætti að vera okkur hv. 1. þm. Rang. (EP) þakklátari en hann er fyrir það, að við styðjum þetta flokksmál hans og erum fúsir til að ljá okkar veiku krafta til þess að koma því fram.

Ingibjörg H. Bjarnason: Aðeins örfá orð til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu. Ummæli hv. 1. landsk. (SE) hafa

algerlega lýst skoðun minni á þessu máli. Mjer hefir frá fyrstu fundist það helber hjegómi.

Jeg vil aðeins leyfa mjer að minnast á 5. gr. frv., sem jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp. Hún hljóðar svo:

„Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.“

Þessi grein finst mjer þörf, enda mun það vera í lögum, að prestar skuli ráða foreldrum frá að skíra börn sín óþjóðlegum eða klaufalegum nöfnum, og ætti það út af fyrir sig að vera nægileg trygging. Um hin atriðin er jeg einnig sammála því, er hv. 1. landsk. hefir tekið fram um þau. Þó mun jeg nú við atkvgr. greiða atkv. með báðum brtt., þegar af þeim orsökum, að jeg er sannfærð um, að ef þær brtt. verða samþyktar, þá verður frv. drepið í háttv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, HSn, IP, JóhJóh, JM, JJ, SJ, BK, EP, HSteins.

nei: IHB, JJós, SE.

2. gr. samþ. með 10:2 atkv.

Brtt. 534,1 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.

nei: JJós, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, HSn.

3. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, HSn, JM, JJ, SJ, BK, HSteins.

nei: IHB, IP, JJós, JóhJóh, SE, EP.

4.—6. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 534,2 samþ. með 10:3 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

8. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, JM, JJ, SJ, BK, EÁ, HSteins.

nei: IHB, IP, JJós, JóhJóh, SE, EP.

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 550, 551).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 551. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við 3. gr. frv., sem jeg vona, að sjeu svo skýrar, að ekki þurfi um þær langa framsögu. Í megindráttunum líkjast þær brtt. hv. meiri hl. allshn., sem feldar voru hjer við 2. umr., en þó ber nokkuð á milli. Má þar einkum nefna, að samkv. brtt. mínum mega þeir, sem nú bera ættarnöfn yngri en frá síðustu aldamótum, en án staðfestingar samkv. lögum nr. 41, 1913, aðeins halda þeim meðan þeir lifa, en afkomendurnir ekki.

Önnur brtt. mín er sú, að kona fái að bera löglegt ættarnafn manns síns. Jeg veit, að þetta er meiningin samkv. frv. eins og það er nú, en ekki spillir, að það sje skýrt tekið fram í lögunum. Jeg hafði tilhneigingu til að bera fram enn víðtækari brtt., en eftir atkvgr. í gær að dæma sá jeg enga von um að fá þær samþyktar, en hinsvegar vil jeg ekki ganga að frv. óbreyttu, og hefi því borið þessar brtt. fram.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Frá hálfu meiri hl. allshn. er ekkert við brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP) að athuga, þar sem

þær stefna mjög í sömu átt sem brtt. meiri hl. við 2. umr. Sá munur, sem kann að vera á till., getur ekki valdið því, að meiri hl. vilji ekki sætta sig við þessar brtt. Munurinn er einkum sá, að nú eiga þeir, sem tekið hafa ættarnafn eftir aldamót, en hafa ekki aflað sjer löglegrar heimildar samkv. 9. gr. laga nr. 41 1913, ekki að fá að halda nöfnunum fyrir ófædda afkomendur sína; en jeg hygg, að slík tilfelli sjeu alveg hverfandi fá. Að því er snertir viðbótarákvæðið, að kona skuli hafa leyfi til að bera ættarnafn manns síns, þá held jeg það geri hvorki til nje frá. Það segir sig sjálft, að ef maðurinn hefir ótvíræðan rjett til að bera ættarnafn, þá hefir kona hans alveg sama rjett. Þetta verður aðeins enn skýrara samkv. brtt. háttv. þm. (IP), en hefði hinsvegar aldrei valdið misskilningi, þó að ekkert hefði um það staðið í lögunum.

Sigurður Eggerz: Það er auðvitað rjett hjá háttv. 1. þm. Rang. (EP), að þessar breytingar háttv. 2. þm. S.-M. (IP) eru svo að segja nákvæmlega sama efnis og brtt. hv. meiri hl. allshn., sem voru feldar hjer í gær. Munurinn er sáralítill, en þó eru þessar brtt. heldur verri, það sem það nær, því samkv. þeim eru menn látnir gjalda þess að hafa ekki fengið heimild samkv. lögunum frá 1913 til að bera ættarnöfn. Þetta er enn meiri harðdrægni í garð ættarnafnanna. Annars þarf jeg ekki að endurtaka það, sem jeg sagði um þessar brtt. í gær.

Jeg lít svo á, að með frv. þessu syndgi löggjöfin gegn þremur höfuðreglum, öllum veigamiklum. Í fyrsta lagi teygir hún sig um of inn á svið einkalífs manna með frv. Það ætti að vera, og hefir verið, einkamál hverrar fjölskyldu að taka ákvörðun um, hvaða nafn hún ber. Hið opinbera hefir svo margt á sinni könnu, að það ætti að hliðra sjer hjá að blanda sjer svo mjög inn í helgustu einkamál manna. Í rauninni hefir nafnið sömu þýðinguna fyrir ættina sem fáninn fyrir þjóðirnar. Hver þjóð ann sínum fána, og eftir því sem fleiri stórvirki eru unnin undir merki hans, því kærari verður hann þjóðinni. Svo er og með ættarnöfnin. Hver ætt ann sínu nafni, og eftir því sem ættliðirnir gera nafnið frægara, eftir því verður það ættinni kærara. Þess vegna er ekki rjett, að hið opinbera kippi burtu þeim endurminningum, sem einstaklingar þjóðfjelagsins tengja við nafn ættar sinnar. Það er of hart að gengið. Og víst er það, að ef löggjöfin gengur svo langt í þessum efnum sem frv. gerir ráð fyrir, þá stórspillir það allri virðingu manna fyrir lögum og rjetti yfirleitt.

Þetta er fyrsta höfuðreglan, sem frv. brýtur gegn. Með því broti er gerð tilraun til að fótumtroða einkalíf manna, sem löggjöfinni ætti þó að vera heilagt. Mig furðar á, að menn skuli ekki ganga lengra og beinlínis taka ættarnöfnin strax af öllum þeim, sem bera þau, já, jafnvel skipa svo fyrir, að farið sje upp í kirkjugarð og ættarnöfnin skafin af minnismerkjunum, svo að hinir látnu hljóti ekki óvirðing af að bera þau. Annars mætti meðal vor minnast nokkurra ættarnafna. Jeg get mint á Bjarna Thorarensen, Benedikt Gröndal, Sveinbjörn Egilsson og Hannes Hafstein. Vill þjóðin skafa út ættarnöfn þessara manna eða þær minningar, sem bundnar eru við nöfn þeirra?

Þá vil jeg minnast á aðra höfuðreglu, sem er brotin með frv. þessu. Og hún er engu minni en hin og síst minni synd að brjóta á móti henni. Hún er sú,

að þegar löggjafarvaldið hefir gefið einhverjum manni ákveðinn rjett, þá á sá maður að mega fulltreysta því, að hann fái að halda þeim rjetti. En hjer er langt frá, að svo sje; með þessu frv. er brotið þvert á móti þeirri reglu. Og því miður er það ekki í fyrsta skifti hjer á hinu háa Alþingi, að þessi regla er brotin. Þess er skamt að minnast, að fyrir nokkru tók meiri hl. þessarar hv. þd. lögákveðinn rjett af embættismönnum þjóðarinnar, rjett, sem þeir höfðu nýlega fengið hjá þessu sama þingi. Því ber ekki að neita, að það er andi byltingarinnar, sem kemur fram á hinu háa Alþingi, þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar. Og jeg get ekki varist því, að jeg er hálfhissa á, hversu þessi andi byltingarinnar á föst tök hjá hv. Íhaldsflokki — Íhaldsflokki, takið eftir því. Það ætti þó að vera alkunnugt, hvað íhaldsflokkur merkir. Eins og menn vita, telja menn ýmsa ókosti á íhaldsflokkum allra landa, en sá er af öllum talinn aðalkostur þeirra, að þeir vaki yfir gömlum og góðum siðum þjóðfjelagsins og gæti þess, að ekki sje tekinn af mönnum sá rjettur, sem þeir hafa löglega hlotið. Þeir eru skoðaðir sem einskonar trygging, sem nokkurskonar kjölfesta, til þess að gætt sje þess, að hinu gamla og góða sje ekki fleygt burtu úr þjóðfjelaginu. En því ver og miður sje jeg ekki betur en að í hinum hv. stjórnarflokki, í hv. Íhaldsflokki hjer geri andi byltingarinnar sig gildandi hvað eftir annað. Hv. Íhaldsflokkur hefir lagt fylgi sitt til, að tekinn sje rjettur af embættismönnum þjóðarinnar, og frá honum hafa komið till. um að rýra æðstu stofnun þjóðarinnar, svo sem hæstarjett, stofnanir, sem eru einskonar hyrningarsteinar þjóðfjelagsins, og nú kemur þessi hv. flokkur enn og vill ekki láta einkalíf manna í friði, heldur taka af mönnum nöfn þeirra. *(Forseti HSteins:* Háttv. þm. Dala. (BJ) hefir borið fram þetta frv.). Það er rjett, að hv. þm. Dala. hefir borið fram frv., en mátturinn til að koma frv. áleiðis liggur annarsstaðar. Hæstv. forsrh. (JM) greiddi atkv. með því í gær, og verð jeg að líta svo á, að hann sem form. hæstv. stjórnar beri aðalábyrgðina og sje nokkurskonar fáni þeirra hugsjóna, er vaka fyrir hv. Íhaldsflokki. Jeg hefi áður fundið ástæðu til, og finn enn, að benda á það hjer, að úr því flokkurinn hefir tekið sjer þetta nafn, ber honum að gæta þess, að hann kafni ekki undir nafni, og gleyma ekki hver eru aðaleinkenni hvers einasta íhaldsflokks, sem til er í heiminum. Nafnið eitt gefur beint tilefni til þessara ummæla. Hitt skal jeg játa, að allir flokkar, sem styðja þetta frv., eiga skilið sama lastið. En það er ekki af hlutdrægni, að jeg hefi sjerstaklega vikið máli mínu að hv. Íhaldsflokki, heldur af því, að hann með því að taka þetta nafn hefir lýst yfir því, að hann telji það skyldu sína að vaka yfir því, sem hjer er um að ræða. En ókostirnir við íhaldsflokkana eru svo margir, að þeir mega ekki við því að varpa kostunum fyrir borð.

Jeg hefi nú minst á tvær höfuðreglur, sem brotnar eru með þessu frv. Þá kem jeg að þeirri þriðju. Og þó hinar sjeu stórar, er hún síst minni en þær. En það er sú regla að setja ekki þau lög, sem allir, bæði guð og menn, vita, að ómögulegt er að framkvæma. Jeg efast um, að það sje nokkur lifandi maður á hinu háa Alþingi, sem trúir því, að hægt sje að framkvæma það, sem hjer er um að ræða. Sjerstaklega þegar litið er á það, hvað hjer er í rauninni verið að gera, sem sje það, að

taka nöfn af mönnum, sem þeir hafa tekið sjer í skjóli laganna. Mönnum, sem dálítið eru kunnugir hjer í bæ, er þetta fullljóst. Þeir vita, að iðulega hringir frú Petersen upp og spyr frú Sigurðsson, hvort hún vilji ekki koma og spila bridge við hana og frú Andersen og frú Sveinsson. Það er aldrei nefnd svo húsfreyja í bænum, að ekki sje hún kend við *sen* eða *son*. Það, sem því er verið að gera með þessum lögum, er hjer um ræðir, er það, að undirstrika þetta *sen* og *son* með því að banna mönnum að taka upp sæmileg ættarnöfn. Í gær lýsti jeg því svo greinilega, hversu ómögulegt er að framkvæma þessi lög, að jeg get nú látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg þá sagði um þetta.

Í dag hefi jeg sýnt, að með þessu eru þverbrotnar þrjár höfuðreglur löggjafarvaldsins, sem allar eru svo stórar, að ein ætti að nægja til þess að koma í veg fyrir, að frv. yrði samþykt. Af þessum ástæðum legg jeg eindregið með því fyrst og fremst, að brtt. verði feld, og í öðru lagi, að sjálft frv. nái ekki fram að ganga.

Jóhann Jósefsson: Jeg stend ekki upp til þess að verja frv., því jeg get tekið undir flest, sem háttv. 1. landsk. (SE) sagði um það. Í sjálfu sjer mælir bæði hið raunverulega ástand, sem hv. 1. landsk. lýsti, og eins það, hve leitt er að skifta sjer af nöfnum manna, á móti frv. og gerir það að verkum, að jeg get ekki fylgt því. Aftur á móti get jeg vel tekið undir það, sem hv. 6. landsk. (IHB) sagði um 5. gr. Það er sjerstaklega þarft ákvæði.

Það, sem olli því, að jeg kvaddi mjer hljóðs, voru ein ummæli háttv. 1. landsk. Mjer skildist, sem hann liti svo á, að Íhaldsflokkurinn bæri ábyrgð á þessu frv. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig hann getur haldið slíku fram. Þetta frv. er alls ekki borið fram af Íhaldsmönnum, heldur þvert á móti af flokksmanni hv. þm. (SE) sjálfs. Því má með sanni segja, að þetta sje borið fram af Sjálfstæðismönnum og sje þeirra mál. Jeg fylgdist ekki gerla með atkvgr. í þessu máli í hv. Nd., en það kom ljóslega fram hjer í gær, að þetta er ekki flokksmál Íhaldsflokksins. Virtist mjer, sem frv. fengi fylgi sitt úr öllum áttum nokkurnveginn jafnt. Jeg held því, að ef hv. 1. landsk. athugar þetta betur, þá sjái hann, að það er alls ekki rjett að bendla Íhaldsflokkinn sem flokk við þetta mál. Og það er hálfundarlegt, að hann skuli vilja halda því fram, að helsti flokksbróðir hans flytji fram flokksmál Íhaldsmanna.

Sigurður Eggerz: Það er auðvitað, að þótt frv. þetta sje flutt af hv. þm. Dala. (BJ), þá er styrkur þess flokks, er hann heyrir til, svo lítill í þinginu, að auðsætt er, að hvert mál þarf meira fylgi en hans, ef það á fram að ganga. Auk þess ber aðstaða mín gegn málinu þess ljósan vott, að það er ekki flokksmál þess flokks. Eins er það vitanlegt, að Sjálfstæðismenn eru mjög skiftir um þetta mál. Það, sem jeg sagði, var það, að mig furðaði á því, að hv. Íhaldsflokkur skyldi ljá þessu fylgi, þar sem hann, ef hann bæri nafn með rjettu, hlyti að vera eindregið á móti því. Og sjerstaklega var jeg hissa á, að sjálfur formaður hæstv. Íhaldsstjórnar skyldi vera með máli þessu. Jeg hefi áður haft ástæðu til að benda á, að hv. Íhaldsflokkur er ekki svo samkvæmur stefnu sinni sem skyldi um þær hliðar á íhaldinu, sem telja má alment til betri hliða þess.

Forseti (HSteins): Jeg vil geta þess, af því að hæstv. forsrh. (JM) er ekki við,

að hann tók það fram, síðast er atkv. voru greidd um þetta mál, að hann greiddi því atkv. til 3. umr. Eins og kunnugt er, bendir það til, að sá, er slíkt tekur fram, ætlist ekki til, að frv. það, sem um er að ræða, fari óbreytt út úr deildinni.

Einar Árnason: Jeg sýndi það við atkvgr. í gær, að jeg er frv. þessu hlyntur. Vil jeg taka það skýrt fram, að jeg hefði langhelst kosið, að þetta frv. væri í þessari hv. þd. samþykt óbreytt eins og það kom frá hv. Nd. En við atkvgr. í gær leist mjer svo, að frv. mundi hætta búin við 3. umr., ef engar breytingar yrðu á því gerðar. Þótt jeg sje óánægður með þá brtt., sem nú er fram komin, mun jeg samt kjósa þann kostinn að greiða henni atkv. mitt, ef verða kynni, að frv. næði frekar fram að ganga, ef hún verður samþykt. Raunar þarf jeg ekki að taka fleira fram um málið. Hirði jeg lítt að elta ólar við að deila á hv. 1. landsk. (SE). Virtist mjer rök hans allmiklu færri en orðin. Hann kvað þingið drýgja synd gegn þjóð og einstaklingum með því að samþykkja þetta frv. Í því sambandi talaði hv. þm. (SE) um fánann og fór svo geyst, að hann taldi þetta mál eins heilagt einstaklingum og fáninn væri þjóðinni helgur. Kemur mjer síst til hugar að mæla gegn því, að fáninn sje þjóðinni helgur, en eitt vildi jeg segja hv. þm. (SE). Eitt er það, sem íslenskri þjóð er enn helgara en fáninn, og það er móðurmálið. Áður en nokkur fáni var til og löngu eftir að fáninn slitnar hefir tungan geymt og mun geyma í tímans straumi trú og vonir landsins sona. Og svo munu flestir mæla, að hún sje vort mesta aðalsmerki og það, er síst má falla blettur á. Þetta frv. stefnir í þá átt að vernda fornar málvenjur og forða tungu vorri frá spjöllum. Það er flutt til þess að verja hina fornu norrænu að nokkru leyti fyrir óþörfum lýtum. Gegn því, sem hv. þm. (SE) sagði, að hjer væri verið að syndga gegn einstaklingum, verð jeg því að mæla það, að þegar einstaklingarnir ganga svo langt, að þeir þverbrjóta eðli og lög móðurmálsins, þá er, að minsta kosti að mínu áliti, full ástæða til þess, að hið háa Alþingi taki í taumana. Gæti jeg bent á mörg dæmi þess, að einstaklingar hafa á síðari árum innleitt hjer óviðeigandi orðskrípi og brotið með ættarnöfnum sínum lög móðurmálsins. Skyldi það særa færri og vera okkur til minni vansæmdar en að einhver talaði ógætilega um fánann? Af þeim sökum, er jeg hefi nú minst á, og mörgum fleirum, fylgi jeg hiklaust máli þessu.

Guðmundur Ólafsson: Mjer virðist ekki laust við, að það sje kominn hálfgerður leikur í hv. þdm. Þeir hafa talað svo mikið undanfarið og næstum eingöngu um það, sem ekki hefir verið til umr.

Mjer þykir það harla einkennileg brtt., sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir nú komið með. Jeg var að bera þessa brtt. saman við aðra brtt., sem hjer var feld í gær, og er mjer ómögulegt að sjá annað en að efnið sje nákvæmlega það sama í báðum, en þessi er ofurlítið öðruvísi að orðfæri. Hjelt jeg því, að slíkt væri ekki leyfilegt samkv. þingsköpum, og skal því til stuðnings, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp fáein orð úr 32. gr. Þar segir:

„Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi.“

Jeg þarf ekki að lesa lengra. Engum mun dyljast, að hjer er í rauninni alveg um sömu brtt. að ræða og þá, er feld var

í gær. Að vísu er það nýtt í þessari brtt., að konur þeirra manna, sem rjett hafa til þess að bera ættarnöfn, mega nefna sig ættarnafni manns síns. En þetta munu allir telja sjálfsagt, og er það engin efnisbreyting. Jeg verð því að furða mig á, að hæstv. forseti skuli ekki þegar hafa vísað þessari brtt. frá.

Jeg hefi ekkert klökknað við þær hjartnæmu umr., sem hjer hafa heyrst, síst við hinar hljómmiklu ræður hv. 1. landsk. (SE). Furða jeg mig á — sem fleiri — að hann skuli taka það svo illa upp, að við styðjum flokksbróður hans.

Allir vita, að síðan lögin voru sett 1913 hafa þau verið mjög misbrúkuð, því menn hafa tekið upp ættarnöfn, sem eru sannkölluð ónefni.

Jeg vil snúa því við, sem hv. 1. landsk. sagði. Hann sagði, að þeir hefðu verið meiri vitmenn, sem settu lögin 1913, en við. Jeg sný því við og tel okkur, sem nú viljum afnema lögin, meiri vitmenn en þá, sem settu þau.

Brtt. sýnist mjer síst til bóta, því hún fer fram á, að þeir, sem fengið hafa nöfnin ólöglega, haldi þeim, en hinir, sem hafa tekið þau upp samkv. lögum, missi þau. Jeg mun því greiða atkv. á móti henni, en með frv.

Forseti (HSteins): Út af því, sem hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagði, verð jeg að taka það fram, að jeg lít svo á, að þótt þau ákvæði, sem voru í þeirri brtt., er feld var í gær, komi fram í þessari brtt., þá innibindi þessi brtt. meira í sjer en það, sem fólst í brtt., sem borin var fram í gær. Þess vegna álít jeg það fullheimilt samkv. þingsköpunum að láta þessa brtt. koma til atkvgr.

Það er nýtt, sem hjer stendur: „enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga.“

Sömuleiðis er og nýtt eftirfarandi ákvæði:

„Konur þeirra manna, sem rjett hafa til þess að bera ættarnafn, mega nefna sig ættarnafni manns síns.“

M. ö. o. hjer er bæði um orða- og efnisbreyting að ræða frá þeirri brtt., sem áður lá fyrir, og verður þar af leiðandi að teljast löglegt að láta þessa brtt. koma til atkvgr.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi litlu að svara. Sá eini, sem hefir andmælt brtt. að ráði, var hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem vildi vísa brtt. frá. Hæstv. forseti (HSteins) hefir nú svarað honum nægilega

Annars get jeg getið þess, að jeg ber þessa brtt. fram af því, að mjer virtist auðsætt af atkvgr. í gær, að frv. yrði felt, ef því væri ekki breytt í þessa átt. Virðist mjer nú, sem hv. fylgismenn megi betur sætta sig við þessa brtt. en þau málalok.

Það var mjög eðlilegt, að hv. 1. landsk. (SE) væri á móti brtt. Hann er á móti málinu í heild. Annars vil jeg benda á það, að í ræðu hans kom það fram, að hjer í Reykjavík er tungunni allmikið misþyrmt sakir ættarnafnanna, og því ástæða til, að slíkt frv. sem þetta komi fram.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. 2. þm. S.-M. þóttist hafa komið með þessa brtt. vegna mín og annara, sem vildum, að málið næði fram að ganga. Jeg get ekki metið þessa tilraun mikils og mun greiða atkv. á móti þessari brtt. eins og á móti samskonar brtt. í gær.

Mig furðaði ekki á úrskurði hæstv. forseta (HSteins); þóttist vita að hann yrði á þessa leið. Rjett er það að vísu, að talsvert hefir verið puntað upp á orðalagið, en efnisbreytinguna sje jeg ekki enn. En ljóst er það, að þingsköpin eru rýmri en manni virðist, er maður les þau.

ATKVGR.

Brtt. 551 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JJ, BK, EP, EÁ, HSn, IP, JJós, HSteins.

nei: SE, SJ, GÓ, IHB.

Einn þm. (JM) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, IP, JóhJóh, JM, JJ, SJ, EP, EÁ, HSteins.

nei: IHB, JJós, SE, BK.

Frv. endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 555).

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 555, 557).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 557. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:2 atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi leyft mjer að koma hjer fram með brtt., þess efnis, að mönnum sje ekki bannað að taka upp eða bera ættarnafn, heldur skuli þeir rita ættarnafnið á eftir kenningarnafni sínu. Eftir því mundu þeir menn, sem ættarnöfn bera hjer eftir, skrifa sig þremur nöfnum, fornafni, kenningarnafni og ættarnafni. Þessi siður hefir nokkuð tíðkast hjer, þótt ekki sje hann íslenskur að uppruna. Fyrirmyndina er að finna hjá Rómverjum hinum fornu, og hygg jeg, að okkur sje engin minkun að taka þetta upp eftir þeim.

Jeg skoða þessa brtt. sem miðlunartillögu. Ef hún nær fram að ganga, hygg jeg, að menn muni geta unað þessari nafnalöggjöf þolanlega.

Bjarni Jónsson: Jeg vil mælast til þess, að þeir, sem ætla að samþykkja þetta frv., samþykki það óbreytt eins og það kom frá Ed. Vænti jeg þess, að enginn, ekki einu sinni hv. 2. þm. Reykv. (JBald), vilji sinna þessum rússneska sið.

ATKVGR.

Brtt. 557,1 feld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, JAJ, JBald, JK, JÞ, MJ, SigurjJ.

nei: SvÓ, TrÞ, BJ, HStef, HK, IngB, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, BSv.

Fjórir þm. (ÞorlJ, ÞórJ, BSt, JakM) fjarstaddir.

Brtt. 557,2—3 sjálffallnar.

Frv. samþ. með 13:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 562).

---

52. Sáttatilraunir í vinnudeilum.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum (þmfrv., A. 123).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Það fer vel á því, að þessi tvö frv., frv. það, sem hjer er til umr., og frv. háttv. þm. Dala. (BJ), verði samferða til nefndar. Þau stefna bæði að sama marki og eru bæði flutt í sama tilgangi, sem sje þeim, að koma í veg fyrir eða draga úr illum afleiðingum, ef upp koma deilur milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Við flm. þessa frv. erum samþykkir hv. þm. Dala. í því, að það er skylda löggjafarvaldsins að stuðla til þess, að friðsamir samningar geti orðið milli aðilja í slíkum deilum. Sú aðferð, er þetta frv. okkar leggur til að notuð verði, hefir mjög verið notuð erlendis og alstaðar gefist vel. Okkur dettur ekki í hug, að þetta muni einhlítt, en þetta er ein af þeim aðferðum, sem viðhafðar eru víða til að greiða úr þessum málum, og við teljum sjálfsagt, að hún verði reynd hjer líka. Það er enginn vafi á því, að reynslan erlendis hefir sýnt, að þetta er spor í rjetta átt, og gæti því einnig vel átt við hjer. Ástæðan til, að þetta skipulag um að setja niður vinnudeilur hefir gefist svo vel, er sú, að óhlutdrægur aðili fær þá tækifæri til að bera fram skynsamlegar miðlunartillögur, sem ef til vill komast ekki að, er aðiljar eigast einir við, en í raun og veru er það báðum lífsspursmál, að friður náist.

Jeg get sjálfur af sjerstökum ástæðum borið um það, að heppilegt gæti verið að eiga aðgang að slíkum manni sem hjer ræðir um. Jeg hefi sem sje lent í því að þurfa að hafa afskifti af og taka þátt í einni slíkri kaupdeilu milli verkamanna og vinnuveitenda, og get því borið vitni um þetta. Jeg lenti í stjórn prentsmiðjueigendafjelagsins og tók því þátt í launasamningum við prentarana. Báðir aðiljar báru fram kröfur sínar, og langt var í milli. En báðir voru tregir að stíga fyrsta sporið til samkomulags, því að þeir voru hvor um sig hræddir um, að mótstöðumennirnir mundu skoða slíka framkomu sem vott um veikleika eða vantraust á sínum málstað. Þannig veit jeg, að oft hefir verið ástatt, og er æ hætt við, að deilan harðni eftir því sem hún verður lengri. Því er vafalaust, að það gæti gert ákaflega mikið gagn, ef frv. þetta yrði að lögum. Væri ávalt til maður, sem af þjóðfjelagsins hálfu hefði þau skyldustörf á höndum að grípa inn í slíkar deilur sem þessar og bera sáttaboð á milli, þá þarf hvorugur aðili að lækka sig til þess að stíga fyrsta sporið til sátta.

Í greinargerð frv. sjest, að það er sniðið eftir danskri löggjöf um þessi mál. Jeg hefi ekki haft tækifæri til að kynna mjer lög annara þjóða en Dana um þetta, en jeg vænti, að nefnd muni eiga þess kost. Frv. felur í sjer ýms góð ákvæði til þess að tryggja aðstöðu sáttasemjarans, en hinsvegar var ekki hægt að taka alt eftir, sem Danir hafa í lög sett um þetta. Hjer horfir ýmislegt öðruvísi við en þar, sem staðhættir eru allólíkir vorum. Danir hafa og 3 menn, sem gegna þessum starfa, en við álítum, að fyrst um sinn að minsta kosti mundi okkur nægja einn maður. Ákvæðin um kosning nefndarinnar, sem á að tilnefna sáttasemjarann, eru að nokkru önnur en hjá Dönum, vegna ólíkrar aðstöðu. Bið jeg hv. nefnd að athuga það. Jeg er sem sagt þess fullviss, að þetta frv. er spor í rjetta átt; um einstöku atriði þess aftur á móti er jeg fús til samvinnu og endurathugunar. Jeg vænti þess svo, að hv. deild taki þessu frv. með velvild og vísi því til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 123, n. 420, 453).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Um mál þetta er hægt að vísa til nál. og greinargerðar þeirrar, er frv. fylgir. Er ljóst, hver tilgangur frv. er, sem sje sá, að koma í veg fyrir, að langvinnar deilur verði milli vinnuþega og vinnusala í kaupgjaldsmálum. Má ætla, að slíkar sáttatilraunir gefist vel hjer sem annarstaðar, og nægir að vísa til reynslunnar í þessu efni erlendis.

Jeg býst því við, að menn greini ekki á um það, að þessi tilgangur frv. sje góður og æskilegur. Frv. þetta hefir verið til athugunar hjá allshn. Hefir nefndin að litlu breytt efni frv., en hinsvegar orðað flestar greinir þess upp. Nefndinni virtist, að frv. væri víða of óljóst orðað, og vildi því koma í veg fyrir, að hægt væri að teygja orðalagið, eins og búast mátti við, að gert yrði í slíkum deilum sem þessum, þar sem oft eru svo miklir hagsmunir í húfi. Jeg skal ekki um það segja, hvort nefndinni hefir tekist að vinna verk sitt svo vel, að enginn finni að, og taka mun hún fúslega við góðum leiðbeiningum. Að vísu hefir orðið lítilsháttar ágreiningur um brtt. á þskj. 420, þar sem þeir hv. þm. V.-Sk. (JK) og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) eru í minni hl. Telja þeir rjett, að í stað Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins tilnefni hæstirjettur mann í nefndina, er gera á tillögur um skipun sáttasemjara. Meiri hl. nefndarinnar telur ekki ástæðu til breytingar, því ekki sje ástæða til að væna stjórnir þessara fjelaga um, að þeim verði mislagðar hendur um mannaval eða geti ekki komið sjer saman um útnefninguna. En þó mun meiri hl. ekki gera þetta að neinu kappsmáli.

Nokkuð var um það rætt, hvort ekki væri rjett að setja sektarákvæði í lögin t.d. gagnvart 3. gr. og 5. gr., ef menn vanræktu að gefa skýrslur, og gagnvart 6. gr., ef menn skoruðust undan að fara eftir till. sáttasemjarans. Sumt þótti mæla með þessu, en þó fleira á móti. Ef slík ákvæði væru sett, gæti litið svo út, að menn gætu keypt sig undan ákvæðum frv. með því að greiða sekt. Nefndinni fanst því rjettara að sleppa öllum sektum, en leggja dóminn um framkomu aðilja í slíkum málum í hendur almennings. Auk þess er ómögulegt að ákveða þær sektir í þessum efnum, er sjeu í rjettu hlutfalli við þá hagsmuni, sem um er að ræða.

Í nál. er skýrt frá því, að leitað hafi verið álits um málið hjá Alþýðusambandi Íslands og Fjelagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Eru það þeir aðiljar, sem hjer eiga einkum hlut að máli. Hafa bæði þessi fjelög lagt til, að frv. þetta yrði að lögum. Hinsvegar vill fjelag ísl. botnvörpuskipaeigenda, að gerðardómur taki við er sáttatilraunir fara út um þúfur. Alþýðusambandið er þessu mótfallið. Nefndinni leist og, að slíkur gerðardómur myndi draga mjög úr gagnsemi sáttatilraunanna.

Þá vil jeg minnast á brtt. allshn. við 8. gr. Er þar svo ákveðið, að nánari ákvæði, er að þessu lúta, sjeu tekin fram í reglugerð. Skuli atvrh. semja reglugerð þessa og fá sáttasemjara erindisbrjef.

Þá er því bætt við 9. gr., að atvrh. ákveði þóknun til handa sáttasemjara. Eru þetta nauðsynleg ákvæði, en breyta að engu aðalefni frv.

Þá er svo ákveðið í frv., að lögin gangi í gildi 1. okt. 1925. Nefndin leggur til, að lögin öðlist gildi þegar í stað. Að vísu er skipun sáttasemjara bundin við áramót.

En nú stendur til, að kaupsamningar fari fram í sumar milli vinnuþega og vinnusala, og gæti þá verið æskilegt, að hægt væri að beita lögunum, og mætti það ef til vill takast, enda þótt enginn formlegur sáttasemjari hefði enn verið skipaður. Að vísu má við því búast, að starf sáttasemjarans yrði einkum bundið við Reykjavík og nágrenni. En ekki virðist óeðlilegt, að hann gæti látið annan mann koma fram fyrir sig á öðrum stöðum á landinu, og mætti tiltaka það í erindisbrjefi hans. Það er ekki auðhlaupið á milli landshluta, en hinsvegar er jafnan auðvelt að síma milli staðanna, og sáttasemjari, sem á að hafa kaupsamninga alla í sínum vörslum, ætti að geta sjeð, hvað gera þyrfti í hverjum stað, og gert till. til sátta, enda þótt hann kæmist þangað ekki sjálfur.

Viðvíkjandi frv. um gerðardóm er það að segja, að nefndin hefir ekki viljað afgreiða það. Hinsvegar hefir hún tekið upp úr því orðin „vinnusali“ og „vinnuþegi.“ Veit jeg, að ekki þarf að skýra það fyrir mönnum, að „vinnusali“ er verkamaðurinn, sem selur vinnu sína, en „vinnuþegi“ atvinnurekandinn, sem vinnan er unnin fyrir, eða þiggur vinnuna.

Jeg veit, að ýmsir þingmenn hafa áhuga á máli þessu, og þar sem orðið er áliðið þingtímans, þarf að hraða því, ef það á að verða að lögum á þessu þingi.

Jón Kjartansson: Háttv. frsm. (JBald) gat um ágreining, sem orðið hefði í allsherjarnefnd út af því, hvernig haga skyldi skipun þeirrar nefndar, sem ætlað er að tilnefna sáttasemjara. Samkv. 1. gr. frv. er ætlast til, að sú nefnd sje skipuð mönnum, sem gæti hagsmuna þeirra aðilja, sem hlut eiga að deilunni, auk eins, sem hlutlaus á að vera. Það er gert ráð fyrir, að allsherjarfjelög vinnuþega og vinnusala skipi 5 fulltrúa hvort, en stjórnir Búnaðarfjelagsins og Fiskifjelagsins í sameiningu tilnefni 11. manninn, sem vitanlega á að vera hlutlaus og auk þess formaður nefndarinnar. Þetta fanst tveimur okkar nefndarmanna ekki heppilegt, m. a. af því, að ekki er ákveðið í greininni, hvað gera skuli, ef stjórnir þessara fjelaga geta ekki orðið á eitt sáttar. Svo gæti farið, að 11. maðurinn yrði ekki skipaður og að atvrh. yrði að skipa sáttasemjara, án þess að fá tillögu frá nefndinni. En aðalástæða okkar er sú, að með þessu fyrirkomulagi væri ekki trygt, að hlutlaus maður yrði kjörinn. Þessi fjelög skifta nokkuð oft um stjórn, og það væri óheppilegt, ef reynt yrði að koma mönnum í stjórn þeirra með tilliti til þess, hvernig þeir myndu velja í þessa nefnd. Við álítum því heppilegra, að hæstarjetti yrði falið að útnefna þennan fulltrúa. Sú stofnun ætti að vera hlutlausust allra í þessu efni. Það er ekkert nýtt, þótt hæstarjetti sje falin útnefning fulltrúa, þegar líkt stendur á, og verður að telja þá tilhögun heppilegasta. Svo var gert t. d. þegar skipuð var rannsóknarnefndin á Íslandsbanka um árið.

Jeg held, að heppilegast verði að samþykkja þessa brtt. okkar, einkum til þess að koma í veg fyrir, að þetta mál geti haft áhrif á kosningu í stjórn Búnaðarfjelagsins og Fiskifjelagsins.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer þykir rjett, af því jeg er annar flm. þessa frv., að þakka hv. allsherjarnefnd fyrir þá miklu vinnu, sem hún hefir lagt í frv. Að vísu hefði jeg óskað, að það hefði verið fyr á ferð, en nefndin mun hafa haft mörgu að

sinna, og skal jeg því ekki átelja hana. Jeg finn ekki ástæðu til þess að þykkjast neitt, þó að nefndin hafi gert miklar breytingar á frv. Jeg tók fram upphaflega, að það væri samið í flýti og að mestu sniðið eftir útlendri löggjöf. Yfirleitt tel jeg til bóta þær breytingar, sem nefndin hefir gert, og jeg lýsi ánægju minni yfir því, hve ant hún hefir látið sjer um frv. Um það atriði, sem nefndina greinir á um, hvernig oddamaður skuli skipaður, skal jeg taka fram, að mjer er alveg sama, hvor leiðin verður farin. Þegar jeg þýddi frv., varð jeg að tilnefna einhverja aðilja, af því að þeir aðiljar, sem fyrirmyndin hafði, voru ekki til hjer. Mjer datt hvorttveggja í hug, hæstirjettur og þau fjelög, sem jeg tilnefndi. Jeg hefi ekkert á móti því, að hæstirjettur sje valinn, ef það þykir heppilegra. Aðalatriðið er þetta, að skipulag um sáttasemjara komist á. Allir, sem fylgjast með atburðum erlendis, vita, að þar hafa átt sjer stað ákafar vinnudeilur. Starfsemi sáttasemjaranna hefir reynst þar ágætlega, og á fáum sviðum mun okkur nauðsynlegra að líkja eftir erlendum þjóðum en einmitt um þetta. Jeg tek undir það, að nauðsynlegt sje, að þetta frv. gangi fram sem fyrst. Það hefir þegar verið undirbúið rækilega. Því fyr sem þetta kemst á, því betra.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg tek undir það, að leitt er, hve frv. þetta er seint á ferð. Er álitamál, hvort það getur gengið fram á þessu þingi, þar sem nefnd í hinni deildinni á eftir að athuga það. En því meiri nauðsyn er að flýta umr. hjer, og skal jeg ekki tefja þær lengi.

Hv. frsm. (JBald) mintist á starfsvið sáttasemjarans og taldi, að það mundi aðallega verða hjer. Er jeg því samþykkur. Hjer og í Hafnarfirði verður það að mestu, enda eru búsettir á þessum stöðum nálega ¼ landsmanna. En það gæti auðvitað komið fyrir, að hann skifti sjer af deilum annarsstaðar, þó að það yrði miklu sjaldnar.

Út af till. nefndarinnar um, að lögin gangi strax í gildi, en sáttasemjari skuli þó ekki skipaður fyr en um næstu áramót, vil jeg benda á, að jeg tel þetta ekki heppilegt, því að starf atvrh. í þessu efni virðist mjer ekki annað en að skipa sáttasemjara. Hinsvegar álít jeg, að ómögulegt væri fyrir atvrh. að skipa sáttasemjara, sem ekki yrði talinn hlutdrægur, og væri því þýðingarlaust að gera það áður en sá undirbúningur hefði farið fram, sem hjer er gert ráð fyrir. Jeg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort nauðsynlegt sje að binda sig við áramót. Jeg held, að ekki væri frágangssök að koma þessu til framkvæmda í haust. Mjer skilst, að til þess þurfi ekki nema lítilfjörlega breytingu á 1. gr., um að í fyrsta skifti sje skipun sáttamanns ekki bundin við áramót.

Þá er ákvæðið í 3. gr.:

„Hvor aðili um sig velur fulltrúa til samninga, og skulu þeir annaðhvort vera í fjelagi, er hlut á að máli, eða í aðalstjórn allsherjarfjelags vinnusala eða vinnuþega.“

Nú getur komið fyrir, að vinnuþegi sje ekki í neinu fjelagi, og þá væri ekki hægt að uppfylla þetta ákvæði. En hjer nægði kannske, ef nefndin lýsti því yfir, að þetta ákvæði gilti aðeins, ef viðkomandi væri meðlimur í fjelagi.

Þá er niðurlag 4. gr., þar sem sagt er, að sáttasemjara beri að ráðgast um við tvo fulltrúa hvors aðilja, áður en hann beri fram miðlunartillögu. Jeg lít svo á,

að átt sje við fulltrúa úr samninganefndinni. *(JBald:* Rjett).

Þá er í 5. gr. svo komist að orði, að sáttasemjari geti krafist vitnaleiðslu „hjá valdsmanni.“ Jeg vil heldur, að í staðinn komi „hjá dómara.“ En þetta er aðeins orðabreyting, sem ekki er ástæða til að gera að kappsmáli.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það, sem jeg hafði í huga þegar jeg talaði um, að atvrh. gæti skift sjer af deilum áður en skipaður væri sáttasemjari, var það, að ráðherrann gæti þegar í sumar látið koma fram tillögu um skipun sáttasemjara, og hann þá taka til starfs, ef þörf krefði.

Að því er snertir ákvæðið í 3. gr., sem hæstv. atvrh. vjek að, þá kemur það ekki til greina nema hlutaðeigandi sje í fjelagi atvinnurekenda.

Í 5. gr. er átt við menn, sem kosnir yrðu til samninga í hvert skifti. Frv. verður að skiljast svo, að það geti átt við ástandið eins og það er á hverjum stað, svo að það geti komið að gagni í framkvæmdinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta er alt rjett, sem hv. frsm. (JBald) segir. En mjer skilst, að hann hafi ekki athugað nægilega skýrt, að skipun sáttasemjarans er bundin við áramót.

Jeg gleymdi að minnast á brtt. á þskj. 453. Það gæti farið svo, að Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið kæmu sjer ekki saman, og því skilst mjer hyggilegra að hafa einn aðilja, ekki síst þar sem um er að ræða jafnvirðulega og óhlutdræga stofnun og hæstarjett.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Mjer er ekkert kappsmál um það, hvort Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið skipa oddamanninn eða hæstirjettur. En meiri hl. nefndarinnar fanst ekki ástæða til að breyta þessu. Hvort sem heldur er, getur vel svo farið, að atvrh. þurfi að skipa sáttasemjarann. Jeg skil 1. gr. svo, að ef ekkert samkomulag verður um tillögu um skipun sáttasemjara, þá skipi atvinnumálaráðherra hann eigi að síður.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal aðeins taka það fram, að fyrir mjer vakir, að svo sje um búið, að sem mest trygging sje fyrir því, að samkomulag fáist um sáttasemjarann. Ef atvrh. yrði að skipa hann án þess, mætti búast við, að hann fengi litlu áorkað, því að hann mundi verða talinn hlutdrægt skipaður, hvort sem svo væri eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 453 samþ. með 15:2 atkv.

— 420,1, svo breytt, (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 420,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 420,3 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 420,4 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 420,5 (ný 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 420,6 (ný 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 420,7 (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 420,8 samþ. með 20 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 420,9 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 420,10 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 420,11 (ákvæði um stundarsakir) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd,, laugardaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 499, 503).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Allshn. leyfir sjer að bera fram 2 brtt. við frv. eins og það lítur nú út. Er hin fyrri þeirra flutt samkv. bendingu hæstv. atvrh. (MG) og er í rauninni aðeins orðabreyting. Í 5. gr. frv. stendur nú, að sáttasemjari skuli krefjast vitnaleiðslu hjá valdsmanni, en nefndin hefir flutt brtt. um, að sú vitnaleiðsla fari fram hjá dómara, og væntir þess, að það valdi engum ágreiningi.

Í frv. er skipun sáttasemjarans bundin við áramót. Nú hefir allshn. borið fram brtt. þess efnis, að skipa skuli sáttasemjarann strax þegar lögin hafa öðlast gildi, og skuli atvinnumálaráðherra þá fyrirskipa rjettum hlutaðeigendum að gera tillögur sínar um, hvern skipa skuli í stöðuna, innan frests, sem hann setur. Eins og frv. er nú, kemur það ekki til framkvæmda fyr en um næstu áramót, en brtt. gengur í þá átt, að sáttasemjarinn starfi einnig á þessu ári. Væntir allshn. þess, að hv. deild fallist á till.

ATKVGR.

Brtt. 503,1 samþ. án atkvgr.

— 503,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 519).

Á 75. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. maí, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að allshn. hefir lítillega athugað þetta frv., eftir því sem tími hefir unnist til, en það er nú orðið svo áliðið þingtímans, að ekki er tími til að vísa því til nefndar, ef það á að ganga fram sem lög frá þessu þingi, en jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að allshn. sjái engin vandkvæði á því, að þetta frv. nái fram að ganga eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Jeg vil aðeins bæta því við það, sem hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) sagði um þetta mál við 1. umr., að við í allshn. höfum athugað mál þetta allítarlega, og þó það sje auðvitað ekki líklegt, að sáttatilraunir þessar geti stöðvað allar deilur um kaupgjald og vinnutíma, þá getur það ekki skaðað, heldur frekar bætt. Og með tilliti til þess, að það geri frekar gagn og ekki tjón, þá er jeg fyrir mitt leyti ásáttur um, að frv. gangi nú fram, en ekki hafi gefist sá tími til að

athuga það, sem þörf er á um vandasöm mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., föstudaginn 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

Önnur mál.

I. Sextugsafmæli þingmanns.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 17. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Jeg vil geta þess hjer, utan dagskrár, að einn hv. þdm., hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), er sextugur í dag, og vil jeg af því tilefni óska honum allra heilla, og bið jeg hv. þdm. að taka undir þá heillaósk með því að standa upp.

(Allir deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum).

Ágúst Flygenring: Jeg þakka hæstv. forseta (BSv) og hv. deild vinsemd og virðingu, er mjer hefir nú verið sýnd. Óska jeg honum og öllum hv. þdm. giftu og gengis á ókomnum tímum eigi síður en jeg hefi sjálfur notið til þessa dags.

Forseti (BSv): Jeg þakka í nafni deildarinnar.

II. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 9. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og barst forseta einn listi með nöfnum 5 manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Eggert Pálsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

2. Gæslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var tekin til meðferðar

kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. janúar 1926 til 31. desember 1929.

Kosningu hlaut

Guðjón Guðlaugsson, fyrv. alþm., með 11 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

3. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 80. fundi í Nd., fimtudaginn 14. maí, var tekin til meðferðar

kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum fyrir tímabilið frá 1. janúar 1926 til 31. desember 1931.

Tillaga kom um að endurkjósa án skriflegrar atkvæðagreiðslu þá, er úr stjórn-

inni skyldu ganga, og var það samþ. í e. hlj., en þeir voru:

Kristján Jónsson dómstjóri og
Sigurður Jónsson alþm.

4. Bankamálanefnd.

Á 7. fundi í Sþ., föstudaginn 15. maí, var tekin til meðferðar

kosning fimm manna millipinganefndar, með hlutfallskosningu, til þess að íhuga, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og aðra bankalöggjöf landsins, samkv. ályktun Alþingis 14. maí.

Fram komu 3 listar með samtals 5 nöfnum, eða jafnmörgum og kjósa skyldi menn í nefndina. Lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Sveinn Björnsson hrmflm. — af A-lista.
Magnús Jónsson alþm. } — B-lista.
Jónas Jónsson alþm. }
Ásgeir Ásgeirsson alþm. }
Benedikt Sveinsson alþm. — C-lista.

5. Bankaráðsfulltrúar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið frá lokum aðalfundar 1924 til næstu 12 ára.

Kosningu hlaut

Klemens Jónsson alþm. með 24 atkv. — 18 seðlar voru auðir.

Ennfremur fór fram

kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið frá lokum aðalfundar 1925 til næstu 12 ára.

Kosningu hlaut

Guðmundur Björnson landlæknir með 32 atkv. — 10 seðlar voru auðir.

6. Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. janúar 1926 til 31. desember 1927.

Kosningu hlaut

Guðjón Guðlaugsson, fyrv. alþm., með 33 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

7. Framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. janúar 1926 til 31. desember 1931.

Kosinn var í e. hlj., án skriflegrar atkvæðagreiðslu,

Vilhjálmur Briem.

8. Verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Kosningu hlutu:

Sigurður Nordal prófessor með 32 atkv.
Ólafur Lárusson prófessor með 30 atkv.
Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður með 24 atkv.

9. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1924, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram kom einn listi með nöfnum þriggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna yfirskoðunarmenn, en þeir voru þessir:

Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Magnús Jónsson alþm.,
Hjörtur Snorrason alþm.

III. Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 9. febr., og á 2. fundi í Nd., s. d., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Pjetur Lárusson, Pjetur Sigurðsson, Theodóra Thoroddsen.

Skjalavarsla:
Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæsla:
Ólafía Einarsdóttir, Pjetrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskrifarar:
Teknir strax:*) Einar Sæmundsen, Magnús Björnsson, Tómas Jónsson, Jóhann Hjörleifsson.

Teknir síðar eftir þörfum: Helgi Tryggvason, Magnús Ásgeirsson, Gunnar Árnason, Þorkell Jóhannesson, Tómas Guðmundsson.

Loks yrðu enn síðar, þegar þörf yrði á, teknir alt að 5 mönnum úr flokki þeirra, er sótt hefðu þegar um starfið, að undangengnu prófi, sem auglýst yrði síðar.**)

*) Skrifarar voru ekki ráðnir sjerstaklega fyrir hvora deild eins og verið hefir til þessa, heldur skyldu skrifaraflokkarnir skiftast á um vinnuna í báðum deildum jafnt og sameinuðu þingi eftir föstum reglum og undir stjórn verkstjóra, er ráðinn var úr hópi skrifaranna. Verkstjóri var Tómas Jónsson.

**) Að till. skrifstofustjóra höfðu forsetar ákveðið að koma þeirri skipun á, að nýir umsækjendur um innanþingsskriftir skyldu látnir ganga undir próf, á þann hátt, að lesinn væri upp fyrir þeim ræðukafli eða kaflar úr þingtíðindum og síðan setið yfir þeim meðan þeir hreinskrifuðu. Skyldu síðan valdir úr þeir, sem bestir reyndust við prófið að áliti þar til kvaddra prófdómenda, og ráðnir til skrifara svo margir, sem þörf væri á hverju sinni.

Fyrsta þingskrifarapróf var haldið í lestrarsal Landsbókasafnsins laugardaginn 14. febr., kl. 9 árd. til kl. 1 miðd., og gengu undir prófið 28 manns. Prófdómendur voru skipaðir: Þórarinn Jónsson alþm., Jón Sigurðsson skrifstofustjóri, Pjetur Lárusson prófarkalesari, dr. Guðmundur Finnbogason landsbókavörður og Jóhannes Sigfússon yfirkennari. En prófgæslumenn voru: Skúli Skúlason præp. hon. og Sigvaldi Kaldalóns læknir.

Dr. Guðmundur Finnbogason las fyrir tvo ræðukafla úr B-deild Alþt. 1923, annan úr fjárlagaræðu eftir Magnús Pjetursson, dálk 608—610, 674 orð, hinn úr framsöguræðu Þórarins Jónssonar um jarðræktarlög, dálk 1530—1532, 606 orð, hvorttveggja á 20 mínútum samtals, eða til jafnaðar 64 orð á mínútu.

Hæstar einkunnir við prófið fengu þessi fimm:

Finnur Sigmundsson,
Árni Óla,
Svanhildur Ólafsdóttir,
Wilhelm Jakobsson,
Sigurður Einarsson,

og voru þau ráðin innanþingsskrifarar í sömu röð og hjer greinir, jafnóðum og þörf yrði á.

*) Magnús Biering hvarf frá starfinu í marslok og Þorsteinn Egilson í maíbyrjun. Í stað M. B. kom Bjarni Svavars, en í stað Þ. E. Sigurður Sigurðsson.

Dyra- og pallavarsla:
Árni Bjarnason, Þorlákur Davíðsson, Páll Óskar Lárusson, Halldór Þórðarson.

Símavarsla:
Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Pjetursdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Þingsveinar:
Magnús Sigurðsson, Tómas Magnússon, Þorsteinn Egilson, Erlingur Ólafsson, Magnús Biering.*)

IV. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 79. fundi í Ed., föstudaginn 15. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (HSteins): Þá er verkefni þessa 79. og síðasta fundar deildarinnar á þessu þingi lokið. Þakka jeg hjer með öllum hv. þdm. góða samvinnu, og sjerstaklega vil jeg beina þakklæti mínu til formanna fastanefnda deildarinnar fyrir skjóta afgreiðslu mála og yfirleitt vel unnin störf. Jeg er þess vitandi, að ef fastanefndir í hv. Nd. hefðu unnið eins rösklega og vel og hjer í Ed., hefði þingtíminn getað orðið að mun styttri. Óska jeg svo öllum háttv. þingdeildarmönnum góðrar heimferðar og góðrar líðanar í framtíðinni.

Einar Árnason: Um leið og deildin lýkur störfum sínum, leyfi jeg mjer að þakka hæstv. forseta fyrir röggsama, óhlutdræga en jafnframt lipra fundarstjórn. Jeg er viss um, að allir eru sammála um það, bæði mótflokksmenn hans sem aðrir, að hæstv. forseti hafi leyst störf sín mjög vel af hendi. Óska jeg honum svo gleðilegrar og góðrar heimkomu og vona, að við megum hjer allir heilir hittast á næsta þingi.

Forseti (HSteins): Jeg þakka þessi hlýlegu orð í minn garð, og segi jeg svo þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

B. Í neðri deild.

Á 82. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (BSv): Fyrir þessum fundi liggur engin dagskrá.

Þessi er síðastur fundur deildarinnar. Skýrslu um störf hennar mun forseti sameinaðs þings flytja að þinglausnum. Er því eigi annað fyrir hendi en að lúka störfum deildarinnar.

Vil jeg tjá starfsmönnum deildarinnar þakkir fyrir starf sitt, sem allþungt hefir orðið á hinum löngu fundum, sem hjer hafa háðir verið; og í annan stað vil jeg þakka hv. þm. fyrir einkar góða samvinnu á þessu þingi.

Árna jeg bestu fararheilla þeim, er hjeðan eiga heim að sækja, og góðrar heimkomu, og öllum þingheimi alls hins besta.

Vona jeg, að vjer megum allir heilir hittast.

Bjarni Jónsson: Jeg vil þakka hæstv. forseta fyrir þær góðu óskir, sem hann flutti þm. Þó að jeg eigi ekki langt heim, getur á skemri leið misfarist, og vil jeg þakka fyrir óskirnar og eins fyrir ummæli hæstv. forseta um samvinnulipurð deildarinnar; en þá ber því ekki að gleyma, að deildin hefir haft góðan forseta, og þó að jeg sje ekki umboðsmaður deildarinnar nje elsti maður hennar, vil jeg leyfa mjer að þakka honum góða forystu og vona, að við fáum að njóta hans mörg þing.

(Deildarmenn tóku undir orð þm. Dala. með því að standa upp).

Forseti (BSv): Jeg leyfi mjer að þakka hv. þm. Dala. (BJ) og öllum hv. deildarmönnum þær góðu kveðjur, sem þeir hafa veitt mjer.

V. Þinglausnir.

Á 8. fundi í Sþ., laugardaginn 16. maí, skýrði forseti frá störfum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

A. *Þingfundir* hafa verið haldnir:

í neðri deild	82
í efri deild	79
í sameinuðu þingi	8
Fundir alls	169

B. *Þingmál* og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

A. Stjórnarfrumvörp		
a. lögð fyrir neðri deild	22	
b. lögð fyrir efri deild	14	
		36
B. Þingmannafrumvörp		
a. borin fram í neðri deild	61	
b. borin fram í efri deild	14	
		75
		111
Þar af		
a. Afgreidd sem lög		
stjórnarfrumvörp	25	
þingmannafrumvörp	27	
		52
b. Feld		
stjórnarfrumvörp	4	
þingmannafrumvörp	10	
		14
c. Vísað frá með rökst. dagskrá		
stjórnarfrumvarp	1	
þingmannafrumvarp	1	
		2
d. Vísað til stjórnarinnar		
þingmannafrumvörp	3	
e. Tekin aftur		
þingmannafrumvörp	5	
f. Ekki útrædd		
stjórnarfrumvörp	6	
þingmannafrumvörp	29	
		35
		111

II. Þingsályktunartillögur:

a. bornar fram í neðri deild	12	
b. bornar fram í efri deild	7	
c. bornar fram í sameinuðu þingi	4	
		23
Þar af:		
a. Þál. afgr. til ríkisstjórnarinnar		
1. ályktanir Nd.	5	
2. — Ed.	4	
3. — Sþ.	3	
		12
b. Þál. um framkv. innan þings		1
c. Feldar		4
d. Vísað til stjórnarinnar		3
e. Tekin aftur		1
f. Ekki útræddar		2
		23

III. Fyrirspurnir:

a. bornar fram í neðri deild	3	
b. borin fram í efri deild	1	
		4

Fyrirspurnunum öllum svarað.

Mál til meðferðar í þinginu samtals 138

Síðan mælti

forseti (JóhJóh): Þá er nú störfum þessa 37. löggjafarþings íslensku þjóðarinnar lokið, og hefir þingið að þessu sinni verið saman með lengsta móti, eða í 99 daga.

Það ræður nú að líkindum, að margt hefir verið sagt á þinginu, þar sem það hefir staðið svo lengi, og hefir margt af því verið þarft og uppbyggilegt, en hinu verður ekki neitað, að margt óþarfaorðið hefir fallið og endurtekningar átt sjer stað, og það oftar en einu sinni eða tvisvar á hinu sama.

Skoðanirnar hafa staðið mjög skarpt hvor gegn annari og verið framfylgt af svo miklu kappi, að í minnum mun haft.

Þetta þing hefir samþykt lög, sem bæði jeg og aðrir óska og vona, að verði til stórgagns atvinnuvegum landsins, og á jeg þar við ræktunarsjóðslögin, lögin um það, að landhelgissjóðurinn skuli taka til starfa, og lögin um verslunaratvinnu.

Hinsvegar stendur þetta þing síðasta þingi að baki að því leyti, að síðasta þing samþykti tekjuhallalaus fjárlög, en í fjárlögunum frá þessu þingi er hálfrar milj. króna tekjuhalli. Þess er þó að gæta, að fjárhagshorfurnar eru ólíkt betri nú en í fyrra, — og er það fyrst og fremst að þakka veltiárinu í fyrra, — og svo hins, að í fjárlögunum fyrir næsta ár eru ríflegri upphæðir veittar til atvinnuveganna og til samgöngubóta en í ár, og að í næsta árs fjárlögum eru veittar stórupphæðir til framkvæmda, er ekki máttu lengur dragast, og á jeg þar við landsspítalann, stækkunina á Kleppsspítala, berklahæli Norðurlands og aukna landhelgisgæslu.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að óska hv. þm. utan Reykjavíkur góðrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu, en oss öllum þess, að vjer megum hittast heilir á næsta þingi.

Þá stóð upp forsrh. **Jón Magnússon** og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að slíta Alþingi.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, **að** þessu þrítugasta og sjöunda löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Klemens Jónsson,** 2. þm. Rang., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

Tók þingheimur undir þau orð með **ní**földu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Leiðrjettingar.

Í 1074. dálki: Longsætt les: Langsætt. Jóns Longs les: Jóns Langs.
Í 3126.—3127. dálki: Ari Jónsson les: Ari Guðmundsson.